Aðdragandi og orsakir erfiðleika og falls sparisjóðanna

5

Rannsóknarnefnd Alþingis 2014

Kaflar 19–22

Útgefandi:
Rannsóknarnefnd Alþingis samkvæmt þingsályktun nr. 42/139 frá 10. júní 2011 um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna.

Ritstjórn:
Hrannar Már S. Hafberg
Tinna Finnbogadóttir
Bjarni Frímann Karlsson

Hönnun og umbrot:
Stefán Einarsson

Ljósmynd á kápu:
Torfi Agnarsson

Prentun og bókband:
Prentsmiðjan Oddi

Reykjavík 2014

Merking tákna í töflum:

– Núll, þ.e. ekkert

... Upplýsingar vantar eða tala ekki til

· Tala á ekki við

Ef töflureitur er auður er þar um að ræða gildi sem óljóst er hvert er út frá fyrirliggjandi upplýsingum.

ISBN 978-9935-9203-5-5

EFNISYFIRLIT

19. Sparisjóðurinn í Keflavík 9

19.1 Ársreikningar 2001–2010 12
19.1.1 Rekstrarreikningar 12
19.1.2 Efnahagsreikningar 21
19.1.3 Spkef sparisjóður 27
19.1.4 Ársreikningar sparisjóða sem sameinuðust Sparisjóðnum í Keflavík 29
19.1.4.1 Ársreikningar Sparisjóðs Ólafsvíkur 2001–2005 29
19.1.4.2 Ársreikningar Sparisjóðs Vestfirðinga 2001–2006 30
19.1.4.3 Ársreikningar Sparisjóðs Húnaþings og Stranda 2001–2006 32

19.2 Útlán, útlánareglur og lánveitingar 33
19.2.1 Athugasemdir eftirlitsaðila við útlánasafn Sparisjóðsins í Keflavík 34
19.2.1.1 Viðbrögð og eftirfylgni við athugasemdum eftirlitsaðila 36
19.2.1.2 Útlánareglur og heimildir 37
19.2.2 Áhættustýring 41
19.2.3 Stærstu lántakendur 42
19.2.4 Lán til kaupa á stofnfjárbréfum 59
19.2.5 Lán til starfsmanna og stjórnarmanna 60

19.3 Fjáreignir og fjárfestingar 65
19.3.1 Skipulag og reglur 65
19.3.2 Fjáreignir 68
19.3.3 Tekjur af fjáreignum 70
19.3.4 Umfjöllun um einstakar eignir og stærstu niðurfærslur 72
19.3.5 Dótturfélög 82

19.4 Fjármögnun 87
19.4.1 Innlán 87
19.4.2 Skuldir við lánastofnanir 90
19.4.3 Lántaka 93
19.4.3.1 Erlend lántaka 94
19.4.3.2 Lántaka hjá Sparisjóðabanka Íslands hf. 95
19.4.3.3 Kaup og endursala banka á fasteignasöfnum Sparisjóðsins í Keflavík 95
19.4.3.4 Íbúðalánasjóður 95
19.4.3.5 Verðbréfaútgáfa 96
19.4.4 Víkjandi lán 97

19.5 Eignarhald 98
19.5.1 Sparisjóður Ólafsvíkur 98
19.5.2 Sparisjóður Vestfirðinga og Sparisjóður Húnaþings og Stranda 99
19.5.3 Stofnfé og stofnfjáreigendur 101

19.6 Fjárhagsleg endurskipulagning 106
19.6.1 Umsókn um 20% eiginfjárframlag úr ríkissjóði 108
19.6.1.1 Aðgerðir Fjármálaeftirlitsins 109
19.6.1.2 Skýrsla PricewaterhouseCoopers 110
19.6.1.3 Aðgerðaáætlun Sparisjóðsins í Keflavík og viðbrögð stjórnvalda og kröfuhafa 110
19.6.1.4 Rammasamkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu 112
19.6.2 Athugasemdir við áætlanir um fjárhagslega endurskipulagningu 113
19.6.2.1 Uppfærð umsókn um 20% eiginfjárframlag úr ríkissjóði 115
19.6.2.2 Skilyrði stjórnvalda fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu 115
19.6.3 Samningaviðræður við kröfuhafa 117
19.6.3.1 Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að taka yfir vald stofnfjáreigendafundar Sparisjóðsins í Keflavík 121
19.6.3.2 Stofnun Spkef sparisjóðs 122
19.6.4 Undirbúningur stofnefnahagsreiknings fyrir Spkef sparisjóð 124
19.6.5 Viðræður um uppgjör milli Sparisjóðsins í Keflavík og Spkef sparisjóðs 125
19.6.6 Rammasamkomulag um uppgjör milli Sparisjóðsins í Keflavík og Spkef sparisjóðs 126
19.6.6.1 Úr samningaviðræðum í sameiningarviðræður 127
19.6.6.2 Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að taka yfir vald stofnfjáreigendafundar Spkef sparisjóðs 128
19.6.7 Eftirmálar yfirtöku NBI hf. á Spkef sparisjóði 128

19.7 Arður af stofnfjáreign í Sparisjóðnum í Keflavík og sparisjóðum sem sameinuðust honum 130
19.8 Innra eftirlit 137
19.8.1 Innri endurskoðun 137
19.8.1.1 Úttekt á störfum innri endurskoðunardeildar Sparisjóðsins í Keflavík 140
19.8.2 Áhættustýring 140
19.8.2.1 Starfsemi áhættu- og útlánastýringar 141
19.8.2.2 Úttektir á áhættustýringu 142

20. Sparisjóður Mýrasýslu 147
20.1 Ársreikningar 2001–2008 148
20.1.1 Rekstrarreikningur 149
20.1.2 Efnahagsreikningar 155
20.2 Útlán, útlánareglur og lánveitingar 160
20.2.1 Athugasemdir eftirlitsaðila 162
20.2.2 Útlánareglur 163
20.2.3 Stærstu lántakendur 165
20.2.4 Lán til starfsmanna og stjórnarmanna 174
20.3 Fjáreignir og fjárfestingar 175
20.3.1 Skipulag og reglur 175
20.3.2 Fjáreignir 179
20.3.3 Tekjur af fjáreignum 181
20.3.4 Umfjöllun um stakar eignir og stærstu niðurfærslur 183
20.3.5 Dótturfélög 196
20.3.6 Hlutdeildarfélög 198
20.3.7 Skattaleg meðferð hagnaðar af sölu hlutabréfa 200
20.4 Fjármögnun 201
20.4.1 Skuldir við lánastofnanir 201
20.4.2 Lántaka 202
20.4.3 Víkjandi lán 204
20.5 Stofnfé og stofnfjáreigendur 205
20.6 Arður af stofnfjáreign 207
20.7 Fjárhagsleg endurskipulagning 209
20.7.1 Samningaviðræður við aðrar fjármálastofnanir 209
20.7.2 Aðgerðir Fjármálaeftirlitsins vegna eiginfjárstöðu Sparisjóðs Mýrasýslu 211
20.7.3 Samningaviðræður við kröfuhafa 211
20.7.4 Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 215
20.8 Innra eftirlit 216
20.8.1 Innri endurskoðun 216
20.8.2 Áhættustýring 219

21. Afl sparisjóður 223
21.1 Ársreikningar 2001–2011 224
21.1.1 Rekstrarreikningar 224
21.1.2 Efnahagsreikningar 229
21.1.3 Sparisjóður Skagafjarðar 233
21.1.3.1 Ársreikningar Sparisjóðs Skagafjarðar (áður Sparisjóðs Hólahrepps) 2001–2007 234
21.2 Útlán, útlánareglur og lánveitingar 235
21.2.1 Útlánareglur 237
21.2.2 Stærstu lántakendur 239
21.2.3 Lán til starfsmanna og stjórnarmanna 241
21.3 Fjáreignir og fjárfestingar 242
21.4 Fjármögnun 245
21.5 Eignarhald 247
21.5.1 Sparisjóður Hólahrepps – Sparisjóður Skagafjarðar 247
21.5.2 Stofnfé og stofnfjáreigendur 251
21.6 Rekstur sparisjóðsins eftir fall viðskiptabankanna haustið 2008 og niðurfelling skulda hans hjá Arion banka hf. 253

21.7 Arður af stofnfjáreign 255
21.8 Innra eftirlit 256
21.8.1 Innri endurskoðun 256

22. Sparisjóður Ólafsfjarðar 259
22.1 Ársreikningar 2001–2011 260
22.1.1 Rekstrarreikningar 261
22.1.2 Efnahagsreikningar 265
22.2 Útlán, útlánareglur og lánveitingar 269
22.2.1 Útlánareglur 270
22.2.2 Stærstu lántakendur 272
22.2.3 Lán til starfsmanna og stjórnarmanna 275
22.3 Fjáreignir og fjárfestingar 276
22.4 Fjármögnun 279
22.5 Stofnfé og stofnfjáreigendur 281
22.5.1 Sparisjóður Ólafsfjarðar hf. 282
22.6 Rekstur sparisjóðsins eftir fall viðskiptabankanna haustið 2008 og niðurfelling skulda hans hjá Arion banka hf 283
22.7 Arður af stofnfjáreign 284
22.8 Innra eftirlit 286
22.8.1 Innri endurskoðun 286

19. Sparisjóðurinn í Keflavík




31. des. 2008
Eiginfjárhlutfall: 7,06%.
Júní 2008
Capacent hf. kynnir verðmat á Sparisjóðnum í Keflavík upp á 20 milljarða króna.
Jan. 2008
Samkeppniseftirlitið samþykktir samruna Sparisjóðsins í Keflavík, Sparisjóðs Húnaþings og Stranda og Sparisjóðs Vestfirðinga.
Mars 2008
Áform um hlutafélagsvæðingu kynnt á aðalfundi Sparisjóðsins í Keflavík.
Jan. 2008
Stjórn Sparisjóðsins í Keflavík samþykkir að gangast í ábyrgð fyrir skuldum Kistu, að fjárhæð um 3,7 milljarðar króna.
Júní 2009
Fjármálaeftirlitið skipar sérfræðing til að hafa eftirlit með rekstri sparisjóðsins.
Júní 2009
Angantýr Valur Jónasson tekur við starfi sparisjóðsstjóra af Geirmundi Kristinssyni.
Apríl 2010
Fjármálaeftirlitið tekur yfir Sparisjóðinn í Keflavík. SpKef sparisjóður stofnaður í hans stað.
Júní 2012
Úrskurður um uppgjör vegna yfirtöku NBI hf. á SpKef sparisjóði.
2008
2009
2010
2011
2012
Feb. 2008
Bakábyrgð upp á 660 milljónir króna vegna ábyrgða Sparisjóðsins í Keflavík á skuldbindingum Kistu samþykkt á stjórnarfundi Sparisjóðs Vestfirðinga. Ábyrgðin var til komin vegna fyrirhugaðs samruna sjóðanna.
Mars 2008
Samþykkt að greiða 20,6% arð af stofnfjáreign í árslok 2007, eða 2,79 milljarða króna, 147,7% af hagnaði.
Mars 2009
Sótt um 20% eiginfjárframlag úr ríkissjóði
Sept. 2008
Capacent hf. kynnir nýtt verðmat á Sparisjóðnum í Keflavík upp á 12,4 milljarða króna. Skiptihlutfall: 100% (stofnfé) á móti 0% (ses.).
Des. 2009
Fjármálaeftirlitið gerir kröfu um 16% eiginfjárhlutfall að lokinni endurskipulagningu.
31. des. 2009
Eiginfjárhlutfall: -15,0%.
Mars 2011
Fjármálaeftirlitið tekur yfir SpKef sparisjóð og ráðstafar eignum og skuldum til NBI hf. (Landsbankans).

19. SPARISJÓÐURINN Í KEFLAVÍK

Sparisjóðurinn í Keflavík var stofnaður 7. nóvember 1907. Aðalhvatamenn að stofnun hans voru Þorgrímur Þórðarson héraðslæknir og séra Kristinn Daníelsson á Útskálum. Þeir skipuðu fyrstu stjórn sparisjóðsins ásamt Arnbirni Ólafssyni kaupmanni. Strax tókst að afla 20 ábyrgðarmanna og ábyrgðust þeir 100 króna framlag hver. Reyndar hafði áður verið gerð tilraun með sparisjóð í Keflavík. Sá hét Sparisjóðurinn á Rosmhvalanesi og var stofnaður 1889 af einungis níu ábyrgðarmönnum, en var skammlífur og lagði upp laupana 1893.[1]

Þorgrímur héraðslæknir gegndi stöðu sparisjóðsstjóra í hjáverkum frá stofnun til 1933. Sjóðurinn var allan þann tíma til húsa í læknisbústaðnum hverju sinni, fyrstu fjögur árin í Norðfjörðshúsi, sem síðar var jafnan kallað Ungó, og til 1934 í húsinu við Kirkjuveg 22, sem síðar var nefnt Kirkjulundur. Síðan starfaði sparisjóðurinn í leiguhúsnæði við Vallargötu 12 til ársins 1955 er hann flutti í eigin nýbyggingu að Suðurgötu 6. Árið 1991 var starfsemin aftur flutt og þá í nýbyggt hús við Tjarnargötu 12 í Keflavík. Sparisjóðurinn hafði ráðist í byggingu hússins 1981 og var ráðgert að flytja í það fimm árum síðar. Hlutfall rekstrarfjármuna af eigin fé viðskiptabanka og sparisjóða var takmarkað með lögum nr. 39/1996. Þetta setti byggingaráform sparisjóðsins í uppnám og leiddi til þess að hann seldi Íslenskum aðalverktökum hf. húsbygginguna árið 1989. Sparisjóðurinn flutti loks í húsið 1991 sem leigutaki. Þar var hann í sambýli við skrifstofur Reykjanesbæjar sem eru þar enn til húsa.[2]

Fyrstur til að gegna stöðu sparisjóðsstjóra í fullu starfi var Guðmundur Guðmundsson sem stýrði sparisjóðnum í aldarfjórðung, frá 1944 til 1969. Árið 1974 ákvað stjórn sparisjóðsins að ráða tvo sparisjóðsstjóra, þá Tómas Tómasson og Pál Jónsson. Tómas lét af störfum 1993 og tók Geirmundur Kristinsson við stöðu hans. Geirmundur hafði reyndar verið settur sparisjóðsstjóri um fimm mánaða skeið áður en Tómas og Páll voru ráðnir.[3] Páll lét af störfum í árslok 1997 og var Geirmundur einn sparisjóðsstjóri til 1. júní 2009 er hann sagði starfi sínu lausu. Þá tók Angantýr Valur Jónasson, sem hafði verið sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Vestfirðinga um árabil, við stjórn sparisjóðsins og hafði hana með höndum allt þar til Fjármálaeftirlitið tók yfir vald stofnfjárhafafundar 22. apríl 2010.

Hlutverk sparisjóðsins var frá upphafi að efla atvinnu- og félagslíf á Suðurnesjum og kom hann að stofnun fjölda nýrra félaga og fyrirtækja. Sparisjóðurinn hafði lengst af mjög sterka stöðu á Suðurnesjum þegar litið var til innlána.[4] Fyrsta útibúið var opnað 1977 að Hólagötu 15 í Ytri-Njarðvík. Það var jafnframt fyrsta útibú sparisjóðs á Íslandi. Síðan voru opnuð fleiri útibú, í Garði 1982, í Grindavík 1987 og afgreiðsla í Vogum 2002. Sparisjóðurinn keypti útibú Landsbankans í Sandgerði 2006 og hóf þar sjálfur rekstur útibús.[5]

Dagana 7. og 9. nóvember 2006 samþykktu stofnfjáraðilar Sparisjóðsins í Keflavík og Sparisjóðs Ólafsvíkur samruna sjóðanna. Rétt rúmu ári síðar, eða 4. desember 2007, samþykktu stofnfjáraðilar samruna Sparisjóðsins í Keflavík, Sparisjóðs Vestfirðinga og Sparisjóðs Húnaþings og Stranda.

Þegar umsvif Sparisjóðsins í Keflavík voru mest, í lok árs 2008, hafði hann 17 afgreiðslustaði víðs vegar um landið, sex á Suðurnesjum að höfuðstöðvum meðtöldum, átta á Vestfjörðum og einn á Hvammstanga, á Ólafsvík og í Borgartúni í Reykjavík. Samstæða sparisjóðsins samanstóð af móðurfélaginu og dótturfélögunum Víkum ehf., Tjarnargötu 12 ehf., NIKEL ehf. og Miðlandi ehf., auk Eyraeldis ehf. og Þrælsfells ehf. sem komu með Sparisjóði Vestfirðinga og Sparisjóði Húnaþings og Stranda inn í samstæðuna.

1. Ólafur A. Þorsteinsson, Jón Tómasson og Skafti Friðfinnsson, *Sparisjóðurinn í Keflavík 75 ára: Afmælisrit*, Keflavík 1982, bls. 19–30.
2. „Húsnæðismálin í deiglunni", *Faxi*, 4. tbl. 67. árg. (2007), bls. 14–15.
3. Eðvarð T. Jónsson, *Sjóður Suðurnesjamanna: Bakhjarl í heimabyggð 1907–2007*, Keflavík 2007.
4. Ólafur A. Þorsteinsson, Jón Tómasson og Skafti Friðfinnsson, *Sparisjóðurinn í Keflavík 75 ára: Afmælisrit*, Keflavík 1982, bls. 120.
5. Útboðslýsing Sparisjóðsins í Keflavík, 12. september 2007.

Tafla 1. Stjórn Sparisjóðsins í Keflavík 2001–2009.[6]

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007/I	2007/II	2008	2009
Benedikt Sigurðsson	Form.	Form.	Form.							
Birgir Þór Runólfsson									x	
Björgvin Sigurjónsson (Patreksfirði)								x	x	x
Drífa Sigfúsdóttir	x	x								
Eðvard Júlíusson	x	x	x	x						
Garðar K. Vilhjálmsson										x
Guðjón Stefánsson					x	x	x	x		
Heimir Ágústsson (Hvammstanga)								x	x	x
Ingimundur Þ. Guðnason		x	x			x				
Jóhanna Reynisdóttir	x									
Jón Gunnarsson					x					
Karl Njálsson	x	x	x	x	x	Form.*	x			
Kristinn Jónasson							x			
Kristján G. Gunnarsson					x	x	x	x	x	Form.
Margrét Ágústsdóttir										x
Ómar Jónsson			x							
Þorsteinn Erlingsson			x	Form.	Form.	Form.*	Form.	Form.	Form.	

* Þorsteinn var stjórnarformaður til 1. júlí. Karl tók þá við og gegndi formennsku til næsta aðalfundar 16. mars 2007.
Stjórn 2007/II kosin á fundi stofnfjárhafa 4. desember 2007.

Stjórn Sparisjóðsins í Keflavík sótti 10. mars 2009 um eiginfjárframlag úr ríkissjóði en eftir umsagnir Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins og áreiðanleikakönnun PricewaterhouseCoopers ehf. varð ljóst að sparisjóðurinn uppfyllti ekki skilyrði fyrir framlaginu. Í ljósi stöðu sparisjóðsins skipaði Fjármálaeftirlitið sérfræðing 4. júní 2009 til að hafa sértækt eftirlit með sparisjóðnum. Nýr sparisjóðsstjóri tók við á svipuðum tíma og hafist var handa við fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins. Fjármálaeftirlitið veitti sparisjóðnum síðast frest til að semja við kröfuhafa og uppfylla eiginfjárskilyrði 29. mars 2010 en þá hafði eiginfjárstaða hans verið undir lögbundnu marki í rúmt ár. Tæpum þremur vikum síðar var það mat Fjármálaeftirlitsins að eiginfjárvandi sparisjóðsins væri slíkur að hann gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart viðskiptavinum og kröfuhöfum. Hinn 22. apríl 2010 tók Fjármálaeftirlitið yfir vald stofnfjárhafafundar sparisjóðsins, vék stjórn sjóðsins frá og skipaði í framhaldinu skilanefnd yfir sparisjóðnum. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins fól jafnframt í sér að allar eignir og skuldbindingar sparisjóðsins voru færðar í nýtt félag, Spkef sparisjóð, sem var að fullu í eigu Bankasýslu ríkisins.

Sparisjóður Ólafsvíkur

Sparisjóður Ólafsvíkur var stofnaður 14. janúar 1892. Hvatann að því má rekja til stofnunar Menningarfélags Neshrepps innri sem beitti sér fyrir eflingu hvers kyns framkvæmda í byggðarlaginu. Innan þess kom frú Jóhanna Jóhannsdóttir fyrst fram með hugmynd um stofnun sparisjóðs og beitti sér fyrir því að hún yrði að veruleika. Tveir sóknarprestar voru stjórnarformenn sjóðsins fyrstu áratugina: séra Guðmundur Einarsson frá 1908 og séra Magnús Guðmundsson frá 1923. Magnús lét af störfum 1963 og tók Leó Guðbrandsson þá við sem sparisjóðsstjóri í fullu starfi, enda höfðu umsvif sparisjóðsins aukist mjög, og flutti sjóðurinn jafnframt í eigið húsnæði.[7] Sparisjóðurinn var síðast til húsa að Ólafsbraut 19. Leó gegndi starfi sparisjóðsstjóra í þrjá áratugi. Þá tók við Kristján Hreinsson og starfaði til 2003 og loks Helga Valdís Guðjónsdóttir sem gegndi starfinu allt til loka.

Tafla 2. Stjórn Sparisjóðs Ólafsvíkur 2001–2006.[8]

	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Björn Arnaldsson	x	x	x	x	x	x
Bergmundur Ögmundsson	x	x	x	x	x	x
Helgi J. Kristjánsson	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.
Jenný Guðmundsdóttir			x	x	x	x
Snorri Böðvarsson	x	x	x	x	x	x
Sveinn Þór Elínbergsson	x	x				

6. Ársreikningar Sparisjóðsins í Keflavík og fundargerðir stjórnar.
7. „Ólafsvík: Sparisjóðurinn 100 ára“, *Morgunblaðið* 14. janúar 1992.
8. Ársreikningar Sparisjóðs Ólafsvíkur.

Stofnfjáraðilar Sparisjóðs Ólafsvíkur samþykktu sameiningu við Sparisjóðinn í Keflavík á fundi sínum 9. nóvember 2006. Þar með lauk 114 ára sögu Sparisjóðs Ólafsvíkur og varð hann að útibúi stærri sparisjóðs. Við sameininguna var Sparisjóður Ólafsvíkur þriðji minnsti sparisjóður landsins. Heildareignir hans námu þá um 2 milljörðum króna en stofnfé var 165 þúsund krónur og skiptist jafnt milli 46 stofnfjáreigenda. Sparisjóðurinn starfaði á einum afgreiðslustað og voru stöðugildi hjá honum sex talsins.[9]

Sparisjóður Vestfirðinga

Saga sparisjóða á Vestfjörðum stóð í rúma öld og átti Sparisjóður Vestfirðinga sér rætur í henni. Hann var stofnaður 28. apríl 2001 með sameiningu fjögurra sparisjóða: Sparisjóðs Súðavíkur, Sparisjóðs Önundarfjarðar, Sparisjóðs Þingeyrarhrepps og Eyrasparisjóðs.[10] Sparisjóðurinn var til húsa að Fjarðargötu 2 á Þingeyri en einnig voru afgreiðslur á Bíldudal, Flateyri, Ísafirði, Patreksfirði, Tálknafirði, í Súðavík og í Króksfjarðarnesi. Sparisjóðurinn hafði samstarf við Íslandspóst hf. og annaðist póstafgreiðslu á Tálknafirði, Bíldudal, Þingeyri, Flateyri og í Súðavík. Sparisjóðsstjóri frá upphafi og fram að sameiningu við Sparisjóðinn í Keflavík var Angantýr Valur Jónasson sem verið hafði sparisjóðsstjóri hjá Sparisjóði Þingeyrarhrepps frá 1984. Angantýr tók svo við starfi sparisjóðsstjóra í Sparisjóðnum í Keflavík 1. júní 2009 þegar Geirmundur Kristinsson hætti.

Tafla 3. Stjórn Sparisjóðs Vestfirðinga 2001–2007.[11]

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Bjarni Einarsson	x	x	x	x	x	x	x
Björgvin Sigurjónsson				x	x	x	x
Eyrún Sigþórsdóttir	x	x	x				x
Gísli Þór Þorgeirsson	x	x	x				
Guðmundur Guðlaugsson						x	
Guðmundur Steinar Björgmundsson	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.
Jón B. G. Jónsson		x	x	x	x		
Óskar Elíasson		x	x	x	x	x	x

Stofnfjáraðilar Sparisjóðs Vestfirðinga samþykktu sameiningu við Sparisjóðinn í Keflavík á fundi sínum 4. desember 2007. Sparisjóðurinn átti eitt dótturfélag, Eyraeldi ehf., sem hélt utan um fjárfestingar fyrir sparisjóðinn. Stofnfé sparisjóðsins var tæpar 280 milljónir króna og skiptist á 358 stofnfjáreigendur. Um mitt ár 2007 námu heildareignir Sparisjóðs Vestfirðinga 11,5 milljörðum króna. Í árslok 2006 voru 39 stöðugildi hjá sparisjóðnum.[12]

Sparisjóður Húnaþings og Stranda

Sparisjóður Húnaþings og Stranda varð til við samruna Sparisjóðs Vestur-Húnavatnssýslu og Sparisjóðs Hrútfirðinga í apríl 1998. Sá síðarnefndi var stofnaður árið 1910 af 20 einstaklingum sem allir voru búsettir í Bæjarhreppi. Um miðja síðustu öld var hann síðan fluttur að Borðeyri. Sá fyrrnefndi var stofnaður árið 1917 og var þá í eign og ábyrgð sýslufélagsins. Sparisjóður Vestur-Húnavatnssýslu og síðar Sparisjóður Húnaþings og Stranda starfaði frá upphafi á Hvammstanga, lengst af við Hvammstangabraut 5, en árið 2006 flutti hann í nýtt húsnæði að Höfðabraut 6.[13] Frá stofnun Sparisjóðs Vestur-Húnavatnssýslu og fram til þess er Sparisjóður Húnaþings og Stranda rann saman við Sparisjóðinn í Keflavík störfuðu aðeins fimm sparisjóðsstjórar hjá sparisjóðnum. Páll Sigurðsson, sá síðasti þeirra, vann hjá sparisjóðnum frá 1973 og tók við sparisjóðsstjórastarfinu 1995.[14]

9. „Góð reynsla af samstarfinu við SpKef“, viðtal við Helgu Valdísi Guðjónsdóttur, *Faxi*, 4. tbl. 67. árg. (2007), bls. 4. Sjá einnig ársreikninga Sparisjóðs Ólafsvíkur.
10. Fjallað er um aðdragandann að samruna þessara sparisjóða í 17. kafla, um Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis. Sparisjóður Þingeyrar var stofnaður 14. mars 1896 og hét þá Sparisjóður Vestur-Ísafjarðarsýslu. Eyrasparisjóður í Patreksfirði var stofnaður 28. mars 1929. Sparisjóður Önundarfjarðar var stofnaður árið 1916 og tók til starfa 9. ágúst 1918. Sparisjóður Súðavíkur var stofnaður 11. apríl 1972.
11. Ársreikningar Sparisjóðs Vestfirðinga.
12. „Reynslan sannar ávinning af samruna“, viðtal við Angantý Val Jónasson, *Faxi*, 4. tbl. 67. árg. (2007), bls. 5. Sjá einnig ársreikninga Sparisjóðs Vestfirðinga.
13. „Ágrip af sögu Sparsjóðs Húnaþings og Stranda“, vefsafn.is, http://wayback.vefsafn.is/wayback/20090422000000/http://spar.is/category.aspx?catid=383.
14. „Sækjum aukinn styrk í þessa sameiningu“, viðtal við Pál Sigurðsson, *Faxi*, 4. tbl. 67. árg. (2007), bls. 5.

Tafla 4. Stjórn Sparisjóðs Húnaþings og Stranda frá 2001 til desember 2007.[15]

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Egill Gunnlaugsson	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.
Gunnar Sæmundsson			x	x	x	x	x
Guðmundur H. Sigurðsson	x	x					
Heimir Ágústsson	x	x	x	x	x	x	x
Sveinbjörn Jónsson	x	x	x	x	x	x	x
Þorvaldur Böðvarsson	x	x	x	x	x	x	x

Stofnfjáraðilar sparisjóðsins samþykktu sameiningu við Sparisjóðinn í Keflavík á fundi 4. desember 2007 og varð sparisjóðurinn þar með útibú Sparisjóðsins í Keflavík. Sparisjóðurinn átti eitt dótturfélag, Þrælsfell ehf., sem hélt utan um fjárfestingar fyrir sparisjóðinn. Stofnfé í sparisjóðnum var 19,5 milljónir króna og skiptist á milli 163 stofnfjáreigenda. Um mitt ár 2007 námu heildareignir Sparisjóðs Húnaþings og Stranda 6,5 milljörðum króna. Í árslok 2006 voru 11 stöðugildi hjá sparisjóðnum.[16]

19.1 Ársreikningar 2001–2010

Hér verður farið yfir þróun rekstrar- og efnahagsreikninga Sparisjóðsins í Keflavík, helstu liði þeirra og kennitölur á árunum 2001 til 2009. Þrír sparisjóðir sameinuðust honum á árunum 2006 og 2007 og miðaðist reikningshaldslegur samruni Sparisjóðs Ólafsvíkur og sparisjóðsins við 1. júlí 2006, en reikningshaldslegur samruni Sparisjóðs Vestfirðinga, Sparisjóðs Húnaþings og Stranda og sparisjóðsins miðaðist við 4. desember 2007. Umfjöllunin tekur mið af samstæðureikningi sparisjóðsins nema annað sé tekið fram. Rétt er að geta þess að ársreikningur fyrir árið 2009 var aldrei endurskoðaður sökum þess að Fjármálaeftirlitið tók yfir vald stofnfjárhafafundar 22. apríl 2010. Reikningurinn lá þó fyrir í nær fullgerðum drögum og verður tekinn með í eftirfarandi umfjöllun.

Reikningsskil sparisjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar 2010 til 22. apríl 2010 liggja ekki fyrir. Upplýsingar um afkomu og efnahag sjóðsins á því tímabili byggjast því á bókhaldi sjóðsins sem ekki var endurskoðað. Hins vegar voru allar eignir sjóðsins fluttar í nýstofnaðan Spkef sparisjóð og samkvæmt ársreikningi hans nam tap fyrir tímabilið 23. apríl 2010 til 31. desember 2010 tæpum 1,5 milljörðum króna sem gefur vísbendingu um tap af eignasafni Sparisjóðsins í Keflavík á árinu 2010.

Sparisjóðurinn í Keflavík breytti reikningsskilum sínum árið 2007 til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), en það hafði í för með sér breytingar á framsetningu ársreiknings og mati á einstökum liðum, bæði eignum og skuldum. Við upptöku staðlanna var, svo sem skylt var, saminn upphafsefnahagsreikningur miðaður við 1. janúar 2007, þannig að samanburðarfjárhæðir við fyrra ár yrðu metnar og fram settar með réttum hætti í efnahagsreikningi 31. desember 2007. Breytingarnar frá fyrri reikningsskilaaðferðum þýddu að eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi 31. desember 2006 hækkaði um rúmar 525 milljónir króna eða 6%. Hækkunin skýrðist fyrst og fremst af matsbreytingu annarra fjáreigna sem voru samkvæmt nýju aðferðinni færðar á markaðsverði en voru áður færðar á kostnaðarverði eða með hlutdeildaraðferð.

19.1.1 Rekstrarreikningar

Í fyrstu verður gerð grein fyrir afkomu (hagnaði eða tapi) Sparisjóðsins í Keflavík á tímabilinu 2001–2009 og vægi sparisjóðanna þriggja sem sameinuðust honum árin 2006 og 2007 í afkomu sameinaðs sjóðs. Af töflu 5 má ráða að afkoma minni sparisjóðanna hafði litla þýðingu fyrir afkomu Sparisjóðsins í Keflavík, en var jafnvel íþyngjandi árið 2007. Öðru máli gegndi um eignirnar eins og vikið verður að hér aftar.

15. Ársreikningar Sparisjóðs Húnaþings og Stranda.
16. Ársreikningar Sparisjóðs Húnaþings og Stranda.

Tafla 5. Árlegur hagnaður (tap) Sparisjóðsins í Keflavík 2001–2009 og sparisjóðanna sem sameinuðust honum.[17]

Þús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Sparisjóðurinn í Keflavík	170.182	117.605	604.105	408.627	1.150.238	4.687.119	1.889.785	(17.041.969)	(17.668.435)
Sparisjóður Ólafsvíkur*	9.297	261	(6.403)	25.339	22.574	10.924			
Sparisjóður Vestfirðinga**	(82.743)	10.294	(27.113)	56.450	212.603	800.630	(439.117)		
Sparisjóður Húnaþings og Stranda**	7.051	18.192	35.610	73.379	226.841	818.731	(79.431)		

* Fjárhæðin 2006 er hagnaður fyrstu 6 mánuðina. Ekki meðtalin í Sparisjóðnum í Keflavík.
** Fjárhæðin 2007 er tapið til 4. des. Ekki meðtalin í Sparisjóðnum í Keflavík.

Hvað árið 2007 varðar, skal bent á að tap Sparisjóðs Vestfirðinga og Sparisjóðs Húnaþings og Stranda sem tilfært er í töflu 5 er samkvæmt óendurskoðuðu ársuppgjöri þessara sparisjóða. Hins vegar sagði í ársreikningi Sparisjóðsins í Keflavík 2007, í skýringarlið 41, að hagnaður hefði orðið nærri 100 milljónum króna hærri hefði rekstur sjóðanna þriggja verið sameiginlegur frá áramótum. Það er í samræmi við það sem sagði í skýrslu endurskoðanda með ársreikningnum.[18]

Hagnaður Sparisjóðsins í Keflavík fór vaxandi frá 2001 til 2006 en þó með nokkrum sveiflum. Árið 2006 skilaði sparisjóðurinn mesta hagnaði frá upphafi og nam hann tæpum 4,7 milljörðum króna, sem var rúm þreföldun frá árinu áður. Þetta skýrðist helst af gangvirðishækkun fjáreigna og hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga, en endurspeglaði engu að síður þá miklu markaðsáhættu sem sparisjóðurinn bjó við. Árið 2007 dróst hagnaðurinn verulega saman og varð einungis þriðjungur þess sem hann var árið áður. Ástæðan var neikvæð afkoma hlutdeildarfélaga auk þess sem gengishagnaður fjáreigna var mun minni en áður.

Árið 2008 tapaði sparisjóðurinn 17 milljörðum króna, sem mátti fyrst og fremst rekja til framlags í afskriftareikning útlána upp á 6,8 milljarða króna, 6,5 milljarða króna gengistaps af fjáreignum og taps vegna hlutdeildarfélaga upp á 4,5 milljarða króna. Enn meira tap varð á árinu 2009, einkum vegna mikils framlags í afskriftareikning. Samanlagður hagnaður Sparisjóðsins í Keflavík á tíu ára tímabili fyrir fall viðskiptabankanna (á árunum 1998–2007) var um 12,8 milljarðar króna á samræmdu verðlagi. Tap áranna 2008 og 2009 nam 37 milljörðum króna á sama verðlagi. Á þessum tveimur árum tapaði sparisjóðurinn næstum þreföldum hagnaði síðustu 10 ára þar á undan.

Tafla 6. Samandregnir rekstrarreikningar Sparisjóðsins í Keflavík fyrir árin 2001–2009.[19]

Þús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Hreinar vaxtatekjur	602.284	754.387	744.593	770.471	875.828	644.981	508.572	552.661	(354.296)
Hreinar þjónustutekjur	191.750	209.097	217.347	226.230	243.666	288.403	414.937	436.148	385.052
Arðstekjur og hlutdeildartekjur	6.525	52.440	149.950	117.656	219.914	1.257.151	(1.773.693)	(4.451.480)	(144.971)
Gengishagnaður (tap) af fjáreignum	118.222	(11.775)	715.172	532.331	1.296.278	5.040.581	4.692.462	(6.534.268)	(1.995.538)
Aðrar rekstrartekjur	9.090	27.902	6.830	8.378	11.023	27.441	62.035	93.458	319.048
Hreinar rekstrartekjur	**927.872**	**1.032.052**	**1.833.893**	**1.655.066**	**2.646.709**	**7.258.557**	**3.904.313**	**(9.903.481)**	**(1.790.705)**
Almennur rekstrarkostnaður	(636.327)	(751.066)	(801.671)	(824.888)	(919.474)	(1.249.463)	(1.506.387)	(2.396.515)	(2.445.990)
Önnur rekstrargjöld	(991)	(1.421)	(4.056)	(4.834)	(5.273)	(8.442)			
Framlag í afskriftareikning útlána o.fl.	(159.923)	(138.897)	(289.997)	(316.413)	(329.357)	(383.765)	(164.052)	(6.764.208)	(16.761.263)
Matsbreyting o. fl.									(210.358)
Rekstrargjöld samtals	**(797.240)**	**(891.385)**	**(1.095.724)**	**(1.146.135)**	**(1.254.104)**	**(1.641.670)**	**(1.670.439)**	**(9.160.723)**	**(19.417.611)**
Hagnaður (tap) fyrir skatta	130.632	140.667	738.169	508.931	1.392.605	5.616.887	2.233.874	(19.064.204)	(21.208.316)
Skattar samtals	39.551	(23.062)	(134.064)	(100.304)	(242.367)	(929.768)	(344.089)	2.022.235	3.539.881
HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS	**170.182**	**117.605**	**604.105**	**408.627**	**1.150.238**	**4.687.119**	**1.889.785**	**(17.041.969)**	**(17.668.435)**

17. Ársreikningar Sparisjóðsins í Keflavík 2001–2009; ársreikningar Sparisjóðs Ólafsvíkur; ársreikningar Sparisjóðs Vestfirðinga; ársreikningar Sparisjóðs Húnaþings og Stranda.
18. Skýrsla Deloitte hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðsins í Keflavík 2007.
19. Ársreikningar Sparisjóðsins í Keflavík 2001–2009. Í viðauka C eru sömu rekstrarreikningar sýndir á föstu verðlagi, þ.e. á meðalverðlagi ársins 2011.

Hreinar rekstrartekjur

Hreinar rekstrartekjur samanstanda af hreinum vaxtatekjum, hreinum þjónustutekjum, arðstekjum og hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga, gengishagnaði (-tapi) af fjáreignum og öðrum rekstrartekjum.

Hreinar rekstrartekjur nærri þrefölduðust árið 2006 frá því sem var árið áður. Árið 2007 drógust þær hins vegar saman um nærri helming og mikill viðsnúningur varð á árinu 2008 þegar hreinar rekstrartekjur urðu neikvæðar um 9,9 milljarða króna. Á mynd 1 sést mjög skýrt að gengisáhrif fjáreigna og afkoma hlutdeildarfélaga vógu mest í þessum sveiflum. Hreinar vaxtatekjur og þjónustutekjur, hin hefðbundna sparisjóðastarfsemi, hættu að vera uppistaðan í afkomunni frá og með árinu 2003 og frá og með 2006 áttu þær óverulegan þátt í afkomunni.

Mynd 1. **Hreinar rekstrartekjur Sparisjóðsins í Keflavík 2001–2009.**[20]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Aðrar rekstrartekjur	9.090	27.902	6.830	8.378	11.023	27.441	62.035	93.458	319.048
Gengishagn. (tap) af fjáreignum	118.222	(11.775)	715.172	532.331	1.296.278	5.040.581	4.692.462	(6.534.268)	(1.995.538)
Arðstekjur og hlutdeildartekjur	6.525	52.440	149.950	117.656	219.914	1.257.151	(1.773.693)	(4.451.480)	(144.971)
Hreinar þjónustutekjur	191.750	209.097	217.347	226.230	243.666	288.403	414.937	436.148	385.052
Hreinar vaxtatekjur	602.284	754.387	744.593	770.471	875.828	644.981	508.572	552.661	(354.296)
Hreinar rekstrartekjur	927.872	1.032.052	1.833.893	1.655.066	2.646.709	7.258.557	3.904.313	(9.903.481)	(1.790.705)

Fjárfestingar í verðbréfum höfðu afgerandi áhrif á afkomu sparisjóðsins frá og með árinu 2003. Hagnaður af fjáreignum nam 715 milljónum króna á árinu 2003. Þar af voru 665 milljónir króna söluhagnaður af eignarhlut sparisjóðsins í Kaupþingi hf. Á árinu 2005 var þessi liður nær tvöfalt hærri. Helsta ástæða þessa var gengishækkun á eignarhlut í Meiði hf. (síðar Exista hf.). Árið eftir fjórfaldaðist gengishagnaður af fjáreignum. Enn var ástæðan 1,1 milljarðs króna gengishækkun á eignarhlut í Exista hf., en á því ári var félagið skráð í Kauphöll. Gengishagnaður af fjáreignum dróst lítillega saman á árinu 2007, eða um 7%, en á árinu 2008 varð mikið verðfall á hlutabréfamarkaði og því mikið gengistap af fjáreignum sjóðsins. Helstu eignir sem sparisjóðurinn tapaði á voru Exista hf., 3,1 milljarður króna, Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, 553 milljónir króna, SP-Fjármögnun hf., 805 milljónir króna og VBS Fjárfestingabanki hf., 1,5 milljarðar króna. Þá varð einnig verulegt gengistap af fjáreignum á árinu 2009.

Arðs- og hlutdeildartekjur voru mjög sveiflukenndar á tímabilinu. Þær nærri fimmföldnuðust á árinu 2006 frá fyrra ári. Þá hækkun mátti einkum rekja til hlutdeildar í afkomu Sparisjóðabanka Íslands hf., en þar vó þyngst hagnaður bankans af hlutabréfaeign hans í Exista hf. Á árinu 2007 voru arðs- og hlutdeildartekjur sparisjóðsins neikvæðar um 1,8 milljarða króna, aðallega vegna taps af eignarhlut í Kistu – fjárfestingarfélagi hf. upp á rúma 2 milljarða króna. Í endurskoðunarskýrslu vegna ársins 2007 kom fram að bein og óbein eign Sparisjóðsins í Keflavík í Exista hf. eftir sameiningu sparisjóðanna þriggja hafi numið 11 milljörðum króna eða um 11,7% af heildareignum sparisjóðsins. Vegna óhagstæðrar verðþróunar á hlutabréfamörkuðum mætti gera ráð fyrir að samanlagt hafi virði þessara

20. Ársreikningar Sparisjóðsins í Keflavík 2001–2009.

eignarhluta rýrnað um 3,5 milljarða króna á árinu og eigið fé sparisjóðsins rýrnað um rúmlega 11% af þessum sökum á árinu.[21] Á árinu 2008 voru arðs- og hlutdeildartekjur neikvæðar um 4,5 milljarða króna. Hlutdeild sparisjóðsins í tapi Kistu – fjárfestingarfélags ehf. á árunum 2007 og 2008 nam samtals tæpum 6,7 milljörðum króna.

Hreinar vaxtatekjur breyttust ekki mikið frá 2001 til 2008. Hæstar urðu þær árið 2005, eða 876 milljónir króna. Árið 2009 voru þær neikvæðar um 354 milljónir króna. Skýrðist það einkum af minni vaxtatekjum af útlánum og óbreyttum vaxtagjöldum frá fyrra ári. Stærstur hluti vaxtatekna kom frá útlánum og hækkaði sá þáttur um 5,5 milljarða króna árið 2008. Það mátti meðal annars rekja til hækkunar höfuðstóls lána vegna gengisfalls og verðbólgu og þar með vaxtatekna sem reiknuðust af honum. Vaxtatekjurnar drógust aftur saman um þriðjung á árinu 2009 en samdráttur í hreinum vaxtatekjum á því ári stafaði einkum af hækkandi vaxtakostnaði vegna dag- og veðlána viðskipta- og peningamarkaðssamninga við Seðlabanka Íslands og hærri innlánsvaxta. Stærstur hluti vaxtagjalda var af almennum innlánum. Hlutur þeirra var minnstur árið 2006 en þá vógu vaxtagjöld vegna lántöku næstum jafnmikið. Vaxtagjöld greidd til lánastofnana og vegna lántöku jukust umtalsvert undir lok tímabilsins. Sparisjóðurinn átti þá í miklum lausafjárvanda og skammtímafjármögnun hans reyndist honum dýr.

Tafla 7. Vaxtatekjur og vaxtagjöld Sparisjóðsins í Keflavík 2001–2009.[22]

Þús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Vaxtatekjur									
Kröfur á lánastofnanir o.fl.	45.251	17.623	40.540	50.790	76.668	111.545	79.066	2.537.287	2.020.587
Útlán o.fl.	2.197.926	1.741.812	1.761.383	1.840.367	2.450.274	4.128.958	4.983.095	10.458.743	7.459.686
Markaðsskuldabréf o.fl.	15.658	35.512	16.155	11.024					
Aðrar vaxtatekjur o.fl.			1.394	51					1.602.259
Samtals	**2.258.836**	**1.794.946**	**1.819.472**	**1.902.232**	**2.526.942**	**4.240.503**	**5.062.161**	**12.996.030**	**11.082.532**
Vaxtagjöld									
Lánastofnanir	(206.131)	(24.717)	5.445	(61.996)	(149.824)	(176.811)	(380.339)	(1.500.400)	(1.980.736)
Innlán o.fl.	(897.164)	(730.427)	(560.944)	(638.862)	(870.668)	(1.714.315)	(2.734.698)	(7.614.286)	(7.171.917)
Lántaka o.fl.	(470.959)	(195.091)	(424.994)	(341.247)	(507.577)	(1.625.311)	(1.270.599)	(3.176.003)	(2.131.579)
Víkjandi skuldir	(48.880)	(57.982)	(53.912)	(45.242)	(66.040)				
Önnur vaxtagjöld o.fl.	(36.063)	(32.344)	(40.475)	(44.414)	(57.005)	(79.085)	(167.953)	(152.680)	(152.596)
Samtals	**(1.659.196)**	**(1.040.560)**	**(1.074.879)**	**(1.131.761)**	**(1.651.114)**	**(3.595.522)**	**(4.553.589)**	**(12.443.369)**	**(11.436.828)**
Reiknaðar tekjur (gjöld) vegna verðlagsbreytinga	2.644								
Hreinar vaxtatekjur	**602.284**	**754.387**	**744.593**	**770.471**	**875.828**	**644.981**	**508.572**	**552.661**	**(354.296)**

Vaxtamunur Sparisjóðsins í Keflavík var oftast lægri en hjá öðrum sparisjóðum.[23] Hann þróaðist þó með svipuðum hætti, þ.e. fór lækkandi eftir 2003. Íbúðalán sem byrjað var að veita í samstarfi við Íbúðalánasjóð undir lok árs 2004 skiluðu afar litlum vaxtatekjum og átti það þátt í minnkandi vaxtamun. Árin 2008 og 2009 stóð lánastarfsemin ekki undir sér því vaxtamunur sparisjóðsins var þá orðinn neikvæður.

Tafla 8. Meðalvextir inn- og útlána og vaxtamunur hjá Sparisjóðnum í Keflavík 2001–2009.[24]

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Sparisjóðurinn í Keflavík									
Meðalvextir útlána	17,7%	12,1%	11,3%	10,1%	10,8%	13,9%	10,3%	14,2%	9,7%
Meðalvextir innlána	10,4%	7,9%	5,5%	5,6%	6,7%	10,2%	9,4%	16,3%	12,2%
Vaxtamunur	6,6%	3,9%	5,5%	4,3%	3,9%	3,4%	0,9%	-1,7%	-2,2%
Aðrir sparisjóðir									
Vaxtamunur	**5,5%**	**5,3%**	**5,7%**	**5,5%**	**3,6%**	**3,0%**	**0,9%**	**1,7%**	**-0,5%**

21. Skýrsla Deloitte hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðsins í Keflavík 2007.
22. Ársreikningar Sparisjóðsins í Keflavík 2001–2009.
23. Útreikningur á vaxtamun er skýrður í 8. kafla. Í viðauka B er tafla sem sýnir vaxtamun hjá einstökum sparisjóðum 2001–2011.
24. Ársreikningar Sparisjóðsins í Keflavík 2001–2009.

Rekstrargjöld

Undir rekstrargjöld falla almennur rekstrarkostnaður sem samanstendur af launakostnaði og öðrum rekstrar- og stjórnunarkostnaði, þar með talið afskriftir af rekstrarfjármunum, og önnur rekstrargjöld sem eru einkum afskrift eða virðisrýrnun óefnislegra eigna. Undir rekstrargjöldin fellur einnig framlag í afskriftarreikning útlána.

Rekstrargjöld Sparisjóðsins í Keflavík hækkuðu mikið árin 2008 og 2009 og stafaði það fyrst og fremst af framlagi í afskriftareikning útlána. Á tímabilinu 2001–2009 nam framlag í afskriftareikning útlána samtals 25,3 milljörðum króna, þar af 23,5 milljörðum króna tvö síðustu árin. Mynd 2, sem sýnir rekstrargjöld sparisjóðsins í heild, verður því mjög ógreinileg hvað almennan rekstrarkostnað varðar. Hann má hins vegar lesa í töflunni undir myndinni.

Mynd 2. **Rekstrargjöld Sparisjóðsins í Keflavík 2001–2009.**[25]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Framlag í afskriftareikning útlána o.fl.	159.923	138.897	289.997	316.413	329.357	383.765	164.052	6.764.208	16.761.263
Matsbreyting									210.358
Afskriftir viðskiptavildar	991	1.421	4.056	4.834	5.273	8.442			
Almennur rekstrarkostnaður	636.327	751.066	801.671	824.888	919.474	1.249.463	1.506.387	2.396.515	2.445.990
Rekstrargjöld samtals	797.240	891.385	1.095.724	1.146.135	1.254.104	1.641.670	1.670.439	9.160.723	19.417.611

Framlag í afskriftareikning útlána hækkaði jafnt og þétt frá 2002 til 2006 en árið 2007 lækkaði það um 57% frá fyrra ári þrátt fyrir að útlán nær tvöfölduðust. Á árinu 2008 fertugfaldaðist framlagið og varð svo meira en tvöfalt hærra en það árið 2009. Framlagið í afskriftareikning útlána hafði afgerandi áhrif á rekstrartap Sparisjóðsins í Keflavík þessi tvö síðustu ár og neikvæða eiginfjárstöðu hans í árslok 2009.

Mynd 3. **Almennur rekstrarkostnaður Sparisjóðsins í Keflavík 2001–2009 og hlutfall hans af meðaleignum, auk sama hlutfalls hjá sparisjóðunum í heild.**[26]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Sparisjóðurinn í Keflavík	636.327	751.066	801.671	824.888	919.474	1.249.463	1.506.387	2.396.515	2.445.990
Kostnaðarhlutfall Sparisjóðsins í Keflavík	4,0%	4,2%	4,1%	3,6%	3,2%	3,1%	2,1%	2,5%	2,6%
Kostnaðarhlutfall annarra sparisjóða	4,0%	4,1%	4,1%	3,8%	3,2%	2,8%	2,9%	2,8%	2,5%

25. Ársreikningar Sparisjóðsins í Keflavík 2001–2009.
26. Ársreikningar Sparisjóðsins í Keflavík 2001–2009; ársreikningar sparisjóðanna 2001–2009. Vegna þess hversu miklum breytingum heildareignir sparisjóðakerfisins tóku 2009 er reiknað með lokastöðu eigna það ár en ekki meðalstöðu.

Það er eftirtektarvert að almennur rekstrarkostnaður Sparisjóðsins í Keflavík var allt tímabilið, að undanskildu árinu 2002, hærri en hreinar vaxtatekjur og hafði svo verið að minnsta kosti frá 1997. Þótt almennur rekstrarkostnaður hafi hækkað jafnt og þétt allt tímabilið í krónum talið fór hlutfall hans af meðaleignum sparisjóðsins lækkandi. Hlutfallið var þó ámóta og hjá öðrum sparisjóðum á sama tíma ef frá eru talin árin 2007 og 2009.

Almennur rekstrarkostnaður samanstóð af launakostnaði, afskriftum rekstrarfjármuna og öðrum rekstrarkostnaði. Á árinu 2008 hækkaði þessi liður verulega. Helstu ástæður þess voru aukinn upplýsingatæknikostnaður ásamt markaðs- og launakostnaði, sem skýrðist að hluta til af samruna við aðra sparisjóði. Á árunum 2005–2008 rúmlega þrefaldaðist kostnaður vegna þjónustu Tölvumiðstöðvar sparisjóðanna, fór úr um 82 milljónum króna í 310 milljónir króna. Markaðskostnaður hækkaði á sama tíma úr 73 milljónum króna í rúmar 183 milljónir króna.

Launakostnaður sparisjóðsins fór hækkandi á árunum 2001 til 2009, en hlutfall hans af almennum rekstrarkostnaði var á bilinu 39–51% á tímabilinu. Stöðugildum fjölgaði samfellt á árunum 2005–2008 en fækkaði árið 2009 um 15 frá fyrra ári og voru 113 í árslok. Hér þarf að hafa í huga að sameining við aðra sparisjóði skýrði að mestu fjölgun stöðugilda 2006 og 2008. Þrátt fyrir fækkun starfsfólks árið 2009 var meðallaunakostnaður á hvert stöðugildi hærri en áður og skýrðist það einkum af eingreiðslu samkvæmt starfslokasamningi við sparisjóðsstjórann 31. desember 2009.

Tafla 9. Launakostnaður Sparisjóðsins í Keflavík 2001–2009.[27]

Þús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Stöðugildi í lok árs	73	71	71	76	76	90	101	128	113
Launakostnaður	293.265	363.937	404.972	412.709	451.820	628.815	680.693	933.982	965.066
Meðallaunakostnaður á stöðugildi	**4.045**	**5.148**	**5.712**	**5.452**	**5.945**	**6.964**	**6.740**	**7.320**	**8.540**
Laun og þóknanir til yfirstjórnar	20.600	19.630	28.750	28.615	34.487	37.478	110.329	115.504	138.794
þar af til sparisjóðsstjóra		14.128	22.780	21.873	27.701	30.125	29.807	31.583	61.435

Á mynd 4 sést að launakostnaður sparisjóðsins þróaðist þegar á heildina er litið með líkum hætti og hjá öðrum sparisjóðum, nema hvað launin hækkuðu meira framan af, minna árin 2007 og 2008 og loks hækkuðu þau mun meira en hjá öðrum sparisjóðum á árinu 2009.[28]

Mynd 4. Hlutfallsleg þróun launakostnaðar á stöðugildi hjá Sparisjóðnum í Keflavík og hjá sparisjóðunum í heild, samanborið við almenna launaþróun 2001–2009.[29]

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Sparisjóðurinn í Keflavík	1,00	1,27	1,41	1,35	1,47	1,72	1,67	1,81	2,11
Aðrir sparisjóðir	1,00	1,15	1,16	1,38	1,60	1,63	1,92	2,33	1,83
Launavísitala	1,00	1,07	1,13	1,18	1,26	1,39	1,51	1,63	1,70

27. Ársreikningar Sparisjóðsins í Keflavík 2001–2009.
28. Um launaþróun hjá sparisjóðunum í heild er fjallað í 8. kafla.
29. Ársreikningar Sparisjóðsins í Keflavík 2001–2009; ársreikningar sparisjóðanna 2001–2009; gögn frá Hagstofu Íslands.

Hjá Sparisjóðnum í Keflavík voru ekki til neinar skriflegar viðmiðunarreglur um fríðindi starfsmanna né eftirlit með þeim. Í skýrslu sem PricewaterhouseCoopers ehf. vann fyrir Fjármálaeftirlitið um sparisjóðinn og náði yfir tímabilið frá 30. júní 2008 til 23. apríl 2010 kom fram að starfsmenn hefðu notið ýmissa fríðinda. Auk almennra fríðinda greiddi sparisjóðurinn heimasíma fyrir ellefu starfsmenn frá miðju ári 2008 fram að falli sjóðsins. Fjórtán starfsmenn voru með ADSL-tengingar á vegum sparisjóðsins. Jafnmargir starfsmenn voru með bifreiðastyrk frá sparisjóðnum sem hluta af launakjörum. Sparisjóðurinn greiddi líf- og sjúkdómatryggingu fyrir níu starfsmenn og slysatryggingu fyrir fjóra starfsmenn. Á umræddu tímabili voru engir starfsmenn með kaupréttarsamning við sparisjóðinn.[30]

Sparisjóðurinn í Keflavík keypti 17. desember 2007 Range Rover-bifreið til afnota fyrir sparisjóðsstjóra. Bifreiðin var seld 15. maí 2008. Ekki lágu fyrir upplýsingar um notkun bílsins eða hlunnindamat fyrir þann tíma sem bíllinn var í eigu sparisjóðsins. Sparisjóðsstjóri hafði afnot af Toyota Land Cruiser 200-bifreið í eigu sparisjóðsins frá og með 8. janúar 2008. Frá þeim tíma voru honum reiknuð hlunnindi vegna bifreiðarinnar. Sparisjóðurinn seldi bifreiðina 9. júní 2009 og keypti þá Toyota Avensis-bifreið til afnota fyrir sparisjóðsstjóra. Sú bifreið var seld 13. nóvember 2009.[31]

Sparisjóðurinn í Keflavík átti íbúðarhúsnæði að Strandgötu 3 á Akureyri. Engar verklagsreglur voru til um notkun íbúðarinnar á tímabilinu 30. júní 2008 til 23. apríl 2010 og engin gögn lágu fyrir um hvernig íbúðin var nýtt. Fyrrverandi sparisjóðsstjóri sagði í skýrslutöku fyrir rannsóknarnefndinni að íbúðin hefði verið nýtt af stjórnarmönnum og helstu starfsmönnum og að úthlutun íbúðarinnar hefði verið á hans borði. Þau skipti sem hann sjálfur hefði dvalið í henni væru teljandi á fingrum annarrar handar. Mikil ásókn hefði verið í sumarhús í eigu sparisjóðsins og því hefði íbúðin á Akureyri verið góð viðbót, ekki síst til að stjórnin og yfirmenn væru ekki að keppa við starfsfólkið um úthlutun á dvöl í sumarhúsinu.[32] Samkvæmt upplýsingum úr Fasteignaskrá Íslands keypti Sparisjóðurinn í Keflavík íbúðina 4. maí 2000. Frá 1. janúar 2010 höfðu allir starfsmenn sparisjóðsins aðgang að Strandgötu 3 í gegnum orlofsúthlutunarkerfi sparisjóðsins.[33]

Á árinu 2006 fengu starfsmenn sparisjóðsins árangurstengdar greiðslur sem námu samtals 60 milljónum króna. Í febrúarmánuði fengu starfsmenn eingreiðslu vegna ársins 2005 sem nam samtals 14,5 milljónum króna og skiptist þannig að almennir starfsmenn í fullu starfi fengu 160 þúsund krónur hver, forstöðumenn 320 þúsund krónur og sparisjóðsstjóri 480 þúsund krónur. Þá fengu starfsmenn samtals 45 milljónir króna í árangurstengdar greiðslur í lok sama árs. Sparisjóðsstjóri fékk 5,2 milljónir króna og forstöðumenn og stjórnendur eingreiðslu sem nam 1 milljón eða 2,1 milljón króna. Ekki var um að aðrar árangurstengdar greiðslur, kaupréttargreiðslur eða hvatagreiðslur að ræða samkvæmt þeim upplýsingum sem lágu fyrir.[34]

Vegna átta lykilstarfsmanna greiddi sparisjóðurinn 7–16% lífeyrissjóðsframlag umfram ákvæði kjarasamninga inn á séreignarsjóð. Samkvæmt ráðningarsamningi fékk forstöðumaður reikningshalds frá ársbyrjun 2003 greiddar 60 þúsund krónur á mánuði aukalega inn á séreignarsjóð til viðbótar við 8% framlag umfram ákvæði kjarasamninga sem greitt var allt árið 2007 og 15% sem greitt var árin 2008, 2009 og 2010. Samkvæmt fylgiblaði með ráðningarsamningi forstöðumanns rekstrar- og þjónustusviðs greiddi sparisjóðurinn í séreignarsjóð 30% af árslaunum hans vegna áranna 2006–2009. Hinn 21. apríl 2008 undirrituðu forstöðumaðurinn og sparisjóðsstjóri skjal um uppgjör þessa samkomulags en eftirstöðvar þess skyldu greiddar upp í einu lagi í apríl 2008.

30. Skýrsla PricewaterhouseCoopers um ákveðna þætti innra eftirlits í Sparisjóðnum í Keflavík, 7. apríl 2011.
31. Skýrsla PricewaterhouseCoopers um ákveðna þætti innra eftirlits í Sparisjóðnum í Keflavík, 7. apríl 2011.
32. Skýrsla Geirmundar Kristinssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 12. ágúst 2013.
33. Skýrsla PricewaterhouseCoopers um ákveðna þætti innra eftirlits í Sparisjóðnum í Keflavík, 7. apríl 2011. Í athugasemdum Geirmundar Kristinssonar, fyrrverandi sparisjóðsstjóra, til rannsóknarnefndarinnar 16. desember 2013 kom fram að aðrir sparisjóðir hefðu átt svipaðar íbúðir. Sparisjóðurinn í Keflavík hefði ekki átt frumkvæði að því að kaupa þessa íbúð heldur hefði byggingameistari fyrir norðan haft samband við sparisjóðinn um kaup á íbúðinni að fyrra bragði.
34. Gögn frá Landsbanka Íslands unnin út frá launabókhaldi Sparisjóðsins í Keflavík að beiðni rannsóknarnefndar Alþingis, 5. desember 2012; skýrsla PricewaterhouseCoopers um ákveðna þætti innra eftirlits í Sparisjóðnum í Keflavík, 7. apríl 2011.

Í mars 2009 féllust flestir lykilstarfsmenn á tímabundna 10% lækkun á mánaðarlaunum. Í nokkrum tilvikum lækkaði jafnframt greiðsla sparisjóðsins í séreignarsjóð starfsmanna eða féll alveg niður. Þessi 10% lækkun var ekki framkvæmd vegna desember 2009 en tók síðan aftur gildi á árinu 2010.[35]

Í fundargerð stjórnar sparisjóðsins 21. apríl 2009 var bókað að „Geirmundur Kristinsson sagði frá því að hann myndi láta af störfum 1. júní n.k og ætli að tilkynna það á aðalfundinum á morgun. Formaður og varaformaður hafa gengið frá starfslokasamningi við Geirmund, hann hefur starfsskyldu til áramóta og fær svo launagreiðslur í 6 mánuði eftir það. Lögmanni falið að ganga frá skriflegum samningi milli sparisjóðsins og Geirmundar". Stuttu síðar var ákveðið að Geirmundur myndi sitja áfram í stjórnum þeirra félaga sem hann hafði setið í fyrir hönd sparisjóðsins til loka ársins. „Formanni síðan falið að ganga frá málum GK. Formaður gat þess að GK hefði ekki gert kröfu um 24 mánaða uppsagnarfrest eins og túlka megi af ráðningarsamningi hans."[36] Draga má í efa túlkun formannsins á ráðningarsamningnum því 24 mánaða eingreiðsla við starfslok átti við einungis við ef sparisjóðsstjóra væri sagt upp í tengslum við grundvallarbreytingu á eignarhaldi eða stjórnun sparisjóðsins.[37]

Starfslokasamningurinn varð tilefni til mikillar umfjöllunar í fjölmiðlum.[38] Samningurinn var til í tveimur mismunandi útgáfum sem báðar voru undirritaðar af stjórnarformanni og sparisjóðsstjóra og dagsettar 2. júní 2009. Í báðum gerðum samningsins stóð til að sparisjóðsstjórinn léti af störfum 1. júní en yrði nýjum sparisjóðsstjóra til aðstoðar til 31. desember 2009 og sæti einnig fram að því í þeim stjórnum sem sparisjóðurinn hafði falið honum að sitja í. Ráðningarsamningur hans skyldi gilda til 31. desember en 1. janúar 2010 skyldu honum greidd sex mánaðarlaun í eingreiðslu. Það sem var frábrugðið milli útgáfa samningsins var að í öðrum var kveðið á um endurútreikning láns til einstaklings sem tengdist sparisjóðsstjóranum og lánið flutt í einkahlutafélag, auk þess sem honum voru heimiluð afnot af orlofsíbúð sparisjóðsins í tilefni af fjölskylduhátíð.

Þáverandi stjórnarformaður sagði í skýrslu fyrir rannsóknarnefndinni að hann hefði kvittað undir rangan samning. Tvær útgáfur samningsins hefðu verið til umræðu vegna þess að sparisjóðsstjóri hefði viljað fá ákveðin kjör, það hefði hins vegar ekki verið samþykkt en formaður stjórnar hefði fyrir mistök undirritað rangan samning. Hann sagði aldrei hafa reynt á innihald þess samnings því innihaldið úr réttum samningi hefði verið lesið upp á fundi stjórnar þegar hann var undirritaður. Réttur samningur hefði komið til framkvæmda.[39]

Þessu ber ekki saman við það sem fyrrverandi aðalbókari sparisjóðsins tjáði rannsóknarnefndinni í skýrslu sinni. Stjórnin hefði beðið hann að yfirfara starfslokasamning við sparisjóðsstjóra og hefðu nokkur atriði komið upp við þá skoðun sem leiddu til þess að samningurinn var dreginn til baka. Í honum hafi verið atriði sem ekki vörðuðu starfslok sparisjóðsstjóra og var samkomulagið því leiðrétt og ákveðin atriði látin ganga til baka. Aðalbókari yfirfór notkun sparisjóðsstjóra á greiðslukortum og tékkareikningum sparisjóðsins við sömu skoðun og var samið um það að sparisjóðsstjórinn endurgreiddi 2 milljónir króna vegna notkunar greiðslukortsins en þær voru dregnar af starfslokagreiðslu til hans.[40] Ekki er að finna frekari umfjöllun í fundargerðum stjórnar sparisjóðsins um starfslokasamninginn en þá sem framar er greint frá, þ.e. frá 21. apríl og 26. maí 2009.

35. Gögn frá Landsbanka Íslands unnin út frá launabókhaldi Sparisjóðsins í Keflavík að beiðni rannsóknarnefndar Alþingis, 5. desember 2012.

36. Fundarerð stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík, 26. maí 2009.

37. Ráðningarsamningur milli Sparisjóðsins í Keflavík og Geirmundar Kristinssonar, undirritaður í mars 2003.

38. Í sjónvarpsfréttum Ríkisútvarpsins 31. janúar 2011 var fyrst fjallað um samninginn opinberlega.

39. Skýrsla Kristjáns G. Gunnarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 6. ágúst 2013. Í athugasemdum Geirmundar Kristinssonar til rannsóknarnefndarinnar 19. desember 2013 kom fram að hann hefði gert tillögu að starfslokasamningi að beiðni stjórnarformanns. Hann hefði meðal annars sett inn í hann endurútreikning vegna aðila tengdra sér þar sem sá endurútreikningur hefði verið fyllilega sambærilegur við það sem aðrir viðskiptamenn sparisjóðsins hefðu fengið. Stjórnarformaðurinn hefði hins vegar ekki samþykkt tillögur Geirmundar og ekkert orðið úr þeim. Hér skal þó bent á að skuld þess sem um ræddi, sem nam um 50 milljónum króna, var ekki skráð í kerfum sparisjóðsins frá sumri 2009 og til loka árs 2009, þegar hana var að finna á ný í kerfunum.

40. Skýrsla Gunnlaugs Harðarsonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 28. júní 2013. Þess skal getið að ekki lágu fyrir skriflegar reglur í sparisjóðnum um risnuúttektir. Þá liggur ekki fyrir hvort öll sú fjárhæð sem dregin var af starfslokagreiðslunni hafi fallið undir risnu en ekki verið útgjöld vegna starfa sparisjóðsstjórans, eða hver skiptingin var þar á milli.

Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatt eru hreinar vaxta- og þóknanatekjur að frádregnum rekstrargjöldum og virðisrýrnun útlána. Ekki hefur verið tekið tillit til áhrifa af vaxtakostnaði vegna fjármögnunar á hluta- og markaðsskuldabréfum. Afkoman kann því að vera vanmetin að einhverju leyti.

Kjarnarekstur

Afkoma af kjarnarekstri er hér reiknuð á sama hátt og hjá öðrum sparisjóðum. Um nálgun er að ræða, svo sem gerð er grein fyrir í 8. kafla, og er nauðsynlegt að hafa það í huga þegar tafla 10 er skoðuð. Í henni getur að líta afkomu af kjarnarekstri Sparisjóðsins í Keflavík á árunum 2001–2009. Tap var af kjarnarekstri sparisjóðsins allt tímabilið, að frátöldu árinu 2002, og fór það mjög vaxandi eftir árið 2005 þegar almennur rekstrarkostnaður tók að hækka verulega. Árið 2006 fór hann langt fram úr hreinum vaxta- og þjónustutekjum og fór sá munur hraðvaxandi. Hreinar vaxta- og þjónustutekjur breyttust nær ekkert á sama tíma. Sé afkoma af kjarnarekstri borin saman við hagnað fyrir skatta sést að frá og með 2003 tók sparisjóðurinn að skila umtalsverðum og vaxandi hagnaði á meðan afkoman af kjarnarekstri versnaði stöðugt. Til dæmis nam tap af kjarnarekstri 700 milljónum króna árið 2006 þegar hagnaður fyrir skatta var tæpir 5,6 milljarðar króna.

Tafla 10. Kjarnarekstur Sparisjóðsins í Keflavík 2001–2009.[41]

Þús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Hreinar vaxtatekjur	602.284	754.387	744.593	770.471	875.828	644.981	508.572	552.661	(354.296)
Hreinar þjónustutekjur	191.750	209.097	217.347	226.230	243.666	288.403	414.937	436.148	385.052
Almennur rekstrarkostnaður	(612.070)	(720.103)	(777.365)	(807.445)	(900.114)	(1.232.818)	(1.474.751)	(2.344.089)	(2.295.015)
Afskr. rekstrarfjárm., rekstrarleiga eigna o.fl.	(24.256)	(30.964)	(24.306)	(17.443)	(19.360)	(16.645)	(31.636)	(52.426)	(150.975)
Framlög í afskriftareikning útlána o.fl.	**(159.923)**	**(138.897)**	**(289.997)**	**(316.413)**	**(329.357)**	**(383.765)**	**(164.052)**	**(6.764.208)**	**(16.761.263)**
Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatt	(2.216)	73.520	(129.727)	(144.600)	(129.337)	(699.844)	(746.930)	(8.171.914)	(19.176.497)
Hagnaður (tap) ársins fyrir skatta	**130.632**	**140.667**	**738.169**	**508.931**	**1.392.605**	**5.616.887**	**2.233.874**	**(19.064.204)**	**(21.208.316)**

Kjarnarekstur annarra sparisjóða var í heildina tekið sama marki brenndur, samanber umfjöllun um kjarnarekstur sparisjóðanna í heild í 8. kafla.

Í ársreikningi sparisjóðsins 2007, 2008 og 2009 eru í skýringakaflanum birt starfsþáttayfirlit fyrir þessi ár auk ársins 2006. Framan við þessi yfirlit er stutt skýring þar sem segir:

> Sparisjóðurinn skilgreinir starfsemina sem tvo starfsþætti. Viðskiptabankastarfsemi felst í inn- og útlánastarfsemi ásamt ráðgjöf til einstaklinga og fyrirtækja. Fjárfestingastarfsemin felst að mestu leyti í verðbréfafjárfestingum félagsins, ásamt fjárstýringu.

Síðan fylgdi sundurliðun þessara tveggja starfsþátta eftir helstu tekju- og gjaldaliðum, og í eignir, skuldir og eigið fé, sjá töflu 11.

Samkvæmt þessum yfirlitum var afkoman af viðskiptabankastarfseminni allt önnur og betri en framar var greint frá. Ekki má leggja að jöfnu afkomu af kjarnarekstri hér á undan og afkomu af viðskiptabankastarfsemi hér. Afkoma af kjarnarekstri var reiknuð af Fjármálaeftirlitinu og skilgreind á ákveðinn hátt fyrir alla sparisjóði en afkoma af viðskiptabankastarfsemi er samkvæmt skilgreiningu Sparisjóðsins í Keflavík sjálfs. Á þessum árum héldu háværar gagnrýnisraddir því fram að ekkert héldi sumum sparisjóðum gangandi annað en hagnaður af verðbréfum og fór Sparisjóðurinn í Keflavík ekki varhluta af slíkri gagnrýni. Hvað varðar framsetningu sparisjóðsins sjálfs á starfsþáttayfirlitum gátu lesendur ársreiknings ekki grafist fyrir um hvað réð skiptingunni milli þessara tveggja starfsþátta. Til að mynda getur lesandi ársreiknings ekki gert sér grein fyrir hvers vegna og upp að hvaða marki tekjur af fjáreignum eru færðar undir afkomu af viðskiptabankastarfsemi. Þá var ekki skýrt hvað félli undir aðrar rekstrartekjur í yfirlitinu en árið 2008 voru þær stór þáttur í afkomunni.

Í 17. kafla, um Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis, er fjallað ítarlega um starfsþáttayfirlit í ársreikningum hans fyrir árin 2006 og 2007. Þessir tveir sparisjóðir voru þeir einu sem birtu slík yfirlit í ársreikningum sínum. Hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hafði verið byggð upp sérhæfð starfsemi utan um fjárfestingar sjóðsins og því eðlilegt að halda kostnaði við hana aðgreindum frá hefðbundinni sparisjóðsstarfsemi. Í tilfelli Sparisjóðsins í Keflavík var þessari sérhæfingu ekki til að dreifa í sama mæli. Sömu starfsmenn sinntu báðum starfsþáttunum. Vaxtagjöld vegna fjárfestinga voru ekki sérgreind og því kunna hreinar vaxtatekjur í töflunni um afkomu af kjarnarekstri að vera vanmetnar. Ef marka má

41. Ársreikningar Sparisjóðsins í Keflavík 2001–2009.

starfsþáttayfirlitin í ársreikningum sparisjóðsins hafa skuldir vegna fjárfestinga verið óverulegar sem hlutfall af heildarskuldum árin 2006 og 2007 og ekki nema liðlega 20% árin 2008 og 2009. Hreinar vaxtatekjur ættu því ekki að hafa liðið svo mjög fyrir fjárfestingarþáttinn.

Tafla 11. Starfsþáttayfirlit Sparisjóðsins í Keflavík 2006–2009.[42]

Árið 2006: millj. kr.	Viðskipta-bankasvið	Fjárfestingar	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	889	(212)	677
Hreinar þjónustutekjur	288	0	288
Hreinar tekjur af fjáreignum	**6.361**	**245**	**6.606**
Aðrar rekstrartekjur	(178)	75	(103)
Rekstrartekjur samtals	**7.360**	**108**	**7.468**
Rekstrargjöld	(1.222)	(68)	(1.290)
Virðisrýrnun útlána	(477)	0	(477)
Hagnaður fyrir skatta	**5.661**	**40**	**5.701**
Heildareignir	43.442	2.798	46.240
Heildarskuldir	35.852	590	36.442
Eigið fé	**9.696**	**102**	**9.798**

Árið 2007: millj. kr.	Viðskipta-bankasvið	Fjárfestingar	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	1.253	(745)	508
Hreinar þjónustutekjur	415	0	415
Hreinar tekjur af fjáreignum	**3.050**	**1.823**	**4.873**
Aðrar rekstrartekjur	(2.009)	117	(1.892)
Rekstrartekjur samtals	**2.709**	**1.195**	**3.904**
Rekstrargjöld	(1.425)	(82)	(1.507)
Virðisrýrnun útlána	(164)	0	(164)
Hagnaður fyrir skatta	**1.120**	**1.113**	**2.233**
Heildareignir	82.179	11.850	94.029
Heildarskuldir	66.034	1.621	68.568
Eigið fé	**25.368**	**93**	**25.461**

Árið 2008: millj. kr.			
Hreinar vaxtatekjur	3.545	(2.993)	552
Hreinar þjónustutekjur	400	36	436
Hreinar tekjur af fjáreignum	160	(13.025)	(12.865)
Aðrar rekstrartekjur	6.519	(4.546)	1.973
Rekstrartekjur samtals	**10.624**	**(20.528)**	**(9.904)**
Rekstrargjöld	(2.318)	(78)	(2.396)
Virðisrýrnun útlána	(6.764)	0	(6.764)
Hagnaður fyrir skatta	**1.542**	**(20.606)**	**(19.064)**
Heildareignir	89.981	8.031	98.012
Heildarskuldir	73.955	18.647	92.603
Eigið fé	**16.025**	**(10.616)**	**5.409**

Árið 2009: millj. kr.			
Hreinar vaxtatekjur	1.056	(1.410)	(354)
Hreinar þjónustutekjur	379	6	385
Hreinar tekjur af fjáreignum	(483)	(1.793)	(2.276)
Aðrar rekstrartekjur	(404)	859	455
Rekstrartekjur samtals	**548**	**(2.338)**	**(1.790)**
Rekstrargjöld	(2.342)	(104)	(2.446)
Virðisrýrnun útlána	(16.972)	0	(16.972)
Hagnaður fyrir skatta	**(18.766)**	**(2.442)**	**(21.208)**
Heildareignir	78.505	11.272	89.777
Heildarskuldir	78.086	23.670	101.756
Eigið fé	**(11.966)**	**(13)**	**(11.979)**

Vaxtamunur hjá sparisjóðnum var orðinn mjög lágur árið 2005, eða 3,9%, og lækkaði mjög árin eftir það, eins og fram kemur í töflu 8. Hann var nær enginn orðinn 2007 eða 0,9% og neikvæður 2008 og 2009 eða -1,7% og -2,2%. Afkoma viðskiptabankasviðsins samkvæmt starfsþáttayfirlitunum er því í mótsögn við þessa algengu mælikvarða á lífvænleika lánastofnana.

19.1.2 Efnahagsreikningar

Hér er fjallað um stærstu eigna- og skuldaliði í efnahagsreikningi Sparisjóðsins í Keflavík í lok áranna 2001–2009 og þróun þeirra á tímabilinu. Í viðauka C má sjá efnahagsreikninga sparisjóðsins frá umræddu tímabili bæði á verðlagi hvers árs og á föstu verðlagi, þ.e. árslokaverðlagi ársins 2011.

Eignir

Í árslok 2008 námu heildareignir sparisjóðsins samtals 98 milljörðum króna og höfðu nær fimmfaldast á fimm árum, þ.e. frá árslokum 2003. Munaði þar mest um vöxt útlána, sem höfðu meira en fimmfaldast á tímabilinu, og gangvirðishækkanir hlutabréfa. Þá höfðu sameiningar sjóðsins við aðra sparisjóði einnig þýðingu í stækkun eignasafnsins.

Útlán voru langstærsti einstaki eignaliður sparisjóðsins 2001–2009 og nam vægi þeirra af heildareignum á bilinu 67–87%, minnst í árslok 2007 og mest í lok árs 2008. Mest hækkuðu útlánin árið 2007 eða um 82%.

Sparisjóðurinn tók þátt í lánasamstarfi sparisjóðanna við Íbúðalánasjóð sem hófst undir lok árs 2004. Í árslok 2005 hafði hann veitt rúmlega 300 íbúðaveðlán fyrir rúmlega 3,1 milljarð króna með beinni fjármögnun frá Íbúðalánasjóði og 135 slík lán fyrir 750 milljónir króna í gegnum Sparisjóðabankann. Mikil aukning varð á lánum í erlendum myntum á árunum 2006–2008 og á lánum til fjárfestingar í hlutabréfum eða stofnfjárbréfum og lánum

42. Ársreikningar Sparisjóðsins í Keflavík 2001–2009.

Mynd 5. Eignir Sparisjóðsins í Keflavík í árslok 2001–2009.[43]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Aðrar eignir og fleira	332.648	411.349	280.112	289.448	290.676	617.793	3.606.576	3.867.362	6.989.497
Hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum	610.194	450.598	328.598	434.114	623.804	1.701.933	1.937.561	495.909	1.941.662
Hlutabréf og verðbréf með breytil. tekjum	889.703	974.618	855.606	1.635.952	3.843.476	9.061.856	18.541.996	3.607.228	1.558.316
Markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum	383.910	449.503	216.778	377.266	450.108	508.134	1.355.681	3.650.753	4.280.871
Sjóður og óbundnar innst. í Seðlabanka o.fl.	58.536	61.062	73.936	68.643	87.761	160.552	4.873.617	1.206.188	2.931.552
Kröfur á lánastofnanir o.fl.	541.601	1.125.643	2.003.314	2.800.531	1.314.614	1.400.188	946.250	195.208	2.273.238
Útlán	14.121.734	15.437.803	16.234.413	20.704.995	25.166.900	34.518.938	62.767.770	84.989.428	69.802.315
Eignir samtals	16.938.326	18.910.575	19.992.758	26.310.949	31.777.339	47.969.394	94.029.451	98.012.076	89.777.451

til byggingarverkefna. Í byrjun árs 2009 varð breyting á eignasamsetningu sparisjóðsins því þá seldi hann íbúðaveðlán upp á nærri 10 milljarða króna til Íbúðalánasjóðs gegn greiðslu í skuldabréfum útgefnum af Íbúðalánasjóði (HFF flokkar). Stærstur hluti útlána sparisjóðsins var í formi skuldabréfa eða 52% við lok árs 2007. Gengisbundin lán voru 30% útlána í lok árs 2007 á meðan yfirdráttarlán voru 17% af heildarútlánum. Sparisjóðurinn lánaði nær eingöngu til einstaklinga og lögaðila en útlán til ríkis og sveitarfélaga voru óveruleg. Útlán til fyrirtækja, einkum í þjónustustarfsemi, jukust frá árinu 2006 og voru rétt rúmur helmingur útlána í árslok 2009. Útlánin eru sýnd nettó í efnahagsreikningi, þ.e. að teknu tilliti til varúðarniðurfærslu, sem er staðan á afskriftareikningi útlána. Til þess að sjá bruttóstöðu útlána þarf því að bæta stöðu afskriftareikningsins við, sbr. töflu 12.

Tafla 12. Útlán og afskriftir hjá Sparisjóðnum í Keflavík í árslok 2001–2009.[44]

Þús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Útlán til viðskiptavina	13.599.027	15.150.564	15.984.692	20.355.957	24.952.105	34.341.537	62.369.486	84.479.458	68.862.035
Afskriftareikningur útlána, staða í lok árs	257.730	280.372	331.930	454.162	518.012	646.054	1.102.235	6.932.014	18.811.527
Heildarútlán án fullnustueigna	13.856.757	15.430.936	16.316.622	20.810.119	25.470.117	34.987.591	63.471.721	91.411.472	87.673.562
Niðurfærsluhlutfall	1,9%	1,8%	2,0%	2,2%	2,0%	1,8%	1,7%	7,6%	21,5%
Niðurfærsluhlutfall annarra sparisjóða	4,0%	4,1%	4,0%	2,9%	2,0%	1,5%	1,5%	15,9%	25,7%

Niðurfærsluhlutfall útlána var á bilinu 1,7–2,2% frá 2001 til 2007. Með umtalsverðum framlögum í afskriftareikning á árunum 2008 og 2009 margfaldaðist hlutfallið og nam niðurfærslan 21,5% af heildarútlánum árið 2009. Þetta hlutfall var yfirleitt lægra hjá Sparisjóðnum í Keflavík á tímabilinu en hjá öðrum sparisjóðum og var munurinn mestur árið 2008, eða 8,3 prósentustig.

Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka Íslands voru ekki stór eignaliður mestan hluta tímabilsins. Árið 2007 hækkaði þessi liður hins vegar um 4,7 milljarða króna þegar innstæður í fjármálafyrirtækjum jukust um 4,5 milljarða króna. Meginástæða þessarar

43. Ársreikningar Sparisjóðsins í Keflavík 2001–2009.
44. Ársreikningar Sparisjóðsins í Keflavík 2001–2009.

lausafjáraukningar var stofnfjáraukning í desember það ár, 3,5 milljarðar króna, og í október hafði stofnfé verið aukið um 2,1 milljarð króna. Árið 2008 dróst þessi liður aftur verulega saman.

Fjáreignir Sparisjóðsins í Keflavík námu rúmlega 2,4 milljörðum króna í árslok 2004 og voru þá 9% heildareigna. Í árslok 2007 höfðu fjáreignir nær nífaldast að bókfærðu virði og námu 21,8 milljörðum króna, eða 23% af heildareignum. Aukninguna mátti fyrst og fremst rekja til gangvirðishækkana á hlutabréfum og verðbréfum með breytilegum tekjum. Veruleg gengislækkun varð á fjáreignum á árinu 2008 og drógust þær saman um 64% frá fyrra ári. Hlutabréf í Exista hf., eign í Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. og Sparisjóðabanka Íslands hf. voru stærstu einstöku eignirnar meðal fjáreigna. Í árslok 2006 lét nærri að 70% eigin fjár sparisjóðsins væru bundin í eignarhlutum í Exista hf. með beinu og óbeinu eignarhaldi, þ.e. í gegnum Kistu, og þá voru ótalin áhrif Exista hf. í Sparisjóðabankanum sem Sparisjóðurinn í Keflavík átti þá 12% í.

Til fjáreigna teljast markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum, hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum auk eignarhluta í hlutdeildarfyrirtækjum.

Eign í hlutabréfum og öðrum verðbréfum með breytilegum tekjum nam samtals 18,5 milljörðum króna í árslok 2007 og hafði liðlega tvöfaldast á einu ári. Hlutabréfaeign jókst árið 2006 um 5,2 milljarða króna, einkum vegna skráningar Exista hf. á hlutabréfamarkað. Eftir skráningu á markað hækkaði gengi hlutabréfanna töluvert og á árinu var gengishagnaður sparisjóðsins af bréfum í Exista hf. 4,8 milljarðar króna. Árið 2007 keypti sparisjóðurinn hlutabréf í Icebank hf. af Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis og Byr sparisjóði fyrir 655 milljónir króna. Sparisjóðurinn hafði jafnan fært hlut sinn í bankanum með hlutdeildaraðferð, en í ársreikningi 2007 var tekið að færa hann sem fjáreign á gangvirði. Þannig var tekjufærður 2,4 milljarða króna gengishagnaður af eignarhlutnum það ár. Í árslok 2007 námu fjáreignir sparisjóðsins á gangverði rúmum 18 milljörðum króna, þar af var 19,4% hlutur í Icebank bókfærður á 6,2 milljarða króna. Aðrar stórar fjárfestingar á árinu 2007 voru í VBS Fjárfestingarbanka hf. fyrir 688 milljónir króna, Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. fyrir 300 milljónir króna og Háskólavöllum ehf. fyrir 123 milljónir króna. Mikil lækkun varð á gangvirði hlutabréfa og annarra verðbréfa á árinu 2008 og stóð þessi liður í 3,6 milljörðum króna í árslok, sem jafngilti 81% lækkun frá fyrra ári. Eignarhluturinn í Exista hf. lækkaði um 3,1 milljarð króna, eignarhluturinn í Icebank hf. um 6,1 milljarða króna og 1,6 milljarða króna lækkun varð á eignarhlutnum í VBS Fjárfestingarbanka hf. Í árslok 2009 nam hlutabréfaeignin 1,6 milljörðum króna og hafði dregist saman um 57% á milli ára, eða samtals 17 milljarða króna frá lokum árs 2007.

Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum voru bókfærð á 4,3 milljarða króna í árslok 2009 sem var þreföldun frá árslokum 2007. Meginskýring hækkunarinnar lá í markaðsskuldabréfi sem gefið var út af Reykjanesbæ. Það bréf var meðal annars notað í veðlánaviðskiptum við Seðlabanka Íslands. Fram til 2008 hafði vægi markaðsskuldabréfa af fjáreignum verið á bilinu 5–24% en fór í 55% árið 2009.

Eign sparisjóðsins í hlutdeildarfélögum hafði lengi vel verið bundin við Sparisjóðabankann, Tölvumiðstöð sparisjóðanna og Reiknistofu bankanna. Hækkunin á þessum lið árið 2006 var fyrst og fremst fólgin í hækkun á hlutnum í Sparisjóðabankanum. Í árslok 2007 voru eignarhlutir í fleiri félögum komnir í þennan flokk. Þar bar hæst 34,4% hlut í Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. sem stofnað var undir lok ársins 2006 utan um eignarhluti nokkurra sparisjóða í Exista hf. Sparisjóðurinn í Keflavík lagði fram Existahluti sem hlutafé í Kistu og seldi félaginu auk þess svipaðan eignarhlut. Í árslok nam bókfærð eign sparisjóðsins í Kistu – fjárfestingarfélagi ehf., sem var tæp 28%, tæpum milljarði króna en var þá færð meðal fjárfestingarhlutabréfa, þótt færa megi rök fyrir að hana hefði átt að færa sem eign í hlutdeildarfélagi.[45] Það var gert á árinu 2007, en á því ári jókst hlutur sparisjóðsins í félaginu vegna hlutafjáraukninga Kistu – fjárfestingarfélags ehf. og sameiningar við tvo aðra sparisjóði sem áttu hlut í sama félagi. Eignarhluturinn nam 34,4% í árslok 2007. Hækkun eignarhlutarins nam um 3 milljörðum króna vegna þessa en á móti færði sparisjóðurinn 2,1 milljarðs króna hlutdeild í tapi Kistu það ár. Hlutdeild sparisjóðsins í tapi Kistu árið 2008 nam 4,6 milljörðum króna. Í árslok 2008 átti sparisjóðurinn, auk eignarhlutar í Kistu – fjárfestingarfélagi ehf., eignarhlut í nokkrum hlutdeildarfélögum, svo sem Teris, Reiknistofu bankanna, FSP Holding ehf. og SP-ráðgjöf ehf.

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem sparisjóðurinn hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, án þess að hafa yfirráð yfir þeim.

45. Sbr. 4. tölul. 2. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og sama ákvæði eldri laga nr. 144/1994.

Undir liðinn ýmsar eignir eru hér taldir rekstrarfjármunir, aðrar eignir, óefnislegar eignir og skattinneign. Hækkun þessa liðar árið 2007 var einkum í rekstrarfjármunum, þ.e. matshækkun vegna upptöku IFRS upp á tæpan milljarð króna, kaupum á Miðlandi ehf. og vegna sameiningar við Sparisjóð Vestfirðinga og Sparisjóð Húnaþings og Stranda. Í árslok 2009 nam liðurinn ýmsar eignir[46] tæpum 7 milljörðum króna sem var nærri tvöföldun frá fyrra ári. Helmingur þeirrar hækkunar var skattinneign vegna taps á árinu 2008. Rekstrarfjármunir voru eignfærðir á 3,1 milljarð króna í lok árs 2009.

Skuldir

Fjármögnun Sparisjóðsins í Keflavík, önnur en eigið fé, fólst aðallega í innlánum og lántöku. Í lok fyrsta ársfjórðungs 2009 var eigið fé sparisjóðsins komið undir lögbundið lágmark og varð hann því að reiða sig á dag- og veðlánaviðskipti við Seðlabanka Íslands auk hefðbundinnar fjármögnunar.

Mynd 6. Skuldir Sparisjóðsins í Keflavík í árslok 2001–2009.[47]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Víkjandi skuldir	578.683	590.007	319.619	583.314	1.395.045	1.571.843	2.434.231	2.696.962	3.096.949
Reiknaðar skuldbindingar	417.181	495.171	688.698	840.615	1.122.980	2.476.511	3.671.575	354.663	363.305
Aðrar skuldir	131.015	160.670	188.311	197.365	185.508	322.798	2.185.542	2.109.728	1.563.543
Skuldir við lánastofnanir	2.144.019	1.492.749	838.629	3.183.372	386.561	1.244.136	3.155.638	10.520.074	12.460.460
Lántaka	3.004.229	4.876.400	4.757.984	6.976.806	10.635.706	13.617.369	18.209.222	22.227.781	21.075.027
Innlán	8.921.316	9.482.332	10.840.704	11.847.423	14.287.865	19.464.375	38.912.232	54.693.415	63.196.649
Skuldir samtals	15.196.443	17.097.330	17.633.944	23.628.895	28.013.665	38.697.032	68.568.440	92.602.623	101.755.933

Almenn innlán voru helsta fjármögnun sparisjóðsins á tímabilinu 2001–2009. Minnstur varð hlutur þeirra í heildarskuldum sjóðsins 50% í árslok 2006 en vægi þeirra jókst eftir það og varð mest 62% í árslok 2009. Þetta var mjög áþekkt og hjá öðrum sparisjóðum. Hlutfall innlána af útlánum á umræddu tímabili sveiflaðist milli 57% og 68%, lægst var það í árslok 2006, en í árslok 2009 fór það upp í rúm 90%. Frá septemberlokum 2008 til marsloka 2010 hækkuðu innlán hjá Sparisjóðnum í Keflavík um 19 milljarða króna. Þar af lögðu sveitarfélög og lífeyrissjóðir á Suðurnesjum inn 5,2 milljarða króna. Ríkissjóður Íslands eignaðist 2 milljarða króna innlán hjá sparisjóðnum, sem var meðal annars tilkomið vegna greiðslu sparisjóðsins á fjármagnstekjuskatti sem sveitarfélögum á Suðurnesjum bar að greiða í ríkissjóð vegna hagnaðar af sölu eignarhluta þeirra í HS Orku.

Lántökur voru annar meginþáttur fjármögnunar Sparisjóðsins í Keflavík. Lántökur skiptust í tvo meginflokka, útgefin skuldabréf og víxla og lán frá fjármálafyrirtækjum. Hlutur lántöku í heildarfjármögnun varð mestur í árslok 2005 og nam þá 38%. Í árslok 2009 voru lántökur ekki nema 21% af heildarfjármögnun sjóðsins. Þær höfðu hins vegar þrefaldast í

46. Sbr. liðinn aðrar eignir o.fl. á mynd 5.
47. Ársreikningar Sparisjóðsins í Keflavík 2001–2009.

krónum talið frá árslokum 2004. Erlend lántaka lækkaði frá árslokum 2007 þar til sjóðurinn féll. Á árinu 2008 þurfti sparisjóðurinn að greiða upp erlend lán að fjárhæð 47 milljónir evra sem ekki fengust endurfjármögnuð.

Skuldir við lánastofnanir námu 12,5 milljörðum í árslok 2009 og höfðu þá fjórfaldast frá árslokum 2007. Helstu skýringuna mátti rekja til dag- og veðlánaviðskipta við innlendar lánastofnanir og Seðlabanka Íslands vegna lausafjárskorts en lausafjárstaða sparisjóðsins versnaði til muna fyrri hluta ársins 2008. Í lok september 2008 var búið að loka á flestar erlendar lánalínur og lausafjárstaðan til eins mánaðar var þá ekki nema tæpar 600 milljónir króna. Lausafjárþörfin var hins vegar metin 5 milljarðar króna. Á þessum tíma voru hafnar viðræður við Íbúðalánasjóð um lánalínu og fjármögnun gegn veði í útlánasafni sparisjóðsins. Þær leiddu til þess að í mars 2009 keypti Íbúðalánasjóður íbúðaveðlán af sparisjóðnum fyrir tæpa 10 milljarða króna.

Útgáfa víkjandi skuldabréfa jókst hlutfallslega mest árið 2005 en þá komst hlutfall víkjandi skulda í 5% af heildarskuldum sparisjóðsins. Slíkar skuldir héldu síðan áfram að hækka ár frá ári en ekki til jafns við aðrar skuldir. Undir liðnum aðrar skuldir eru síðan margvísleg áfallin gjöld og fyrirfram innheimtar tekjur. Þessi liður hækkaði verulega 2007, fyrst og fremst vegna ógreidds fjármagnstekjuskatts.

Til reiknaðra skuldbindinga töldust annars vegar tekjuskattsskuldbinding, sem stafaði að mestu leyti af mismunandi meðhöndlun á eignarhlutum í félögum í skattalegu og reikningshaldslegu tilliti, en einnig af frestun á skattlagningu söluhagnaðar af eignarhlutum. Skattskuldbindingin hækkaði mikið árin 2006 og 2007 vegna frestunar tekjuskatts af söluhagnaði hluta í Exista hf. Skattsskuldbinding nam tæpum milljarði króna í árslok 2006 og nærri tveimur í árslok 2007. Hið mikla tap sparisjóðsins á árinu 2008 þurrkaði út skattskuldbindinguna og í stað hennar kom skattinneign. Til reiknaðra skuldbindinga taldist einnig lífeyrisskuldbinding sparisjóðsins. Þannig háttaði til að Sparisjóðurinn í Keflavík hafði um langa hríð ábyrgst verðtryggingu á lífeyrisgreiðslum til starfsfólks. Tekið var tillit til þess við gerð ársreiknings og sjóður myndaður vegna þessa sem færður var til skuldar í efnahagsreikningi. Við útreikning skuldbindingarinnar var miðað við að raunávöxtun umfram launahækkanir væri 3%.[48] Í árslok 2001 nam lífeyrisskuldbinding sparisjóðsins 310 milljónum króna og hækkaði jafnt og þétt ár frá ári og stóð í 540 milljónum króna í árslok 2005. Á því ári var tekið að miða við 3,5% ávöxtunarkröfu við framsetningu skuldbindingarinnar í ársreikningi og varð hækkun hennar meiri af þeim sökum. Árið 2006 voru uppi hugmyndir um uppgjör lífeyrisskuldbindingar sparisjóðsins við Eftirlaunasjóð Reykjanesbæjar. Í ársreikningi 2006 var skuldbindingin hækkuð um 420 milljónir króna. Þar af voru 315 milljónir króna færðar yfir eigið fé þar sem um var að ræða leiðréttingu vegna fyrri ára. Uppfærslan var þá miðuð við 4,6% ávöxtunarkröfu og stóð í 963 milljónum króna í árslok.[49] Á stjórnarfundi í sparisjóðnum 18. júní 2007 lágu fyrir drög að uppgjöri við Eftirlaunasjóð Reykjanesbæjar. Uppgjörið átti að miðast við 31. desember 2006 og var gert ráð fyrir að sparisjóðurinn greiddi eftirlaunasjóðnum um það bil 1,5 milljarða króna og yrði þar með laus allra mála. Samþykkt var að vinna að málinu á þessum forsendum. Lífeyrisskuldbindingar sparisjóðsins í heild námu samtals 1.960 milljónum króna í árslok 2007. Samkomulag um uppgjör við eftirlaunasjóðinn um hans hlut var undirritað í upphafi árs 2008. Skuldbindingin við hann í árslok 2007 reiknaðist 1.283 milljónir króna, sem var mikil hækkun frá fyrri útreikningum. Leiðrétting upp á 738 milljónir króna var færð yfir eigið fé í ársreikningi sparisjóðsins 2007.[50] Snemma árs 2008 greiddi sparisjóðurinn Eftirlaunasjóði Reykjanesbæjar 1.613 milljónir króna og lauk þar með uppgjörinu. Lífeyrisskuldbinding sparisjóðsins í árslok 2008 datt meðal annars af þeim sökum niður í 355 milljónir króna.[51]

48. Þessi háttur var hafður á hjá öllum sparisjóðum og var samkvæmt viðauka II með reglum nr. 834/2003 um reikningsskil lánastofnana. Sá viðauki hafði verið nær óbreyttur frá því í eldri reglum nr. 554/1994.

49. Ekki sjást þess merki í fundargerðum stjórnar að þessar hugmyndir hafi verið ræddar þar fyrr en um mitt ár 2007. Heimildin um þessa útreikninga er endurskoðunarskýrsla Deloitte um endurskoðun ársreiknings 2006, bls. 5–6. Þar sagði m.a.: „Í minnisblaði sem við rituðum til sparisjóðsstjóra þann 25. janúar [2007] eru settar fram tillögur að því hvernig gera megi upp skuldbindinguna. Þær fela meðal annars í sér að greiðslum í sjóðinn verði hætt og gengið til samninga við stjórnendur og aðra starfsmenn, sem greitt hafa í sjóðinn, um nýja skipan lífeyrisgreiðslna. Jafnframt að gengið verði til samninga við Eftirlaunasjóðinn um uppgjör á áfallinni skuldbindingu hið fyrsta."

50. Sú aðgerð var umdeild, sbr. umfjöllun um arðgreiðslur sparisjóðsins síðar í kaflanum.

51. Ársreikningar Sparisjóðsins í Keflavík 2007 og 2008 og endurskoðunarskýrslur Deloitte með þeim.

Eigið fé

Tiltölulega litlar breytingar urðu á eigin fé Sparisjóðsins í Keflavík fyrr en á árinu 2006. Varasjóðurinn óx jafnt og þétt vegna góðrar og batnandi afkomu frá 2001 en stofnfé hafði lengi verið nær óbreytt að öðru leyti en því að nýtt hafði verið heimild til endurmats vegna verðlagsbreytinga og sérstaks endurmats. Á árunum 2001 fram til loka árs 2006 myndaði varasjóður því stærstan hluta eigin fjár eða á bilinu 47–77%. Árið 2006 var stofnfé aukið um 984 milljónir króna og rúma 7 milljarða króna árið 2007. Auk þess leiddi sameining við Sparisjóð Vestfirðinga og Sparisjóð Húnaþings og Stranda til frekari hækkunar stofnfjár. Eigið fé Sparisjóðsins í Keflavík nam tæpum 25,5 milljörðum króna í árslok 2007 og var þá 27% af heildarfjármögnun sjóðsins. Hið mikla tap sparisjóðsins á árinu 2008 leiddi svo til þess að varasjóður varð neikvæður um 11,1 milljarð króna en bókfært eigið fé hélst enn jákvætt um 5,4 milljarða króna. Það ár greiddi sparisjóðurinn tæpa 2,8 milljarða króna í arð sem miðaðist við 20,6% af endurmetnu stofnfé í árslok 2007. Þessi arðgreiðsla nam einum og hálfum hagnaði ársins 2007. Í lok árs 2009 var bókfært eigið fé sparisjóðsins orðið neikvætt um tæpa 12 milljarða króna.

Mynd 7. Eigið fé Sparisjóðsins í Keflavík í árslok 2001–2009.[52]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Varasjóður	940.775	975.589	1.486.254	1.712.578	2.711.486	7.106.117	11.889.117	(11.061.876)	(28.450.157)
Stofnfé	801.108	837.656	872.560	969.476	1.052.188	2.166.245	13.571.894	16.471.329	16.471.675
Eigið fé samtals	1.741.883	1.813.246	2.358.814	2.682.054	3.763.674	9.272.362	25.461.011	5.409.453	(11.978.482)

Árin 2001–2007 var Sparisjóðurinn í Keflavík vel yfir lögbundinni lágmarkskröfu um 8% eiginfjárhlutfall. Samkvæmt uppgjörum og innsendum skýrslum um eigið fé til Fjármálaeftirlitsins fór sparisjóðurinn undir lögbundið lágmarks eiginfjárhlutfall í lok árs 2008 en þá var það 7,06%. Eiginfjárhlutfallið hélt áfram að lækka og var komið niður í -17,35% við lok fyrsta ársfjórðungs 2010.

Eiginfjárvandi Sparisjóðsins í Keflavík í lok árs 2009 átti sér nokkurn aðdraganda. Eigið fé sparisjóðsins var mjög háð verði hlutabréfa og lausafjárskortur hafði verið til staðar hjá sjóðnum í nær tvö ár. Á árunum 2004–2008 var hlutfall fjáreigna af eigin fé lægst 86% árið 2007, þegar stofnfé var aukið mikið, og hæst 143% árið 2008, enda hafði eigið fé dregist mikið saman í lok þess árs. Gengistap af fjáreignum og hlutdeild í tapi hlutdeildarfélaga upp á tæpa 11 milljarða króna hafði mikil áhrif á rekstur sparisjóðsins árið 2008. Það, ásamt fyrrnefndri arðgreiðslu á árinu, leiddi til 79% samdráttar á eigin fé og þess að varasjóður varð neikvæður. Í áritun endurskoðenda á ársreikning sparisjóðsins 2008 var ábending um að óvissa ríkti um framtíðarrekstrarhorfur sjóðsins ef aðgerðir stjórnar hans og aðkoma ríkisins gengju ekki eftir. Þær aðgerðir sem endurskoðendurnir töldu nauðsynlegar að stjórn sjóðsins gripi til voru meðal annars að koma lagi á gjaldeyrisjöfnuð sjóðsins, þar

52. Ársreikningar Sparisjóðsins í Keflavík 2001–2009.

sem hann bjó við mikla gengisáhættu vegna mismunar á eigna- og skuldastöðu í erlendum gjaldmiðlum. Endurskoðendurnir töldu að útvega þyrfti frekari fjármögnun í formi víkjandi lána og að sækja þyrfti um 20% eiginfjárframlag frá ríkinu.

Tilraunir til fjárhagslegrar endurskipulagningar sparisjóðsins á árinu 2009 og fram á árið 2010 báru ekki árangur. Í apríl 2010 var það mat Fjármálaeftirlitsins að eiginfjárvandi sparisjóðsins væri slíkur að hann gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart viðskiptavinum og kröfuhöfum. Fjármálaeftirlitið tók þá yfir vald stofnfjárhafafundar sparisjóðsins með ákvörðun sinni 22. þess mánaðar.

Mynd 8. Eigið fé Sparisjóðsins í Keflavík og eiginfjárhlutfall í árslok 2001–2009.[53]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	31.03.08	30.06.08	31.10.08	31.12.08	2008	2009
Eigið fé í ársreikningum Sparisjóðsins í Keflavík	1.741.883	1.813.246	2.358.814	2.682.054	3.763.674	9.272.362	25.461.011					5.409.453	(11.978.482)
Eigið fé í skýrslu til FME								21.620.971	12.144.017	9.272.730	5.617.619		
Bókfært eigið fé / heildareignir (hægri ás)	10,3%	9,6%	11,8%	10,2%	11,8%	19,3%	27,1%	22,4%	13,4%	9,4%	5,6%	5,5%	-13,3%
CAD-hlutfall (hægri ás)	11,35%	10,54%	14,95%	12,56%	12,40%	14,17%	22,18%	15,65%	10,31%	8,15%	7,06%	7,06%	-15,00%

19.1.3 Spkef sparisjóður

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda Sparisjóðsins í Keflavík frá 22. apríl 2010 fól í sér að hluti eigna og skuldbindinga sparisjóðsins var fluttur í nýjan sparisjóðsjóð, Spkef sparisjóð, sem var að fullu í eigu ríkissjóðs. Heildareignir Spkef sparisjóðs við stofnun voru 76,3 milljarðar króna. Tap af rekstri Spkef sparisjóðs frá stofnun til 31. desember 2010 nam 1,5 milljörðum króna samkvæmt óendurskoðuðu uppgjöri. Í drögum að rekstrarreikningi Spkef sparisjóðs fyrir tímabilið 1. janúar 2011 til 4. mars 2011 var tap af rekstrinum 448 milljónir króna.

Í stjórn Spkef sparisjóðs sem skipuð var af Bankasýslu ríkisins sátu Ásta Dís Óladóttir stjórnarformaður, Anna María Pétursdóttir, Georg Gísli Andersen, Helga Loftsdóttir og Valdimar Halldórsson. Sparisjóðsstjóri frá stofnun sparisjóðsins var Angantýr Valur Jónasson, sem verið hafði sparisjóðsstjóri Sparisjóðsins í Keflavík. Hann gegndi starfinu til 1. nóvember 2010 en þá tók Einar Hannesson við því, ráðinn af stjórn sparisjóðsins eftir auglýsingu. Hann gegndi starfinu fram að samruna sparisjóðsins við NBI hf. (Landsbankann).

Í tæpt ár var unnið að fjárhagslegri endurskipulagningu Spkef sparisjóðs. Starfshópur á vegum Bankasýslu ríkisins lagði til við Fjármálaráðuneytið að leitað yrði leiða til að sameina Spkef sparisjóð við NBI hf. (nú Landsbankinn hf.) í stað þess að fjármagna sparisjóðinn með sjálfstæðum hætti. Fjármálaeftirlitið taldi eiginfjár- og lausafjárvanda sparisjóðsins slíkan að hann gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart viðskiptavinum eða kröfuhöfum. Hinn 5. mars 2011 tók Fjármálaeftirlitið yfir vald stofnfjáreigendafundar Spkef sparisjóðs. Í kjölfarið var Spkef sparisjóður sameinaður Landsbankanum hf. með samruna án skuldaskila.

53. Ársreikningar Sparisjóðsins í Keflavík 2001–2009. Fyrir árið 2008 er stuðst við skýrslur um eiginfjárhlutfall sem sparisjóðurinn skilaði til Fjármálaeftirlitsins ársfjórðungslega.

Ríkissjóður lagði Landsbankanum til framlag til að mæta neikvæðri eignastöðu Spkef sparisjóðs. Landsbankinn gerði athugasemdir við uppgjörsreikninginn og varð ágreiningur um uppgjörið. Þriggja manna úrskurðarnefnd komst að þeirri niðurstöðu 7. júní 2012 að ríkið skyldi greiða Landsbankanum samtals 19,2 milljarða króna.[54]

Ársreikningar fyrir Spkef sparisjóð eru ekki til. Þó voru samin samstæðureikningsskil fyrir tímabilið frá 22. apríl til 31. desember 2010. Þau voru ekki fullgerð fyrr en eftir að sparisjóðurinn var sameinaður Landsbankanum hf. og því varð ekki af undirritun stjórnar og áritun endurskoðanda. Fyrir þá rúmu tvo mánuði sem sparisjóðurinn starfaði á árinu 2011 eru einungis til óstaðfest drög að rekstrar- og efnahagsreikningi. Rannsóknarnefndinni þykir rétt að birta þessi uppgjörsdrög svo fá megi einhverja hugmynd um starfsemi Spkef sparisjóðs þá rúmlega tíu mánuði sem hann var við lýði.

Tafla 13. Rekstrarreikningar Spkef sparisjóðs frá 22. apríl 2010 til 4. mars 2011.[55]

Þús. kr.	**2010**	**2011**
	Frá 22.4.	Til 4.3.
Hreinar vaxtatekjur	538.076	57.937
Hreinar þjónustutekjur	211.182	61.894
Arðstekjur og hlutdeildartekjur	(257.200)	397
Gengishagnaður (tap) af fjáreignum	(600.094)	(180.306)
Aðrar rekstrartekjur	235.995	8.352
Hreinar rekstrartekjur	**127.959**	**(51.726)**
Almennur rekstrarkostnaður	(1.624.740)	(192.704)
Önnur rekstrargjöld		(164.021)
Framlög í afskriftareikning útlána		(39.227)
Virðisrýrnun eigna til sölu	(134.332)	
Rekstrargjöld samtals	**(1.759.072)**	**(395.952)**
Hagnaður (tap) fyrir skatta	(1.631.113)	(447.678)
Skattar samtals	162.876	
HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS	**(1.468.237)**	**(447.678)**

Tafla 14. Samandregnir efnahagsreikningar Spkef sparisjóðs 2010–2011.

Þús. kr.	**22.4.2010**	**31.12.2010**	**4.3.2011**
Eignir:			
Sjóður og óbundnar innstæður í seðlabanka o.fl.	1.477.626	2.889.837	1.286.622
Kröfur á lánastofnanir o.fl.	2.334.946	2.370.781	2.375.112
Útlán o.fl. samtals	44.606.015	43.036.090	42.547.266
Markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum	9.969.009	10.060.209	11.636.765
Hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum	806.413	619.888	
Hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum	2.530.023	1.485.011	1.126.153
Rekstrarfjármunir samtals	894.250	2.440.997	1.574.998
Skattinneign		204.583	204.583
Aðrar eignir	1.485.012	121.473	634.421
Krafa á ríkissjóð	12.148.620	12.148.620	12.148.620
Eignir samtals	**76.251.914**	**75.377.489**	**73.534.540**
Skuldir og eigið fé:			
Skuldir við lánastofnanir samtals	7.874.666	12.746.538	13.884.857
Innlán samtals	64.347.531	59.685.836	58.775.559
Lántaka samtals	2.832.864	2.188.292	1.602.409
Aðrar skuldir	296.853	1.114.467	235.839
Reiknaðar skuldbindingar samtals		74.501	31.296
Skuldir samtals	**75.351.914**	**75.809.634**	**74.529.960**
Eigið fé:			
Stofnfé	900.000	900.000	900.000
Varasjóður		(1.332.145)	(1.895.420)
Eigið fé samtals	**900.000**	**(432.145)**	**(995.420)**
Skuldir og eigið fé samtals	**76.251.914**	**75.377.489**	**73.534.540**

54. Úrskurður úrskurðarnefndar samkvæmt samningi um yfirtöku NBI hf. á Spkef sparisjóði, 7. júní 2012.

55. Báðir reikningarnir voru óendurskoðaðir og ekki áritaðir af stjórn. Reikningurinn fyrir 2010 var saminn að mestu í samræmi við IFRS-reikningsskilareglur, en reikningurinn fyrir fyrstu mánuði ársins 2011 var ekkert annað en ófullkomin drög.

Að lokum eru hér tilfærðar fáeinar upplýsingar úr skýringum með reikningnum fyrir árið 2010. Stöðugildi í lok ársins voru 113. Launakostnaður nam 651 milljón króna og meðallaunakostnaður á stöðugildi var því rúmar 5,7 milljónir króna. Laun og þóknanir til yfirstjórnar námu tæpum 60 milljónum króna, þar af til sparisjóðsstjóranna tveggja tæpum 11,5 milljónum króna. Þóknun til endurskoðenda nam um 23,5 milljónum króna. Hlutfall innlána á móti útlánum var í árslok 1,39. Eiginfjárhlutfall í árslok 2010 var -1,23%. Til hlutdeildarfélaga töldust eignarhlutir í Reiknistofu bankanna, Teris, Kistu – fjárfestingarfélagi ehf., FSP Holding ehf., SP eignum ehf., SPR ehf., Bláa lóninu hf. og Háskólavöllum. Dótturfélög voru Lásagras hf., Eyraeldi ehf., Þrælsfell ehf. og Víkur ehf., öll í 100% eigu sparisjóðsins.

Hér í kaflanum er ekki fjallað ýkja mikið um starfsemi Spkef sparisjóðs enda einkenndist hún að miklu leyti af því að koma sparisjóðnum í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu. Ný útlán voru fátíð, nema til þess að greiða upp eldri skuldir, og fjárfestingar voru litlar. Þó verður fjallað um mat á útlánasafninu á þeim tíma sem Spkef sparisjóður varð til og þegar sparisjóðurinn sameinaðist Landsbankanum.

19.1.4 Ársreikningar sparisjóða sem sameinuðust Sparisjóðnum í Keflavík

Hér verður stiklað á stóru í ársreikningum þeirra sparisjóða sem sameinuðust Sparisjóðnum í Keflavík. Tilfærðar eru upplýsingar úr reikningum þeirra frá og með árinu 2001 og þangað til þeir skiluðu síðasta uppgjöri sínu hver fyrir sig. Umfjöllunin er ekki eins ítarleg og um Sparisjóðinn í Keflavík. Þó eru sýndir samandregnir rekstrar- og efnahagsreikningar auk nokkurra viðbótarupplýsinga sem nauðsynlegar eru þeim sem vilja átta sig á helstu atriðum í starfsemi þessara sparisjóða umrædd ár. Umfjöllun um sparisjóðina er að finna víðar í kaflanum þar sem rætt er um einstaka starfsþætti.

19.1.4.1 Ársreikningar Sparisjóðs Ólafsvíkur 2001–2005

Sparisjóður Ólafsvíkur sameinaðist Sparisjóðnum í Keflavík á árinu 2006. Reikningshaldslegur samruni miðaðist við 30. júní 2006. Í töflum 15 og 16 eru sýndir rekstrar- og efnahagsreikningar Sparisjóðs Ólafsvíkur fyrir árin 2001–2005 á verðlagi hvers árs. Fyrir liggur rekstrarreikningur Sparisjóðs Ólafsvíkur fyrir fyrri hluta ársins 2006. Honum er hnýtt aftan við rekstrarreikningana í töflu 15. Efnahagur Sparisjóðs Ólafsvíkur kom fram að fullu í efnahagsreikningi Sparisjóðsins í Keflavík 31. desember 2006.

Tafla 15. Rekstrarreikningar Sparisjóðs Ólafsvíkur 2001–2005.[56]

Þús. kr.	**2001**	**2002**	**2003**	**2004**	**2005**	**2006**
						1.1.-30.6.
Hreinar vaxtatekjur	69.643	79.134	73.121	75.832	85.273	40.055
Hreinar þjónustutekjur	14.555	15.849	16.568	16.071	14.036	6.990
Arðstekjur og hlutdeildartekjur	2.220	2.582	2.147	5.804	15.867	12.283
Gengishagnaður (tap) af fjáreignum	(21.241)	(713)	4.511	3.346	(467)	1.019
Aðrar rekstrartekjur	2.020	3.200	1.078	6.488	1.394	2.657
Hreinar rekstrartekjur	**67.197**	**100.052**	**97.425**	**107.541**	**116.103**	**63.004**
Almennur rekstrarkostnaður	(49.303)	(51.809)	(62.271)	(62.253)	(65.533)	(42.115)
Framlög í afskriftareikning útlána	(8.597)	(47.130)	(42.133)	(18.859)	(27.996)	(9.465)
Rekstrargjöld samtals	**(57.900)**	**(98.939)**	**(104.404)**	**(81.112)**	**(93.529)**	**(51.580)**
Hagnaður (tap) fyrir skatta	9.297	1.113	(6.979)	26.429	22.574	11.424
Skattar samtals		**(852)**	**576**	**(1.090)**		**(500)**
HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS	**9.297**	**261**	**(6.403)**	**25.339**	**22.574**	**10.924**

56. Ársreikningar Sparisjóðs Ólafsvíkur 2001–2005; árshlutareikningur Sparisjóðs Ólafsvíkur 1. janúar til 30. júní 2006.

Tafla 16. Samandregnir efnahagsreikningar Sparisjóðs Ólafsvíkur í árslok 2001–2005.[57]

Þús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005
Eignir:					
Sjóður og óbundnar innstæður í seðlabanka o.fl.	6.102	8.606	19.629	19.064	20.631
Kröfur á lánastofnanir o.fl.	112.600	46.538	87.862	273.473	430.409
Útlán o.fl. samtals	972.459	1.111.778	1.150.482	1.187.398	1.221.245
Markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum	78.175	83.299	8.776	125.253	
Hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum	38.493	28.887	26.522	43.666	75.311
Hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum	29.491	24.642	19.056	24.158	39.454
Rekstrarfjármunir samtals	44.326	42.507	41.270	30.053	29.155
Aðrar eignir	1.453	1.311	3.114	2.799	1.578
Skattinneign					1.592
Eignir samtals	**1.283.099**	**1.347.568**	**1.356.712**	**1.705.864**	**1.819.375**
Skuldir og eigið fé:					
Skuldir við lánastofnanir samtals	327.598	382.544	380.473	328.913	309.765
Innlán samtals	656.274	675.090	707.197	938.968	943.115
Lántaka samtals	59.142	45.627	31.037	165.546	267.392
Aðrar skuldir	9.445	12.324	10.963	13.818	15.311
Víkjandi skuldir	53.975	55.057	56.519	62.757	65.356
Skuldir samtals	1.106.434	1.170.642	1.186.190	1.510.002	1.600.939
Eigið fé:					
Stofnfé	125	134	140	147	165
Varasjóður	176.540	176.792	170.382	195.715	218.271
Eigið fé samtals	**176.665**	**176.926**	**170.522**	**195.862**	**218.436**
Skuldir og eigið fé samtals	**1.283.099**	**1.347.568**	**1.356.712**	**1.705.864**	**1.819.375**

Tafla 17. Nokkrar viðbótarupplýsingar úr ársreikningum Sparisjóðs Ólafsvíkur 2001–2005.[58]

Þús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005
ÚR REKSTRI:					
Vaxtamunur	6,1%	6,2%	5,3%	5,2%	5,5%
Meðalvextir útlána	16,6%	13,1%	10,8%	11,1%	12,0%
Meðalvextir innlána	**9,9%**	**6,5%**	**5,2%**	**5,6%**	**6,1%**
Stöðugildi í árslok	6	6	7	7	6
Meðallaunakostnaður á stöðugildi	4.044	3.950	4.625	4.441	5.953
Laun og þóknanir til yfirstjórnar	7.200	7.100	7.938	8.682	9.468
þar af til sparisjóðsstjóra			6.510	7.174	7.922
Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatt	**26.298**	**(3.956)**	**(14.715)**	**10.791**	**5.780**
ÚR EFNAHAG:					
CAD-hlutfall	20,2%	17,7%	17,5%	18,8%	23,7%
Hlutfall innlána á móti útlánum	68,4%	61,1%	61,9%	79,6%	77,6%
Staða afskriftareiknings í árslok	88.594	130.758	140.727	98.753	100.548
Niðurfærsluhlutfallið	8,4%	10,6%	11,0%	7,7%	7,6%
Varúðarfærsla ársins (framlag í afskr.reikn.)	8.597	47.130	42.133	18.859	27.996
Endanlega afskrifuð útlán á árinu	**(757)**	**(4.966)**	**(32.164)**	**(60.833)**	**(27.686)**

19.1.4.2 Ársreikningar Sparisjóðs Vestfirðinga 2001–2006

Sparisjóður Vestfirðinga sameinaðist Sparisjóðnum í Keflavík síðla árs 2007. Reikningshaldslegur samruni miðaðist við 4. desember 2007. Í töflum 18 og 19 eru sýndir rekstrar- og efnahagsreikningar Sparisjóðs Vestfirðinga fyrir árin 2001–2006 á verðlagi hvers árs. Fyrir liggja drög að rekstrarreikningi Sparisjóðs Vestfirðinga fyrir árið 2007. Honum er hnýtt aftan við rekstrarreikningana í töflu 18. Efnahagur Sparisjóðs Vestfirðinga kom fram að fullu í efnahagsreikningi Sparisjóðsins í Keflavík 31. desember 2007.

57. Ársreikningar Sparisjóðs Ólafsvíkur 2001–2005.
58. Ársreikningar Sparisjóðs Ólafsvíkur 2001–2005.

Tafla 18. Rekstrarreikningar Sparisjóðs Vestfirðinga 2001–2006.[59]

Þús. kr.	**2001**	**2002**	**2003**	**2004**	**2005**	**2006**	**2007**
Hreinar vaxtatekjur	305.005	310.414	274.319	316.291	272.415	162.791	206.127
Hreinar þjónustutekjur	68.970	79.360	83.406	82.497	83.296	74.930	91.747
Arðstekjur og hlutdeildartekjur	4.392	7.465	6.591	3.913	3.508	39.013	(355.249)
Gengishagnaður (tap) af fjáreignum	9.288	2.996	77.787	149.045	403.542	925.383	204.502
Aðrar rekstrartekjur	26.535	28.570	55.337	32.139	70.263	30.222	49.500
Hreinar rekstrartekjur	**414.190**	**428.805**	**497.441**	**583.885**	**833.024**	**1.232.339**	**196.627**
Almennur rekstrarkostnaður	(287.389)	(286.990)	(311.254)	(326.534)	(355.116)	(392.297)	(486.944)
Framlög í afskriftareikning útlána	(221.796)	(132.210)	(221.791)	(235.231)	(221.380)	(232.744)	(260.720)
Rekstrargjöld samtals	**(509.185)**	**(419.200)**	**(533.045)**	**(561.765)**	**(576.496)**	**(625.041)**	**(747.664)**
Hagnaður (tap) fyrir skatta	(94.995)	9.605	(35.604)	22.120	256.528	607.298	(551.037)
Skattar samtals	12.253	689	8.491	(2.570)	(43.925)	193.332	111.920
Framlag Tryggingasjóðs				36.900			
HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS	**(82.743)**	**10.294**	**(27.113)**	**56.450**	**212.603**	**800.630**	**(439.117)**

Tafla 19. Samandregnir efnahagsreikningar Sparisjóðs Vestfirðinga í árslok 2001–2006.[60]

Þús. kr.	**2001**	**2002**	**2003**	**2004**	**2005**	**2006**
Eignir:						
Sjóður og óbundnar innst. í seðlabanka o.fl.	38.515	32.645	36.604	40.018	37.554	41.247
Kröfur á lánastofnanir o.fl.	509.096	394.144	339.283	435.977	675.820	132.624
Útlán o.fl. samtals	5.101.516	5.415.850	5.631.128	5.762.663	5.948.990	6.942.936
Markaðsskuldabréf o. fl. með föstum tekjum	97.008	188.665	228.294	303.935	161.287	222.004
Hlutabréf og verðbréf með breytil. tekjum	346.219	372.672	274.246	444.822	1.168.447	1.889.386
Hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum	9.712	14.558	16.665	18.381	19.936	18.706
Óefnislegar eignir	25.523	19.007	12.490	5.974	0	0
Rekstrarfjármunir samtals	263.729	252.531	259.943	246.336	234.984	211.033
Aðrar eignir	59.184	55.651	63.086	41.366	11.687	24.363
Skattinneign						174.829
Eignir samtals	**6.450.501**	**6.745.722**	**6.861.740**	**7.299.472**	**8.258.705**	**9.657.128**
Skuldir og eigið fé:						
Skuldir við lánastofnanir samtals	872.444	643.484	153.837	2.431	3.760	8.196
Innlán samtals	3.037.357	3.752.671	3.941.005	4.288.467	4.443.601	5.041.859
Lántaka samtals	1.658.343	1.473.288	1.905.067	1.933.267	2.255.161	2.125.552
Aðrar skuldir	72.852	65.339	67.162	59.684	83.811	78.152
Reiknaðar skuldbindingar samtals	19.687	21.557	24.441	27.272	48.176	34.155
Víkjandi skuldir	160.412	154.632	150.973	251.041	424.139	564.017
Skuldir samtals	**5.821.095**	**6.110.971**	**6.242.486**	**6.562.162**	**7.258.648**	**7.851.931**
Eigið fé:						
Stofnfé	85.480	86.556	102.744	170.726	235.603	261.579
Varasjóður	543.927	548.194	516.510	566.583	764.454	1.543.618
Eigið fé samtals	629.407	634.750	619.254	737.309	1.000.057	1.805.197
Skuldir og eigið fé samtals	**6.450.501**	**6.745.722**	**6.861.740**	**7.299.471**	**8.258.705**	**9.657.128**

Tafla 20. Nokkrar viðbótarupplýsingar úr ársreikningum Sparisjóðs Vestfirðinga 2001–2006.[61]

Þús. kr.	**2001**	**2002**	**2003**	**2004**	**2005**	**2006**
ÚR REKSTRI:						
Vaxtamunur	12,3%	6,8%	5,9%	6,5%	5,9%	4,1%
Meðalvextir útlána	28,6%	14,1%	11,1%	11,9%	12,9%	13,7%
Meðalvextir innlána	14,5%	6,9%	4,9%	5,1%	6,6%	9,2%
Stöðugildi í árslok	32	38	41	41	43	43
Meðallaunakostnaður á stöðugildi	3.919	3.559	3.753	3.847	4.390	4.311
Laun og þóknanir til yfirstjórnar		10.700	12.435	14.174	14.398	16.121
þar af til sparisjóðsstjóra			9.001	10.484	10.454	11.945
Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatt	(135.210)	(15.221)	(175.320)	(162.977)	(72.550)	(387.320)
ÚR EFNAHAG:						
CAD-hlutfall	10,5%	9,9%	11,7%	11,8%	12,0%	13,5%
Hlutfall innlána á móti útlánum	61,3%	71,2%	72,8%	77,1%	76,9%	74,1%
Staða afskriftareiknings í árslok	351.157	290.000	213.323	271.150	241.120	148.282
Niðurfærsluhlutfallið	6,6%	5,2%	3,8%	4,7%	4,0%	2,1%
Varúðarfærsla ársins (framlag í afskr.reikn.)	221.745	132.210	221.791	235.232	221.380	232.744
Endanlega afskrifuð útlán á árinu	**(201.056)**	**(193.367)**	**(298.468)**	**(177.405)**	**(251.410)**	**(325.582)**

59. Ársreikningar Sparisjóðs Vestfirðinga 2001–2006. Þá eru einnig birtar tölur úr drögum að rekstrarreikningi Sparisjóðs Vestfirðinga fyrir árið 2007.

60. Ársreikningar Sparisjóðs Vestfirðinga 2001–2006.

61. Ársreikningar Sparisjóðs Vestfirðinga 2001–2006.

19.1.4.3 Ársreikningar Sparisjóðs Húnaþings og Stranda 2001–2006

Sparisjóður Húnaþings og Stranda sameinaðist Sparisjóðnum í Keflavík síðla árs 2007. Reikningshaldslegur samruni miðaðist við 4. desember 2007. Í töflum 21 og 22 eru sýndir rekstrar- og efnahagsreikningar Sparisjóðs Húnaþings og Stranda fyrir árin 2001–2006 á verðlagi hvers árs. Fyrir liggja drög að rekstrarreikningi Sparisjóðs Húnaþings og Stranda fyrir árið 2007. Honum er hnýtt aftan við rekstrarreikningana í töflu 21. Efnahagur Sparisjóðs Húnaþings og Stranda kom fram að fullu í efnahagsreikningi Sparisjóðsins í Keflavík 31. desember 2007.

Tafla 21. Rekstrarreikningar Sparisjóðs Húnaþings og Stranda 2001–2006.[62]

Þús. kr.	**2001**	**2002**	**2003**	**2004**	**2005**	**2006**	**2007**
Hreinar vaxtatekjur	110.487	105.722	108.682	112.911	144.723	85.422	132.208
Hreinar þjónustutekjur	25.473	28.855	30.287	29.224	29.394	28.600	42.401
Arðstekjur og hlutdeildartekjur	3.099	1.840	2.566	3.199	3.619	(9.909)	305.559
Gengishagnaður (tap) af fjáreignum	33.034	1.394	45.933	92.280	307.206	792.851	(383.023)
Aðrar rekstrartekjur	3.791	38.396	60.886	20.770	23.378	15.901	49.642
Hreinar rekstrartekjur	175.884	176.205	248.354	258.384	508.320	912.865	146.787
Almennur rekstrarkostnaður	(90.074)	(110.382)	(111.068)	(123.503)	(137.310)	(160.241)	(221.930)
Framlög í afskriftareikning útlána o.fl.	(91.766)	(44.663)	(92.401)	(45.888)	(96.623)	(49.082)	(48.864)
Rekstrargjöld samtals	(181.841)	(155.045)	(203.469)	(169.391)	(233.933)	(209.323)	(270.794)
Hagnaður (tap) fyrir skatta	(5.957)	21.161	44.885	88.993	274.387	703.542	(124.069)
Skattar samtals	13.008	(2.969)	(9.275)	(15.614)	(47.546)	115.189	44.638
HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS	**7.051**	**18.192**	**35.610**	**73.379**	**226.841**	**818.731**	**(79.431)**

Tafla 22. Samandregnir efnahagsreikningar Sparisjóðs Húnaþings og Stranda í árslok 2001–2006.[63]

Þús. kr.	**2001**	**2002**	**2003**	**2004**	**2005**	**2006**
Eignir:						
Sjóður og óbundnar innstæður í seðlabanka o.fl.	20.385	23.137	23.812	23.859	24.848	28.852
Kröfur á lánastofnanir o.fl.	107.312	95.947	283.921	231.550	273.562	505.545
Útlán o.fl. samtals	1.789.626	1.856.661	1.845.137	2.070.184	2.460.294	3.297.537
Markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum	16.335	20.598	51.154	58.573	195.077	115.849
Hlutabréf og verðbréf með breytil. tekjum	222.178	146.031	181.008	324.925	1.097.208	252.662
Hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum	6.471	6.588	6.712	7.644	8.691	1.332.939
Rekstrarfjármunir samtals	47.337	40.407	37.371	31.404	58.477	154.651
Aðrar eignir	2.749	20.820	2.797	2.767	2.549	8.045
Skattinneign						18.705
Eignir samtals	2.212.394	2.210.190	2.431.911	2.750.906	4.120.706	5.714.785
Skuldir og eigið fé:						
Skuldir við lánastofnanir samtals	69.621	4.657	7.303	3.597	37.105	12.378
Innlán samtals	1.607.969	1.704.562	1.876.882	2.005.857	2.742.975	3.378.595
Lántaka samtals	85.171	63.665	55.175	142.030	383.219	617.167
Aðrar skuldir	81.289	46.343	62.635	78.810	28.643	42.754
Reiknaðar skuldbindingar samtals	77.018	81.632	85.337	98.032	145.416	54.055
Víkjandi skuldir					130.799	139.834
Skuldir samtals	1.921.068	1.900.858	2.087.331	2.328.326	3.468.157	4.244.783
Eigið fé:						
Stofnfé	2.251	2.411	2.531	7.731	12.781	13.975
Varasjóður	289.075	306.921	342.049	414.849	639.768	1.456.027
Eigið fé samtals	291.326	309.332	344.580	422.580	652.549	1.470.002
Skuldir og eigið fé samtals	2.212.394	2.210.190	2.431.911	2.750.906	4.120.706	5.714.785

62. Ársreikningar Sparisjóðs Húnaþings og Stranda 2001–2006. Þá eru einnig birtar tölur úr drögum að rekstrarreikningi Sparisjóðs Húnaþings og Stranda fyrir árið 2007.

63. Ársreikningar Sparisjóðs Húnaþings og Stranda 2001–2006.

Tafla 23. Nokkrar viðbótarupplýsingar úr ársreikningum Sparisjóðs Húnaþings og Stranda 2001–206.[64]

Þús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006
ÚR REKSTRI:						
Vaxtamunur	6,5%	6,1%	6,2%	6,2%	6,4%	4,5%
Meðalvextir útlána	17,8%	13,6%	12,2%	12,5%	13,4%	14,3%
Meðalvextir innlána	10,6%	7,0%	5,6%	5,9%	6,6%	9,4%
Stöðugildi í árslok	10	10	10	10	10	11
Meðallaunakostnaður á stöðugildi	4.221	4.924	5.160	5.143	6.243	6.491
Laun og þóknanir til yfirstjórnar		9.400	11.024	11.757	14.299	15.064
þar af til sparisjóðsstjóra			9.680	10.101	12.451	12.760
Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatt	(45.881)	(20.469)	(57.974)	(27.256)	(59.816)	(95.301)
ÚR EFNAHAG:						
CAD-hlutfall	8,6%	12,7%	14,3%	11,4%	9,5%	32,9%
Hlutfall innlána á móti útlánum	94,5%	99,0%	109,9%	100,1%	112,2%	103,4%
Staða afskriftareiknings í árslok	202.167	144.554	179.357	168.706	190.609	159.494
Niðurfærsluhlutfallið	10,6%	7,7%	9,5%	7,8%	7,2%	4,7%
Varúðarfærsla ársins (framlag í afskr.reikn.)	91.767	44.663	92.402	45.888	96.623	49.082
Endanlega afskrifuð útlán á árinu	(7.273)	(102.276)	(57.599)	(56.539)	(74.720)	(80.197)

19.2 Útlán, útlánareglur og lánveitingar

Útlán Sparisjóðsins í Keflavík námu um 79% af heildareignum í lok árs 2005 og 86% í lok árs 2008. Á tímabilinu 2005–2007 jukust heildarútlán sjóðsins úr 24,9 milljörðum króna í 62,3 milljarða króna. Með sameiningu við Sparisjóð Húnaþings og Stranda og Sparisjóð Vestfirðinga á árinu 2007 jukust útlán sjóðsins um tæpa 12,7 milljarða króna.

Tafla 24. Útlán Sparisjóðsins í Keflavík sem hlutfall af heildareignum 2005–2009.[65]

Þús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009
Útlán til viðskiptavina	24.952.105	34.341.537	62.369.486	84.479.459	68.862.035
Eignir samtals	31.777.339	47.969.394	94.029.451	98.012.076	89.777.451
Útlán sem hlutfall af eignum	79%	72%	66%	86%	77%

Í lok fyrsta ársfjórðungs 2005 var hlutfall gengisbundinna útlána um 7,8% af heildarútlánum sparisjóðsins. Í lok árs 2008 hafði vægi þeirra aukist í tæplega 41% af heildarútlánum.

Mynd 9. Gengisbundin útlán Sparisjóðsins í Keflavík 2005–2009.[66]



Frá 2005 til 2007 og á árinu 2009 var stærstur hluti útlána í formi skuldabréfa. Þar á eftir komu erlend endurlán frá árinu 2007 en þau voru jafnframt stærsta útlánaformið í lok árs 2008.

64. Ársreikningar Sparisjóðs Húnaþings og Stranda 2001–2006.
65. Ársreikningar Sparisjóðsins í Keflavík 2005–2009.
66. Skýrslur sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins um útlán og vanskil. Upplýsingar fyrir þriðja ársfjórðung 2008 byggja á gögnum frá 31. október 2008. Sjá nánari umfjöllun um skýrsluskil til Fjármálaeftirlitsins og skýrslur um útlán og vanskil í 6. og 9. kafla.

Tafla 25. Útlánaform Sparisjóðsins í Keflavík 2005–2009.[67]

Þús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009
Yfirdráttarlán	5.434.254	6.965.053	10.604.864	9.276.621	8.586.970
Afurða- og rekstrarlán	132.588	722.894	2.021.089	3.963.572	2.648.538
Víxlar	165.582	87.390	152.407	108.034	129.034
Skuldabréf	17.350.845	20.850.269	29.277.344	34.204.333	29.555.300
Innleystar ábyrgðir	1.859.555				
Gengisbundin útlán	9.281	5.715.931	20.146.029	36.688.629	26.855.881
Annað			167.753	238.270	1.086.312
Samtals	24.952.105	34.341.537	62.369.486	84.479.459	68.862.035

Árið 2005 var vægi útlána til einstaklinga um 64,4% í lánasafni Sparisjóðsins í Keflavík. Var þá bæði litið til íbúðalána og annarra lána til einstaklinga. Í lok árs 2009 hafði vægi útlána til einstaklinga hins vegar lækkað í 37%. Þeir lánaflokkar sem hækkuðu mest 2005–2009 voru lán til ríkissjóðs og ríkisstofnana sem voru 11,1% af lánasafni sjóðsins í lok árs 2009 og lán til þjónustustarfsemi sem voru 21,8% af lánasafninu á sama tíma.

Tafla 26. Flokkun útlána Sparisjóðsins í Keflavík eftir atvinnugreinum 2005–2009.[68]

Sundurliðun eftir lántakendum	2005	2006	2007	2008	2009
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	0,4%	0,1%	0,6%	1,0%	11,1%
Bæjar- og sveitarfélög	1,7%	1,5%	0,6%	1,4%	0,9%
Fyrirtæki	33,5%	42,1%	44,9%	49,3%	51,0%
Landbúnaður	0,7%	0,5%	0,4%	0,1%	0,1%
Sjávarútvegur	5,1%	8,0%	6,0%	7,8%	7,6%
Verslun	5,2%	8,3%	9,3%	13,6%	12,2%
Byggingaverktakar og iðnaður	7,8%	7,1%	7,8%	7,6%	8,5%
Samgöngur	0,8%	1,0%	0,8%	0,7%	0,8%
Raforkumál		1,1%			
Þjónustustarfsemi	13,9%	16,1%	20,6%	19,5%	21,8%
Einstaklingar (íbúðalán og annað)	64,4%	56,3%	53,9%	48,3%	37,0%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%

Hlutfall afskriftareiknings af heildarútlánum var um og innan við 2% frá 2005 til 2007. Í lok árs 2008 var afskriftareikningur útlána hins vegar 6,9 milljarðar króna og niðurfærsluhlutfallið 7,6%. Í árslok 2009 nam staðan á afskriftareikningi útlána 18,8 milljörðum króna eða um 21,5% af útlánastöðu.

Tafla 27. Útlán Sparisjóðsins í Keflavík og afskriftareikningur útlána í árslok 2005–2009.[69]

Þús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009
Heildarútlán	25.470.117	34.987.591	63.471.721	91.411.472	87.673.562
Staða afskriftareiknings í árslok	518.012	646.054	1.102.235	6.932.014	18.811.527
Útlán til viðskiptavina	24.952.105	34.341.537	62.369.486	84.479.458	68.862.035
Niðurfærsluhlutfallið	2,0%	1,8%	1,7%	7,6%	21,5%
Varúðarfærsla ársins (framlag á afskr.reikn.)	329.357	383.765	163.716	6.706.332	16.995.932
Endanlega afskrifuð útlán á árinu	**272.682**	**362.756**	**183.298**	**883.078**	**4.669.448**

19.2.1 Athugasemdir eftirlitsaðila við útlánasafn Sparisjóðsins í Keflavík

Frá miðju ári 2005 og fram til ársins 2007 var ekki að finna ítarlega umfjöllun innri endurskoðanda um útlán Sparisjóðsins í Keflavík í fundargerðum stjórnar sjóðsins. Rannsóknarnefndin fékk ekki afhentar skýrslur innri endurskoðunar fyrir árin 2005 og 2006.

Á fundi stjórnar sparisjóðsins 8. október 2007 fór innri endurskoðandi yfir þau útlán sem námu meira en 70 milljónum króna á fyrstu sex mánuðum ársins 2007. Í fjögur skipti af 21 hafði starfsmaður farið út fyrir lánaheimildir sínar án þess að fyrir lægi skýring í afgreiðslukerfi sparisjóðsins þó að skýringar hefðu fengist við eftirgrennslan. Auk þess greindi innri endurskoðandi frá því að gerðar hefðu verið skýrslur um áhættusöm útlán, skuldir tengdra aðila og skilmálabreytingar útlána án þess að frekar væri gerð grein fyrir niðurstöðum þeirra í fundargerð.

67. Ársreikningar Sparisjóðsins í Keflavík 2005–2009.
68. Ársreikningar Sparisjóðsins í Keflavík 2005–2009.
69. Ársreikningar Sparisjóðsins í Keflavík 2005–2009.

Á fundi stjórnar sparisjóðsins 19. ágúst 2008 lagði innri endurskoðandi fram skýrslur um störf sín. Meðal þeirra voru skýrslur um skráningu skuldabréfa, um skuldir og vanskil starfsmanna, útlán með veði í hlutabréfum, einstök útlán hærri en 70 milljónir króna, vanskil á íbúðalánum sparisjóðsins og yfirferð á vaxtalausum útlánum. Meðal athugasemda sem innri endurskoðandi setti fram var að mikilvægt væri að endurskoða lánaheimildir starfsmanna. Þá væri hlutverk lánanefndar óljóst en aðeins fjögur af 21 láni umfram 70 milljónir króna hefði farið fyrir lánanefnd. Skoðun á útlánum með veði í hlutabréfum hefði sýnt að heildarstaða þeirra væri um 3.473 milljónir króna en þar af væri tryggingavöntun 761 milljón króna.[70]

Í skýrslu innri endurskoðunar fyrir árið 2008 var enn á ný bent á mikilvægi þess að öll lán sem ættu að fara fyrir lánanefnd yrðu tekin þar fyrir og bókuð í fundargerðum nefndarinnar.[71] Í skýrslu innri endurskoðunar frá 9. júlí 2009 var fjallað um stöðu stærstu skuldara og vanskilaaðila og voru nokkur fyrirtæki í vanskilum með lán umfram 90 daga. Þá vakti innri endurskoðun athygli á hversu lítill hluti vanskila væri kominn í lögfræðiinnheimtu. Einstakir aðilar voru jafnframt taldir vera með mjög slæma tryggingarstöðu.[72]

Af hálfu Deloitte, sem sá um ytri endurskoðun sparisjóðsins, voru engar stórvægilegar athugasemdir gerðar við útlánasafn sparisjóðsins í endurskoðunarskýrslum á árunum 2006 og 2007. Í endurskoðunarskýrslu fyrir árið 2008 voru vinnureglur varðandi tryggingar sagðar úreltar og að mikilvægt væri að uppfæra þær. Jafnframt var þeim tilmælum beint til stjórnar að auka eftirlit með tryggingamálum til að lágmarka það tryggingagat sem kynni að myndast ef þessu yrði ekki fylgt eftir.[73]

Fjármálaeftirlitið tilkynnti sparisjóðnum um athugun á starfsemi samstæðu hans með bréfi 20. júní 2008 og lauk henni í september sama ár með skýrslu um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóðnum í Keflavík. Í niðurstöðum skýrslunnar sagði að útlánasafn sparisjóðsins væri almennt nokkuð vel dreift en gæði þess væru vafasöm. Þó að vanskil væru í lágmarki væru þau að aukast, lán til venslaðra aðila væru umtalsverð og 90% útlána með veði í hlutabréfum væru tryggð með veði í óskráðum hlutabréfum. Verðmæti trygginga væri í mörgum tilvikum undir lánsfjárhæð eða ofmetið og hefði sparisjóðurinn lítið hirt um að gera veðköll. Fyrirséð væru útlánatöp vegna ofmats á verðmæti félaga, óhóflegrar bjartsýni í útlánum og hirðuleysi við innheimtu lána. Tryggingaþekja sparisjóðsins vegna lána með veði í hlutabréfum Icebank hf. og stofnfjárbréfum sparisjóðsins var talin óviðunandi. Þá væru veð sparisjóðsins í fasteignum í mörgum tilvikum léleg og haldbærar tryggingar almennt of lágar. Var það meðal annars talið afleiðing þess að regluverk sjóðsins væri í ólestri og þá sérstaklega hvað varðaði áhættustýringu. Einnig var bent á að mikilvægt væri að settar yrðu reglur um mat á afskriftum og skjalfest stefna um hlutfall útlána til einstakra atvinnugreina. Þá virtist Fjármálaeftirlitinu sem stjórn sparisjóðsins hefði ekki sinnt eftirlitshlutverki sínu með rekstri sjóðsins á fullnægjandi hátt.

Athugasemdir Fjármálaeftirlitsins sneru líka að því að mikið skorti á að fullnægjandi reglur væru til staðar um útlánaáhættu, koma þyrfti upp matskerfi á viðskiptavinum og útlánaeftirlit þyrfti að gera auknar kröfur um gæði trygginga. Þá væru úttektir innri endurskoðunar ekki nýttar af yfirstjórn sparisjóðsins og sparisjóðsstjóra með fullnægjandi hætti. Svo virtist sem markmið um skýrslugerð innri endurskoðanda, sem væri eftirlitsaðili fyrir hönd stjórnar, væru alfarið ákveðin af ytri endurskoðanda. Áhættustýring væri ekki nægilega virk, en hún ætti að framkvæma reglulega álagspróf á útlánasafni samstæðunnar, og þágildandi skipulag sparisjóðsins um áhættustýringu uppfyllti ekki leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2002 um áhættustýringu og innra eftirlit. Sparisjóðurinn þyrfti kerfi sem tryggði að á hverjum tíma væru til staðar upplýsingar sem gæfu yfirsýn yfir tengingar milli lánþega sem skiptu máli við mat á áhættu.[74] Benti Fjármálaeftirlitið á að efla þyrfti úrtakseftirlit með útlánum til að tryggja að þau væru í samræmi við lána-

70. Kynning fyrir stjórn á verkefnum innri endurskoðunar 2008, 19. ágúst 2008.
71. Fundargerð stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík, 14. apríl 2009.
72. Skýrsla innri endurskoðunar Sparisjóðsins í Keflavík: Stærstu skuldarar og vanskilendur, 9. júlí 2009.
73. Skýrsla Deloitte hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðsins í Keflavík 2009, 31. mars 2009.
74. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóðnum í Keflavík, september 2008.

samþykktir og útlánareglur. Þá fann Fjármálaeftirlitið ekki merki þess að sparisjóðsstjóri hefði gefið stjórn yfirlit yfir heildarvanskil sundurliðað eftir lánsformum líkt og honum bar að gera samkvæmt 8. gr. reglna um lánveitingar og ábyrgðir.[75]

19.2.1.1 Viðbrögð og eftirfylgni við athugasemdum eftirlitsaðila

Yfirferð rannsóknarnefndarinnar á aðilum í úrtaki lántakenda leiddi í ljós að þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar innri endurskoðunar um að taka þyrfti lánveitingar fyrir í lánanefnd var því ekki fylgt eftir með fullnægjandi hætti. Sem dæmi um lán sem veitt voru án þess að vera tekin fyrir í lánanefnd, eftir að ábendingar innri endurskoðunar voru lagðar fram, má nefna lánveitingar til félaga sem fjallað er um hér síðar undir stærstu lántakendum svo sem Blikavallar 3 ehf., eignarhaldsfélags í eigu Kaupfélags Suðurnesja, félags í eigu stjórnarmanns og maka og fasteignafélags í eigu Kaupfélags Suðurnesja. Þá má nefna lán til Gildrukletta ehf., Leigufoss ehf. og Stálness ehf.

Sparisjóðurinn í Keflavík fékk drög að skýrslu Fjármálaeftirlitsins til yfirferðar í byrjun ágúst 2008 og sendi stofnuninni athugasemdir sínar við niðurstöður skýrslunnar með bréfi 19. ágúst 2008. Rétt er að geta þess að í lokaskýrslu Fjármálaeftirlitsins kom fram að tekið hefði verið tillit til þessara athugasemda og sjónarmiða Sparisjóðsins í Keflavík eftir því sem tilefni hafi verið til. Í þeim tilvikum þar sem það hefði ekki verið gert kæmu athugasemdir sparisjóðsins fram með sjónarmiðum Fjármálaeftirlitsins. Meðal athugasemda sparisjóðsins við skýrsludrögin var að djúpt væri í árina tekið að segja að stjórn sinnti ekki eftirlitshlutverki sínu eins og Fjármálaeftirlitið staðhæfði. Meginreglan væri sú að stjórn sparisjóðsins ætti ekki að hafa afskipti af einstökum viðskiptum og það væri beinlínis bannað samkvæmt 55. gr. laga um fjármálafyrirtæki nema um væri að ræða sérstaklega umfangsmikil mál. Stjórnin væri auk þess reglulega upplýst um stöðu stærstu skuldunauta en hún fjallaði hins vegar ekki um einstök fullnustumál eða mat á veðum.[76] Í lokaskýrslu Fjármálaeftirlitsins var bent á að vettvangsathugun hefði leitt í ljós að eftirliti stjórnar með regluverki sparisjóðsins væri verulega ábótavant. Þó hefði komið fram á fundi Fjármálaeftirlitsins með sparisjóðnum að ráðnir hefðu verið tveir ráðgjafar frá Deloitte hf. og stæði til að koma þessum hlutum í betra horf.[77]

Þá taldi sparisjóðurinn að hrun á hlutabréfamarkaði hefði „auðvitað" rýrt verðmæti trygginga á ófyrirsjáanlegan hátt en það skrifaðist ekki á hirðuleysi eða óhóflega bjartsýni starfsmanna sparisjóðsins. Í svari sparisjóðsins kom einnig fram að vinna við endurskoðun lánareglna og lánaheimilda sjóðsins stæði yfir.[78] Sparisjóðurinn hefði hafið vinnu við mótun innri reglna og endurskoðun þeirra ferla sem til staðar væru. Áhættustýring sparisjóðsins framkvæmdi reglulega álagspróf og áhættumat á útlánasafni og öðrum eignum samkvæmt ICAAP-aðferðafræði sparisjóðsins sem lögð hefði verið fyrir Fjármálaeftirlitið og ekki hefðu komið fram neinar athugasemdir við hana eða staðhæfingar um að hún væri ófullnægjandi. Væri þar meðal annars tekið tillit til samþjöppunaráhættu og í „áfallaprófi" væri tekið tillit til hugsanlegra tapa vegna útlána.[79] Í lokaútgáfu skýrslu Fjármálaeftirlitsins kom fram að engin gögn hefðu verið lögð fram af hálfu sparisjóðsins sem sýndu fram á að skipulega væri unnið með álagspróf á áhættuþætti sparisjóðsins. Engin gögn hefðu verið lögð fram við vettvangsskoðunina er lutu að álagsprófunum né heldur væri þau að finna í skýrsluskilakerfi Fjármálaeftirlitsins.[80]

Í athugasemdum sparisjóðsins kom einnig fram að meirihluti þeirra skýrslna sem stjórn ætti að taka fyrir á fundum sínum væru unnar og lagðar fram samkvæmt vinnudagskrá stjórnar.[81] Fjármálaeftirlitið benti hins vegar á í lokaútgáfu skýrslu sinnar að ef ekki væri

75. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóðnum í Keflavík, september 2008. Í athugasemdum Geirmundar Kristinssonar, fyrrverandi sparisjóðsstjóra, til rannsóknarnefndarinnar 19. desember 2013 kom fram að hann taldi þetta ekki rétt, stjórnin hefði fengið þessi yfirlit.
76. Bréf Sparisjóðsins í Keflavík til Fjármálaeftirlitsins 19. ágúst 2008.
77. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóðnum í Keflavík, september 2008.
78. Nánar er fjallað um lánareglur sparisjóðsins og þær breytingar sem á þeim voru gerðar í kafla um útlánareglur og heimildir hér aftar.
79. Bréf Sparisjóðsins í Keflavík til Fjármálaeftirlitsins 19. ágúst 2008.
80. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóðnum í Keflavík, september 2008.
81. Bréf Sparisjóðsins í Keflavík til Fjármálaeftirlitsins 19. ágúst 2008.

bókað með fullnægjandi hætti í fundargerð hvaða skýrslur væru lagðar fram, skorti sönnun á tilvist þeirra og lét því standa athugasemd sína um að meirihluti þeirra skýrslna sem stjórn ætti að taka fyrir á fundum sínum samkvæmt starfsreglum stjórnar væri ekki lagður fram samkvæmt fundargerðum.[82]

Í bréfi sem sent var með lokaútgáfu skýrslunnar fór Fjármálaeftirlitið fram á úrbætur í samræmi við efni skýrslunnar innan tiltekinna tímamarka. Ytri endurskoðandi félagsins skyldi yfirfara úrbætur að fresti loknum og skila til Fjármálaeftirlitsins skýrslu um breytingarnar og hvar framkvæmd þeirra væri stödd fyrir 19. desember 2008. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins skyldi tekin til umfjöllunar í stjórn sjóðsins og fundargerð þess fundar yrði send eftirlitinu eigi síðar en 24. október 2008.[83]

Sparisjóðurinn í Keflavík tók skýrslu Fjármálaeftirlitsins fyrir á fundi sínum 30. september 2008. Var farið yfir niðurstöður skýrslunnar og hvatti stjórnarformaður stjórnarmenn til að kynna sér efni hennar og athugasemdir ítarlega. Sparisjóðsstjóra var falið að bregðast við athugasemdum og ábendingum Fjármálaeftirlitsins og kynna framgang við úrvinnslu fyrir stjórn með reglulegum hætti meðan á þeirri vinnu stæði. Skýrslu ytri endurskoðanda um þær breytingar sem gerðar hefðu verið hjá sparisjóðnum í kjölfar skýrslunnar var hins vegar aldrei skilað. Í svari Fjármálaeftirlitsins við fyrirspurn rannsóknarnefndarinnar kom fram að ekki hefði verið gengið eftir umræddri skýrslu af hálfu Fjármálaeftirlitsins þar sem allar forsendur hefðu breyst með falli bankakerfisins fyrri hluta októbermánaðar 2008. Ýmislegt sem fram kæmi í skýrslu Fjármáleftirlitsins hefði breyst á stuttum tíma, sérstaklega varðandi mat á eignarhlutum í félögum og virði tryggинga. Mestur tími starfsmanna hefði farið í að sinna stóru bönkunum þremur auk Sparisjóðabanka Íslands hf. og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis. Starfsmenn Fjármálaeftirlitsins hefðu aftur á móti fundað reglulega með stjórnendum Sparisjóðsins í Keflavík á þessum tíma og á þeim fundum verið upplýstir um stöðu mála hjá sparisjóðnum.[84]

19.2.1.2 Útlánareglur og heimildir

Hjá Sparisjóðnum í Keflavík var helstu útlánareglur og -heimildir að finna á þremur stöðum: í reglum sparisjóðsins um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra, í reglum um lánveitingar og ábyrgðir sparisjóðsins og í reglum fyrir starfsmenn um útlánaheimildir í umboði og á ábyrgð sparisjóðsstjóra.

Reglur sparisjóðsins um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra voru settar 19. desember 2003 með vísan til 2. mgr. 54. gr. laga 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Þar sagði í 10. gr. að í lánareglum sparisjóðsins kæmu fram mörk heimilda sparisjóðsstjóra í útlánamálum. Þá sagði í 2. mgr. 14. gr. þeirra að sparisjóðsstjóra væri heimilt að veita öðrum starfsmönnum sjóðsins umboð til að fara með afmarkaðar heimildir starfsskyldu sinnar að fengnu samþykki stjórnar sparisjóðsins. Reglurnar voru síðar uppfærðar 26. febrúar 2007. Þar var skýrar að orði kveðið og sagt að stjórn skyldi láta útbúa útlánareglur sem næðu til framkvæmda á lánveitingum og ábyrgðum, þar sem fram kæmu mörk heimilda sparisjóðsstjóra og annarra starfsmanna. Mörk heimilda sparisjóðsstjóra væru ákvörðuð af stjórn en sparisjóðsstjóri kæmi með tillögu að mörkum heimilda annarra starfsmanna og skyldi sú tillaga staðfest af stjórn.[85]

Á grundvelli starfsreglna stjórnar og sparisjóðsstjóra samþykkti stjórn sparisjóðsins 29. mars 2005 reglur um lánveitingar og ábyrgðir Sparisjóðsins í Keflavík. Reglurnar voru settar með vísan til laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og reglugerðar nr. 34/2002,[86] um hámark lána og ábyrgða lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu. Í kjölfar skýrslu

82. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóðnum í Keflavík, september 2008.
83. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðsins í Keflavík 24. september 2008.
84. Tölvuskeyti Fjármálaeftirlitsins til rannsóknarnefndar Alþingis 5. febrúar 2014.
85. Sbr. 11. gr. starfsreglna stjórnar og sparisjóðsstjóra frá 26. febrúar 2007.
86. Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóðnum í Keflavík, sem gefin var út í september 2008, var gagnrýnt að vísað væri í reglugerð sem væri „ekki til" (bls. 9). Á þeim tíma voru í gildi reglur nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum en á undan þeim giltu reglur nr. 531/2003 um sama efni. Þær reglur voru settar af Fjármálaeftirlitinu 30. júní 2003, en í niðurlagi þeirra er ákveði um að við gildistöku þeirra falli úr gildi reglugerð nr. 34/2002 um hámark lána og ábyrgða lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.

Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóðnum í Keflavík frá september 2008 voru reglur um lánveitingar og ábyrgðir uppfærðar 28. október sama ár. Þá voru settar sérstakar reglur um framkvæmd áhættustýringar.

Samkvæmt reglum um lánveitingar og ábyrgðir frá 29. mars 2005 bar sparisjóðsstjóri ábyrgð á útlánum og ábyrgðarveitingum sparisjóðsins.[87] Útlán til eins aðila eða hóps fjárhagslega tengdra aðila umfram 10% af eigin fé skyldu tilkynnt stjórn sjóðsins á næsta stjórnarfundi eftir að ákvörðun hafði verið tekin.[88] Í reglunum var ekki kveðið á um nein mörk á útlánaheimildum sparisjóðsstjóra.[89] Við breytingar á reglunum 28. október 2008 var útlánaheimildum sparisjóðsstjóra breytt á þann veg að útlán umfram 15% af eigin fé sjóðsins þyrfti að samþykkja af stjórn hans, en þá var ekki nóg að tilkynna um slíkar lánveitingar eftir á eins og verið hafði.

Sparisjóðsstjóra bar að gera grein fyrir breytingum á heildarlánveitingum og öðru sem máli skipti um skuldbindingar og áhættu sparisjóðsins á stjórnarfundum samkvæmt 6. gr. reglna um lánveitingar og ábyrgðir. Jafnframt skyldi gerð grein fyrir þeim breytingum á lánveitingum eða ábyrgðum til einstakra aðila sem væru óvenju háar miðað við aðstæður og greiðslugetu viðkomandi án frekari skilgreiningar.[90]

Samkvæmt reglum um lánveitingar og ábyrgðir skyldi sparisjóðsstjóri setja reglur um útlán og ábyrgðir, meðhöndlun beiðna og framkvæmd.[91] Á þeim grundvelli voru reglur fyrir starfsmenn um útlánaheimildir í umboði og á ábyrgð sparisjóðsstjóra settar samhliða reglum um lánveitingar og ábyrgðir 29. mars 2005. Þær voru settar á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 531/2003 um stórar áhættuskuldbindingar. Þá voru þær byggðar á 22. gr. samþykkta sparisjóðsins og 10 gr. þágildandi starfsreglna stjórnar. Með 3. gr. útlánaheimildanna lét sparisjóðsstjóri svo einstökum starfsmönnum í té heimildir til útlána, skuldbreytinga og veitingu ábyrgða, enda væri útlánareglum fylgt.

Tafla 28. Lánaheimildir hjá Sparisjóðnum í Keflavík samkvæmt útlánareglum frá 2005.[92]

Þús. kr.	Einstök lán	Heildarútlán
Forstöðumaður lánasviðs	25.000.000	100.000.000
Lánafulltrúi fyrirtækja	10.000.000	50.000.000
Lánafulltrúi einstaklinga	5.000.000	10.000.000
Þjónustustjórar afgreiðslustaða	4.000.000	10.000.000
Lánafulltrúar fyrirtækja	2.000.000	10.000.000
Fulltrúi erlendra viðskipta	1.000.000	10.000.000
Þjónustufulltrúar	2.000.000	5.000.000

Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins var það gagnrýnt að sparisjóðurinn sendi reglurnar um útlánaheimildir óundirritaðar af stjórn til stofnunarinnar með vísan til 11. gr. starfsreglna stjórnar og sparisjóðsstjóra. Þær voru síðar sendar Fjármálaeftirlitinu með fullnægjandi undirritun stjórnar.[93]

Í 2. gr. reglna um útlánaheimildir var fjallað um faglegar forsendur útlána, vinnubrögð, tryggingar og meðferð þeirra. Umsóknir um útlán skyldu afgreiddar á skjótan og faglegan hátt. Til grundvallar ákvörðunum skyldu jafnan liggja viðskiptalegar ástæður og gæta skyldi vel að gagnaöflun og gerð greiðslumats fyrir hvern skuldara. Þar sem veðtryggingа væri krafist áttu þær jafnan að vera í auðseljanlegum verðmætum og metnar sem næst markaðsverði. Þá sagði í reglunum:

> Útlán sem veitt eru til lengri tíma en fimm ára skulu að jafnaði vera með tryggingum sem eru verðmeiri en skuldin sjálf.[94]

87. Sbr. 1. gr. reglna um lánveitingar og ábyrgðir Sparisjóðsins í Keflavík frá 29. mars 2005.
88. Um skilgreiningu á eigin fé í reglunum var vísað til 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.
89. Þetta var meðal annars gagnrýnt í framangreindri skýrslu Fjármálaeftirlitsins frá því í september 2008.
90. Reglurnar héldust eins með uppfærslu þeirra 26. febrúar 2007 og lítið breyttar með uppfærslunni 28. október 2008, sbr. 10. gr. í báðum tilfellum.
91. Þar skyldi skýrt kveðið á um hvernig meta ætti áhættu og greiðslugetu, hvers konar tryggingar væru teknar gildar og metnar, hverjir mættu taka ákvörðun, hvaða atriði ættu að hafa mest áhrif á ákvörðunina, hvernig staðið skyldi að eftirliti og innheimtu og hvernig upplýsingagjöf til sparisjóðsstjóra skyldi háttað.
92. Útlánaheimildir starfsmanna samkvæmt reglum fyrir starfsmenn um útlánaheimildir í umboði og á ábyrgð sparisjóðsstjóra dagsettar 29. mars 2005.
93. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóðnum í Keflavík, september 2008.
94. Sjá 2. gr. útlánaheimilda, reglna fyrir starfsmenn um útlánaheimildir í umboði og á ábyrgð sparisjóðsstjóra.

Reglulega skyldi fylgst með verðmæti tryggingа og við mat á ábyrgðarmönnum skyldi gæta að greiðslugetu þeirra og vanskilasögu. Þá var tiltekið að gögn sem ákvarðanir grundvölluðust á skyldu vera aðgengileg svo hægt væri að rekja ákvarðanir starfsmanna.

Að öðru leyti var ekkert minnst á veðsetningarhlutföll, hvorki í þessum reglum né í reglum um lánveitingar og ábyrgðir. Þó skal á það bent að rannsóknarnefndin fékk í hendur fyrstu síðu af þremur í ódagsettu skjali með reglum um tryggingar fyrir útlánum og ábyrgðum. Þar gaf að líta stuttan kafla með almennum reglum um tryggingar og tvo kafla um veðtryggingar; um fasteignaveð og veð í bifreiðum. Þar kom fram hámarksveðsetningarhlutfall þar sem tillit var tekið til ástands og tegundar eigna. Fyrrverandi starfsmenn gátu ekki upplýst rannsóknarnefndina um það á hvaða tíma þessar reglur giltu.

Í reglum um útlánaheimildir kom fram að gæta skyldi vel að gagnaöflun og gerð greiðslumats fyrir hvern skuldara, án þess að skilgreint væri nánar hvaða gagna skyldi aflað og hvernig greiðslumatið skyldi nýtast.

Lánanefnd Sparisjóðsins í Keflavík

Í 4. gr. reglna um útlánaheimildir frá 29. mars 2005 kom fram að í sparisjóðnum skyldi starfa lánanefnd sem myndi fjalla um lánsbeiðnir hærri en 15 milljónir króna, auk útlána til lánþega sem voru með heildarútlán og ábyrgðir yfir 100 milljónum króna. Reglurnar eru undirritaðar af stjórn. Hér í kaflanum kemur ítrekað fram að lánveitingar hjá Sparisjóðnum í Keflavík hafi ekki farið fyrir lánanefnd, en öll þau lán sem koma til umfjöllunar í skýrslunni eru það há að um þau hefði átt að fjalla í lánanefndinni. Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni sagði sparisjóðsstjóri sparisjóðsins:

Það að þessi lánamál hafi ekki komið fyrir stjórnina er alrangt og líka það sem kom fram í þessum skýrslum, einhver vitleysa í sambandi við einhverja lánanefnd. Þessi lánanefnd var nefnd sem ég setti sjálfur á fót, nefnd forstöðumanna til að hjálpa mér á hverjum föstudegi við það að meta lánabeiðnir sem lágu fyrir. Þetta var algjörlega óformleg nefnd. Þetta var nefnd sem ég kallaði saman sjálfur. Svo er gert mál úr þessu í skýrslu Fjármálaeftirlitsins. Þetta er bara innanhússnefnd sem ég var með sjálfur, ekki formleg nefnd.*

Fyrrverandi forstöðumaður áhættustýringar sparisjóðsins lýsti því í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni að hann hefði setið á fundum forstöðumanna sparisjóðsins og átt sæti í lánanefnd. Þetta hefðu ekki verið sömu fundirnir. Forstöðumenn hafi hist reglulega, haft samráð og farið yfir hlutina saman. Á lánanefndarfundum hefðu verið tekin fyrir lán en þar hefði ekki verið gengið til atkvæða um mál, heldur hefðu þau fyrst og fremst verið rædd og síðan hefðu einstakir starfsmenn, sem höfðu lánaheimildir, veitt lánin. Lánanefndin hefði ekki tekið sameiginlega ákvörðun um lánin á fundum sínum.

Í athugasemdum Geirmundar Kristinssonar, fyrrverandi sparisjóðsstjóra Sparisjóðsins í Keflavík, til rannsóknarnefndarinnar 19. desember 2013 sagði hann lánanefndina ekki hafa haft útlánaheimildir, heldur verið ráðgefandi fyrir sparisjóðsstjóra til ákvörðunartöku. Þá benti hann á í athugasemdum sínum til rannsóknarnefndarinnar 7. mars 2014 að í reglum sparisjóðsins hefðu verið ákvæði um að koma á fót lánanefnd, en stjórn hefði aldrei tekið ákvörðun um að koma henni á laggirnar. Hann hefði sjálfur sem sparisjóðsstjóri sett á fót samráðsvettvang forstöðumanna við sparisjóðinn, sem hefði gengið undir heitinu lánanefnd og væri það sá samráðsvettvangur sem vitnað er til hér framar og vísað væri til í 4. gr. reglna fyrir starfsmenn um útlánaheimildir í umboði og á ábyrgð sparisjóðsstjóra. Þessi samráðsvettvangur sem sparisjóðsstjóri kæmi á fót sjálfur gæti eðli málsins samkvæmt ekki haft ríkari heimildir en sparisjóðsstjórinn sjálfur og væri hann því ekki bundinn af ákvörðunum slíkrar nefndar; hún væri aðeins ráðgefandi. Hafi það verið ætlunin að koma á fót lánanefnd við sparisjóðinn sem hefði ríkari heimildir en sparisjóðsstjóri, hefði verið nauðsynlegt að koma henni á fót með ákvörðun stjórnar, sem hún sækti þá umboð sitt og vald til, en slíkri nefnd hefði aldrei verið komið á fót við Sparisjóðinn í Keflavík. Í umfjöllun sinni um lánanefnd hefði hann því vísað til þeirrar nefndar sem hann kom sjálfur á stofn, en ekki nefndar sem kunni að hafa átt að starfa við sparisjóðinn en stjórn kom ekki á fót.

Ekki er að sjá að stjórn sparisjóðsins hafi litið á lánanefndina sem óformlega nefnd. Hlutverk lánanefndarinnar var skilgreint í reglum um útlánaheimildir og innri endurskoðandi, sem er helsti eftirlitsaðili stjórnarinnar og heyrir beint undir hana, yfirfór meðal annars hversu mörg lánamál í ákveðnu úrtaki hefðu farið fyrir lánanefnd, og kynnti þá niðurstöðu fyrir stjórninni. Þá gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við störf lánanefndar í skýrslu sinni vegna vettvangsathugunar síðla árs 2008 sem sparisjóðurinn svaraði með athugasemdum við drög að skýrslu Fjármálaeftirlitsins, þar sem sagði meðal annars:

Vinna við endurskoðun á lánareglum og lánaheimildum sparisjóðsins var hafin áður en vettvangsathugun FME fór fram. Endurskoðun á erindisbréfi sparisjóðsstjóra, reglum um útlánaheimildir og reglum um lánveitingar og ábyrgðir verður lokið 30. september 2008 samhliða innleiðingu endurskoðaðra reglna.**

Þá vísaði sparisjóðurinn sérstaklega til fundargerða lánanefndar sparisjóðsins í athugasemdum sínum við umfjöllun Fjármálaeftirlitsins, sem Fjármálaeftirlitið hafði gert athugasemdir við. Er hvorki að sjá að athugasemdir hafi verið gerðar við hlutverk og störf lánanefndar þar, né að um sé að ræða annan vettvang umfjöllunar um lánamál en þá lánanefnd sem stofnað er til samkvæmt útlánareglum sparisjóðsins. Nýjar reglur um útlánaheimildir voru samdar í desember 2008, en ekki finnst stjórnarsamþykkt um þær í fundargerðum stjórnar sparisjóðsins. Í þessum reglum voru áfram ákvæði um lánanefnd en fjárhæðum þeirra mála sem hún skyldi fjalla um hafði verið breytt lítillega. Þá skyldi lánanefndin fjalla um lánaákvarðanir annarra en sparisjóðsstjóra, sem kann að vera til staðfestingar á því að henni hafi ekki verið ætlað að fara með ríkari heimildir en sparisjóðsstjóra, að minnsta kosti eftir breytingu lánareglnanna og samþykkt þeirra. Það er þó óljóst hvað hafi knúið á um breytingu á reglum um störf og hlutverk lánanefndar sparisjóðsins samkvæmt reglum stjórnar, hafi lánanefnd á grundvelli reglnanna ekki verið starfandi hjá sparisjóðnum. Það að lánanefndin sem starfaði hefði verið óformleg er rétt að því leyti að nefndin sem slík hafði ekki heimildir til lánveitinga og var því fremur samráðsvettvangur. Í reglum var hins vegar kveðið á um það hvaða lán skyldu vera til umfjöllunar á vettvangi lánanefndar og skilyrði fyrir slíkri umfjöllun. Var ætlast til þess að þeim reglum yrði fylgt, enda hafði innri endurskoðandi gert úttektir í þeim efnum og Fjármálaeftirlitið gert athugasemdir við starfsemi lánanefndarinnar sem sparisjóðurinn fylgdi eftir með nýjum reglum þar sem tilvist nefndarinnar var staðfest.

* Skýrsla Geirmundar Kristinssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 12. ágúst 2013.

** Bréf Sparisjóðsins í Keflavík til Fjármálaeftirlitsins 19. ágúst 2008. Í bréfinu var að finna athugasemdir Sparisjóðsins í Keflavík við drög að skýrslu Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirliti með peningaþvætti hjá sparisjóðnum.

Samkvæmt 5. gr. reglna um lánveitingar og ábyrgðir skyldi sparisjóðsstjóri setja reglur um útlán og ábyrgðir, meðhöndlun beiðna og framkvæmd. Þar skyldi skýrt kveðið á um hvernig meta ætti áhættu og greiðslugetu, hvers konar tryggingar væru teknar gildar, hvernig þær væru metnar o.s.frv. Ekki hafa fundist sérstakar reglur sem fjölluðu sérstaklega um heimildir sparisjóðsstjórans og því verður að ályktа að þær faglegu forsendur sem settar voru í 2. gr. útlánaheimilda hafi jafnt átt við um hann sem aðra starfsmenn.

Á stjórnarfundi sparisjóðsins 30. september 2008 voru kynnt drög að breyttum reglum um útlánaheimildir, sem þó voru aldrei samþykktar af stjórn sparisjóðsins. Í drögunum var gert ráð fyrir að útlánaheimildir einstakra starfsmanna yrðu auknar auk þess sem því var bætt við að lánanefnd skyldi fjalla um lánaákvarðanir „annarra en sparisjóðsstjóra“.[95]

Fjármálaeftirlitið ályktaði svo í skýrslu sinni að nauðsynlegt væri að allar reglur sem vörðuðu útlán sparisjóðsins yrðu uppfærðar þannig að þær endurspegluðu á sem gleggstan hátt starfsemi sjóðsins. Misræmi væri milli útlánaheimilda og framkvæmdar, reglur sparisjóðsins um útlánaheimildir sparisjóðsstjóra væru óskýrar auk þess sem reglurnar væri að finna í þremur aðskildum skjölum sem skapaði hættu á misskilningi. Lögð var áhersla á að starfsfólk ynni með reglur undirritaðar af stjórn „til staðfestingar um skuldbindingargildi og gildistöku“.[96] Á fundi með innri endurskoðanda sparisjóðsins hefði komið fram það viðhorf að leggja þyrfti áherslu á endurskoðun útlánareglna og fulltrúi sparisjóðsins hefði upplýst Fjármálaeftirlitið um að sú vinna væri í gangi.[97] Reglur um lánveitingar og ábyrgðir og starfsreglur stjórnar voru uppfærðar 28. október 2008 eins og framar segir. Reglurnar voru hins vegar áfram í þremur mismunandi skjölum en reglur um lánveitingar og ábyrgðir og reglur um útlánaheimildir voru sameinaðar og samþykktar af stjórn Spkef sparisjóðs á stjórnarfundi 24. febrúar 2011. Samkvæmt samþykkt stjórnar áttu þær að taka gildi sama dag og endurfjármögnun Ríkissjóðs Íslands á Spkef sparisjóði lyki. Sparisjóðurinn var hins vegar sameinaður Landsbankanum hf. rúmri viku síðar, 5. mars 2011.

95. Útlánaheimildir, reglur fyrir starfsmenn um útlánaheimildir í umboði og á ábyrgð sparisjóðsstjóra, frá desember 2008, 4. gr.
96. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóðnum í Keflavík, september 2008.
97. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóðnum í Keflavík, september 2008.

Hvergi í reglum um útlánaheimildir var minnst á hæfi starfsmanna til lánveitinga með tilliti til fjárhagslegrar stöðu viðkomandi, fjölskyldutengsla eða annarra tengsla sem væru þess eðlis að almennt mætti draga óhlutdrægni þeirra í efa. Í 5. gr. reglna um lánveitingar og ábyrgðir kom þó fram að starfsmenn skyldu meðhöndlaðir á sama hátt og almennir viðskiptamenn hvað útlán snerti.[98] Sama gilti um „sparisjóðsstjóra og maka þeirra“[99] að öðru leyti en því að stjórn yrði að samþykkja lánveitinguna eða ábyrgðina og bóka þá samþykkt í gerðabók.[100]

Eitt af meginmarkmiðum starfsreglna stjórnar og sparisjóðsstjóra var að tryggja jafnræði við meðferð mála og vandaða og óháða málsmeðferð. Reglunum var jafnframt ætlað að tryggja skýra málsmeðferð ásamt því að styrkja umgjörð um viðskipti stjórnarmanna og félaga tengdum þeim við sparisjóðinn og aðgang þeirra að upplýsingum um viðskiptamenn.[101] Í reglunum voru ákvæði um hæfi stjórnarmanna til afgreiðslu einstakra mála, en meginreglan var sú að stjórn tæki ekki þátt í ákvörðunum um einstök viðskipti nema umfang þeirra væri verulegt miðað við stærð sjóðsins. Þá skyldu stjórnarmenn ekki taka þátt í meðferð mála sem vörðuðu viðskipti þeirra sjálfra. Í reglunum voru ákvæði um fyrirgreiðslu til venslaðra aðila; taka skyldi saman lista yfir þá og viðskipti þeirra, ef heildarfyrirgreiðslan eða vanskil færu umfram þau mörk sem Fjármálaeftirlitið setti hverju sinni.[102] Innri endurskoðanda var falið að fara reglulega yfir fyrirgreiðslur til venslaðra aðila og skila skýrslu um þær til stjórnar. Ytri endurskoðanda var falið að fara yfir fyrirgreiðslur og bera saman við sambærileg viðskipti annarra viðskiptavina. Því til viðbótar skyldu viðskiptaerindi stjórnarmanna og fyrirtækja sem þeir væru í forsvari fyrir lögð fyrir stjórn sparisjóðsins til samþykktar eða synjunar til þess að tryggja að stjórnarmenn gætu ekki í krafti stöðu sinnar komið á viðskiptum sem ella hefðu ekki verið samþykkt.[103]

Ekki voru í gildi sérstakar reglur um framlög í afskriftareikning og endanlegar afskriftir útlána hjá Sparisjóðnum í Keflavík. Fjármálaeftirlitið hafði í skýrslu sinni um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti bent á mikilvægi þess að sjóðurinn setti sér reglur um mat á afskriftum en það var aldrei gert.[104]

19.2.2 Áhættustýring

Árið 2004 var ráðinn starfsmaður hjá Sparisjóðnum í Keflavík til að gegna stöðu forstöðumanns áhættu- og útlánastýringar sem þá var nýtt starf hjá sparisjóðnum. Hlutverk hans var að halda utan um gögn, greina lánasafn sparisjóðsins og upplýsa yfirmenn, þá helst um útlánaáhættu.[105]

Engar formlegar reglur voru settar um framkvæmd áhættustýringar fyrr en í október 2008, þegar stjórn samþykkti reglur Sparisjóðsins í Keflavík um framkvæmd áhættustýringar.[106] Ítarlega er fjallað um athugasemdir eftirlitsaðila við áhættustýringu sparisjóðsins í kaflanum um innra eftirlit hér aftar. Í reglunum var útlánaáhætta skilgreind sem sú áhætta sem myndaðist vegna möguleikans á því að skuldari væri tregur til eða skorti hæfi til að mæta fjárskuldbindingum sínum sem leiddu til áhrifa á hagnað og eigið fé sparisjóðsins. Áhættustýring skyldi annast eftirlit með öllum þáttum útlána, lánveitinga, trygginga, samsetningu lánasafns og innheimtu. Þá skyldu forstöðumaður áhættustýringar og innri endurskoðandi gera stjórn viðvart ef framkvæmd lánamála væri ekki í samræmi við lánastefnu eða lánareglur. Mánaðarlega skyldi vinna lánaskýrslur sem áttu að innihalda yfirlit yfir dreifingu útlána, vanskil og einstök útlán. Forstöðumaður áhættustýringar skyldi einnig gefa skýrslu

98. Reglur Sparisjóðsins í Keflavík um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra frá 12. febrúar 2007 kváðu einnig á um þetta. Þá sagði að starfsmönnum sjóðsins væri óheimilt að gerast umboðsmenn annarra gagnvart sparisjóðnum.
99. Líklegast er hér bæði átt við maka starfsmanna og maka sparisjóðsstjóra.
100. Sbr. einnig 22. gr. reglna Sparisjóðsins í Keflavík um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra.
101. Reglur Sparisjóðsins í Keflavík um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra 19. desember 2003, 26. febrúar 2007 og 28. október 2008.
102. Nú leiðbeinandi tilmæli frá Fjármálaeftirlitinu nr. 1/2010, áður 4/2006 og þar áður 1/2003. Öll fjalla þau um efni reglna skv. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002.
103. Sjá 28. gr. reglna sparisjóðsins um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra.
104. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóðnum í Keflavík, september 2008.
105. Skýrsla Jóns Axelssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2012.
106. Fundargerð stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík, 28. október 2008.

reglulega til yfirstjórnar um útlánaáhættu, en auk þess hafa frumkvæði að því að greina yfirstjórn frá því ef skyndilegar breytingar yrðu á endurgreiðslu einstakra stærri skuldara eða einstakra hópa útlána. Mat á útlánaþáttum skyldi fara fram með eftirliti og mælingu á einstökum áhættuþáttum. Þessir þættir voru meðal annars vanskilahlutfall, samþjöppun skuldara, tryggingar útlána, mat á greiðslugetu og greiðsluhæfi skuldara.

Í viðauka 2 við reglur um framkvæmd áhættustýringar voru skilgreind viðmið um útlánaáhættu. Meðal þeirra viðmiða sem sett voru samkvæmt reglunum var að heildarútlán skyldu að lágmarki vera 67% af heildarniðurstöðu efnahagsreiknings. Þá skyldu heildarskuldbindingar einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila vera lægri en 20% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins og útlán til einstakra atvinnugreina skyldu að hámarki nema 25% af heildarútlánum.

Taka ber fram að flest útlán Sparisjóðsins í Keflavík sem fjallað er um hér aftar voru veitt áður en þessar reglur sjóðsins tóku gildi.

19.2.3 Stærstu lántakendur

Rannsóknarnefndin valdi úrtak lántakenda sparisjóðsins til sérstakrar skoðunar og greiningar með það að markmiði að varpa ljósi á útlánastefnu sjóðsins og ástæður fyrir afskriftum útlána. Kannað var hvort útlánastarfsemin hefði verið í samræmi við reglur sjóðsins og gildandi lög og reglur.

Skýrslum um stórar áhættuskuldbindingar til Fjármálaeftirlitsins samkvæmt reglum nr. 216/2007 var ætlað að varpa ljósi á áhættu fjármálafyrirtækis af útlánum og öðrum slíkum skuldbindingum og aðstoða við áhættustýringu.[107] Liggja skýrslur á tímabilinu 2007–2009 til grundvallar umfjölluninni. Úrtak lántakenda miðaðist við þessar stærstu skuldbindingar sjóðsins. Til viðbótar þeim komu til skoðunar lánamál sem voru tilefni til hárra framlaga í afskriftareikning frá árslokum 2008 til 15. apríl 2011. Þar sem niðurfærsluhlutfall útlánasafnsins var lágt fram til ársins 2008 var ekki talin ástæða til að fara lengra aftur í athugun á stórum afskriftaframlögum.

Umfjöllunin beindist að lántökum í úrtakinu og aðilum fjárhagslega tengdum þeim, eins og sparisjóðurinn mat tengsl þeirra og skilgreindi sem sameiginlega áhættuskuldbindingu í skýrslum til Fjármálaeftirlitsins. Skoðaðar voru helstu lánveitingar til þessara lánahópa[108] á árunum 2005–2011. Umfjöllunin er ekki tæmandi en er ætlað að gefa mynd af útlánasafni Sparisjóðsins í Keflavík. Rétt er að geta þess að upplýsingar um skuldbindingar frá 2010 og 2011 miðast ekki við árslok heldur 22. apríl 2010 og 15. apríl 2011. Spkef sparisjóður var stofnaður á grunni Sparisjóðsins í Keflavík 22. apríl 2010 og liggja fyrir greinargóðar upplýsingar um stöðu útlána og afskrifta á þeim degi. Landsbankinn hf. vann mat á útlánum Spkef sparisjóðs miðað við 15. apríl 2011 og voru upplýsingar um stöðu útlána og afskriftir frá þeim tímapunkti notaðar þar sem Spkef sparisjóður hafði skömmu áður verið sameinaður bankanum. Ekki liggur fyrir endurskoðaður ársreikningur Spkef sparisjóðs fyrir árið 2010.

Þannig er umfjöllun um stærstu lántakendur Sparisjóðsins í Keflavík frábrugðin umfjöllun um aðra sparisjóði sem teknir voru yfir af Fjármálaeftirlitinu, en þar liggja ekki fyrir upplýsingar um mat á útlánum við fall þeirra. Þá eru birtar hér upplýsingar um virði útlána í Spkef sparisjóði, sem annars er ekki stór hluti rannsóknarinnar. Þetta kemur meðal annars til vegna þess að útlánasafn Sparisjóðsins í Keflavík og Spkef sparisjóðs hefur verið ítarlega skoðað og metið til þess að áætla virði þess við uppgjör ríkissjóðs við Landsbankann hf. vegna innistæðuskuldbindinga Spkef sparisjóðs. Rannsóknarnefndin telur rétt að upplýsingar um mat Landsbankans hf. á útlánasafninu komi fram til þess að betur sé hægt

107. Reglur nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar taka til lánveitinga, verðbréfaeignar, eignarhluta og veittra ábyrgða fjármálafyrirtækis vegna einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila svo og annarra skuldbindinga sömu aðila gagnvart fjármálafyrirtækinu og mats á áhættu vegna slíkra skuldbindinga. Reglurnar taka einnig til samstæðu fjármálafyrirtækis og móður- og dótturfyrirtækja. Það telst vera stór áhættuskuldbinding þegar viðskiptamaður eða fjárhagslega tengdir aðilar fá lán, ábyrgðir, gera framvirka samninga eða fá aðrar fyrirgreiðslur hjá fjármálafyrirtæki og slík skuldbinding fer yfir 10% af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækisins. Áhættuskuldbindingar einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila máttu ekki fara yfir 25% af eiginfjárgrunni, sbr. 30. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. laga nr. 161/2002 er eiginfjárgrunnur reiknaður út samkvæmt 84.–85. gr. laga nr. 161/2002 og reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 215/2007 um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fyrirtækja.

108. Lánahópur samanstendur af tveimur eða fleiri viðskiptamönnum sem eru fjárhagslega tengdir í skilningi 1. mgr. 30. gr. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Um nánari skilgreiningu á lánahópi vísast til umfjöllunar í 9. kafla.

að átta sig á mati sparisjóðsins sjálfs á sama safni. Gerðardóm þurfti til að skera úr um virði safnsins og er því hvorki hægt að segja að mat Landsbankans hf. eða sparisjóðsins hafi verið rétt. Mat á lánasafninu var endurskoðað margoft fram að niðurstöðu gerðardómsins, meðal annars vegna atburða sem höfðu áhrif á virði þess, til að mynda dómar um lán í íslenskum krónum sem bundin voru gengi erlendrar myntar.

Tafla 29. Úrtak rannsóknarnefndar af lánahópum Sparisjóðsins í Keflavík 2007–2011.[109]

Þús. kr.	Árslok 2007	Árslok 2008	Árslok 2009	22.4.2010	5.4.2011
Heildarskuldbinding úrtaks	11.064.996	24.311.642	22.449.585	21.145.473	20.783.959
Heildarútlán sparisjóðsins	63.471.722	91.411.471	87.673.562	85.756.343	75.732.315
Hlutfall úrtaks af heild	17,4%	26,6%	25,6%	24,7%	27,4%
Sérgreindar afskriftir úrtaks		2.777.522	6.050.835	6.062.517	10.058.607
Sérgreindar afskriftir alls	494.360	6.207.640	17.157.539		
Afskriftareikningur útlána (sérgr. og alm.)	1.102.236	6.932.013	18.811.527	23.125.234	33.185.049
Sérgreindar afskriftir úrtaks af sérgreindum afskriftum alls		**44,7%**	**35,3%**		

*Skuldbindingar að hluta í formi ábyrgða.

*Staða útlána 22. apríl 2010 byggir á mati PwC á útlánasafni Sparisjóðsins í Keflavík frá 5. júlí 2010.

Í úrtakinu voru 23 lánahópar, þ.e. lántaki og tengdir aðilar með skuldbindingar hjá sparisjóðnum, og nam fyrirgreiðsla þeirra samtals 11 milljörðum króna í lok árs 2007 og 24,3 milljörðum króna í lok árs 2008, eða 26,6% af heildarútlánum Sparisjóðsins í Keflavík. Sérgreindar niðurfærslur vegna þessara lánahópa í úrtakinu námu samtals tæplega 45% af virðisrýrnun útlána og krafna sparisjóðsins í lok árs 2008 og rúmum 35% í lok árs 2009.

Samtala útlána til aðila í úrtakinu hækkaði úr 11 milljörðum króna í lok árs 2007 í 24,3 milljarða í lok árs 2008. Þessa hækkun má að miklu leyti rekja til gengishækkunar lána í erlendum myntum, því af þeim 23 lánahópum sem til skoðunar komu voru aðeins fjórir með lán sem einungis voru í íslenskum krónum. Með gengisfalli krónunnar á árinu 2008 hækkuðu gengistryggð lán á bókum sparisjóðsins. Fjögur fyrirtæki í úrtakinu voru útgerðir sem fengu lán til rekstrar og kvótakaupa og voru flest lán til þeirra í erlendum myntum. Aðrir aðilar sem fengu erlend lán voru ekki með tekjur í erlendum myntum eða tryggingar fyrir lánum sínum sem tóku breytingum með gengi gjaldmiðla. Gengisþróun krónunnar olli því töluverðri tryggingavöntun í sparisjóðnum. Enn meiri tryggingarýrnun varð svo við lækkun á virði eigna, eins og hlutabréfa og fasteigna, sem lögð höfðu verið að veði fyrir flestum útlánum sparisjóðsins. Á árinu 2007 var ekkert fært í sérgreindan afskriftareikning vegna lántakenda í úrtakinu en á árinu 2008 nam sérgreint afskriftarframlag hins vegar 2,8 milljörðum króna og 6,1 milljarði króna í lok árs 2009.

Meirihluti lána í úrtakinu var til fyrirtækja. Stærsta skuldbinding einstaklings var til kaupa á hlutabréfum í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. og Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. en bréfin voru lögð að veði til tryggingar lánum. Þótt þessar skuldbindingar hafi verið vel yfir þeim viðmiðunarmörkum sem kölluðu á umfjöllun lánanefndar, er lánið ekki bókað í fundargerðum hennar.

Lán til kaupa á verðbréfum með veði í bréfunum sjálfum voru stór hluti úrtaks rannsóknarnefndarinnar. Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins frá árinu 2008 kom fram að útlán til viðskiptavina með veði í skráðum og óskráðum bréfum næmu 5,5 milljörðum króna, sem var um 8% af heildarútlánum samstæðunnar 31. maí 2008. Þar af voru lán með veði í skráðum hlutabréfum 8% en óskráðum 92%.[110] Þar vógu þungt lán til kaupa á hlutabréfum í Icebank hf. og stofnfjárbréfum í Sparisjóðnum í Keflavík, en þessi lán fá sérstaka umfjöllun hér aftar. Þótt lánin hafi verið stór hluti lánasafns sparisjóðsins, voru lán til kaupa á öðrum bréfum algeng. Í lok árs 2007 lánaði sparisjóðurinn til að mynda Gildruklettum ehf. til kaupa á hlutabréfum í Nýherja ehf. Félagið átti þá um 8,44% alls hlutafjár í Nýherja hf. Lánin voru að mestu í erlendum myntum, tryggð með veði í hlutabréfum í Nýherja

109. Byggt á upplýsingum úr skýrslum sparisjóðsins um stórar áhættuskuldbindingar sem skilað var til Fjármálaeftirlitsins og upplýsingum úr bókhaldi og útlánakerfum sjóðsins.

110. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóðnum í Keflavík, september 2008.

hf. og Íslandsbanka hf. Við yfirtöku Landsbankans hf. á eignasafni Spkef sparisjóðs nam skuldbinding Gildrukletta ehf. 504 milljónum króna en þar af höfðu 311 milljónir króna verið niðurfærðar. Félagið varð gjaldþrota í maí 2013.

Þá lánaði sparisjóðurinn nokkuð til fasteigna- og byggingaverkefna. Hér aftar er fjallað sérstaklega um lán til dótturfélags sparisjóðsins, Miðlands ehf., en félagið átti lóð í Reykjanesbæ og fasteignafélag um fasteignir Kaupfélags Suðurnesja. Til viðbótar má nefna lán til Leigufoss ehf. en sparisjóðurinn var með veð í lóðum og óseldu íbúðarhúsnæði og iðnaðarhúsnæði á ýmsum byggingarstigum fyrir fyrirgreiðslum til félagsins. Leigufoss ehf. varð gjaldþrota í október 2009 og nam skuld félagsins við sjóðinn þá um 501 milljón króna og staðan á afskriftareikning í lok árs 478 milljónum króna. Sparisjóðurinn lánaði einnig Stálnesi ehf. sem byggði iðnaðarhúsnæði og sérhæfði sig í að reisa stálgrindarhús. Lánin voru nýtt til byggingaframkvæmda en til tryggingar voru iðnaðarhúsnæði í Reykjanesbæ og Hafnarfirði og íbúðarhúsnæði í Reykjavík og Reykjanesbæ. Félagið var úrskurðað gjaldþrota í nóvember 2010. Við yfirtöku Landsbankans hf. á eignasafni Spkef sparisjóðs námu skuldbindingar Stálness ehf. tæpum 400 milljónum króna og þar af höfðu 240 milljónir króna verið niðurfærðar.

Hér á eftir fer umfjöllun um ellefu lánahópa hjá Sparisjóðnum í Keflavík sem rannsóknarnefndin taldi ástæðu til að fjalla nánar um. Farið er yfir helstu lánveitingar til umræddra aðila, hvort þær voru í samræmi við lánareglur og gildandi lög og reglur á fjármálamarkaði og fjallað um mat sparisjóðsins á afskriftaþörf vegna þeirra. Því til viðbótar er gerð sérstaklega grein fyrir lánum til stofnfjárkaupa, lánum til starfsmanna og lánum til aðila tengdum sparisjóðsstjóra. Skoðun á öðrum lánahópum í úrtakinu gaf ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar.

Lánahópur um fiskvinnslufélag og útgerðarfyrirtæki

Árslok (m.kr.)	Heildarskuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	1.640	0
2008	3.382	0
2009	3.558	99
apríl 2010	3.312	156
apríl 2011	3.422	1.407

Stærsta skuldbinding Sparisjóðsins í Keflavík var við fiskvinnslufyrirtæki í Sandgerði en frá árinu 2008 tilheyrði annað útgerðafyrirtæki einnig lánahópnum. Stærsti eigandi fiskvinnslufyrirtækisins var einnig með skuldbindingar við sparisjóðinn, en þær voru ekki taldar með lánahópnum.

Skuldbindingar lánahópsins voru í upphafi í formi yfirdráttarheimildar og skuldabréfa en síðar í erlendum lánum. Þau voru oft til langs tíma. Þrátt fyrir það sér þess yfirleitt ekki stað í fundargerðum lánanefndar að lánin hafi verið tekin fyrir þar, sem brýtur í bága við 4. gr. útlánareglna, og því fátt skjalfest um tilgang þeirra þar eð hans er yfirleitt ekki heldur getið í lánaskjölum.

Frá apríl 2004 til apríl 2006 fékk fiskvinnslufyrirtækið fjögur lán hjá Sparisjóðnum í Keflavík, samtals að fjárhæð 270 milljónir króna. Þrjú lánanna voru í erlendri mynt og eitt verðtryggt og lánstími frá fimm til tólf ára. Um lánin var ekki fjallað í fundargerðum lánanefndar sparisjóðsins og tilgangur þeirra var ekki tilgreindur í lánasamningi.

Á árinu 2007 fékk félagið fimm lán hjá sparisjóðnum upp á samtals rúman milljarð króna. Lánin voru í erlendum myntum með lánstíma frá 20 til 25 ára. Ekkert var fjallað um lánin í fundargerðum lánanefndar sparisjóðsins og tilgangur þeirra var ekki tilgreindur í lánasamningum. Skjalagerð í tengslum við sum lánin var óvenjuleg, því til að mynda var 145 milljóna króna skuldabréf félagsins frá 16. ágúst 2007 með yfirskriftinni: „Veðskuldabréf í erlendum myntum án tryggingа.“[111] Skuldbindingar lánahópsins í árslok 2007 námu 1.640 milljónum króna.

Þó tilgang lánveitinga til félagsins hafi hvorki verið að finna í fundargerðum lánanefndar né í lánaskjölum, sagði fyrrverandi sparisjóðsstjóri í skýrslu hjá rannsóknarnefndinni að lánað hefði verið til reksturs félagsins.[112] Til tryggingar skuldbindingum lánahópsins lágu flestar eignir félaganna, meðal annars fiskvinnsluhús og bátar ásamt kvóta. Í ársreikningi fiskvinnslufélagsins fyrir árið 2008 kom fram að bókfært verð fiskvinnsluhússins væri 182 milljónir króna og bókfært verð þess á eignarhlutum í öðrum fyrirtækjum, meðal annars útgerðarfélagsins sem einnig taldist til lánahópsins, 398 milljónir króna.

111. Jafnan standa veð til tryggingar veðskuldabréfum, en skuldaviðurkenningarskjöl án slíkra trygginga nefnast iðulega skuldabréf eða víxlar.

112. Skýrsla Geirmundar Kristinssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 12. ágúst 2013.

Gjaldföllnum afborgunum og áföllnum vöxtum af lánum fiskvinnslufélagsins var bætt við höfuðstól þeirra í nóvember 2008. Á sama tíma var samþykkt að á næstu sex gjalddögum yrðu einungis greiddir vextir. Í maí 2009 var aftur samþykkt að fresta afborgunum um sex mánuði en þó yrðu vextir greiddir áfram. Samskonar breyting var gerð í janúar 2010. Samkvæmt 1. gr. reglna Sparisjóðsins í Keflavík um lánveitingar og ábyrgðir frá 28. október 2008 bar sparisjóðsstjóra að leita samþykkis stjórnar fyrir lánveitingum sem færu yfir 15% af eigin fé sparisjóðsins,[113] en litið var á skuldbreytingar sem nýjar lánveitingar. Hér var gjaldföllnum afborgunum og vöxtum bætt við höfuðstól og nýr höfuðstóll myndaður með nýjum gjalddögum. Engin bókun um þessar skuldbreytingar fannst í fundargerðum stjórnar sparisjóðsins frá þessum tíma.

Útgerðarfélagið sem einnig tilheyrði lánahópnum fékk endurfjármögnun á hluta eldri lána sinna hjá sparisjóðnum í nóvember 2007. Samningurinn var í erlendum myntum að jafnvirði 195 milljóna króna til allt að 21 árs. Til tryggingar skuldinni samkvæmt lánasamningi hafði lántaki gefið út tryggingarbréf með allsherjarveði í margvíslegum eignum sínum. Samkvæmt skýrslu sparisjóðsins um stórar áhættuskuldbindingar í lok árs 2008 voru tryggingar fyrir skuldum útgerðarfélagsins 2. til 6. veðréttur í einum báti félagsins og 6. veðréttur í öðrum. Í mars 2009 voru allar skuldbindingar félagsins endurfjármagnaðar með 6,5 milljóna evra láni, þá jafnvirði tæplega 1,1 milljarðs króna. Lánstími var þrjú ár með heimild til framlengingar til allt að 21 árs. Tryggingar fyrir láninu voru þær sömu áður.

Í skýrslu sparisjóðsins um stórar áhættuskuldbindingar í október 2008 námu skuldbindingar lánahópsins 3,1 milljarði króna. Á skýrslum um stórar áhættuskuldbindingar kom 925 milljóna króna ábyrgð frá Sparisjóðabanka Íslands hf. á skuldum fiskvinnslufyrirtækisins til frádráttar og nam áhættuskuldbindingin þá 25% af eiginfjárgrunni sjóðsins.[114] Í skýrslu sparisjóðsins um stórar áhættuskuldbindingar í desember 2008 voru skuldbindingar lánahópsins 36,6% af eiginfjárgrunni sjóðsins og var Fjármálaeftirlitinu tilkynnt um það með bréfi 16. febrúar 2009. Skuldbindingarnar námu þá 3,3 milljörðum króna.

Ekkert framlag var fært í sérgreindan afskriftareikning vegna skulda lánahópsins í lok árs 2008 en ári síðar nam framlagið 99 milljónum króna. Framlagið hafði hækkað í 156 milljónir króna í apríl 2010. Við yfirtöku Landsbankans hf. á útlánasafni Spkef sparisjóðs taldi úrskurðarnefnd að sérgreint afskriftarframlag vegna lánahópsins ætti að vera um 1,4 milljarðar króna. Rekstrarvirði fiskvinnslufyrirtækisins var þá metið 922 milljónir króna.[115]

Icebank hluthafalán

Í 9. kafla er að finna ítarlega umfjöllun um Icebank hluthafalánin. Þar kemur fram heildarumfang kaupanna, upplýsingar um lántaka, lánsfjárhæðir og sérstaka samninga sem gerðir voru í tengslum við kaupin.

Síðla árs 2007 keyptu þrettán einkahlutafélög, sum hver í eigu stjórnenda Icebank hf., 43% hlut í bankanum af Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf., Byr sparisjóði, nb.is-sparisjóði hf., Sparisjóði Kópavogs og Sparisjóði Norðlendinga. Tólf þessara félaga fengu lánað hjá Sparisjóðnum í Keflavík 5. desember 2007 fyrir hluta kaupverðsins, en það voru voru SM 1 ehf., Bergið ehf., Obduro ehf., Fjárfestingarfélagið Sproti ehf., Breiðutangi ehf., Lagos ehf., HDH Invest ehf., G-tveir ehf., Saltsalan ehf., Óseki ehf., Infestus Holding ehf. og Sparta Holding ehf.

Rúm 68% af kaupverðinu voru upphaflega fjármögnuð með lánum frá sparisjóðum og nam lánsfjárhæðin samtals 8,4 milljörðum króna. Kaupendur skuldbundu sig til að greiða það sem ekki var lánað til kaupanna með eiginfjárframlagi. Sparisjóðurinn í Keflavík fjármagnaði 12,5% af lánunum eða rúman milljarð króna. Lánin voru veitt í erlendum myntum og veð sparisjóðsins fyrir lánunum var 2. veðréttur í 75% keyptra hlutabréfa í Icebank hf. en Sparisjóður Mýrasýslu var á sama veðrétti. Um lánveitinguna var hvorki

113. Eins og það var skilgreint í 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og reglum 216/2007 útgefnum af Fjármálaeftirlitinu.

114. Tölvuskeyti Grétars Grétarssonar til samstarfsmanna 19. nóvember 2008.

115. Tölvuskeyti starfsmanns Landsbankans hf. til rannsóknarnefndar Alþingis 17. apríl 2013.

fjallað í fundargerðum lánanefndar né stjórnar. Staða lánanna var tekin fyrir á fundi lánanefndar 9. maí 2008 en þá voru tryggingar að baki lánunum metnar á bilinu 0–400 milljónir. Gengi í viðskiptunum 5 mánuðum áður var 28,055 krónur á hlut.

Smáraturn ehf.

Í ársreikningi Smáraturns ehf. fyrir árið 2008 kom fram að félagið væri að fullu í eigu Salt Investments ehf. Það telst ekki til þeirra lánveitinga sem fjallað er um sem Icebank hlutahafalán en kemur hér inn til viðbótar.

Í maí 2008 fékk Smáraturn ehf., sem var að fullu í eigu Salt Investments ehf., 420 milljóna króna lán hjá Sparisjóðnum í Keflavík sem skyldi endurgreiða með eingreiðslu 1. apríl 2009. Til tryggingar láninu var handveð í hlutabréfum Icebank hf. að nafnverði 15 milljóna króna en ákvæði voru um að veðkall skyldi fara fram þegar virði bréfanna færi undir 83% af virði lánsins. Þegar Byr sparisjóður og Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis seldu hlutabréf í Icebank hf. í desember 2007 var gengi bréfanna 28 krónur á hlut. Í maí 2008 fór lánanefnd sparisjóðsins yfir stöðu lána sem veitt höfðu verið í til kaupa á hlutabréfum í Icebank hf. í desember 2007 og voru tryggingar fyrir öllum lánunum metnar á bilinu 0–400 milljónir króna, en lánin námu þá um 1,4 milljörðum króna. Hlutabréf í Icebank hf. geta því ekki hafa talist fullnægjandi trygging fyrir lánveitingu til Smáraturns ehf. og hafa ákvæði lánasamningsins um tryggingaþekju ekki verið uppfyllt þegar lánið var veitt.

Í tölvupósti milli starfsmanna Sparisjóðsins í Keflavík 27. maí 2008 kom fram að ganga þyrfti frá viðskiptum milli sparisjóðsins og Smáraturns ehf. þar sem sjóðurinn myndi selja félaginu 15 milljónir að nafnverði í Icebank hf. á genginu 28. Dagsetning viðskipta ætti að vera 31. mars 2008.* Lánið til Smáraturns var notað til að fjármagna kaup á þessum bréfum af sparisjóðnum, en ekki kom fram hvers vegna sparisjóðurinn seldi félaginu bréfin. Í endurskoðunarskýrslu sparisjóðsins fyrir árið 2007 kom þó fram að í árslok 2007 hefði Sparisjóðurinn í Keflavík átt 19,44% í Icebank hf. en þegar kaupsamningur frá október 2007 yrði uppfylltur að fullu yrði eignarhlutur sparisjóðsins rúm 20%. Það þýddi að Icebank hf. yrði hlutdeildarfélag í bókhaldi sparisjóðsins og þar með þyrfti sparisjóðurinn að bakfæra gengishækkanir vegna félagsins.** Með sölunni var komist hjá því.

Ekki var að sjá af fundargerðum að ofangreind lánveiting hafi verið tekin fyrir í lánanefnd sparisjóðsins í samræmi við 4. gr. útlánareglna. Í lok árs 2008 nam skuldbinding Smáraturns 469 milljónum króna og hafði hún öll verið færð í sérgreindan afskriftarreikning. Á árinu 2009 var skuld Smáraturns endanlega afskrifuð en hún nam þá 540 milljónum króna. Félagið, sem stofnað var í mars 2008, var úrskurðað gjaldþrota 4. apríl 2013. Það skilaði ekki ársreikningi eftir fyrsta starfsár sitt.

* Tölvuskeyti Þrastar Leóssonar til samstarfsmanna 27. maí 2008.
** Skýrsla Deloitte hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðsins í Keflavík 2007.

Lán til félaga sem keyptu hlutabréf í Icebank hf. námu 2.431 milljón króna í lok árs 2008 en þar af höfðu 1.508 milljónir króna verið færðar í sérgreindan afskriftareikning. Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóðnum í Keflavík frá september 2008 var fjallað um þessar lánveitingar. Fram kom að fyrirsjáanlegt væri að trygging sparisjóðsins á öðrum veðrétti í hlutabréfum Icebank hf. væri nánast verðlaus og í lánasamningum væri ekki gert ráð fyrir veðköllum ef gengi bréfanna lækkaði og tryggingargildi þeirra rýrnaði. Með hliðsjón af því að undirliggjandi áhætta þessara lánveitinga væri öll á einum aðila, vakti það sérstaka athygli Fjármálaeftirlitsins að stjórnendur sparisjóðsins hefðu ekki vandað betur til verks við gerð þessara fjármálagerninga.[116] Lánin töpuðust öll en í desember 2009 voru 1.663 milljónir króna endanlega afskrifaðar vegna lánanna og 1.150 milljónir króna bakfærðar vegna gengismunar. Öll félögin tólf urðu gjaldþrota á árunum 2010 og 2011.

Árslok (m.kr.)	Heildarskuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	1.667	0
2008	3.114	300
2009	3.187	515
apríl 2010	2.325	515
apríl 2011	2.074	573

Bláa lónið hf. og tengdir aðilar

Bláa lónið hf. var stofnað árið 1992 og starfar í heilsu- og ferðaþjónustu. Starfsemi félagsins er aðallega þríþætt, rekstur Bláa lónsins, rekstur heilsulindar vegna psoriasis og þróun og sala á húðvörum.[117]

116. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóðnum í Keflavík, september 2008.
117. „Um fyrirtækið Bláa Lónið", bluelagoon.is, http://www.bluelagoon.is/um-blaa-lonid/.

Árið 2007 voru stærstu hluthafarnir HS Orka hf. með 29,2% eignarhlut, Hvatning ehf. með 24,4% eignarhlut og Suðurnesjamenn með 11,8% eignarhlut. Í skýrslum Sparisjóðsins í Keflavík til Fjármálaeftirlitsins voru fjögur félög talin tengjast Bláa lóninu hf. og mynduðu þau saman lánahóp og töldust sem ein áhættuskuldbinding. Þar var um að ræða tvö eignarhaldsfélög um hluti í Bláa lóninu hf. og Örðu ehf. Þessi félög koma til umfjöllunar hér aftar.

Þröstur Leósson, forstöðumaður fjármálasviðs hjá Sparisjóðnum í Keflavík, var varamaður í stjórn Bláa lónsins hf. frá 2007 til 2009[118] og var Bláa lónið hf. því skilgreint sem venslaður aðili hjá sparisjóðnum á því tímabili. Í lok árs 2009 hafði Sparisjóðurinn í Keflavík eignast 25% eignarhlut í Bláa lóninu hf. en um þau viðskipti er nánar fjallað hér aftar.[119]

Frá byrjun árs 2005 til október 2008 hækkaði lánafyrirgreiðsla Bláa lónsins og tengdra félaga hjá Sparisjóðnum í Keflavík úr um 300 milljónum króna í rúmlega 2,9 milljarða króna. Í apríl 2011 námu skuldbindingar lánahópsins tæpum 2,1 milljarði króna. Verulegur hluti lánanna var tryggður með veði í hlutabréfum í Bláa lóninu hf. en auk þess átti sparisjóðurinn sjálfur hlutabréf í félaginu sem metin voru á 925 milljónir króna í lok árs 2010.[120] Hagsmunir sparisjóðsins vegna Bláa lónsins hf. voru því umtalsverðir.

Bláa lónið hf.

Fjallað var um málefni félagsins í fundargerð lánanefndar frá 8. september 2005 og eftirfarandi bókað:

> Bláa lónið – mættir voru á fund nefndarinnar [framkvæmdastjóri og fjármálastjóri félagsins] vegna erindis um samstarf við Sparisjóðinn um framhaldsuppbyggingu heilsulindar Bláa lónsins – [Framkvæmdastjóri] fór ítarlega yfir og kynnti hugmyndir og plön eigenda á frekari uppbyggingu heilsulindar, verslunar, veitingaaðstöðu og hótels – kostnaður áætlaður við 1. áfanga sem áætlað er að ljúka vorið 2007 er 1.012 milljónir kr. – [Framkvæmdastjóri] lagði fram ársreikning 2004 og rekstraráætlun 2005 – 2008 – gert er ráð fyrir lántöku vegna framkvæmdanna uppá 550 mkr árið 2006 – óskar eftir viðbrögðum Sparisjóðsins og vill gjarnan fá Þröst og Grétar frá Sparisjóðnum til að vinna fjármögnunarþátt málsins áfram með þeim.

Í framhaldi af þessari bókun var lánsbeiðni Bláa lónsins hf. tekin fyrir á fundi lánanefndar 23. desember 2005:

> Bláa lónið – greint var frá áætlun um endurfjármögnun á lánum fyrirtækisins með lántöku uppá 19 milljónir evra fyrir okkar milligöngu – HSH bankinn tekur ca 10 milljónir af pakkanum – en leit stendur yfir að þátttakendum með okkur með ca 9 milljónir – Sparisjóðabankinn, Sparisjóður Mýrasýslu, Sparisjóður vélstjóra hafa ákveðið að koma með okkur að málinu.

Samningur um sambankalán sem nam 22 milljónum evra, jafnvirði 1.678 milljóna króna, milli Bláa lónsins hf., sem lántaka, og HSH Nordbank AG, sem aðallánveitanda (e. *senior lender*), Sparisjóðsins í Keflavík, Sparisjóðs Mýrasýslu, Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, Sparisjóðs vélstjóra, Sparisjóðabanka Íslands hf. og Sparisjóðs Hafnarfjarðar, sem lánsaðila (e. *junior lenders*), var undirritaður 3. febrúar 2006. Sparisjóðurinn í Keflavík lagði til 2 milljónir evra, jafnvirði 153 milljóna króna, og var þjónustuaðili samningsins (e. *paying agent*). Láninu skyldi varið til endurfjármögnunar á skuldum lántaka, uppbyggingar við Bláa lónið í Svartsengi og kaupa á félagi sem átti fasteignir lækningastöðvar lónsins (e. *Blue Lagoon's Medical Clinic facilities*). Til tryggingar skuldbindingunni voru lánveitendur með veð í öllum helstu eignum Bláa lónsins hf. og þeim réttindum sem tengdust starfsemi félagsins.

Sparisjóðurinn í Keflavík veitti Bláa lóninu hf. lán í erlendum myntum að jafnvirði 250 milljónir króna 21. nóvember 2007. Skömmu síðar, eða 6. desember 2007, lánaði sjóðurinn félaginu 450 milljónir króna til viðbótar, einnig í erlendum myntum. Bæði lánin voru til 25 ára, það fyrra með mánaðarlegum afborgunum en hið síðara með árlegum gjalddögum, fyrst í nóvember 2009. Beiðnir um þessi lán var tekin fyrir í lánanefnd 9. nóvember 2007.

118. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.
119. Ársreikningur Bláa Lónsins hf. 2009.
120. Stórar áhættuskuldbindingar Spkef sparisjóðs í lok árs 2010, 31. desember 2010.

Tilgangur lánanna var sagður sá að kaupa land fyrir 250 milljónir króna og uppbygging líkamsræktarstöðvar fyrir 450 milljónir. Afgreiðslu var frestað þar sem afla þurfti frekari gagna, og var beiðnin tekin fyrir aftur 15. nóvember 2007. Sem tryggingu fyrir láninu átti að leggja land og rekstur félagsins en láninu yrði varið til uppgreiðslu „annarra skulda" og nettó útlánaaukningin yrði því 180 milljónir. Samþykkt var að veita lánið en lánanefnd bókaði að félagið gæti ekki aukið skuldir sínar við sparisjóðinn frekar og væri um loka-útlán að ræða vegna uppbyggingar félagsins.

Á fundi lánanefndar Sparisjóðsins í Keflavík 4. janúar 2008 var rætt um beiðni Bláa lónsins hf. 150 milljón króna hækkun á yfirdrætti. Erindinu var hafnað og sömuleiðis annarri beiðni sama efnis um 30 milljóna króna fyrirgreiðslu 29. febrúar 2008. Á næstu mánuðum þar á eftir óskaði Bláa lónið hf. ítrekað eftir lánum frá sparisjóðnum en var hafnað. Í fundargerð lánanefndar 30. maí 2008 var hins vegar bókað:

> Bláa lónið hf. óskar eftir 40 mkr. láni. Samþykkt þar sem nú liggur fyrir að Hitaveita Suðurnesja kaupi jörð kringum lónið á 700 mkr. og lækki þannig skuldir Bláa lónsins við Spkef.

Í athugasemdum með umsókninni var gert ráð fyrir að Hitaveita Suðurnesja myndi greiða Bláa lóninu hf. 400 milljónir króna og yfirtaka 300 milljón króna skuld við sparisjóðinn. Í lok maí 2008 var yfirdráttarheimild Bláa lónsins hf. 290 milljónir króna en var 192 milljónir mánuði fyrr. Stóð yfirdráttur á reikningnum í 292 milljónum króna í lok maí.[121] Síðar sama ár barst sparisjóðnum athugasemd frá HSH Nordbank um að Bláa lónið hf. hefði brotið gegn skilmála í lið 12.4 (d) í sambankaláni frá bankanum:

> Lán. Lántaki og tengd félög taki ekki lán, veiti ábyrgðir eða skuldbindi sig á nokkurn hátt (nema í samræmi við samninginn) eða veiti lán eða festi sjóði sína á annan máta en með fyrirgreiðslum í skamman tíma og í samræmi við daglegan rekstur.[122]

Bláa lóninu hf. var með öðrum orðum ekki heimilt samkvæmt skilmálum sambankalánsins að taka frekari lán nema rekstrarlán til skemmri tíma.

Í athugasemdum sínum fór HSH Nordbank fram á samþykki annarra lánsaðila (e. *junior lenders*) á þessum frávikum frá lánaskilmálum. Í tölvupósti starfsmanns Sparisjóðsins í Keflavík til annarra lánsaðila kom fram að málið væri þríþætt. Í fyrsta lagi hefði Bláa lónið hf. keypt land Járngerðarstaða fyrir 500 milljónir króna. Fjárfestingin hefði verið til skamms tíma og seld áfram til Hitaveitu Suðurnesja fyrir 700 milljónir króna. Í árs-reikningi hefði þessi fjárfesting komið fram sem 500 milljón króna skuldabréfaútgáfa og því brotið skilmála sambankalánsins. Í öðru lagi hefði kaupleigusamningur upp á tæpar 16 milljónir króna aukið skuldastöðu félagsins. Í þriðja lagi hefði áðurnefnd skuldabréfaút-gáfa vegna kaupa á landi Járngerðarstaða ekki verið tekin með í reikninginn þegar hlutfall hreinna skulda á móti EBITDA var reiknað út.[123] Að mati HSH Nordbank hefði átt að gera það og útreikningurinn hefði því verið rangur. Eftir söluna á landinu hefði þetta skilyrði sambankalánsins hins vegar verið uppfyllt.[124] Í framhaldi af þessu áttu sér stað viðræður milli lánveitenda um stöðu Bláa lónsins og framhald málsins.

Í minnisblaði frá HSH Nordbank 29. janúar 2009 til lánveitenda í sambankaláni Bláa lónsins hf. kom fram að bankinn hefði þá tekið að sér hlutverk þjónustuaðila lánsins (e. *paying agent*). Á fundi lánveitenda sambankalánsins 27. nóvember 2008 hefðu aðilar verið sammála um að finna þyrfti lausn á eiginfjárvanda Bláa lónsins hf. Bankinn teldi lánveitingar Sparisjóðsins í Keflavík til Bláa lónsins ólögmætar (e. *unlawful*) og fór fram á að þeim yrði breytt í hlutafé í Bláa lóninu hf. Þá útlistaði HSH Nordbank einnig þá skilmála samban-

121. Gögn rannsóknarnefndar úr útlánagrunni Sparisjóðsins í Keflavík.

122. Samningur um sambankalán Bláa lónsins við HSH Nordbank, Sparisjóðinn í Keflavík og fleiri aðila, 3. febrúar 2006. Þessi grein samningsins er hér þýdd af rannsóknarnefndinni. Á ensku hljómaði hún svo: „Loans. The Borrower and each Group Company will not take out loans, give any guarantees or in any way incur any indebtedness (exept as contemplated in this Agreement) or grant any loans, or otherwise bind immediately disposable funds other than short term supplier credits in the ordinary course of business."

123. Samkvæmt grein 12.5 b) í sambankaláninu skyldi hlutfall hreinna skulda á móti EBITDA ekki vera hærra en 6,5 fyrstu tvö ár samningsins. Síðan skyldi hlutfallið fara stiglækkandi og að fjórum árum liðnum skyldi hlutfallið ekki vera hærra en 4. EBITDA stendur fyrir „earnings before interest, tax, depreciation and amortization" eða hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta.

124. Tölvuskeyti Sparisjóðsins í Keflavík til annarra lánveitenda 11. júlí 2008.

kalánsins sem bankinn taldi að hefðu verið brotnir.[125] Í skýrslum fyrir rannsóknarnefndinni var ekki nægilegu ljósi varpað á það hvað varð til þess að sparisjóðurinn fór gegn ákvæðum sambankalánsins.[126] Í endurskoðunarskýrslu Bláa lónsins hf. fyrir árið 2008 kom fram að félagið hefði þá ekki uppfyllt tvo af skilmálum sambankalánsins. Annars vegar var um að ræða skilmála sem sneri að hlutfalli milli EBIDTA og skulda. Það hlutfall mátti ekki vera hærra en 5,5 en var á þeim tíma 14. Hins vegar var um að ræða skilmála sem sneru að útreikningi á hlutfalli milli frjáls sjóðsstreymis og afborgana næsta árs. Í skýrslunni kom fram að ljóst væri að lánveitendur félagsins gætu gjaldfellt lánin og því mikilvægt fyrir stjórnendur að ljúka viðræðum við lánveitendur um fjármögnun félagsins.[127]

Hinn 23. mars 2009 lánaði Sparisjóðurinn í Keflavík Bláa lóninu um 5,4 milljón evra lán til að endurfjármagna skuldir. Á stjórnarfundi sparisjóðsins 25. júní 2009 var fjallað um stöðu félagsins:

> Þröstur [Leósson forstöðumaður hjá sparisjóðnum] fór síðan yfir málefni BL og lýsti hann stöðu BL, en staða þeirra er mjög góð um þessar mundir og er langt umfram væntingar/áætlun. Þröstur lagði fram tillögu um að Spkef legði fram yfirlýsingu um að Spkef legði félaginu til hlutafé að fjárhæð EUR 5.400.000 sem er þó háð því að félagið verði rekstrarhæft og öll lánaskilyrði verði uppfyllt. Samþykkt og yfirlýsingin undirrituð af viðstöddum stjórnarmönnum. Afrit af yfirlýsingunni lögð með gögnum stjórnar.

Í fundargerð lánanefndar 16. júlí 2009 var eftirfarandi bókun gerð um Bláa lónið hf:

> Bláa lónið […] er að gera tilboð í uppgr. á hlut HSH í sambankaláni sem tekið var 2006. HSH er á 1. vr. og nokkrir sparisjóðir á 2. vr. þar á meðal Spkef. BL óskar eftir því við Spkef að yfirdráttarheimildum að upphæð 2 millj. EUR verði br. í víkjandi lán og er það gert að kröfu annarra sparisjóða. Með samþykki Spkef á þessari beiðni munu allir sparisjóðirnir skrifa undir stuðningsyfirlýsingu með tilboði BL til HSH.
>
> Samþ. að br. yfirdráttarheimildum að upphæð 2 millj. EUR í víkjandi lán. Miklir hagsmunir í húfi fyrir Spkef að þessi samningur við HSH gangi eftir að öðrum kosti hefur HSH hótað að gjaldfella lánið sem kæmi sér mjög illa fyrir BL og Spkef.

Nokkrum vikum síðar sendi HSH Nordbank tilkynningu um gjaldfellingu (e. *default notice*) til Bláa lónsins hf. vegna brota á skilmálum sambankalánsins. Þá hófst vinna við fjárhagslega endurskipulagningu Bláa lónsins hf. og varð niðurstaða þeirrar vinnu meðal annars sú að Sparisjóðurinn í Keflavík breytti skuld sem nam 5,4 milljónum evra í hlutafé í Bláa lóninu hf.[128] Sparisjóðurinn var á þessum tíma með umtalsvert af hlutabréfum í félaginu til tryggingar skuldbindingum annarra aðila við sparisjóðinn, og er fjallað um það í næstu köflum.

Auk skuldbindinga Bláa lónsins hf. var eitt dótturfélaga þess með fyrirgreiðslu hjá sparisjóðnum í formi yfirdráttar, en starfsemi dótturfélagsins fólst í uppbyggingu húsnæðis fyrir húðlækningastöð í Svartsengi. Í lok árs 2008 nam fyrirgreiðsla sparisjóðsins við dótturfélagið 87 milljónum króna og 90 milljónum króna í lok árs 2009. Í október 2010 sameinaðist dótturfélagið öðru fyrirtæki sem ekki var með fyrirgreiðslu hjá Sparisjóðnum í Keflavík og taldist þetta fyrrverandi dótturfélag þá ekki lengur til lánahópsins.

Á tímabilinu frá 2008 til 2010 færði sparisjóðurinn ekki sérgreint afskriftarframlag vegna fyrirgreiðslu við Bláa lónið hf.

Eignarhaldsfélag um hlut í Bláa lóninu hf. (I)

Frá maí 2005 og fram í október 2008 hækkaði fyrirgreiðsla sparisjóðsins til eignarhaldsfélags um hlut í Bláa lóninu hf. úr tæpum 316 milljónum króna í rúmlega 1,2 milljarða króna. Í apríl 2011 námu skuldbindingarnar tæpum 1,3 milljörðum króna.

125. Minnisblað HSH Nordbank vegna sambankaláns til Bláa lónsins hf., 29. janúar 2009.
126. Skýrsla Geirmundar Kristinssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 12. ágúst 2013.
127. Skýrsla KPMG um endurskoðun ársreiknings Bláa Lónsins hf. 2008, 25. mars 2009.
128. Minnisblað um fyrirkomulag hækkunar hlutafjár í Bláa Lóninu hf., 18. ágúst 2009.

Í lok árs 2004 lánaði sparisjóðurinn félaginu jafnvirði 317 milljóna króna í erlendum myntum. Til tryggingar voru veð í hlutafé félagsins í Bláa lóninu hf. ásamt skilyrtum sjálfskuldarábyrgðum þriggja aðaleigenda eignarhaldsfélagsins. Höfuðstóll lánsins skyldi greiðast að fimm árum liðnum en vextir á þriggja mánaða fresti. Lánið var ekki tekið fyrir á lánanefndarfundi í samræmi við reglur sparisjóðsins um útlánaheimildir.

Hinn 10. júlí 2006 fékk félagið lán í erlendum myntum hjá sparisjóðnum að jafnvirði 71 milljónar króna. Lánið var til þriggja ára og til tryggingar var veð í hlutabréfum félagsins í Bláa lóninu hf. Árið 2008 átti félagið 27,3% eignarhlut í Bláa lóninu hf., og var bókfært verð hlutarins samkvæmt ársreikningi þess árið 2008 um 1.540 milljónir króna.

Í mars 2009 var hluti skuldbindinga eignarhaldsfélagsins við sparisjóðinn endurfjármagnaður og í nóvember sama ár voru allar skuldbindingar félagsins endurfjármagnaðar, þá að eftirstöðvum um 1,3 milljarðar króna. Vaxtaálag lánanna var á sama tíma hækkað í 6,85% en hafði áður verið á bilinu 2–3%. Til tryggingar láninu voru allir hlutir lántaka í Bláa lóninu hf., samtals að nafnverði 1.931.065 evrur, handveðsettir sparisjóðnum. Þá voru þrír aðaleigendur eignarhaldsfélagsins áfram í skilyrtum sjálfskuldarábyrgðum fyrir hluta af láninu.

Samhliða þessari endurfjármögnun var undirritað samkomulag um skuldauppgjör og meðferð ábyrgða, en þar kom meðal annars fram að sparisjóðurinn myndi kaupa 15% af eignarhlut eignarhaldsfélagsins í Bláa lóninu hf., og söluverð hlutanna notað til að greiða niður skuldir eignarhaldsfélagsins við sparisjóðinn. Jafnframt var það skilyrði sett fyrir lánveitingunni að þeim hluta hennar sem var í íslenskum krónum skyldi varið til yfirtöku á skuld Útnesjamanna ehf. við sparisjóðinn, en Útnesjamenn voru í eigu sömu aðila og eignarhaldsfélagið sem hér um ræðir. Söluverð eignarhlutarins í Bláa lóninu hf. nam 250 milljónum króna.[129]

Útnesjamenn ehf. átti um 13,9% hlut í Suðurnesjamönnum ehf. Stærsti eigandi félagsins í lok árs 2007 var Grímur Karl Sæmundsen sem átti 47% eignarhlut. Suðurnesjamenn ehf. átti í lok árs 2007 meðal annars 11,8% eignarhlut í Bláa lóninu hf., 2,73% eignarhlut í Sparisjóðnum í Keflavík og 100% hlut í SM 1 ehf. sem átti 9,5% hlut í Icebank hf.[130]

Í desember 2007 lánaði sparisjóðurinn félaginu jafnvirði 73 milljóna króna í erlendum myntum til að kaupa hlutabréf í Suðurnesjamönnum ehf. Lánið skyldi greiðast að fullu með einni afborgun 1. desember 2010 og til tryggingar var handveð í bréfum í Suðurnesjamönnum ehf. Eigendur félagsins voru í skiptri ábyrgð (*pro rata*) fyrir láninu upp að 36 milljónum króna.

Í nóvember 2009 var gert samkomulag um skuldauppgjör og meðferð ábyrgða milli Sparisjóðsins í Keflavík annars vegar og eignarhaldsfélagsins um hlut í Bláa lóninu hf. Stærstu eigendur eignarhaldsfélagsins og Útnesjamanna ehf. voru enn þeir sömu. Með samkomulaginu voru allar skuldir eignarhaldsfélagsins sameinaðar í einn lánasamning en auk þess yfirtók félagið þann hluta láns Útnesjamanna ehf. sem eigendurnir voru í skiptri ábyrgð (*pro rata*) fyrir og nam lánið 32,7 milljónum króna.[131]

Árið 2008 færði sparisjóðurinn 72 milljóna króna sérgreint afskriftarframlag vegna Útnesjamanna ehf. og á sama tíma var framlagið vegna eignarhaldsfélagsins 300 milljónir króna. Í mars 2009 voru Suðurnesjamenn ehf., megineign Útnesjamanna ehf., úrskurðað gjaldþrota.[132] Í árslok 2009 var sérgreint afskriftarframlag vegna eignarhaldsfélagsins um hlut í Bláa lóninu hf. orðið tæpar 515 milljónir króna. Það framlag hélst óbreytt fram að falli sparisjóðsins og var stærsta framlag í afskriftareikning vegna lánahópsins.

Ekki var fjallað um málefni þessa félags á fundum lánanefndar Sparisjóðsins í Keflavík samkvæmt fundargerðum á tímabilinu sem kom til skoðunar.

129. Byggt á upplýsingum úr verðbréfagrunni Sparisjóðsins í Keflavík.

130. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

131. Samkomulag um skuldauppgjör og meðferð ábyrgða, 25. nóvember 2009.

132. Á stjórnarfundi sparisjóðsins 23. febrúar var samþykkt að afskrifa endanlega tæpar 95 milljónir króna vegna Útnesjamanna ehf. Félagið var afskráð úr fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra í september 2013.

Arða ehf.

Arða ehf. var stofnað árið 2008.[133] Í ársreikningi félagsins fyrir árið 2009 var eini eigandi þess og framkvæmdastjóri Grímur Karl Sæmundsen. Eignir félagsins voru að stærstum hluta hlutabréf í Bláa lóninu hf. sem fjármögnuð voru af Sparisjóðnum í Keflavík með veði í bréfunum.

Upphaf viðskipta Örðu ehf. við Sparisjóðinn í Keflavík má rekja til þess er Arða ehf.[134] tók yfir tékkareikning Kúfs ehf.[135] upp á rúmar 5 milljónir króna hjá Sparisjóðnum í Keflavík, 5. mars 2009, en Kúfur ehf. var einnig að fullu í eigu Gríms Sæmundsen. Kúfur ehf. átti í árslok 2007 0,8% stofnfjárbréfa í Sparisjóðnum í Keflavík.[136]

Eftir að Arða ehf. tók yfir tékkareikning Kúfs ehf. hjá sparisjóðnum gerðu félögin með sér samning um kaup Örðu ehf. á eignarhlut Kúfs ehf. í Bláa lóninu hf. Gagngjald Örðu ehf. fyrir eignarhlutinn var yfirtaka á þremur lánum Kúfs ehf. við Sparisjóðinn í Keflavík. Heildarfjárhæð lánanna nam tæpum 90 milljónum króna á samningsdegi, 11. mars 2009, en það jafngilti því að gengi hlutabréfa Bláa lónsins hf. í viðskiptunum væri tæpar 9 krónur á hlut.[137] Eignarhlutur Örðu ehf. í Bláa lóninu hf. var metinn á 4 krónur á hlut í ársreikningi félagsins fyrir árið 2009. Hinir keyptu hlutir í Bláa lóninu hf. voru jafnframt settir að veði fyrir lánunum. Kúfur ehf. var tekinn til gjaldþrotaskipta 18. mars 2009.

Eftir yfirtöku Örðu ehf. á lánunum fékk félagið nýtt lán frá Sparisjóðnum í Keflavík til uppgreiðslu þeirra sem það hafði yfirtekið af Kúfi ehf. 23. mars 2009, jafnvirði 99 milljóna króna í erlendum myntum.

Í lok nóvember 2009 sömdu Arða ehf. og Sparisjóðurinn í Keflavík um að sparisjóðurinn keypti 15% af hlutafé Örðu ehf. í Bláa lóninu hf. Samtals var um að ræða hluti að nafnverði 30.356 evrur og kaupverðið 121.423 evrur, jafnvirði um 22 milljóna króna, eða 4 evrur á hlut. Samkvæmt kaupsamningi var kaupverðinu ráðstafað til að greiða niður skuldir Örðu ehf. við sparisjóðinn. Sama dag gerði Arða ehf. samning við Kólf ehf. um kaup á hlutabréfum Kólfs ehf. í Bláa lóninu hf. að nafnvirði 92.012 evrur. Greitt yrði fyrir hlutina með yfirtöku lánasamnings Kólfs ehf. við sparisjóðinn frá 23. mars 2009, upphaflega að fjárhæð 604.000 evrur, þá jafnvirði um 114 milljóna króna. Samkvæmt ársreikningi Kólfs fyrir árið 2009 nam söluverð eignarhluta í Bláa lóninu hf. 117 milljónum króna.

Í lok nóvember 2009 fékk Arða ehf. 1,2 milljóna evra lán hjá sparisjóðnum, jafnvirði 217 milljóna króna, til endurfjármögnunar lána sinna, meðal annars lánsins sem félagið hafði þá yfirtekið af Kólfi ehf. Lánið skyldi endurgreiða með einni greiðslu 30. nóvember 2011. Til tryggingar láninu, sem og öllum öðrum skuldum lántaka hjá sparisjóðnum, voru sett að handveði hlutabréf Örðu ehf. í Bláa lóninu hf. sem voru að nafnvirði 172.021 evrur. Í ársreikningi Örðu fyrir árið 2009 voru hlutabréfin í Bláa lóninu metin á 688.084 evrur, jafnvirði 124 milljóna króna.

Í lok árs 2008 höfðu 20 milljónir króna verið færðar í sérgreindan afskriftareikning vegna skuldbindinga Kólfs ehf. og aðrar 20 milljónir króna vegna skuldbindinga Kúfs ehf. Í lok árs 2009 höfðu 72 milljónir króna verið færðar í sérgreindan afskriftareikning vegna skuldbindinga Örðu ehf. en félagið hafði þá tekið yfir skuldbindingar Kúfs ehf. og Kólfs ehf. við sparisjóðinn.

Arða ehf. var ekki skilgreint sem aðili fjárhagslega tengdur Bláa lóninu hf. á skýrslum sparisjóðsins um stórar áhættuskuldbindingar fyrr en um mitt ár 2010. Frá stofnun félagsins 2009 var eignarhald óbreytt og nánast allar eignir þess bundnar í hlutabréfum í Bláa lóninu hf. samkvæmt ársreikningum félagsins 2009–2011.

Í lok apríl 2011, við mat Landsbankans hf. á útlánasafni Spkef sparisjóðs, nam skuldbinding Örðu rúmum 209 milljónum króna og niðurfærsla rúmum 77 milljónum króna. Á sama tíma var það mat Spkef sparisjóðs að virði trygginga fyrir skuldbindingum félagsins næmi

133. Það félag sem hér um ræðir var stofnað á árinu 2008 og hét þá AB 193 ehf. Félagið var afskráð í júlí 2013, en annað félag starfar nú undir sama nafni, Arða ehf. Það var stofnað á árinu 2012 undir heitinu AB 319 ehf., en það félag naut ekki fyrirgreiðslu hjá sparisjóðnum.

134. Þá AB 193 ehf.

135. Kúfur ehf. hét áður Bakvörður ehf. Nafninu var breytt 29. janúar 2009.

136. Ársreikningur Bakvarðar ehf. 2007.

137. Samningur um framsal hluta í Bláa Lóninu hf., 11. mars 2009.

um 62 milljónum króna en við endurmat Landsbankans var virði trygginga metið tæpar 19 milljónir króna. Mismunurinn fólst í mismunandi verðmati á gengi hlutabréfa í Bláa lóninu hf. sem lögð höfðu verið að veði.[138]

Eignarhaldsfélag um hlut í Bláa lóninu hf. (II)

Eignarhaldsfélag um hlut í Bláa lóninu hf. fékk lán hjá Sparisjóðnum í Keflavík í erlendum myntum til kaupa á eignarhlutnum. Í maí 2007 fékk félagið eingreiðslulán í erlendum myntum, jafnvirði 59 milljóna króna til fimm ára. Í júní 2007 fékk félagið jafnvirði 12 milljóna króna í erlendum myntum að láni með sömu skilmálum. Til tryggingar lánunum voru hlutir í Bláa lóninu hf. að nafnverði tæplega 27 milljónir króna. Í veðsamningnum var ákvæði um heimild veðhafa til að kalla eftir viðbótartryggingum ef verðmæti hinna veðsettu hlutabréfa minnkaði verulega að mati veðhafa.

Frá október 2007 til október 2008 jukust skuldbindingar félagsins hjá sparisjóðnum úr tæpum 59 milljónum króna í rúmar 160 milljónir króna. Skuldbindingar félagsins voru endurfjármagnaðar með lánum frá sparisjóðnum 6. janúar 2010, en ekki var að finna umfjöllun um lánveitingar félagsins í fundargerðum lánanefndar sparisjóðsins eins og 4. gr. útlánareglna sjóðsins kvað á um.

Frá 31. mars 2009 skilgreindi sparisjóðurinn eignarhaldsfélagið sem aðila fjárhagslega tengdan Bláa lóninu hf. á skýrslum um stórar áhættuskuldbindingar. Engar breytingar höfðu þá orðið á eignarhaldi eða fjárfestingum félagsins frá því sem áður var þegar félagið var ekki talið tengt Bláa lóninu.

Frá 2008 til 2010 var ekki fært sérgreint afskriftarframlag vegna eignarhaldsfélagsins en við mat Landsbankans hf. á virði lána félagsins í apríl 2011 voru 59 milljónir niðurfærðar en skuldirnar stóðu þá í rúmum 179 milljónum króna.

Árslok (m.kr.)	Heildarskuld-binding	Staða á afskriftareikningi
2007	789	0
2008	1.689	0
2009	1.738	0
apríl 2010	1.610	0
apríl 2011	1.616	457

Kaupfélag Suðurnesja og tengdir aðilar

Kaupfélag Suðurnesja annast almenna verslunarstarfsemi í Reykjanesbæ. Stjórnarformaður Kaupfélags Suðurnesja frá 1985 til 2011 var Magnús Haraldsson en hann var að auki forstöðumaður rekstrar- og afgreiðslusviðs í Sparisjóðnum í Keflavík. Kaupfélag Suðurnesja taldist því aðili venslaður sparisjóðnum.[139] Kaupfélag Suðurnesja átti tvö dótturfélög í lok árs 2008 en að auki átti félagið 36% eignarhlut í Árkaupi ehf. Í lok árs 2009 átti kaupfélagið auk þess 50% eignarhlut í KB framfarafélagi ehf.[140]

Í skýrslum um stórar áhættuskuldbindingar voru Kaupfélag Suðurnesja, félag sem rak fasteignir kaupfélagsins og eignarhaldsfélag í eigu þess fyrrnefnda og annarra, skilgreind sem fjárhagslega tengdir aðilar. Skuldbindingar Kaupfélags Suðurnesja voru óverulegur hluti af heildarskuldbindingum þessa lánahóps.

Fasteignafélag um fasteignir Kaupfélags Suðurnesja

Fasteignafélag um fasteignir Kaupfélags Suðurnesja var einn stærsti skuldari Sparisjóðsins í Keflavík frá desember 2007 til apríl 2011. Í apríl 2007 fékk félagið 500 milljóna króna lán hjá sparisjóðnum. Í fundargerð lánanefndar kom fram:

> Lánsbeiðni 250. millj. Lánasamningur. Flutningur skulda af [Kaupfélagi Suðurnesja yfir á fasteignafélagið]. Ýmis fasteignaveð. Lögfræðingar okkar þurfa að vinna í málinu. Hugsanlega með „Negative Pledge“ ákvæðum í samningnum.

Lánanefndin samþykkti 250 milljóna króna lán til fasteignafélagsins en höfuðstóll lánsins var 500 milljónir króna. Lánveitingin var ekki kynnt fyrir stjórn í samræmi við 1. gr. reglna um lánveitingar og ábyrgðir. Í skýrslu innri endurskoðunar sparisjóðsins í júlí 2007 var fjallað um lánið og gerð athugasemd við misræmið milli samþykktar lánanefndar og fjár-

138. Mat Landsbankans hf. á virði útlána Spkef sparisjóðs: Virðismat 400 stærstu, 15. apríl 2011.

139. Miðað er við skilgreiningu Fjármálaeftirlitsins, sbr. leiðbeinandi tilmæli nr. 4/2006 um efni reglna samkvæmt 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

140. Áður KB fjárfestingafélag ehf.

hæðar lánsins. Þá taldi innri endurskoðandi að staðgengill sparisjóðsstjóra hefði ekki átt að undirrita lánasamninginn við fasteignafélagið fyrir hönd sparisjóðsins á sama tíma og hann var jafnframt stjórnarformaður Kaupfélags Suðurnesja, aðaleiganda fasteignafélagsins.[141]

Í lok desember 2007 nýtti fasteignafélagið sér heimild í lánssamningnum til að breyta mynt höfuðstólsins úr íslenskum krónum í erlenda mynt en þá var höfuðstóllinn jafnvirði rúmra 529 milljóna króna. Lánið átti að endurgreiða á þremur árum en þó var heimild til framlengingar til allt að 21 árs. Ekki er að sjá af fundargerðum lánanefndar eða stjórnar að skilmálabreytingar og myntbreytingar á láninu hafi verið teknar fyrir á fundum þeirra.

Sparisjóðurinn veitti félaginu 210 milljóna króna verðtryggt lán 2. apríl 2009. Ekkert kom fram í lánasamningnum sjálfum um tilgang lánveitingarinnar og ekki er að sjá að málið hafi verið tekið fyrir í lánanefnd sjóðsins, sem brýtur í bága við útlánareglur hans. Lánveitingin var heldur ekki lögð fyrir stjórn sparisjóðsins til samþykktar, en samkvæmt 1. gr. reglna um lánveitingar og ábyrgðir frá 28. október 2008 bar að leita samþykkis stjórnar fyrir lánveitingum og skuldbindingum sem færu yfir 15% af eigin fé sparisjóðsins, en heildarskuldbindingar Kaupfélags Suðurnesja og tengdra aðila námu 43,2% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins 31. mars 2009.

Tryggingar fyrir skuldbindingum fasteignafélagsins voru tvö tryggingarbréf með veði í fimmtán fasteignum. Hvort tryggingarbréf um sig var 500 milljónir króna, hið fyrra útgefið 3. apríl 2007 og hið síðara 9. september 2009. Síðara bréfið veitti tryggingar í sömu eignum og hið fyrra, auk þriggja fasteigna til viðbótar sem voru í eigu félagsins. Þegar Landsbankinn tók við útlánasafni sparisjóðsins á árinu 2011 mat bankinn virði trygginga félagsins um 554 milljónir króna, en á þeim tíma hljóðaði mat sparisjóðsins upp á 1.463 milljónir króna. Í mati sínu tók sparisjóðurinn mið af brunabótamati en Landsbankinn af fasteignamati. Samkvæmt 2. gr. reglna sparisjóðsins um útlánaheimildir skyldi ávallt meta veðsettar eignir sem næst markaðsvirði.

Ekkert var fært í sérgreindan afskriftareikning vegna skuldbindinga fasteignafélagsins fram að yfirtöku Landsbankans á útlánasafni Spkef sparisjóðs. Þá var það mat bankans að niðurfæra þyrfti 450 milljónir króna vegna skuldbindinga félagsins.

Eignarhaldsfélag í eigu Kaupfélags Suðurnesja

Eignarhaldsfélagið var í fullri eigu annars kaupfélags þar til árið 2009 þegar Kaupfélag Suðurnesja keypti 50% hlut í félaginu og varð helmingseigandi með fyrri eiganda. Sparisjóðurinn veitti eignarhaldsfélaginu 220 milljóna króna verðtryggt lán í október 2009. Tilgangur lánsins var að fjármagna kaup félagsins á hlutabréfum í Samkaupum hf. sem áður voru í eigu Sparisjóðsins í Keflavík. Sem tryggingu fyrir skuldbindingu félagsins voru hlutabréfin í Samkaupum sett að veði ásamt handveði í innistæðureikningi í eigu eignarhaldsfélagsins. Hlutabréfin í Samkaupum voru að nafnverði tæpar 28 milljónir króna. Í ársreikningi eignarhaldsfélagsins fyrir árið 2009 var bókfært verð veðsettra bréf tæplega 230 milljónir króna. Lánið var samþykkt af sparisjóðsstjóra en ekki lagt fyrir lánanefnd í samræmi við 4. gr. reglna um útlánaheimildir frá 29. mars 2005.

Ekkert var fært í sérgreindan afskriftareikning vegna skuldbindinga félagsins.

Fyrirtæki tengt stjórnarformanni sparisjóðsins

Samkvæmt starfsreglum stjórnar og sparisjóðsstjóra var skylt að leggja fyrir stjórn til samþykktar eða synjunar öll viðskiptaerindi stjórnarmanna og fyrirtækja sem þeir voru í forsvari fyrir. Með því móti var leitast við að tryggja að stjórnarmenn gætu ekki í krafti stöðu sinnar komið á viðskiptum sem ella hefðu ekki verið samþykkt. Félag sem var í 15% eigu einkahlutafélags í fullri eigu Þorsteins Erlingssonar, stjórnarformanns sparisjóðsins, fyrst frá 2004 til 1. júlí 2006 og aftur frá 16. mars 2007 til aðalfundar 2009, naut stórra fyrirgreiðslna hjá sparisjóðnum,[142] en félög sem stjórnarmenn fjármálafyrirtækja eiga meira en 10% í teljast vensluð fyrirtækjunum.

Árslok (m.kr.)	Heildarskuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	690	0
2008	1.582	0
2009	1.691	505
apríl 2010	1.605	505
apríl 2011	1.593	815

141. Skýrsla innri endurskoðunar Sparisjóðsins í Keflavík: Útlán hærri en 70 milljónir króna, júlí 2007.

142. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

Skuldbindingar félagsins jukust um 1,4 milljarða króna frá janúar 2005 til október 2008, eða úr um það bil 45 milljónum króna í um 1.450 milljónir króna. Meiri hluti lánanna var veittur til kaupa á stofnfjárbréfum í Sparisjóðnum í Keflavík en aðalstarfsemi félagsins var önnur en eignarhald um bréfin. Lánanefnd sparisjóðsins samþykkti 29. desember 2006 að veita félaginu 450 milljón króna eingreiðslulán til þriggja ára til kaupa á stofnfjárbréfum í sparisjóðnum gegn handveði í bréfunum sjálfum og í hlutum í einkahlutafélagi. Í janúar 2007 var láninu breytt í erlent lán í japönskum jenum. Lánið var ekki lagt fyrir stjórn sparisjóðsins til samþykktar eða synjunar.

Félagið fékk annað lán 11. apríl 2007 í japönskum jenum, jafnvirði rúmlega 71,5 milljóna króna, til kaupa á stofnfjárbréfum í Sparisjóðnum í Keflavík að nafnverði 35.026.386 krónur, og voru stofnfjárbréfin lögð fram sem trygging fyrir láninu. Í fundargerðum stjórnar og lánanefndar er ekki að finna bókun um lánið. Þá fékk félagið jafnvirði 120 milljóna króna í erlendum myntum lánað 9. október 2007 til kaupa á stofnfjárbréfum í sparisjóðnum að nafnverði 49.584.423 krónur gegn handveði í bréfunum. Lánið var samþykkt í lánanefnd 28. september 2007 en ekki er að finna bókun um það í stjórnarfundargerðum sparisjóðsins.

Í lok árs 2007 átti félagið 4,96% stofnfjár í Sparisjóðsnum í Keflavík og í ársreikningi félagsins fyrir árið 2007 voru stofnfjárbréfin metin á tæpar 800 milljónir króna. Í ársreikningnum kom enn fremur fram að félagið hefði veðsett fasteignir og stofnfjárbréf í Sparisjóðnum í Keflavík til tryggingar á skuldum við lánastofnanir. Í árslok 2007 nam bókfært verð veðsettra eigna rúmum milljarði króna og eftirstöðvar lána námu á sama tíma rúmum 857 milljónum króna. Í ársreikningi félagsins fyrir árið 2008 kom fram að bókfært verð veðsettra eigna væri 803,5 milljónir króna og eftirstöðvar áhvílandi lána næmu rúmum 2.037 milljónum króna.

Í mars 2009 fékk félagið tvær fyrirgreiðslur frá sparisjóðnum til að endurfjármagna og um leið myntbreyta eldri skuldbindingum. Lánin voru í evrum, samtals jafnvirði um 1.430 milljóna króna. Bókanir um lánin er ekki að finna í fundargerðum lánaefndar eða stjórnar sparisjóðsins. Í lok mars 2009 námu heildarskuldbindingar félagsins um 1,5 milljörðum króna, eða 44,3% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins samkvæmt skýrslum um stórar áhættuskuldbindingar frá 31. mars 2009. Í lok árs hafði verið fært framlag í afskriftareikning útlána vegna félagsins sem nam um þriðjungi skuldbindinganna.

Til viðbótar við áðurnefndar tryggingar hafði félagið lagt fram veð í 55% alls hlutafjár í sjálfu sér og rúman helmingshlut í tveimur öðrum óskráðum félögum. Þá var sparisjóðurinn með veð í fasteignum í Sandgerði, á Hornafirði og í Grindavík vegna skuldbindinga félagsins.

Skuldbindingar félagsins námu 1,6 milljörðum króna 22. apríl 2010 en staða á sérgreindum afskriftareikningi vegna þess var þá um 505 milljónir króna. Á sama tíma voru tryggingar fyrir skuldbindingum félagsins metnar á um 280 milljónir króna og mismunur tryggginga og skuldbindinga því 820 milljónir króna.[143] Við mat Landsbankans hf. á útlánasafni sparisjóðsins í apríl 2011 nam heildarskuldbinding félagsins tæpum 1,6 milljörðum króna en mat á niðurfærslu var þá um 815 milljónir króna.[144]

Árslok (m.kr.)	Heildarskuld-binding	Staða á af-skriftareikningi
2007	0	0
2008	1.351	100
2009	1.525	300
apríl 2010	1.492	300
apríl 2011	1.587	958

Gjaldþrot 2011

Nesbyggð ehf.

Nesbyggð ehf. var byggingafyrirtæki sem stofnað var 2002 og sérhæfði sig í að byggja og selja hús og íbúðir á ýmsum byggingarstigum. Frá febrúar 2007 til október 2008 hækkuðu skuldbindingar félagsins við Sparisjóðinn í Keflavík um rúma 1,2 milljarða króna. Lán til félagsins voru nær eingöngu í japönskum jenum og var lánsfénu varið til byggingaframkvæmda á Reykjanesi og Snæfellsnesi. Frá október 2008 voru skuldbindingar Nesbyggðar ehf. meðal stórra áhættuskuldbindinga sparisjóðsins á skýrslum til Fjármálaeftirlitsins.

Í árslok 2006 var félagið með yfirdrátt og skuldabréf upp á tæpar 32 milljónir króna hjá sparisjóðnum. Á fundi lánanefndar sparisjóðsins 23. febrúar 2007 var tekin fyrir beiðni Nesbyggðar ehf. um fyrirgreiðslu til íbúðabygginga í Dalshverfi í Reykjanesbæ. Lánanefnd hafnaði beiðninni.

143. Yfirlitsskjal um stærstu skuldara Sparisjóðsins í Keflavík 2008, 2009, 22. apríl 2010 og 15. apríl 2011, gögn afhent rannsóknarnefndinni af Landsbankanum.

144. Tölvuskeyti starfsmanns Landsbankans hf. til rannsóknarnefndar Alþingis 17. apríl 2013.

Tveimur mánuðum síðar, 20. apríl 2007, var lagt fram erindi frá „Nesbyggð c/o Páll“ um lán í erlendum myntum, jafnvirði 130 milljóna króna, til byggingaframkvæmda í Innri--Njarðvík. Lánanefnd samþykkti beiðnina og var þess getið í bókuninni að veð væru í góðu lagi. Á grundvelli þeirrar samþykktar fékk félagið eingreiðslulán til þriggja ára í japönskum jenum, jafnvirði 133 milljóna króna, 8. maí 2007. Tveir samningar til viðbótar sem námu sömu fjárhæð og með sama gjalddaga voru síðan gerðir, 1. ágúst og 12. október sama ár. Ekki var að finna samþykki fyrir þeim í fundargerðum lánanefndar sparisjóðsins eins og kveðið var á um í 4. gr. reglna um útlánaheimildir. Fjórða lánið sem nam sömu fjárhæð og með sama gjalddaga var veitt 25. janúar 2008 en það var samþykkt á lánanefndarfundi sama dag. Tryggingar skyldu teknar „í öllum útistandandi verkum“ félagsins án þess að fram kæmi í bókuninni hver þau væru. Þá gekkst sparisjóðurinn fimm sinnum á árinu 2008 í ábyrgð fyrir lánum frá Íbúðalánasjóði til félagsins, fyrir alls tæpar 60 milljónir króna. Því til viðbótar var Nesbyggð ehf. með tæplega 26 milljóna króna yfirdrátt hjá sparisjóðnum í árslok 2009.

Til tryggingar skuldbindingum Nesbyggðar ehf. var sparisjóðurinn með 1. veðrétt á grundvelli tryggingarbréfa í fjölmörgum íbúðum sem félagið var með í byggingu. Sá veðréttur vék síðan ávallt fyrir nýjum lánum frá Íbúðalánasjóði þegar íbúðirnar urðu lánshæfar. Þá var gerður handveðssamningur 18. október 2007 um skuldabréf og skuldabréfasafn, þar sem 28 veðskuldabréf til 25 ára, samtals að fjárhæð 75 milljónir króna, voru veðsett sparisjóðnum. Veðréttirnir voru alltaf á eftir lánum Íbúðalánasjóðs.

Í lok árs 2009 námu skuldbindingar Nesbyggðar ehf. 1.441 milljón króna og þar af höfðu 300 milljónir verið færðar í sérgreindan afskriftareikning. Í mars 2011 var félagið tekið til gjaldþrotaskipta. Í apríl 2011 námu kröfur sparisjóðsins á félagið rúmum 1,5 milljörðum króna.[145] Landsbankinn taldi tryggingar félagsins vera 79 milljóna króna virði, en Spkef sparisjóður hafði hins vegar metið tryggingarnar á 509 milljónir króna. Ástæða þessa mismunar var að Landsbankinn mat fasteignir Nesbyggðar út frá fasteignamati en sparisjóðurinn út frá brunabótamati, auk þess sem tekið var tillit til þess að trygging bankans hvíldi á lægri veðrétti en lán frá Íbúðalánasjóði.[146]

Miðland ehf.

Miðland ehf. var dótturfélag Sparisjóðsins í Keflavík og átti um 33 hektara byggingarland á Miðnesheiði í Reykjanesbæ, svokallað „Nikel-svæði“. Um var að ræða jarðvegsskipt svæði þar sem búið var að skipuleggja götur og stóð til að byggja þar 600 íbúðir.[147]

Árslok (m.kr.)	Heildarskuld-binding	Staða á af-skriftareikningi
2007	501	0
2008	1.096	0
2009	1.197	139
apr.2010	1.237	139
apr.2011	1.195	267

Eigandi Miðlands ehf. frá október 2007 var NIKEL ehf. sem þá var í eigu fjögurra félaga: Víkur ehf. (55%), Fasteignafélagsins Þreks ehf. (20%), Ásbirninga ehf. (20%) og Vallaráss ehf. (5%).[148] Víkur ehf. var að fullu í eigu Sparisjóðsins í Keflavík en auk þess sat forstöðumaður sparisjóðsins í stjórn Miðlands ehf. Félagið Ásbirningar ehf. var í eigu S-14 ehf. og Fuglavíkur ehf.[149]

Á tímabilinu frá mars 2006 til október 2008 jukust skuldbindingar Miðlands ehf. hjá Sparisjóðnum í Keflavík úr um 146 milljónum króna í um 998 milljónir króna. Til tryggingar útlánum sparisjóðsins til Miðlands ehf. gaf félagið út nokkur tryggingarbréf með veði í landspildunni „Neðra-Nikel“ sem er óbyggt land í Reykjanesbæ. Samkvæmt veðbókarvottorði 18. mars 2009 voru áhvílandi á landinu miðað við uppreiknaðan höfuðstól tæplega 1,4 milljarðar króna og var sparisjóðurinn í Keflavík eini veðhafinn.

Upphaf lánveitinga til Miðlands ehf. má rekja aftur til febrúar 2006 þegar félagið keypti Nikel-svæðið af Húsagerðinni ehf. og yfirtók 150 milljóna króna lán frá Sparisjóðnum í Keflavík. Til tryggingar skuldinni var útgefið tryggingarbréf að sömu fjárhæð með 1. veðrétti í Neðra-Nikel í Reykjanesbæ. Þá veitti sparisjóðurinn Miðlandi ehf. aukna fyrirgreiðslu um 100 milljónir króna 23. október 2006 sem tryggð var með veði í sama landi.

145. Nafni félagsins hafði þá verið breytt í Dalshverfi ehf.

146. Mat Landsbankans hf. á virði útlána Spkef sparisjóðs: Virðismat 400 stærstu, 15. apríl 2011.

147. Nánar er fjallað um málefni Miðlands ehf. í kafla 19.3.5.3.3.

148. Ársreikningur NIKEL ehf. 2007.

149. Byggt á upplýsingum úr fundargerðum stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík.

Fyrirgreiðsla sparisjóðsins til Miðlands ehf. nam 452 milljónum króna í júlí 2007 en þá átti félagið í viðræðum við Reykjanesbæ um skipulag á Neðra-Nikel svæðinu. Samkvæmt minnisblaði sparisjóðsins frá 20. júlí 2007 kom fram að ágreiningur væri milli þáverandi eigenda Miðlands ehf. og Reykjanesbæjar og „vandséð […] hvernig leyst [yrði] úr honum með óbreyttu eignarhaldi á félaginu". Lagt var til að sparisjóðurinn leysti til sín félagið og kæmi málum í farveg fyrir frekari framgang svæðisins. Á næsta stjórnarfundi sparisjóðsins 31. júlí 2007 var samþykkt að dótturfélag sparisjóðsins, Víkur ehf., keypti Miðland ehf. fyrir 867 milljónir króna. Nikel-svæðið var í þessum kaupum metið á 599 milljónir króna auk þess sem Víkur ehf. yfirtók 268 milljóna króna lán fyrri eigenda Miðlands ehf. til félagsins sjálfs. Í verðmati á svæðinu frá svipuðum tíma var byggingarréttur á því metinn á bilinu 1.945 til 2.345 milljónir króna.[150]

Í lok árs 2007 skuldaði Miðland ehf. sparisjóðnum 195 milljónir króna í íslenskum krónum, en þeim skuldbindingum var myntbreytt í mars 2008 með nýjum lánasamningi sem nam jafnvirði 200 milljóna króna. Lánveitingin var samþykkt á fundi lánanefndar sjóðsins 14. febrúar 2008. Skuldbindingar félagsins í erlendri mynt í árslok 2007 voru metnar að jafnvirði 304 milljóna króna. Öll lán félagsins voru endurfjármögnuð með nýjum lánasamningi í erlendri mynt sem nam jafnvirði 926 milljóna króna 23. mars 2009, og enn á ný 1. september 2009 með tveimur lánasamningum í íslenskum krónum. Annað lánið nam 221 milljón króna og var óverðtryggt og vaxtalaust. Ytri endurskoðandi sparisjóðsins benti á í skýrslu sinni um venslaða aðila sparisjóðsins 31. mars 2010 að samanburðarlán við lán Miðlands ehf. bæri 12% vexti meðan lán Miðlands ehf. bæri enga vexti.[151]

Sparisjóðurinn færði sérgreint afskriftarframlag upp á 139 milljónir króna vegna skuldbindinga Miðlands ehf. í lok árs 2009. Við mat á eignasafni Spkef sparisjóðs við samruna við Landsbankann hf. var miðað við að virði tryggingа væri um 11 milljónir króna en Spkef sparisjóður mat verðmæti tryggingа á 604 milljónir króna. Hinn mikla mun á mati tryggingа má helst rekja til þess að Landsbankinn notaði lóðamat Fasteignamats ríkisins en sparisjóðurinn miðaði sitt mat við áætlaðan fjölda íbúða á svæðinu.[152]

Árslok (m.kr.)	Heildarskuld-binding	Staða á afskriftareikningi
2007	462	0
2008	821	0
2009	877	188
apríl 2010	903	188
apríl 2011	966	416

Gjaldþrot 2012

Fasteignafélag Suðurnesja ehf. og tengdir aðilar

Fasteignafélag Suðurnesja ehf. var stofnað árið 2005 af þeim Steinþóri Jónssyni, Aðalsteini Gunnari Jóhannssyni og Sigurði Smára Gylfasyni. Í lánahópi Fasteignafélags Suðurnesja ehf. voru einnig Blikavöllur 3 ehf. og Hvalvík ehf., sem voru að fullu í eigu fasteignafélagsins. Lánahópurinn var fyrst skilgreindur þannig árið 2010 en umfjöllunin hér, og tölur um skuldbindingar og stöðu á afskriftareikningi, er byggð á heildartölum fyrir hópinn.

Tafla 30. Hluthafar Fasteignafélags Suðurnesja ehf. 2006–2010.[153]

	2006	2007	2008	2009	2010
Aðalsteinn Gunnar Jóhannsson	22,5%	20,0%			
Arngrímur Jóhannsson	10,0%				
Heiðarbúar ehf.				40,0%	40,0%
Sigurður Smári Gylfason	22,5%	20,0%			
Sparisjóðabanki Íslands hf.			40,0%	40,0%	40,0%
Sparisjóðurinn í Keflavík		20,0%	20,0%	20,0%	20,0%
Steinþór Jónsson	22,5%	20,0%	20,0%		
Sverrir Sverrisson	22,5%	20,0%	20,0%		

Heiðarbúar ehf. sem eignaðist 40% eignarhlut í Fasteignafélagi Suðurnesja ehf. á árinu 2009 var í eigu Steinþórs Jónssonar og Sverris Sverrissonar til helminga.[154]

150. Verðmat á 36,9 hektara landi í Hlíðahverfi, milli Reykjanesbrautar og íþróttasvæðis við Reykjaneshöll að Flugvallarvegi, merkt Einari V. Tryggvasyni. Skjalið sjálft er ekki dagsett en samkvæmt upplýsingum frá fyrrverandi starfsmanni Sparisjóðsins í Keflavík var skjalið vistað hjá sparisjóðnum 24. september 2007.

151. Skýrsla ytri endurskoðanda Sparisjóðsins í Keflavík (Deloitte) til Fjarmálaeftirlitsins um aðila venslaða sparisjóðnum, 31. mars 2010.

152. Mat Landsbankans hf. á virði útlána Spkef sparisjóðs: Virðismat 400 stærstu, 15. apríl 2011.

153. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

154. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

Í febrúar 2006 yfirtók Fasteignafélag Suðurnesja ehf. 100 milljóna króna verðtryggt lán sem Sparisjóðurinn í Keflavík hafði veitt Sverri Sverrissyni ehf. í apríl 2002 og var tryggt með veði í fasteign að Brekkustíg 39 í Reykjanesbæ. Ekkert var fjallað um þennan flutning í lánanefnd sparisjóðsins en í lok mars 2006 var tekið fyrir erindi frá Fasteignafélagi Suðurnesja ehf. þar sem óskað var eftir fyrirgreiðslu til kaupa á öllu hlutafé í Blikavöllum 3 ehf. á 45 milljónir króna. Fram kom að félagið þyrfti 25 milljónir króna strax, 20 milljónir króna við fokheldi og 115 milljónir króna yfirdráttarlán sem síðar myndi breytast í 20 ára lán. Heildarkostnaður við húsnæðið var áætlaður 150–160 milljónir króna.[155] Erindið var samþykkt og fékk félagið 25,5 milljóna króna verðtryggt lán til 20 ára tryggt með veði í Brekkustíg 39. Í desember 2008 var yfirdráttur félagsins endurfjármagnaður með verðtryggðu láni til 25 ára að fjárhæð 75,5 milljónir króna. Í lok árs 2008 námu skuldbindingar Fasteignafélags Suðurnesja ehf. tæplega 250 milljónum króna og hafði þá ekkert verið fært í sérgreindan afskriftareikning vegna þeirra.

Blikavöllur 3 ehf. var stofnað í mars 2006 af Sverri Sverrissyni en var í lok ársins að fullu í eigu Fasteignafélags Suðurnesja ehf. Félagið var stofnað vegna byggingar iðnaðarhúsnæðis að Blikavöllum 3 við Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Frá september 2006 til október 2008 hækkuðu skuldbindingar félagsins úr 24 milljónum króna í 412 milljónir króna. Upphafleg skuldbinding félagsins var yfirdráttarlán á tékkareikningi sem fór hækkandi en í febrúar 2008 var yfirdrættinum breytt í skuldabréfalán í erlendum myntum að jafnvirði 190 milljóna króna. Lánanefnd sparisjóðsins samþykkti þessa endurfjármögnun 23. nóvember 2007. Í apríl 2009 var láninu myntbreytt í evrur og í ágúst sama ár var því breytt í íslenskar krónur. Fyrir þá breytingu stóð lánið í 400 milljónum króna en við myntbreytinguna í íslenskar krónur nam lánið 314 milljónum króna. Sparisjóðurinn, sem þá þurfti að leiðrétta mun erlendra eigna og erlendra skulda, bauð 20% afslátt af höfuðstól lánsins við myntbreytinguna. Í desember 2008 var yfirdráttur félagsins hjá sparisjóðnum endurfjármagnaður með verðtryggðu 81 milljónar króna láni til 25 ára. Ekki var að finna umfjöllun um þessa endurfjármögnun í fundargerð lánanefndar sparisjóðsins.

Tryggingar sparisjóðsins fyrir skuldbindingum félagsins voru tryggingarbréf á 1.–6. veðrétti í fasteigninni að Blikavelli 3. Í lok árs 2008 nam heildarskuldbinding félagsins rúmum 457 milljónum króna og var virði trygginga metið á um 224 milljónir króna og því voru tæplega 234 milljónir króna af heildarskuldbindingunni án veðs.[156] Ekki var fært framlag í sérgreindan afskriftareikning vegna skuldbindinga Blikavallar 3 ehf. í lok árs 2008 en í lok árs 2009 var framlagið 167 miljónir króna.

Hvalvík 4 ehf. var stofnað af Fasteignafélagi Suðurnesja ehf. árið 2006. Í október það ár fékk félagið yfirdrátt hjá Sparisjóðnum í Keflavík að fjárhæð 12 milljónir króna. Fór sá yfirdráttur stigvaxandi fram í mars 2008 en hann nam þá um 98 milljónum króna. Í desember 2008 var yfirdrátturinn endurfjármagnaður með verðtryggðu láni til 25 ára að fjárhæð 110,5 milljónir króna. Til tryggingar fyrirgreiðslu Hvalvíkur 4 ehf. var í maí 2007 lagt fram tryggingarbréf með veði í geymsluhúsnæði félagsins í Reykjanesbæ. Ekki var fjallað um fyrirgreiðslu við Hvalvík 4 ehf. í lánanefnd sparisjóðsins. Í árslok 2008 námu skuldbindingar Hvalvíkur 4 ehf. 114 milljónum króna en framlag í afskriftareikning vegna skuldbindinganna var ekki fært fyrr en árið eftir. Það var þá 22 milljónir króna. Félagið var úrskurðað gjaldþrota í febrúar 2012.

Í apríl 2011, við yfirtöku Landsbankans hf. á útlánasafni Spkef sparisjóðs, námu heildarskuldbindingar lánahópsins 965 milljónum króna en þar af höfðu 416 milljónir króna verið niðurfærðar vegna þeirra. Fasteignafélag Suðurnesja ehf. var úrskurðað gjaldþrota í apríl 2012.

155. Fasteignafélag Suðurnesja ehf. – Kaup á Blikavelli 3 ehf.

156. Yfirlitsskjal um stærstu skuldara Sparisjóðsins í Keflavík 2008, 2009, 22. apríl 2010 og 15. apríl 2011, gögn afhent rannsóknarnefndinni af Landsbankanum.

Árslok (m.kr.)	Heildarskuld-binding	Staða á afskriftareikningi
2007	224	0
2008	361	0
2009	372	372
apríl 2010	389	372
apríl 2011	416	414

Gjaldþrot 2010

AEG fjárfesting ehf.

AEG fjárfesting ehf. var stofnfjárhafi í Sparisjóðnum í Keflavík og átti rúmar 40 milljónir króna að nafnverði í stofnfjárbréfum um mitt ár 2008. Frá ágúst 2007 til október 2008 hækkuðu skuldbindingar félagsins úr tæpum 115 milljónum króna í tæpar 328 milljónir króna.

Upphaf lánaviðskipta AEG fjárfestingar ehf. við Sparisjóðinn í Keflavík má rekja til þess er félagið yfirtók lán annars eigenda sinna 7. júní 2007 en hann hafði fengið 113 milljóna króna lán hjá sparisjóðnum 2. maí 2007. Ekki var tilgreint í lánssamningi hver tilgangur lánsins var en samkvæmt fundargerð lánanefndar frá 30. apríl 2007 var um að ræða verðtryggt eingreiðslulán til fimm ára, veitt til kaupa á stofnfjárbréfum í Sparisjóðnum í Keflavík. Lánið var tryggt með veði í 11.698.479 krónum að nafnverði í stofnfjárbréfum sparisjóðsins.

Við yfirtöku AEG fjárfestingar ehf. á láninu var vöxtum, dráttarvöxtum og kostnaði bætt við höfuðstól þess sem nam þá um 114,5 milljónum króna. Ekkert var fjallað um skuldskeytinguna í fundargerðum lánanefndar.

Hinn 5. september 2007 var AEG fjárfestingu ehf. veitt annað lán í erlendum myntum að jafnvirði 50 milljóna króna. Lánið var til fimm ára og var tilgangur þess ekki nefndur í lánssamningi. Til tryggingar láninu voru verðbréf í eigu lántaka.

Í október 2007 fékk AEG fjárfesting ehf. 20 milljóna króna verðtryggt lán til fimm ára. Um tilgang lánsins sagði ekkert í lánssamningi en í tölvupóstsamskiptum eiganda félagsins við starfsmann sparisjóðsins kom fram að fjármagnið yrði nýtt til að taka þátt í stofnfjáraukningu Sparisjóðsins í Keflavík.[157] Til tryggingar láninu voru verðbréf í eigu lántaka. Láninu var skilmálabreytt 26. október 2009.

AEG fjárfesting ehf. fékk lán í erlendum myntum að jafnvirði 32 milljóna króna 20. desember 2007. Lánið var til tveggja ára og var nýtt til að fjármagna kaup á stofnfjárbréfum í Sparisjóðnum í Keflavík. Til tryggingar voru lögð að handveði stofnfjárbréf í sparisjóðnum að nafnverði 40.213.353 króna.

Í apríl 2009 var lánunum frá 5. september og 20. desember 2007 myntbreytt og þau sameinuð í eitt lán að fjárhæð 1,1 milljón evra sem aftur var myntbreytt 9. september 2009 í lán með höfuðstól upp á 163 milljónir króna. Sparisjóðurinn, sem þá þurfti að leiðrétta mun erlendra eigna og erlendra skulda, bauð 20% afslátt af höfuðstól lánsins við myntbreytinguna en samkvæmt sölugengi evru á þessum tíma var höfuðstóll erlenda lánsins um 204 milljónir króna.[158]

Ofangreindar skuldbreytingar áttu sér allar stað fyrir gjalddaga lánanna. Lántaki hafði ekki greitt vexti og því var vöxtum bætt ofan á höfuðstól þeirra við umbreytinguna. Engar bókanir eru í fundargerðum lánanefndar vegna lána eða skilmálabreytinga lána AEG fjárfestingar ehf.

Í janúar 2008 var veitt veðbandslausn á stofnfjárbréfunum sem lögð höfðu verið fram til tryggingar skuldbindingum AEG fjárfestingar ehf. í júní 2007, en þau voru að nafnverði 11.698.479 króna. Í maí 2008 var veitt veðbandslausn á hlutabréfum í Samkaupum hf. að nafnverði 1 milljón króna sem einnig höfðu verið lögð að veði fyrir skuldbindingum félagsins í júní 2007. Því voru stofnfjárbréf að nafnvirði 40,2 milljónir króna sem lögð voru fram í desember 2007 nær eina tryggingin fyrir skuldum félagsins. Ekki er að sjá af gögnum sparisjóðsins hvert verðmat stofnfjárbréfanna var en á stofnfjárbréfamarkaði 10. desember 2007 fóru fram viðskipti á genginu 4,2. Endurmatsstuðull bréfanna var á þeim tíma 2,17.[159] Samkvæmt því hefði verðmæti stofnfjárbréfa AEG fjárfestingar ehf. verið um 367 milljónir króna. Í lok árs 2007 námu skuldbindingar félagsins 360 milljónum króna.

Fyrri veðbandslausnin á árinu 2008 var samþykkt af stjórn 28. janúar 2008 en ekki kom fram í fundargerð hver ástæða hennar var. Ekkert var bókað um síðari veðbandslausnina. Sparisjóðurinn aflétti veðum á sama tíma og tryggingastaða AEG fjárfestingar ehf. nam rétt rúmlega stöðu skuldbindinganna og líklegt að virði trygginga færi lækkandi. Ekki var

157. Tölvuskeyti Gunnars Egils Sigurðssonar til starfsmanns Sparisjóðsins í Keflavík 3. október 2007.

158. Skýrsla PricewaterhouseCoopers um ákveðna þætti innra eftirlits í Sparisjóðnum í Keflavík, 7. apríl 2011.

159. „SpKef – stofnfjármarkaður“, vefsafn.is, http://wayback.vefsafn.is/wayback/20071211000000/http://spkef.is/stofnfjarmarkadur/.

fært sérgreint afskriftarframlag vegna lána félagsins í lok árs 2008. Ári síðar nam heildarskuldbinding félagsins 372 milljónum króna og hafði hún öll verið færð á sérgreindan afskriftareikning. Félagið var úrskurðað gjaldþrota 10. júní 2010.

19.2.4 Lán til kaupa á stofnfjárbréfum

Veðsetning stofnfjárhluta í Sparisjóðnum í Keflavík varð heimil með nýjum samþykktum á aðalfundi sparisjóðsins 9. mars 2006. Veðsetningin var þó háð samþykki stjórnar. Veðsetningar stofnfjárbréfa komu fyrst til samþykktar stjórnar í nóvember 2006 og í desember sama ár var samþykkt stofnfjáraukning. Í janúar 2007 hófust viðskipti á tilboðsmarkaði með stofnfé hjá Sparisjóðnum í Keflavík. Veðsetning stofnfjár varð tíð eftir þetta, meðal annars vegna viðskipta á tilboðsmarkaðnum og kaupum á stofnfé í stofnfjáraukningum en stofnfé var aukið töluvert á árunum 2006 og 2007.

Samkvæmt upplýsingum sem rannsóknarnefndin fékk frá Landsbankanum hf. um lán Sparisjóðsins í Keflavík með veði í stofnfjárbréfum, nam fjárhæð slíkra lána sem veitt voru frá og með árinu 2006 að minnsta kosti 2,3 milljörðum króna.[160] Hér er um að ræða höfuðstól veittra lána en ekki stöðu þeirra á ákveðnum tímapunkti.

Í tengslum við samruna Sparisjóðsins í Keflavík við Sparisjóð Húnaþings og Stranda og Sparisjóð Vestfirðinga var ráðist í stofnfjáraukningar í sparisjóðunum þremur. Í Sparisjóði Húnaþings og Stranda var stofnfé aukið um 1,3 milljarða króna að markaðsverði í nóvember 2007 og 761 milljón að markaðsverði í desember sama ár. Lán Sparisjóðs Húnaþings og Stranda til þeirra sem tóku þátt í stofnfjáraukningunni námu 860 milljónum króna og lán Sparisjóðsins í Keflavík tæpum 600 milljónum króna. Á stjórnarfundi 2. febrúar 2008 voru samþykktar veðsetningar á um 576 milljónum af nýju stofnfé, þar af 375 milljónir króna til Landsbankans, 118 milljónir króna til Sparisjóðsins í Keflavík, 71 milljón króna til Sparisjóðs Húnaþings og Stranda og 12 milljónir króna til Sparisjóðs Strandamanna. Útboð á nýju stofnfé í Sparisjóði Vestfirðinga fór fram á sama tíma. Í október og nóvember 2007 var boðið út nýtt stofnfé upp á 1,1 milljarð króna að markaðsvirði og í desember sama ár fyrir 829 milljónir króna. Á þeim tíma jukust útlán Sparisjóðs Vestfirðinga og Sparisjóðsins í Keflavík til þeirra sem keyptu stofnfé um 405 milljónir króna.[161] Á stjórnarfundi Sparisjóðs Vestfirðinga 6. febrúar 2008 kom fram að stofnfé í sparisjóðnum væri veðsett fyrir tæpar 76 milljónir króna að nafnverði. Því hafa í einhverjum tilvikum verið lagðar að veði aðrar tryggingar en stofnbréf, þar sem þeirra hefur verið krafist. Þegar sparisjóðirnir sameinuðust voru útlánin öll í umsjón Sparisjóðsins í Keflavík.

Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins um vettvangsathugun hjá Sparisjóðnum í Keflavík frá árinu 2008 var gerð úttekt á lánum til kaupa á stofnfjárbréfum.[162] Almennt var þar gagnrýnt að Sparisjóðurinn í Keflavík lánaði fé til stofnfjárkaupa gegn veði í bréfunum sjálfum:

> Lán með veði í óskráðum hlutabréfum nema um 5.807 m.kr. Um 2.200 m.kr. eða 38% af þeim lánum er með veði í sparisjóðnum sjálfum. Mikilvægt er fyrir SpKef að íhuga gaumgæfilega þá auknu áhættu sem felst í því að lána gegn handveði til kaupa á eigin stofnfjárbréfum þar sem greiðslugeta lántakenda er háð verðmæti lánveitanda. Lánaáhætta sparisjóðsins tengd eigin stofnfjárbréfum telst veruleg í hlutfalli af eiginfjárgrunni sparisjóðsins.[163]

Sparisjóðurinn gerði athugasemd við þessa ályktun Fjármálaeftirlitsins 19. ágúst 2008 og sagði þær 2.200 milljónir króna, sem vísað væri til í þessu sambandi, ekki endurspegla nafnverð stofnfjár. Fjármálaeftirlitið ítrekaði þá að athugasemdin sneri að því að hlutfall lána með veði í eigin stofnfjárbréfum væri of hátt. Jafnframt gerði Fjármálaeftirlitið úttekt á

160. Í svari til rannsóknarnefndarinnar 5. desember 2013 var lögð áhersla á að upplýsingarnar væru settar fram með fyrirvara. Upplýsingar voru ónákvæmar um lán sem veitt voru til stofnfjárkaupa í útboði, en stofnfjáraðilar fjármögnuðu kaupin með neyslulánum eða með veði í fasteign til að fá betri kjör. Þá fylgdu heldur ekki upplýsingar um lán sem höfðu verið gerð upp áður en Landsbankinn tók yfir lánasafn Spkef sparisjóðs.

161. Ekki var haldið sérstaklega utan um það í kerfum sparisjóðanna hvort lán hefðu verið veitt til stofnfjárkaupa eða ekki. Þær tölur sem hér eru birtar eru mismunur útistandandi lána til þeirra sem keyptu stofnfé í útboðinu í lok september 2007 og í lok desember sama ár.

162. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóðnum í Keflavík, september 2008.

163. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóðnum í Keflavík, september 2008.

lánum til ýmissa aðila með veði í stofnfjárbréfum Sparisjóðsins í Keflavík og gerði athugasemd við að tryggingarstaða væri ónóg og að of hátt verð væri notað við útreikninga á virði tryggingarandlaga. Enn fremur taldi Fjármálaeftirlitið að tryggingarstaða Sparisjóðsins í Keflavík vegna lána með veði í stofnfjárbréfum Byrs Sparisjóðs og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis væri ónóg.[164] Meðal stærstu lána Sparisjóðsins í Keflavík til kaupa á stofnfé var lán til Miðvarðar ehf., eignarhaldsfélags í eigu starfsmanna sparisjóðsins sjálfs. Þá fékk félagið fimm lán í erlendum myntum hjá Byr sparisjóði, samtals jafnvirði rúmra 250 milljóna króna, á árunum 2006 og 2007 til að fjármagna kaup á stofnfjárbréfum í Sparisjóðnum í Keflavík en til tryggingar lánunum var tekið veð í bréfunum sjálfum.

Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóðnum í Keflavík frá september 2008 var sérstaklega fjallað um lán til ýmissa aðila með veði í stofnfjárbréfum í sparisjóðnum. Í umfjöllun Fjármálaeftirlitsins var tekinn fyrir 31 aðili sem sparisjóðurinn hafði veitt lán gegn veði í stofnfjárbréfum í sparisjóðnum. Kom fram að þessir aðilar skulduðu samanlagt um 951 milljón króna og að baki þeim stæðu tryggingar upp á tæpar 600 milljónir króna. Við útreikning á verðmæti trygginga studdist Fjármálaeftirlitið við gengið 1,42 krónur á hlut en sparisjóðurinn notaðist á þessum tíma við gengið 2,44 krónur á hlut sem Fjármálaeftirlitið taldi ekki raunhæft mat. Gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við að tryggingarstaða vegna framangreindra lána væri ónóg og að verðmat á tryggingarandlagi væri of hátt.[165]

Í mars 2011 eignaðist Landsbankinn þau útlán sem veitt höfðu verið til kaupa á stofnfjárbréfum í Sparisjóðnum í Keflavík. Í desember 2011 samþykkti bankaráð Landsbankans tillögu bankastjóra um að fella niður ákveðin lán til stofnfjárkaupa sem veitt voru af Sparisjóðnum í Keflavík og sparisjóðunum sem sameinuðust honum, auk lána sem Landsbankinn hafði sjálfur veitt vegna stofnfjárútboða sparisjóðanna. Kom þessi ákvörðun bankans í kjölfar dóma Hæstaréttar nr. 117/2011, 118/2011, 119/2011, þar sem stofnfjáreigendur Byrs sparisjóðs voru sýknaðir af kröfum um greiðslu skulda vegna stofnfjáraukninga. Var talið að svipuð eða jafnvel sömu sjónarmið gætu átt við um lánveitingar Sparisjóðsins í Keflavík. Bankaráð Landsbankans setti ákveðin skilyrði fyrir niðurfellingu lánanna. Fólust þau í því að ef lántaki hefði fengið arðgreiðslu af stofnfjárbréfum sínum án þess að ráðstafa þeim inn á lánið, drægist sú fjárhæð frá niðurfelldri lánsfjárhæð. Ef stofnfjárbréf hefðu verið seld fyrir fall bankanna án þess að andvirðinu væri ráðstafað inn á lánin, yrðu niðurfellingar ekki heimilar. Niðurfellingin náði til lána sem veitt höfðu verið í tengslum við útboð sem áttu sér stað í aðdraganda sameiningar Sparisjóðsins í Keflavík við Sparisjóð Húnaþings og Stranda og Sparisjóð Vestfirðinga. Miðað var við stofnfjárútboð Sparisjóðsins í Keflavík í september og desember 2007 og stofnfjárútboð Sparisjóðs Húnaþings og Stranda og Sparisjóðs Vestfirðinga sem fram fóru í lok október og í desember 2007.[166]

Landsbankinn hf. felldi niður útlán fyrir samtals 1.918 milljónir króna hjá 283 aðilum. Jafnframt voru endurgreiddar 99 milljónir króna vegna afborgana sem greiddar höfðu verið til Spkef sparisjóðs eftir að hann var stofnaður 22. apríl 2010. Þegar Landsbankinn tók yfir útlánasafn Spkef sparisjóðs í mars 2011 höfðu lán til stofnfjárkaupa verið metin verðlaus.[167]

19.2.5 Lán til starfsmanna og stjórnarmanna

Í 13. gr. reglna um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra Sparisjóðsins í Keflavík frá 2003 var kveðið á að sparisjóðsstjórn myndi setja, að fengnum tillögum sparisjóðsstjóra, reglur um viðskipti starfsmanna sparisjóðsins við hann, sem mættu koma fram í almennum lánareglum sparisjóðsins. Í útlánareglunum var svo sagt að starfsmenn, að undanskildum sparisjóðsstjóra, skyldu meðhöndlaðir á sama hátt og almennir viðskiptamenn hvað útlán snerti. Hið sama gilti um sparisjóðsstjóra og maka en þá þurfti sparisjóðsstjórn að samþykkja lánveitinguna eða ábyrgðina og bóka þá samþykkt í gerðar-

164. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóðnum í Keflavík, september 2008.

165. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóðnum í Keflavík, september 2008.

166. Bréf Landsbankans hf. til rannsóknarnefndar Alþingis 29. apríl 2013.

167. Bréf Landsbankans hf. til rannsóknarnefndar Alþingis 29. apríl 2013.

bók.[168] Þetta var sambærilegt við það sem fram kom í 16. gr. reglna um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra Sparisjóðsins í Keflavík frá 19. desember 2003 um að samningar sparisjóðsins um lán, ábyrgðir, kauprétt eða sambærileg viðskipti við sparisjóðsstjóra væru háðar samþykki stjórnar sjóðsins.

Við endurnýjun á reglunum 26. febrúar 2007 var því bætt við að ofangreind regla um sparisjóðsstjóra gilti einnig um „aðra aðila tengda honum", sbr. ákvæði 22. gr.:

> Samningar sparisjóðsins um lán, ábyrgðir, kauprétt og sambærileg viðskipti við sparisjóðsstjóra eru háðar samþykki stjórnar. Ákvörðun stjórnar skal bókuð í gerðabók. Sparisjóðsstjóra er óheimilt að gangast í ábyrgðir fyrir aðra gagnvart sparisjóðnum eða gerast umboðsmaður þeirra gagnvart sparisjóðnum. Ákvæði þessi gilda einnig um maka sparisjóðsstjóra og aðra aðila tengda honum.

Þá kom fram í 23. gr. reglna um störf stjórnar og framkvæmdastjóra frá 2003 að meðal venslaðra aðila sparisjóðsins væru lykilstarfsmenn og nánir fjölskyldumeðlimir þeirra.[169] Tekinn skyldi saman listi yfir venslaða aðila og viðskipti þeirra ef heildarfyrirgreiðsla til þeirra eða vanskil færu umfram þau mörk sem Fjármálaeftirlitið setti hverju sinni. Við mat á því hverjir teldust til venslaðra aðila væri mikilvægt að líta þess hvort viðkomandi aðilar gætu notið stöðu sinnar á einhvern hátt umfram aðra viðskiptavini sparisjóðsins, meðal annars með tilliti til kjara, endursamninga og stöðu. Þá skyldu viðskiptaerindi stjórnarmanna og fyrirtækja sem þeir væru í forsvari fyrir lögð fyrir stjórn sparisjóðsins til samþykktar eða synjunar.[170] Í útlánareglum var ekki að finna frekari ákvæði um lán til starfsmanna sparisjóðsins.

Rannsóknarnefndin kannaði hvort aðilar venslaðir Sparisjóðnum í Keflavík, það er stjórnarmenn, makar þeirra og félög í þeirra eigu,[171] hefðu fengið fyrirgreiðslu hjá sparisjóðnum. Þá voru lánamál starfsmanna hjá sparisjóðnum einnig könnuð, auk þess sem könnunin tók jafnframt til lánveitinga hjá Sparisjóði Vestfirðinga, Sparisjóði Húnaþings og Stranda og Sparisjóði Ólafsvíkur.

Þegar hefur verið gerð grein fyrir nokkrum þeirra lánamála sem féllu undir þessa athugun hér framar. Þannig átti maki starfsmanns sparisjóðsins eignarhlut í félagi sem tilheyrði lánahópi um fiskvinnslu- og útgerðarfélag, sem fyrst var getið í umfjölluninni, og þegar hefur verið gerð grein fyrir félagi sem tengdist stjórnarformanni sparisjóðsins. Þá átti Steinþór Jónsson í Fasteignafélagi Suðurnesja ehf. og Berginu ehf., en hann var varamaður í stjórn sparisjóðsins og sat stjórnarfundi á árunum 2005–2007.

Starfsmenn og stjórnarmenn í Sparisjóði Húnaþings og Stranda tóku þátt í stofnfjáraukningum sparisjóðsins síðla árs 2007. Fyrra útboðið stóð yfir frá 29. október til 9. nóvember og hið seinna 10.–17. desember sama ár. Útboðið stofnfé nam samtals um 1.954 milljónum að nafnverði en þar af skráðu starfsmenn sparisjóðsins sig fyrir 296 milljónum króna. Frá lokum september til loka desember jukust lán sparisjóðanna til þessara starfsmanna um 504 milljónir króna. Lán Sparisjóðs Húnaþings og Stranda jukust um 169 milljónir króna og lán Sparisjóðsins í Keflavík um 334 milljónir króna.[172] Á stjórnarfundum 4. og 19. desember 2007 og 2. febrúar 2008 samþykkti stjórn sparisjóðsins veðsetningu um 196 milljóna stofnfjárhluta í sparsjóðnum vegna lána starfsmanna og stjórnarmanna. Lán Sparisjóðs Vestfirðinga og Sparisjóðsins í Keflavík til starfsmanna Sparisjóðs Vestfirðinga sem tóku þátt í stofnfjárútboðum í október til desember 2007 jukust um 42 milljónir króna á sama tíma.[173]

Samkvæmt yfirliti yfir útlán til starfsmanna Sparisjóðsins í Keflavík í lok árs 2007 námu þau samtals 754 milljónum króna, þar af voru útlán í erlendri mynt tæpar 374 milljónir króna. Hæsta útlán til starfsmanns nam á þessum tíma 73,5 milljónum króna. Á fundi

168. Sjá til að mynda 5. gr. reglna um lánveitingar og ábyrgðir Sparisjóðsins í Keflavík.

169. Samsvarandi ákvæði var að finna í 26. gr. reglnanna frá 2007.

170. Þetta kemur fram í 25. gr. reglna um störf stjórnar og sparisjóðsstjóra frá árinu 2003. Sambærilegt ákvæði var í 28. gr. reglnanna frá árinu 2007.

171. Miðað var við 20% lágmarks eignarhlut.

172. Byggt á upplýsingum úr lánagagnagrunni sparisjóðanna sem rannsóknarnefndin lét útbúa. Sjá nánari upplýsingar í 9. kafla.

173. Byggt á upplýsingum úr lánagagnagrunni sparisjóðanna sem rannsóknarnefndin lét útbúa. Sjá nánari upplýsingar í 9. kafla.

stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík 19. ágúst 2008 fór innri endurskoðandi sparisjóðsins meðal annars yfir skuldir og vanskil starfsmanna. Þá námu heildarútlán til starfsmanna 1.724 milljónum króna en höfðu verið 875 milljónir króna í janúar 2008. Tveir starfsmenn voru með yfir 100 milljónir króna í útlán, en heildarvanskil starfsmanna voru 9,9 milljónir króna, þau hæstu upp á 8,1 milljón króna.[174] Innri endurskoðandi fór aftur yfir starfsmannalán á fundi stjórnar sparisjóðsins 14. júlí 2009. Þá voru 122 starfsmenn með skuldir hjá sparisjóðnum og staða þeirra um 1,8 milljarðar króna. Hæstu vanskilin námu þá rúmum 3 milljónum króna.[175] Í skýrslu innri endurskoðanda sem lögð var fyrir stjórn sparisjóðsins 14. október 2009 kom fram að 131 starfsmaður sjóðsins voru með samtals 1,5 milljarða króna í útlán hjá sjóðnum. Þar af voru 68% þeirra í erlendri mynt. Fjórir starfsmenn voru með útlán yfir 100 milljónum króna og voru flest vanskil meðal starfsmanna og maka þeirra vegna greiðslukortaskulda.[176]

Þegar Fjármálaeftirlitið tók yfir vald stofnfjáreigendafundar Sparisjóðsins í Keflavík 23. apríl 2010 námu heildarútlán til starfsmanna 1.520 milljónum króna, þar af 1.000 milljónir í erlendri mynt. Höfðu 872,5 milljónir króna verið færðar niður vegna þessara lána. Í töflu 31 má sjá yfirlit yfir þá tíu starfsmenn sem skulduðu mest hjá sparisjóðnum 23. apríl 2010.

Tafla 31. Tíu stærstu útlán til starfsmanna Sparisjóðsins í Keflavík 23. apríl 2010.[177]

Þús.kr.	AH reikningar	Kreditkort	Skuldabréf	Myntkörfulán	Afurðar- og rekstrarlán	Samtals	Niðurfærsla
Starfsmaður 1	9.228		16.561.314	189.281.839		205.852.381	197.284.179
Starfsmaður 2			4.239.940	192.438.466		196.678.406	177.380.978
Starfsmaður 3			12.448.807	158.807.950		171.256.757	159.906.991
Starfsmaður 4	362.680			148.747.178		149.109.858	132.642.013
Starfsmaður 5			15.785.134	65.898.290		81.683.424	71.891.782
Starfsmaður 6	833.285				79.853.613	80.686.898	8.853.193
Starfsmaður 7				63.217.407		63.217.407	44.711.887
Starfsmaður 8				8.328.508	49.986.327	58.314.835	6.554.901
Starfsmaður 9	608.310			56.289.403		56.897.713	6.411.044
Starfsmaður 10	787.561			34.085.551		34.873.112	15.000.000
Samtals	**2.601.064**		**49.035.195**	**917.094.592**	**129.839.940**	**1.098.570.791**	**820.636.968**
Hlutfall af heild	3,75%		15,67%	91,74%	95,06%	72,24%	94,05%

Þeir tíu starfsmenn sem skulduðu mest hjá Sparisjóðnum í Keflavík skulduðu samtals tæplega 1,1 milljarð króna eða 72% af öllum lánum til starfsmanna. Í apríl 2010 höfðu 820 milljónir króna verið niðurfærðar vegna lána þessara tíu starfsmanna. Sjö þeirra voru starfsmenn útibús Sparisjóðsins í Keflavík á Hvammstanga, þar sem áður var Sparisjóður Húnaþings og Stranda, og höfðu fengið lánað til kaupa á stofnfé við stofnfjáraukningar síðla árs 2007. Stærstur hluti þessara lána var í erlendri mynt og hækkaði mikið við gengisfall krónunnar árið 2008 en á sama tíma lækkuðu undirliggjandi eignir, stofnfjárbréf í Sparisjóðnum í Keflavík, mjög í verði og urðu á endanum verðlausar.

Stærsta lánamál stjórnarmanns sparisjóðsins sem ekki hefur verið gerð grein fyrir varðar einstakling sem var varamaður í stjórn sparisjóðsins frá desember 2007 og aðalmaður frá janúar 2008 til apríl 2009, sambýliskonu hans og félög í þeirra eigu. Fyrirgreiðslur til þeirra komu til áður en hann varð stjórnarmaður í sparisjóðnum. Hann átti 10% hlut í einkahlutafélagi á móti sambýliskonu sinni. Félagið var eignarhaldsfélag um nokkur hlutafélög og stofnfjárhluti í Sparisjóðnum í Keflavík og var meðal stórra áhættuskuldbindinga sparisjóðsins frá mars 2009. Fyrirgreiðslur til stjórnarmannsins og annarra í lánahópnum frá janúar 2008 til apríl 2009 féllu undir viðskipti við venslaða aðila í samræmi við starfsreglur stjórnar og sparisjóðsstjóra.

Í marsmánuði 2007 keypti einkahlutafélagið stofnfjárbréf að nafnverði 7.974.868 króna í Sparisjóðnum í Keflavík. Til þess fékk félagið lán frá sparisjóðnum í erlendum myntum að jafnvirði 33 milljóna króna 13. mars 2007. Lánið var til fimm ára og skyldu afborganir greiddar á þriggja mánaða fresti. Til tryggingar láninu var gerður handveðssamningur um

174. Kynning fyrir stjórn á verkefnum innri endurskoðunar 2008, 19. ágúst 2008.
175. Innri endurskoðun – skuldir og vanskil starfsmanna, kynning fyrir stjórnarfund, 13. júlí 2009.
176. Innri endurskoðun – skuldir og vanskil starfsmanna, kynning fyrir stjórnarfund, 14. október 2009.
177. Byggt á upplýsingum úr bókhaldi Sparisjóðsins í Keflavík.

stofnfjárbréfin. Félagið tók nýtt lán í erlendum myntum að jafnvirði 152 milljóna króna 11. maí 2007 til fimm ára sem tryggt var með handveði í stofnfjárbréfum í Sparisjóðnum í Keflavík að nafnverði 18 milljónir króna sem voru í eigu félagsins. Samkvæmt fundargerð stjórnar sparisjóðsins 13. ágúst 2007 var ákveðið að ógilda handveðin sem tekin voru vegna lánanna í mars og maí og taka í staðinn handveð í stofnfjárbréfum að nafnvirði 13 milljónir króna samkvæmt handveðssamningi 8. ágúst sama ár. Í fundargerðinni var ekki skýring á því hvers vegna ákveðið var að lækka veðstöðuna og í skýrslu hjá rannsóknarnefndinni mundi fyrrverandi sparisjóðsstjóri ekki hvers vegna þetta var gert.[178] Félagið fékk nýtt 361 milljónar króna lán í september 2009 til að endurfjármagna erlend lán og voru veð í stofnfjárbréfum í Sparisjóðnum í Keflavík til tryggingar því.

Tvö önnur félög í 50% eigu einkahlutafélagsins fengu tvö lán sumarið 2007, samtals um 56 milljónir króna. Annað lánið var mun stærra og nam 51 milljón króna en varastjórnarmaðurinn var í sjálfskuldarábyrgð fyrir því ásamt öðrum einstaklingi. Minna lánið var tekið til kaupa á stofnfjárbréfum í Sparisjóðnum í Keflavík af dótturfélagi sparisjóðsins, Víkur ehf., og til tryggingar því var tekið veð í bréfunum sjálfum. Tilgangur stærra lánsins kom ekki fram í lánasamningi og um það var ekki fjallað á fundum lánanefndar. Ekki liggur fyrir hvort greiðslumat fór fram vegna sjálfskuldarábyrgðarinnar. Í júní 2009 var gerð skilmálabreyting á láninu og var lokagjalddagi lánsins þá færður til 15. desember 2013.

Varamaðurinn fékk sjálfur lán í erlendri mynt hjá sjóðnum 11. júní 2007, jafnvirði tæplega 21 milljónar króna. Lánið var til 40 ára með mánaðarlegum afborgunum. Til tryggingar láninu var tryggingabréf í japönskum jenum, þá jafnvirði 24,8 milljóna króna, tryggt með 2. veðrétti í íbúðarhúsnæði í Reykjanesbæ. Hann fékk annað lán í erlendum myntum að jafnvirði 30 milljónir króna 14. nóvember 2007. Lánið var eingreiðslulán til þriggja ára með árlegum vaxtaafborgunum. Ekki kom fram í lánasamningnum hver tilgangur lánsins var og ekki var að finna bókun um það í fundargerð lánanefndar. Verðtryggt trygginarbréf með rekstrarveði í fasteign og rekstrartækjum var lagt fram 20. desember 2007 en á bréfinu kom fram að um væri að ræða 2. veðrétt í sama íbúðarhúsnæði og var til tryggingar láninu frá 11. júní sama ár. Enn annað félag, sem var að fullu í eigu sambýliskonu stjórnarmannsins, tók þetta lán yfir 25. febrúar 2008. Lánið var með sjálfskuldarábyrgð stjórnarmannsins. Sama félag fékk lán í erlendum myntum að jafnvirði 30 milljónir króna tveimur dögum síðar. Lánið var tryggt með sérstakri sjálfskuldarábyrgð stjórnarmannsins og skuldbreytingar voru gerðar á því í desember 2008 og júní 2009.

Í 26. gr. starfsreglna stjórnar og sparisjóðsstjóra var fjallað um fyrirgreiðslu til venslaðra aðila. Aðilar venslaðir sparisjóðnum voru aðalmenn og varamenn í stjórn, stjórnendur og lykilstarfsmenn sem teldust til fruminnherja, sem og nánir fjölskyldumeðlimir þessara aðila. Þá sagði í 28. gr. starfsreglna stjórnar og sparisjóðsstjóra að „viðskiptaerindi stjórnarmanna og fyrirtækja sem þeir [væru] í forsvari fyrir [skyldu] lögð fyrir stjórn sparisjóðsins til samþykktar eða synjunar“. Í fundargerðum stjórnar var ekki að finna bókun um samþykki stjórnar á því að lán hafi verið færð af stjórnarmanninum persónulega yfir á einkahlutafélagið 25. febrúar 2008 eða samþykki fyrir 30 milljóna króna láni sem sama félag fékk 27. febrúar 2008.

Þá komu til skoðunar fyrirgreiðslur til tveggja aðila sem tengdir voru sparisjóðsstjóra. Í hvorugu tilvikinu var gætt nægilega ákvæða útlánareglna sparisjóðsins um fyrirtöku málsins í lánanefnd, sbr. 4. gr. þeirra, eða 22. gr. starfsreglna stjórnar og sparisjóðsstjóra um það að málið skyldi taka fyrir í stjórn. Þá var þessara fyrirgreiðslna ekki getið á skýrslum sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins um fyrirgreiðslur til venslaðra aðila frá þessum tíma. Fjárhæðirnar sem um ræðir eða fyrirgreiðslurnar sjálfar þóttu ekki óvenjulegar í samanburði við fyrirgreiðslur ýmissa annarra viðskiptamanna sparisjóðsins, en gæta hefði þurft reglna við lánveitingarnar. Á hinn bóginn liggur ekki fyrir hvort öðrum viðskiptamönnum sparisjóðsins buðust sambærileg kjör við skuldauppgjör.

Í öðru tilvikinu var um að ræða yfirdráttarheimild á reikningi sem veitt var í ágúst 2007 upp á rúmar 50 milljónir króna sem nýtt var til kaupa á stofnfjárbréfum í sparisjóðnum. Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni staðfesti lántakandinn að ekki hefði farið fram

178. Skýrsla Geirmundar Kristinssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 12. ágúst 2013.

greiðslumat en sagði að veð hefði verið tekið í stofnfjárbréfunum sjálfum. Engar aðrar tryggingar voru lagðar fram fyrir fyrirgreiðslunni. Viðkomandi tókst ekki að verða við beiðni rannsóknarnefndarinnar um afrit af veðsamningi og studdu önnur rannsóknargögn nefndarinnar ekki fullyrðingu hans. Á árinu 2010 var staðan á reikningnum orðin 77 milljónir króna. Þá var gerð tillaga um uppgjör á skuldamálunum, þannig að greiddar yrðu 20 milljónir króna, en fyrir 10 milljónum yrði veitt nýtt vaxtalaust lán. Til tryggingar því yrðu sett að veði stofnfjárbréf í sparisjóðnum fyrir 10 milljónir króna sem skyldu seld þremur árum síðar til lúkningar skuldinni. Hrykki andvirði þeirra þá ekki til, skyldi afskrifa eftirstöðvarnar. Samkvæmt tillögunni skyldu aðrar eftirstöðvar, eða rúmar 47 milljónir króna, afskrifaðar endanlega. Með lögum nr. 76/2009 varð heimilt að jafna tap sparisjóðs, sem ekki yrði jafnað öðruvísi, með stofnfé hans. Í lok árs 2009 var eigið fé sparisjóðsins neikvætt um tæpa 12 milljarða króna og því ljóst að stofnfé sem veðsett var snemma á árinu 2010 var verðlítið. Við yfirtöku Landsbankans á útlánasafni Spkef sparisjóðs í mars 2011 voru eftirstöðvarnar ógreiddar og hafði ekkert verið niðurfært vegna þeirra.

Í hinu tilvikinu var um ræða yfirdrátt sem kominn var í 22 milljónir króna á árinu 2006 þegar skuldin var endurfjármögnuð með láni í erlendri mynt að jafnvirði 25 milljóna króna til fjögurra ára með árlegum afborgunum en án trygginga. Í þrígang var láninu skilmálabreytt, 2007, 2008 og 2009, þegar kom að gjalddaga fyrstu afborgana og var gjaldföllnum afborgunum og vöxtum bætt við höfuðstól lánsins. Að öðru leyti giltu sömu skilmálar; að lánið væri til fjögurra ára með árlegum afborgunum. Þegar vanskil urðu síðan á árinu 2010, á fyrsta gjalddaga samkvæmt síðustu skilmálabreytingu, var gengið frá samningi um greiðslu skuldarinnar, sem nam þá rúmum 57 milljónum króna, en lántakandinn var þá talinn eignalaus. Samkvæmt samningnum skyldu 10 milljónir greiðast við undirritun, en að fimm árum liðnum skyldu 5 milljónir króna greiðast, ef greiðslugeta væri fyrir hendi samkvæmt nýju greiðslumati. Við yfirtöku Landsbankans á útlánasafni Spkef sparisjóðs námu skuldbindingarnar tæpum 69 milljónum króna og höfðu tæpar 54 milljónir króna verið færðar í sérgreindan afskrifareikning vegna þeirra.

Fossvogshylur ehf.

Fossvogshylur ehf. er félag sem nýtt var til þess að halda utan um stofnfjárbréf í Sparisjóðnum í Keflavík. Deloitte hf. framseldi alla hluti félagsins til Sverris Geirmundssonar með framsalssamningi undirrituðum af starfsmönnum Deloitte og Sverri 7. mars 2008.* Hann var einnig í stjórn félagsins. Þá voru stofnfjárbréf í Sparisjóðnum í Keflavík fyrir samtals 683 milljónir króna að gangverði flutt frá Víkum ehf., dótturfélagi sparisjóðsins, til Fossvogshyls ehf. Þetta var gert með viðskiptafærslu þannig að Víkur ehf. átti kröfu á Fossvogshyl ehf. sem færði skuld á móti bréfunum. Aðeins fimm dögum síðar, 12. mars 2008, var samþykkt á aðalfundi sparisjóðsins að greiða 20% arð af stofnfé.

Í skýrslu fyrir rannsóknarnefndinni upplýsti Páll Grétar Steingrímsson, löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte og endurskoðandi Sparisjóðsins í Keflavík, að Geirmundur Kristinsson sparisjóðsstjóri hefði við gerð ársreiknings sparisjóðsins fyrir árið 2007 óskað eftir því við sig að fá keypt félag hjá Deloitte sem myndi taka við stofnfjárbréfum í eigu sjóðsins. Úr varð að félagið Fossvogshylur ehf. var nýtt til þess.** Víkur ehf., dótturfélag Sparisjóðsins í Keflavík, hafði átt stofnfjárbréf í Sparisjóði Húnaþings og Stranda og Sparisjóði Vestfirðinga. Þessir tveir sparisjóðir sameinuðust Sparisjóðnum í Keflavík á árinu 2007 og urðu stofnfjárbréf Víkur ehf. í þessum sjóðum því að stofnfjárbréfum í Sparisjóðnum í Keflavík. Endurskoðandinn kvaðst ekki vita hvers vegna óskað var eftir að bréfin yrðu flutt úr samstæðu sjóðsins inn í Fossvogshyl ehf. Sparisjóðsstjóri sagðist kannast við félagið Fossvogshyl ehf. í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni en taldi sig ekki vita til að það hefði tengst Víkum ehf. á nokkurn hátt.***

Fundargerðir stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík frá þessum tíma bera ekki með sér að hún hafi fjallað um framsal á stofnfjárbréfunum frá Víkum ehf. yfir til Fossvogshyls ehf. en samkvæmt þágildandi 64. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki var sala eða annað framsal stofnfjárhlutar í sparisjóði óheimilt nema með samþykki sparisjóðsstjórnar.

Samkvæmt kerfum sparisjóðsins voru stofnfjárbréf að verðmæti 683 milljónir króna færð yfir til Fossvogshyls ehf. með rafrænum hætti 7. mars 2008 án þess að fyrir lægi lánasamningur um þá fjárhæð eða veðsamningur þar sem bréfin eða félagið væru veðsett Víkum ehf. þar til skuldin hefði verið greidd. Sverrir Geirmundsson staðfesti í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni að aldrei hefði verið gerður lánasamningur við Fossvogshyl um skuldina né veðsamningur um hin yfirfærðu stofnfjárbréf. Fossvogshylur ehf. hefði því getað selt bréfin áfram til þriðja aðila án þess að Víkur ehf. eða Sparisjóðurinn í Keflavík hefðu getað varið sína hagsmuni.****

Í skýrslu fyrir rannsóknarnefndinni sagðist Páll Grétar ekki hafa séð kaupsamninga eða lánasamninga í tengslum við viðskipti Víkna ehf. og Fossvogshyls ehf. með stofnfjárbréf Sparisjóðsins í Keflavík. Þó má finna í sundurliðun á ársreikningi Víkna ehf. fyrir árið 2007 683 milljóna króna kröfu á Fossvogshyl ehf. en Páll Grétar endurskoðaði ársreikninginn og áritaði 14. maí 2008. Krafan var um 22% af heildareignum Víkna ehf. í lok árs 2007 og þar sem engir veðsamningar eða önnur lánaskjöl lágu að baki henni má ætla að óvissa hafi ríkt um verðmæti hennar.

Í minnispunktum fyrrverandi forstöðumanns fjármálasviðs Sparisjóðsins í Keflavík til lögmanns vegna fréttaumfjöllunar um Fossvogshyl ehf. í febrúar 2011 kom fram að einkahlutafélagið hafi verið nýtt til að vista stofnfjárbréf í Sparisjóði Húnaþings og Stranda og Sparisjóði Vestfirðinga sem voru í eigu Sparisjóðsins í Keflavík. „Ólíkt því sem gerist við samruna hlutafélaga er sá kostur ekki mögulegur fyrir sparisjóði að eiga eigin bréf eftir samruna. Í eigu Sparisjóðsins í Keflavík voru hlutir í hinum sjóðunum tveimur sem hefðu eyðst við samrunann.“***** Rannsóknarnefndinni er ekki kunnugt um ákvæði laga eða reglna sem leiða myndu til þessa og gat forstöðumaðurinn ekki gefið frekari skýringar á því. Margir sparisjóðir áttu stofnfjárbréf í sjálfum sér en þau veita ekki atkvæðisrétt á stofnfjárhafafundum og ekki er greiddur arður af eigin bréfum sparisjóðs. Arðstekjur Fossvogshyls ehf. á árinu 2008, þ.e. arðgreiðslur vegna ársins 2007, voru 48,5 milljónir króna. Samkvæmt minnispunktunum gekk arðurinn að fullu til niðurgreiðslu á viðskiptaskuld félagsins við Víkur ehf.

* Í bréfi Sverris Geirmundssonar til rannsóknarnefndarinnar 28. janúar 2014 er því hafnað að Sverrir hafi átt félagið. Hann hafi, að ósk endurskoðandans, samþykkt að sitja tímabundið í stjórn félagsins í byrjun árs 2008 og undirritað skjöl, að því er hann taldi, því til staðfestingar. Honum hafi ekki verið ljóst að um væri að ræða undirritun á framsal hlutanna og hann hafi aldrei talið sig eiganda félagsins. Þá hafi bæði endurskoðandi og starfsmenn sparisjóðsins verið meðvitaðir um að Sverrir greiddi engin gjöld eða rekstrarkostnað fyrir félagið, slíkt hafi verið greitt af sparisjóðnum. Því hafi enginn litið svo á að hann hafi átt það, þótt hann kunni að hafa verið skráður fyrir félaginu án þess að vita af því. Í ársreikningi félagsins vegna ársins 2007, sem útbúinn var af Deloitte hf., var Sverrir Geirmundsson skráður eini eigandi félagsins. Sverrir hefur óskað eftir því og fengið samþykkt hjá ársreikningaskrá að sá reikningur verði felldur brott.

** Skýrsla Páls Grétars Steingrímssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 14. nóvember 2013. Í athugasemdum Geirmundar Kristinssonar, fyrrverandi sparisjóðsstjóra, til rannsóknarnefndarinnar 19. desember 2013 sagði hann þetta vera rangt. Hann hefði beðið endurskoðanda um annað félag í september 2008, Einiturn ehf.

*** Skýrsla Geirmundar Kristinssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 12. ágúst 2013.

**** Skýrsla Sverris Geirmundssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 22. nóvember 2013.

***** Drög að minnispunktum Árna Björgvinssonar, fyrrverandi forstöðumanns reikningshalds hjá Sparisjóðnum í Keflavík, til lögmanns vegna umfjöllunar um Fossvogshyl ehf. í fjölmiðlum, 6. febrúar 2011.

19.3 Fjáreignir og fjárfestingar

Í þessum kafla er fjallað almennt um fjárfestingar Sparisjóðsins í Keflavík og miðað við fjárhagsupplýsingar samstæðunnar nema annað sé tekin fram. Þá er litið til nokkurra stórra fjárfestinga sparisjóðsins sem höfðu töluverð áhrif á rekstur hans. Til að varpa ljósi á fjáreignir, fjárfestingarstefnu og starfshætti sparisjóðsins tengda þeim, er litið til þeirra reglna sem giltu í sparisjóðnum, hverjir tóku og máttu taka ákvarðanir um fjárfestingar og á hvaða forsendum þær voru gerðar. Þá er einnig fjallað um helstu dótturfélög sparisjóðsins.

19.3.1 Skipulag og reglur

Í reglum Sparisjóðsins í Keflavík um störf sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra frá 19. desember 2003 sagði meðal annars í 9. gr. um hlutverk stjórnar:

> Stjórn sparisjóðsins skal sinna stefnumótun, eftirliti og töku meiri háttar ákvarðana í rekstri sparisjóðsins. Sparisjóðsstjórn fer með málefni sparisjóðsins og skal hún annast um að stjórnskipulag rekstrar hans og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórnin skal tryggja að nægilegt eftirlit sé með bókhaldi og meðferð fjármuna sparisjóðsins.
>
> Sparisjóðsstjórninni ber að setja markmið varðandi áhættur í starfseminni, ákveða mörk áhættutöku og byggja upp eftirlit með áhættum í rekstrinum sbr. reglur um áhættustýringu Spkef. Þá ber stjórninni að fylgja eftir settum markmiðum. Sparisjóðurinn skal hafa tryggt eftirlit með áhættu í starfsemi sinni.[179]

Í 14. gr. sömu reglna var fjallað um starfsskyldur sparisjóðsstjóra og sagði meðal annars:

> Sparisjóðsstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri sparisjóðsins. Hann fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum sparisjóðsins sem ekki eru falin öðrum skv. lögum nr. 161/2002 eða samþykktum sparisjóðsins. Sparisjóðsstjóri stendur fyrir rekstri sparisjóðsins í samræmi við þær reglur sem settar eru af sparisjóðsstjórn skv. samþykktum hans og lögum. […]

179. Reglur um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra Sparisjóðsins í Keflavík, 19. desember 2003.

> Sparisjóðsstjóri ber ábyrgð á að greina, mæla, fylgjast með og hafa eftirlit með áhættu sem starfseminni fylgja. Honum ber að viðhalda skipuriti sem skýrt tilgreinir ábyrgðarsvið, heimildir starfsmanna og boðleiðir innan sparisjóðsins.[180]

Í 26. grein reglnanna var fjallað um mörk fjárfestingarheimilda:

> Heimildir sparisjóðsstjóra til fjárfestingar í verðbréfum skulu vera sambærilegar við heimildir hans til lánveitinga. Stjórn sparisjóðsins getur einnig sett sérstakar reglur um mörk heimilda sparisjóðsstjóra til fjárfestingar í verðbréfum.
>
> Fjárfesting í öðrum fasteignum en fullnustueignum skal borin upp í stjórn, sem og önnur þau fjárfestingaráform sem telja má meiriháttar eða óvenjuleg. Sem dæmi má nefna kaup á meiriháttar tölvubúnaði og fyrirhuguð opnun útibúa og afgreiðslustaða.[181]

Í 1. gr. reglna um lánveitingar og ábyrgðir Sparisjóðsins í Keflavík frá 19. mars 2003 sagði að sparisjóðsstjóri bæri ábyrgð á útlánum og ábyrgðarveitingum sparisjóðsins. Ákvörðun um útlán eða ábyrgðir sem voru umfram 10% af eigin fé sparisjóðsins eða hærri en 70 milljónir króna bar að tilkynna til stjórnar á næsta fundi þar á eftir. Nýjar útlánareglur tóku gildi 29. mars 2005, og hvað varðar útlánaheimildir svipaði þeim til 1. gr. reglnanna frá 19. mars 2003, nema hvað ekkert hámark var sett á fjárhæðirnar en eingöngu miðað við hlutfall af eigin fé og var það eftir sem áður 10%.[182] Með vísan til 26. gr. starfsreglnanna má því ætla að sparisjóðsstjóri hafi alfarið borið ábyrgð á fjárfestingum sparisjóðsins og eingöngu þurft að tilkynna stjórn um stærri fjárfestingar en ekki að bera þær undir hana. Hvort sem um var að ræða lánveitingar eða fjárfestingar, hefur vald sparisjóðsstjóra þó verið háð takmörkunum laga, svo sem um hámark áhættuskuldbindinga.

Innan Sparisjóðsins í Keflavík var deild sem kölluð var viðskiptastofa. Hún sá um eigin viðskipti sparisjóðsins og verðbréfaviðskipti fyrir viðskiptavini, þar á meðal stofnfjármarkað sparisjóðsins eftir að hann var stofnaður. Að sögn forstöðumanns fjárhagssviðs sparisjóðsins voru eigin viðskipti sparisjóðsins í gegnum viðskiptastofu ekki umsvifamikil.[183]

Árið 2004 var stofnað nýtt starfssvið innan sparisjóðsins, áhættustýring og útlánaeftirlit. Framkvæmdastjóri þess og eini starfsmaður var Jón Axelsson. Hann leit svo á að hlutverk sitt hefði verið að halda utan um gögn, greina lánasöfn og upplýsa yfirmenn um gæði og áhættu sem tengdust þeim: „Ég fékk þau skilaboð að mitt hlutverk væri aðallega að greina lánasafn, stjórn væri með [fjárfestingar] á sinni könnu.“[184]

Takmörkuð áhersla áhættustýringar og útlánaeftirlits á áhættu af fjáreignum kom berlega í ljós í endurskoðunarskýrslu sparisjóðsins fyrir árið 2004. Þar sagði frá nýju skipuriti sparisjóðsins og að veigamesta breytingin á því væri áhættustýring og útlánaeftirlit. Skýrslan fjallar um útlán og flokkun skuldara sjóðsins en ekki um áhættustýringu varðandi fjáreignir.

Nýjar starfsreglur stjórnar og sparisjóðsstjóra voru undirritaðar 26. febrúar 2007. Ákvæði um skyldur og störf stjórnar og sparisjóðsstjóra voru uppfærð en breyttust ekki efnislega. Í nýrri 29. gr. reglnanna var fjallað um mörk fjárfestingarheimilda en þau voru breytt frá því sem áður var og ekki skilgreind með sama hætti:

> Árlega skal leggja fyrir stjórn fjárfestingaráætlun, sem hluta af rekstraráætlun hvers árs. Verði veruleg frávik frá fjárfestingaáætlun skal gera stjórn grein fyrir þeim.

Ekki er að sjá af fundargerðum stjórnar sparisjóðsins að hún hafi nokkru sinni fjallað um fjárfestingaráætlun hans.[185]

Sparisjóðurinn skilgreindi feril áhættustýringar árið 2007 en þar var markaðsáhætta skilgreind svo:

---

180. Reglur um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra Sparisjóðsins í Keflavík, 19. desember 2003.
181. Reglur um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra Sparisjóðsins í Keflavík, 19. desember 2003.
182. Í nýrri reglunum var fjallað um eigið fé eins og það er skilgreint í 84. og 85. gr. laga nr. 161/2001. Í eldri reglunum var eingöngu talað um eigið fé og það ekki skilgreint frekar.
183. Skýrsla Þrastar Leóssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 14. desember 2012.
184. Skýrsla Jóns Axelssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2012.
185. Í athugasemdum til rannsóknarnefndarinnar 19. desember 2013 sagði Geirmundur Kristinsson að fjárfestingaráætlun hefði alltaf verið lögð fyrir stjórn en engin gögn fundust því til staðfestingar. Yfirferð rannsóknarnefndarinnar sýnir ekki að fjárfestingaráætlanir hafi verið teknar fyrir í stjórn sparisjóðsins. Starfsáætlun sparisjóðsstjórnar var tekin fyrir á stjórnarfundi 21. mars 2007, en á henni var ekki að sjá að fjárfestingar eða yfirferð þeirra væri skipulögð á árinu 2007.

> Markaðsáhætta er einn af helstu áhættuþáttum í rekstri fjármálafyrirtækis, en markaðsáhætta er sú áhætta sem skapast vegna óvissu í flæði framtíðartekna eða – gjalda sem afleiðing af verð- og/eða vaxtabreytingum á markaði. Hér getur verið um að ræða breytingu á vaxtastigi, breytingu á hlutabréfaverði og/eða breytingu á gengi gjaldmiðla.[186]

Jafnframt var fjallað um verðáhættu eða hlutabréfaáhættu:

> Verðáhætta tengist gengi skráðra hlutabréf í kauphöll. Hlutabréfaverð er sveiflukennt og helstu áhrifaþættir hlutabréfaverðs eru í raun framboð og eftirspurn á hverjum tíma. Þeir þættir breytast svo í takt við aðstæður í hagkerfinu ásamt því að fylgja breytingum á vaxtastigi hverju sinni. Ein leið til að minnka áhættu í hlutabréfasafni er að dreifa áhættunni, fjárfesta í mismunandi tegundum fyrirtækja til að minnka sveiflur eignasafnsins.[187]

Hlutverk áhættustýringar samkvæmt útboðslýsingu sparisjóðsins haustið 2007 var:

> Að greina áhættu sparisjóðsins á hverjum tíma, fylgjast með og meta áhættuþætti og setja ákveðin viðmiðunarmörk einstakra áhættuþátta. Jafnframt skal áhættustýring og útlánaeftirlit fylgjast með og stýra áhættu sparisjóðsins, sem kann að hafa veruleg áhrif á afkomu hans, og sjá til þess að viðeigandi vörnum verði við komið á hverjum tíma. Áhættustýring og útlánaeftirlit skal einnig gefa aðvaranir og ábendingar þegar áhætta nálgast sett viðmiðunarmörk, og grípa þá til viðeigandi aðgerða.[188]

Sparisjóðurinn setti ekki sérstakar reglur um framkvæmd áhættustýringar fyrr en síðla árs 2008, í kjölfar gagnrýni Fjármaáleftirlitsins eftir skoðun þess á útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirliti með peningaþvætti um mitt ár 2008.[189]

Forstöðumaður áhættustýringar og útlánaeftirlits sagðist í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni hafa bent stjórn sparisjóðsins á áhættu vegna verðbréfa að eigin frumkvæði. Það hefði hann gert meðal annars með því að flytja erindi og leggja fram gögn á stjórnarfundum. Hann hefði hins vegar fengið óbein skilaboð frá yfirmönnum sínum um að utanumhald um fjárfestingar væru á vegum stjórnar:

> Maður sá það kannski 2007, það var þessi stóra og mikla áhætta í hlutabréfum, en ég fékk þau kláru skilaboð að það væri stefna að eiga safnið eins og það væri, Icebank eða Exista, Kista eða hvað þetta hét, það var stefnan. Ég sá það alveg strax að ég var ekkert að fara að breyta því, sama hvað ég legði fyrir.[190]

Aðspurður um hvort það að skilja fjárfestingaráhættu frá eftirliti áhættustýringar hefði veikt gagnsemi sviðsins sagði forstöðumaðurinn:

> Jú, en maður leit á það þannig að stjórnin fylgdist mjög vel með þessum stóra áhættuþætti sem voru hlutabréfin og ég taldi þá að það væri gott mál að þeir fylgdust vel með því. […] Það segir sig sjálft að ef áhættustýring á að horfa heildstætt á hlutina, þá á þetta að vera hluti af [henni]. Það að leggja þennan lista fyrir stjórnina var hluti af því að benda á að það væri ekki bara útlánaáhætta, það væri önnur áhætta til staðar, stór og vaxandi.[191]

Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins frá september 2008, sem unnin var eftir vettvangsathugun hjá Sparisjóðnum í Keflavík það sumar, kom fram að sparisjóðurinn hefði ekki sett reglur um áhættustýringu og að engin viðmið hefðu verið um hámark einstakra verðbréfaútgefenda í verðbréfasafni sparisjóðsins eða takmarkanir á kaupum á óskráðum bréfum. Engin kerfi hefðu verið til staðar hjá sparisjóðnum til að halda utan um markaðsáhættu og mat á eignum var ekki uppfært reglulega. Engin aðferðafræði var til við að meta áhættu, t.d. álagspróf eða vágildisgreining. Verðmat á óskráðum hlutabréfum í eigu sparisjóðsins

186. Áhættuþættir Sparisjóðsins í Keflavík, ferill áhættustýringar, verkáætlun og áhættuþættir, 2007. Í athugasemdum til rannsóknarnefndarinnar 16. desember 2013 sagði Geirmundur Kristinsson, fyrrverandi sparisjóðsstjóri, að þetta hafi ekki verið í fyrsta skipti sem ferillinn var skilgreindur. Rannsóknarnefndin hefur þó engin gögn um fyrri eða síðari skilgreiningar.
187. Áhættuþættir Sparisjóðsins í Keflavík, ferill áhættustýringar, verkáætlun og áhættuþættir, 2007.
188. Útboðslýsing Sparisjóðsins í Keflavík, 12. september 2007. Útgefandalýsing III, bls. 15.
189. Reglurnar voru samþykktar á stjórnarfundi 28. október 2008.
190. Skýrsla Jóns Axelssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2012.
191. Skýrsla Jóns Axelssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2012.

væri óraunhæft og villandi. Eignir væru ofmetnar og fyrirséð að sparisjóðurinn þyrfti að færa niður eignir um verulegar fjárhæðir. Að mati Fjármálaeftirlitsins var utanumhald, yfirsýn og eftirlit með fjárfestingum óviðunandi og yfirsýn yfir áhættur ófullnægjandi.[192]

Sparisjóðsstjóri hafði eftirfarandi að segja um áherslur stjórnar og sparisjóðsstjóra í eftirliti með fjárfestingum:

> Við fylgdumst náttúrulega náið með þessum fjárfestingum, bæði Icebank og Exista. Aðrar fjárfestingar voru bara lítilræði í samanburði við það. Við vorum bara með okkar áhættustýringu sem fjallaði um þetta og síðan var stöðugt verið að fylgjast með. Það er ekki eins og við höfum ekkert vitað af þessu fyrr en um áramót, það var fylgst daglega með þessum félögum.[193]

Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni gat fyrrverandi stjórnarformaður, Þorsteinn Erlingsson, ekki með góðu móti lýst eftirliti með fjárfestingum og áhættustýringu:

> Spyrjandi: Var það ekki rætt hvernig ætti að verja þessum fjárfestingum, í hvaða félögum ætti að kaupa og svo framvegis?
>
> Þorsteinn Erlingsson: Jú, auðvitað var þetta rætt og út og suður, já.
>
> Spyrjandi: Og hver var niðurstaðan úr þeim umræðum?
>
> Þorsteinn Erlingsson: Ég get ekkert verið að segja einhverja niðurstöðu.[194]

Stjórnarformaður sparisjóðsins gat að öðru leyti ekki upplýst rannsóknarnefndina frekar um atriði sem vörðuðu fjárfestingar sparisjóðsins. Gefur þetta tilefni til þess að ætla að eftirlit stjórnar með áhættu tengdri verðbréfum og öðrum fjárfestingum hafi verið takmarkað.

19.3.2 Fjáreignir

Fjáreignir eru af þrennum toga í þessari umfjöllun; hlutir í hlutdeildarfélögum, hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum, og markaðsskuldabréf og önnur skuldabréf með föstum tekjum. Jafnan er fjallað um þær tvær fyrstnefndu saman sem eignarhluti. Fjáreignir voru minnst 7% af eignasafni Sparisjóðsins í Keflavík árið 2003 og mest 23% árin 2006 og 2007. Fjáreignir námu 22 milljörðum króna í árslok 2007.

Mynd 10. Fjáreignir Sparisjóðsins í Keflavík í árslok 2001–2009.[195]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum	610.194	450.598	328.598	434.114	623.804	1.701.933	1.937.561	495.909	1.941.662
Hlutabréf og verðbréf með breytil. tekjum	889.703	974.618	855.606	1.635.952	3.843.476	9.061.856	18.541.996	3.607.228	1.558.316
Markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum	383.910	449.503	216.778	377.266	450.108	508.134	1.355.681	3.650.753	4.280.871

192. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóðnum í Keflavík, september 2008. Í athugasemdum sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins sem bárust áður en skýrslan sem hér er vísað til kom út (athugasemdir við drög að skýrslu) kom fram að samruni við aðra sparisjóði hefði valdið vandkvæðum við að ná saman heildarmynd yfir fjárfestingar og áhættur sparisjóðsins, en vinna við að draga saman verðbréfatengdar áhættur stæði yfir. Þá mótmælti sparisjóðurinn þeim aðfinnslum að hann hefði ekki útbúið fullnægjandi skjalfesta ferla til að meta áhættu.

193. Skýrsla Geirmundar Kristinssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 12. ágúst 2013.

194. Skýrsla Þorsteins Erlingssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 7. ágúst 2013.

195. Ársreikningar Sparisjóðsins í Keflavík 2001–2009.

Mynd 11. Fjáreignir sem hlutfall af bókfærðu eigin fé og heildareignum Sparisjóðsins í Keflavík í árslok 2001–2009.[196]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Sparisjóðurinn í Keflavík, hlutfall af eigin fé	108%	103%	59%	91%	131%	122%	86%	143%	
Aðrir sparisjóðir, hlutfall af eigin fé	167%	140%	133%	137%	135%	126%	91%		
Sparisjóðurinn í Keflavík, hlutfall af heildareignum	11%	10%	7%	9%	15%	23%	23%	8%	9%
Aðrir sparisjóðir, hlutfall af heildareignum	17%	15%	15%	15%	16%	20%	18%	7%	9%

Frá árinu 2005 var hlutfall fjáreigna af eigin fé Sparisjóðsins í Keflavík svipað og í öðrum sparisjóðum en í árslok 2008 varð það mun hærra. Það má rekja til þess að Sparisjóður Mýrasýslu og Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, sem vega þungt í samtölu annarra sparisjóða, voru með neikvætt eigið fé. Frá árinu 2005 voru fjáreignir hærra hlutfall af heildareignum Sparisjóðsins í Keflavík en í öðrum sparisjóðum. Hins vegar vógu eignarhlutar mun þyngra í eignasafni Sparisjóðsins í Keflavík en annarra sparisjóða, allt frá árinu 2001. Almennt eru meiri gengisbreytingar á eignarhlutum en skuldabréfum, sem hefur áhrif á áhættu af fjáreignum á rekstur sparisjóðs.

Mynd 12. Eignarhlutir í félögum sem hlutfall af fjáreignum Sparisjóðsins í Keflavík og sama hlutfall í sparisjóðakerfinu (utan Sparisjóðsins í Keflavík) í árslok 2001–2009.[197]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Sparisjóðurinn í Keflavík	80%	76%	85%	85%	91%	95%	94%	53%	45%
Aðrir sparisjóðir	52%	38%	46%	53%	69%	77%	73%	46%	33%

Vöxtur fjáreigna var einkum drifinn af hlutabréfum og verðbréfum með breytilegum tekjum en skráð hlutabréf á markaði hækkuðu mikið frá 2005 til 2007 og naut sparisjóðurinn góðs af. Með upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IFRS) árið 2007 voru fjáreignir færðar upp um 546 milljónir króna í upphafi árs. Á sama ári tók sparisjóðurinn að færa

196. Ársreikningar Sparisjóðsins í Keflavík 2001–2009; ársreikningar sparisjóðanna 2001–2009.
197. Ársreikningar Sparisjóðsins í Keflavík 2001–2009; ársreikningar sparisjóðanna 2001–2009.

óskráðar fjáreignir á gangverði, en áður höfðu þær verið færðar með hlutdeildaraðferð eða á kaupverði. Sú breyting hafði í för með sér virðishækkanir bréfa á bókum sparisjóðsins og stækkun fjárfestingasafnsins. Vöxtur fjáreigna var að mjög takmörkuðu leyti drifinn af nýfjárfestingum. Árið 2006 jukust fjáreignir til að mynda um 6,4 milljarða króna en þar af voru 550 milljónir króna vegna nýfjárfestinga umfram sölu verðbréfa. Ári síðar var fjárfest fyrir rúman milljarð króna.[198] Skuldabréf voru lítill hluti fjáreigna sparisjóðsins allt til ársins 2008 þegar þau hækkuðu um 2,3 milljarða króna og námu 3,7 milljörðum í árslok.

Sparisjóðurinn í Keflavík, líkt og flestir aðrir sparisjóðir, naut góðs af gengisþróun á verðbréfamörkuðum og því að færa óskráðar fjáreignir á gangvirði, enda hækkaði hlutfall fjáreigna af eigin fé stöðugt í flestum sparisjóðum frá og með árinu 2004, og í mörgum þeirra voru fjáreignir hærra hlutfall eigin fjár en í Sparisjóðnum í Keflavík.

19.3.3 Tekjur af fjáreignum

Tekjur af fjáreignum eru gengishagnaður vegna hlutabréfa og verðbréfa með breytilegum tekjum, verðbreytingar skuldabréfa, hlutdeild í afkomu hlutdeildarfyrirtækja og arðstekjur. Vaxtatekjur af skuldabréfum teljast ekki til tekna af fjáreignum og færast með öðrum vaxtatekjum. Ávöxtun er reiknuð sem hlutfall tekna af fjáreignum á einu ári af meðalstöðu hlutabréfa og verðbréfa með breytilegum tekjum og hluta í hlutdeildarfyrirtækjum á árinu.[199]

Söluhagnaður fjáreigna Sparisjóðsins í Keflavík var yfirleitt færður meðal gengishagnaðar en ekki meðal „annarra tekna“ í ársreikningum, eins og tíðkaðist hjá flestum öðrum sparisjóðum. Þetta skekkir samanburðarmyndir, þar sem tekjur Sparisjóðsins í Keflavík af fjáreignum virðast meiri en í öðrum sparisjóðum. Þetta skiptir sérstaklega miklu máli á árinu 2003 þegar Sparisjóðurinn í Keflavík hafði 665 milljóna króna söluhagnað af hlut í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. Þá var söluhagnaður af eignarhlut sparisjóðsins í Alþjóða líftryggingarfélaginu 132 milljónir króna árið 2005.

Mynd 13. Árleg ávöxtun Sparisjóðsins í Keflavík og annarra sparisjóða 2001–2009.[200]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Aðrir sparisjóðir	0%	10%	24%	35%	43%	45%	19%	-118%	-58%
Sparisjóðurinn í Keflavík	8%	3%	66%	40%	46%	83%	19%	-89%	-56%

198. Skýrsla Deloitte hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðsins í Keflavík 2006; skýrsla Deloitte hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðsins í Keflavík 2007.

199. Rétt er að benda á að ávöxtun er hér reiknuð sem hlutfall af meðalstöðu eigna. Þegar tap verður á eignum, eins og varð 2008 og 2009, verður ávöxtun neikvæð. Í einhverjum tilvikum verður hún neikvæð um meira en 100% vegna þess að tapi er deilt í meðalstöðu eigna. Ekki ætti að vera hægt að tapa meiru en fjárfest hefur verið fyrir (að því gefnu að engir framvirkir samningar séu til staðar) en með þeirri aðferð sem notuð er hér við að reikna ávöxtun getur hún birst með þessum hætti. Því er ekki verið að gera því skóna hér að sparisjóðirnir hafi tapað meiru en þeir áttu í fjáreignum.

200. Ársreikningar Sparisjóðsins í Keflavík 2001–2009; ársreikningar sparisjóðanna 2001–2009.

Árið 2001 var hagnaður af verðbréfaeign sparisjóðsins nær eingöngu vegna þess að eignarhlutur hans í Kaupþingi var færður úr fjárfestingabók í veltubók og farið að færa hann á gangvirði í stað kaupverðs. Á árinu 2002 voru tekjur af fjáreignum litlar en árleg ávöxtun fjáreigna Sparisjóðsins í Keflavík var með mjög góðu móti frá 2003 til og með 2006 þegar hún var að meðaltali tæplega 59%. Ávöxtun sparisjóðanna var meiri en hækkun íslensku úrvalsvísitölunnar sem hækkaði aðeins um 16% árið 2006 og lækkaði um 1% árið 2007.[201]

Áhrif fjáreigna á eigið fé Sparisjóðsins í Keflavík voru töluverð. Á mynd 14 gefur að líta uppsafnaða afkomu fjáreigna sparisjóðsins á verðlagi ársins 2011 og er því ekki um að ræða tölur á verðlagi hvers árs eins og annars staðar í umfjölluninni. Uppsöfnuð afkoma af fjáreignum áranna 2001–2007 á föstu verðlagi ársins 2011 nam 18,2 milljörðum króna en á sama tíma stækkaði varasjóður um 14,7 milljarða króna, miðað við sömu forsendur. Frá 2001 til 2007 voru tekjur af fjáreignum því meiri en stækkun varasjóðs. Á árunum 2008 og 2009 var tap af fjáreignum 16 milljarðar króna á verðlagi ársins 2011 eða um 2,5 milljörðum minna en hagnaður fjáreigna síðustu sjö ára þar á undan.

Mynd 14. **Árlegar og uppsafnaðar tekjur af fjáreignum Sparisjóðsins í Keflavík 2001–2009 miðað við fast verðlag 2011.**[202]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Tekjur af fjáreignum	222.060	68.662	1.431.310	1.042.878	2.339.057	9.124.194	4.019.496	(13.660.787)	(2.353.050)
Uppsafnaðar tekjur af fjáreignum	222.060	290.722	1.722.032	2.764.910	5.103.967	14.228.160	18.247.657	4.586.870	2.233.819

Stjórnendur sparisjóðsins gerðu sér fyllilega grein fyrir því hvaða þýðingu tekjur af fjárfestingarstarfsemi sparisjóðsins höfðu fyrir rekstur hans:

> Allur hagnaður eða tekjur komu frá fjármálastarfsemi, það held ég að hafi verið víðar, m.a. hjá tryggingafélögunum. Menn sáu að það kom ekkert út úr neinu nema fjármálabraskinu, þetta er bara heildarmyndin í þessu.[203]

Þá benti endurskoðandi á stærð og þýðingu fjáreigna fyrir rekstur sparisjóðsins í endurskoðunarskýrslum. Í skýrslu vegna ársins 2006 benti endurskoðandi á að „hefðbundinn“ rekstur sparisjóðsins stæði ekki undir kostnaði:

> Í síðustu bréfum okkar höfum við sett fram kennitölu þar sem önnur rekstrargjöld eru sett í samhengi við hreinar vaxtatekjur. Fyrir þremur árum reyndust rekstrargjöldin í fyrsta sinn hærri en vaxtajöfnuðurinn og var munurinn 11,2% það ár. Í fyrra var munurinn 5,5% en í ár er munurinn 95%, þ.e.a.s. hreinar vaxtatekjur eru ekki nema rétt rúmlega helmingur af öðrum rekstrargjöldum. Hafa ber þó í huga að auknar launagreiðslur vegna kaupauka skekkja hlutfallið, en þróunin er eftir sem áður augljós í þá átt að ekki er lengur hægt að reka sjóðinn með hreinni útlánastarfsemi.[204]

201. Úrvalsvísitalan tók ekki tillit til arðgreiðslna sem fyrirtæki greiddu. Að þeim viðbættum var vegin ávöxtun hlutabréfa mæld í vísitölunni að nafnvirði ögn betri.
202. Ársreikningar Sparisjóðsins í Keflavík 2001–2009. Útreikningur á föstu verðlagi ársins 2011 er skýrður í 8. kafla.
203. Skýrsla Kristjáns G. Gunnarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 6. ágúst 2013.
204. Skýrsla Deloitte hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðsins í Keflavík 2006.

Mynd 15. Tekjur af fjáreignum og hagnaður fyrir skatta hjá Sparisjóðnum í Keflavík 2001–2009.[205]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Gengishagn. (tap) af fjáreignum	118.222	(11.775)	715.172	532.331	1.296.278	5.040.581	4.692.462	(6.534.268)	(1.995.538)
Arðstekjur og hlutdeildartekjur	6.525	52.440	149.950	117.656	219.914	1.257.151	(1.773.693)	(4.451.480)	(144.971)
Hagnaður (tap) fyrir skatta	130.632	140.667	738.169	508.931	1.392.605	5.616.887	2.233.874	(19.064.204)	(21.208.316)

Afkoma sparisjóðsins af fjáreignum var iðulega svipuð eða meiri en afkoma af rekstri sparisjóðsins fyrir skatta, sem kemur heim og saman við það sem vitnað er til úr skýrslum starfsmanna sparisjóðsins hér frama. Tap ársins 2008 var að hluta til vegna fjáreigna en að minni hluta vegna afskrifta af útlánum. Afskriftir útlána voru hins vegar meginástæða taps ársins 2009.

19.3.4 Umfjöllun um einstakar eignir og stærstu niðurfærslur

Stærstu fjáreignir Sparisjóðsins í Keflavík voru hlutir í Exista hf., Kistu – fjárfestingarfélagi ehf., VBS Fjárfestingarbanka hf., Sparisjóðabanka Íslands hf., Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. og SP-Fjármögnun hf.

Tap af Exista hf., Kistu – fjárfestingarfélagi ehf., Sparisjóðabanka Íslands hf. og VBS Fjárfestingarbanka hf. var 15,4 milljarðar króna árið 2008, eða 81% af tapi sparisjóðsins fyrir skatta á sama ári. Tap af þessum fjórum eignum jafngilti um 60% af eigin fé sparisjóðsins í árslok 2007. Annað tap sem vert er að nefna á árinu 2008 var tap af hlut sparisjóðsins í SP-Fjármögnun hf. upp á 806 milljónir króna, Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis sem nam 469 milljónum króna, tap af Byr sparisjóði sem nam 376 milljónum króna og 176 milljóna króna tap af eignarhlut í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf.

Árið 2008 var gengisfall íslensku krónunnar sparisjóðnum hagfellt. Gjaldeyrismunur ársins nam 6,5 milljörðum króna en hefði hans ekki notið við, hefði tap af fjáreignum árið 2008 orðið töluvert meira en raun bar vitni.

Í lok árs 2005 átti Sparisjóðurinn í Keflavík 3,8% í Exista hf., ári síðar 2,3%, tæpt 1% í lok árs 2007, 0,2% í lok árs 2008 og 0,8% í lok árs 2009. Þetta stafaði meðal annars af því að sparisjóðurinn seldi hluta eignar sinnar í Exista hf. yfir í Kistu – fjárfestingarfélag ehf. á árunum 2006 og 2007. Gengi Exista hf. var hæst í júlí 2007, rúmlega 40 krónur á hlut, en var um 22,5 krónur á hlut í lok árs 2006. Í lok árs 2007 var gengið 19,75 krónur á hlut. Því varð lítilsháttar gengislækkun milli ársloka 2006 og 2007 en sparisjóðurinn bókaði um 1,5 milljarða króna í hagnað af bréfunum á árinu 2007. Á fyrri hluta árs 2007 seldi sparisjóðurinn Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. hlutabréf í Exista hf. fyrir 4,6 milljarða króna, en þar af var helmingur greiddur í reiðufé og helmingur með hlutabréfum í Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. Þessi sala myndaði tekjur í sparisjóðnum. Með gengisbreytingum á hlutabréfum í Exista hf. frá miðju ári 2007 til ársloka tapaði fjárfestingarfélagið hins vegar töluverðu á bréfunum. Tap Sparisjóðsins í Keflavík af Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. var rúmir 2 milljarðar króna á árinu. Gengi Exista hf. hélt áfram að falla á árinu 2008 og tapaði sparisjóðurinn því enn frekar á þeim bréfum, sem og í Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. Heildartap af þessum tveimur eignum á árinu var 7,7 milljarðar króna.

205. Ársreikningar Sparisjóðsins í Keflavík 2001–2009.

Tafla 32. Fjáreignir samstæðu Sparisjóðsins í Keflavík í árslok 2005–2009.[206]

Þús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009
Exista hf.	2.623.508	5.589.219	3.160.984		
Kista – fjárfestingarfélag ehf.		930.752	1.645.739		
Samtals	**2.623.508**	**6.519.972**	**4.806.723**		
Sparisjóðabanki Íslands hf.	565.733	1.451.690	6.215.519		
Reiknistofa bankanna	31.599	34.198	34.198	48.269	48.269
Tölvumiðstöð sparisjóðanna/Teris	26.472	28.356	42.382	114.726	127.187
Verðbréfaþjónusta sparisjóðanna hf./VSP hf.	23.002	32.167	25.869	7.970	9.640
FSP Holding ehf.			126.947	325.847	92.786
Fjárfestingarfélag sparisjóðanna hf./FSP hf.	352.000	468.396			
VBS Fjárfestingarbanki hf.			2.156.158	616.092	
Samtals	998.805	2.014.808	8.601.073	1.112.904	277.882
Byr sparisjóður		132.553	583.456	217.037	
Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis		209.231	553.041		
Samtals		**341.784**	**1.136.497**	**217.037**	
Saga Capital Fjárfestingarbanki hf.			743.217	530.870	26.087
SP-Fjármögnun hf.	118.069	125.115	805.846		
Greiðslumiðlun hf.	25.884		206.981	246.000	400.000
Bláa Lónið hf.	69.979		189.015	189.014	1.114.923
Háskólavellir ehf.			122.527	466.838	354.404
Erlend skráð hlutabréf	287.913	14.786.943	894.930	219.384	318.471
Landsbanki Aquila Real Estate Fund				136.391	
Aurora Holding hf.				131.678	
Skuldabréf Reykjanesbæjar (RNB 081)				2.136.051	
Íbúða- og húsbréf	108.809	502.418	818.544	1.327.001	4.238.159
Fasteignafélagið Stoðir hf. (skuldabréf)				147.674	
Bakkavör Group hf. (skuldabréf)				78.288	
Annað	684.422	1.010.549	3.509.884	814.762	1.050.923
Samtals	**1.295.075**	**16.425.026**	**7.290.945**	**6.423.949**	**7.502.967**
Samtals	**4.917.388**	**25.301.589**	**21.835.238**	**7.753.890**	**7.780.849**

Tafla 33. Afkoma af fjáreignum samstæðu Sparisjóðsins í Keflavík 2005–2009.[207]

Þús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	Samtals
Exista hf.	1.121.725	5.017.641	1.493.500	(3.111.385)		4.521.481
Kista – fjárfestingarfélag ehf.			(2.093.650)	(4.600.143)		(6.693.793)
Sparisjóðabanki Íslands hf.	184.947	764.912	2.446.143	(6.098.975)		(2.702.973)
VBS Fjárfestingarbanki hf.			753.550	(1.555.324)	(610.865)	(1.412.640)
Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis			(631.196)	(468.581)		(1.099.777)
SP-Fjármögnun hf.			107.526	(805.847)		(698.321)
Saga Capital Fjárfestingarbanki hf.			65.217	(175.826)	(425.609)	(536.217)
Byr sparisjóður			257.058	(376.412)	(294.050)	(413.404)
FSP Holding ehf.					(244.017)	(244.017)
Verðbréfasjóðir				(133.026)		(133.026)
Verðbréfaþjónusta Sparisjóðanna hf.			(15.092)	(4.869)	1.782	(18.179)
Reiknistofa bankanna	6.679					6.679
Greiðslumiðlun hf./Valitor hf.	2.214	3.633	(4.106)	39.019		40.760
Tölvumiðstöð sparisjóðanna/Teris	(1.936)	(110)	13.409	18.323	16.131	45.817
Tjarnargata 12 ehf.		183.145				183.145
Ríkisskuldabréf/Íbúðabréf	16.475	(12.729)	35.698	318.107	(503.695)	(146.145)
Önnur innlend hlutabréf	93.873	51.223	(21.336)	(620.243)	(894.844)	(1.391.327)
Erlend hlutabréf	2.281	147.742	(68.797)	70.285	870.631	1.022.143
Gengismunur (gjaldeyrismunur)	(59.780)	40.171	251.963	6.478.671	357.153	7.068.178
Annað	149.714	102.105	325.253	40.479	(416.755)	200.796
Samtals	**1.516.192**	**6.297.732**	**2.915.140**	**(10.985.747)**	**(2.144.137)**	**(2.400.820)**

206. Taflan er byggð á sundurliðunum á eignum sparisjóðsins og dótturfélaga sem Landsbankinn afhenti rannsóknarnefndinni. Ekki reyndist mögulegt að sundurliða bókfærða eign sparisjóðsins í hlutabréfum Exista hf. í lok árs 2007 fyrir rannsóknarnefndina. Hér er því reiknað út hvert virði bréfanna var miðað við nafnverðseign sparisjóðsins og markaðsgengi í lok árs ásamt bókfærðu verði hluta í eigu Eyraeldis ehf. og Þrælsfells ehf.

207. Byggt á sundurliðun úr bókhaldi og upplýsingum úr ársreikningum Sparisjóðsins í Keflavík.

Tap Sparisjóðsins í Keflavík á Sparisjóðabankanum var 6,1 milljarður króna 2008. Í desember 2007, þegar Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis og Byr sparisjóður seldu stóran hluta eignar sinnar í Sparisjóðabankanum, jók Sparisjóðurinn í Keflavík við hlut sinn. Fyrir kaupin átti sparisjóðurinn um 17,4% hlut en keypti 3% til viðbótar.[208] Á árinu 2007 hafði sparisjóðurinn töluverðan gengishagnað af Sparisjóðabankanum. Er það meðal annars vegna þess að á árinu sameinuðust Sparisjóður Vestfirðinga og Sparisjóður Húnaþings og Stranda Sparisjóðnum í Keflavík en samtals áttu þeir um 5,2% eignarhlut. Þegar þessir eignarhlutir voru færðir á gangvirði varð mikill gengishagnaður.

Sparisjóðabanki Íslands hf. var meðal stærstu eigenda Exista hf. en minnkaði hlut sinn í félaginu smám saman frá árinu 2006, meðal annars með því að selja Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. hlutabréfin. Í lok árs 2005 átti bankinn 5,8% í Exista hf., ári síðar 3,5% og 2,5% í lok árs 2007. Stór hluti af eigin fé Sparisjóðsins í Keflavík var bundinn í þessu eina félagi, Exista hf., í gegnum beina eign hans sem og óbeina eign í gegnum Kistu – fjárfestingarfélag ehf. og Sparisjóðabanka Íslands hf.

Tafla 34. Bein og óbein eign Sparisjóðsins í Keflavík í hlutabréfum Exista hf. sem hlutfall af eigin fé.[209]

Þús. kr.	2005		2006		2007	
	Hlutfall af eigin fé Sparisjóðsins í Keflavík		Hlutfall af eigin fé Sparisjóðsins í Keflavík		Hlutfall af eigin fé Sparisjóðsins í Keflavík	
Beinn eignarhlutur í Exista hf.	2.623.508	69,7%	5.589.144	60,3%	3.160.984	12,4%
Óbeinn eignarhlutur í Exista hf. í gegnum Kistu – fjárfestingarfélag ehf.		0,0%	1.814.350	19,6%	6.901.664	27,1%
Óbeinn eignarhlutur í Exista hf. í gegnum Sparisjóðabanka Íslands hf.	275.508	7,3%	1.030.847	11,1%	1.060.345	4,2%
Samtals eignarhlutur í Exista hf.	2.899.016	77,0%	8.434.340	91,0%	11.122.993	43,7%
Eigið fé Sparisjóðsins í Keflavík	3.763.674		9.272.362		25.461.011	

Eign sparisjóðsins í Exista hf. var orðin rúmlega 90% af eigin fé sparisjóðsins ef horft er bæði til beinnar eignar hans og þess sem hann átti í gegnum Kistu – fjárfestingarfélag ehf. og Sparisjóðabanka Íslands hf. í lok árs 2006. Þetta breyttist mjög í árslok 2007 að mestu vegna stofnfjáraukningar og sameiningar sparisjóðsins við tvo aðra sjóði. Með hærra eigin fé lækkaði hlutfall bréfa í Exista hf. af eigin fé sparisjóðsins. Hlutabréf í félaginu héldu þó áfram að hafa mikil áhrif á rekstur sparisjóðsins. Fyrrverandi forstöðumaður áhættu- og útlánastýringar sparisjóðsins talaði um að áhætta tengd þessum þremur félögum hefði verið „risaáhætta“ í sparisjóðnum.[210]

Exista hf. og Kista – fjárfestingarfélag ehf.

Sparisjóðurinn í Keflavík var meðal þeirra sparisjóða sem stofnuðu SP-eignarhaldsfélag hf. sem var eignarhaldsfélag sjö sparisjóða um eign þeirra í Kaupþingi hf. Félagið breytti síðar um nafn og hét Meiður ehf. og svo Exista ehf. (sem varð síðar hlutafélag, hf.). Virði Meiðs hækkaði töluvert fram til ársins 2004 vegna hækkana á virði Kaupþings Búnaðarbanka hf. Hlutabréf í bankanum voru 60% af eignum Meiðs hf. í árslok 2003 og 78% ári síðar.[211] Vægi þessara bréfa var meginástæða þess að Fjármálaeftirlitið taldi að flokka skyldi Meið ehf. sem félag tengt fjármálastarfsemi.[212] Meiður breytti nafni sínu í Exista á fyrri hluta árs 2005 og var nafnbreytingin sögð haldast í hendur við þáttöku félagsins í stórum verkefnum bæði á Íslandi og erlendis. Stuttu síðar varð Exista meðeigandi að sérstöku félagi, Skiptum ehf., til að halda utan um gerð tilboðs í Landssíma Íslands. Skipti ehf. eignaðist

208. Til þess kom þó ekki að eignarhluturinn færi yfir 20% þar sem sparisjóðurinn seldi lítinn hlut til Smáraturns ehf. Sjá nánari umfjöllun framar í kaflanum.

209. Hér eru nýttar sundurliðanir frá sparisjóðnum sjálfum um eignarhlut hans í Exista hf., ársreikningar Kistu – fjárfestingarfélags ehf. og sundurliðanir frá Sparisjóðabanka Íslands hf. á verðbréfaeign hans. Hlutfallsleg eign í gegnum Kistu og Sparisjóðabankann er reiknuð miðað við eignarhlut sparisjóðsins í þessum tveimur félögum eins og þeir voru skráðir á hlutafjármiða í árslok hvers árs um sig. Þá er virði bréfanna í Exista hf. hér sett fram eins og það var skráð í bækur hvers félags. Á árinu 2007 er tekið tillit til eignarhlutar Þrælsfells ehf. og Eyraeldis ehf., dótturfélaga þeirra sparisjóða sem sameinuðust Sparisjóðnum í Keflavík á árinu.

210. Skýrsla Jóns Axelssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2012.

211. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2004.

212. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 6. september 2004. Í bréfinu kom meðal annars fram að ef 50% eða meira af heildareignum félags væri eignarhlutur í lánastofnun, teldist það alltaf fyrirtæki tengt fjármálasviði í skilningi laga um fjármálafyritæki. Í bréfinu er vísað til fyrirtækis tengdu fjármálafyrirtæki, en þar er átt við fyrirtæki tengt fjármálasviði.

hlut ríkisins í Landssímanum með hæsta tilboði í hlutinn. Á árinu 2006 eignaðist Exista ehf. Vátryggingafélag Íslands og Lýsingu. Í febrúar 2007 keypti Exista hf. 15,5% í finnska tryggingarfélaginu Sampo Oyj.[213]

Undanfari breytinga á starfsemi Exista hf. var breytt eignarhald í félaginu. Það hafði upprunalega verið stofnað til þess að halda utan um eignarhlut sparisjóða og Sparisjóðabankans í Kaupþingi. Samkvæmt ársreikningi Meiðs ehf. fyrir árið 2003 voru tveir hluthafar með stærri en 10% hlut í félaginu í árslok; Bakkabræður Holding S.a.r.l. (59,1%) og Kaupþing Búnaðarbanki hf. (19,2%).

Eignarhlutur Sparisjóðsins í Keflavík í Exista hf. var 3,8% í lok árs 2005. Á stjórnarfundi sparisjóðsins 12. desember 2005 var samþykkt að taka þátt í hlutafjáraukningu í félaginu. Áætlað markaðsvirði aukningarinnar var 20 milljarðar króna og hlutur sparisjóðsins í henni 762 milljónir króna. Í endurskoðunarskýrslu vegna ársins 2005 var varað við stórri stöðu í félaginu:

> Eignir Exista hf. eru að stórum hluta til eignarhlutar í nokkrum íslenskum hlutafélögum sem skráð eru á markaði. Þykir okkur rétt að benda á að töluverð markaðsáhætta fylgir eigninni sem getur haft mikil áhrif á niðurstöður rekstrarreiknings Sparisjóðsins lækki verð þessara skráðu félaga á hlutabréfamarkaði.[214]

Á stjórnarfundi 25. september 2006 komu fram áhyggjur af hárri stöðu sparisjóðsins í Exista hf. og var sparisjóðsstjóra falið að skoða hugsanlega sölu á hluta bréfanna. Stuttu síðar fékk sparisjóðsstjóri heimild til að selja 25% eignar sparisjóðsins í Exista hf.[215] Á fundi stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík 27. nóvember 2006 fékk sparisjóðsstjóri umboð stjórnar til að skrifa undir stofnskjöl fyrir Kistu – fjárfestingarfélag ehf. og skrá sparisjóðinn fyrir einum milljarði króna í hlutafé. Sparisjóðurinn lagði fram hlutafé í félagið með hlutabréfum í Exista hf. fyrir 931 milljón króna. Fjárfestingarfélagið fékk lán hjá Kaupþingi banka hf. til þess að kaupa fleiri hluti í Exista hf. af eigendum sínum. Sparisjóðurinn í Keflavík seldi félaginu bréf fyrir sem nam 931 milljón króna í lok desember 2006. Í lok árs 2006 nam eignarhlutur sparisjóðsins í Exista hf. 2,3% en eignarhlutur hans í Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. var á sama tíma 27,9%. Í endurskoðunarskýrslu fyrir árið 2006 var fjallað um áhættu sparisjóðsins tengda Exista hf.:

> Samkvæmt útreikningi á eiginfjárhlutfalli sjóðsins eru eignir í veltubók rúmlega 7,3 milljarðar króna eða 15,3% af heildareignum sjóðsins. Af þessum eignum eru tæplega 5,6 milljarðar uppfærð eign Sparisjóðsins í Exista hf. Á árinu var hluti eignar sjóðsins í Exista hf. seldur til Kistu fjárfestingafélags ehf., að hluta til með skiptum á hlutabréfum í Kistu. Eignarhluti sjóðsins í Kistu fjárfestingafélagi er 27,85% og er hann færður í fjárfestingabók samtals að fjárhæð 930,8 milljónir króna. Það má því vera ljóst að umtalsverð markaðsáhætta er fólgin í svo stórri eign en breytingar á virði hennar eru færðar yfir rekstrarreikning. Sem dæmi má nefna að við 5% verðlækkun á hlutabréfum í Exista hf. gjaldfærast tæplega 280 milljónir sem gengistap af eign sjóðsins í veltubók sem er um 43% af hreinum vaxtatekjum ársins 2006. Þá eru ótalin áhrif á verðmæti eignarhluta sjóðsins í Kistu og áhrif á hlutdeild sjóðsins í afkomu Icebank hf. sem er einnig stór hluthafi í Exista hf. Frá áramótum til þessa dags hefur markaðsverðmæti hlutabréfanna hins vegar hækkað um 12,9%, þannig að ljóst má vera að áhætta sú sem lýst er hér er raunveruleg. Stjórn sjóðsins er því hvött til árverkni og þess að setja sér markmið í sambandi við áhættustýringu.[216]

Um fjárfestingar í Exista hf. og Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. sagði fyrrverandi sparisjóðsstjóri í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni:

> Stefnan var fyrst og fremst varðandi þessar tvær fjárfestingar, og hún var sú að það væri ekki tímabært að selja í Exista og þar með er Kista inni í því máli og hins vegar síðan sú stefna að efla Sparisjóðabankann. [Stjórnin] mat það þannig [að það væri ekki tímabært

213. „Exista acquires 15.48% shareholding in Finnish Group Sampo“, vefur OMX Nordic Exchange, http://news.icex.is/newsservice/MMIcexNSWeb.dll/newspage?language=EN&pagetype=&primarylanguagecode=EN&newsnumber=36674.

214. Skýrsla Deloitte hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðsins í Keflavík 2005.

215. Fundargerð stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík, 9. október 2006.

216. Skýrsla Deloitte hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðsins í Keflavík 2006.

> að selja í Exista]. […] Þegar þetta var orðinn stofnfjársjóður [breytt úr ábyrgðarmannasjóði í stofnfjársjóð] vildu stofnfjáreigendur fá hagnað, ekki fengu þeir hagnað af stofnfjárbréfunum út úr reglulegri starfsemi sparisjóðsins.[217]

Á árinu 2007 skuldsetti Kista – fjárfestingarfélag sig frekar og fékk lán frá Kaupþingi banka hf., Glitni banka hf. og Straumi-Burðarási Fjárfestingarbanka hf. til þess að kaupa eignarhluti í Exista hf. af eigendum sínum. Í mars 2007 keypti Kista bréf í Exista hf. af Sparisjóðnum í Keflavík fyrir 1,8 milljarða króna og í júní 2007 fyrir 2,8 milljarða króna. Helmingur kaupverðsins í hvoru tilfelli fyrir sig var greiddur með hlutabréfum í Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. og hinn helmingurinn í reiðufé. Í árslok 2007 nam eign Sparisjóðsins í Keflavík í Exista hf. tæpu 1% og í Kistu 34,4%, en þá hafði bæst við hlutur Sparisjóðs Vestfirðinga og Sparisjóðs Húnaþings og Stranda í Kistu. Í lok árs 2008 var eignarhlutur Sparisjóðsins í Keflavík í Exista hf. 0,2% og ári síðar nam hann 0,8%.[218]

Gengi Exista hf. náði hámarki í júlí 2007 þegar það var um 40 krónur á hlut. Í árslok sama ár var það 19,75 krónur á hlut. Í byrjun árs 2008 fór að halla undan fæti hjá Kistu en félagið var mjög skuldsett og hafði lagt bréf í Exista hf. að veði fyrir skuldunum. Með fallandi gengi hlutabréfanna fóru lánardrottnar fram á auknar tryggingar fyrir lánunum. Á stjórnarfundi Sparisjóðsins í Keflavík 25. janúar 2008 var tekið fyrir erindi um ábyrgðir á skuldum Kistu við Kaupþing, Glitni og Straum-Burðarás Fjárfestingabanka hf. Ábyrgðirnar voru samtals 3,7 milljarðar króna og liggja þær fyrir með fundargerðinni. Dagsetning ábyrgðaryfirlýsinganna er 30. desember 2007 og giltu þær frá þeim degi til 22. febrúar 2008. Þegar fyrrverandi sparisjóðsstjóri var inntur svara við því hvers vegna ábyrgðaryfirlýsingarnar hefðu verið dagsettar aftur í tímann sagði hann:

> Þetta mál var lengi búið að vera í umræðu í stjórninni áður en þetta er gert. […] Þetta var mál sem var algjört forgangsmál. Ég skal ekkert segja um hvað var bókað en þetta var búið að vera lengi á dagskrá hvort við þyrftum að gera þetta og við streittumst lengi á móti.[219]

Ábyrgðirnar voru 24,2% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins á þeim tíma sem þær voru veittar. Ábyrgðir við Glitni banka hf. og Straum-Burðarás Fjárfestingarbanka hf. voru endurnýjaðar þó nokkrum sinnum, síðast 15. júní 2008. Þá gilti 860 milljóna króna ábyrgð gagnvart Straumi-Burðarás til 15. október 2008 og 640 milljóna króna ábyrgð til handa Glitni til 30. desember 2008. Áhætta sparisjóðsins af bréfum í Exista hf. var því meiri en bein eign gaf til kynna. Takmörkuð áhætta eigenda af einkahlutafélagi er lítil þegar og upp að því marki sem eigendur ábyrgjast skuldbindingar einkahlutafélagsins.

Ábyrgðin til Kaupþings banka hf. var ekki endurnýjuð vegna þess að Sparisjóðurinn í Keflavík, líkt og aðrir eigendur Kistu, tók á sig hluta skulda fjárfestingarfélagsins við Kaupþing banka hf. Á stjórnarfundi Sparisjóðsins í Keflavík 12. febrúar 2008 kynnti sparisjóðsstjóri 10 milljarða króna hlutafjáraukningu í Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. sem myndi að hluta greiðast með yfirtöku lána. Sparisjóðurinn tók yfir lán sem námu 1,2 milljörðum króna og lagði jafnháa fjárhæð til sem hlutafé í reiðufé.

Á stjórnarfundi sparisjóðsins 20. júní 2008 var sparisjóðsstjóra veitt heimild til að nýta forkaupsrétt í annarri hlutafjáraukningu Kistu á árinu og jók sparisjóðurinn hlutafé sitt um 514 milljónir króna. Þá um sumarið rakti sparisjóðsstjóri fyrir stjórn aðdraganda að skilyrtum samningi milli Kistu – fjárfestingarfélags ehf. og Kaupþings banka hf. þar sem Kista myndi selja um 48% eignarhluta síns í Exista hf. til bankans. Skilyrði fyrir því að samningurinn gengi eftir var að samruni Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og Kaupþings banka hf. yrði að veruleika. Stjórn Sparisjóðsins í Keflavík samþykkti samninginn fyrir sitt leyti en samruninn gekk ekki eftir.[220]

---

217. Skýrsla Geirmundar Kristinssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 12. ágúst 2013.
218. Í lok árs 2005 var eignarhlutur Sparisjóðs Vestfirðinga í Exista hf. 0,9% og eignarhlutur Sparisjóðs Húnaþings og Stranda 0,7%. Á árinu 2006 stofnuðu þessir sparisjóðir eignarhaldsfélög utan um hluti sína í Exista hf., Þrælsfelli ehf. og Eyraeldi ehf. Eignarhlutir þeirra í Exista hf. voru aldrei hærri en 0,5% frá 2006 til 2009.
219. Skýrsla Geirmundar Kristinssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 12. ágúst 2013.
220. Fundargerð stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík, 8. júlí 2008.

Stjórnin fjallaði ekki um þriðju hlutafjáraukningu Kistu – fjárfestingarfélags ehf. á árinu 2008 þegar sparisjóðurinn jók hlutafé sitt í félaginu um 825 milljónir króna í júlí það ár. Í október 2008 gekk Straumur-Burðarás að ábyrgð sem fjárfestingarbankanum hafði verið veitt en það gerði Glitnir banki ekki og var fjallað um það á stjórnarfundi sparisjóðsins 9. janúar 2009.

Tap sparisjóðsins á Exista hf. og Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. nam 7,7 milljörðum króna á árinu 2008 sem var 40% af tapi sparisjóðsins fyrir skatta. Fyrrverandi sparisjóðsstjóri taldi ekki mikla áhættusamþjöppun hafa verið í eigninni í Exista þó hún hefði verið svo stórt hlutfall af eigin fé sparisjóðsins:

> Ég er ekki sammála að það hafi verið í einni körfu. Hvað var Exista eignin í mörgum félögum? Kaupþing, Skipti, norsku tryggingarfélögin, ég man ekki allt sem Exista átti í. Ef við hefðum t.d. selt og keypt önnur bréf, hvaða félög stóðu upp úr eftir hrunið annað en Össur og Marel? Ég viðurkenni það að maður hefði hagað sér öðruvísi í sambandi við þetta, hefði maður vitað hvað var að gerast en þegar menn voru að fara yfir þetta á þessum tíma og vissu ekki að það var eitthvað hrun framundan þá var þetta metið á þennan hátt, að þarna væri áhættan verulega dreifð með því að eiga áfram í Exista. Menn eru að tala um að allt hafi farið fjandans til þarna suður frá þegar herinn fer og það er náttúrulega alrangt, því að þegar nýsköpunin verður í sjávarútvegi 1982 eða eitthvað svoleiðis og Byggðasjóður er settur á fót, þá er Keflavík ekki inni í því. Við erum sett með Reykjavík og höfum ekki aðgang að Byggðasjóði og þ.a.l. var okkur sagt að fara bara upp á völl, það yrði engin nýsköpun í sjávarútvegi á þessu svæði. Það leggst gjörsamlega af og allir fara upp á völl. Þetta er fyrsta áfallið sem við verðum fyrir og vegur að mínu mati þyngst í því sem gerðist þarna suður frá. Síðan þegar var búið að hysja upp um allt saman fer herinn og þá finnur kannski enginn fyrir því fyrst því það er svo mikil þensla alls staðar þar til kreppan kemur og þá finna menn fyrir því að það er engin atvinna og ekkert að gerast þarna. Þannig að við sem vorum þarna í sparisjóðnum vissum nákvæmlega hvað gerðist þegar sjávarútvegurinn var lagður af og við treystum ekkert svæðinu sérstaklega vel fyrir auknum lánveitingum. Þar af leiðandi höfðum við ekkert mikinn áhuga á því að vera að afsetja mikið af eignum til að setja í útlán meðan ekki var meiri fótfesta á svæðinu en var þegar sjávarútvegurinn var farinn.[221]

Þó að Exista hf. hafi verið eignarhaldsfélag utan um mörg félög voru eignirnar þó aðallega fjármálafyrirtæki; lánastofnanir og tryggingafélög. Aðrar stórar fjárfestingar sparisjóðsins voru í fyrirtækjum með sams konar starfsemi, t.d. Sparisjóðabanka Íslands hf., VBS Fjárfestingarbanka hf. og SP-Fjármögnun hf. Áhættudreifing fjárfestinga sparisjóðsins var því takmörkuð.

Sparisjóðabanki Íslands hf.

Sparisjóðurinn í Keflavík var meðal stærri hluthafa í Sparisjóðabanka Íslands en hann átti 11,6% í bankanum í árslok 2005. Með sameiningu við Sparisjóð Ólafsvíkur á árinu 2006 varð eignarhlutur sparisjóðsins í bankanum 12,2%. Samruni við Sparisjóð Vestfirðinga og Sparisjóð Húnaþings og Stranda ásamt kaupum á hlutafé í Sparisjóðabankanum á árinu 2007 stækkaði eignarhlutinn í 20,4%. Geirmundur Kristinsson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðsins í Keflavík, var formaður bankaráðs Sparisjóðabankans frá 2001 og fram að falli bankans í mars 2009.

Á síðari hluta árs 2005 ræddi stjórn Sparisjóðsins í Keflavík ýmsa valkosti um breytingu á eignarhaldi Sparisjóðabankans sem voru kynntar í bréfi frá bankanum og Sambandi íslenskra sparisjóða. Stjórninni fannst greinilegt af bréfinu að Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis vildi losa um eignarhald sitt á bankanum. Í bréfinu komu einnig fram punktar um hvaða áhrif eignarhald á bankanum hefði á eiginfjárgrunn og útlánagetu sparisjóðanna. Ef breytingar yrðu á eignarhaldinu myndi útlánageta sparisjóðakerfisins aukast um 50 milljarða króna.[222]

221. Skýrsla Geirmundar Kristinssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 12. ágúst 2013.
222. Fundargerð stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík, 10. október 2005.

Ekkert meira var bókað um eignarhald á Sparisjóðabankanum í fundargerðum stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík fyrr en 31. júlí 2007. Þá greindi sparisjóðsstjóri frá fundi fulltrúa Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, Byrs sparisjóðs og Sparisjóðsins í Keflavík þar sem fram kom tillaga um að sjóðirnir seldu allir hlut sinn í bankanum sem á þessum tíma nam um 70%. Stjórn sparisjóðsins lagði áherslu á að væntanlegu söluandvirði yrði ráðstafað í önnur sambærilega ábatasöm fjárfestingartækifæri. Sparisjóðsstjóra var veitt heimild til að halda áfram viðræðum um söluna.

Á þessum áætlunum varð viðsnúningur því á fundi stjórnar sparisjóðsins 10. september sama ár var sparisjóðsstjóra veitt umboð til að kaupa 3% hlut í Sparisjóðabankanum. Kaupverð eignarhlutarins var 950 milljónir króna:

> Sparisjóðirnir koma allir saman og mynda sér framtíðarstefnu um bankann og það er það sem bankinn verður að þarna. Þetta var samþykkt af eigendum bankans að gera þetta svona. […] Það var sér vettvangur um þetta þannig að það voru allir eigendur kallaðir saman og þeir mótuðu framtíðarstefnuna fyrir bankann. Í þessari framtíðarstefnu fólst það m.a. að taka aðra aðila inn. Það var alveg á hreinu og Sparisjóðurinn í Keflavík út af fyrir sig var samþykkur því að þetta væri svona eins og lokastefnan var samþykkt, en að öðru leyti komum við ekki nálægt því. Það er ekki rétt að við höfum ekki þurft á Sparisjóðabankanum að halda, við þurftum hann nauðsynlega. Þetta var að mjög litlum hluta sem við náðum að fjármagna okkur gegnum þessa erlendu banka en fyrir öll dagleg viðskipti var Sparisjóðabankinn nauðsynlegur. Þannig að þegar kemur að því að Spron og Byr ákveða að selja sig út úr bankanum og fara að gera þetta sjálfir þá stöndum við frammi fyrir þessu í Keflavík: Eigum við að reyna að selja eða eigum við að halda áfram? Og stjórn sparisjóðsins ákvað að halda áfram í bankanum og leggja þá áherslu á það að gera hann hæfari til að sinna bæði okkur og öðrum sparisjóðum. Það er það sem gerist í grófum dráttum. […] Þessi umræða var hvort við ættum hugsanlega að selja eða halda áfram en það kemur líka þarna inn í mat á það að ef [Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, Byr sparisjóður og Sparisjóðurinn í Keflavík] ætluðu að selja að þá myndi hugsanlega lítið fást út úr þessu fyrir okkur, það var álit á þeim tíma.[223]

Í árslok 2006 átti Sparisjóðurinn í Keflavík 12,2% hlut í Sparisjóðabankanum en þeir tveir sparisjóðir sem hann sameinaðist á árinu 2007 áttu samtals 5,2% eignarhlut. Fyrir kaupin átti sparisjóðurinn því 17,4% eignarhlut, en reikningslegur samruni sparisjóðanna miðaðist við 30. júní 2007. Með kaupum á 3% eignarhlut til viðbótar var heildareign sparisjóðsins í bankanum 20,4%. Þessir eignarhlutar koma fram á hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra. Í endurskoðunarskýrslu Sparisjóðsins í Keflavík vegna ársins 2007 sagði hins vegar að sparisjóðurinn ætti 19,44% í Icebank hf. í árslok og þegar kaupsamningur frá því í október 2007 yrði uppfylltur yrði eignarhlutur sameinaðs sjóðs rúm 20%. Það þýddi að bankinn yrði hlutdeildarfélag sparisjóðsins og því þyrfti að bakfæra gengishækkanir vegna félagsins. Með kaupsamningum í október 2007 samþykkti sparisjóðurinn að kaupa 3% í bankanum og því óljóst til hvaða samnings var verið að vísa í endurskoðunarskýrslunni. Sparisjóðabankinn var hvorki færður sem hlutdeildarfélag í ársreikningi 2007 eða 2008.

Þá má geta þess að Sparisjóðurinn í Keflavík og Sparisjóður Mýrasýslu gerðu samning um kaup- og sölurétt á 45,6 milljón hlutum í Sparisjóðabankanum af Byr sparisjóði og Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis (samtals 91,2 milljónir hluta). Sparisjóðurinn í Keflavík og Sparisjóður Mýrasýslu áttu kauprétt gagnvart hinum tveimur en Byr sparisjóður og Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis sölurétt gagnvart Sparisjóðnum í Keflavík og Sparisjóði Mýrasýslu. Kæmi til þess að kaup- eða söluréttur yrði nýttur, áttu Sparisjóðurinn í Keflavík og Sparisjóður Mýrasýslu kaup- og sölurétt gagnvart þeim sem keyptu hluti í Sparisjóðabankanum haustið 2007. Samningurinn var undirritaður 9. október 2007 og gilti í 12 mánuði. Samhliða samningi þessum um kaup var gerður samningur um sölu á 40 milljón hlutum til annarra aðila utan samstæðunnar. Mismunur kaup- og sölusamnings var um 5 milljónir hluta.

Á stjórnarfundi Sparisjóðsins í Keflavík 26. febrúar 2008 kynntu bankastjóri Sparisjóðabankans og tveir starfsmenn hugmyndir um sameiningu sparisjóðsins og bankans. Kostir sameiningar voru taldir bætt aðgengi að fjármagni vegna stærðaraukningar, sterkari staða

223. Skýrsla Geirmundar Kristinssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 12. ágúst 2013.

í breyttu fjármálaumhverfi, aukin umsvif á Reykjavíkursvæðinu, kraftmeiri þjónusta og hagræðing af sameiningu. Á stjórnarfundi mánuði síðar, 25. mars, var fallið frá sameiningarhugmyndum vegna álits erlendra lánardrottna.

Tap Sparisjóðsins í Keflavík af Sparisjóðabankanum á árinu 2008 var 6,1 milljarður króna eða 32% af tapi sparisjóðsins fyrir skatt. Er þá ótalið tap vegna lánveitinga sparisjóðsins til nýrra hluthafa í Sparisjóðabankanum en afskriftir af þeim námu 1,5 milljörðum króna í árslok 2008.

VBS Fjárfestingarbanki hf.

Sparisjóðurinn í Keflavík átti 20,1% hlut í FSP hf. (sem þá hét Fjárfestingarfélag sparisjóðanna hf.) í árslok 2005 en ári síðar hafði sami eignarhlutur verið fluttur í Sparisjóðinn í Keflavík hf., dótturfélag sparisjóðsins sem hafði takmarkaða starfsemi.[224] Hlutafé í eigu sparisjóðsins á árinu 2006 hafði hækkað um rúmar 45 milljónir hluta að nafnverði en ekkert var bókað í fundargerðum sparisjóðsins um þátttöku í hlutafjáraukningu í félaginu sem nam 350 milljónum að nafnverði á árinu 2006. Að auki hafði Sparisjóður Ólafsvíkur átt 0,6% í FSP hf. og eignarhlutur sameinaðs sparisjóðs í lok árs nam því 20,7%. Sparisjóðurinn átti ekki hlut í VBS Fjárfestingarbanka hf. eða fyrirrennara hans Verðbréfastofunni hf.

Á fyrri hluta árs 2007 sameinuðust FSP hf. og VBS Fjárfestingarbanki hf. undir nafni þess síðarnefnda en ársreikningur sameinaðs félags miðaðist við 1. janúar 2007.[225] Skiptihlutföllin voru þannig að hluthafar FSP hf. fengu örlítið minna en 50% í sameinuðu félagi og hluthafar VBS Fjárfestingarbanka hf. rétt rúmlega 50% í sinn hlut.[226] Hlutur Sparisjóðsins í Keflavík í fjárfestingarbankanum í lok árs 2007 var 13,4%, þar af var 3,3% eignarhlutur frá þeim tveimur sparisjóðum sem sameinuðust sparisjóðnum á árinu.

Á stjórnarfundi sparisjóðsins 23. apríl 2007 fékk sparisjóðsstjóri heimild til þess að kaupa allt að 15% af hlutafé í VBS Fjárfestingarbanka hf. og samkvæmt endurskoðunarskýrslu ársins 2007 keypti sparisjóðurinn nýtt hlutafé í bankanum fyrir 688 milljónir króna. Hlutafé VBS Fjárfestingarbanka hf. var aukið í tengslum við samrunann við FSP hf. um 199,1 milljón króna að nafnverði en heildarvirði aukningarinnar var 4,1 milljarður króna.[227]

Ragnar Z. Guðjónsson, annar sparisjóðsstjóra Byrs sparisjóðs, sendi tölvuskeyti 9. nóvember 2007 til sparisjóðsstjóranna í Keflavík og Mýrasýslu, Geirmundar Kristinssonar og Gísla Kjartanssonar, með kauptilboði Byrs sparisjóðs í alla eignarhluti sparisjóðanna tveggja í VBS Fjárfestingabanka hf., sem þá námu 21,6% af heildarhlutafé bankans.[228] Tilboðsgengið var 44 krónur á hlut og heildarverð 3.992 milljónir króna. Af því yrðu 3.640 milljónir króna greiddar með hlutafé í MP Fjárfestingarbanka hf. og 352 milljónir króna með peningum. Hinn 5. desember 2007 veitti stjórnin sparisjóðsstjóra heimild til að selja eignarhlut sparisjóðsins í VBS Fjárfestingarbanka ef viðunandi verð fengist. Ekki varð af sölu bréfanna. Eignarhlutur Sparisjóðsins í Keflavík í VBS Fjárfestingarbanka var 13,4% í lok árs 2007 og 13,3% í árslok 2008 og 2009.[229]

VBS Fjárfestingarbanki hf. skilaði 217 milljóna króna hagnaði á árinu 2006, 1,4 milljarða króna hagnaði ári síðar og 1,1 milljarðs króna hagnaði 2008. Afkoma ársins 2009 var tap sem nam 40,9 milljörðum króna.[230] Þrátt fyrir sæmilega afkomu bankans á árinu 2008 færði sparisjóðurinn eign sína í honun niður um 1,6 milljarða króna á því ári og um 611 milljónir króna ári síðar.

Þröstur Leósson, forstöðumaður fjármálasviðs Sparisjóðsins í Keflavík, var kjörinn í stjórn VBS Fjárfestingabanka hf. á aðalfundi 30. apríl 2007 og sat fram til febrúar 2008.[231] Hann var jafnframt stjórnarformaður í FSP hf. fram að sameiningu við fjárfestingarbankann.[232] Í apríl 2008 heimilaði Fjármálaeftirlitið Sparisjóðnum í Keflavík að fara með virkan

224. Svo skráð á hlutafjármiða sem skilað var til ríkisskattstjóra.

225. Sjá nánari umfjöllun um VBS Fjárfestingarbanka hf. í 11. kafla.

226. Tölvuskeyti Kjartans Brodda Bragasonar, framkvæmdastjóra FSP hf., til Þrastar Leóssonar 9. janúar 2007.

227. Ársreikningur VBS Fjárfestingarbanka hf. fyrir árið 2007.

228. Í tilboðinu var gert ráð fyrir 10,7% eignarhlut Sparisjóðsins í Keflavík og þá ekki tekið tillit til eignarhluta þeirra sparisjóða sem sameinuðust honum.

229. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

230. Afkoma móðurfélags samkvæmt ársreikningi.

231. Upplýsingar úr fundargerðum stjórnar VBS Fjárfestingarbanka hf.

232. Samkvæmt upplýsingum úr fyrirtækjaskrá.

eignarhlut í VBS Fjárfestingabanka hf. með því skilyrði að sparisjóðurinn gætti þess að í stjórnina veldust ekki aðilar sem samtímis væru stjórnarmenn, stjórnendur eða starfsmenn sparisjóðsins.[233] Þrátt fyrir það varð Angantýr V. Jónasson varamaður í stjórn bankans í október 2008 og tók sæti í stjórn sem aðalmaður mánuði síðar. Hann var þá starfsmaður Sparisjóðsins í Keflavík. Hann sat í stjórn bankans fram í maí 2009 þegar Þröstur Leósson tók sæti hans.[234] VBS Fjárfestingarbanki hf. var tekinn til slitameðferðar 9. apríl 2010 með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur.

SP-Fjármögnun hf.

SP-Fjármögnun hf. var stofnuð árið 1995 af sparisjóðunum og starfaði á sviði fjármögnunarleigu. Árið 2002 keypti Landsbanki Íslands hf. 51% eignarhlut í SP-Fjármögnun hf. og um leið varð félagið dótturfélag Landsbankans. Frá 2004 til 2007 nam eignarhlutur Sparisjóðsins í Keflavík í félaginu milli 8 og 9%. Við sameiningu sparisjóðsins við Sparisjóð Vestfirðinga og Sparisjóð Húnaþings og Stranda á árinu 2007 jókst sá hlutur í 10,1%.[235] Stjórn sparisjóðsins heimilaði sparisjóðsstjóra 22. apríl 2008 að selja allan eignarhlutinn í SP-Fjármögnun hf. Ekkert varð af sölunni og var ástæða þess ekki rædd í stjórn sparisjóðsins. Á stjórnarfundi 30. september 2008 var samþykkt heimild til sparisjóðsstjóra til að selja hluti í SP-Fjármögnun hf. til Valitors hf., Byrs sparisjóðs og Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. en þau áform gengu heldur ekki eftir.

Tafla 35. Fjárhagsupplýsingar SP-Fjármögnunar hf. 2006–2009.[236]

Þús. kr.	2006	2007	2008	2009
Eignir	560.121	710.239	1.010.735	448.713
Skuldir	165.347	331.630	341.085	381.784
Eigið fé	394.775	378.609	669.649	66.929
Afkoma	**(5.225)**	**(17.106)**	**(183.960)**	**(602.720)**

SP-Fjármögnun hf. tapaði 30,2 milljörðum króna á árinu 2008 og tap Sparisjóðsins í Keflavík af eignarhlut í félaginu nam rúmlega 805 milljónum króna á sama tíma. Í janúar 2009 sendi SP-Fjármögnun hf. bréf til Sparisjóðsins í Keflavík um að eiginfjárstaða fyrirtækisins væri mjög slök vegna efnahagsástandsins, veikingar krónunnar og fleiri atriða og því þyrfti að auka hlutafé félagsins. Var innt eftir því hvort áhugi væri á þátttöku í hlutafjáraukningu miðað við núverandi hlutdeild sparisjóðsins. Stjórn sparisjóðsins veitti sparisjóðsstjóra umboð til að „fara í málið“ og skyldi hann halda stjórninni upplýstri um það.[237] Á hluthafafundi í SP-Fjármögnun hf. í mars 2009 var hlutafé félagsins aukið en sparisjóðirnir féllu frá forgangsrétti sínum til nýs hlutafjár og skráði NBI hf. (Síðar Landsbankinn hf.) sig fyrir allri hlutafjáraukningunni.[238] Í lok árs 2009 var SP-Fjármögnun hf. alfarið í eigu NBI hf. og dótturfélags þess.[239]

Saga Capital Fjárfestingarbanki hf.

Sparisjóðurinn í Keflavík fjárfesti fyrir 300 milljónir króna í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. á árinu 2007.[240] Ekki er að finna bókun um þessi kaup í fundargerðum stjórnar sparisjóðsins. Eignarhlutur Sparisjóðsins í Keflavík í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. var bókfærður á 365 milljónir króna í lok árs 2007. Þá áttu dótturfélög sparisjóðsins hluti í bankanum. Hlutur Þrælsfells ehf. var bókfærður á 210 milljónir króna í árslok 2007 og hlutur Eyraeldis ehf. á 168 milljónir króna. Tap sparisjóðsins, á samstæðugrundvelli, vegna eignarhlutar í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. var 176 milljónir króna á árinu 2008 og 426 milljónir króna árið 2009.

233. Samþykki fyrir virkum eignarhlut í VBS Fjárfestingabanka hf., 18. apríl 2008.

234. Samkvæmt upplýsingum úr fyrirtækjaskrá. Í svari Fjármálaeftirlitsins 25. febrúar 2013 við fyrirspurn rannsóknarnefndarinnar kom fram að því væri „ekki kunnugt um að Angantýr hafi fengið undanþágu frá umræddu skilyrði um setu í stjórn“ bankans. Þó er þess getið að 29. október 2008 hafi Fjármálaeftirlitið bent regluverði bankans á að stofnunin hefði kveðið á um að stjórnendum eða starfsmönnum Sparisjóðsins í Keflavík væri óheimilt að sitja í stjórninni. Þyrftu þeir sem tilnefndu menn í stjórn bankans að huga að því. Fjármálaeftirlitið hefði þó ekki upplýsingar um framhald málsins.

235. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

236. Ársreikningar SP-Fjármögnunar hf.

237. Fundargerð stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík, 13. janúar 2009.

238. Fundargerð hluthafafundar SP-Fjármögnunar hf., 13. mars 2009.

239. Ársreikningur SP-Fjármögnunar hf. 2009.

240. Skýrsla Deloitte hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðsins í Keflavík 2007.

Saga Capital Fjárfestingarbanki hf. tapaði 825 milljónum króna árið 2007, 3,7 milljörðum króna árið 2008 og 2,8 milljörðum króna árið eftir. Í október 2011 afturkallaði Fjármálaeftirlitið starfsleyfi Saga Capital Fjárfestingarbanka hf., sem þá hét Saga Fjárfestingarbanki hf., sem lánafyrirtækis, þar sem það uppfyllti ekki kröfur um eigið fé.[241]

FSP Holding ehf.

FSP Holding ehf. var stofnað árið 2006 af Fjárfestingarfélagi sparisjóðanna hf. Samkvæmt 3. gr. samþykkta félagsins frá 1. mars 2006 var tilgangur félagsins „fjárfestingar í hlutabréfum, verðbréfum og fasteignum, rekstur fasteigna og lánastarfsemi".

Í árslok 2007 voru stærstu eigendur félagsins: Sparisjóðurinn í Keflavík (25%), Byr sparisjóður (23%) og Sparisjóðabanki Íslands hf. (11%). Í árslok 2009 voru stærstu hluthafar þeir sömu en eignarhlutur Sparisjóðsins í Keflavík var þá orðinn 33% vegna sameiningar við Sparisjóð Vestfirðinga og Sparisjóð Húnaþings og Stranda.

Á fyrsta starfsári félagsins var hlutafé aukið úr 500 þúsund krónum í 400 milljónir króna. Á árinu 2008 var hlutafé félagsins enn aukið og nam þá 780 milljónum króna.

Við stofnun FSP Holding ehf. árið 2006 var Kjartan Broddi Bragason framkvæmdastjóri þess og eini stjórnarmaður. Árið eftir kom Þröstur Leósson, forstöðumaður hjá Sparisjóðnum í Keflavík, inn í stjórn félagsins sem þá var skipuð fimm mönnum. Auk Þrastar voru í stjórninni Gunnar Árnason, yfirmaður áhættustýringar og útlánaeftirlits hjá Byr sparisjóði, Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Sparisjóðabanka Íslands, Örn Arnar Óskarsson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Norðlending, og Stefán Sveinbjörnsson, sérfræðingur hjá Sparisjóði Mýrasýslu.[242]

Ein stærsta eign FSP Holding ehf. var liðlega fjórðungshlutur í Austurbraut hf. Félagið átti dótturfélög í Úkraínu og Bretlandi. Aðrir eigendur að Austurbraut voru í árslok 2008 Margeir Pétursson ehf., MP Fjárfestingarbanki hf., Saxbygg ehf. og Vostok Holdings hf.[243] Austurbraut hf. var rekið með tapi árin 2006–2011.

FSP Holding ehf. átti einnig 14% hlut í Vostok Holdings ehf. sem átti um 60% í úkraínska eignarhaldsfélaginu New Progress Holdings en FSP Holding ehf. átti beint um 18% hlut í því félagi.[244] FSP Holding átti einnig hlut í Euroventures Fund, sem var með starfsemi í Úkraínu.

Enga umfjöllun er að finna um FSP Holding ehf. í fundargerðum stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík.

Tafla 36. Fjárhagsupplýsingar FSP Holding ehf. 2006–2010.[245]

Þús. kr.	2006	2007	2008	2009
Eignir	1.750.209	1.548.887	594.108	537.933
Skuldir	15.103	16.328	9.030	16.195
Eigið fé	1.735.106	1.532.559	585.077	521.738
Afkoma	**(44.615)**	**(202.547)**	**(986.839)**	**(63.339)**

Á árinu 2009 nam tap Sparisjóðsins í Keflavík vegna eignarhlutar í FSP Holding ehf. 244 milljónum króna.

19.3.5 Dótturfélög

Dótturfélög Sparisjóðsins í Keflavík frá 2005–2009 voru Víkur ehf., Sparisjóðurinn í Keflavík hf., Tjarnargata 12. ehf., Eyraeldi ehf., Þrælsfell ehf., Nikel ehf. og Miðland ehf. Þar sem umfjöllun í kaflanum hingað til hefur verið á samstæðugrundvelli hafa áhrif dótturfélaga á rekstur þegar komið fram. Þær tölur sem hér birtast eru ekki til viðbótar tapi eða eignum sem gerð hefur verið grein fyrir hér framar.

241. Tilkynning um afturköllun starfsleyfis fjármálafyrirtækis, 20. október 2011.
242. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.
243. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.
244. Nánar má lesa um Vostok Holdings ehf. í 18. kafla, um Byr sparisjóð.
245. Byggt á upplýsingum úr ársreikningum FSP Holding ehf.

Sparisjóðurinn í Keflavík hf. var stofnaður árið 2002 og átti að taka yfir starfsemi Sparisjóðsins í Keflavík þegar og ef af hlutafélagsvæðingu hans yrði. Af henni varð ekki og því var lítil starfsemi í félaginu. Hlutafé félagsins var 4 milljónir króna.[246] Félagið skilaði litlum tekjum á tímabilinu eða á bilinu 200–600 þúsund krónum á ári. Ekki er fjallað frekar um það félag.[247]

Eyraeldi ehf.

Eyraeldi ehf. var stofnað árið 1995 af Eyrasparisjóði á Patreksfirði sem var einn fjögurra sparisjóða sem mynduðu Sparisjóð Vestfirðinga árið 2001. Samkvæmt stofnsamþykktum félagsins var tilgangur þess í upphafi fiskeldi, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur. Samþykktum félagsins var breytt 1. desember 2003 og varð tilgangur þess þá eignarhald, rekstur, kaup og sala á fasteignum og lausafé, leigustarfsemi, lánastarfsemi, innflutningur og önnur tengd starfsemi.

Stjórnarmenn samkvæmt ársreikningum árin 2006 og 2007 voru Eiríkur Finnur Greipsson, Guðmundur S. Björgmundsson og Björgvin Sigurjónsson. Guðmundur og Björgvin sátu á þessum tíma í stjórn Sparisjóðs Vestfirðinga en Eiríkur var starfsmaður hans. Frá árinu 2008 var Páll Sigurðsson eini stjórnarmaður félagsins en Páll hafði áður verið sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Húnaþings og Stranda og síðar útibússtjóri Sparisjóðsins í Keflavík á Hvammstanga. Framkvæmdastjóri Eyraeldis var Angantýr Valur Jónasson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Vestfirðinga og síðar sparisjóðsstjóri Sparisjóðsins í Keflavík.

Í árslok 2006 nam eign Eyraeldis ehf. í skráðum félögum samtals 1.259 milljónum króna. Stærsta eignin var hlutur í Exista, 1.249 milljónir króna á bókfærðu verði. Bókfært verð hluta í óskráðum félögum var 210 milljónir króna. Þar af voru 205 milljónir króna í Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. Helstu eignir félagsins í árslok 2007 voru hlutir í Exista, 640 milljónir króna, og Kistu – fjárfestingarfélagi, 259 milljónir króna. Þá hafði félagið fjárfest í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. fyrir um 120 milljónir króna. Félagið hafði einnig selt tæpa 23 þúsund hluti í Exista hf. til Kistu. Í árslok 2008 átti félagið hluti í Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. sem námu 25 milljónum króna að nafnverði og var tap Eyraeldis einkum vegna þess félags og gengislækkunar bréfa í Exista hf.

Tafla 37. Fjárhagsupplýsingar Eyraeldis ehf. 2006–2009.[248]

Þús. kr.	**2006**	**2007**	**2008**	**2009**
Eignir	1.324.183	1.255.689	676.010	592.836
Skuldir		6.457	9.230	17.356
Eigið fé	1.324.183	1.249.232	666.780	575.481
Afkoma	**(38.436)**	**(74.950)**	**(613.202)**	**(91.299)**

Þrælsfell ehf.

Þrælsfell ehf., dótturfélag Sparisjóðs Húnaþings og Stranda, var stofnað í árslok 2006. Tilgangur félagsins samkvæmt stofnsamþykktum þess var hvers konar fjárfestingarstarfsemi, svo sem eignarhald, kaup og sala fasteigna, verðbréfa og hlutabréfa, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur. Starfsemi félagsins fólst í að halda utan um eignarhlut sparisjóðsins í Exista hf. og Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. Í stjórn félagsins við stofnun sátu Egill Gunnlaugsson formaður, Hersteinn Heimir Ágústsson og Þorvaldur Böðvarsson meðstjórnendur. Ári seinna vék Egill Gunnlaugsson úr stjórn og Sveinbjörn Jónsson og Tómas Gunnar Sæmundsson komu inn. Þessir aðilar sátu jafnframt í stjórn Sparisjóðs Húnaþings og Stranda. Framkvæmdastjóri Þrælsfells ehf. var Páll Sigurðsson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Húnaþings og Stranda. Eftir að Sparisjóður Húnaþings og Stranda sameinaðist Sparisjóðnum í Keflavík í árslok 2007 var Páll Sigurðsson eini stjórnarmaður félagsins. Þá varð Angantýr Valur Jónasson framkvæmdastjóri. Í árslok 2006 var hlutafé félagsins 100 milljónir króna og eigið fé rúmir 1,3 milljarðar króna. Helsta eign þess þá var 982 milljóna króna hlutur í Exista. Auk þess átti félagið 162 milljóna króna hlut í Kistu – fjárfestingarfélagi. Á árinu

246. Nafni félagsins var breytt í Lásagras hf. í janúar 2011. Í nóvember sama ár var félaginu breytt í einkahlutafélag, Lásagras ehf.

247. Þó skal bent á að hlutur sparisjóðsins í FSP hf. í lok árs 2006 var í eigu Sparisjóðsins í Keflavík hf. samkvæmt hlutafjármiðum.

248. Byggt á upplýsingum úr ársreikningum Eyraeldis ehf.

2007 fjárfesti félagið í Saga Capital Fjárfestingarbanka fyrir 173 milljónir króna en eign í Exista minnkaði þegar 25.345 þúsund hlutir voru seldir til Kistu. Eign félagsins í Exista í árslok 2007 nam 362 milljónum króna en á sama tíma nam eignin í Kistu 206 milljónum króna. Eins og sjá má í töflu 38 dróst efnahagsreikningurinn saman um nærri helming árið 2008 vegna gengisfalls hlutabréfa og niðurfærslna á eignarhlut í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf.

Tafla 38. Fjárhagsupplýsingar Þrælsfells ehf. 2006–2009.[249]

Þús. kr.	2006	2007	2008	2009
Eignir	687.389	3.095.175	1.256.499	616.366
Skuldir		2.724.412	2.278.378	524.604
Afkoma	**285.332**	**(301.455)**	**(919.267)**	**(443.064)**

Víkur ehf.

Víkur hf. var stofnað í desember 1993 af Vilhjálmi H. Vilhjálmssyni hrl. og Garðari Garðarssyni hrl., lögmönnum Sparisjóðsins í Keflavík.[250] Tilgangur félagsins var að eiga og reka fasteignir, skip og bifreiðar, kaup og sala verðbréfa og þátttaka í öðrum félögum. Í september 1994 kom Geirmundur Kristinsson inn í stjórn félagsins. Í desember 2005 keypti Sparisjóðurinn í Keflavík félagið af Garðari og Vilhjálmi. Við breytingu eignarhaldsins varð Geirmundur Kristinsson eini stjórnarmaður félagsins.[251]

Stjórn Sparisjóðsins í Keflavík ákvað 9. janúar 2006 að auka hlutafé í félaginu úr 400.000 krónum í 418 milljónir króna. Félagið yrði að fullu í eigu sparisjóðsins og var ætlað að halda utan um fullnustueignir hans. Í lok árs 2006 voru helstu eignir félagsins 133 milljónir króna í stofnfjárbréfum í Byr sparisjóði og stofnfjárbréf í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis fyrir 209 milljónir króna. Auk þess átti félagið 188 milljóna króna eignarhlut í Tjarnargötu 12 ehf. Hagnaður Víkna ehf. árið 2006 nam 285 milljónum króna en tap árið eftir var 301 milljón króna, einkum vegna hlutabréfa í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf.

Árið 2008 töpuðu Víkur ehf. 919 milljónum króna, einkum á eignarhlutum í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. og stofnfjárbréfum Byrs sparisjóðs.[252] Á árinu 2009 keypti félagið hlut í Bláa lóninu ehf. fyrir 503 milljónir króna og var eignarhluturinn færður niður um 314 milljónir króna á sama ári og var það helsta ástæða taps félagsins 2009. Stjórn Sparisjóðsins í Keflavík samþykkti að auka hlutafé Víkna ehf. á stjórnarfundi sínum 20. apríl 2009 um 1,1 milljarð króna og var eigið fé jákvætt um 9 milljónir króna í lok ársins.

Tafla 39. Fjárhagsupplýsingar Víkna ehf. 2006–2009.[253]

Þús. kr.	2006	2007	2008	2009
Eignir	878.863	879.982	878.835	879.828
Skuldir	589.667	608.298	651.587	688.676
Eigið fé	289.196	271.684	227.248	191.152
Hagnaður (tap)	**(6.710)**	**(17.512)**	**(44.436)**	**(36.096)**

Á árunum 2007–2009 átti Víkur ehf. 64,9% hlut í Tjarnargötu 12 ehf. og 55% í Nikel ehf. sem töldust til dótturfélaga Víkur ehf. Að auki átti Víkur ehf. 8,3% hlut í Base ehf. á sama tíma og 5% hlut í Gullmolanum ehf. 2008 og 2009. Þá átti félagið 100% hlut í Heilsuvernd ehf. 2009 og 2010.

Tjarnargata 12 ehf.

Tjarnargata 12 ehf. var stofnað árið 1999 af Reykjanesbæ, Víkum ehf. og Lífeyrissjóði Suðurnesja (síðar Festu lífeyrissjóði). Upphaflegur tilgangur félagsins var að eiga og reka fasteignina Tjarnargötu 12 í Keflavík þar sem meðal annars voru höfuðstöðvar Sparisjóðsins

249. Byggt á upplýsingum úr ársreikningum Þrælsfells ehf.

250. Rekstrarforminu var breytt í einkahlutafélag í byrjun árs 1996.

251. Fundargerð hluthafafundar Víkna ehf., 12. desember 2005.

252. Hér hafa þó verið leiðrétt áhrif lána til Fossvogshyls ehf. sem fjallað er um hér framar. Þau voru afskrifuð í ársreikningi Víkna ehf. á árinu 2008 um tæpar 453 milljónir króna en lánið, og þar með afskriftin, flutt í Sparisjóðinn í Keflavík „vegna skattamála“ á árinu 2009 samkvæmt sundurliðun sem rannsóknarnefndin fékk frá Landsbankanum.

253. Byggt á upplýsingum úr ársreikningum Víkna ehf. Sjá nmgr. 252.

í Keflavík. Samþykktum félagsins var breytt 2. mars 2005 en þá var tilgangur félagsins sagður fasteignarekstur og skyld starfsemi. Í árslok 2006 áttu Víkur ehf. 65% í félaginu, Reykjanesbær 30% og hlutur Festu lífeyrissjóðs var 5%. Félagið átti þrjár fasteignir: Tjarnargötu 12, Túngötu 1 og Vallargötu 4 í Reykjanesbæ. Í stjórn félagsins frá 2006 til 2009 voru Geirmundur Kristinsson sparisjóðsstjóri, Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, og Gylfi Jónasson, framkvæmdastjóri Festu lífeyrissjóðs. Framkvæmdastjóri félagsins var Magnús Haraldsson starfsmaður sparisjóðsins. Á aðalfundi félagsins 18. júní 2009 var kosin ný stjórn. Geirmundur gekk úr stjórn og í stað hans kom Angantýr Valur Jónasson, þá sparisjóðsstjóri Sparisjóðsins í Keflavík. Árni Björgvinsson starfsmaður sparisjóðsins tók á sama tíma við sem framkvæmdastjóri félagsins.

Tafla 40. Fjárhagsupplýsingar Tjarnargötu 12 ehf. 2006–2009.[254]

Þús. kr.	2006	2007	2008	2009
Eignir	878.863	879.982	878.835	879.828
Skuldir	589.667	608.298	651.587	688.676
Eigið fé	289.196	271.684	227.248	191.152
Hagnaður (tap)	**(6.710)**	**(17.512)**	**(44.436)**	**(36.096)**

Eignarhlutur Víkna ehf. í Tjarnargötu 12 ehf. var færður upp um 183 milljónir króna á árinu 2006.

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis og Byr sparisjóður

Víkur ehf. áttu 0,5% hlut í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis í árslok 2006.[255] Eignarhluturinn var bókfærður á 209 milljónir króna í árslok 2006 og 553 milljónir króna í árslok 2007. Engu að síður var bókfært tap vegna eignarhlutarins í sparisjóðnum á árinu 2007 upp á um 619 milljónir króna. Eignin var svo að fullu færð niður á árinu 2008.[256]

Þá átti félagið 0,8% hlut í Sparisjóði vélstjóra í árslok 2006 en hann hafði þá sameinast Sparisjóði Hafnarfjarðar. Eignarhlutur Víkna ehf. í Byr sparisjóði var 0,7% í árslok 2007.[257] Eignarhluturinn var bókfærður á 135 milljónir króna 2006 og 583 milljónir ári síðar.[258] Eignin var færð niður á árinu 2008 sem nam 553 milljónum króna og um 294 milljónir króna árið eftir.[259]

Kaup á Miðlandi ehf.

Miðland ehf. var félag sem átti hið svokallaða „Nikelsvæði" eða Neðra-Nikel. Svæðið hafði upphaflega verið tekið eignarnámi í síðari heimsstyrjöldinni en í mars 2003 auglýsti Ríkiskaup svæðið til sölu. Kaupandi svæðisins var Húsagerðin ehf. og kaupverðið 150 milljónir króna.[260] Miðland ehf. keypti Nikelsvæðið af Húsagerðinni ehf. árið 2005 fyrir 150 milljónir króna. Var svæðið þá sagt vera 51,5 hektari að stærð. Sama ár seldi Miðland ehf. Reykjanesbæ 14,6 hektara af svæðinu fyrir 45 milljónir króna. Árið 2006 eignuðust Elías Georgsson og Sverrir Sverrisson hvor sinn helminginn í félaginu.

Stjórn Sparisjóðsins í Keflavík fjallaði um Miðland ehf. á fundi 23. júlí 2007. Þá skuldaði félagið sparisjóðnum 452 milljónir króna. Í minnisblaði sem lagt var fyrir stjórn og unnið af G. Grétari Grétarssyni, fulltrúa sparisjóðsstjóra, kom fram að ágreiningur væri milli Miðlands ehf. og Reykjanesbæjar um ákvæði í samningi þeirra á milli. Ekki væri samstaða milli eigenda um framsetningu mála gagnvart skipulagsyfirvöldum og væri vandséð hvernig þau yrðu leyst með óbreyttu eignarhaldi. Til að lágmarka áhættu sparisjóðsins gagnvart Miðlandi ehf. gæti sparisjóðurinn þurft að leysa til sín hluti í félaginu. Í niðurlagi minnisblaðsins kom fram að forráðamenn Reykjanesbæjar hefðu sýnt mikinn áhuga á

254. Byggt á upplýsingum úr ársreikningum Tjarnargötu 12 ehf.

255. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

256. Samkvæmt sundurliðun frá Landsbankanum hf. á efnahagsreikningi Víkna ehf.

257. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra. Samkvæmt hlutafjármiðunum var eignarhlutur Víkna ehf. 1,0% í árslok 2008 og 0,7% í árslok 2009. Þá var eignarhluturinn hins vegar bókfærður á 0 kr. hjá félaginu.

258. Ársreikningur Víkna ehf. fyrir árið 2006.

259. Sundurliðun frá Landsbankanum hf. á efnahagsreikningi Víkna ehf. Sama sundurliðun sýnir að mat eignarhlutarins í lok árs 2008 var 0 kr. Mögulega er niðurfærslan vegna eignarhlutar sem keyptur var á árinu 2009.

260. Matsgerð Fasteignamiðstöðvarinnar Húsa og hýbýla ehf. á Hjallasvæði í Reykjanesbæ (í eigu Miðlands ehf.), 23. janúar 2006.

því að vinna með sparisjóðnum eða öðrum. Sparisjóðsstjóri fór yfir stöðu Miðlands ehf. og taldi að hann þyrfti heimild stjórnar til að bregðast við stöðu félagsins svo tryggja mætti hagsmuni sparisjóðsins, hugsanlega með kaupum á svæðinu. Stjórnin heimilaði sparisjóðsstjóra að ljúka málinu.[261]

Skrifað var undir kaupsamning milli Víkna ehf. annars vegar og Sverris Sverrissonar og Elíasar Georgssonar hins vegar 31. ágúst 2007. Víkur ehf. keyptu 100% hlut í Miðlandi ehf. fyrir 867 milljónir króna. Greitt yrði fyrir félagið við undirritun samnings með reiðufé, 300 milljónir króna til Elíasar og 299 milljónir króna til Sverris. Ákveðin skilyrði voru þó sett fyrir hluta greiðslna til Sverris. Afgangur kaupverðsins, 268 milljónir króna, skyldi greiddur með yfirtöku á skuldum Elíasar og Sverris við Miðland ehf.

Sparisjóðsstjóri kynnti stjórninni 3. september 2007 áreiðanleikakönnun lögmannsstofunnar Landslaga ehf. á Miðlandi ehf. fyrir sparisjóðinn. Könnunin hefði komið vel út og var kaupsamningur undirritaður 31. ágúst 2007.[262] Í áreiðanleikakönnuninni kom þó meðal annars fram að samningar um sölu þriggja lóða hefðu aðeins verið gerðir munnlega og væru „fremur lausir í reipunum“. Einnig var bent á mat Skipulagsstofnunar um að deiliskipulag væri ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag. Breyta þyrfti aðalskipulagi til þess að hægt væri að breyta deiliskipulaginu. Breyting á aðalskipulagi Reykjanesbæjar væri háð samþykki Reykjanesbæjar, leyfi Skipulagsstofnunar og staðfestingu umhverfisráðherra.[263]

Hinn 15. október 2007 var undirritaður kaupsamningur milli óstofnaðs félags, Nikel ehf., og Víkna ehf. um kaup þess fyrrnefnda á Miðlandi ehf. af Víkum ehf. fyrir 867 milljónir króna. Samkvæmt hluthafasamningi Nikel ehf. voru eigendur þess Víkur ehf. (55%), Fasteignafélagið Þrek ehf. (20%), Ásbirningar ehf. (20%) og Vallarás ehf. (5%). Miðland ehf. tapaði 27,4 milljónum króna á árinu 2006, 5,1 milljón króna ári síðar og 279 milljónum króna árið 2008.

Fjúk ehf. og kaup á Miðlandi ehf.

Eignarhaldsfélagið Verne ehf. var stofnað í júlí 2007 af lögmannsstofunni Landslögum ehf. sem var skráð fyrir öllu hlutafé í félaginu. Í nóvember 2007 var nafni félagsins breytt í Fjúk ehf. Sparisjóðurinn í Keflavík leitaði til lögmannsstofunnar um kaup á félagi til þess að sinna ákveðnum verkefnum á vegum sparisjóðsins og seldi lögmannsstofan sparisjóðnum Fjúk ehf. Sparisjóðsstjóri varð stjórnarmaður og framkvæmdastjóri Fjúks ehf. en aldrei var gengið formlega frá framsali hlutanna til sparisjóðsins þó lögheimili þess væri flutt í höfuðstöðvar hans.

Með því að sparisjóðsstjóri settist í stjórn Fjúks ehf. varð félagið venslaður aðili sparisjóðsins, sbr. 4. tl. 1. mgr. 26. gr. starfsreglna stjórnar, og sparisjóðsstjóra og var getið sem slíks í skýrslu til fjármálaeftirlitsins í lok árs 2007. Sparisjóðurinn í Keflavík veitti Fjúki ehf. 125 milljóna króna yfirdráttarheimild í nóvember 2007. Samkvæmt upplýsingum úr kerfum sparisjóðsins sá fyrirtækjasvið sparisjóðsins um að ganga frá lánveitingunni. Þar sem Fjúk ehf. var aðili venslaður sparisjóðnum hefði lánveitingin átt að koma fyrir stjórn sparisjóðsins en fundargerðir stjórnar bera ekki með sér að hún hafi haft lánveitinguna til umfjöllunar. Þá er ekki að finna umfjöllun um lánið í fundargerðum lánanefndar, en lánið var það hátt að það hefði átt að fara fyrir þá nefnd. Má því ætla að sparisjóðsstjóri hafi sjálfur tekið ákvörðun um lánveitinguna án aðkomu lánanefndar eða stjórnar.

Fjármagnshreyfingar í tengslum við lánveitinguna til Fjúks ehf. eru raktar í minnisblaði sem unnið var af Landsbankanum hf. Þar kemur fram að lán til félagsins hafi verið notuð til að fjárfesta í óskráðum hlutabréfum í VBS Fjárfestingarbanka hf. Sama dag og fyrirgreiðslan til Fjúks var veitt hafi 120 milljónir króna verið færðar af reikningi félagsins yfir á bakreikning verðbréfaviðskipta hjá Sparisjóðnum í Keflavík í eigu sjóðsins. Af þessum bakreikningi hafi 120 milljónir króna verið millifærðar inn á reikning Víkna ehf., dótturfélags sparisjóðsins. Fasteignafélagið Þrek ehf. var seljandi hlutabréfanna í VBS Fjárfestingarbanka hf. sem Fjúk ehf. keypti. Samkvæmt minnisblaði Landsbankans hf. má

261. Fundargerð stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík, 23. júlí 2007.

262. Fundargerð stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík, 3. september 2007.

263. Áreiðanleikakönnun unnin fyrir Sparisjóðinn í Keflavík vegna fyrirhugaðra kaupa á hlutafé í Miðlandi ehf., 27. ágúst 2007.

tengja viðskiptin við stofnun Nikel ehf. og að 120 milljóna króna hlutur Fasteignafélagsins Þreks ehf. í Nikel ehf. hafi verið fjármagnaður með framangreindum viðskiptum. Tölvupóstur 28. nóvember 2007, frá starfsmanni sparisjóðsins til forstöðumanns fjármálasviðs sparisjóðsins og eins eiganda Húsaness ehf. sem átti Fasteignafélagið Þrek, staðfestir þetta. Í tölvupóstinum segir starfsmaðurinn að hann og sá eigandi Húsaness ehf. sem fékk póstinn hafi rætt saman um frágang vegna viðskipta með hlutabréf Fasteignafélagsins Þreks ehf. í VBS Fjárfestingarbanka hf. sem ráðstafað yrði til kaupa á eignarhlut í Miðlandi ehf. Fasteignafélagið Þrek ehf. átti 3.522.648 hluti í bankanum. Samkvæmt tölvupóstinum stóð til að keyptir yrðu af þeim 3 milljónir hluta á genginu 40 fyrir samtals 120 milljónir króna. Engin þóknun yrði greidd og andvirðinu ráðstafað inn á reikning Víkna ehf. Eftir eitt ár yrði afgangurinn, 522.648 hlutir, keyptur á genginu 46, einnig án þóknunar.[264] Gengið var frá þeim viðskiptum í nóvember 2008 á genginu 46.[265]

Í minnisblaði Landsbankans var talið að hagsmunir sparisjóðsins hefðu ekki verið hafðir í fyrirrúmi við þessa lánveitingu þar sem engar tryggingar hefðu verið fyrir henni. Gögn sem eðlilegt hefði verið að fylgdu fyrirgreiðslunni hefðu ekki verið til staðar. Enginn lánssamningur hefði legið fyrir og hvorki mat á greiðsluhæfi né tryggingar eða önnur gögn sem tryggja hefðu átt eðlilegar endurheimtur á láninu.

Í lok árs 2008 höfðu 60 milljónir króna verið færðar í afskriftareikning vegna lánveitingarinnar til Fjúks ehf. og ári síðar nam niðurfærslan 164 milljónum króna. Fjúk ehf. var úrskurðað gjaldþrota í júní 2012.

Skattaleg meðferð hagnaðar af sölu hlutabréfa

Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, telst hagnaður af sölu hlutbréfa að fullu til skattskyldra tekna á söluári, óháð því hvenær bréfin voru keypt. Fram á mitt ár 2008 var ákvæði í 5. mgr. greinarinnar þess efnis að lögaðilum, sbr. 1. mgr. 2. gr. tekjuskattslaga, væri heimilt að fresta skattlagningu söluhagnaðarins með því að fjárfesta aftur í hlutabréfum og lækka stofnverð þeirra um fjárhæð sem nam skattskyldum söluhagnaði. Ef ekki var fjárfest í hlutabréfum á söluári var heimilt að fresta skattlagningu um tvenn áramót og færa söluhagnaðinn til lækkunar á kaupverði hlutabréfa sem keypt væru innan þeirra tímamarka. Væri kaupverð nýju bréfanna lægra en söluhagnaðurinn, bar félaginu að telja mismuninn til tekjuskattsskyldra tekna. Þetta ákvæði fól í sér hvata til þess að félög frestuðu greiðslu á tekjuskatti af söluhagnaði hlutabréfa og endurfjárfestu.
Í endurskoðunarskýrslu Sparisjóðsins í Keflavík fyrir árið 2007 var vikið að skattamálum og sagt að ekki kæmi til greiðslu tekjuskatts á árinu vegna reksturs sparisjóðsins. Skattalegur hagnaður ársins næmi 2.671 milljón króna en á meðal tekjufærðra liða hefði verið söluhagnaður af hlutabréfum í Exista hf. upp á 4,2 milljarða króna. Hinum skattalega söluhagnaði væri frestað sem næmi skattskyldum hagnaði ársins, en ekki væri heimilt að mynda yfirfæranlegt skattalegt tap með slíkri frestun. Skattskuldbinding samstæðunnar var í lok árs 1.711 milljónir króna, þar af 1.466 milljónir vegna eignarhluta í öðrum félögum. Má þá varlega áætla að 8.144 milljónir króna hafi verið bundnar í fjárfestingum vegna frestunar á skattgreiðslum af söluhagnaði. Það voru um 40% af eignarhlutum sparisjóðsins í öðrum félögum í árslok 2007.

19.4 Fjármögnun

Efnahagur Sparisjóðsins í Keflavík stækkaði ört frá árinu 2005. Samhliða þeim vexti jókst þörf fyrir fjármögnun og má sjá í töflu 41 að skuldir sparisjóðsins fjórfölduðust frá árinu 2005 til 2009. Vöxtinn má að einhverju leyti rekja til sameiningar við aðra sparisjóði, þ.e. Sparisjóð Ólafsvíkur á árinu 2006 og Sparisjóð Húnaþings og Stranda og Sparisjóð Vestfirðinga á árinu 2007.

Tafla 41. Skuldir í ársreikningum Sparisjóðsins í Keflavík í árslok 2005–2009.

Þús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009
Skuldir við lánastofnanir samtals	386.561	1.244.136	3.155.638	10.520.074	12.460.460
Innlán samtals	14.287.865	19.464.375	38.912.232	54.693.415	63.196.649
Lántaka samtals	10.635.706	13.617.369	18.209.222	22.227.781	21.075.027
Aðrar skuldir	185.508	322.798	2.185.542	2.109.728	1.563.543
Reiknaðar skuldbindingar samtals	1.122.980	2.476.511	3.671.575	354.663	363.305
Víkjandi skuldir	1.395.045	1.571.843	2.434.231	2.696.962	3.096.949
Samtals	**28.013.665**	**38.697.032**	**68.568.440**	**92.602.623**	**101.755.933**

264. Tölvuskeyti Grétars Grétarssonar til Þrastar Leóssonar 28. nóvember 2007.

Ekki eiga allir skuldaliðir þátt í eiginlegri fjármögnun starfseminnar og falla þar undir liðir eins og reiknaðar og aðrar skuldbindingar. Innlán, lántaka og skuldir við lánastofnanir voru þeir þættir fjármögnunarinnar sem skiptu hvað mestu máli. Hér er fjallað um þessa þrjá þætti ásamt víkjandi lántökum sparisjóðsins.

19.4.1 Innlán

Sparisjóðurinn í Keflavík var að stærstum hluta fjármagnaður með innlánum en þau voru á bilinu 50–62% af skuldum sparisjóðsins að undanskildu eigin fé.[266] Árið 2007 sameinaðist sparisjóðurinn tveimur öðrum sparisjóðum en áhrif þeirrar sameiningar sjást ekki á mynd 16 fyrr en í byrjun árs 2008 þegar farið var að skila til Seðlabankans einu sameiginlegu efnahagsyfirliti fyrir sameinaðan sparisjóð. Innlán Sparisjóðs Vestfirðinga voru 5,3 milljarðar króna og innlán Sparisjóðs Húnaþings og Stranda 4,3 milljarðar króna í febrúar 2008. Á árinu 2008 jukust heildarinnlán um tæpa 16 milljarða króna en þar af voru 10,3 milljarðar króna í óbundnum innlánum, 3,9 milljarðar króna í bundnum innlánum og 1,5 milljarður króna í sérstökum innlánum. Hlutfall bundinna innlána í sparisjóðnum var hæst í janúar 2005 og fór lækkandi fram í apríl 2008 þegar það fór hækkandi á ný. Áberandi er stökk í eftirspurn eftir bundnum innlánum frá október 2008.

Verðtryggð innlán í sparisjóðnum hækkuðu um rúma 4 milljarða króna í nóvember 2008 og hélst staða þeirra tiltölulega óbreytt þar til sparisjóðurinn var tekinn yfir af Fjármálaeftirlitinu í apríl 2010. Mun meiri vöxtur varð í veltiinnlánum á sama tíma, en þau jukust um rúma 11 milljarða króna. Heildaraukning innlána yfir þetta tímabil var tæpir 15 milljarðar króna.

Yfirlýsing ríkisstjórnar Íslands frá 6. október 2008 um að allar innistæður í innlendum viðskiptabönkum og sparisjóðum yrðu tryggðar að fullu kann að hafa haft áhrif á eftirspurn eftir innlánum og tiltrú á fjármálastofnunum og aukið áhuga á bundnum innlánum. Bundin innlán eru gjarnan verðtryggð og með hærri verðbólguspá í kjölfar falls bankanna jókst eftirspurn eftir þeim. Vaxtamunur sparisjóðsins minnkaði mjög frá árinu 2005 og var orðinn neikvæður árin 2008 og 2009 og kunna góð kjör á innlánsreikningum sparisjóðsins hafa átt sinn þátt í því að auka innlán hjá sparisjóðnum.

Atvinnugreinaflokkun innlána sýnir að fjármálafyrirtæki, önnur en bankar, og ríkissjóður léku stærra hlutverk en áður í innlánum sparisjóðsins frá haustinu 2008. Sparisjóðurinn keypti eigin skuldabréf af tveimur lífeyrissjóðum, annars vegar í desember 2008 fyrir rúmar 74 milljónir króna og hins vegar í mars 2009 fyrir tæpar 445 milljónir króna. Kaupverð skuldabréfanna var lagt inn á innlánsreikninga lífeyrissjóðanna hjá sparisjóðnum. Í skýrslum fyrrverandi sparisjóðsstjóra fyrir rannsóknarnefndinni minntust þeir ekki fleiri skuldabréfa sem hefði verið breytt í innlán.[267]

Mynd 16. **Bundin og óbundin innlán Sparisjóðsins í Keflavík frá janúar 2005 til apríl 2010.**[268]



Frá miðju ári 2008 var lausafjárstaða Sparisjóðsins í Keflavík þröng og var stórt sambankalán gert upp í ágúst 2008. Fyrrverandi forstöðumaður fjárhagssviðs sparisjóðsins sagði að sjóðurinn hefði hvergi getað sótt fjármagn á þessum tíma nema í innlánum. Stórir nýir innlánseigendur, eins og til dæmis sveitarfélögin, hefðu haft sitt að segja.[269] Sparisjóðurinn hóf þó ákveðna sókn í innlánum, t.d. var haldinn fundur í október 2008 þar sem farið var yfir lista yfir íbúa á starfssvæði sparisjóðsins á ákveðnum aldri, kannað hverjir væru í viðskiptum við sparisjóðinn og hvernig hægt væri að fá þá sem væru það ekki til þess að leggja innlán í sparisjóðinn. Innlán í byrjun árs 2008 námu 31,7 milljörðum króna en voru orðin 46,9 milljarðar í júlí 2008. Eftir fall bankanna jukust þau enn og voru orðin 57,5 milljarðar króna í janúar 2009. Innlán sparisjóðsins náðu hámarki í 63,3 milljörðum króna í mars 2010.[270]

Í október reyndu hagsmunaaðilar og sveitarfélögin á Suðurnesjum að styrkja sparisjóðinn eftir fremsta megni. Þannig færði Grindavíkurbær þriggja milljarða króna innlán til Sparisjóðsins í Keflavík frá einum af föllnu viðskiptabönkunum og Reykjanesbær hugðist leggja andvirði nýrrar skuldabréfaútgáfu í sparisjóðinn sem innlán en skuldabréfið var síðar nýtt sem trygging fyrir daglánum frá Seðlabanka Íslands, sbr. umfjöllun hér aftar.

Innlán frá ríkissjóði var tilkomið vegna greiðslu fjármagnstekjuskatts sveitarfélaga á Reykjanesi af söluhagnaði eignarhluta þeirra í HS Orku sem þau áttu að standa skil á í lok nóvember. Þessar greiðslur hefðu átt að koma af reikningum sveitarfélaganna í sparisjóðnum en á þessum tíma átti sparisjóðurinn í alvarlegum lausafjárvanda og gat ekki skilað fénu til Seðlabanka Íslands eins og honum bar að gera.[271]

Í október 2008 leitaði sparisjóðurinn til fjármálaráðuneytisins og fór þess á leit að ríkissjóður Íslands stofnaði sérstakan innlánsreikning hjá Sparisjóðnum í Keflavík til að taka á móti skattgreiðslum frá sveitarfélögunum. Vænt útflæði úr sparisjóðnum í nóvember og desember 2008 vegna fjármagnstekjuskattsins var tæpur milljarður króna. Lausafjárstaða sparisjóðsins 31. október 2008 var hins vegar ekki nema tæpar 255 milljónir króna samkvæmt lausafjárskýrslu. Því var ljóst að sjóðurinn stefndi í lausafjárþurrð og yrði ekki rekstrarhæfur ef til útgreiðslunnar kæmi.

Fjármálaráðuneytið heimilaði stofnun reikningsins að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands og gaf Fjársýslu ríkisins fyrirmæli um að setja sig í samband við sparisjóðinn 30. október 2008. Í tölvupósti daginn eftir frá skrifstofustjóra fjárreiðu- og eignaskrifstofu fjármálaráðuneytisins til fjársýslustjóra segir:

> Sparisjóðurinn í Keflavík [hefur] farið þess á leit við ríkissjóð að hann heimili að stofnaður verði innlánsreikningur ríkissjóðs hjá sparisjóðnum. Ástæða beiðninnar er að andvirði álagðs fjármagnstekjuskatts sveitarfélaga á Suðurnesjum vegna sölu á hlut þeirra í HS [Orku] er varðveittur á innlánsreikningum í sparisjóðnum. Um er að ræða fjárhæð sem nemur nálægt einum milljarði króna og vegna lausafjárvanda sjóðsins mun úttekt þessa fjár hafa veruleg áhrif á lausafjárstöðu hans. Á vegum fjármálaráðuneytis, Seðlabanka, FME og viðskiptaráðuneytis er nú unnið að úttekt á stöðu sparisjóða í landinu. Fjármálaráðuneytið hefur því ákveðið að höfðu samráði við Seðlabankann að verða við þessari beiðni sjóðsins á meðan beðið er niðurstöðu fyrrgreinds vinnuhóps um málefni sparisjóðanna. Gjalddagi fjármagnstekjuskattsins er í dag og er óskað eftir að Fjársýslan annist frágang þessa máls í samráði við sparisjóðsstjórann.[272]

Í skýrslu fyrir rannsóknarnefninni vegna málsins kom fram að fjármálaráðuneytið hefði metið stöðu sparisjóðsins þannig að um lausafjárvanda væri að ræða en ekki eignavanda. Opinber pólitískur vilji hefði staðið til þess að halda sparisjóðakerfinu gangandi og því hefði verið ákveðið að grípa til þessarar ráðstöfunar til að brúa bilið þar til viðvarandi lausn á lausafjárvanda sparisjóðsins lægi fyrir.[273] Seðlabanki Íslands hafði þegar gengið eins langt og heimildir bankans leyfðu í lánveitingum til sparisjóðsins. Ríkissjóður stofnaði reikning

269. Skýrsla Þrastar Leóssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 14. desember 2012.

270. Samkvæmt skýrslu Ástu Dísar Óladóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 9. ágúst 2013 var Spkef sparisjóði, sem stofnaður var á grunni Sparisjóðsins í Keflavík í apríl 2010, uppálagt af eiganda sínum að safna innlánum. Ásta Dís var stjórnarformaður Spkef sparisjóðs.

271. Skattfé skal skila til Seðlabanka Íslands skv. 2. gr. reglugerðar fjármálaráðuneytisins nr. 13/2003.

272. Tölvuskeyti Þórhalls Arasonar til Gunnars H. Hall 31. október 2008.

273. Skýrsla Þórhalls Arasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 6. september 2012.

hjá Sparisjóðnum í Keflavík vegna þessa og barst fyrsta greiðsla inn á reikninginn 28. nóvember 2008. Í lok nóvember 2008 átti Sparisjóðurinn í Keflavík laust fé sem nam 79,4 milljónum króna, að meðtöldu því fé sem ríkissjóður átti á reikningum hjá sparisjóðnum og greitt hafði verið inn 28. nóvember sama ár. Þeir fjármunir hefðu að öllu réttu átt að greiðast til Seðlabanka Íslands.

Tafla 42. Heildarinnstreymi á reikning ríkissjóðs Íslands hjá Sparisjóðnum í Keflavík 2008–2009.[274]

Dagsetning	**Greiðandi**		**Upphæð**
28.11.2008	Sandgerðisbær		113.638.201
30.12.2008	Sandgerðisbær		113.712.481
		Samtals	**227.350.682**
28.11.2008	Vogar		46.228.140
30.12.2008	Vogar		59.598.109
		Samtals	**105.826.249**
28.11.2008	Reykjanesbær		106.910.504
30.12.2008	Reykjanesbær		106.910.511
		Samtals	**213.821.015**
28.11.2008	Garður		97.745.006
30.12.2008	Garður		97.843.305
		Samtals	**195.588.311**
31.12.2008	Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf.		1.229.680.000
31.12.2009	Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf.		1.217.210.629
		Samtals	**2.446.890.629**
30.1.2009	Sparisjóðurinn í Keflavík		928.574.641
		Samtals	**928.574.641**
30.1.2009	Einkahlutafélag		58.800.000
		Samtals	**58.800.000**
31.12.2008	Innvextir 2008		4.009.740
31.12.2009	Innvextir 2009		324.112.444
		Samtals	**328.122.184**
Heildarinnstreymi á reikning ríkissjóðs			**4.504.973.711**

Í lok desember 2008 átti Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. að standa skil á samningsgreiðslum vegna sölu á eignum ríkisins á flugvallarsvæðinu upp á tæpar 1.230 milljónir króna til ríkissjóðs. Félagið átti viðskiptareikninga í Sparisjóðnum í Keflavík en í stað þess að greiða féð til Seðlabanka Íslands var greiðslan færð á reikning ríkissjóðs hjá Sparisjóðnum í Keflavík. Staðan á reikningnum 31. desember 2008 nam tæpum 2 milljörðum króna.

Í janúar 2009 átti Sparisjóðurinn í Keflavík að standa skil á afdregnum skatti af fjármagnstekjum viðskiptavina sparisjóðsins upp á tæpar 929 milljónir króna. Samkvæmt bankayfirliti var gerð færsla í fjárhagskerfi sparisjóðsins þar sem fjárhæðin var bókuð inn á reikning ríkissjóðs hjá Sparisjóðnum í Keflavík til þess að greiða upphæðina.[275] Þórhallur Arason, skrifstofustjóri hjá fjármálaráðuneytinu, gerði fyrir hönd ráðuneytisins munnlegt samkomulag við forsvarsmenn sparisjóðsins um að haga málum með þessum hætti.[276] Vörsluskatturinn var því ekki greiddur úr sparisjóðnum heldur bókaður sem innlánsskuldbinding við ríkissjóð. Þegar einkahlutafélag eitt átti að greiða fjármagnstekjuskatt til ríkisins var greiðslan millifærð af reikningi þess hjá sparisjóðnum inn á innlánsreikning ríkissjóðs. Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. greiddi í desember 2009 aðra samningsgreiðslu, rúmar 1.217 milljónir króna, inn á innlánsreikninginn.

Heimild fjármálaráðuneytisins frá 30. október 2008 átti einungis að taka til greiðslu sveitarfélaga á fjármagnstekjuskatti í nóvember og desember 2008. Samningsgreiðslur Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., greiðsla á staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts og greiðsla einkahlutafélagsins inn á innlánsreikning ríkissjóðs í Sparisjóðnum í Keflavík voru gerðar án heimildar fjármálaráðuneytisins.[277]

274. Reikningsyfirlit af reikningi ríkissjóðs hjá Sparisjóðnum í Keflavík, afhent rannsóknarnefndinni af Landsbankanum hf. 23. júlí 2012.

275. Lausafjárhlutfall til eins mánaðar var 1,011 í desember 2008, 1,066 í janúar 2009 og 1,001 í febrúar 2009.

276. Skýrsla Þórhalls Arasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 6. september 2012.

277. Skýrsla Þórhalls Arasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 6. september 2012.

Í lok febrúar 2009 fór Fjársýsla ríkisins þess á leit við Sparisjóðinn í Keflavík að 300 milljónir króna yrðu færðar inn á reikning ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands. Í tölvuskeyti Fjársýslu ríkisins til sparisjóðsins sagði að fyrirmælin væru send í samráði við fjármálaráðuneytið um að færa niður inneign á reikningi ríkissjóðs í Sparisjóðnum í Keflavík.[278] Samið hafði verið um að sjóðurinn færði 300 milljónir króna vikulega af reikningnum til Seðlabanka Íslands. Engar greiðslur höfðu borist 1. apríl 2009 og í kjölfarið sendi fjársýslustjóri tölvupóst til sparisjóðsstjóra þar sem hann ítrekaði að greiðslur hefðu ekki borist þrátt fyrir ósk ríkissjóðs um slíkt. Í niðurlagi póstsins sagði:

> Heyri ég ekki frá þér mjög fljótlega hlýtur að koma til skoðunar hjá okkur að hafa samband við Fjármálaeftirlitið og óska eftir þeirra afskiptum af málinu.[279]

Millifærslan var framkvæmd samdægurs. Greiðslan fór inn á innlánsreikning Þróunarfélags Keflavíkur hjá sparisjóðnum og hélst féð því áfram innan sparisjóðsins. Tvær færslur fóru inn á reikning ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands í maí 2009, samtals 300 milljónir króna.[280] Inneign ríkissjóðs á reikningnum nam rúmum 3,1 milljarði króna í lok árs 2009. Engin úttekt var af reikningnum frá árslokum 2009 fram að falli sparisjóðsins 22. apríl 2010.

19.4.2 Skuldir við lánastofnanir

Skuldir við lánastofnanir eru skammtímaskuldir við önnur fjármálafyrirtæki og lánastofnanir, svo sem dag- og veðlán hjá Seðlabanka Íslands, lán til styttri tíma frá Sparisjóðabanka Íslands, skammtímalán frá erlendum bönkum og óuppgerðar skuldir í jöfnunarkerfum. Skuldir til lengri tíma teljast til lántöku og er fjallað um þær hér aftar.

Skuldir við lánastofnanir voru á bilinu 1,4–12,25% af skuldum sparisjóðsins að frádregnu eigin fé í ársreikningum áranna 2005–2009. Milli áranna 2007 og 2008 hækkuðu þær úr 3,2 milljörðum króna í 10,5 milljarða króna og breyttust lítið til ársloka 2009. Í árslok 2009 námu þessar skuldir 12,5 milljörðum króna. Hækkunin skýrist að mestu leyti af dag- og veðlánum Sparisjóðsins í Keflavík hjá Seðlabanka Íslands.

Tafla 43. Skuldir Sparisjóðsins í Keflavík við lánastofnanir í árslok 2005–2009.[281]

Þús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009
Seðlabanki Íslands (veðlán)				3.857.611	7.632.673
Seðlabanki Íslands (daglán)				749.542	1.698.371
Sparisjóðir (peningamarkaðslán)		300.000			250.972
Kaupþing banki hf./Arion banki hf.				3.913.463	2.845.605
Peningamarkaðslán (Sparisjóðabanki Íslands hf.)	386.561	944.136	3.081.310	1.034.407	32.839
Kletthals ehf.				826.876	
Óuppgert í jöfnunarkerfi			74.328	138.175	
Innlán frá fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka	**386.561**	**1.244.136**	**3.155.638**	**10.520.074**	**12.460.460**

Innlán frá sparisjóðum voru hlutfallslega lítill þáttur í skuldum sparisjóðsins við lánastofnanir enda um að ræða peningamarkaðsinnlán sem nýtt voru til skammtímafjármögnunar. Í lok árs 2006 átti Sparisjóður vélstjóra peningamarkaðsinnlán í sparisjóðnum en í lok árs 2009 átti Sparisjóður Vestmannaeyja tæplega 251 milljónar króna peningamarkaðslán, eins og sést í töflu 43. Óuppgerðar færslur í jöfnunarkerfi voru einnig smáar fjárhæðir í samhenginu og hluti af reglulegri starfsemi sparisjóðsins. Hinn 22. apríl 2010, daginn sem Fjármálaeftirlitið tók yfir vald stofnfjáreigendafundar sparisjóðsins, voru skuldir hans við lánastofnanir um 10,7 milljarðar króna.

278. Tölvuskeyti Fjársýslu ríkisins til Sparisjóðsins í Keflavík 27. febrúar 2009.

279. Tölvuskeyti Fjársýslu ríkisins til sparisjóðsstjóra Sparisjóðsins í Keflavík 1. apríl 2009.

280. Reikningsyfirlit af reikningi ríkissjóðs hjá Sparisjóðnum í Keflavík, afhent rannsóknarnefndinni af Landsbankanum hf. 23. júlí 2012.

281. Gögn frá Landsbankanum hf., afhent rannsóknarnefndinni.

Til tryggingar veðláni hjá Seðlabanka Íslands var hluti skuldabréfa, útgefinna af Íbúðalánasjóði (HFF flokkar), sem Sparisjóðurinn í Keflavík hafði fengið vegna kaupa Íbúðalánasjóðs á lánasafni sparisjóðsins með veðtryggingu í íbúðarhúsnæði. Íbúðalánasjóður keypti útlán af Sparisjóðnum í Keflavík fyrir tæpa 10 milljarða króna 23. mars 2009 og rúma 1,4 milljarða króna í ágúst 2009.[282]

Til tryggingar dagláni hjá Seðlabanka Íslands var skuldabréf útgefið af Reykjanesbæ, RNB 08 1, að nafnvirði 2.050 milljónir króna.[283] Við fall viðskiptabankanna slógu hagsmunaaðilar og sveitarfélögin á Suðurnesjum skjaldborg um Sparisjóðinn í Keflavík. Þannig færði Grindavíkurbær 3 milljarða króna innlán til sparisjóðsins frá einum af föllnu viðskiptabönkunum, eins og framar greinir, og Reykjanesbær ætlaði að leggja andvirði nýrrar skuldabréfaútgáfu, 2,5 milljarða króna, sem innlán hjá sparisjóðnum, bundið til 10 ára. Skuldabréfið var einnig til 10 ára og gefið út í október 2008. Ekki tókst að selja nema 450 milljónir króna að nafnverði af bréfinu en Festa lífeyrissjóður keypti 300 milljónir króna og Lífeyrissjóður Vestmannaeyja 150 milljónir króna. Í nóvember 2008 keypti Sparisjóðurinn í Keflavík það sem var útistandandi af bréfinu, eða 2.050 milljónir króna að nafnverði. Til þess að greiða fyrir skuldabréfið var bókað innlán í sparisjóðnum í nafni Reykjanesbæjar sem nam söluverðmætinu. Í byrjun nóvember 2008 fékk Sparisjóðurinn í Keflavík sérstaka heimild bankastjórnar Seðlabanka Íslands til að víkja frá skilyrðum um tryggingarhæfi verðbréfa vegna dag- og veðlána hjá Seðlabankanum. Eitt af þeim skilyrðum var að skuldabréfaflokkur næmi að minnsta kosti 3 milljörðum króna.[284]

Seðlabanki Íslands veitti sjóðnum daglán 7. nóvember 2008 upp á 500 milljónir króna gegn veði í skuldabréfi Reykjanesbæjar. Lánsfjárhæðin hækkaði úr 500 milljónum króna í nóvember 2008 í 1.650 milljónir króna í febrúar 2009, en markaðsvirði bréfsins var metið 1.845 milljónir króna. Samkvæmt 15. gr. reglna nr. 808/2008 um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands má fjárhæð útistandandi daglána aldrei vera hærri en 90 hundraðshlutar af markaðsvirði veðsettra verðbréfa sem sett hafa verið til tryggingar þeim. Hæst fór daglánið í 89,43% af markaðsvirði bréfsins og því var veðsetningin nýtt að fullu.

Sparisjóðabanki Íslands/Icebank hf. veitti Sparisjóðnum í Keflavík fyrirgreiðslu á sex mismunandi vegu: með reikningsláni, lánum gegn skuldabréfum útgefnum af sparisjóðnum, lánum vegna fjármögnunarverkefnis,[285] langtímalánum í erlendri mynt, ábyrgðum og gjaldeyrissamningum. Á árinu 2008 reyndi mikið á samstarf Sparisjóðabankans og Sparisjóðsins í Keflavík og var heimildarmörkum sparisjóðsins breytt í tvígang á árinu 2008. Í upphafi ársins hafði sparisjóðurinn 11,4 milljarða króna heimildarmörk. Þau voru lækkuð 31. maí 2008 í 6,5 milljarða króna en hækkuð aftur 1. október 2008 í 9 milljarða króna. Á síðasta ársfjórðungi 2008 fór sjóðurinn ítrekað yfir heimildarmörk sín. Sparisjóður Húnaþings og Stranda og Sparisjóður Vestfirðinga, sem höfðu sameinast Sparisjóðnum í Keflavík, höfðu verið með erlendar ádráttarlínur hjá bankanum til að fjármagna erlendar lánveitingar. Við hrun fjármálamarkaðarins var þessum ádráttarlínum, ásamt ádráttarlínu Sparisjóðsins í Keflavík, breytt í þrjú skuldabréf upp á 1,8 milljarða króna hvert, eða samtals 5,4 milljarða króna. Aðrar skuldir voru að stærstum hluta í formi reikningsláns til eins dags (millibankalán).

Mynd 17. Tryggingarandlag dag- og veðlána Sparisjóðsins í Keflavík hjá Seðlabanka Íslands í árslok 2008 og 2009 og í apríl 2010.[286]



Við gagnaöflun rannsóknarnefndar Alþingis hjá Sparisjóðnum í Keflavík kom í ljós að reikningslánin (millibankalánin) voru ekki skráð í sérstök kerfi heldur var haldið utan um þau í Excel-skjali og þau bókuð í fjárhagsbókhald í samræmi við skjalið. Í gögnum úr fjárhagsbókhaldi var ekki hægt að rekja hver var mótaðili samninganna, gjalddagi eða vaxtakjör.

Þróun útlána Sparisjóðabanka Íslands hf. til Sparisjóðsins í Keflavík má sjá á mynd 18. Þar má sjá að útlán bankans voru hæst í nóvember 2008 en eftir þann tíma drógust þau saman. Ástæða þess var að Sparisjóðurinn í Keflavík hóf sjálfur viðskipti við Seðlabanka Íslands með veðlán, en eftir fall viðskiptabankanna var staða Sparisjóðabankans erfið og óvíst um framtíð hans. Sparisjóðirnir sem áður höfðu tekið veðlán og daglán hjá bankanum óttuðust að festast inni með lausafé og veðhæfa pappíra ef Fjármálaeftirlitið tæki bankann yfir.

Á stjórnarfundi Sparisjóðsins í Keflavík 22. júlí 2008 var samþykkt fjármögnun gegnum Icebank hf., Landsbanka Íslands og Seðlabanka Íslands með sölu á íbúðalánum fyrir allt að 2 milljarða króna til félagsins Kletthals ehf. Í bókun sagði að um sambærilegt ferli væri að ræða og gagnvart Íbúðalánasjóði.[287] Handveðsyfirlýsing til Landsbankans vegna þeirra lána sem seld voru Kletthálsi ehf. var dagsett 16. júlí 2008 en málið var ekki lagt fyrir stjórn fyrr en 22. júlí 2008 eins og fram er komið.

Kletthals ehf. fékk skuldabréf hjá Landsbankanum, LAIS 09 0504, að nafnvirði 2,2 milljarðar króna sem greiðslu fyrir fasteignaveðlánin. Félagið seldi Sparisjóðabankanum skuldabréfið í endurhverfum viðskiptum, sem svo aftur notaði bréfið til tryggingar veðláni hjá Seðlabanka Íslands. Kletthals ehf. notaði fjármagnið sem það fékk frá Sparisjóðabankanum í endurhverfu viðskiptunum til þess að kaupa íbúðalán af sparisjóðunum fimm sem áttu félagið. Skuld Sparisjóðsins í Keflavík við Kletthals ehf. var bókfærð tæpar 827 milljónir króna í árslok 2008 vegna ákvæða um endurkaup á lánasafninu frá Kletthálsi ehf.

Mynd 18. Þróun fyrirgreiðslu Sparisjóðsins í Keflavík hjá Sparisjóðabanka Íslands hf., Seðlabanka Íslands og ríkissjóði Íslands á tímabilinu september 2008 til mars 2009.[288]



Skuld Sparisjóðsins í Keflavík við Kaupþing hf. var vegna tveggja lána. Fyrra lánið var tekið 19. febrúar 2008. Það var upphaflega 1,2 milljarðar króna en nam 1,6 milljörðum króna í lok árs 2009, (sjá töflu 44). Lánið var fært sem skuld við lánastofnanir í lok árs

287. Fleiri sparisjóðir gerðu slíkt hið sama, þ.e. seldu fasteignaveðlán til Kletthals ehf. Nánari umfjöllun um fjármögnun íbúðalána hjá Íbúðalánasjóði og um fjármögnunarverkefnið Kletthals er að finna í 11. kafla skýrslunnar.

288. Greinargerð PricewaterhouseCoopers hf. fyrir slitastjórn Sparisjóðabankans um fyrirgreiðslu bankans við Sparisjóðinn í Keflavík, nóvember 2009; reikningsyfirlit af reikningi ríkissjóðs hjá Sparisjóðnum í Keflavík, afhent rannsóknarnefndinni af Landsbankanum hf. 23. júlí 2012; yfirlit dag- og veðlána frá Seðlabanka Íslands, 2005–2011.

2008 en flokkun á láninu var breytt á árinu 2009 í lántöku.[289] Lánið birtist því bæði í töflu 43 og töflu 44. Skuldin var til komin vegna hlutafjáraukningar í Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. sem fram fór í mars 2008. Þá tóku eigendur Kistu – fjárfestingarfélags ehf. á sig hluta skulda félagsins. Í lánasamningi Sparisjóðsins í Keflavík við Kaupþing 19. febrúar 2008 kemur fram að tilgangur lánsins sé „innáborgun á lán Kistu fjárfestingarfélags ehf. hjá bankanum". Hluthafar tóku á sig rúma 3,6 milljarða króna af skuldum Kistu – fjárfestingarfélags. Eftir að hluthafar tóku á sig hluta skuldanna lækkuðu skuldir Kistu við Kaupþing banka um rúma 3,6 milljarða króna og urðu 2,7 milljarðar króna. Skilmálar lánanna sem sparisjóðirnir tóku til að greiða upp hluta skulda Kistu voru áfram þeir sömu og gjalddagi þeirra 15. júní 2008. Þegar kom að gjalddaga voru lánin framlengd til 15. júní 2009 og vaxtaálag hækkað úr 2,75% í 3,50% á REIBOR vexti. Lánið var óuppgert við fall Sparisjóðsins í Keflavík.

Síðari lántakan hjá Kaupþingi var 25. ágúst 2008 að fjárhæð 16,5 milljónir evra. Tilgangur lánsins var að greiða upp sambankalán í umsjá HSH Nordbank.[290]

19.4.3 Lántaka

Lántaka var næststærsti hluti fjármögnunar Sparisjóðsins í Keflavík, á eftir innlánum. Hlutfall hennar var á bilinu 21–38% af skuldum sparisjóðsins að frádregnu eigin fé samkvæmt ársreikningum áranna 2005–2009. Undir lántöku í ársreikningi falla fjármögnun til lengri tíma, svo sem verðbréfaútgáfa og lán frá íslenskum og erlendum fjármálastofnunum. Um helmingur lántöku var í erlendri mynt en ef litið er til allra fjármögnunarþátta var fjármögnun í erlendri mynt 16,4% í lok árs 2007, 9,6% í lok árs 2008 og 8,6% í lok árs 2009.

Tafla 44. Lántaka Sparisjóðsins í Keflavík í árslok 2005–2009.[291]

Þús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009
Erlendir bankar	4.069.243	6.867.253	10.291.353	10.591.184	8.615.879
Sparisjóðabanki Íslands hf.			4.274.220	8.677.060	6.100.273
NBI hf.					1.810.114
MP Fjárfestingarbanki/MP Banki hf.					957.524
Íbúðalánasjóður	3.789.143	3.755.017	1.404.700		
Kaupþing banki hf./Arion banki hf.					1.610.364
Útgefin bankabréf	2.777.320	2.995.099	2.238.949	2.624.142	1.478.462
Frá dótturfélagi				335.395	502.410
Lántaka	**10.635.706**	**13.617.369**	**18.209.222**	**22.227.781**	**21.075.027**

Lántaka sparisjóðsins breyttist lítið frá árslokum 2009 þar til Fjármálaeftirlitið tók yfir vald stofnfjárhafafundar sparisjóðsins 22. apríl 2010. Þá nam lántaka sparisjóðsins 20,1 milljarði króna en þar af voru skuldir við erlenda banka 8,3 milljarðar króna, skuldir sem stofnað hafði verið til við Sparisjóðabanka Íslands hf. 5,9 milljarðar króna, skuldir við Landsbankann 1,9 milljarðar króna og skuldir við Arion banka 1,7 milljarðar króna.

Það sem fært er sem lán „frá dótturfélagi" í töflu 44 er hluti af lántöku dótturfélagsins Miðlands ehf. sem situr eftir í samstæðunni þegar búið er að jafna út samstæðufærslur vegna hlutdeildar Sparisjóðsins í Keflavík. Um Miðland ehf. er fjallað hér framar í köflum um útlán og fjárfestingar.

19.4.3.1 Erlend lántaka

Lántaka Sparisjóðsins í Keflavík í erlendum myntum var hæst á árinu 2007 en á árinu 2008 var hluti lántökunnar endurgreiddur á gjalddaga. Engu að síður hækkuðu erlendar skuldir í íslenskum krónum milli áranna 2007 og 2008, eingöngu vegna gengislækkunar krónunnar.

289. Samkvæmt upplýsingum frá fyrrverandi starfsmanni Sparisjóðsins í Keflavík var það gert vegna tímalengdar samningsins. Lánasamningurinn 19. febrúar 2008 var til fjögurra mánaða. Samningurinn var svo framlengdur 15. júní 2008 til eins árs og var hann þá færður sem lántaka.

290. Sjá nánari umfjöllun hér aftar um erlenda lántöku sparisjóðsins.

291. Sundurliðun frá Landsbankanum hf. sem afhent var rannsóknarnefndinni

Sparisjóðurinn í Keflavík tók þrjú stór sambankalán á árunum 2005 til 2007. Árið 2005 tók hann 22,5 milljóna evra sambankalán með gjalddaga 28. ágúst 2008. Í mars 2006 tók sparisjóðurinn annað sambankalán sem nam 22 milljónum evra til þriggja ára og loks tók sparisjóðurinn 40 milljóna evra lán 16. maí 2007 til þriggja ára. Kaupþing í Lúxemborg tók þátt í þessu sambankaláni og var hlutur þess 5 milljónir evra.

Í skýrslum hjá rannsóknarnefndinni lýstu bæði fyrrverandi forstöðumaður fjárhagssviðs Sparisjóðsins í Keflavík og fyrrverandi sparisjóðsstjóri því að sparisjóðurinn hefði ekki sjálfur sóst eftir að fjármagna sig hjá erlendum bönkum, honum hefði einfaldlega verið boðið að taka þessi lán og þau hefðu verið mjög hagstæð. Ódýrara hefði verið fyrir sparisjóðinn að taka þau en að fjármagna sig með aðstoð Sparisjóðabankans.[292]

Lánið frá 2005 var greitt upp á gjalddaga í ágúst 2008 en af fundargerð stjórnar sparisjóðsins 9. september 2008 má ráða að lausafjárstaða hans hafi orðið mjög erfið við þessa endurgreiðslu. Reynt hafi verið að fá banka til að framlengja lánalínur en það hafi ekki gengið eftir. Í lok september var búið að loka á flestar erlendar lánalínur og laust fé til eins mánaðar var 596 milljónir króna. Lausafjárþörfin fyrir sama tímabil var hins vegar metin 5 milljarðar króna.

Þegar kom að gjalddaga 22 milljóna evra lánsins frá 2006 á árinu 2009 var lausafjárstaða Sparisjóðsins í Keflavík erfið og möguleikar sparisjóðsins til endurfjármögnunar nánast engir. Þremur dögum fyrir lokagjalddaga lánsins samþykkti stjórn sparisjóðsins að greiða 13 milljónir evra af láninu í mars 2009 en eftirstöðvum þess yrði skipt í níu mánaðarlegar greiðslur, upp á 1 milljón evra hver. Sparisjóðurinn greiddi greiðsluna í mars en aðeins tvær af níu 1 milljónar evru greiðslunum. Eftirstöðvar lánsins í júní 2009 voru því 7 milljónir evra og átti sjóðurinn ekki evrur til að greiða af láninu. Til þess að fjármagna endurgreiðslu lánsins seldi sparisjóðurinn meðal annars Íbúðalánasjóði skuldabréf, tryggð með veði í íbúðarhúsnæði, sem var samþykkt á stjórnarfundi 24. mars 2009. Gerður var gjaldmiðlaskiptasamningur 25. mars 2009 við Seðlabanka Íslands um 13,2 milljónir evra til eins mánaðar á skráðu miðgengi Seðlabankans með 15% álagi.[293] Við lok samningsins, sem var aðeins til eins mánaðar, greiddi sparisjóðurinn skuld sína til baka í evrum.[294]

Í apríl 2009 hætti sparisjóðurinn að greiða vexti af 40 milljóna evra láninu sem tekið hafði verið í maí 2007.[295] Erlend lánastaða sjóðsins var 47 milljónir evra í árslok 2009, þar af voru 40 milljónir evra á gjalddaga 16. maí 2010 og möguleikar til endurfjármögnunar litlir sem engir.

19.4.3.2 Lántaka hjá Sparisjóðabanka Íslands hf.

Sparisjóðurinn í Keflavík hafði einnig fengið langtímafjármögnun hjá Sparisjóðabanka Íslands hf. en þar á meðal voru erlend endurlán. Við sameiningu Sparisjóðsins í Keflavík við Sparisjóð Húnaþings og Stranda og Sparisjóð Vestfirðinga á árinu 2007 komu þessar skuldbindingar fyrst fram í efnahag sparisjóðsins (sjá töflu 44).

Í október 2008 var erlendum ádráttarlínum sparisjóðsins lokað þar sem Sparisjóðabankinn átti þess ekki kost að fjármagna sig í erlendum myntum. Þar sem sparisjóðurinn hafði ekki bolmagn til að greiða skuldina, hvorki í erlendum myntum né íslenskum krónum, var samið um útgáfu þriggja víxla með mismunandi gjalddaga. Samhliða voru gerðir gjaldmiðlaskiptasamningar sem færðu annars vegar allar erlendar myntir yfir í evrur og hins vegar samningur um umbreytingu evra yfir í krónur. Við fall Sparisjóðabankans voru samningarnir og víxlarnir ógreiddir og lýsti slitastjórn bankans kröfu í Sparisjóðinn í Keflavík upp á 6,7 milljarða króna vegna gjaldfallinna víxla og 637 milljónir króna vegna taps á gjaldmiðlaskiptasamningum.[296]

292. Skýrsla Þrastar Leóssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 14. desember 2012; skýrsla Geirmundar Kristinssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 12. ágúst 2013.

293. Minnisblað alþjóðasviðs Seðlabanka Íslands um útgreiðslu evra til Sparisjóðs Keflavíkur, 25. mars 2009.

294. Skýrsla Angantýs Vals Jónassonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 28. júní 2013.

295. Skýrsla PricewaterhouseCoopers um ákveðna þætti innra eftirlits í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, 16. október 2009.

296. Greinargerð PricewaterhouseCoopers hf. fyrir slitastjórn Sparisjóðabankans um fyrirgreiðslu bankans við Sparisjóðinn í Keflavík, nóvember 2009.

19.4.3.3 Kaup og endursala banka á fasteignasöfnum Sparisjóðsins í Keflavík

Á stjórnarfundi 25. júní 2009 var lagður fram samningur um kaup NBI hf. (síðar Landsbankans hf.) á íbúðalánum upp á samtals 2 milljarða króna. Um var að ræða íbúðalán sem uppfylltu ekki skilyrði Íbúðalánasjóðs um kaup á íbúðalánum.[297] Samkvæmt yfirliti með samningnum var uppgreiðsluverðmæti lánanna 3,9 milljarðar króna en NBI hf. greiddi 2 milljarða króna fyrir lánasafnið. Sparisjóðurinn skuldbatt sig til þess að kaupa lánasafnið til baka 22. desember 2009 fyrir 2,1 milljarð króna. Þessi samningur var færður sem 1,8 milljarða króna skuld við NBI hf. í lok árs 2009.

MP Banki gerði samning við Sparisjóðinn í Keflavík 15. október 2009 um skuldabréfakaup. Kaupverð skuldabréfasafnsins var 960 milljónir króna og skuldbatt Sparisjóðurinn í Keflavík sig til að kaupa safnið til baka 19. mars 2010 fyrir um einn milljarð króna. Innheimta, samskipti við skuldara og umsýsla skuldabréfanna hélst áfram hjá sjóðnum. Um var að ræða íbúðalán sem ekki uppfylltu skilyrði Íbúðalánasjóðs um kaup á skuldabréfum af fjármálafyrirtækjum. Þessar skuldbindingar höfðu ekki verið gerðar upp þegar Fjármálaeftirlitið tók yfir vald stofnfjárhafafundar sparisjóðsins í apríl 2010.

19.4.3.4 Íbúðalánasjóður

Í desember 2004 gerðu Íbúðalánasjóður og Sparisjóðurinn í Keflavík með sér samning um fjármögnun Íbúðalánasjóðs á fasteignalánasafni sparisjóðsins sem nam um 1,6 milljörðum króna.[298] Að baki þessum lánasamningi voru 153 fasteignalán hjá Sparisjóðnum í Keflavík. Á sama tíma voru gerðir sams konar samningar milli Íbúðalánasjóðs og sparisjóðanna sem síðar sameinuðust Sparisjóðnum í Keflavík, þ.e. Sparisjóði Vestfirðinga, Sparisjóði Húnaþings og Stranda og Sparisjóði Ólafsvíkur, fyrir um 413 milljónir króna. Í apríl 2005 voru gerðir fleiri slíkir samningar og fjármagnaði Íbúðalánasjóður þá sem nam 1,5 milljörðum króna til viðbótar af fasteignalánum sparisjóðsins. Að baki þeim lánasamningi voru 159 fasteignalán. Á sama tíma fengu sparisjóðirnir sem síðar sameinuðust Sparisjóðnum í Keflavík 456 milljóna króna fjármögnun frá Íbúðalánasjóði til viðbótar þeirri sem veitt var í lok árs 2004. Í desember 2005 gaf Sparisjóðabankinn út skuldabréf til Íbúðalánasjóðs en að baki því voru lánasamningar með undirliggjandi tryggingum í veðskuldabréfasafni sparisjóða. Hlutur Sparisjóðsins í Keflavík var um 752 milljónir króna, Sparisjóðs Húnaþings og Stranda um 69 milljónir króna, Sparisjóðs Vestfirðinga 138 milljónir króna og Sparisjóðs Ólafsvíkur 39 milljónir króna. Þessir samningar voru útistandandi í lok áranna 2005, 2006 og 2007 en í árslok 2008 hafði Íbúðalánasjóður tekið yfir fasteignalánin sem voru undirliggjandi lánasamningunum og skuldabréfinu.

Reglugerð um heimild Íbúðalánasjóðs til að kaupa skuldabréf fjármálafyrirtækja sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði nr. 1081/2008 var sett með stoð í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, sbr. V. kafla laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. Á grundvelli reglugerðarinnar keypti Íbúðalánasjóður safn fasteignalána af Sparisjóðnum í Keflavík í mars 2009 fyrir tæpa 10 milljarða króna. Þeir fjármunir voru meðal annars nýttir til þess að endurgreiða erlenda lántöku sparisjóðsins eins og fjallað var um hér framar.

19.4.3.5 Verðbréfaútgáfa

Rannsóknarnefndin óskaði eftir sundurliðun á uppreiknaðri áramótastöðu útgefinna skuldabréfa Sparisjóðsins í Keflavík frá Landsbankanum hf. Í svari frá Landsbankanum hf. kom fram að bankinn hefði ekki aðgang að gögnum sem sýndu stöðu hvers skuldabréfaflokks fyrir sig.[299] Yfirlit yfir skuldabréf sparisjóðsins er því unnið upp úr útboðslýsingum af heimasíðu kauphallarinnar.

297. Skýrsla PricewaterhouseCoopers um ákveðna þætti innra eftirlits í Sparisjóðnum í Keflavík, 7. apríl 2011.
298. Um fjármögnun Íbúðalánasjóðs á fasteignalánum er fjallað í 11. kafla, um fjármögnun sparisjóðanna.
299. Tölvuskeyti Landsbankans hf. til rannsóknarnefndarinnar 12. febrúar 2013.

Frá árinu 2005 gaf Sparisjóðurinn í Keflavík einungis út eina skuldabréfaútgáfu og nam hún 1 milljarði króna að nafnverði.[300] Hins vegar var talsvert af eldri útgáfum sem voru á gjalddaga eftir 1. janúar 2005 og þar á meðal var ein sem sparisjóðurinn yfirtók við sameininguna við Sparisjóð Vestfirðinga.

Tafla 45. Yfirlit yfir útgefin skuldabréf Sparisjóðsins í Keflavík á gjalddaga eftir 1. janúar 2005.[301]

Heiti	Útgáfudagur	Gjalddagi	Heildarútgáfa	Líftími (ár)
SPK 99 2	10.3.1999	10.3.2006	150.000.000	7,0
SPK 02 1	1.4.2002	1.4.2007	500.000.000	5,0
SPK 02 3	1.10.2002	1.10.2022	700.000.000	20,0
SPVF 03 1	15.3.2003	15.3.2010	300.000.000	7,0
SPK 02 2	1.4.2003	1.4.2027	250.000.000	24,0
SPK 04 1	1.6.2004	1.6.2009	1.000.000.000	5,0
SPK 07 A	1.6.2007	1.11.2007	1.000.000.000	0,4
Samtals			**3.900.000.000**	

Virði útistandandi verðbréfa í ársreikningi hélst tiltölulega óbreytt frá 2005 til 2008 en lækkaði úr 2,6 milljörðum króna í lok árs 2008 í 1,5 milljarða króna í lok árs 2009. Að hluta til má skýra þessa lækkun með kaupum Sparisjóðsins í Keflavík á eigin skuldabréfum 20. mars 2009. Festa lífeyrissjóður átti tvö skuldabréf, annað að nafnverði 60 milljónir króna og var kaupverð þess 88,7 milljónir króna, hitt að nafnverði 208,3 milljónir króna og var kaupverð þess 356,2 milljónir króna. Andvirði bréfanna var greitt inn á innlánsreikning lífeyrissjóðsins í Sparisjóðnum í Keflavík. Lífeyrissjóðurinn lagði einnig inn nýtt 675 milljóna króna innlán.[302] Í stjórnarfundargerðum sparisjóðsins frá mars 2009 er ekkert bókað um þessi viðskipti en formaður stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík, Kristján Gunnarsson, sat einnig í stjórn Festu lífeyrissjóðs. Með þessu varð krafa lífeyrissjóðsins að forgangskröfu eftir að lög nr. 125/2008 gerðu innlán að forgangskröfum við gjaldþrotaskipti.

Fjármálaeftirlitið ákvað 22. apríl 2010 að Spkef sparisjóður yfirtæki ekki innlánsskuldbindingar Sparisjóðsins í Keflavík sem stofnað hefði verið til með því að kröfueigandi samkvæmt skuldabréfi eða öðru sambærilegu skuldaskjali hefði fengið kröfu sína greidda fyrir gjalddaga en hefði á sama tíma stofnað til innláns hjá Sparisjóðnum í Keflavík, enda væri um riftanlegan gerning að ræða samkvæmt lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.[303]

Skuldabréf sparisjóðsins, SPK 04 1, voru á gjalddaga 1. júní 2009 og komu þá til greiðslu 920 milljónir króna. Þar af voru 722 milljónir króna lagðar inn á innlánsreikning í samræmi við samkomulag sem gert var við eigendur bréfanna. Um miðjan júní voru 1,4 milljarðar króna á gjalddaga en sparisjóðurinn hafði óskað eftir fundi við eiganda kröfunnar um frestun á greiðslu þar til málefni sjóðsins væru komin á hreint og var þeirri greiðslu frestað í stuttan tíma.[304] Í árslok 2009 voru um 1,5 milljarðar króna útistandandi í skuldabréfum en eina skuldabréfið sem var á gjalddaga eftir þann tíma var það sem gefið var út 2007.

19.4.4 Víkjandi lán

Víkjandi lán voru 3–5% af heildarskuldum sparisjóðsins að undanskildu eigin fé í ársreikningum áranna 2005–2009 og námu frá 1,4 milljörðum króna til 3,1 milljarðs króna á sama tímabili.

Tafla 46. Útistandandi víkjandi skuldabréf, gefin út af Sparisjóðnum í Keflavík og þeim sparisjóðum sem sameinuðust honum, í árslok 2005–2009.[305]

Þús. kr.

Eiginfjárþáttur A	Vextir	Gjalddagi	2005	2006	2007	2008	2009
SPK 01 1	10,00%		275.500	294.725	312.108	363.166	433.349
			275.500	294.725	312.108	363.166	433.349
Eiginfjárþáttur B	**Vextir**	**Gjalddagi**	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**	**2009**
Víkjandi lán	7,50%	2008	72.100	75.206	79.657		
2. Flokkur 2004 (Keflavík)	4,80%	2014	261.600	279.775	310.330	344.623	392.203
1. flokkur 2004 (Ólafsvík)	5,30%	2014	87.200	93.258	103.443	114.874	130.734
SPK 05 1	5,30%	2015	785.800	852.244	911.174	1.060.235	1.212.193
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	7,50%	2013			15.219	17.713	20.068
FL. 2004/1 (Vestfirðingar)	5,50%	2014			120.697	114.531	130.697
FL. 1/2005 (Vestfirðingar)	6,50%	2015			193.693	225.419	260.630
Hvammstangi	6,50%	2015			148.592	172.380	199.305
Byggðastofnun (VF)	7,00%	2018			268.767	312.795	354.973

301. Yfirlit unnið upp úr útboðslýsingum skuldabréfa af heimasíðu kauphallarinnar.

302. Minnisblað fyrirtækjasviðs KPMG til slitastjórnar Sparisjóðsins í Keflavík um frekari skoðun innlána hjá sparisjóðnum, 23. apríl 2010.

303. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um stöfun eigin og skuldbindingar Sparisjóðsins í Keflavík til sparisjóðs, 22. apríl 2010.

304. Upplýsingar úr ársreikningum Sparisjóðsins í Keflavík fyrir árin 2005–2009 og Landsbankans hf. 3. júní 2010.

305. Upplýsingar úr ársreikningum Sparisjóðsins í Keflavík fyrir árin 2005–2009 og Landsbankans hf. 3. júní 2010. Lífeyrissjóður Vestfirðinga keypti skuldabréf flokkanna SPK 05 1 og Flokkur 2004/1 (Ólafsvík).

Á stjórnarfundi sparisjóðsins 12. desember 2005 var samþykkt að bjóða út 1 milljarðs króna víkjandi lán til tíu ára sem fékk auðkennið SPK 05 1. Sameinaði lífeyrissjóðurinn keypti 200 milljónir króna að nafnverði, Líftryggingafélag Íslands hf. 15 milljónir króna að nafnverði, Kaupþing banki 500 milljónir króna að nafnverði og Fjárfestingarfélag sparisjóðanna 85 milljónir króna að nafnverði.[306] Í stjórnarfundargerðinni kom ekki fram hver tilgangur lántökunnar var, en í tölvuskeyti frá framkvæmdastjóra hagdeildar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis til forstöðumanns fjárhagssviðs Sparisjóðsins í Keflavík frá 6. desember 2005 sagði:

> Ég var að tala við Erlend Hjalta. Þeir reikna með að hlutafjáraukningin verði fyrir áramótin. Þetta þýðir að ef við ætlum að fjármagna okkar hlut með víkjandi láni, þá þurfum við að selja þau fyrir þann tíma. Spurning hvort við ættum að hafa samflot vegna þessa.[307]

Í sama skeyti var reiknað með að hlutur Sparisjóðsins í Keflavík í aukningunni yrði tæplega 1,1 milljarður króna. Hlutafjáraukning í Exista var samþykkt á hluthafafundi félagsins 19. desember 2005 og í endurskoðunarskýrslu Sparisjóðsins í Keflavík fyrir það ár kom fram að fjárfest hefði verið í nýjum Existahlutum fyrir 762 milljónir króna.

Á árinu 2006 jukust víkjandi lán Sparisjóðsins í Keflavík um tæpar 70 milljónir króna vegna sameiningar við Sparisjóð Ólafsvíkur. Mest varð hins vegar breytingin á árinu 2007 þegar víkjandi lán jukust um tæpar 750 milljónir króna vegna sameiningar sparisjóðsins við Sparisjóð Húnaþings og Stranda og Sparisjóð Vestfirðinga. Á árunum 2008 og 2009 voru engar nýjar útgáfur eða sameiningar og var aukning víkjandi lána einungis vegna verðtrygginga og vaxta.

19.5 Eignarhald

Á árunum 2006 og 2007 sameinuðust Sparisjóður Ólafsvíkur, Sparisjóður Vestfirðinga og Sparisjóður Húnaþings og Stranda Sparisjóðnum í Keflavík. Samhliða sameiningunum réðst sparisjóðurinn í miklar stofnfjáraukningar. Stofnfé sparisjóðsins jókst um 12,5 milljarða króna að nafnverði frá árslokum 2005 til febrúarmánaðar 2007, þar af um 11,5 milljarða króna á árinu 2007. Frá árslokum 2005 fjölgaði stofnfjáreigendum úr 558 í 1.626 í árslok 2007 og voru það bæði lögaðilar og einstaklingar.

19.5.1 Sparisjóður Ólafsvíkur

Á fundi stjórnar Sparisjóðs Ólafsvíkur 13. september 2006 var greint frá viðræðum sem sparisjóðsstjóri ásamt formanni stjórnar hefðu átt við kollega sína í Sparisjóðnum í Keflavík um sameiningu sparisjóðanna undir nafni Sparisjóðsins í Keflavík. Samþykkti stjórnin að halda viðræðunum áfram en þetta var ekki í fyrsta skipti sem málefnið bar á góma. Í skýrslu stjórnar á aðalfundi Sparisjóðs Ólafsvíkur 15. mars 2006 hafði formaður stjórnar rakið erindi Sparisjóðs Mýrasýslu og Landsbanka Íslands hf. um kaup þeirra á stofnfjárhlutum sjóðsins og viðræður við Sparisjóðinn í Keflavík um hið sama. Hann gat þess síðan að ekki hefði náðst sátt innan stjórnar um þau málefni. Þarna var komið annað hljóð í strokkinn og á stjórnarfundi 11. október 2006 samþykkti stjórn aðgerðaáætlun fyrir hugsanlega sameiningu. Eftir það gengu hlutirnir hratt fyrir sig og á fundi stjórnar 9. nóvember 2006 undirritaði stjórn Sparisjóðs Ólafsvíkur samkomulag stjórna sparisjóðanna og samrunáætlun. Sparisjóðurinn í Keflavík hafði skrifað undir skjölin tveimur dögum áður. Samruninn myndi reikningslega miðast við 1. júlí 2006 og gert var ráð fyrir að Sparisjóður Ólafsvíkur myndi auka stofnfé sitt til þess að jafna skiptihlutfall við samrunann. Í árshlutareikningi sparisjóðsins 30. júní 2006 hafði stofnfé hans verið 164.972 krónur að nafnverði og eigið fé 218.271.195 krónur. Hlutfall stofnfjár af eigin fé var því 0,075% en með stofnfjáraukningunni átti að jafna það við hlutfall Sparisjóðsins í Keflavík sem var 14,88%.[308]

306. Tölvuskeyti Guðmundar Páls Hreggviðssonar til Árna Björgvinssonar, starfsmanns sparisjóðsins, 30. desember 2005.
307. Tölvuskeyti Jóns Halls Péturssonar, framkvæmdastjóra SPRON-Verðbréfa hf., til Þrastar Leóssonar 6. desember 2005.
308. Samrunaáætlun og samkomulag stjórna Sparisjóðsins í Keflavík og Sparisjóðs Ólafsvíkur, 9. nóvember 2006.

Hinn 20. desember 2006 samþykktu fundir stofnfjáreigenda Sparisjóðs Ólafsvíkur og Sparisjóðsins í Keflavík samruna sjóðanna. Á stofnfjáreigendafundinum í Sparisjóði Ólafsvíkur var jafnframt kynnt stofnfjárútboð að nafnverði 15.984.389 krónur í samræmi við heimild í samþykktum sjóðsins. Uppreiknað virði þess stofnfjár var 31.466.460 krónur.[309] Fyrir stofnfjáraukningu voru stofnfjáraðilar í sparisjóðnum 46 einstaklingar með jafnan eignarhlut en við samrunann fengu stofnfjáreigendur Sparisjóðs Ólafsvíkur stofnfjárbréf í Sparisjóðnum í Keflavík í sömu hlutföllum og stofnfjáreign þeirra var á samrunadag. Samkvæmt samrunaáætlun var hlutfall þeirra 3,18% af stofnfé eftir samruna. Fjármálaeftirlitið samþykkti samrunann 26. janúar 2007 og Samkeppniseftirlitið 31. janúar 2007.[310] Við samrunann var stofnaður Menningarsjóður Sparisjóðs Ólafsvíkur á starfssvæði sparisjóðsins og hafði hann það að hlutverk að styrkja árlega starfsemi á starfssvæði sparisjóðsins, en heimamenn skyldu koma að úthlutunum úr sjóðnum.[311]

19.5.2 Sparisjóður Vestfirðinga og Sparisjóður Húnaþings og Stranda

Frá stofnun Sparisjóðs Vestfirðinga 2001 hafði rekstur hans verið erfiður. Afskriftaþörf var mikil á starfssvæði sparisjóðsins og á aðalfundi 21. apríl 2004 kom fram að á „síðustu þrem árum [hefðu] verið afskrifaðar 693 milljónir króna“. Til þess að styrkja sparisjóðinn keyptu Sparisjóðabankinn og sparisjóðirnir stofnfé að nafnverði 65 milljónir króna í Sparisjóði Vestfirðinga árið 2004 og Tryggingasjóður keypti 52 milljónir króna að nafnverði ári seinna. Tryggingasjóður varð með sínu framlagi stærsti eigandi stofnfjár í sparisjóðnum með 21,6% eignarhlut. Í skýrslu fyrir rannsóknarnefndinni sagði Angantýr Valur Jónasson, fyrrverandi sparisjóðsstjóri sparisjóðsins, að hann teldi það „kraftaverk að [þeir skyldu] klára að halda Sparisjóði Vestfirðinga gangandi af því að […] þegar þið skoðið rekstur hans [var] afkoman af þessum hefðbundna rekstri ekki nægilega góð. Mikil afskriftaþörf gerði sjóðnum alltaf erfitt fyrir“.[312] Þá sagði hann einnig:

> Þegar Sparisjóður Vestfirðinga var stofnaður þá var það alltaf hugmynd þeirra sem að því stóðu og þeirra stjórnenda sem þar voru, að þetta væri fyrsta skrefið í því að sameina Sparisjóð Vestfirðinga inn í stærri einingu. [Það] ætti ekki að stoppa við þetta skref [heldur] halda áfram í sameiningu sparisjóða. […] Fyrst og fremst [töldu þeir sig] ekki geta sinnt þeim þörfum sem voru á Vestfjörðum, á þessum stöðum sem [þeir voru], varðandi útlánaþörf, útgerðir og annað.[313]

Á árinu 2007 var mikil umræða innan sparisjóðsins um sameiningarmál. Meðal annars komu fram hugmyndir um að ræða við Byr sparisjóð eða Sparisjóð Mýrasýslu.[314] Sparisjóðnum barst bréf frá Sparisjóðnum í Keflavík 31. júlí 2007 þar sem óskað var eftir sameiningarviðræðum milli sjóðanna. Því var svarað 10. ágúst 2007 þar sem stjórn Sparisjóðs Vestfirðinga fagnaði frumkvæði Sparisjóðsins í Keflavík og fól sparisjóðsstjóra að leiða viðræðurnar fyrir hönd sparisjóðsins.[315]

Rétt eins og hjá Sparisjóði Vestfirðinga var það rætt innan stjórnar Sparisjóðs Húnaþings og Stranda hvort skoða ætti sameiningu við aðra sparisjóði. Á aðalfundi sparisjóðsins 2. maí 2007 kvaðst formaður stjórnar, Egill Gunnlaugsson, ekki vera hlynntur sameiningu við aðra sparisjóði. Þrátt fyrir það samþykkti stjórnin boð Sparisjóðsins í Keflavík til viðræðna um hugsanlega sameiningu sjóðanna í ágúst sama ár.[316] Stjórnin heimsótti Sparisjóðinn í Keflavík 28. ágúst 2007 og sendi stofnfjáreigendum bréf tveimur dögum síðar um viðræður við aðra sparisjóði um hugsanlegan samruna.[317] Á stjórnarfundi 3. september

309. Stofnfjáreigendafundur Sparisjóðs Ólafsvíkur, 20. desember 2006. Samkvæmt þessu varð hlutur stofnfjáreigenda í sparisjóðnum í samræmi við samrunaáætlunina, eða tæp 15% eigin fjár.
310. „Samruni sparisjóða“, vefsíða Fjármálaeftirlitsins 3. júlí 2007, http://www.fme.is/utgefid-efni/frettir-og-tilkynningar/frettir/nr/272; ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um samruna Sparisjóðsins í Keflavík og Sparisjóðs Ólafsvíkur, 31. janúar 2007.
311. Stofnfjáreigendafundur Sparisjóðs Ólafsvíkur, 20. desember 2006.
312. Skýrsla Angantýs V. Jónassonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 28. júní 2013.
313. Skýrsla Angantýs V. Jónassonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 28. júní 2013.
314. Skýrsla Angantýs V. Jónassonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 28. júní 2013.
315. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Vestfirðinga, 28. ágúst 2007.
316. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Húnaþings og Stranda, 21. ágúst 2007.
317. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Húnaþings og Stranda, 30. ágúst 2007.

2007 var samþykkt að sparisjóðsstjóri ásamt endurskoðanda sparisjóðsins myndu funda með forsvarsmönnum Sparisjóðsins í Keflavík og Sparisjóðs Vestfirðinga þremur dögum síðar. Þar átti einkum að ræða hugsanlega sameiningu sjóðanna.

Í kjölfar fundarins 6. september 2007 sendu Sparisjóður Vestfirðinga, Sparisjóðurinn í Keflavík og Sparisjóður Húnaþings og Stranda frá sér tilkynningu samdægurs þar sem fram kom að forsvarsmenn sparisjóðanna hefðu gert samkomulag um að leggja til við stjórnir sparisjóðanna að þeir yrðu sameinaðir.[318] Samrunaáætlun sparisjóðanna var samþykkt á stjórnarfundi Sparisjóðsins í Keflavík 10. september 2007 og á stjórnarfundum Sparisjóðs Vestfirðinga og Sparisjóðs Húnaþings og Stranda degi síðar.

Á stofnfjáreigendafundi Sparisjóðs Vestfirðinga 9. október 2007 var samrunaáætlunin kynnt fyrir stofnfjáreigendum ásamt tillögu að breytingum á samþykktum sparisjóðsins vegna stofnfjáraukningar. Á fundinum var samþykkt eftirfarandi breytingartillaga frá stofnfjáreiganda:

> Stofnfjáreigendur eiga forgang til áskriftar í réttu hlutfalli við stofnfjáreign. Heimild þessi gildir til 20. janúar 2008. Áður en til aukningar stofnfjár kemur skal stjórn Sparisjóðs Vestfirðinga hafa gengið frá því við stjórn Tryggingasjóðs sparisjóða að sjóðurinn taki ekki þátt í stofnfjáraukningu þessari.[319]

Eins og áður sagði varð Tryggingasjóður sparisjóða stærsti eigandi í Sparisjóði Vestfirðinga þegar hann aðstoðaði sparisjóðinn 2005. Fyrrverandi sparisjóðsstjóri sjóðsins lýsti aðdraganda breytingartillögunnar svo: „Menn vildu bara meira stofnfé. Menn stóðu upp og sögðu: Tryggingasjóður sparisjóðanna er stærsti stofnfjáreigandinn, við teljum eðlilegt að hann víki; hann taki ekki þátt í stofnfjáraukningunni og við samþykkjum ekki sameiningu nema hann afsali sér sínum hlut.“[320] Tryggingasjóðurinn samþykkti að taka ekki þátt í stofnfjáraukningu sparisjóðsins og var sú ákvörðun kynnt á fundi stjórnar 30. október 2007. Forgangsréttur hans skiptist því á milli annarra stofnfjáreigenda.

Auk breytingartillögunnar var samþykkt að afnema bann við veðsetningu á stofnfjárhlutum. Á stjórnarfundi 30. október 2007 var síðan samþykkt að veita framkvæmdastjórn heimild til þess að taka handveð í stofnfjáreign stofnfjáraðila sem óskuðu eftir láni til stofnfjárkaupa. Veðsetningin yrði síðan lögð fyrir stjórn til staðfestingar.

Stofnfjárútboð í Sparisjóði Vestfirðinga var haldið 29. október til 9. nóvember 2007. Með því átti að jafna skiptihlutfall stofnfjáreignar fyrir fyrirhugaðan samruna. Í boði var nýtt stofnfé að nafnverði 1.064 milljónir króna á genginu 1,04 en fyrir stofnfjáraukningu var nafnverð stofnfjár rúm 301 milljón króna. Í útboðslýsingu sjóðsins var tekið fram að fjárfesting í stofnfjárbréfum væri áhættufjárfesting og voru fjárfestar hvattir til að kynna sér þá áhættu sem fylgdi eignarhaldi á slíkum bréfum. Allt stofnfé sem í boði var seldist.[321]

Samruninn við Sparisjóðinn í Keflavík var samþykktur á stofnfjáreigendafundi Sparisjóðs Vestfirðinga 30. nóvember 2007. Á þeim fundi var einnig samþykkt að auka stofnfé enn frekar til að styrkja eiginfjárstöðu sparisjóðsins. Annað stofnfjárútboð var því haldið dagana 10.–17. desember 2007 og seldist stofnfé fyrir 788 milljónir króna að nafnverði á genginu 1,05. Ekki voru gerðar kröfur um að Tryggingasjóður sparisjóða stæði utan við stofnfjáraukninguna í þetta sinn, þar sem hlutdeild hans í sparisjóðnum var komin niður í 4% eftir stofnfjáraukninguna þar á undan.[322]

Á fundi stofnfjáreigenda í Sparisjóði Húnaþings og Stranda 11. október 2007 var samþykkt heimild til stjórnar um aukningu stofnfjár að nafnverði allt að 130 milljónir króna. Einnig var samþykkt að aflétta banni á veðsetningu stofnfjár. Á stjórnarfundinum sem fylgdi samþykkti stjórn sjóðsins að ráðast í stofnfjárútboð að nafnverði um 1.230 milljónir króna. Þar var líka samþykkt að lánskjör til stofnfjáreigenda yrðu kjörvextir án álags.[323]

318. Útboðslýsing Sparisjóðsins í Keflavík, 12. september 2007.

319. Fundur stofnfjáreigenda Sparisjóðs Vestfirðinga, 9. október 2007.

320. Skýrsla Angantýs V. Jónassonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 28. júní 2013.

321. Útboðslýsing um sölu stofnfjár Sparisjóðs Vestfirðinga, 25. október 2007.

322. Stofnfjáreigendafundur Sparisjóðs Vestfirðinga, 30. nóvember 2007; viðauki við lýsingu Sparisjóðs Vestfirðinga sem staðfest var af Fjármálaeftirlitinu í október 2007, 4. desember 2007; fundargerð stjórnar Sparisjóðs Vestfirðinga, 19. desember 2007.

323. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Húnaþings og Stranda, 16. október 2007.

Útboðinu lauk 9. nóvember 2007 og skráðu allir 174 stofnfjáreigendur sig fyrir grunnrétti. Því seldist allt stofnfé sem í boði var, en stofnfé sparisjóðsins hafði verið 19,4 milljónir króna fyrir útboðið.[324] Á fundi stofnfjáreigenda sparisjóðsins 4. desember 2007 var samþykkt heimild til stjórnar um aukningu stofnfjár um allt að 1.074 milljónir króna að nafnverði. Á stjórnarfundi sama dag var samþykkt að bjóða út um 724 milljónir króna að nafnverði. Stofnfjárútboðinu lauk 17. desember 2007 og seldist allt stofnfé sem í boði var.[325]

Samruninn við Sparisjóðinn í Keflavík var samþykktur á stofnfjáreigendafundi Sparisjóðs Húnaþings og Stranda 4. desember 2007. Við samrunann fengu stofnfjáreigendur í Sparisjóði Húnaþings og Stranda í sinn hlut 608.335.371 nýja nafnverðshluti í Sparisjóðnum í Keflavik í skiptum fyrir sína hluti í hinum yfirtekna sjóði að nafnvirði 1.249.810.647 krónur. Stofnfjáreigendur í Sparisjóði Vestfirðinga fengu 664.490.188 nýja nafnverðshluti í Sparisjóðnum í Keflavík í skiptum fyrir sína hluti í hinum yfirtekna sjóði að nafnvirði 1.365.179.392 krónur. Stofnfé sem þannig var látið í té sem greiðsla skyldi njóta arðsréttar í sameinuðum sjóði miðað við sameiningardag 1. júlí 2007.

Samruninn var samþykktur á stofnfjáreigendafundi Sparisjóðsins í Keflavík 4. desember 2007. Jafnframt var samþykkt breytt fyrirkomulag við val stjórnar sparisjóðsins þannig að stofnfjáraðilar kysu alla stjórnarmeðlimina fimm, en áður áttu sveitarfélög sérstakan fulltrúa í stjórn.[326] Við sameininguna var komið á fót menningarsjóðum á skilgreindum starfssvæðum sjóðanna sem áttu að styrkja árlega starfsemi á svæðunum. Áttu heimamenn á hverju starfssvæði um sig að koma að úthlutunum úr sjóðunum.[327]

Samkeppniseftirlitið samþykkti samruna Sparisjóðs Vestfirðinga, Sparisjóðs Húnaþings og Stranda og Sparisjóðsins í Keflavík 7. janúar 2008 og Fjármálaeftirlitið 22. febrúar 2008.[328]

19.5.3 Stofnfé og stofnfjáreigendur

Í samþykktum Sparisjóðsins í Keflavík frá 25. apríl 2000 sagði að stofnfé sparisjóðsins skyldi vera 30 milljónir króna að lágmarki og allt að 600 milljónir króna að nafnverði og skiptast í jafnháa hluti sem hver væri að nafnverði 150.000 krónur. Eitt atkvæði skyldi fylgja hverjum hlut og skyldi sparisjóðsstjórn sjá til þess að stofnfjáreigendur væru aldrei færri en 30. Stofnfjáreigendur áttu einn eða fleiri jafngilda stofnfjárhluti og atkvæðisrétt í hlutfalli við stofnfjáreign, en einstökum stofnfjáreigendum var óheimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóðnum. Atkvæðisréttur fylgdi ekki þeim stofnfjárbréfum sem sparisjóðurinn kynni að eiga sjálfur og skyldu bréfin dregin frá þegar miða skyldi við heildaratkvæðamagn í samþykktum hans. Að öðru leyti voru allir stofnfjárhlutir jafn réttháir.

Sparisjóðurinn gaf út stofnfjárbréf fyrir skráðum stofnfjárhlutum og bar sparisjóðsstjórn að undirrita þau. Stofnfjárbréf mátti ekki afhenda fyrr en hlutur væri að fullu greiddur og skyldu þau hljóða á nafn. Sparisjóðnum bar að færa stofnfjáreigendaskrá sem aðgengileg væri öllum stofnfjáreigendum. Yrðu eigendaskipti á stofnfjárhlut og ákvæði laga og samþykkta sparisjóðsins stæði þeim ekki í vegi, skyldi nafn hins nýja stofnfjáreiganda fært í skrána þegar hann tilkynnti eigendaskiptin og sannaði rétt sinn. Þá væri sala eða annað framsal stofnfjárhlutar í sparisjóðnum óheimilt, nema samþykki sparisjóðsstjórnar kæmi til. Veðsetning stofnfjárhlutar var með öllu óheimil. Fundur stofnfjáreigenda gat ákveðið að auka stofnfé umfram það sem kveðið var á um í samþykktum með áskrift nýrra stofnfjárhluta. Með sama hætti var heimilt að auka stofnfé með endurmati á stofnfé. Það verð sem nýr stofnfjáreigandi skyldi greiða fyrir hlut var nafnverð hans að viðbættri ónýttri heimild til endurmats stofnfjár. Við aukningu stofnfjár skyldu stofnfjáreigendur eiga rétt til þess að skrá sig fyrir auknu stofnfé í réttu hlutfalli við stofnfjáreign sína.

„Fjárfesting í stofnfjárbréfum er í eðli sínu áhættufjárfesting og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér vel þá áhættu sem er samfara eignarhaldi á slíkum bréfum. Fjárfestar eru hvattir til að leita sér ráðgjafar hjá sérfræðingum við mat sitt á stofnfjárbréfum í Sparisjóðnum í Keflavík sem fjárfestingarkosti. Í kafla nr. 1 í Útgefandalýsingunni er farið sérstaklega í áhættuþætti í rekstri Spkef ásamt áhættu tengdri eign í stofnfjárbréfum. Fjárfestum er bent á að kynna sér efni þess kafla mjög vel. Lýsing þessi, umsjónaraðili eða Sparisjóðurinn í Keflavík, veita enga tryggingu fyrir framtíðarárangri eða frammistöðu Sparisjóðsins. Sérhverjum fjárfesti er ráðlagt að gera sínar eigin kannanir og greiningar á Sparisjóðnum og þeim atriðum sem koma fram í lýsingunni. Fjárfestum er jafnframt bent á að kynna sér lagalega stöðu sína, þar á meðal skattaleg atriði sem kunna að eiga við um viðskipti með stofnfjárbréf.“

– Útboðslýsing Sparisjóðsins í Keflavík 15. desember 2006.

324. Ársreikningur Sparisjóðs Húnaþings og Stranda, 30. júní 2007.

325. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Húnaþings og Stranda, 19. desember 2007.

326. Stofnfjáreigendafundur Sparisjóðsins í Keflavík, 4. desember 2007.

327. Samrunaáætlun Sparisjóðsins í Keflavík, Sparisjóðs Vestfirðinga og Sparisjóðs Húnaþings og Stranda, 11. september 2007.

328. Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2008 um kaup Sparisjóðsins í Keflavík á Sparisjóði Vestfirðinga, 7. janúar 2008; ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2008 um kaup Sparisjóðsins í Keflavík á Sparisjóði Húnaþings og Stranda, 7. janúar 2008; „Fjármálaeftirlitið samþykkir samruna þriggja sparisjóða“, vefsíða Fjármálaeftirlitsins 27. febrúar 2008, http://www.fme.is/utgefid-efni/frettir-og-tilkynningar/frettir/nr/364.

Samþykktum sparisjóðsins var breytt á aðalfundi sparisjóðsins 14. mars 2003 og var stofnfé hækkað í 600 milljónir króna að nafnverði sem skiptist í jafnmarga hluti og skyldi eitt atkvæði fylgja hverjum hlut. Þá var stjórn heimilt að auka stofnfé um allt að 500 milljónir króna að nafnverði. Stofnfjáraðilar skyldu eiga forgang til áskriftar í réttu hlutfalli við stofnfjáreign sína og gilti heimildin til 1. apríl 2008. Á aðalfundi 9. mars 2006 var felld úr samþykktum bann við veðsetningu stofnfjárhluta en hún var þó aðeins heimil með samþykki stjórnar sparisjóðsins.

Í lok árs 2005 nam stofnfé Sparisjóðsins í Keflavík 1.052 milljónum króna að nafnverði. Hafði það aukist um 314,5 milljónir króna að nafnverði í áföngum frá árinu 2000. Stofnfjáreigendur voru 558 talsins, bæði einstaklingar og lögaðilar.[329] Tíu stærstu eigendur í sjóðnum áttu alls 632,6 milljónir króna að nafnverði en níu þeirra voru lögaðilar.[330]

Á stjórnarfundi sparisjóðsins 27. nóvember 2006 var samþykkt að nýta heimild stjórnar frá aðalfundi 2003 til stofnfjáraukningar að nafnverði 500 milljónir króna. Af heimildinni var gert ráð fyrir að 36,7 milljónum króna að nafnverði yrði ráðstafað til eigenda í Sparisjóði Ólafsvíkur í skiptum fyrir stofnfé að sömu upphæð í Sparisjóði Ólafsvíkur. Þetta var vegna samruna sjóðanna en samrunaáætlun og samkomulag stjórna hafði verið samþykkt fyrr í sama mánuði. Það sem eftir stóð af heimildinni, 463,3 milljónir króna að nafnverði, var boðið út sem nýtt stofnfé. Áskriftartímabilið var til 27. desember 2006 og gengi bréfanna í útboðinu um 1,97. Í lok árs 2006 var stofnfé sparisjóðsins 1.100 milljónir króna að nafnverði. Þá voru stofnfjáreigendur 617.[331]

Á stofnfjáreigendafundi 20. desember 2006 var stjórn sparisjóðsins veitt heimild til að auka stofnfé um allt að 700 milljónir króna að nafnverði með áskrift jafnmargra nýrra stofnfjárhluta en á þeim tíma var stofnfé sparisjóðsins 1,1 milljarður króna að nafnverði. Heimildin gilti til 20. desember 2011. Heimild til stofnfjáraukningar var fullnýtt þegar samþykktum var breytt á aðalfundi sparisjóðsins 16. mars 2007 og var stofnfé sparisjóðsins þá 1,8 milljarður króna að nafnverði. Á aðalfundinum var stjórn sparisjóðsins veitt heimild til að auka stofnfé sparisjóðsins um allt að 1 milljarð króna að nafnverði með áskrift nýrra stofnfjárhluta og gilti heimildin til ársloka 2011. Stofnfjárútboð hóst svo 19. mars 2007 og var 700 millljóna króna stofnfé í boði á genginu 2,08. Í útboðslýsingu var fjárfestingu í stofnfjárbréfum lýst sem áhættufjárfestingu og voru fjárfestar hvattir til að kynna sér þá áhættu sem fælist í kaupum á stofnfjárbréfum.[332] Heimildin var fullnýtt með útboði stofnfjár sem lauk 27. september 2007.

Snemma á árinu 2007, eða 8. janúar, var samþykkt að stofna tilboðsmarkað fyrir stofnfjárhluti í Sparisjóðnum í Keflavík og var viðskiptastofu sparisjóðsins falið að opna hann eins fljótt og auðið yrði. Samkvæmt reglum um viðskipti á tilboðsmarkaði átti markaðurinn að safna og miðla upplýsingum um kaup- og sölutilboð í stofnfjárhluti í Sparisjóðnum í Keflavík. Markaðurinn var rafrænn og aðeins þeim sem leyfi höfðu til verðbréfaviðskipta var heimilt að hafa milligöngu um að leggja fram tilboð. Jafnframt voru sett hæfisskilyrði fyrir kaupum á markaðnum.[333] Þá voru enn í gildi ákvæði úr samþykktum um að sala eða annað framsal stofnfjárhluta væri óheimilt, nema með samþykki stjórnar. Fyrstu viðskipti á markaðnum fóru fram 15. janúar 2007 og var gengi stofnfjárbréfa þá 5,6. Eftir það fóru rúm 700 viðskipti fram á markaðnum. Stærstu viðskipti á markaðnum námu 370 milljónum króna í viðskiptum með stofnfé að nafnverði 17,2 milljónir króna. Gengi bréfa á markaðnum varð hæst 12,7 í viðskiptum sem fram fóru í lok júlí og byrjun ágúst 2007 en var 1,0 í seinustu viðskiptum á markaðnum 19. september 2008.[334]

Á stjórnarfundi sparisjóðsins 31. júlí 2007 var fjallað um viðræður Byrs sparisjóðs og Sparisjóðs Norðlendinga um samruna eða samstarf. Einn stjórnarmanna lýsti yfir „vonbrigðum sínum með það að [Sparisjóðurinn í Keflavík virtist] alltaf missa af lestinni við [þær] sameiningarviðræður sem orðið [hefðu] undanfarið. Hann lagði áherslu á að [spari-

„Stjórn [Sparisjóðsins í Keflavík] setur eftirfarandi almenn skilyrði fyrir því að samþykkja framsal á stofnfjárhlut:

1. Að kaupandi sé fjárráða.

2. Að ekki hafi verið gert árangurslaust fjárnám hjá kaupanda, bú hans tekið til gjaldþrotaskipta eða hann leitað nauðasamninga eða greiðslustöðvunar síðustu þrjú ár fyrir kaupin.

3. Að kaupandi sé ekki í vanskilum, eða að afskrifuð hafi verið skuld á hann, hjá [Sparisjóðnum í Keflavík].“

Reglur um viðskipti á tilboðsmarkaði Sparisjóðsins í Keflavík, samþykktar 8. janúar 2007.

329. Ársreikningar Sparisjóðsins í Keflavík.
330. Stofnfjáreigendalistar Sparisjóðsins í Keflavík, afhentir rannsóknarnefndinni af Landsbankanum.
331. Ársreikningar Sparisjóðsins í Keflavík; útboðslýsing stofnfjár í Sparisjóðnum í Keflavík, desember 2006.
332. Útboðslýsing stofnfjár í Sparisjóðnum í Keflavík, mars 2007.
333. Fundargerð stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík, 8. janúar 2007.
334. Samkvæmt yfirliti yfir hreyfingar á tilboðsmarkaði sem rannsóknarnefndin fékk afhent frá Landsbankanum hf.

sjóðurinn] herti róðurinn og reyndi að koma af stað viðræðum við aðra sparisjóði“.[335] Undir þetta var tekið og lagði sparisjóðsstjóri til að bréf yrði sent til allra sparisjóða með ósk um viðræður um samruna eða samstarf sjóðanna. Í kjölfarið fékk sparisjóðurinn svarbréf frá nokkrum sparisjóðum og hóf viðræður við Sparisjóð Norðfjarðar, Sparisjóð Vestfirðinga og Sparisjóð Húnaþings og Stranda. Afrakstur þeirra viðræðna var sá að 6. september 2007 gáfu Sparisjóðurinn í Keflavík, Sparisjóður Vestfirðinga og Sparisjóður Húnaþings og Stranda út tilkynningu um að forsvarsmenn sparisjóðanna hefðu lagt til við stjórnir þeirra að sparisjóðirnir yrðu sameinaðir.[336] Á stjórnarfundi Sparisjóðsins í Keflavík 10. september 2007 var síðan samrunaáætlun sparisjóðanna þriggja samþykkt af stjórn sparisjóðsins.

„Ef þið horfið á arðinn árin á undan þá var hann ekki stórir peningar en menn gátu verið að finna meiri arð af peningunum sínum og geyma þá annars staðar en þarna loksins sáu menn að þeir gátu fengið eitthvað út úr þessu. Svo lágu þessir stóru eigendur á manni og sögðu að nú skyldum við fara að borga arð, undir þessum þrýstingi voru stjórnarmenn.“

Úr skýrslu Kristjáns G. Gunnarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 6. ágúst 2013.

Á stofnfjáreigendafundi 4. desember 2007 var samþykktur samruni Sparisjóðsins í Keflavík, Sparisjóðs Vestfirðinga og Sparisjóðs Húnaþings og Stranda, undir nafni Sparisjóðsins í Keflavík. Á fundinum var stjórn sparisjóðsins auk þess veitt heimild til að auka stofnfé um allt að 2.380.219.979 krónur að nafnverði. Samkvæmt fundargerð stofnfjáreigendafundarins var um að ræða „stofnfé að söluverðmæti kr. 5.141.775.000 miðað við endurmatsstuðul nóvember, 2,16“. Heimildin gilti til 20. desember 2011.

Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis tók einnig vel í tillögur Sparisjóðsins í Keflavík. Á stjórnarfundi 8. október 2007 greindi sparisjóðsstjóri Sparisjóðsins í Keflavík frá ferð sinni til Þórshafnar og Hólmavíkur til að ræða við stjórnir sparisjóðanna þar. Á fundi stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík 12. nóvember 2007 var fjallað um samþykkt Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis fyrir því að hefja viðræður um sameiningu á sama grunni og gert var í sameiningarviðræðum við Sparisjóð Vestfirðinga annars vegar og Sparisjóð Húnaþings og Stranda hins vegar. Þremur dögum síðar undirrituðu stjórinir sparisjóðanna samrunagögn þeirra. Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis hélt síðan fund stofnfjáreigenda 21. desember 2007 þar sem borin var undir atkvæði tillaga um heimild til aukningar á stofnfé til jöfnunar á skiptihlutfalli við Sparisjóðinn í Keflavík vegna fyrirhugaðrar sameiningar sparisjóðanna. Svo fór að tillagan var felld. Málið var síðan aftur tekið fyrir á fundi stofnfjáreigenda 19. janúar 2008 þar sem samruninn var samþykktur, sem og heimild til stjórnar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis um aukningu stofnfjár að nafnverði 400 milljónir króna. Mætti sparisjóðsstjóri Sparisjóðsins í Keflavík á þann fund til að kynna tillögurnar frekar og stöðu síns sparisjóðs. Farið var í útboð 18. júní 2008 en þátttaka í því var svo dræm að fallið var frá stofnfjáraukningunni og þar með samruna við Sparisjóðinn í Keflavík.[337]

„Markmiðið er að stofna Sparisjóð Íslands, og það [ætlar stjórn] að gera, sagði Geirmundur.“

Fundargerð stofnfjáreigendafundar Sparisjóðsins í Keflavík 4. desember 2007.

Stjórn Sparisjóðsins í Keflavík samþykkti á fundi sínum 2. júlí 2007 að nýta heimild frá aðalfundi til stofnfjáraukningar um 1 milljarð króna að nafnverði. Ákveðið var að halda stofnfjárútboð um haustið sem lauk 27. september 2007. Gengi stofnfjárbréfanna var 2,12. Í útboðslýsingunni var aftur tekið fram að fjárfesting í stofnfjárbréfum væri áhættufjárfesting og voru fjárfestar hvattir til að kynna sér áhættuna sem henni fylgdi.[338] Allt stofnfé sem í boði var seldist til stofnfjáreigenda Sparisjóðsins í Keflavík.

„Geirmundur gerði nánari grein fyrir tillögunni fyrir hönd stjórnar. Tillagan er í takt við tillögur Vestfirðinga sem samþykktu á föstudaginn síðasta og Húnaþings og Stranda sem búist er við að samþykki nú í kvöld. Ástæða þess að hröð handtök eru uppi við að auka stofnfé eru þær að þannig aukast möguleikar á að greiða út umtalsverðan arð í hinum sameinaða sjóði í samræmi við reglur og munar þar verulegu. Við gerð tillögunnar hefur verið gert ráð fyrir því að afkoma sparisjóðanna hefur versnað á síðasta ársfjórðungi vegna lækkunar á verðbréfamörkuðum.“

Fundargerð stofnfjáreigendafundar Sparisjóðsins í Keflavík 4. desember 2007.

Á sameiginlegum stjórnarfundi Sparisjóðsins í Keflavík, Sparisjóðs Vestfirðinga og Sparisjóðs Húnaþings og Stranda 18. nóvember 2007 kynnti sparisjóðsstjóri Sparisjóðsins í Keflavík tillögu um að auka stofnfé meira en samrunaáætlun sparisjóðanna gerði ráð fyrir. Lagði hann til að samanlagt stofnfé sparisjóðanna þriggja yrði aukið um 10 milljarða króna áður en af samruna yrði. Talsmenn Sparisjóðs Húnaþings og Stranda töldu þetta óframkvæmanlegt þar sem 85% stofnfjár sparisjóðsins væru í eigu einstaklinga sem þegar hefðu skuldsett sig vegna stofnfjáraukningar í tengslum við samrunann. Ólíklegt væri að þeir vildu ganga lengra í þeim efnum og þar að auki væri hæpið að sveitarfélög mættu lögum samkvæmt auka við stofnfjárhlut sinn. Fram komu hugmyndir um að stofna sérstakt eignarhaldsfélag heima í héraði sem hefði með höndum fjármögnun á stofnfjárkaupum en niðurstaðan varð sú að heimild var veitt til að auka stofnfé um 2.380 milljónir króna umfram þær rúmu 2.400 milljónir sem kveðið var á um í samrunaáætluninni.

335. Fundargerð stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík, 31. júlí 2007.
336. Útboðslýsing Sparisjóðsins í Keflavík, 12. september 2007.
337. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis, 25. nóvember 2008.
338. Útboðslýsing Sparisjóðsins í Keflavík, 12. september 2007.

Í framhaldi af þessu samþykkti stjórn Sparisjóðsins í Keflavík að leggja til við stofnfjáreigendafund að stjórn fengi heimild til aukningar stofnfjár að nafnverði 2.380 milljóna króna. Stefndi stjórn á að bjóða út 1.587 milljónir króna af þeirri heimild fyrir áramótin. Fundur stofnfjáraðila var haldinn 4. desember 2007 og var fyrsta mál á dagskrá tillaga um sameiningu Sparisjóðsins í Keflavík við Sparisjóð Vestfirðinga og Sparisjóð Húnaþings og Stranda. Var hún samþykkt með miklum meirihluta. Í fundargerðinni kom einnig fram að „[s]tjórn Sparisjóðsins [stefndi] á að auka stofnfé fyrir áramót og greiða hærri arð en áður". Í samræmi við það var lögð fyrir fundinn áðurnefnd tillaga um heimild til stofnfjáraukningar og hún samþykkt. Stofnfjárútboðið hófst 10. desember 2007 og stóð í sjö daga. Útboðslýsing var gefin út og undirrituð 5. desember 2007 og í henni var tekið fram eins og áður að fjárfesting í stofnfjárbréfum væri áhættufjárfesting. Útboðinu lauk 17. desember 2007 og seldist allt stofnfé sem í boði var til stofnfjáreigenda Sparisjóðsins í Keflavík. Því jókst stofnfé í sjóðnum um 1.587 milljónir króna að nafnverði en útboðsgengi var 2,17.[339]

Þegar samruninn var genginn í gegn var stofnfé Sparisjóðsins í Keflavík orðið 13.572 milljónir króna að nafnverði og hafði það aukist um 11.449 milljónir króna að nafnverði frá árslokum 2006.[340]

Tafla 47. Þróun stofnfjár í Sparisjóðnum í Keflavík í árslok 2001–2009.[341]

Þús. kr.	2001		2002		2003		2004		2005		2006		2007		2008		2009	
Stofnfé	801.108	46%	837.656	46%	872.560	37%	969.476	36%	1.052.188	28%	2.166.245	23%	13.571.894	53%	16.471.329	.	16.471.675	.
Varasjóður	940.775	54%	975.589	54%	1.486.254	63%	1.712.578	64%	2.711.486	72%	7.106.117	77%	11.889.117	47%	(11.061.876)	.	(28.450.157)	.
Eigið fé samtals	1.741.883	100%	1.813.246	100%	2.358.814	100%	2.682.054	100%	3.763.674	100%	9.272.362	100%	25.461.011	100%	5.409.453	.	(11.978.482)	.

Stofnfjáreigendum hafði fjölgað úr 558 í árslok 2005 í 1.626 í árslok 2007.[342] Þar af höfðu stofnfjáreigendur Sparisjóðs Ólafsvíkur verið 46 talsins við samruna sjóðanna, 362 höfðu átt stofnfé í Sparisjóði Vestfirðinga og 163 í Sparisjóði Húnaþings og Stranda.[343]

Tafla 48. Tíu stærstu stofnfjáreigendur í Sparisjóðnum í Keflavík í árslok 2004–2009.[344]

	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Festa lífeyrissjóður	15,1%	15,1%	14,6%	9,8%	6,7%	6,7%
Kaupfélag Suðurnesja (svf.)	2,9%	9,9%	9,1%	9,1%	7,1%	7,1%
Kaupþing banki hf.	7,1%	7,1%	6,9%	6,9%	6,5%	6,5%
Kaupthing Bank Luxembourg S.A.	7,1%	7,1%	6,9%			
Frjálsi fjárfestingarbankinn hf.	5,0%	5,0%	4,9%	5,0%		
Þinghóll hf.		4,6%	4,4%	4,5%	3,1%	3,1%
HS Orka hf.	5,0%	5,0%	4,9%			
Fiskmarkaður Suðurnesja hf.				5,0%	3,4%	3,4%
Sparisjóðabanki Íslands hf.				8,4%	1,3%	1,3%
AB 171 ehf.					4,7%	4,7%

Á fundi stjórnar sameinaðs Sparisjóðs í Keflavík 28. janúar 2008 var samþykkt að fela endurskoðanda sparisjóðsins ásamt lögmanni að setja upp áætlun um hlutafélagsvæðingu. Stuttu síðar var lagt fram minnisblað um breytingu á félagsformi.[345] Hún gæti reynst nauðsynleg þegar hugað væri að vaxtarmöguleikum til framtíðar en hefði ekki mikil áhrif á rekstur sparisjóðsins sem slíkan. Viðtækustu áhrif hlutafélagsvæðingar væru fyrir stofnfjáraðila. Þar skiptu máli aðrir möguleikar til arðgreiðslu og mismunandi seljanleiki stofnfjár- og hlutabréfa. Um arðinn sagði í bréfinu:

> Í hlutafélagaforminu má úthluta meiru en hagnaði til hlutahafa í formi arðs. Hagnaður fyrri ára er „geymdur" í óráðstöfuðu eigin fé hlutafélaga. Gildandi lög um sparisjóði setja

339. Fundargerð stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík, 18. desember 2007.

340. Ársreikningar Sparisjóðsins í Keflavík.

341. Ársreikningar Sparisjóðsins í Keflavík.

342. Ársreikningar Sparisjóðsins í Keflavík.

343. Stofnfjáreigendalistar Sparisjóðs Ólafsvíkur, afhentir rannsóknarnefndinni af Landsbankanum; stofnfjáreigendalistar Sparisjóðsins í Keflavík, afhentir rannsóknarnefndinni af Landsbankanum; stofnfjáreigendalistar Sparisjóðs Vestfirðinga, afhentir rannsóknarnefndinni af Landsbankanum; stofnfjáreigendalistar Sparisjóðs Húnaþings og Stranda, afhentir rannsóknarnefndinni af Landsbankanum.

344. Stofnfjáreigendalistar Sparisjóðsins í Keflavík, afhentir rannsóknarnefndinni af Landsbankanum.

345. Fundargerð stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík, 12. febrúar 2008.

> því hins vegar hömlur að greiða út meira en sem nemur hagnaði liðins árs til stofnfjáreigenda. Almennt séð eru því rýmri heimildir til arðgreiðslna. Á móti kemur hins vegar að öryggi stofnfjáreigenda fyrir endurmati og arðgreiðslum verður ekki eins mikið í hlutafélagaformi.[346]

Þá þyrfti að líta til þess að við breytingu í hlutafélag yrði til nýr „meðhlutahafi", sjálfseignarstofnun sem fengi arðgreiðslur eins og aðrir hluthafar og taka yrði tillit til hennar við stjórn bankans. Með því myndi hlutdeild núverandi stofnfjáreigenda í mögulegum arðgreiðslum rýrna, en fyrir höfðu stofnfjárhafar fengið allar arðgreiðslur til sín og ekki þurft að deila þeim með varasjóði, þó sá hagnaður sem ekki var varið til arðgreiðslna hafi runnið í varasjóð. Hvað varðaði seljanleika var talið vandasamt að spá fyrir um hvort hlutabréf yrðu vænlegri kostur til að selja á almennum markaði. Eina fordæmið væri Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf., og hlutafélagsvæðingin þar hefði átt sér stað undir mjög óvenjulegum kringumstæðum og gerði hrun á fjármálamarkaði reynsluna af því nánast ómarktæka. Þá var bent á að viðskipti með skráð bréf félaga af sömu stærðargráðu og Sparisjóðurinn í Keflavík hefðu verið lítil og félögin hefðu nánast undantekningarlaust verið afskráð. Þó mætti segja að almenningur þekkti hlutabréf betur en stofnfjárbréf og væru reglur um réttarstöðu hluthafa skýrari. Loks var nefnt að helstu rökin að baki hlutafélagsvæðingu væru meðal annars þau að hægt væri að sameinast öðrum hlutafélögum en það gætu sparisjóðir ekki. Breyting í hlutafélag gæti einnig gert sparisjóðinn að „skotmarki" þeirra sem vildu kaupa hann upp og sameina öðrum fyrirtækjum.[347] Á fundi stjórnar 26. febrúar 2008 var kynnt framkvæmdaáætlun fyrir hlutafélagsvæðingu þar sem lagt var upp með að lokafundir stofnfjáreigenda um málið yrðu 25. ágúst 2008. Á næsta fundi, 29. febrúar 2008, var síðan eftirfarandi bókun lögð fram:

> Stjórn [Sparisjóðsins í Keflavík] veitir sparisjóðsstjóra ásamt lykilstarfsmönnum sparisjóðsins heimild til að hefja könnunarviðræður við Icebank, Sparisjóð Mýrasýslu, Sparisjóð Vestmannaeyja og Spron um hugsanlega sameiningu. Áhersla er lögð á að viðræðurnar fari fram á forsendum og undir forystu [Sparisjóðsins í Keflavík].[348]

Umræðum um sameiningu við Icebank var fljótlega slegið á frest „vegna álits erlendra lánardrottna" en hvert það álit var kom ekki fram í fundargerð 29. mars 2008 þar sem bókunina er að finna. Á stjórnarfundi mánuði síðar urðu miklar umræður um stöðu stofnfjáreigenda, svo sem um heimildir til innlausnar á stofnfjárhlutum við hlutafélagsvæðingu og hvort stjórn samþykkti að hægja á ferðinni með breytingu á félagsformi.[349] Þorsteinn Erlingsson, formaður stjórnar, og Kristján G. Gunnarsson stjórnarmaður kynntu síðan fund sem þeir áttu seint í maí með stjórnarmönnum Sparisjóðs Mýrasýslu um hugsanlega samvinnu eða samruna.[350] Eftir innkomu Kaupþings banka hf., sem stærsta stofnfjáraðila Sparisjóðs Mýrasýslu, samþykkti stjórn Sparisjóðsins í Keflavík að senda þeim sparisjóðum sem eftir stæðu bréf þar sem óskað var eftir viðræðum um sameiningu eða samruna.[351]

Snemma í júní lágu fyrir drög að verðmati Capacent á sparisjóðnum og var hann metinn á 20 milljarða króna[352] og var enn rætt um hugsanlega hlutafélagsvæðingu sparisjóðsins á stjórnarfundi 20. júní 2008. Þar var greint frá minnisblaði endurskoðanda og lögmanns sparisjóðsins þar sem lagt var til að fresta áformum um hlutafélagsvæðingu. Í minnisblaðinu sagði meðal annars:

> Miðað við þróun á gengi Exista má gera ráð fyrir því að ef sjóðnum yrði breytt í hlutafélag yrði hlutdeild sjálfseignarstofnunar í útgefnu hlutafé lítil sem engin. Vissulega eru það jákvæð tíðindi fyrir stofnfjáreigendur, en hitt vegur þó þungt að líklega yrði það mikill álitshnekkir fyrir sparisjóðinn ef niðurstaðan yrði sú að engar sjálfseignarstofnanir yrðu eftir í héraði að lokinni umbreytingu. Veruleg áhætta væri á því að viðskiptavild, sem

346. Minnisblað Jóhannesar Karls Sveinssonar hrl. og Páls Steingrímssonar löggilts endurskoðanda um hlutafjárvæðingu, lagt fyrir stjórn Sparisjóðsins í Keflavík, 12. febrúar 2008.

347. Minnisblað Jóhannesar Karls Sveinssonar hrl. og Páls Steingrímssonar löggilts endurskoðanda um hlutafjárvæðingu, lagt fyrir stjórn Sparisjóðsins í Keflavík, 12. febrúar 2008.

348. Fundargerð stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík, 29. febrúar 2008.

349. Fundargerð stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík, 22. apríl 2008.

350. Fundargerð stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík, 20. maí 2008.

351. Fundargerð stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík, 19. ágúst 2008.

352. Fundargerð stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík, 10. júní 2008.

> tekið hefur áratugi að vinna upp, gæti beðið óafturkræft tjón.[353]

Á fundinum urðu miklar umræður og varð niðurstaðan sú að skoða málið betur og fresta umræðu til næsta fundar. Á þeim fundi er ekkert bókað um málið, en á þarnæsta stjórnarfundi, 22. júlí 2008, lagði stjórnarformaður áherslu á að hraða þyrfti vinnu við hlutafélagsvæðingu sparisjóðsins til að hann stæði betur að vígi til framtíðar.

Annað verðmat frá Capacent var kynnt á stjórnarfundi í lok september 2008. Eftir kynningu á því og umræður um það var niðurstaðan sú að verðmat á Sparisjóðnum í Keflavík væri 12,4 milljarðar króna og að eignarhlutur stofnfjáreigenda væri 100%.[354]

Á svipuðum tíma tók að bera á því að stofnfjáreigendur sendu stjórn bréf með beiðni um innlausn stofnfjárhluta. Beiðnirnar voru ræddar og var niðurstaða sparisjóðsins eftirfarandi:

> Stjórninni er heimilt að innleysa stofnfé, en henni er það ekki skylt. Matið er augljóslega hjá stjórninni og þarf að gæta að því að öll sambærileg tilvik verði meðhöndluð eins, þ.e. að jafnræði verði haft í hávegum. Óheimilt er að kaupa stofnfé eins stofnfjáreiganda en hafna öðrum, enda verður stjórnin að gæta jafnræðis. Við núverandi aðstæður er það niðurstaða stjórnar sparisjóðsins að stofnfé verði ekki innleyst nema í þeim tilvikum þar sem slíkt er skylt, þ.e. ef framsalsbeiðnum er hafnað. Ákvörðun þessi verður endurskoðuð að liðnum sex mánuðum, eða fyrr hafi aðstæður breyst sérstaklega.[355]

Á fundi stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík 3. október 2008 ræddi sparisjóðsstjóri útlit og horfur á fjármálamörkuðum og óróleika hjá viðskiptamönnum vegna ástandsins sem væri á mörkuðum heimsins. Starfsmannafundur hafði þá verið haldinn innan sjóðsins um málið fyrr um daginn. Í næsta lið fundargerðar samþykkti stjórn heimild til viðskiptastofu til þess að færa stofnfjáreign sparisjóðsstjóra og aðila tengdum honum, samtals að nafnverði um 11 milljónir króna, yfir í einkahlutafélagið Einiturn ehf. sem var í eigu sparisjóðsstjórans.

Á fundi stjórnar sparisjóðsins 3. desember 2008 var fjallað um viljayfirlýsingu stjórna Sparisjóðsins í Keflavík, Sparisjóðs Mýrasýslu, Byrs sparisjóðs og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis um að leggja fyrir fundi stofnfjáreigenda og hluthafa sinna að sparisjóðirnir yrðu sameinaðir. Samruninn skyldi miðast við 1. janúar 2009 og fundir eigenda boðaðir í febrúarmánuði. Á næsta fundi var rædd skipting eignarhluta, og átti hlutur Sparisjóðsins í Keflavík að vera 18,0% fyrir framlag úr ríkissjóði ríkisins en 14,4% eftir framlag ríkisins.[356] Frekari umræður voru um málið á fyrstu fundum á nýju ári 2009 en hægagangur var í viðræðum. Eftir að Fjármálaeftirlitið tók yfir vald hluthafafundar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og stofnfjárhafafundar Sparisjóðs Mýrasýslu voru sameiningar við þá úr sögunni. Með þróun á fjármálamörkuðum varð hlutafélagsvæðingin ekki eins fýsileg, auk þess sem stjórn og stjórnendur lögðu meiri áherslu á að halda sparisjóðnum rekstrarhæfum og koma honum í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu.

19.6 Fjárhagsleg endurskipulagning

Árið 2008 varð 17 milljarða króna tap á rekstri Sparisjóðsins í Keflavík eftir 10 ára samfelldan hagnað. Munaði þar mestu um gengistap af fjáreignum og afskriftir útlána. Eigið fé var 5,4 milljarðar króna í árslok en varasjóður neikvæður um 11 milljarða króna. Eiginfjárhlutfall sparisjóðsins féll um 15 prósentustig á árinu 2008, úr 22,2% í árslok 2007 í 7,1% í lok árs 2008 og fór þá í fyrsta sinn niður fyrir lögbundið 8% lágmark.[357] Sparisjóðurinn hafði lengi glímt við lausafjárvanda og haustið 2008 lögðu sveitarfélög á Reykjanesi og lífeyrissjóðir inn 5,5 milljarða með nýjum innlánum.[358] Þrátt fyrir innlán opinberra aðila og lífeyrissjóða var lausafjárvandi sparisjóðsins viðvarandi.

353. Minnisblað Páls Steingrímssonar löggilts endurskoðanda og Jóhannesar Karls Sveinssonar hrl. vegna hlutafjárvæðingar Sparisjóðsins í Keflavík, 19. júní 2008.

354. Fundargerð stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík, 30. september 2008. Nánar er fjallað um verðmatið í 12. kafla.

355. Fundargerð stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík, 30. september 2008.

356. Fundargerð stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík, 19. desember 2008. Þegar tekið hafði verið tillit til eiginfjárframlags sem sækja átti um frá ríkissjóði var hlutur Sparisjóðsins í Keflavík 14,4%. Um þetta framlag er fjallað hér aftar í kaflanum um fjárhagslega endurskipulagningu.

357. Upplýsingar samkvæmt eiginfjárskýrslum Sparisjóðsins í Keflavík til Fjármálaeftirlitsins.

358. Minnisblað Fjármálaeftirlitsins um sparisjóði, 19. nóvember 2008.

Á fundi nefndar um endurskipulagningu bankakerfisins[359] 4. mars 2009 tók Seðlabanki Íslands að sér að leiða vinnu við aðgerðaáætlun í málefnum sparisjóðanna og Sparisjóðabanka Íslands hf.[360] Samkvæmt gögnum Seðlabankans var vinna við aðgerðaáætlun hafin þegar í kjölfar þessa fundar. Um var að ræða samstarfsverkefni Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans. Í drögum að vinnuskjali vegna aðgerðaáætlana, „Fall og endurskipulagning minni fjármálafyrirtækja í mars 2009", frá 7. mars 2009 er fjallað um Sparisjóðinn í Keflavík, svo og aðrar fjármálastofnanir. Þar kom fram að fyrirsjáanlegt væri að í kjölfar lausafjárþurrðar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. myndi stór hluti sparisjóðakerfisins riða til falls vegna innlánaflótta. Sparisjóðabankinn myndi falla í kjölfarið og draga með sér veikustu sparisjóðina en önnur fjármálafyrirtæki gætu fylgt í kjölfarið. Í vinnuskjalinu var lagt til að nokkrum fjármálafyrirtækjum yrði lokað á næstu sólarhringum og innlán viðskiptavina þeirra færð í örugga höfn. Þeirra á meðal var Sparisjóðurinn í Keflavík, fjárhagsstaða hans væri með þeim hætti að honum yrði vart bjargað og var þar vísað til lausafjárvandræða og ótryggs eignasafns sparrisjóðsins.[361]

Fyrir rannsóknarnefndinni sagði settur forstjóri Fjármálaeftirlitsins að hann hefði ekki litið svo á að þetta hafi verið ákveðið, þetta hafi bara verið hugmyndir og hluti af undirbúningi ef á reyndi. Í hans huga hafi verið fráleitt að yfirtaka Sparisjóðinn í Keflavík á þeim tíma. Eiginfjárhlutfall sparisjóðsins hafi verið rétt undir lögbundnu lágmarki og enginn grundvöllur til að taka sparisjóðinn niður á grundvelli þess að hann hafi verið lítillega undir því marki.[362] Aðspurður kvaðst stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins reka minni til að „ákveðinn vilji hafi verið til þess að sparisjóðakerfið sem heild hryndi ekki" og kannski hafi það ráðið för að þarna væri einhver hluti af sparisjóðakerfinu sem væri lífvænlegur.[363]

Fyrir rannsóknarnefndinni sagði framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabanka Íslands:

> Ég held að þegar málið er skoðað eftir á varðandi [Sparisjóðinn í Keflavík] sé mjög erfitt að sjá réttlæti fyrir því að sparisjóðurinn fengi að lifa svona lengi. Ég man það í umræðunni um þessa seinni hrinu í mars 2009 að það var mikill vilji til þess af hálfu stjórnvalda og þá er ég líka að hugsa til ráðherra að geta sagt – fólk var í miklu sjokki yfir því sem gerðist í stóra hruninu og það var verið að reyna að endurbyggja traust – það var mikill vilji til að geta sagt í mars ef þetta gerðist á þessum tíma „Nú er þetta búið". Nú getum við byrjað uppbyggingu á þessum grundvelli. Samkvæmt því hefði verið hægt að taka á [Sparisjóðnum í Keflavík] á þessum tíma af því að þar voru hlutir ekki að gerast. Ég veit ekki nákvæmlega hvers vegna sparisjóðurinn fékk að halda áfram. Maður skynjaði þó að það væri svona viss vilji af hálfu stjórnvalda að halda einhverju sparisjóðakerfi á lífi og þá komu inn önnur sjónarmið. Fjármálastöðugleikasjónarmið er ekki eina sjónarmiðið sem er uppi þegar fjallað er um hlutina, það er líka samkeppnissjónarmið og jafnvel byggðamál og annað slíkt sem koma inn í myndina. Það var allavega niðurstaðan hjá þessum aðilum að [Sparisjóðurinn í Keflavík] heldur áfram á þessum tímapunkti en hefði getað endað sína daga þarna.[364]

Sömu sjónarmið komu fram í skýrslu framkvæmdastjóra alþjóða- og markaðssviðs Seðlabanka Íslands. Sagðist hann halda að menn hafi áttað sig á því að sparisjóðurinn væri „lifandi lík" en á meðan hann hafi haft starfsleyfi og tryggingar hafi hann lögum samkvæmt átt aðgang að lausafjárfyrirgreiðslu. Seðlabankinn hafi ekki treyst sér til að „kippa honum úr sambandi" án samvinnu við önnur stjórnvöld. Á meðan vilji væri hjá stjórnvöldum og Fjármálaeftirlitinu til að líta á sparisjóðinn sem rekstrarhæft fyrirtæki hafi Seðlabankinn ekki gert athugasemdir svo lengi sem þessi skilyrði væru uppfyllt.[365] Ákvörðunin um að láta sparisjóðinn halda áfram starfsemi hafi verið tekin af öðrum stjórnvöldum og vísaði

359. Í henni sátu fulltrúar frá Seðlabanka Íslands, Fjármálaeftirlitinu og frá fjármála-, viðskipta- og utanríkisráðuneytinu.

360. Fundargerð nefndar um endurreisn fjármálakerfisins (Coordination Committee), 4. mars 2009.

361. Fall og endurskipulagning minni fjármálafyrirtækja í mars 2009 – drög að vinnuskjali, 7. mars 2009. Önnur fjármálafyrirtæki sem lagt var til að yrði lokað á næstu dögum voru Straumur, Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf., Sparisjóðabanki Íslands og Sparisjóður Mýrasýslu. Fjármálaeftirlitið greip inn í rekstur þeirra í mars og apríl 2009.

362. Skýrsla Ragnars Hafliðasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 17. júlí 2013.

363. Skýrsla Gunnars Ólafs Haraldssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 27. september 2013.

364. Skýrsla Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 24. september 2013.

365. Skýrsla Sturlu Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 30. september 2013. Í skýrslu sinni vísaði hann til áframhaldandi rekstrarhæfis sparisjóðsins með enska heitinu „going concern".

hann til ríkisstjórnar og fjármálaráðuneytis.[366] Fram kom í skýrslu viðskiptaráðherra fyrir rannsóknarnefndinni að um almenna viðleitni til að bjarga sparisjóðakerfinu hafi verið að ræða. Sparisjóðurinn í Keflavík hafi verið eina fjármálastofnunin á tiltölulega stórum landsvæðum, þá ekki aðeins á Suðurnesjum heldur líka á Vestfjörðum. Án Sparisjóðsins í Keflavík hefði sparisjóðakerfið eiginlega ekki verið til á landsvísu, því var talið þess virði að reyna að sjá hvort samningar við kröfuhafa auk 20% eiginfjárframlags úr ríkissjóði væri leið til þess að endurlífga sparisjóðinn. Einfalda skýringin hafi verið sú að án Sparisjóðsins í Keflavík hefði sparisjóðanetið aldrei orðið almennileg stoð í nýju fjármálakerfi.[367] Á sama tíma og stjórnvöld unnu að aðgerðaáætlun og viðbrögðum undirbjó Sparisjóðurinn í Keflavík umsókn sína um 20% eiginfjárframlag á grundvelli 2. gr. laga nr. 125/2008.

19.6.1 Umsókn um 20% eiginfjárframlag úr ríkissjóði

Sparisjóðurinn í Keflavík sótti um 20% eiginfjárframlag úr ríkissjóði 10. mars 2009 á grundvelli 2. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. Reglur um eiginfjárframlag úr ríkissjóði til sparisjóða voru samþykktar 18. desember 2008 og heimiluðu þær allt að 20% framlag eigin fjár sparisjóðs miðað við bókfærða stöðu þess 31. desember 2007. Í umsókninni kom fram að samkvæmt samstæðuársreikningi Sparisjóðsins í Keflavík hefði eigið fé í árslok 2007 numið tæpum 25,5 milljörðum króna og eiginfjárhlutfall verið 22,2%. Taldi sparisjóðurinn að heimilt væri að leggja sjóðnum til 5,1 milljarðs króna eiginfjárframlag, að öðrum skilyrðum uppfylltum. Í staðfestingu endurskoðanda sparisjóðsins kom fram að í drögum að rekstrar- og efnahagsreikningi samstæðunnar fyrir árið 2008 væri eigið fé 7,3 milljarðar króna og eiginfjárhlutfallið 8,5%. Yrði stofnfé hækkað um 5,1 milljarð króna yrði eiginfjárhlutfallið 12,6%. Í samræmi við ákvæði reglna um framlög til sparisjóða vísaði fjármálaráðuneytið umsókninni til umsagnar Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands.[368]

Umsögn Fjármálaeftirlitsins lá fyrir 31. mars 2009 að lokinni heimsókn í Sparisjóðinn í Keflavík þar sem farið var yfir gögn um niðurfærslur og mat lagt á virði stærstu áhættuskuldbindinga sjóðsins. Fjármálaeftirlitið taldi verulegan vafa leika á að verðmæti útlánasafns sparisjóðsins hefði verið fært niður eins og tilefni væri til og taldi að auka þyrfti afskriftir um að minnsta kosti 2,5 milljarða króna miðað við skoðun á stærri útlánum sparisjóðsins. Sparisjóðnum var gefinn kostur á að setja fram nýtt mat á útlánum, en hann tók undir sjónarmið Fjármálaeftirlitsins og jók niðurfærslu útlána um tæpa 2,9 milljarða króna. Með þeirri niðurfærslu og öðrum breytingum varð eiginfjárhlutfall sparisjóðsins samkvæmt ársreikningi 7,1%.[369] Taldi sparisjóðurinn að áætlaðar aðgerðir um gjaldmiðlabreytingar lánasamninga og víkjandi lántöku ásamt eiginfjárframlagi ríkissjóðs mundu hækka eiginfjárhlutfallið í 13,82%.[370] Fjármálaeftirlitið taldi rekstraráætlun sparisjóðsins í heildina raunhæfa en óvissa ríkti um mat á mörgum smærri útlánamálum sjóðsins. Fjármálaeftirlitið mælti með því sem skilyrði fyrir 20% eiginfjárframlagi úr ríkissjóði að framkvæmd yrði áreiðanleikakönnun á útlánasafni sjóðsins með tilliti til afskriftaþarfar til að draga úr óvissu um virði útlánasafns.[371]

Seðlabanki Íslands veitti sameiginlega umsögn um umsóknir nokkurra sparisjóða um framlag úr ríkissjóði 21. apríl 2009, þeirra á meðal var umsókn Sparisjóðsins í Keflavík. Bankinn lagði ríka áherslu á að ákveðnum atriðum yrði fylgt ef til endurfjármögnunar kæmi. Breytingar yrði að gera á yfirstjórn fjármálafyrirtækjanna þar sem það ætti við, framtíðararðgreiðslur yrðu takmörkunum háðar, nýjar viðskiptaáætlanir myndu liggja fyrir og þar með einnig nákvæmar áætlanir um lækkun kostnaðar. Þá skyldi leita leiða til að fá fleiri aðila til að leggja sparisjóðunum til nýtt eigið fé og dreifa eignarhaldi. Var þar einkum litið til sveitarfélaga og annarra bakhjarla auk ríkissjóðs til að styrkja spari-

366. Skýrsla Sturlu Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 30. september 2013.

367. Skýrsla Gylfa Magnússonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2013.

368. Í 5. gr. reglna um framlag til sparisjóða skv. 2. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. sagði að fjármálaráðherra tæki ákvörðun um framlag úr ríkissjóði að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins, þar sem meðal annars skyldi lagt mat á það hvort sparisjóður hefði sýnt fram á að áform hans um fjárhagslega endurskipulagningu teldust trúverðug og líkleg til árangurs.

369. Tekið var tillit til þessa við lokafrágang ársreiknings sparisjóðsins fyrir árið 2008.

370. Bréf Sparisjóðsins í Keflavík til Fjármálaeftirlitsins 25. mars 2009.

371. Bréf Fjármálaeftirlitsins til fjármálaráðuneytisins 31. mars 2009.

sjóðina og dreifa eignarhaldi. Seðlabankinn lagði áherslu á að tryggt yrði að það tap sem lægi fyrir yrði borið af þáverandi eigendum áður en ríkið legði til nýtt eigið fé. Mikilvægt væri að eigið fé sparisjóðanna yrði metið af Fjármálaeftirlitinu og endurskoðendum sparisjóðanna og niðurfært eins og þörf krefði áður en ríkissjóður legði fram nýtt eigið fé. Ljóst mætti telja að tekjur af grunnstarfsemi sparisjóðanna yrðu að aukast, þar með taldar tekjur af vaxtamun, og gera yrði átak í lækkun rekstrarkostnaðar. Lögð var áhersla á að sparisjóðirnir yrðu traustar og arðsamar rekstrareiningar eftir endurfjármögnun og því þyrfti að kanna sameiningu sparisjóða áður en framlag yrði ákveðið. Mikilvægt væri að helstu áhættur sparisjóðanna, útlána- og lausafjáráhætta, yrðu innan viðráðanlegra marka og að gjaldeyris- og verðtryggingarójöfnuður yrði sem minnstur. Þá yrði að efla áhættustýringu og innra eftirlit hjá sparisjóðunum.[372]

Auk umsagnarinnar tók Seðlabanki Íslands saman minnisblað 13. maí 2009 um alvarlega stöðu Sparisjóðins í Keflavík sem nauðsynlegt væri fyrir fjármálaráðuneytið að hafa í huga við afgreiðslu umsóknar sparisjóðisins um eiginfjárframlag úr ríkissjóði.[373] Þar var meðal annars fjallað um lausa- og eiginfjárstöðu, gjaldeyrisjöfnuð, fyrirgreiðslu í Seðlabankanum og stöðu í greiðslukerfum. Með fyrirhuguðu ríkisframlagi væri spá Sparisjóðsins í Keflavík um lausafjárstöðu jákvæð út árið 2009. Í greiðsluflæðisáætlunina vantaði hins vegar tvö lán upp á fimm milljarða króna, sem ekki hafði verið samið um gjalddaga á. Ekki yrði séð miðað við fyrirliggjandi upplýsingar að sparisjóðurinn hefði nokkur tök á að greiða lánin þrátt fyrir framlag úr ríkissjóði; opin gjaldeyrisstaða sparisjóðsins væri 24 milljarðar króna umfram leyfileg mörk samkvæmt reglum Seðlabankans, eigið fé sjóðsins væri mjög berskjaldað fyrir hreyfingum á krónunni og gjaldeyrisvarnir sparisjóðsins engar. Sparisjóðurinn hefði leitað til Seðlabankans undir lok árs 2008 vegna skiptasamninga, en bankinn synjað þeirri beiðni. Vísaði Seðlabankinn til bréfs sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins frá 30. apríl 2009 þar sem gefið væri til kynna að stjórnvöld væru hugsanlega tilbúin að loka gjaldeyrisáhættu sparisjóðsins með skiptasamningum. Fulltrúar gjaldeyrisjafnaðarnefndar könnuðust ekki við að sjóðnum hefði verið lofað slíku og ef ríkið mundi gera slíkan skiptasamning yrði hann að vera minni en 24 milljarðar króna. Taldi Seðlabankinn ólíklegt að sparisjóðurinn réði við afborganir slíks samnings eða að hann ætti fullnægjandi tryggingar fyrir honum. Þá taldi Seðlabankinn ólíklegt að sparisjóðurinn mundi ráða við niðurfærslu vegna gengistryggðra lána. Gengisáhætta sparisjóðsins væri umtalsverð og ríkið ætti ekki að leggja fram fé í reksturinn nema gjaldeyrisáhættu yrði lokað. Um eiginfjárvandann var vísað til umsóknar sparisjóðsins og þeirra upplýsinga sem þar komu fram, kröfu Fjármálaeftirlitsins um aukna niðurfærslu eigna og skýrslna sjóðsins um eiginfjárhlutfall fyrir fyrsta ársfjórðung 2009. Samkvæmt þeim nam eiginfjárhlutfallið 3,9%.[374] Áhyggjur bankans af alvarlegri stöðu sparisjóðsins voru ítrekaðar í bréfum til Fjármálaeftirlitsins og fjármálaráðuneytisins 3. júní 2009. Þar var bent á að innlán í sparisjóðnum hefðu aukist um 32% frá því í september 2008. Að einhverju leyti væri um að ræða skilmálabreytingar vegna annarra skuldbindinga sjóðsins, slíkar skuldbindingar gætu falið í sér vantraust lánardrottna á sparisjóðnum og sókn þeirra í innlán á grundvelli yfirlýsingar stjórnvalda. Mat bankans var að staða Sparisjóðsins í Keflavík væri óviðunandi og gæti auk þess haft neikvæð áhrif á aðra sparisjóði.[375]

19.6.1.1 Aðgerðir Fjármálaeftirlitsins

Hinn 25. maí 2009 veitti Fjármálaeftirlitið Sparisjóðnum í Keflavík frest til 15. júní 2009 til að auka við eiginfjárgrunn sinn. Í bréfi þar um kom fram að eiginfjárhlutfall sparisjóðsins væri komið undir lögbundið lágmark og því til stuðnings var vísað til til ársreiknings sparisjóðsins fyrir árið 2008 og eiginfjárskýrslu miðað við 31. mars 2009. Þar sem sparisjóðurinn hafði þegar, með bréfi dagsettu 30. apríl 2009, greint frá ráðstöfunum sem hann hugðist grípa til í því skyni að auka við eiginfjárgrunn sinn, var sjóðnum veittur frestur til 15. júní 2009. Fyrirhugaðar ráðstafanir sparisjóðsins byggðu einkum á því að sjóðurinn

372. Bréf Seðlabanka Íslands til fjármálaráðuneytisins 21. apríl 2009.

373. Minnisblað Tryggva Pálssonar til Sveins Haralds Øygard og Arnórs Sighvatssonar 13. maí 2009, móttekið í fjármálaráðuneytinu 14. maí 2009.

374. Minnisblað Seðlabanka Íslands um slæma stöðu Sparisjóðsins í Keflavík, 13. maí 2009.

375. Bréf Seðlabanka Íslands til Fjármálaeftirlitsins og fjármálaráðuneytisins 3. júní 2009.

myndi fá 20% eiginfjárframlag úr ríkissjóði. Frestur sparisjóðsins til að auka við eiginfjárgrunninn var framlengdur alls þrettán sinnum, oftast tæpan mánuð í senn, í síðasta skipti 29. mars 2010, en þá var veittur frestur til 21. apríl 2010.

Fjármálaeftirlitið tilkynnti Sparisjóðnum í Keflavík um mögulega skipun sérfræðings til að hafa sértækt eftirlit með sparisjóðnum 25. maí 2009, sbr. 9. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í andmælum stjórnar sparisjóðsins kom meðal annars fram að stjórnin teldi ótímabært að sjóðnum yrði skipaður sérfræðingur þar sem viðræðum við ríkið um fjárveitingu úr ríkissjóði væri ekki lokið. Slík ráðstöfun gæti haft neikvæð áhrif á rekstur sparisjóðsins.[376] Fjármálaeftirlitið benti hins vegar á að vegna alvarlegrar stöðu sparisjóðsins væri nauðsynlegt að hafa óháðan sérfræðing á starfsstöð hans til að meta aðstæður og upplýsa Fjármálaeftirlitið um framgang mála. Fjármálaeftirlitið skipaði síðan Soffíu E. Björgvinsdóttur hdl. til að hafa sértækt eftirlit með Sparisjóðnum í Keflavík. Skipun hennar var framlengd á um fjögurra vikna fresti, allt þar til Fjármálaeftirlitið tók yfir vald stofnfjárhafafundar sjóðsins 22. apríl 2010.

19.6.1.2 Skýrsla PricewaterhouseCoopers

Endurskoðunarfyrirtækið PricewaterhouseCoopers hf. var fengið til að gera könnun á ákveðnum þáttum í efnahag og starfsemi Sparisjóðsins í Keflavík og skilaði niðurstöðum 27. maí 2009. Meginniðurstaða skýrslunnar var að auka þyrfti virðisrýrnun eigna um 3,6 milljarða króna, þar af væri virðisrýrnun útlána 3,4 milljarðar króna. Lögð var áhersla á að skoða ítarlega 100 stærstu lánþegana og alla fyrirgreiðslu til þessa. Eignamatið í skýrslunni miðaðist við stöðu útlána í lok mars 2009 en tók að öðru leyti ekki tillit til rekstrar á árinu 2009. Bent var á að rekstraráætlun sparisjóðsins fyrir árið 2009 gerði ráð fyrir 900 milljóna króna hagnaði og eins milljarðs króna hagnaði fyrir árið 2010. Sú áætlun gerði ráð fyrir vaxtamun upp á 3,1% og 3,4%. Núllpunkti í rekstri yrði náð við 2,2% vaxtamun, en fyrstu fjóra mánuði ársins 2009 hafði vaxtamunur þó verið neikvæður um 1,5%. Gjaldeyrisjöfnuður til eignar umfram skuldir næmi 25 milljörðum króna, áður en tekið væri tillit til viðbótarniðurfærslu. Gengisbundinni lántöku sparisjóðsins hefði verið sagt upp af lánveitanda í lok árs 2008 og hefði sparisjóðurinn ekki náð nýjum samningum til að takmarka gengisáhættu. Mikið ójafnvægi væri milli erlendra eigna og erlendra skulda og lausafjárstaða sparisjóðsins væri mjög þröng. Áhrif aukinnar niðurfærslu eigna yrði að eiginfjárhlutfallið lækkaði í 3,32% og þyrfti eigið fé að hækka um 7,6 milljarða til að sparisjóðurinn uppfyllti skilyrði í reglum um eiginfjárframlag ríkissjóðs til sparisjóða um lágmarks eiginfjárhlutfall upp á 12%.[377] Því voru forsendur fyrir framlagi ríkissjóðs til Sparisjóðsins í Keflavík á grundvelli 2. gr. laga nr. 125/2008 ekki fyrir hendi.

Sparisjóðurinn í Keflavík gerði athugasemdir við niðurstöðu áreiðanleikakönnunarinnar og sagði hana háða verulegri óvissu og byggða á varfærnum forsendum sem væru umdeilanlegar. Niðurstaðan myndi leiða til verulegra breytinga á eigin fé miðað við hefðbundið uppgjör. Þá var gagnrýnt að ekki væri litið til annarra þátta, svo sem viðskiptavildar, nálægðar og tengsla við viðskiptavini, stöðu á markaði á markaðssvæði, góðrar áhættudreifingar eignasafns og reynslumikils starfsfólks. Það var mat sparisjóðsins að með framlagi ríkisins og annarra fjárfesta til sparisjóðsins og að teknu tilliti til gengisvarna yrði eiginfjárhlutfallið 14,1%.[378]

Í byrjun júní 2009 urðu breytingar hjá Sparisjóðnum í Keflavík. Geirmundur Kristinsson hætti sem sparisjóðsstjóri og Angantýr Valur Jónasson tók við starfi hans. Fram kom í skýrslu Angantýs fyrir rannsóknarnefnd Alþingis að í kjölfar fundar í lok maí 2009 þar sem niðurstaða úttektar PricewaterhouseCoopers var kynnt hafi hann gengið út, sannfærður um að sparisjóðurinn myndi ekki starfa lengur en einn til tvo daga til viðbótar. Á fundi í fjármálaráðuneytinu skömmu síðar „stungu þeir upp á því, spurðu hvort við

376. Fundarerð stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík, 26. maí 2009.

377. Könnun PricewaterhouseCoopers ehf. á afmörkuðum þáttum í efnahag og rekstri Sparisjóðsins í Keflavík, 27. maí 2009.

378. Bréf Sparisjóðsins í Keflavík til fjármálaráðuneytisins 27. maí 2009.

hefðum eitthvað á móti því, að fá ráðgjafa til aðstoðar við að endurreisa sjóðinn og hvort þeir mættu benda á ráðgjafa. Við samþykktum það og þá hófst næsti kafli í því [.] að reyna að endurreisa sjóðinn".[379]

19.6.1.3 Aðgerðaáætlun Sparisjóðsins í Keflavík og viðbrögð stjórnvalda og kröfuhafa

Sparisjóðurinn í Keflavík hóf vinnu við fjárhagslega endurskipulagningu með mögulegri aðkomu ríkisins og fyrir ábendingu fjármálaráðuneytisins var Guðmundur Hjaltason hjá ráðgjafafyrirtækinu Möttli hf. ráðinn sem ráðgjafi sparisjóðsins til að vinna að tillögum um endurskipulagninguna.[380]

Sparisjóðurinn sendi fjármálaráðuneytinu erindi um aðkomu þess að fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðsins 12. júní 2009 og óskaði staðfestingar á að ríkissjóður myndi leggja sparisjóðnum til 5 milljarða króna í stofnfé að því tilskildu að allir lánardrottnar samþykktu endurskipulagninguna og stofnfjáreigendur samþykktu lækkun á stofnfé. Meginatriði tillagna sparisjóðsins voru að stofnfé yrði fært niður um 90%, að lánardrottnar með óveðtryggðar kröfur myndu breyta 45% krafna sinna í nýtt lán, 20% í víkjandi lán og 35% í nýtt stofnfé og víkjandi lánum yrði að öllu leyti breytt í stofnfé. Fyrir hverja milljón sem umbreytt yrði í stofnfé myndu kröfuhafar eignast 0,00607% í stofnfé sparisjóðsins. Með þessum aðgerðum, auk framlags úr ríkissjóði, yrði ríkið stærsti stofnfjáreigandi sparisjóðsins með tæplega 31% stofnfjár.[381] Vegna efnahagslegrar óvissu næstu missera og ára töldu stjórnendur sparisjóðsins þörf á aukinni niðurfærslu eigna um 7,8 milljarða króna til viðbótar þeirri niðurfærslu sem PricewaterhouseCoopers hafði þegar lagt til. Hins vegar myndu aðgerðir sparisjóðsins leiða til þess að eiginfjárhlutfall yrði um 19,8% í árslok 2009. Var það staðfest af PricewaterhouseCoopers hf., sem hafði yfirfarið útreikninga að beiðni fjármálaráðuneytisins og talið þá vera í samræmi við þau gögn sem kynnt voru með aðgerðaáætluninni. Þó benti PricewaterhouseCoopers á að í áætluninni væri gert ráð fyrir að þáverandi stofnfjárhafar mundu halda eftir um 10% af stofnfé sínu. Ef miðað væri við innra virði eigin fjár samkvæmt skýrslu PricewaterhouseCoopers frá 27. maí 2009 ætti hlutdeild þáverandi stofnfjárhafa að vera 3,1%. Þá vakti einnig athygli að eigendur víkjandi lána fengju sama verðgildi fyrir umbreytingu krafna sinna í stofnfé og aðrir kröfuhafar, þrátt fyrir að áhætta víkjandi krafna væri meiri.[382]

Fjármálaráðuneytið svaraði erindi sparisjóðsins 16. júní 2009. Gengi fjárhagsleg endurskipulagning sparisjóðsins á grundvelli aðgerðaáætlunarinnar eftir, væri það niðurstaða ráðuneytisins með vísan til 2. gr. laga nr. 125/2008 að forsendur væru til að ráðuneytið tæki þátt í endurskipulagningunni með kaupum á stofnfé fyrir allt að 5,1 milljarð króna. Gerður var fyrirvari um að aðgerðaáætlun sparisjóðsins yrði sett í framkvæmd og forsendur hennar um endanlegt eiginfjárhlutfall héldu. Samþykki kröfuhafa og stofnfjáreigendafundar sparisjóðsins þyrfti einnig að liggja fyrir.[383]

Staða Sparisjóðsins í Keflavík versnaði sumarið 2009 og undir lok júlímánaðar var lausafjárstaðan orðin mjög slæm. Í tölvupóstsamskiptum milli starfsmanna forsætisráðuneytisins 22. júlí 2009 undir yfirskriftinni „Sparisjóður Keflavíkur að fara" kom fram að útlit væri fyrir að Fjármálaeftirlitið yrði að taka yfir sparisjóðinn mjög fljótlega, jafnvel sama dag, og að lausafjárvandræði sparisjóðsins væru orðin slík að erfitt eða nær ómögulegt væri að leysa þau.[384] Framkvæmdahópur á vegum stjórnvalda (Execution Committee)[385] fundaði oft síðustu dagana í júlí þar sem farið var yfir erfiða stöðu sparisjóðsins. Á fundi nefndarinnar 24. júlí 2009 var ekki talin þörf á að taka hann yfir í nánustu framtíð og

379. Skýrsla Angantýs V. Jónassonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 28. júní 2013.

380. Skýrsla Angantýs V. Jónassonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 28. júní 2013; skýrsla Þrastar Leóssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 14. desember 2012.

381. Bréf Sparisjóðsins í Keflavík til fjármálaráðuneytisins 12. júní 2009.

382. Bréf PricewaterhouseCoopers til fjármálaráðuneytisins 14. júní 2009.

383. Bréf fjármálaráðuneytisins til Sparisjóðsins í Keflavík 16. júní 2009.

384. Tölvuskeyti Tómasar Brynjólfssonar til Hrannars Björns Arnarssonar 22. júlí 2009; tölvuskeyti Tómasar Brynjólfssonar til Jóhönnu Sigurðardóttur 22. júlí 2009.

385. Framkvæmdahópur (Execution Committee) var einn af viðbragðshópum stjórnvalda og starfaði frá 27. maí 2009 til 19. ágúst 2009. Hópurinn starfaði undir forystu Sveins Haralds Øygard seðlabankastjóra. Í hópnum áttu sæti fulltrúar Seðlabanka Íslands og forsætis-, fjármála- og viðskiptaráðuneytis.

voru kynntar mögulegar leiðir, næðust ekki samningar við kröfuhafa. Fram kom í skýrslu ráðgjafa fjármálaráðherra fyrir rannsóknarnefndinni að í raun og veru hafi sparisjóðurinn verið í ofboðslega miklu „lausafjár-limbói“ og að hann bjargaði sér bara viku fyrir viku.[386]

Á fundum framkvæmdahópsins 29. og 31. júlí 2009 kom fram að eigendur meirihluta krafna, miðað við fjárhæðir, hefðu samþykkt rammasamkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu en ekki lægi fyrir formlegt samþykki. Stefnt væri að fundi kröfuhafa um miðjan ágúst 2009 og lagði Fjármálaeftirlitið til að frestur sparisjóðsins til að leysa eiginfjárvandann yrði framlengdur. Tilboðið sem lagt hafði verið fyrir kröfuhafa myndi hins vegar ekki leysa lausafjárvanda sparisjóðsins og var því beint til Seðlabankans að ítreka athugasemdir bankans um lausafjárvanda sparisjóðsins.[387]

Í bréfi Seðlabanka Íslands til Fjármálaeftirlitsins og Sparisjóðsins í Keflavík 31. júlí 2009 voru áréttaðar áhyggjur bankans af stöðu sparisjóðsins vegna slæmrar lausafjárstöðu, gjaldeyrisójöfnuðar og eiginfjárvanda. Taldi bankinn að við fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins yrði, auk bættrar eiginfjárstöðu, að sýna fram á hvernig hann hygðist mæta þeim rekstrarvanda sem við blasti og tryggja nægt lausafé. Undirliggjandi staða sparisjóðsins væri í raun mun verri en lausafjáryfirlit gæfu til kynna. Í bréfinu var bent á að Grindavíkurbær hefði þegar óskað eftir að taka út 3 milljarða króna innistæðu sína hjá sjóðnum. Þá mátti vænta úttekta ríkissjóðs og Íbúðalánasjóðs á innistæðum sem samtals námu um 3,3 milljörðum króna. Auk endurskipulagningar á kröfum lánardrottna í samningaviðræðum mátti því búast við að sparisjóðurinn þyrfti að fjármagna um 6,3 milljarða króna útstreymi innistæðna. Seðlabankinn myndi áfram telja stöðu sparisjóðsins óviðunandi nema sýnt yrði fram á stórlega bætta lausafjárstöðu og getu til að standa við fjárhagslegar skuldbindingar.[388]

19.6.1.4 Rammasamkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu

Erlendir kröfuhafar Sparisjóðsins í Keflavík undirrituðu áðurnefnt rammasamkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu í ágúst og september 2009. Meginatriði samkomulagsins voru þau að stofnfé yrði fært niður um 92% og 50% víkjandi krafna yrðu afskrifaðar en afgangi breytt í stofnfé. Innlendir kröfuhafar myndu breyta 40% krafna sinna í stofnfé, 20% í víkjandi lán og 40% í nýtt lán. Erlendir kröfuhafar myndu breyta 50% krafna sinna í nýtt lán, 10% í víkjandi lán, 2,7% í vaxtalaust skuldabréf á sjóðinn og 37,3% í breytirétt í stofnfé í sjóðnum.[389] Þá var áætlað að nota 1,5 milljarða króna af eiginfjárframlaginu til að endurgreiða lánveitendum hluta lána þeirra til sjóðsins.[390] Gert var ráð fyrir niðurfærslu eigna sem nam tæpum 11 milljörðum króna og byggt var á mati PricewaterhouseCoopers að viðbættri niðurfærslu að mati sparisjóðsins sjálfs. Sparisjóðurinn gerði bæði ráð fyrir að eiginfjárhlutfall yrði 19,8% og að laust fé sparisjóðsins yrði meira en 4 milljarðar króna í lok árs 2009 ef þessar áætlanir gengju eftir.

Ákveðið var að afskrifa ekki að fullu allt stofnfé, meðal annars vegna sterkra tengsla sparisjóðsins við samfélagið á starfsvæði hans, en einnig vegna þess að full afskrift hefði valdið meiri vandræðum meðal einstakra viðskiptamanna. Erlendir kröfuhafar voru sammála um mikilvægi þess að treysta rætur sparisjóðsins með því að halda þáverandi stofnfjárhöfum að hluta.[391]

386. Skýrsla Hjördísar Drafnar Vilhjálmsdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 12. ágúst 2013.

387. Fundargerð framkvæmdahóps (Execution Committee), 29. júlí 2009; fundargerð framkvæmdahóps (Execution Commit-

388. Bréf Seðlabanka Íslands til Fjármálaeftirlitsins 31. júlí 2009. Samrit af bréfinu var sent Sparisjóðnum í Keflavík.

389. Breytiréttur (e. *warrant*) í stofnfé gaf eigendum rétt, en ekki skyldu, til að eignast 20% af stofnfé sparisjóðsins innan líftíma breytiréttarins. Eigendur breytiréttarins gætu ákveðið að breyta rétti sínum í stofnfé í sjóðnum árlega frá 2011 til 2016, innan tveggja mánaða frá birtingu endurskoðaðs ársuppgjörs. Breytirétturinn rynni út að liðnum sjö árum frá útgáfudegi. Í tengslum við breytiréttinn skyldi sparisjóðurinn samþykkja arðgreiðslubann þar til búið væri að kaupa upp breytirétti af eigendum þeirra. Sama gilti um kaup sparisjóðsins á eigin stofnfé. Í áætluninni var einnig fjallað um endurkaup á breytirétti sem fólust í því að væri eiginfjárhlutfall sjóðsins í lok árs 2011 hærra en 12% bæri sjóðnum skylda til að lækka eiginfjárhlutfallið í 12% með endurkaupum á breytirétti af kröfuhöfum, síðan til uppgreiðslu víkjandi lána og að lokum uppgreiðslu á langtímalánum. Ekki var gert ráð fyrir að endurkaupin gengju á lausafjárstöðu sjóðsins umfram 12% eiginfjárhlutfall og að sjóðurinn ætti ætíð að eiga sex mánaða laust rekstrarfé (ásamt 20% viðbót).

390. Kynning um fjárhagslega endurskipulagningu Sparisjóðsins í Keflavík, 18. ágúst 2009; rammasamkomlag um fjárhagslega endurskipulagningu Sparisjóðsins í Keflavík.

391. Kynning um fjárhagslega endurskipulagningu Sparisjóðsins í Keflavík, 18. ágúst 2009.

Fjármálaráðuneytið staðfesti við Sparisjóðinn í Keflavík 21. ágúst 2009 að það myndi skuldbinda sig til að nýta heimildir sínar til þátttöku í fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðsins með kaupum á stofnfé í sparisjóðnum fyrir tæpan 5,1 milljarð króna. Þetta væri háð því að sparisjóðurinn næði samkomulagi um fjárhagslega endurskipulagningu við kröfuhafa sína sem fullnægði, að mati fjármálaráðuneytisins og Seðlabanka Íslands, skilyrðum um framlag til sparisjóða. Þá væri samþykki Fjármálaeftirlitsins á forsendum fjárhagslegrar endurskipulagningar og staðfestingu þess á nýjum efnahagsreikningi og niðurstöðum útreikninga á eiginfjárhlutfalli nauðsynlegt.[392]

19.6.2 Athugasemdir við áætlanir um fjárhagslega endurskipulagningu

Fjármálaeftirlitið hafði til skoðunar gögn vegna fjárhagslegrar endurskipulagingar Sparisjóðsins í Keflavík í tengslum við frest til að auka eiginfjárgrunn upp fyrir lögbundið lágmark. Fjármálaeftirlitið kom athugasemdum sínum á framfæri í bréfi til fjármálaráðuneytisins:[393]

- Áform Sparisjóðsins í Keflavík gerðu ráð fyrir greiðslu til kröfuhafa þegar eiginfjárframlag ríkisins hefði verið veitt, sem nam 1,5 milljörðum króna. Hætta væri á að greiðslan myndi hafa veruleg áhrif á sjóðstreymi og lausafjárstöðu. Krafa um að greiðslunum yrði dreift yfir ákveðið tímabil yrði mögulega til þess að minnka neikvæð áhrif þessarar aðgerðar á fjárhagsstöðu sjóðsins.
- Í ljósi óvissu um horfur í efnahagsmálum væri erfitt að meta hvort áætlanir um afskriftir og tekjur af núverandi lánasafni stæðust, og hvort þörf væri á frekari afskriftum. Dygðu núverandi endurskipulagningaráform ekki til og þörf yrði á frekari framlagi til að tryggja eiginfjárstöðu, væri óvíst hvort kröfuhafar sæju sér hag í frekari aðkomu að fjármögnun.
- Rammasamningur við kröfuhafa kvæði á um að ekki skyldi greiða arð til stofnfjáreigenda fyrr en eftir að kröfuhafar hefðu fengið allar sínar greiðslur og að kröfuhafar fengju „greiðslu sem næmi því sem væri umfram 4% af lögbundnum lágmarkseiginfjárgrunni".
- Rammasamningurinn gerði ráð fyrir takmörkun á ráðstöfun eigna sparisjóðsins, banni við veðsetningum og banni við sameiningum.
- Áform um samdrátt í efnahagsreikningi með minnkun lánasafns gæfi til kynna að ekki yrði um eðlilegan bankarekstur að ræða að lokinni endurskipulagningu.
- Vaxtakjör á nýjum lánum væru mun hærri en þeim eldri.[394]

Í skýrslu sem Mats Josefsson efnahagsráðgjafi ríkisstjórnarinnar skilaði um stöðu bankakerfisins er meðal annars fjallað um Sparisjóðinn í Keflavík, en ráðgjafinn taldi að lítill árangur hefði náðst og að staða sparisjóðsins væri veik. Verulegur vafi léki á að áætlanir um fjárhagslega endurskipulagningu myndu tryggja rekstrarhæfi sparisjóðsins til framtíðar. Fyrirhuguð endurskipulagning myndi aðeins kaupa sparisjóðnum viðbótarfrest og innan 12 mánaða yrði að fara fram önnur endurskipulagning. Endurskoða yrði þá aðferðafræði sem lagt hefði verið upp með og skoða aðra valkosti. Fjárhagsleg endurskipulagning snerist ekki eingöngu um bókhaldslega niðurstöðu þess að breyta skuldum í eigið fé eða víkjandi lán og þvinga lánardrottna til að afskrifa skuldir, heldur þyrfti að leggja mat á rekstrarhagkvæmni til lengri tíma. Að öðrum kosti yrði það sóun á almannafé að leggja til eiginfjárframlag úr ríkissjóði. Í Sparisjóðnum í Keflavík ættu breytingar á stjórn og stjórnendahópi að vera ein meginforsenda eiginfjárframlags. Lagt var til að hraða stofnun Bankasýslu ríkisins og að henni yrði falið að fara yfir áform um fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðanna og leggja á þau sjálfstætt mat áður en fé yrði lagt til þeirra. Bankasýslan hefði síðan umsjón með samningum fyrir hönd ríkisins.[395]

392. Tölvuskeyti fjármálaráðuneytisins til Sparisjóðsins í Keflavík 21. ágúst 2009.

393. Bréfið varðar bæði Byr sparisjóð og Sparisjóðinn í Keflavík. Í einhverjum tilvikum er greint á milli sparisjóðanna í bréfinu og hefur umfjöllun sem eingöngu varðar Byr sparisjóð verið fjarlægð úr þessum texta. Atriði þar sem ekki er greint á milli þess hvort átt er við Byr sparisjóð eða Sparisjóðinn í Keflavík eða jafnvel báða eru birt hér sem atriði sem eiga við um Sparisjóðinn í Keflavík.

394. Bréf Fjármálaeftirlitsins til fjármálaráðuneytisins 24. september 2009.

395. Mats Josefsson, *Iceland: Status report of the banking system*, 24. september 2009.

Samkvæmt 5. gr. reglna um framlag til sparisjóða skv. 2. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. skyldi fjármálaráðherra meðal annars fá umsögn Fjármálaeftirlitsins í tengslum við ákvörðun um framlag úr ríkissjóði til sparisjóða. Umsögn Fjármálaeftirlitsins um tillögu Sparisjóðsins í Keflavík um fjárhagslega endurskipulagningu lá fyrir 23. október 2009. Þar taldi Fjármálaeftirlitið, eftir ítarlega yfirferð þess á eiginfjárútreikningum í áætlun sparisjóðsins frá 17. ágúst 2009, og að teknu tilliti til hálfsársuppgjörs miðað við 30. júní 2009, að eiginfjárhlutfallið yrði ekki hærra en 17% í stað 19,8% eins og sagði í áætlunum sparisjóðsins. Þó gæfi 17% eiginfjárhlutfall ekki rétta mynd af stöðu sparisjóðsins, því að í áætlun hans væri gert ráð fyrir fimm milljarða króna afskriftum 2010–2012. Þyrfti sparisjóðurinn að afskrifa þessa fjárhæð strax, að frádreginni reiknaðri skattinneign upp á 1,3 milljarða króna, yrði eiginfjárhlutfallið ekki hærra en 12%. Væri afskriftarhlutfall sparisjóðsins fært til samræmis við nýju bankana næmi viðbótarniðurfærsla um 30 milljörðum króna. Því benti flest til þess að enn frekari afskrifta væri þörf sem myndu lækka eiginfjárhlutfallið niður fyrir lögbundið lágmark.

Fjármálaeftirlitið taldi almennt ekki hægt að gera kröfu um lægra eiginfjárhlutfall til sparisjóða en nýju viðskiptabankanna, eða 16%. Lægri eiginfjárkröfu yrði að rökstyðja á grunni sérstakra þátta, svo sem betri útlánagæða eða áhættuminni rekstrar. Slíkur rökstuðningur lægi ekki fyrir hjá Sparisjóðnum í Keflavík. Fjármálaeftirlitið áleit forsendur rekstraráætlunar Sparisjóðsins í Keflavík fyrir árin 2009–2012 nokkuð bjartsýnar og var þar vísað til lækkunar rekstrarkostnaðar og hlutfalls „ódýrrar“ fjármögnunar í formi innlána. Þá væri áætlaður vaxtamunur 3% næstu 3 árin. Gengju áætlanir sparisjóðsins um umbreytingu gengisbundinna lána yfir í krónulán ekki eftir, gæti orðið erfitt að ná þeim vaxtamun, en vaxtamunur sparisjóðsins var neikvæður á þessum tíma. Þá væri lausafjárstaða sparisjóðsins þröng og ekki væri fyrirsjáanlegt að hún yrði viðunandi nema bjartsýnustu spár sjóðsins gengju eftir.

Í ljósi þessa taldi Fjármálaeftirlitið verulega óvissu um hvort fjárhagsleg endurskipulagning sparisjóðsins væri til þess fallin að gera hann rekstrarhæfan. Almenn þróun efnahagsástands hefði mikið um það að segja og því hefði hún áhrif á getu viðskiptavina sparisjóðsins til að standa við skuldbindingar sínar. Þá hefði sparisjóðurinn ekki sýnt fram á að áform hans um fjárhagslega endurskipulagningu væru trúverðug og líkleg til árangurs. Þó ekki hefði verið lagt mat á áhættustýringu og stjórnunarhætti innan sparisjóðsins, mætti fastlega gera ráð fyrir, miðað við reynslu af vinnu innan stóru bankanna, að mikið skorti á að sparisjóðurinn uppfyllti lágmarkskröfur sem gerðar væru til þessara þátta.[396]

Sama dag funduðu Fjármálaeftirlitið og fjármálaráðuneytið með Sparisjóðnum í Keflavík þar sem kynnt var samantekt Fjármálaeftirlitsins yfir fjárhagsstöðu sparisjóðsins. Fyrir utan mjög erfiða lausafjárstöðu og mikla gjaldeyrisáhættu væri niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að mat sparisjóðsins á eignasafni sínu væri talsvert of hátt ef miðað væri við meðaltal viðskiptabankanna þriggja. Vanmat á afskriftarþörf sparisjóðsins væri slíkt að Fjármálaeftirlitið gæti ekki gefið jákvæða umsögn til ráðuneytisins varðandi umsókn sparisjóðsins um 20% eiginfjárframlag. Sparisjóðnum var gert að koma fram með nýja áætlun um fjárhagslega endurskipulagningu og nýja rekstraráætlun auk þess að sýna fram á mjög bætta lausafjárstöðu á næstu misserum. Einnig var lagt fyrir sparisjóðinn að meta eignasafn sitt með hliðsjón af mati bankanna á eignasöfnum þeirra. Ef tekið væri mið af afskriftum viðskiptabankanna væri mismunurinn á bilinu 20–30 milljarðar króna.[397]

Í minnispunktum Fjármálaeftirlitsins af fundinum kom fram að Guðmundur Hjaltason, ráðgjafi hjá Möttli ehf., teldi að sparisjóðurinn gæti allt eins skilað inn starfsleyfi sínu strax, færi hann að kröfum um auknar afskriftir. Taldi hann ljóst að ef niðurstaða úr nýju verðmati eigna væri sú að sparisjóðurinn þyrfti að afskrifa „einungis“ 10 milljarða króna, væri hann ekki starfhæfur. Þá hefðu kröfuhafar þegar teygt sig eins langt og hugsast gæti. Guðmundur gagnrýndi hversu seint álit Fjármálaeftirlitsins kæmi fram, því sparisjóðurinn væri í þann mund að skrifa undir samninga við lánardrottna sína. Mat Sparisjóðsins í Keflavík á afskriftum hefði verið í samræmi við niðurstöður áreiðanleikakönnunar Pri-

396. Bréf Fjármálaeftirlitsins til fjármálaráðuneytisins 23. október 2009.

397. Fundur með Sparisjóðnum í Keflavík um stöðu sparisjóðsins, minnisblað Fjármálaeftirlitsins, 23. október 2009.

cewaterhouseCoopers frá 27. maí 2009 auk þess sem sparisjóðurinn hefði bætt aukalega við afskriftir. Taldi hann engu að síður rétt að sparisjóðurinn færi að tilmælum Fjármálaeftirlitsins og mæti eignasafn sitt að nýju.[398]

Í minnisblaði fjármálaráðuneytisins í kjölfar fundarins var fjallað um hvert framhaldið yrði í kjölfar yfirferðar sparisjóðanna á eignasöfnum sínum. Næðust ekki samningar við kröfuhafa þyrftu stjórnvöld að huga að viðbrögðum. Lögð var áhersla á að tíminn væri knappur og samkvæmt efnahagsáætlun íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins væri ráðgert að klára mál sparisjóðanna fyrir lok nóvember 2009.[399]

19.6.2.1 Uppfærð umsókn um 20% eiginfjárframlag úr ríkissjóði

Í byrjun nóvember barst fjármálaráðuneytinu uppfærð umsókn frá Sparisjóðnum í Keflavík um 20% eiginfjárframlag úr ríkissjóði miðað við bókfært eigið fé sjóðsins í árslok 2007. Í drögum að árshlutareikningi fyrir fyrri hluta árs 2009 sem fylgdi með umsókninni var eiginfjárhlutfallið neikvætt um 0,36%.[400] Sparisjóðurinn í Keflavík taldi þó að hann myndi uppfylla kröfur Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárhlutfall, arðsemi eigin fjár og lausafjárstöðu að fjárhagslegri endurskipulagningu lokinni. Þá yrðu tvær mögulegar leiðir hvað snerti eiginfjárhlutfallið, með eða án 12 milljarða króna gjaldeyrisvarnar sem reiknað var með að næðist að semja um. Áætlað eiginfjárhlutfall 31. desember 2009 yrði 16,04% ef gert væri ráð fyrir gjaldeyrisvörn, en annars 13,62%.[401] Ekki væri þörf á að endurskoða aðferðafræði og tillögur sparisjóðsins að endurskipulagningu heldur mundi hann standa við fyrri tillögur sínar eftir að hafa endurmetið afskriftir og rekstraráætlun.[402] Minniháttar breytingar yrðu gerðar á meðhöndlun krafna erlendra kröfuhafa og stofnfé fært niður, úr 16.741 milljón króna í 80 milljónir. Niðurfærslan jafngilti 99,5% niðurfærslu, en þar sem allir nýir stofnfjáreigendur kæmu inn á sama gengi yrði hlutdeild þáverandi stofnfjárhafa 8% að fjárhagslegri endurskipulagningu lokinni.[403]

Fjármálaeftirlitið fékk PricewaterhouseCoopers til að fara yfir ákveðna þætti í efnahagsreikningi sparisjóðsins þar sem lögð var áhersla á niðurfærsluþörf útlánasafnsins og mat á öðrum helstu eignum sjóðsins. Skýrslunni var skilað 28. nóvember 2009 og kynnt fulltrúum fjármálaráðuneytisins 1. desember 2009. Virðisrýrnun var þar metin um 13,1 milljarði króna hærri en hún var í árshlutareikningi fyrir tímabilið 1. janúar 2009 til 30. júní 2009. Eigið fé samkvæmt árshlutareikningi að teknu tilliti til viðbótarvirðisrýrnunar væri því neikvætt um 13,7 milljarða króna. Sá fyrirvari var gerður við niðurstöður skýrslunnar að hún væri byggð á stöðunni eins og hún var á þeim tíma og leiðrétt að einhverju leyti að horfum í efnahagslífi sem þó gætu haft enn meiri áhrif á eignasafn sjóðsins þegar fram liðu stundir. Þá var bent á að eftir 30. júní 2009 hefðu stjórnendur sparisjóðsins endurmetið niðurfærsluþörf sparisjóðsins, sem leiddi til tæplega 8 milljarða króna hækkunar.[404]

Fjármálaeftirlitið vakti athygli fjármálaráðuneytisins á ákveðnum atriðum í könnun PricewaterhouseCoopers hf. í bréfi 1. desember 2009. Bent var á að staða eignasafnsins kynni að versna og niðurfærsluþörf gæti numið enn hærri fjárhæðum en gert var ráð fyrir í könnuninni. Við fjárhagslega endurskipulagningu myndi stofnfé stofnfjáreigenda, sem margir hverjir væru viðskiptamenn sjóðsins, verða fært niður að verulegu leyti og verri staða viðskiptamanna sem jafnframt væru stofnfjárhafar gæti haft áhrif sjóðinn með tilheyrandi auknum afskriftum. Þá væri það mat Fjármálaeftirlitsins að ef lánasafn Sparisjóðsins í Keflavík yrði fært niður um sama hlutfall og meðaltalsafskriftir nýju bankanna gæti það þýtt um það bil 17 milljarða króna viðbótarafskrift ofan á mat PricewaterhouseCoopers

398. Fundur með Sparisjóðnum í Keflavík um stöðu sparisjóðsins, minnisblað Fjármálaeftirlitsins, 23. október 2009.
399. Minnisblað fjármálaráðuneytisins um næstu skref í fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðanna, 29. október 2009.
400. Umsókn Sparisjóðsins í Keflavík um eiginfjárframlag skv. 2. gr. laga nr. 25/2008, 5. nóvember 2009.
401. Umsókn Sparisjóðsins í Keflavík um eiginfjárframlag skv. 2. gr. laga nr. 25/2008, 5. nóvember 2009.
402. Samtals voru 99,92% kröfuhafa búnir að samþykkja tillöguna um fjárhagslega endurskipulagningu og skrifa undir skjal sem staðfesti þá afstöðu, þ.e.a.s. allir kröfuhafar nema tveir.
403. Staðfesting á ívilnunum af hendi lánardrottna í formi skilmálabreytinga eða eftirgjafar skulda Sparisjóðsins í Keflavík, nóvember 2009.
404. Sparisjóðurinn í Keflavík – könnun PricewaterhouseCoopers hf. á afmörkuðum þáttum í efnahag og starfsemi, 28. nóvember 2009.

hf. Fjármálaeftirlitið ítrekaði að það teldi ekki annað mögulegt en að gera kröfu um að eiginfjárhlutfall sparisjóðsins yrði 16% í ljósi þeirrar óvissu sem enn væri um mögulegar afskriftir sparisjóðsins og horfur á fjármálamarkaði.[405]

19.6.2.2 Skilyrði stjórnvalda fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu

Hinn 8. desember 2009 kynnti Fjármálaeftirlitið fjármálaráðuneytinu kröfur sínar varðandi fjárhagslega endurskipulagningu Sparisjóðsins í Keflavík og þau skilyrði sem sjóðurinn yrði að uppfylla til að grundvöllur væri fyrir áframhaldandi rekstrarhæfi. Meðal krafna Fjármálaeftirlitsins var að eiginfjárþáttur A næmi að lágmarki 12% af áhættugrunni og eiginfjárhlutfall sjóðsins yrði aldrei lægra en 16% næstu þrjú ár eftir endurskipulagningu. Einnig þyrfti sparisjóðurinn að uppfylla lausafjárkröfur Seðlabankans og önnur hlutföll um stöðu lausra eigna og innistæðna. Loks vildi Fjármálaeftirlitið að sparisjóðurinn legði fram skýrslu um sjálfstætt mat á eiginfjárþörf, gerði endurbætur á innri ferlum og áhættustýringu, drægi úr veigamestu áhættunum og gerði ráðstafanir til að hann sinnti eingöngu kjarnastarfsemi.[406]

Fjármálaráðuneytið sendi þessar kröfur áfram til Sparisjóðsins í Keflavík með bréfi 11. desember og lýsti sig reiðubúið til að greiða fyrir samkomulagi um fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins og taka virkan þátt í viðræðum að því marki sem nauðsynlegt væri talið af hálfu sparisjóðsins og kröfuhafa hans. Fjármálaráðuneytið hafði þá þegar fengið ráðgjafa frá fyrirtækinu Hawkpoint Partners Limited til að liðsinna sér, meðal annars í þessu verkefni.[407]

Í minnisblaði sem skrifstofustjóri efnahags- og viðskiptaráðuneytis sendi nefnd um fjármálastöðugleika og var síðar lagt fyrir á fundi efnahags- og viðskiptaráðherra, fjármálaráðherra og seðlabankastjóra 9. desember 2009, var fjallað um málefni Byrs sparisjóðs og Sparisjóðsins í Keflavík.[408] Minnisblaðið var samantekt á helstu atriðum um stöðu sjóðanna sem fram komu í drögum að skýrslu ráðgjafarfyrirtækisins Oliver Wyman, *Restructuring the Savings Bank Sector,* sem unnin var fyrir íslensk stjórnvöld.[409]

Samkvæmt minnisblaðinu lá það fyrir að samkomulagið sem sparisjóðirnir höfðu gert við kröfuhafa sína gæti ekki að óbreyttu orðið grundvöllur að endurfjármögnun fyrir tilstuðlan ríkissjóðs. Stjórnvöld hefðu þess vegna tvo kosti í stöðunni:

1. Að hafna fyrirliggjandi samkomulagi við kröfuhafa og taka sparisjóðina til gjaldþrotaskipta.
2. Að hefja samningaviðræður um framlag ríkissjóðs við kröfuhafa sparisjóðanna á grundvelli neyðarlaganna.

Hvað varðaði fyrri leiðina var bent á tryggingu innistæðna og að hversu miklu leyti ríkissjóður þyrfti að bæta innistæðieigendum tap ef sparisjóðurinn yrði tekinn til gjaldþrotaskipta. Ef eignir Byrs sparisjóðs myndu lækka um 32% til viðbótar við stöðu eigna og skulda í árshlutareikningi 2009, stæðu þær ekki undir innistæðuskuldbindingum. Í ljósi 50% eignarýrnunar hjá viðskiptabönkunum og 60% rýrnunar eigna Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. væri ekki ólíklegt að eignir sparisjóðsins í Keflavík dygðu ekki til. Endurreisn fjármálakerfisins væri vel á veg komin en gjaldþrotameðferð Byrs sparisjóðs og Sparisjóðsins í Keflavík gæti falið í sér bakslag í uppbyggingunni og haft í för með sér álitshnekki fyrir stefnu stjórnvalda innanlands og utan. Gjaldþrotameðferð væri heldur ekki álitlegur kostur, meðal annars vegna viðbótarálags á dómskerfi sem ekki mætti við því. Þá var talið að gjaldþrot Byrs sparisjóðs og Sparisjóðsins í Keflavík gætu haft neikvæð áhrif á fjármálakerfið í heild, meðal annars með tilliti til lausafjár-, fjármögnunar- og eignatengsla þeirra á milli. Því væri augljóst að allra hagur væri að ná fram annarri niðurstöðu en gjaldþrotaleið.

405. Bréf Fjármálaeftirlitsins til fjármálaráðuneytisins 1. desember 2009.

406. Bréf Fjármálaeftirlitsins til fjármálaráðuneytisins 8. desember 2009.

407. Bréf fjármálaráðuneytisins til Sparisjóðsins í Keflavík 11. desember 2009. Samhljóða bréf var sent Byr sparisjóði 10. desember 2009.

408. Drög að minnisblaði efnahags- og viðskiptaráðuneytis um leiðir til lausnar sparisjóðamálsins, 8. desember 2009; skýrsla Oliver Wyman um endurskipulagningu sparisjóðakerfisins, 14. desember 2009.

409. Skýrslu Oliver Wyman var skilað 14. desember 2009.

Þar sem samningar sem sparisjóðirnir hefðu náð við kröfuhafa uppfylltu ekki skilyrði Fjármálaeftirlitsins, lægi beint við að fjármálaráðuneytið kæmi að samningaferli sparisjóðanna en þá þyrfti að huga að því að endursemja á grundvelli fyrirliggjandi samninga, kanna möguleika á sölu- eða samrunaferli við önnur fjármálafyrirtæki eða færa ákveðnar eignir sparisjóðanna yfir í eignaumsýslufélag. Við endursamninga á grundvelli fyrirliggjandi samninga þyrfti að liggja fyrir sameiginlegur skilningur á þeim kröfum sem reikna mætti með að Fjármálaeftirlitið gerði, meðal annars kröfu um 16% eiginfjárhlutfall. Þá yrði lögð áhersla á að eiginfjárframlag ríkisins yrði fjárfesting fremur en framlag og að til staðar væru áætlanir um hvernig ríkissjóður hygðist endurheimta fjármunina með viðunandi ávöxtun í fyllingu tímans. Í því augnamiði væri mikilvægt að samningaviðræður við kröfuhafa ættu sér stað undir forystu fjármálaráðuneytisins. Stjórnir sparisjóðanna eða ráðgjafar þeirra gætu ekki leitt samningaviðræður fyrir hönd ríkisins og mikilvægt væri að í samningum yrði áhættunni dreift með sanngjörnum hætti milli ríkisins og kröfuhafa.

Talið var eðlilegt að kannaðir yrðu möguleikar á sölu eða samruna Byrs sparisjóðs og Sparisjóðsins í Keflavík. Með því væri hugsanlega hægt að auka verðmæti eignanna og tryggja betur hag hagsmunaaðila. Fjármálaeftirlitið gæti tilkynnt stjórnendum sparisjóðanna að það væri reiðubúið til að beita sér fyrir því að sett yrði í gang söluferli með uppboðsfyrirkomulagi. Landsbankanum, sem ríkið ætti að fullu, yrði gert kleift, á grundvelli eignamats PricewaterhouseCoopers hf., að setja fram upphafstilboð á viðskiptalegum grunni. Öðrum aðilum yrði síðan boðið að bjóða í eignirnar allar eða ákveðin útibú. Þá kæmi til greina að útibú á landsbyggðinni sameinuðust öðrum starfandi sparisjóðum eða jafnvel að kröfuhafar sparisjóðanna beggja sæju sér hag í því að sameina rekstur þeirra með einhverjum hætti.

Fjármálaráðuneytið gæti beitt sér fyrir því að tryggja eða jafnvel kaupa ákveðnar eignir út úr eignasafni sparisjóðanna og flytja yfir í eignaumsýslufélag í eigu ríkisins, sem einnig gæti auðveldað sölu þeirra eða sameiningu. Með þessu fyrirkomulagi tæki ríkissjóður á sig hluta rekstraráhættunnar en fengi jafnframt tækifæri til að ná til sín hagnaði sem kynni að myndast ef eignaverðmæti reyndist hærra en upphaflega var reiknað með. Lagt var til að ráðinn yrði utanaðkomandi ráðgjafi til að leiða samninga við sparisjóði og kröfuhafa til að finna ásættanlega lausn á vanda sparisjóðanna innan ramma þágildandi laga og að stefnt skyldi að því að verkefninu yrði lokið fyrir 15. janúar 2010.[410]

Fjármálaráðuneytið undirbjó þátttöku í samningaviðræðum sparisjóðsins og kröfuhafa en þó var talið brýnt að skoða hvaða leiðir væru færar ef samningar við kröfuhafa næðust ekki, og unnu Fjármálaeftirlitið, fjármálaráðuneytið og Seðlabankinn saman að lausnum um það. Hugmyndir til að tryggja innistæður voru einkum tvær: að flytja innlán og eignir í NBI hf. (síðar Landsbankann hf.) eða félag í eigu þess, eða að flytja innlán og eignir í sparisjóð í eigu ríkisins.[411]

19.6.3 Samningaviðræður við kröfuhafa

Sparisjóðurinn lagði fram nýja tillögu um fjárhagslega endurskipulagningu og kynnti hana kröfuhöfum 17. og 18. desember 2009. Tillagan var lögð fram eftir fund með fjármálaráðuneytinu 14. desember 2009 og var í samræmi við kröfur ráðuneytisins í bréfi þess 11. desember 2009. Tekið var tillit til aukinnar virðisrýrnunar útlána samkvæmt mati PricewaterhouseCoopers, kröfu um 16% lágmarks eiginfjárhlutfall, fyrirhugaðra lagabreytinga um útreikning eiginfjárhlutfalls og ákvörðunar fjármálaráðuneytisins um að ríkið yrði að eiga 67% stofnfjár í sparisjóðnum eftir endurskipulagningu. Það hafi leitt til efnislegra breytinga á tillögu um fjárhagslega endurskipulagningu, meðal annars þeirra að kröfuhafar fengju 5% eingreiðslu þegar allir hefðu samþykkt tillöguna og viðeigandi samningar undirritaðir. Þá myndu kröfuhafar breyta 15% krafna sinna í nýtt víkjandi lán og innlendir kröfuhafar myndu þurfa að breyta 80% krafna sinna í stofnfé og erlendir kröfuhafar myndu breyta sama hlutfalli krafna í breytirétt í stofnfé. Þá yrði 20% víkjandi krafna breytt í stofnfé og afgangurinn afskrifaður. Gert var ráð fyrir að ríkið legði um það bil 5 milljarða króna í stofnfé. Sparisjóðurinn óskaði eftir því að samningaviðræður við

410. Drög að minnisblaði efnahags- og viðskiptaráðuneytis um leiðir til lausnar sparisjóðamálsins, 8. desember 2009; skýrsla Oliver Wyman um endurskipulagningu sparisjóðakerfisins, 14. desember 2009.

411. Minnisblað nefndar um fjármálastöðugleika um mögulegar leiðir takist ekki að semja við kröfuhafa, 15. desember 2009.

kröfuhafa yrðu hafnar að nýju með aðkomu ráðgjafarfyrirtækisins Hawkpoint Partners Limited fyrir hönd stjórnvalda. Stefnt yrði að því að ljúka fjárhagslegri endurskipulagningu fyrir lok janúar 2010.[412] Skömmu eftir að tillögur sparisjóðsins voru kynntar kröfuhöfum fékk fjármálaráðuneytið PricewaterhouseCoopers til að vinna nýja áreiðanleikakönnun um Sparisjóðinn í Keflavík og skyldi skýrslunni skilað um miðjan febrúar 2010.[413]

Kröfuhafar voru ósáttir við tillögu sparisjóðsins þar sem niðurstaða hennar var þeim óhagstæðari en fyrri tillögur. Fram kom á fundum með erlendu kröfuhöfunum að þeir gætu ekki samþykkt umbreytingu krafna í stofnfé.[414] Þeir fóru fram á að fá aðgang að nákvæmum fjárhagsupplýsingum svo þeir gætu metið tillöguna. Að öðrum kosti mætti veita aðgang í gegnum óháðan endurskoðanda eða ráðgjafa svo framkvæma mætti verðmat á kostnað sparisjóðsins.[415] Niðurstaðan varð sú að kröfuhafarnir völdu Deutsche Bank AG úr röðum sínum til að greina áhrif fjárhagslegrar endurskipulagningar.

Sparisjóðurinn í Keflavík sendi kröfuhöfum uppfærða tillögu og skilmálaskjöl vegna hennar 3. febrúar 2010. Í tillögunni var gert ráð fyrir að erlendir og innlendir kröfuhafar, aðrir en þeir sem ættu víkjandi kröfur, fengju 5% eingreiðslu, breyttu 15% krafna sinna í ný víkjandi lán og 8% krafna yrði breytt í stofnfé eða breytirétt. Þeir myndu svo afskrifa 72% krafna sinna. Kröfuhafar sem ættu víkjandi kröfur á sparisjóðinn myndu breyta 12,5% þeirra í stofnfé en eftirstöðvar yrðu afskrifaðar. Skilmálaskjöl í samræmi við uppfærða tillögu voru send kröfuhöfum og óskað undirritunar á tillöguna fyrir 5. mars 2010.[416]

Bankastjóri Arion banka hf. lýsti því yfir að bankinn væri reiðubúinn að ræða við fjármálaráðuneytið um yfirtöku á starfsemi Sparisjóðsins í Keflavík með sama hætti og beitt hefði verið við stóru bankana þrjá, teldi ráðuneytið að ekki væru raunhæfar forsendur til að koma sparisjóðnum til bjargar með öðrum hætti. Benti hann á að samdóma álit þeirra sem til þekktu væri að til sameiningar á fjármálamarkaði þyrfti að koma og að sú aðferðafræði sem beitt hefði verið til lausnar á málum Sparisjóðs Mýrasýslu og viðskiptabankanna þrigga hefði reynst farsæl.[417]

Áreiðanleikakönnun PricewaterhouseCoopers lá fyrir 11. febrúar 2010. Í henni kom fram að Sparisjóðurinn í Keflavík hefði verið búinn að færa niður eignir um 11,2 milljarða króna á árinu 2009 og hefði stefnt á að færa niður enn frekar um 7 milljarða í lok árs 2009. Í skýrslunni sem PricewaterhouseCoopers skilaði í nóvember 2009 var gert ráð fyrir að færa þyrfti niður um 22,9 milljarða króna alls á árinu 2009. Sparisjóðurinn stefndi að því að fylgja því mati eftir á komandi ári með frekari afskriftum. Áætlaður efnahagsreikningur sjóðsins eftir endurskipulagningu fyrir árin 2010, 2011 og 2012 sýndi stöðuga hækkun eiginfjárhlutfalls úr 16,12% skömmu eftir endurskipulagningu í 21,04% árið 2012.

Í könnuninni kom fram að meðal forsendna fyrir fjárhagsáætlun sparisjóðsins væri 5% verðbólga og óbreytt gengi krónunnar. Sparisjóðurinn hugðist umreikna flest gengisbundin lán í íslenskar krónur og bjóst við að um 5–7% lánasafnsins yrði greitt upp þegar viðskiptavinir sparisjóðsins færu annað með viðskipti sín við þessa breytingu. Bráðabirgðaskoðun PricewaterhouseCoopers á fjárhagsáætluninni þótti ekki gefa tilefni til að ætla að áætlunin væri van- eða ofmetin heldur væri hún í samræmi við þær athuganir sem PricewaterhouseCoopers hefði framkvæmt.[418]

Deutsche Bank AG skilaði greiningu sinni 10. mars 2010 en taldi erfitt að leggja mat á stöðu og framtíðaráætlanir Sparisjóðsins í Keflavík, en miðað við fyrirliggjandi upplýsingar væri hagfelldara öllum aðilum að tryggja rekstrarhæfi sparisjóðsins en fara með hann í slitameðferð. Lagt var til að 50 stærstu útlán Sparisjóðsins í Keflavík yrðu flutt í sérstakt fjárfestingarfélag (e. *special purpose vehicle*) í eigu lánardrottna og yfirfærslan gerð gegn niðurfærslu skuldbindinga við lánardrottna. Þannig yrði sparisjóðurinn rekstrarhæfur,

412. Uppfærð tillaga að fjárhagslegri endurskipulagningu Sparisjóðsins í Keflavík, 17. desember 2009.

413. Áreiðanleikakönnun PricewaterhouseCoopers hf. á ákveðnum þáttum í rekstri Sparisjóðsins í Keflavík, 11. febrúar 2010.

414. Tillaga að fjárhagslegri endurskipulagningu Sparisjóðsins í Keflavík, 3. febrúar 2010.

415. Tölvuskeyti Bayerische Landesbank til Sparisjóðsins í Keflavík 5. janúar 2010.

416. Tillaga að fjárhagslegri endurskipulagningu Sparisjóðsins í Keflavík, 3. febrúar 2010; Head of Terms, skilmálaskjöl send kröfuhöfum, 3. febrúar 2010.

417. Tölvuskeyti Finns Sveinbjörnssonar til Hjördísar D. Vilhjálmsdóttur og Þórhalls Arasonar 6. mars 2010.

418. Áreiðanleikakönnun PricewaterhouseCoopers hf. á ákveðnum þáttum í rekstri Sparisjóðsins í Keflavík, 11. febrúar 2010.

komist yrði hjá slitameðferð (e. *liquidation*), en sparisjóðurinn myndi draga sig út úr lánastarfsemi til stórra fyrirtækja og einbeita sér að kjarnarekstri, það er viðskiptum við einstaklinga og lítil og meðalstór fyrirtæki. Hagræði lánardrottnanna væri að festast ekki inni sem langtímafjárfestar í sparisjóðnum og endurheimtur lánanna yrðu betri, því fengnir yrðu sérfræðingar (e. *non-performing loan services*) á vegum lánardrottnanna til að annast lánasafnið.[419]

Fjármálaráðuneytið taldi tillögu Deutsche Bank ekki ganga upp þar sem hún tæki ekki með í reikninginn ýmis lykilatriði. Þá gæti tillagan valdið þeim misskilningi hjá kröfuhöfunum að aðrar leiðir væru færar en að samþykkja tillögurnar sem þeim hefðu þegar verið sendar, ella færi sparisjóðurinn í slitameðferð. Eftirstandandi eignir myndu ekki tryggja rekstrarhæfi sparisjóðsins ef 50 stærstu útlánin yrðu tekin út úr honum, en ef til falls sparisjóðsins kæmi mundi Fjármálaeftirlitið ráða örlögum hans, en búast mætti við að innistæður yrðu færðar til annarrar fjármálastofnunar gegn greiðslu með skuldabréfi sem flokkað yrði sem forgangskrafa. Því þyrftu endurheimtur vegna 50 stærstu lánanna að ganga upp í innlánskröfur. Greiningar sem gerðar hefðu verið á endurheimtum við slit bentu til þess að aðrir kröfuhafar en innlánseigendur gætu ekki vænst neinna endurheimta úr sparisjóðnum. Ráðuneytið benti einnig á að stjórnvöld væru reiðubúin að styðja sparisjóðinn á þeim grundvelli sem fram kom í skilmálaskjölum frá 3. febrúar 2010. Tillögur Deutsche Bank fengju ekki stuðning stjórnvalda og mundi ríkið ekki leggja eiginfjárframlag til sparisjóðsins á grundvelli þeirra tillagna. Ráðuneytið dró einnig í efa að utanaðkomandi aðili næði betri endurheimtum en sparisjóðurinn, þar sem Sparisjóðurinn í Keflavík nyti að öllum líkindum meiri velvildar en þjónustuaðili lánasafnsins.[420]

Í bréfi fjármálaráðuneytisins til Sparisjóðsins í Keflavík 19. mars 2010 var áréttað að sparisjóðurinn virti samkomulagið um fjárhagslega endurskipulagningu og settan tímaramma. Stjórnvöld hefðu leitast við að sýna viðeigandi sveigjanleika, bæði um form endurskipulagningar sem þau væru tilbúin að styðja með eiginfjárframlagi og einnig fyrirhugaða tímaáætlun. Yfirlýsingar kröfuhafa og hætta á frekari töfum væru stjórnvöldum áhyggjuefni og því væru þau farin að skoða mögulegar leiðir til að verja innistæðueigendur og hámarka endurheimtur á lánum sparisjóðsins, kæmi til þess að Fjármálaeftirlitið teldi vafa leika á um áframhaldandi rekstrarhæfi hans.[421] Það væri í höndum stjórnar sparisjóðsins að ná samkomulagi við kröfuhafa á grundvelli skilmálaskjalsins frá 3. febrúar, en ekki væri hægt að gera ráð fyrir þátttöku stjórnvalda ef gerðar yrðu breytingar á skilmálaskjali eða tímaramma.[422]

Hinn 25. mars 2010 héldu forsvarsmenn Sparisjóðsins í Keflavík og fulltrúar fjármálaráðuneytisins, ásamt ráðgjöfum sínum, til fundar í London með kröfuhöfum sparisjóðsins. Fundurinn leiddi til nýs samningstilboðs um fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins sem lagt yrði fyrir fundi lánanefnda þeirra banka sem áttu kröfur á hann fljótlega eftir fundinn. Meðan beðið var svara þeirra veitti Fjármálaeftirlitið sparisjóðnum frest til 21. apríl sama ár til þess að ljúka samningum við kröfuhafa og koma eiginfjárhlutfallinu í lögbundið horf.[423]

Á sama tíma og reynt var að ná samningum við kröfuhafa skoðuðu stjórnvöld mögulegar leiðir ef samningar tækjust ekki. Í því skyni voru meðal annars haldnir fundir með fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Fjármálaeftirlitinu. Tvær leiðir voru helst til umræðu: annars vegar að eignir og innistæður sparisjóða yrðu fluttar til eins eða tveggja viðskiptabanka með gagnsæju tilboðsferli, og hins vegar að eignir og innistæður yrðu fluttar í nýtt fjármálafyrirtæki sem yrði að miklu leyti í eigu ríkisins.[424] Innan fjármálaráðuneytisins

419. Greining Deutsche Bank AG á fjárhagslegri endurskipulagningu Sparisjóðsins í Keflavík (Keflavik Savings Bank – Restructuring Analysis), 10. mars 2010.

420. Bréf fjármálaráðuneytisins til Sparisjóðsins í Keflavík 12. mars 2010.

421. Í bréfinu segir: „[…] should the Savings Bank lose the support of the FME to continue as a going concern."

422. Bréf fjármálaráðuneytisins til Sparisjóðsins í Keflavík 19. mars 2010.

423. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðsins í Keflavík 29. mars 2010.

424. Tölvuskeyti fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til fjármálaráðuneytisins 24. mars 2010.

var lögð áhersla á að ef Fjármálaeftirlitið tæki yfir sparisjóðinn, væri farsælast að tryggja endurheimtur með því að koma eignum og innistæðum í skjól hjá stærri banka, eins og Landsbankanum.[425]

Fjármálaeftirlitið taldi að ef tillögur fjármálaráðuneytisins yrðu ekki samþykktar eða upp úr viðræðum slitnaði, gætu aðstæður sparisjóðsins orðið mjög knýjandi og Fjármálaeftirlitið þurft að taka yfir vald stofnfjáreigendafundar til að taka ákvarðanir um nauðsynlegar aðgerðir. Óskað var eftir skýrri afstöðu fjármálaráðuneytisins til þess hvert eignum og skuldum sparisjóðsins skyldi ráðstafað, kæmi til slíkrar ákvörðunar.[426] Fjármálaráðuneytið lagði áherslu á að tryggja óheftan aðgang að innistæðum með flutningi þeirra til annarrar fjármálastofnunar eða nýs lögaðila, án þess að tilgreina nánar hver sú stofnun eða lögaðili ætti að vera. Óskaði fjármálaráðuneytið jafnframt eftir fundi með Fjármálaeftirlitinu til að yfirfara viðbragðsáætlun, kæmi til framangreindra aðgerða.[427] Í skýrslu forstjóra Fjármálaeftirlitsins fyrir rannsóknarnefndinni kom fram að þó ákvörðunin hafi verið stjórnar Fjármálaeftirlitsins, hafi verið búið að ræða við fjármálaráðuneytið. Það hafi verið samstarf um að leita réttra leiða og hagstæðustu leiðanna.[428] Fyrir rannsóknarnefndinni kom fram í skýrslu skrifstofustjóra efnahags- og viðskiptaráðuneytis að þótt Fjármálaeftirlitið hafi formlega haft heimild til að loka einstökum fyrirtækjum, hafi fjármálaráðherra haft heimild til að stofna ný fyrirtæki og því hafi þessar stofnanir reynt að samræma viðbrögð.[429]

Í skýrslu sérstaks sérfræðings á vegum Fjármálaeftirlitsins, Soffíu E. Björgvinsdóttur, 13. apríl 2010 kom fram að ekkert hefði enn heyrst frá erlendum kröfuhöfum um hvernig þeir mundu meðhöndla tilboð Sparisjóðsins í Keflavík en tónninn í þeim væri neikvæður.[430] Þremur dögum síðar höfðu allir innlendir kröfuhafar og tveir af tólf erlendum kröfuhöfum samþykkt tilboðið.[431] Hinn 19. apríl 2010 höfðu þrír erlendir kröfuhafar samþykkt tilboðið en sex hafnað því. Stórir þýskir lánveitendur biðu eftir bréfi eða yfirlýsingu frá Bankasýslu ríkisins um hvernig hún hygðist fara með eignarhlut sinn í sparisjóðnum í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar, en hún yrði langstærsti eigandinn.[432] Á fundi sparisjóðsins með fjármálaráðuneytinu 20. apríl 2010 upplýsti sparisjóðsstjóri að miðað við fjárhæð krafna væri komið samþykki 68% innlendra og erlendra kröfuhafa. Hann sagði erlenda kröfuhafa hafa gefið í skyn að bilið væri ekki óbrúanlegt ef stjórnvöld kæmu til móts við kröfuhafa og lýstu nánar fyrirætlunum sínum með sparisjóðakerfið. Á fundinum lögðu fulltrúar ráðuneytisins áherslu á að Bankasýsla ríkisins gæti ekki gefið neitt upp um hvað hún hygðist gera með sparisjóðina fyrr en eftir að fjárhagsleg endurskipulagning hefði gengið í gegn. Niðurstaða fundarins var að sparisjóðurinn veitti erlendu kröfuhöfunum frest til kl. 14 daginn eftir til að svara endanlega.[433]

Í minnisblaði nefndar um fjármálastöðugleika sem lagt var fyrir fund forsætisráðherra, fjármálaráðherra, efnahags- og viðskiptaráðherra, forstjóra Fjármálaeftirlitsins og bankastjóra Seðlabanka Íslands 21. apríl 2010 var fjallað um vanda sparisjóðanna, Byrs sparisjóðs og Sparisjóðsins í Keflavík. Með tilliti til yfirlýsinga ríkisstjórnarinnar um tryggingu innistæðna, heildarinnlána þessara tveggja sparisjóða, lausafjárstöðu þeirra og eiginfjárkrafna til sparisjóðanna væri heildareiginfjárbinding ríkissjóðs til þess að fara með allar eignir Byrs sparisjóðs og Sparisjóðsins í Keflavík metin að hámarki 38 milljarðar króna. Farið var yfir stöðu Sparisjóðsins í Keflavík og varð niðurstaðan sú að varla væri önnur leið fær en að Fjármálaeftirlitið beitti heimildum VI. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki til að taka yfir starfsemi Sparisjóðsins í Keflavík og ráðstafa eignum hans og skuldum. Nefndin velti því upp hvort hægt væri að stofna sparisjóð á grundvelli 1. gr. laga nr. 125/2008 og taldi svo vera þar sem starfsheimildir viðskiptabanka og sparisjóða væru þær sömu.[434] Ríkið þyrfti að leggja til eigið fé til þess að fjármálafyrirtækið yrði

425. Tölvuskeyti Þórhalls Arasonar til Guðmundar Árnasonar 24. mars 2010.

426. Bréf Fjármálaeftirlitsins til fjármálaráðuneytisins 26. mars 2010.

427. Bréf fjármálaráðuneytisins til Fjármálaeftirlitsins 15. apríl 2010.

428. Skýrsla Gunnars Þ. Andersen fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 23. september 2013.

429. Skýrsla Kjartans Gunnarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 23. september 2013.

430. Tölvuskeyti Soffíu Eydísar Björgvinsdóttur til Fjármálaeftirlitsins 13. apríl 2010.

431. Tölvuskeyti Soffíu Eydísar Björgvinsdóttur til Fjármálaeftirlitsins 16. apríl 2010.

432. Tölvuskeyti Soffíu Eydísar Björgvinsdóttur til Fjármálaeftirlitsins 19. apríl 2010.

433. Tölvuskeyti Soffíu Eydísar Björgvinsdóttur til Fjármálaeftirlitsins 20. apríl 2010.

434. Minnisblaðið varðar bæði Byr sparisjóð og Sparisjóðinn í Keflavík. Í einhverjum tilvikum er greint á milli sparisjóðanna í minnisblaðinu og hefur umfjöllun sem eingöngu varðar Byr sparisjóð verið fjarlægð úr þessum texta. Atriði þar sem ekki

nægilega fjárhagslega öflugt til að geta tekið við og rekið, að minnsta kosti tímabundið, þá starfsemi sem þá var í Sparisjóðnum í Keflavík. Með því væri fjármálastöðugleika viðhaldið, þannig að áfram yrði óbreyttur aðgangur að innistæðum og fjármálaþjónustu. Þó kom fram að innan nefndarinnar væru ólík sjónarmið um hvort stofna skyldi viðskiptabanka eða stofnfjársparisjóð.[435]

Í bréfi fjármálaráðuneytisins til stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík 21. apríl var þess getið að ráðuneytið teldi að hluti kröfuhafa hefði ekki sýnt mikinn samstarfsvilja þennan spöl samningaviðræðna um fjárhagslega endurskipulagningu. Það hefði valdið vonbrigðum að stór hluti erlendu kröfuhafanna hafði ekki samþykkt tilboðið þar ed athugun Deutsche Bank frá því í mars sama ár hefði gefið til kynna að þeir gætu búist við betri endurheimtum krafna sinna með því að ganga að fyrirliggjandi tilboði en ef sparisjóðurinn yrði tekinn til slitameðferðar. Tilboðið sem hafi legið fyrir hefði verið í samræmi við tilboðið sem rætt hefði verið í desember við Sparisjóðinn í Keflavík og lykilkröfuhafa. Að mati ráðuneytisins hafi það þó haft að geyma viðbótaratriði sem væru hliðhollari kröfuhöfum í kjölfar samningaviðræðna ráðuneytisins við sjóðinn.[436]

Frestur sparisjóðsins til þess að uppfylla eiginfjárskilyrði og ná samkomulagi við kröfuhafa sína rann út 21. apríl 2010. Sama dag kom til umræðu tilboð frá erlendum sjóði um að kaupa kröfur af kröfuhöfum með miklum afföllum en ekkert formlegt tilboð barst.[437] Afstaða kröfuhafanna hafði ekki breyst og á stjórnarfundi 21. apríl 2010 var ákveðið að undirbúa aðgerðaáætlun „ef og þegar" Fjármálaeftirlitið tæki yfir sparisjóðinn. Á stjórnarfundi 22. apríl 2010 var það metið svo að viðræður sparisjóðsins við kröfuhafa næðu ekki lengra og var ákveðið að óska eftir því að Fjármálaeftirlitið tæki yfir vald hluthafafundar sparisjóðsins.[438] Í skýrslu stjórnarformanns Sparisjóðsins í Keflavík fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að hann teldi að sumir erlendu kröfuhafanna hefðu dregið ferlið án þess að hafa haft raunverulegan vilja til að koma að fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðsins.[439]

19.6.3.1 Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að taka yfir vald stofnfjáreigendafundar Sparisjóðsins í Keflavík

Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 22. apríl 2010 tók það yfir vald stofnfjáreigendafundar Sparisjóðsins í Keflavík, vék stjórn hans frá og skipaði honum bráðabirgðastjórn. Í bráðabirgðastjórn Sparisjóðsins í Keflavík voru skipuð Soffía Eydís Björgvinsdóttir, héraðsdómslögmaður, Auður Ósk Þórisdóttir, löggiltur endurskoðandi, og Elvar Örn Unnsteinsson, hæstaréttarlögmaður.[440]

Sama dag voru allar innistæður og eignir sparisjóðsins fluttar í nýjan sparisjóð, Spkef sparisjóð, en ríkissjóður lagði honum til 900 milljónir króna í nýtt stofnfé. Fyrir lá að leggja þyrfti þessari nýju fjármálastofnun til það eigið fé sem þyrfti til að uppfylla skilyrði Fjármálaeftirlitsins um starfsleyfi. Áætlað var að sú fjárhæð myndi nema um 13 milljörðum króna. Sama dag hafði Fjármálaeftirlitið einnig tekið yfir vald stofnfjáreigendafundar Byrs sparisjóðs og stofnað nýtt hlutafélag til þess að taka við ákveðnum eignum og skuldum hans og reiknað var með að eiginfjárframlag til þess hlutafélags myndi nema um 25 milljörðum króna. Heildarútgjöld ríkissjóðs vegna þessara tveggja sparisjóða færu því langt umfram það sem stjórnvöld hefðu miðað við fyrir fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðanna í landinu. Þannig hefði komið fram í ásetningsbréfi stjórnvalda til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá 7. apríl 2010 að ekki yrði varið meiru en sem svaraði 1,5% af landsframleiðslu, þá um 25 milljörðum króna, í endurskipulagningu sparisjóðakerfisins. Þá var gert ráð fyrir að

er greint á milli þess hvort átt er við Byr sparisjóð eða Sparisjóðinn í Keflavík eða jafnvel báða eru birt hér sem atriði sem eiga við um Sparisjóðinn í Keflavík. Í 3. mgr. 1. gr. laga nr. 125/2008 segir: „Fyrirtæki sem stofnað er samkvæmt þessari grein hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki."

435. Minnisblað nefndar um fjármálakerfið til forsætisráðherra, fjármálaráðherra, efnahags- og viðskiptaráðherra, forstjóra Fjármálaeftirlitsins og bankastjóra Seðlabanka Íslands, 21. apríl 2010.

436. Bréf fjármálaráðuneytisins til stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík 21. apríl 2010.

437. Tölvuskeyti Soffíu Eydísar Björgvinsdóttur til Fjármálaeftirlitsins 21. apríl 2010; tölvuskeyti Soffíu Eydísar Björgvinsdóttur til Fjármálaeftirlitsins 22. apríl 2010.

438. Bréf Sparisjóðsins í Keflavík til Fjármálaeftirlitsins 22. apríl 2010.

439. Skýrsla Kristjáns G. Gunnarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 6. ágúst 2013.

440. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 23. júlí 2010 var Sparisjóðurinn í Keflavík tekinn til slitameðferðar að beiðni bráðabirgðastjórnar sjóðsins og voru sömu aðilar og höfðu verið í bráðabirgðastjórn skipaðir í slitastjórn.

útgjöld vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar átta smærri sparisjóða, sem fjármálaráðuneytið og Seðlabanki Íslands höfðu átt samstarf um, gætu numið um 4 milljörðum króna en samningar um fjárhagslega endurskipulagningu þeirra væru tilbúnir og biðu einungis samþykkis Eftirlitsstofnunar EFTA.[441]

Þáverandi bankastjóri NBI hf. ítrekaði áhuga bankans á að koma að rekstri Byrs sparisjóðs og Sparisjóðsins í Keflavík með bréfi til ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins 23. apríl 2010. Þar kom fram að samstarf og þó einkum sameining Spkef og Byrs við bankann gæfi umtalsverða hagræðingarmöguleika. Ef þurfa þætti, væri bankinn vel í stakk búinn til að tryggja lausafjárstöðu Spkef og Byrs og tilbúinn til viðræðna um nauðsynlega fyrirgreiðslu væri eftir henni leitað.[442]

19.6.3.2 Stofnun Spkef sparisjóðs

Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 22. apríl 2010 um yfirtöku þess á valdi stofnfjáreigendafundar í Sparisjóðnum í Keflavík var kveðið á um að öllum eignum skyldi ráðstafað til Spkef sparisjóðs þegar í stað.[443] Stofnfundur Spkef sparisjóðs var haldinn sama dag og sat Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis, fundinn fyrir hönd ríkisins sem var handhafi alls stofnfjár.[444] Stofnfé sparisjóðsins var 900 milljónir króna og skiptist í jafnmarga hluti að nafnverðsfjárhæð ein króna. Eitt atkvæði fylgdi hverjum hlut.[445] Í stjórn Spkef sparisjóðs voru skipuð Ásta Dís Óladóttir, Helga Loftsdóttir, Valdimar Halldórsson, Anna María Pétursdóttir og Ottó Hafliðason, og gegndi Angantýr V. Jónasson stöðu sparisjóðsstjóra þar til í nóvember 2010 þegar Einar Hannesson tók við. Spkef sparisjóður tók við starfsemi Sparisjóðsins í Keflavík frá og með 23. apríl 2010.

Í skýrslum fyrir rannsóknarnefndinni kom skýrt fram að ákvörðunin um að endurreisa Sparisjóðinn í Keflavík sem Spkef sparisjóð hafi verið pólitísk ákvörðun. Í skýrslu efnahags- og viðskiptaráðherra kom fram að flestum, þar á meðal honum sjálfum og fjármálaráðherra, hafi þótt mjög mikið til vinnandi að hér yrði áfram sparisjóðakerfi sem yrði sæmilega burðugt. Hugmyndin var að sparisjóðirnir myndu gegna því hlutverki sem þeir höfðu lengst af gegnt sem staðbundnar stofnanir í heimabyggð og að stóru leyti í eigu heimamanna: „Auðvitað er þetta í einhverjum skilningi pólitísk áhersla, jafnvel hjá mér sem ópólitískum ráðherra.“[446]

Mat hann stöðuna svo að endurreist fjármálakerfi yrði heilbrigðara ef stoðirnar væru fleiri en þrír svipaðir bankar, bæði frá samkeppnissjónarmiði og fjármálastöðugleikasjónarmiði og jafnvel valdreifingarsjónarmiði líka. Það væri einfaldlega heilbrigðara að hafa kerfi með öflugri sparisjóðastoð og þess vegna væri nokkuð á sig leggjandi til að ná því fram. Án Sparisjóðsins í Keflavík hefði sparisjóðanetið aldrei orðið almennileg stoð í nýju fjármálakerfi. Það hefði hinsvegar ekki tekist nema að mjög litlu leyti og hefðu það verið ákveðin vonbrigði hvernig úr rættist.[447]

Aðspurður um þær ólíku leiðir sem farnar voru með Sparisjóðinn í Keflavík og Byr sparisjóð, annars vegar að stofna sparisjóð og hins vegar hlutafélag, sagði efnahags- og viðskiptaráðherra að þingmenn og ráðherrar, og kannski fjármálaráðherra sérstaklega, hefðu haft skoðanir á þessu. Aðilar sem tengdust sparisjóðunum hefðu barist fyrir þeim lausnum sem þeir töldu æskilegar og því hafi pólitískur þrýstingur verið mikill.[448]

Í skýrslu fjármálaráðherra fyrir rannsóknarnefndinni sagði hann:

> Ég dreg enga dul á að ég var frá byrjun í þeim hópi sem vildi eins og hægt væri verja það sem lífvænlegt var af sparisjóðunum og ég starfaði lengst af sem fjármálaráðherra sam-

441. Minnisblað um málefni Byrs sparisjóðs og Sparisjóðsins í Keflavík, 3. maí 2010.

442. Bréf NBI hf. (Landsbankans) til fjármálaráðuneytisins 23. apríl 2010.

443. Þetta átti ekki við um þær eignir sem sérstaklega yrðu undanskildar samkvæmt sérstakri skýrslu sem endurskoðunarfyrirtæki átti að útbúa samkvæmt 10. tölul. ákvörðunarinnar.

444. Stofngerð, Spkef sparisjóður, vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar Spkef 2010, 22. apríl 2010.

445. Samþykktir Spkef sparisjóðs, 22. apríl 2010.

446. Skýrsla Gylfa Magnússonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2013.

447. Skýrsla Gylfa Magnússonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2013.

448. Skýrsla Gylfa Magnússonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2013.

> kvæmt þeirri hugmyndafræði og svo áfram sem efnahags- og viðskiptaráðherra.[449]

Þá kom fram í skýrslu fjármálaráðherra að þegar Byr sparisjóður og Sparisjóðurinn í Keflavík voru teknir yfir hafi verið ákveðið að endurreisa Sparisjóðinn í Keflavík sem sparisjóð í þeirri von að hann gæti síðar orðið kjölfesta í því sem eftir væri af sparisjóðakerfinu, en ekki hafi verið talin sérstök ástæða til þess með Byr sparisjóð og því hafi verið stofnað hlutfélag í tilviki Byrs.[450] Menn hafi talið allgóðar líkur á að Sparisjóðurinn í Keflavík gæti starfað áfram sem slíkur og orðið langstærsti sparisjóðurinn og kannski í fyllingu tímans „móðurstöð" eða bakhjarl fyrir aðra minni sparisjóði. Byr sparisjóður hafi verið mun stærri biti og mat manna að meiri líkur væru á því að unnt væri að fá aðra aðila að því að endurreisa hann sem hlutafélagabanka. Í tilviki Sparisjóðsins í Keflavík var gengið út frá því að það yrði að vera ríkið, „það myndu ekki aðrir mæta" og lýsa yfir áhuga á að leggja inn stofnfé í endurreisn hans. Það hafi mönnum fundist nógu stór biti.[451] Allan tímann hafi verið gert ráð fyrir að eitthvert eigið fé væri eftir í sparisjóðnum. Fjármálaráðherra rak minni til þess að þegar sparisjóðurinn var tekinn yfir hafi verið uppi getgátur um að eigið fé væri orðið lítið sem ekkert en þó ekki verra en það. Síðan hafi staða sparisjóðsins reynst enn „hryllilegri" en menn höfðu áttað sig á. Smátt og smátt hafi komið í ljós hversu illa staddur hann hafi verið. Hver einasta nýja úttekt á stöðunni og á eignasafninu hafi undantekningarlaust verið verri en sú á undan.[452]

Í skýrslu aðstoðarforstjóra Fjármálaeftirlitsins fyrir rannsóknarnefndinni kom fram að hann teldi að ákvörðun um stofnun Spkef sparisjóðs hafi verið fjármálaráðuneytisins. Vorið 2010 hafi verið uppi væntingar um að Sparisjóðurinn í Keflavík gæti orðið bakhjarl fyrir sparisjóðina í landinu, sem svo hafi komið í ljós að gæti ekki orðið. Hann hafi skynjað ríkan og rótgróinn pólitískan vilja í öllum flokkum til að styðja við sparisjóðina svo þeir gætu lifað. Það hafi verið byggða- og kjördæmasjónarmið sem átti sér fylgismenn í öllum flokkum.[453]

Í skýrslu skrifstofustjóra í efnahags- og viðskiptaráðuneyti fyrir rannsóknarnefndinni kom fram að töluverð átök hafi átt sér stað milli stjórnsýslunnar og pólitískra ráðamanna. Sérfræðihópurinn vildi fara sömu leið með Byr sparisjóð og Sparisjóðinn í Keflavík, það er að stofna hlutafélög um þá báða, en meðal ráðamanna hafi verið vilji til að fara sparisjóðaleiðina. Aðspurður hvers vegna það hafi verið sagði hann:

> Sparisjóðirnir hafa bara fengið mikinn hljómgrunn hjá pólitíkinni í gegnum tíðina. Þetta var Steingrímur J. Sigfússon sem var þá fjármálaráðherra og þessi krafa virtist koma þaðan. Einhvern veginn virtist hann halda í þá von að hægt væri að endurreisa Sparisjóðinn í Keflavík og að hann yrði þá einhverskonar móðurskip fyrir sparisjóðina, en ég held að það hafi verið praktískar ástæður fyrir því að við vildum fara hlutafélagaleiðina. Það væri auðveldara að vinda ofan af því og kannski selja lífvænlegar einingar út úr pakkanum.[454]

Aðspurður hvort vitneskjan um alvarlega stöðu sparisjóðsins hafi ekki skilað sér til ráðamanna sagðist hann ekki geta svarað fyrir þá en geta þó sagt að margir starfsmenn stjórnsýslunnar hafi ekki verið sáttir við þróun mála á þessum tíma.[455] Aðspurður hvort hann teldi hafa verið augljóst að Sparisjóðnum í Keflavík yrði ekki bjargað, var svarið: „Ef ég man þetta rétt þá var það mikið af „súrum" eignum í eignasafninu þar líka og það var aldrei möguleiki á að halda honum á floti."[456]

Á fundi í Seðlabanka Íslands 28. apríl 2010, fáeinum dögum eftir að Spkef sparisjóður var stofnaður, voru lausafjárstaða og framtíðarhorfur sparisjóðsins til umræðu.[457] Þar kom fram að Seðlabanki Íslands teldi stöðu sparisjóðsins erfiða og ljóst að hann ætti engar

449. Skýrsla Steingríms Jóhanns Sigfússonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2013.
450. Skýrsla Steingríms Jóhanns Sigfússonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2013.
451. Skýrsla Steingríms Jóhanns Sigfússonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2013.
452. Skýrsla Steingríms Jóhanns Sigfússonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2013.
453. Skýrsla Ragnars Hafliðasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 15. júlí 2013.
454. Skýrsla Kjartans Gunnarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 23. september 2013.
455. Skýrsla Kjartans Gunnarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 23. september 2013.
456. Skýrsla Kjartans Gunnarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 23. september 2013.
457. Fundinn sátu Þröstur Leósson, Gunnlaugur Harðarson, Grétar Grétarsson, Angantýr V. Jónasson og Ásta Dís Óladóttir fyrir hönd Spkef sparisjóðs. Fyrir hönd Seðlabanka Íslands mættu Arnór Sighvatsson, Tryggvi Pálsson, Sigríður Logadóttir, Gerður Ísberg og Stefán Þór Sigtryggsson.

eignir sem nothæfar væru í reglulegum viðskiptum fjármálafyrirtækja við Seðlabankann. Því myndi fyrirgreiðsla bankans líklega verða í formi þrautavaraláns, en af henni yrði einungis ef eiginfjárstaða sparisjóðsins væri viðunandi. Lausafjárstaðan væri slæm en menn hefðu bundið vonir við að hún mundi batna eftir fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins. Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri nefndi „að enn [hefði] engum tekist að sannfæra hann um að um lífvænlegan banka sé að ræða“. Þá taldi Gunnlaugur Harðarson, sérfræðingur á fjármála- og fjárstýringarsviði sparisjóðsins, að Spkef sparisjóður þyrfti gróflega áætlað níu til tólf milljarða króna í eigið fé til að uppfylla kröfur Fjármálaeftirlitsins um 16% eiginfjárhlutfall, en hann taldi, gróflega áætlað, að eiginfjárstaða sparisjóðsins væri neikvæð um 30 milljarða króna.[458]

Í minnisblaði fjármálaráðherra til ríkisstjórnar frá 7. maí 2010 var áætlað að leggja þyrfti Spkef sparisjóði til 13 milljarða króna svo hann uppfyllti skilyrði Fjármálaeftirlitsins fyrir veitingu starfsleyfis. Það framlag, ásamt því sem talið var að Byr hf. þyrfti, væri langt umfram þau mörk sem fram komu í ásetningsbréfi stjórnvalda til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 7. apríl 2010. Þar hefði verið miðað við að ekki yrði varið hærri fjárhæð í endurreisn sparisjóðakerfisins en sem svaraði til 1,5% af landsframleiðslu, eða um 25 milljörðum króna. Þrír meginkostir væru fyrir hendi við endurfjármögnun og framtíðareignarhald Spkef sparisjóðs. Sá fyrsti var að kröfuhafar tækju þátt í endurskipulagningu með afskriftum á kröfum eða umbreytingu krafna í stofnfé. Í annan stað kæmu nýir fjárfestar, til að mynda starfandi fjármálafyrirtæki, að endurskipulagningunni og gætu þá eftir atvikum rekið sparisjóðinn áfram sem sérstakt fyrirtæki. Þriðji kosturinn var að ríkið legði til stofnfé.[459] Þá yrði að hafa í huga sjónarmið um að tryggja áframhaldandi rekstur sparisjóða innanlands, þar sem Spkef sparisjóður gæti skipt miklu máli ef vilji væri til þess að búa til stærri einingar innan sparisjóðakerfisins.[460]

Í bréfi fjármálaráðuneytisins til Seðlabanka Íslands 17. maí 2010 kom fram að miðað við bráðabirgðatölur væri áætlað að stofnframlag þyrfti að nema um 13 milljörðum króna. Ríkið áformaði að nýta heimildir í fjárlögum 2010 til að endurfjármagna Spkef sparisjóð að undangengnum samningum við bráðabirgðastjórn gamla sparisjóðsins. Með bréfinu lýsti fjármálaráðuneytið því yfir að Seðlabanka Íslands væri heimilt að nýta allt að tveimur milljörðum króna af áætluðu stofnfjárframlagi ríkissjóðs sem tryggingu fyrir veðlánum sparisjóðsins. Síðar var sú heimild hækkuð, fyrst 7. október 2010 úr tveimur milljörðum í fjóra milljarða, og síðan 6. desember 2010, þar sem heimildin var hækkuð í allt að 6 milljarða króna.[461]

19.6.4 Undirbúningur stofnefnahagsreiknings fyrir Spkef sparisjóð

Fjármálaeftirlitið fékk PricewaterhouseCoopers til að útbúa skiptiefnahagsreikning fyrir Spkef sparisjóð og lá hann fyrir 18. júní 2010. Í samræmi við ákvörðun Fjármálaeftirlitsins innihélt skýrsla fyrirtækisins skiptingu efnahagsreikningsins, sundurliðanir, greiningar efnahagsreiknings og skuldbindinga sem ráðstafað var frá Sparisjóðnum í Keflavík til Spkef sparisjóðs. Birtar voru tölur úr óendurskoðuðum ársreikningi 31. desember 2009 og tölur samkvæmt bókhaldi 22. apríl 2010. Fram kom að eignir umfram skuldir væru 6,7 milljarðar króna.

Í kjölfarið var unnið að gerð stofnefnahagsreiknings fyrir Spkef sparisjóð, en á því voru ákveðin vandkvæði, meðal annars vegna uppsafnaðra vaxta og verðbóta sem voru eignfærð á lánum sem talið var að mundu ekki skila sér að fullu. Því væru eignir nýja sparisjóðsins væntanlega ofmetnar og hefði það byggt upp væntingar hjá kröfuhöfum Sparisjóðsins í Keflavík um að eftir meiru hafi verið að slægjast en raunin var.[462] Stjórnendur Spkef sparisjóðs unnu að því að leggja mat á efnahag hins nýstofnaða sjóðs og um miðjan júní 2010 fékk Spkef sparisjóður PricewaterhouseCoopers til að aðstoða stjórn sparisjóðsins við að

458. Fundargerð Seðlabanka Íslands af fundi um Spkef sparisjóð, 28. apríl 2010.

459. Minnisblað fjármálaráðherra um málefni Byrs sparisjóðs og Sparisjóðsins í Keflavík, 7. maí 2010.

460. Minnisblað lögfræðinga á vegum stjórnvalda, Jóhannesar Karls Sveinssonar hrl. og Jóhannesar Bjarna Björnssonar hrl., um málefni Sparisjóðsins í Keflavík, 30. apríl 2010.

461. Bréf fjármálaráðuneytisins til Seðlabanka Íslands 6. desember 2010; bréf fjármálaráðuneytisins til Seðlabanka Íslands 7. október 2010.

462. Bréf fjármálaráðuneytisins til nefndar um fjármálastöðugleika 8. júlí 2010.

meta eignir sjóðsins miðað við 22. apríl 2010.[463] Meginmarkmiðið var að ákvarða hvort frávik væru milli fjárhæða í bókum sparisjóðsins á framsalsdegi og þess verðmats sem stjórnendur samþykktu. Í skýrslu PricewaterhouseCoopers til Spkef sparisjóðs, sem skilað var 10. júlí 2010, sagði að mismunur á milli eigna og skulda væri 1,6 milljarðar króna. Mismun á niðurstöðum mátti skýra með því að í drögum að stofnefnahagsreikningi hefði verið tekið tillit til leiðréttingarfærslna við gerð skiptiefnahagsreiknings. Í niðurstöðum PricewaterhouseCoopers kom einnig fram að viðbótar eigið fé þyrfti að vera að lágmarki 10,6 milljarðar króna til að eiginfjárhlutfallið næði 16%.[464]

Hawkpoint Partners Limited var falið að vinna tillögu að tilboði til slitastjórnar og kröfuhafa Sparisjóðsins í Keflavík um uppgjör milli gamla og nýja sparisjóðsins. Í tölvupóstssamskiptum 13. júlí 2010 kom fram að Hawkpoint teldi að verðmæti sparisjóðsins yrði líklega minna en innistæður ef farið yrði út í nýtt verðmat. Þá fengju kröfuhafar ekki neitt en ríkið yrði að fjármagna það sem upp á vantaði, auk eiginfjárframlagsins. Fjármálaráðuneytið hafði samþykkt að kröfuhöfum yrðu boðnar 300 milljónir króna „til þess að láta kröfur falla niður“ og teldi Hawkpoint þá sætta sig við slíkt boð en með „upside instrumenti“.[465] Innlendir kröfuhafar færu með yfir 50% krafna og væru Arion banki og Sparisjóðabanki Íslands hf. þar stærstir. Fram kom að samningaviðræður mundu hefjast daginn eftir og að vonast væri til að þeim lyki í ágúst 2010.[466]

19.6.5 Viðræður um uppgjör milli Sparisjóðsins í Keflavík og Spkef sparisjóðs

Á fundum með kröfuhöfum í júlí og ágúst 2010 var farið yfir stöðu mála og ræddar tillögur að uppgjöri á milli Sparisjóðsins í Keflavík og Spkef sparisjóðs. Á sama tíma hélt staða Spkef sparisjóðs áfram að versna. Í lok ágúst lá fyrir að eignir sem fluttar voru frá Sparisjóðnum í Keflavík til Spkef sparisjóðs mundu ekki duga fyrir innistæðum, en munurinn milli eigna og skulda væri neikvæður um 3,4 milljarða króna.[467]

Á fundi kröfuhafa Sparisjóðsins í Keflavík 30. ágúst 2010 var kröfuhöfum kynnt óformlegt tilboð fjármálaráðuneytisins sem tók mið af tillögum Hawkpoint frá í júlí. Kröfuhafarnir tóku sér tíma til að meta tilboðið og hugsanlegt gagntilboð.[468] Á meðan beðið var viðbragða var áfram unnið að málefnum Spkef sparisjóðs innan fjármálaráðuneytisins. Starfsmenn ráðuneytisins kynntu starfsmönnum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sömu hugmyndir um tilboð en þeir lögðust gegn samþykkt tilboðsins, enda væri það byggt á meginreglum sem væru ekki í samræmi við samkomulag stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eða þá aðferðafræði sem stuðst hefði verið við við endurreisn annarra fjármálafyrirtækja. Þá teldu endurskoðendur eignir Spkef sparisjóðs of hátt metnar og þörf væri á frekari virðisrýrnun sem næmi fimm til tíu milljörðum króna.[469]

Meðan á þessum viðræðum stóð lá stofnefnahagsreikningur Spkef sparisjóðs ekki fyrir í endanlegri mynd. Staða sparisjóðsins var metin erfið, þar sem hann byggi við viðvarandi lausafjárskort og að teknu tilliti til dóma Hæstaréttar um gengistryggingu lána yrði lánasafnið svo lítils virði að ekkert yrði eftir þegar búið væri að gera upp innlánakröfur til að greiða öðrum kröfuhöfum. Verðmat eignasafns Spkef sparisjóðs væri lægra en vonast hefði verið til þegar samningaviðræður hófust í júlí 2010 og staðan héldi áfram að versna á meðan mál væru ekki til lykta leidd. Gagntilboð kröfuhafa eftir fundinn 30. ágúst 2010 barst ekki og beindi slitastjórn Sparisjóðsins í Keflavík því til stærstu kröfuhafanna, Arion banka hf. og Sparisjóðabanka Íslands hf., að senda tilboð eigi síðar en 27. september 2010. Fengi tilboðið hljómgrunn mundi slitastjórnin kynna það öðrum kröfuhöfum og afla því meirihlutafylgis.[470]

463. „Spkef engaged PwC to provide assistance and support services to Spkef's board of directors, in relation to asset values recorded in the general ledger by the bank as of 22 April 2010.“ – Úr skýrslu PricewaterhouseCoopers fyrir Spkef sparisjóð, 10. júlí 2010.

464. Skýrsla PricewaterhouseCoopers hf. um Spkef sparisjóð, 10. júlí 2010.

465. Með „upside instrumenti“ var átt við möguleika á hækkun ef staðan yrði betri en áætlað var.

466. Tölvuskeyti Tómasar Brynjólfssonar til Gylfa Magnússonar, Benedikts Stefánssonar, Jónínu S. Lárusdóttur og Björns R. Guðmundssonar 13. júlí 2010.

467. Tölvuskeyti Hjördísar Drafnar Vilhjálmsdóttur til Þórhalls Arasonar og Jóhannesar Bjarna Björnssonar 25. ágúst 2010.

468. Tölvuskeyti Hjördísar Drafnar Vilhjálmsdóttur til starfsmanna Hawkpoint Partners Limited 31. ágúst 2010.

469. Tölvuskeyti Hjördísar Drafnar Vilhjálmsdóttur til starfsmanna Hawkpoint Partners Limited 20. september 2010.

470. Tölvuskeyti Soffíu E. Björgvinsdóttur til Hjördísar Drafnar Vilhjálmsdóttur 24. september 2010.

Í lok september barst tilboð frá Arion banka hf. og Sparisjóðabanka Íslands hf. um uppgjör milli Sparisjóðsins í Keflavík og Spkef sparisjóðs. Spkef sparisjóður myndi greiða Sparisjóðnum í Keflavík 500 milljónir króna í peningum, sem jafngilti rúmlega 2% greiðslu krafna, og afhenda Sparisjóðnum í Keflavík 10% af stofnfé í Spkef sparisjóði eftir endurfjármögnun. Samkvæmt áætlun sem Sparisjóðnum í Keflavík hafði verið afhent þurfti ríkið að setja 10,6 milljarða króna í stofnfé í Spkef sparisjóð til að hægt væri að greiða kröfuhöfum Sparisjóðsins í Keflavík 1.060 milljónir króna í reiðufé. Greiðsla til kröfuhafanna tók mið af framlaginu og gat orðið önnur ef framlag ríkissjóðs yrði hærra eða lægra.[471] Í kjölfar viðræðna kom fram að kröfuhafarnir væru tilbúnir að samþykkja 300 milljóna króna sáttafjárhæð, ella þyrfti að fara fram verðmat á eignasafninu.[472]

Í minnisblaði fjármálaráðherra til ríkisstjórnarinnar 12. október 2010 um stöðu samningaviðræðna við slitastjórnir Sparisjóðsins í Keflavík og Byrs sparisjóðs vegna uppgjörs á yfirfærðum eignum í Byr hf. og Spkef sparisjóð sagði að staða Spkef sparisjóðs væri erfið. Eignir dygðu ekki fyrir skuldum og innlánaskuldbindingar einar og sér væru 3,5 milljarðar króna umfram virði eigna, ef miðað væri við forsendur verðmats PricewaterhouseCoopers frá 28. nóvember 2009. Líkur bentu til þess að eignastaðan væri jafnvel enn verri, þar sem efnahagsforsendur verðmatsins hefðu ekki gengið eftir. Jafnframt byggi sparisjóðurinn við lausafjárskort og á meðan hann hefði ekki stofnefnahagsreikning væri nær ómögulegt fyrir hann að laða að innlán stærri aðila og hratt gengi á sparnað viðskiptavina með tilheyrandi úttektum innistæðna. Næðust samningar með sáttafjárhæð væri hætta á málsóknum lágmörkuð, óvissa um framtíð sparisjóðsins mundi skýrast og áhætta sem fælist í ábyrgð ríkissjóðs á innistæðum lágmörkuð.

19.6.6 Rammasamkomulag um uppgjör milli Sparisjóðsins í Keflavík og Spkef sparisjóðs

Skrifað var undir rammasamkomulag um uppgjör á milli Sparisjóðsins í Keflavík og Spkef sparisjóðs 3. nóvember 2010 og fól samkomulagið í sér 300 milljóna króna eingreiðslu. Af hálfu slitastjórnar Sparisjóðsins í Keflavík voru gerðir fyrirvarar um lögmæti forgangs innistæðna og niðurfærslur vegna ólögmætra erlendra lána, auk þess sem rannsókn skyldi fara fram á starfsemi Sparisjóðsins í Keflavík. Slitastjórn Sparisjóðsins í Keflavík væri heimilt að óska eftir endurútreikningi ef einhver þeirra atriða sem gerðir voru fyrirvarar við gengju eftir og líkur væru á að endurgjald Spkef sparisjóðs til Sparisjóðsins í Keflavík fyrir yfirteknar eignir mundi þannig hækka samanlagt um meira en rúma 3,7 milljarða króna.[473]

Undir lok árs 2010 kom bakslag í samningaviðræður aðila. Slitastjórn Sparisjóðsins í Keflavík voru send drög að uppgjörssamningi 17. desember 2010.[474] Þar átti 300 milljóna króna greiðsla til Sparisjóðsins í Keflavík að greiðast inn á reikning hans í Spkef sparisjóði. Á meðan heimildar til endurmats eða riftunar nyti við, væri skylt að varðveita þessa fjármuni á reikningi hjá Spkef sparisjóði. Með þessari greiðslu skyldi fara fram fullnaðaruppgjör á milli aðila vegna yfirtekinna eigna og skulda og aðilar ekki eiga frekari kröfur hvor á annan eftir undirritun samningsins, að frátöldum þeim fyrirvörum sem gerðir voru við samninginn.[475] Á fundi Jóhannesar Bjarna Björnssonar lögmanns með slitastjórn Sparisjóðsins í Keflavík um samningsdrögin í lok desember 2010 taldi slitastjórnin sig ekki geta skrifað undir samning fyrr en hún hefði til þess skýrt umboð frá kröfuhöfum, en kröfulýsingarskrá mundi ekki liggja fyrir fyrr en 13. janúar 2011. Samþykki væri ekki komið frá stærstu kröfuhöfum en annar þeirra væri kominn með nýjar hugmyndir, en ekki var greint frekar frá þeim.[476] Af hálfu fjármálaráðuneytisins komu upp efasemdir um 300 milljóna króna greiðsluna sem átti að greiða fyrir því að málið gengi hratt og örugglega

471. Tölvuskeyti Helenar Ólafsdóttur til Jóns Ármanns Guðjónssonar og Soffíu E. Björgvinsdóttur 27. september 2010; tölvuskeyti Hjördísar Drafnar Vilhjálmsdóttur til Þórhalls Arasonar og Jóhannesar Bjarna Björnssonar 27. september 2010; tölvuskeyti Jóns Ármanns Guðjónssonar til Soffíu E. Björgvinsdóttur 27. september 2010; tölvuskeyti Soffíu E. Björgvinsdóttur til Hjördísar Drafnar Vilhjálmsdóttur 27. september 2010.

472. Tölvuskeyti Hjördísar Drafnar Vilhjálmsdóttur til Soffíu E. Björgvinsdóttur 1. október 2010.

473. Skilmálaskjal um yfirfærslu eigna og skulda Sparisjóðsins í Keflavík til Spkef sparisjóðs, 3. nóvember 2010.

474. Tölvuskeyti Jóhannesar Bjarna Björnssonar til Soffíu E. Björgvinsdóttur 17. desember 2010.

475. Drög að samningi um uppgjör vegna yfirtekinna eigna og skulda milli Spkef sparisjóðs og Sparisjóðsins í Keflavík, desember 2010.

476. Tölvuskeyti Jóhannesar Bjarna Björnssonar til Egils Tryggvasonar, starfsmanns fjármálaráðuneytisins, 29. desember 2010.

fyrir sig, en það hafi ekki gengið eftir. Þá gæti verið erfitt að réttlæta þessa greiðslu gagnvart Eftirlitsstofnun EFTA.[477] Á fundi slitastjórnar með kröfuhöfum Sparisjóðsins í Keflavík 4. janúar 2011 lýstu kröfuhafarnir yfir óánægju sinni með drög að uppgjörssamningi. Þau væru ekki í samræmi við rammasamkomulag frá því í nóvember 2010, fyrirhöfn við endurmat var talin of mikil og gagnrýnt var að samþykki Spkef sparisjóðs þyrfti til að hann greiddi kostnað af riftunarmálum. Mikið var rætt um riftunarmál á fundinum, en PricewaterhouseCoopers hafði upplýst slitastjórn um að í september 2008 hefði legið fyrir „frekar svört skýrsla" um Sparisjóðinn í Keflavík sem slitastjórnin hefði ekki vitað af. Því var óánægja með takmarkaða getu slitastjórnar til að fara í riftunarmál.[478]

Daginn eftir, 5. janúar 2011, óskaði fjármálaráðuneytið eftir skýrum svörum frá slitastjórn um framhald málsins, en frásögn formanns slitastjórnar af fundinum benti til þess að samkomulag um uppgjör væri komið aftur á byrjunarreit.[479] Formaðurinn sagði að komin væru svör frá stærsta kröfuhafanum, Sparisjóðabanka Íslands hf., um að hann gæti ekki „stutt textann" eins og hann lægi fyrir, meðal annars vegna þess að 300 milljóna króna greiðsluna hafi átt að inna af hendi án skilyrða og án endurkröfuréttar. Slitastjórnin taldi líklegt, að öllu óbreyttu, að meta þyrfti eignasafn Spkef sparisjóðs að nýju, því samningurinn nyti ekki stuðnings stærsta kröfuhafans, auk þess sem hluti erlendu kröfuhafanna hefði ekki stutt rammasamkomulagið á sínum tíma.[480]

Sameiginleg yfirlýsing slitastjórnar Sparisjóðsins í Keflavík og stjórnar Spkef sparisjóðs um að samningaumleitunum væri lokið var gefin út 11. febrúar 2011. Þó aðilar hefðu náð samkomulagi um megindrætti uppgjörs sín á milli 3. nóvember 2010, hefði ekki tekist að ljúka slíkum samningi. Því væri sameiginleg niðurstaða aðila að hætta frekari viðræðum um samkomulag og allri vinnu við gerð samnings og óska eftir því við Fjármálaeftirlitið að fram færi mat á verðmæti eigna og skulda.

19.6.6.1 Úr samningaviðræðum í sameiningarviðræður

Hinn 25. febrúar 2011 barst fjármálaráðuneytinu bréf frá Ástu Dís Óladóttur, stjórnarformanni Spkef sparisjóðs, og Einari Hannessyni sparisjóðsstjóra, þar sem gerð var grein fyrir fjármögnunarvanda sparisjóðsins og aðgerðum sem nauðsynlegar væru til að sjóðurinn teldist uppfylla kröfur Fjármálaeftirlitsins um eigið fé. Við stofnun Spkef sparisjóðs hefði fjármögnunarþörfin verið talin sex til sjö milljarðar króna, en mikið hefði breyst síðan þá. Eignasafn sparisjóðsins hefði verið yfirfarið og ljóst að staða þess væri mun verri en áætlað hefði verið í upphafi. Unnið hefði verið að því að meta eignasafnið miðað við 31. desember 2010 og í nýjum útreikningum á fjármögnunarþörf hefði verið tekið tillit til þessa. Þörfin var þá metin 19,4 milljarðar króna.[481]

Þegar ljóst var að samningaviðræður um uppgjör á milli Sparisjóðsins í Keflavík og Spkef sparisjóðs höfðu runnið út í sandinn var þegar farið að skoða aðra möguleika. Í lok febrúar taldi Bankasýsla ríkisins rétt, í ljósi lokamats stjórnar Spkef sparisjóðs, að vekja máls á öðrum leiðum en að endurreisa Spkef sparisjóð. Mögulegt væri að sameina Spkef sparisjóð NBI hf. (Landsbankanum), enda bæði fjármálafyrirtækin í meirihlutaeigu ríkisins. NBI hf. væri með hátt eiginfjárhlutfall og hefði svigrúm til að taka við sparisjóðnum án þess að eiginfjárframlag hefði verið reitt af hendi. Eftir sem áður yrði þó að brúa bil á milli eigna og skulda og því líklegt að leggja yrði fram skaðleysisyfirlýsingu vegna óvissu um eignasafn sparisjóðsins. Endurreisn sparisjóðsins væri dýr aðgerð og óvíst hvort hún mundi skila ríkissjóði viðunandi ávöxtun, innviðir sparisjóðsins virtust veikir og atvinnuástand á starfssvæði hans slæmt. Orðspor hans væri jafnframt laskað og neikvæð umræða undanfarinna vikna hefði dregið úr trúverðugleika hans. Lagt var til að stofnaður yrði vinnuhópur með fulltrúum Bankasýslu ríkisins, fjármálaráðuneytisins og NBI hf., auk utanaðkomandi ráðgjafa og lögmanns. Yrði hópnum falið að meta kosti og galla við

477. Tölvuskeyti Egils Tryggvasonar, starfsmanns fjármálaráðuneytisins, til Jóhannesar Bjarna Björnssonar 30. desember 2010; tölvuskeyti Egils Tryggvasonar, starfsmanns fjármálaráðuneytisins, til Þórhalls Arasonar 4. janúar 2011.

478. Tölvuskeyti Soffíu E. Björgvinsdóttur til Jóhannesar Bjarna Björnssonar 4. janúar 2011.

479. Tölvuskeyti Jóhannesar Bjarna Björnssonar til Soffíu E. Björgvinsdóttur 5. janúar 2011.

480. Tölvuskeyti Soffíu E. Björgvinsdóttur til Jóhannesar Bjarna Björnssonar 7. janúar 2011.

481. Bréf Ástu Dísar Óladóttur og Einars Hannessonar til fjármálaráðuneytisins 25. febrúar 2011.

a) endurfjármögnun Spkef sparisjóðs og b) samruna NBI hf. og Spkef sparisjóðs.[482] Fjármálaeftirlitið átti ekki fulltrúa í vinnuhópnum. Hópurinn lagði til að síðari kosturinn yrði valinn. Með því yrði fjármögnunarkostnaður ríkissjóðs lægri og rekstrarlegar forsendur fyrir starfsemi sparisjóðsins sterkari. Niðurstaðan byggði meðal annars á greiningu á möguleikum til hagræðingar á bankamarkaði sem Bankasýsla ríkisins hafði unnið að.[483]

Undirritaður var samningur milli íslenska ríkisins og NBI hf. um yfirtöku á Spkef sparisjóði 5. mars 2011. Fjármálaráðuneytið tilkynnti Fjármálaeftirlitinu formlega um samninginn þann sama dag og að ráðuneytið hefði, að tillögu Bankasýslu ríkisins, leitað eftir samningi við NBI hf. um yfirtöku og samruna við Spkef sparisjóð. Aðstæður sparisjóðsins hefðu verið orðnar mjög knýjandi og fjármögnun hans ekki þolað frekari bið. Sparisjóðurinn uppfyllti ekki skilyrði Fjármálaeftirlitsins um lágmarks eigið fé og átti auk þess við verulegan og viðvarandi lausafjárskort að etja. Þá hafi viðskipti sparisjóðsins við Seðlabanka Íslands verið bundin skilyrðum um ábyrgð af hálfu ríkissjóðs. Rekstur sparisjóðsins og möguleikar hans á að standa við skuldbindingar sínar gagnvart innistæðueigendum og öðrum viðskiptamönnum hafi verið alfarið háðar beinum stuðningi og ábyrgð af hálfu ríkisins. Með samningi ráðuneytisins við NBI hf. væri fallið frá áformum um að fjármagna Spkef sparisjóð með beinum hætti. Þó formlegt uppgjör milli Sparisjóðsins í Keflavík og Spkef sparisjóðs hefði ekki farið fram, raskaði samningurinn ekki því uppgjöri, því NBI hf. tæki við réttindum og skyldum Spkef sparisjóðs gagnvart Sparisjóðnum í Keflavík. Fór fjármálaráðuneytið þess á leit við Fjármálaeftirlitið að það tæki ákvörðun í samræmi við ákvæði VI. til bráðabirgða við lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.[484]

19.6.6.2 Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að taka yfir vald stofnfjáreigendafundar Spkef sparisjóðs

Með ákvörðun 5. mars 2011 tók Fjármálaeftirlitið yfir vald stofnfjáreigendafundar Spkef sparisjóðs. Í ákvörðuninni fólst að NBI hf. tæki í einu lagi við rekstri, eignum og skuldbindingum Spkef sparisjóðs samkvæmt samningi milli íslenska ríkisins og NBI um yfirtöku á Spkef sparisjóði. Um væri að ræða samruna án skuldaskila þannig að Spkef sparisjóður yrði algerlega sameinaður NBI hf. með yfirtöku eigna og skulda. Taldi Fjármálaeftirlitið að staða sparisjóðsins væri orðin slík að ákvæði VI. til bráðabirgða ætti við, enda lægi fyrir að fjármálaráðuneytið hefði fallið frá áformum um að fjármagna sjóðinn með beinum hætti. Forsendur fyrir afturköllun starfsleyfis væru fyrir hendi og önnur úrræði Fjármálaeftirlitsins ekki líkleg til að skila árangri. Með vísan til þess sem fram kom í bréfi fjármálaráðuneytisins sama dag taldi Fjármálaeftirlitið að hagsmunum viðskiptamanna, kröfuhafa og annarra hlutaðeigandi væri gætt með þeirri ráðstöfun sem fólgin var í samningi aðilanna.

Í bréfi Fjármálaeftirlitsins til fjármálaráðuneytisins og Bankasýslu ríkisins 8. mars 2011 var það gagnrýnt að Fjármálaeftirlitið hefði fyrst haft spurnir af því 2. mars 2011 að til skoðunar væri að sameina NBI hf. og Spkef sparisjóð, eða láta innlán sparisjóðsins renna inn í NBI hf. gegn því að samsvarandi eignir fylgdu. Á fundi nefndar um fjármálastöðugleika 4. mars 2011 hafi áformin verið kynnt aðstoðarforstjóra Fjármálaeftirlitsins og forstjóra þess tilkynnt síðar sama dag að ákvörðunin skyldi koma til framkvæmda daginn eftir. Óskaði stjórn Fjármálaeftirlitsins eftir að þeim tilmælum yrði beint til ráðuneytisins að kæmi aftur til þess að grípa þyrfti til sambærilegra aðgerða yrði haft nánara samráð og upplýsingaskipti við Fjármálaeftirlitið á fyrri stigum ákvörðunartöku.[485]

Yfirtakan á Spkef sparisjóði kom fleirum á óvart, því í skýrslu stjórnarformanns sparisjóðsins fyrir rannsóknarnefndinni kom fram að hún hafi frétt af yfirtöku NBI hf. í fjölmiðlum og að þær fréttir hafi komið henni algerlega í opna skjöldu. Á fundi í fjármálaráðuneytinu síðar sama dag hafi komið fram að þetta væri eini kosturinn í stöðunni, að sparisjóðurinn væri svo illa staddur að ekki væri réttlætanlegt að halda rekstrinum áfram og því hafi verið ákveðið að NBI hf. tæki sjóðinn yfir.[486]

482. Minnisblað Bankasýslu ríkisins um Spkef sparisjóð og aðra sparisjóði, 28. febrúar 2011; minnisblað fjármálaráðherra um endurfjármögnun Spkef og endurskipulagningu sparisjóðanna, 1. mars 2011.

483. Bréf fjármálaráðuneytisins til Fjármálaeftirlitsins 5. mars 2011.

484. Bréf fjármálaráðuneytisins til Fjármálaeftirlitsins 5. mars 2011.

485. Bréf Fjármálaeftirlitsins til fjármálaráðuneytisins 8. mars 2011.

486. Skýrsla Ástu Dísar Óladóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 9. ágúst 2013.

19.6.7 Eftirmálar yfirtöku NBI hf. á Spkef sparisjóði

Samruni Spkef sparisjóðs og NBI hf. fór fram án skuldaskila. Með yfirtökunni lauk tilvist Spkef sparisjóðs. Samkvæmt samningi greiddi NBI hf. ekkert vegna yfirtökunnar en kveðið var á um fjárhagslegt uppgjör milli aðila og skyldi uppgjörið miðast við 7. mars 2011. Endurskoðandi Spkef sparisjóðs skyldi útbúa endurskoðaðan rekstrar- og efnahagsreikning vegna sparisjóðsins miðað við 7. mars 2011, í samræmi við reikningsskilavenjur, svonefndan uppgjörsreikning. Uppgjörið skyldi vera tilbúið eigi síðar en 25. mars 2011 og skyldi ríkissjóður greiða NBI hf. fjárhæð sem svaraði til neikvæðrar eiginfjárstöðu sparisjóðsins samkvæmt uppgjörsreikningnum. Greiðslan skyldi vera í formi skuldabréfs sem afhent yrði þegar endanleg niðurstaða lokauppgjörs lægi fyrir og skyldi verðmæti skuldabréfsins samsvara þeirri niðurstöðu. Í samningnum var kveðið á um frest NBI hf. til að gera athugasemdir við uppgjörsreikninginn. Gert var ráð fyrir að aðilar á vegum NBI hf. myndu framkvæma áreiðanleikakönnun og verðmat á rekstri, eignum, skuldum og skuldbindingum Spkef sparisjóðs, en ríkið átti rétt á að tilnefna fulltrúa til að vera viðstaddur könnunina. Skyldi niðurstaða könnunarinnar borin saman við uppgjörsreikninginn. Kæmu fram athugasemdir, skyldu aðilar taka upp samningaviðræður til að leysa úr ágreiningi. Tækist það ekki, skyldi ágreiningurinn lagður fyrir sérstaka úrskurðarnefnd.

Framkvæmdin varð þó ekki að öllu leyti eins og um var samið í yfirtökusamningnum. NBI hf. hóf vinnu við áreiðanleikakönnun skömmu eftir gerð yfirtökusamningsins og kynnti ríkinu niðurstöður hennar bréflega 9. júní 2011. Samkvæmt henni þyrfti ríkið að greiða NBI hf. rúma 29,4 milljarða króna til jöfnunar eigna og skulda. Undirritaður var verksamningur við Ernst & Young 10. júní 2011 um gerð uppgjörsreiknings og lágu drög að honum fyrir tveimur mánuðum seinna. Þá var stjórn Spkef sparisjóðs farin frá og fyrrverandi stjórnarmenn fengust ekki til að staðfesta reikninginn. Þeir litu svo á að með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins hefðu þeir verið leystir frá skyldum sínum og gætu þar af leiðandi ekki borið ábyrgð á efni og framsetningu uppgjörsreiknings sem gerður var löngu síðar.[487]

Samkvæmt uppgjörsreikningnum var krafa NBI hf. á hendur íslenska ríkinu um 13,1 milljarður króna, eða mismunur verðmætis yfirtekinna eigna og skulda samkvæmt uppgjörsreikningi. Ljóst var að mikið bar á milli aðila og fór svo að lokum að óskað var eftir að skipuð yrði úrskurðarnefnd í samræmi við ákvæði yfirtökusamningsins. Henni skyldi falið að skera úr um endurgjald til NBI hf. Úrskurðarnefndina skipuðu Ragnar H. Hall hæstaréttarlögmaður, Garðar Jón Bjarnason löggiltur endurskoðandi og Sigrún Guðmundsdóttir löggiltur endurskoðandi. Samningur við nefndarmennina var gerður 5. desember 2011.[488]

Í máli sínu fyrir úrskurðarnefndinni byggði NBI hf. á því að uppgjörsreikningur hefði ekki verið gerður í samræmi við ákvæði yfirtökusamningsins og áreiðanleikakönnun hefði sýnt að eignasafn sparisjóðsins hafi verið stórlega ofmetið. Af hálfu ríkisins var byggt á því að uppgjörsreikningurinn, eins og hann lá fyrir, væri fullnægjandi þótt hann hefði ekki verið áritaður af stjórn og framkvæmdastjóra sparisjóðsins. Ríkið gerði jafnframt athugasemdir við framkvæmd og aðferðafræði áreiðanleikakönnunar, meðal annars að hún hefði ekki verið gerð af aðila á vegum NBI hf., heldur af bankanum sjálfum.

Úrskurðarnefndin leit svo á að í því að aðilar lýstu því viðhorfi sínu að nefndinni bæri að leysa úr ágreiningnum, fælist bindandi afstaða til þess að uppgjörsreikningurinn, í því horfi sem hann væri, hefði verið gerður í samræmi við ákvæði samningsins. Þá hafnaði nefndin því að áreiðanleikakönnunin væri ómarktæk. Nefndin tók því afstöðu til efnislegra athugasemda NBI hf. við uppgjörsreikninginn, eins og þær voru settar fram í gögnum málsins, en taldi ljóst að við skoðun gagna sem bankinn legði til grundvallar athugasemdum sínum yrði að taka tillit til uppruna þeirra. Í því sambandi taldi nefndin óhjákvæmilegt að líta til þess að fyrrverandi starfsmenn sparisjóðsins sem þá gegndu störfum hjá NBI hf. hefðu „látið í ljós ólíkt mat á verðmæti eigna eftir því á hvorum staðnum þeir störfuðu“.[489] Í úrskurði nefndarinnar var vísað til bréfs stjórnarformanns og sparisjóðsstjóra Spkef sparisjóðs til fjármálaráðuneytisins 25. febrúar 2011. Þar var fjármögnunarvanda sparisjóðsins lýst og

487. Úrskurður úrskurðarnefndar samkvæmt samningi um yfirtöku NBI hf. á Spkef sparisjóði, 7. júní 2012.
488. Úrskurður úrskurðarnefndar samkvæmt samningi um yfirtöku NBI hf. á Spkef sparisjóði, 7. júní 2012.
489. Úrskurður úrskurðarnefndar samkvæmt samningi um yfirtöku NBI hf. á Spkef sparisjóði, 7. júní 2012.

gerð grein fyrir þeim aðgerðum sem nauðsynlegar væru til að sparisjóðurinn gæti uppfyllt kröfur Fjármálaeftirlitsins um eigið fé. Í skýrslu sparisjóðsstjóra fyrir úrskurðarnefndinni lýsti hann því að matið sem bréfið var grundvallað á hafi byggst á „bjartsýnisspá", að allt hefði þurft að ganga sparisjóðnum í hag til þess að slík innspýting fjár ætti að nægja til að tryggja áframhaldandi rekstur. Síðar hafi hann séð að þetta mat væri óraunhæft en þá var hann orðinn starfsmaður NBI hf.

Í úrlausn sinni miðaði úrskurðarnefndin við verðmæti eigna sparisjóðsins eins og það hefði réttilega verið metið við gerð uppgjörsreikningsins og tók ekki tillit til atvika sem síðar gerðust eða komu fram eftir þann tíma. Niðurstaða úrskurðarnefndarinnar var að lækka bæri verðmat eigna Spkef sparisjóðs um rúma 6,8 milljarða króna, en frá þeirri fjárhæð skyldi draga 769 milljónir króna vegna fyrirliggjandi upplýsinga um riftun á innlánsskuldbindingum. Samtals skyldi verðmatið því lækka um rúma sex milljarða króna. Niðurstaðan var því sú að heildarfjárhæð skuldabréfs sem íslenska ríkið skyldi afhenda NBI hf. skyldi hljóða upp á tæpa 19,2 milljarða króna.[490]

Fjármálaráðherra sagði í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni að það hafi verið orðið ljóst að sparisjóðurinn kæmi ekki út á núlli eins og hann hafi talið á ákveðnu tímabili. Ríkissjóður myndi þurfa að greiða eitthvað vegna innistæðnanna en vonir hefðu verið bundnar við að það yrði minna en niðurstaða gerðardómsins var:

> Auðvitað tók þetta langan tíma, menn biðu eftir endurnýjuðu mati á eignasafninu. Það hefði verið betra að horfast í augu við þetta fyrr og taka starfsemi sparisjóðsins niður mun fyrr hefðu menn haft upplýsingar um hversu illa hann var staddur. En sparisjóðurinn starfar jú á undanþágu frá FME og þeir með sinn tilsjónarmann þarna inni, þannig að það var í þeirra höndum að gera viðvart um að þeir teldu stofnunina ekki starfhæfa. Ég held að við höfum bara sagt það á þessum tíma og það var ekkert verið að fela það að í og með var verið að reyna að sjá hvort hægt væri að bjarga langstærsta sparisjóðnum sem eftir var starfandi sem slíkum og hann gæti þá tilheyrt fjölskyldunni áfram.[491]

Lengi vel hafði Sparisjóðurinn í Keflavík og síðar Spkef sparisjóður átt við mikinn lausafjárvanda að stríða. Lausafjárvandinn gat hins vegar ekki skýrt „ónýtt" eignasafn. Aðspurður hvort hann teldi að stjórnendur sparisjóðsins hafi blekkt stjórnvöld svaraði fjármálaráðherra:

> Ég vil ekki nota það orð en þeir voru allavega ekkert að hafa fyrir því að upplýsa um slík sérstök áhyggjuefni. […] Ég segi fyrir mig að ég hafði ekki hugmynd um það sem núna virðist vera að birtast mönnum í formi þess hvernig útlán voru þarna, án tryggingа og allt þetta. Maður verður mjög sjokkeraður þegar maður sér slíkt eftir á. Ég hef velt því fyrir mér af hverju maður var ekki upplýstur um að það væru til þá þegar einhverjar skýrslur sem sýndu kolsvarta mynd af ástandinu en þess minnist ég ekki að hafi verið. Þessi úttekt á sparisjóðnum frá því fyrir hrun, […] ég vissi hreinlega ekki að þetta væri til fyrr en nýlega.[492]

19.7 Arður af stofnfjáreign í Sparisjóðnum í Keflavík og sparisjóðum sem sameinuðust honum

Sparisjóðurinn í Keflavík greiddi stofnfjárhöfum arð af stofnfé þeirra vegna áranna 2001–2007. Arðgreiðslurnar námu samtals rúmum 3,9 milljörðum króna, þar af voru 2,8 milljarðar króna vegna ársins 2007. Greiðsla arðs vegna þessara ára var í samræmi við reglur Tryggingasjóðs sparisjóða, en hin háa greiðsla vegna 2007 kallar á sérstaka umfjöllun.[493] Ekki var greiddur arður eftir þetta. Reglur Tryggingasjóðs giltu til ársins 2009 þegar lögum var breytt og eftir það mátti greiða út arð sem næmi að hámarki 50% af hagnaði.[494]

490. Úrskurður úrskurðarnefndar samkvæmt samningi um yfirtöku NBI hf. á Spkef sparisjóði, 7. júní 2012.
491. Skýrsla Steingríms Jóhanns Sigfússonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2013.
492. Skýrsla Steingríms Jóhanns Sigfússonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2013.
493. Gerð er grein fyrir reglum um greiðslu arðs í 12. kafla.
494. Sbr. lög nr. 76/2009. Sjá nánari umfjöllun í 12. kafla.

Í lögum um fjármálafyrirtæki var heimild til að endurmeta stofnfé í sparisjóði og greiða inn á stofnfjárreikninga stofnfjáreigenda og skyldi höfð hliðsjón af verðlagsbreytingum við endurmatið.[495] Árin 2005–2008 var stofnfé Sparisjóðsins í Keflavík hækkað með endurmati vegna verðlagsbreytinga um tæpa þrjá milljarða króna, þar af um tæpa 2,6 milljarða króna árið 2008. Framkvæmdin var framan af í samræmi við reglur. Árið 2007 var stofnfé hins vegar endurmetið nokkuð umfram verðlagsbreytingar ársins, eða sem nam rúmum 60 milljónum króna, og enn meira árið 2008 þegar það var rúmar 300 milljónir króna umfram verðlagsbreytingar. Stofnfé var ekki verðbætt eftir 2008.

Í sömu lögum var jafnframt heimild til þess að ráðstafa 10% af hagnaði næstliðins rekstrarárs til hækkunar stofnfjár með svokölluðu sérstöku endurmati.[496] Hækkunin mátti þó ekki vera meiri en 5% á ári og ekki mátti flytja heimild til þessa endurmats milli ára. Sparisjóðurinn í Keflavík nýtti sér þessa heimild óslitið frá 2002 til 2008 vegna næstliðinna rekstrarára. Í ársreikningum lágu ekki fyrir sundurliðanir á endurmati stofnfjár á árunum 2006 og 2007 og ekki voru nákvæmar tölur í fundargerðum um nýtingu heimildar til sérstaks endurmats fyrir þessi ár. Því er hér gert ráð fyrir að sjóðurinn hafi nýtt sér heimild til sérstaks endurmats til fulls árið 2006, eða um 5% af stofnfé vegna næstliðins rekstrarárs. Í ársreikningi 2008 var fært sérstakt endurmat vegna næstliðins rekstrarárs upp á tæpar 199 milljónir króna sem jafngilti 1,5% af stofnfé í árslok 2007 og 10,5% af hagnaði þess árs. Þessi hækkun var ekki í samræmi við reglur, því arðgreiðslan vegna sama rekstrarárs nam hálfum öðrum hagnaði ársins 2007, eins og vikið verður að hér aftar. Sérstaka endurmatið byggist á sérstakri heimild í 68. gr. laga nr. 161/2002 um ráðstöfun hagnaðar. Hafi honum verið ráðstafað með öðrum hætti, svo sem með greiðslu arðs, kemur sérstakt endurmat ekki til álita.

Í töflu 49 eru tilfærðar þær upplýsingar sem útreikningur á arði og endurmati byggist á. Hafa verður í huga að arðurinn og sérstaka endurmatið eru þar höfð undir því ári sem þau eru útreiknuð. Arðurinn var hins vegar greiddur út ári síðar og sérstaka endurmatið bættist þá við stofnféð. Ástæða þess er sú að tillaga stjórnar um hvort tveggja þurfti að hljóta samþykki aðalfundar til þess að koma til framkvæmda. Þannig sjást viðkomandi fjárhæðir ekki fyrr en í ársreikningi næsta árs.

Tafla 49. Afkoma, endurmat stofnfjár og arðgreiðslur Sparisjóðsins í Keflavík 2001–2009.[497]

Þús kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Arður vegna ársins	56.097	58.322	79.215	75.193	137.237	746.258	2.791.525		
Arður ársins (í formi innborgaðs stofnfjár á næsta ári)									
Stofnfé í árslok	801.108	837.656	872.560	969.476	1.052.188	2.166.245	13.571.894	16.471.329	16.471.675
Arður sem hlutfall af stofnfé	7,0%	7,0%	9,1%	7,8%	13,0%	34,4%	20,6%		
Arður sem hlutfall af hagnaði	33,0%	49,6%	13,1%	18,4%	11,9%	15,9%	147,7%		
Afkoma ársins	170.182	117.605	604.105	408.627	1.150.238	4.687.119	1.889.785	(17.041.969)	(17.668.435)
Arðgreiðsluhlutfall (skv. reglum TRSP), % af stofnfé*	11,0%	15,0%	33,9%	13,2%	37,7%	107,2%	10,0%		
Hámarksarðgreiðsla, sbr. lög nr. 76/2009, % af hagnaði									50,0%
Raunarðsemi ársins	11,0%	6,8%	33,9%	13,2%	37,7%	107,2%	10,0%	-76,4%	
Verðbólga ársins	8,6%	2,0%	2,7%	3,9%	4,1%	7,0%	5,9%	16,4%	8,6%
Sérstakt endurmat stofnfjár í árslok	20.526	11.917	43.628	48.474	52.609	108.312	198.649		
Endurmat stofnfjár vegna verðlagsbreytinga	**63.166**	**16.022**	**22.784**	**59.461**	**34.238**	**77.174**	**299.311**	**2.582.192**	

* Vegna 2007 mátti taka tillit til ónýttrar heimildar vegna IFRS

Hin háa arðgreiðsla vegna ársins 2007 stafaði bæði af mikilli hækkun stofnfjár á árinu, en þá voru fjórar stofnfjáraukningar og auk þess samruni við Sparisjóð Vestfirðinga og Sparisjóð Húnaþings og Stranda, og einnig af matshækkun eða leiðréttingu eigin fjár í upphafi árs vegna upptöku alþjóðlegra reikningsskilareglna (IFRS). Sú leiðrétting nam 525 milljónum króna og samkvæmt reglum Tryggingasjóðs mátti við útreikning arðsins taka tillit til þess sem heimilt hefði verið að greiða vegna 2006 ef henni hefði verið bætt

495. Þessi heimild hafði verið við lýði allt frá 1993. Ákvæðinu var síðar breytt með lögum nr. 76/2009. Sjá nánari umfjöllun í 12. kafla.

496. Sú heimild kom inn í lög 2001. Ákvæðinu var síðar breytt með lögum nr. 76/2009. Sjá nánari umfjöllun í 12. kafla.

497. Ársreikningar Sparisjóðsins í Keflavík 2001–2009. Verðbólga byggir á tölum frá Hagstofunni en aðferðafræðin er skilgreind í 12. kafla.

við afkomuna þá. Þannig hefði verið heimilt að greiða hátt í 1,9 milljörðum króna hærri arð vegna ársins 2006 en gert var. Útreikningur á arðgreiðslunni vegna 2007 sérstaklega og þessari leiðréttingu vegna upptöku IFRS er sýndur í töflu 50.

Ljóst er að ný stefna var tekin upp hjá sparisjóðnum hvað snerti arðgreiðslur. Á stjórnarfundi 15. nóvember 2007 var stefnumótun á dagskrá. Samkvæmt fundargerð fór sparisjóðsstjóri yfir stöðu mála varðandi stofnfjárútboð og arðgreiðslustefnu. Meðal annars var gerð eftirfarandi samþykkt:

> Samþykkt í ljósi þróunar á hagnaði síðustu ára, að leggja til við næsta aðalfund að hagnaði ársins verði varið til greiðslu arðs og nýttar verði aðrar heimildir eftir því sem lög og reglur leyfa.[498]

Á fundi stofnfjáreigenda 4. desember 2007, sem haldinn var vegna væntanlegrar sameiningar við landsbyggðarsparisjóðina tvo, kom fram í setningarávarpi Þorsteins Erlingssonar stjórnarformanns Sparisjóðsins í Keflavík:

> Stjórn sparisjóðsins stefnir á að auka stofnfé fyrir áramót og greiða hærri arð en áður. Þannig mun hlutdeild stofnfjáreigenda í heildar eigin fé aukast.[499]

Á sama fundi gerði Geirmundur Kristinsson sparisjóðsstjóri grein fyrir tillögu stjórnar um að henni yrði veitt heimild til að auka stofnfé umtalsvert. Hann kvað hana vera í takt við tillögur sem samþykktar hefðu verið nokkrum dögum fyrr í Sparisjóði Vestfirðinga og tillögur sem búist var við að yrðu samþykktar sama dag í Sparisjóði Húnaþings og Stranda. Í ræðu sinni sagði hann:

> Ástæður þess að hröð handtök eru uppi við að auka stofnfé eru þær að þannig aukast möguleikar á að greiða út umtalsverðan arð í hinum sameinaða sjóði í samræmi við reglur og munar þar verulegu. Við gerð tillögunnar hefur verið gert ráð fyrir því að afkoma sparisjóðanna hefur versnað á síðasta ársfjórðungi vegna lækkunar á verðbréfamörkuðum.[500]

Þessi fyrirheit voru efnd þegar arðgreiðsla vegna ársins 2007 var ákveðin. Á stjórnarfundi 29. febrúar 2008 fóru endurskoðandi sparisjóðsins og forstöðumaður reikningshalds yfir drög að ársreikningi sparisjóðsins fyrir 2007. Í stjórnarfundargerð sagði:

> Páll Steingrímsson og Árni Björgvinsson fóru yfir möguleika á arðgreiðslum. Samþykkt að leggja fram á aðalfundi tillögu um arðgreiðslu til stofnfjáraðila upp á kr. 3,3 milljarða. Það jafngildir um það bil 25% arði á stofnfé.[501]

Þessi tillaga var svo ítrekuð, og samþykkt á næsta stjórnarfundi 3. mars 2008 að „greiddur yrði 25% arður á endurmetið stofnfé". Þannig var tillagan einnig í skýrslu stjórnar með ársreikningi sparisjóðsins 2007 sem undirritaður var daginn eftir. Stjórnin tók því ákvörðun um að greiða arð umfram það hámark sem reglur Tryggingasjóðs mæltu fyrir um, sem var raunarðsemi eigin fjár. Í endurskoðunarskýrslu um ársreikninginn 2007 sagði:

> Raunarðsemi sjóðsins reiknast vera 20% á árinu 2007 og samkvæmt bréfi Tryggingasjóðs sparisjóða skal arðgreiðsluheimild sjóðsins miðast við það hlutfall af endurmetnu stofnfé í árslok. Í útreikningi á arðsemi ársins hefur verið tekið tillit til þeirra leiðréttinga sem urðu vegna innleiðingar alþjóðlegra reikningsskilastaðla. […] Arðsheimild reiknuð út frá ávöxtun ársins er 2.801,3 milljónir.[502]

Tafla 50. Útreikningur á arðgreiðslu frá Sparisjóðnum í Keflavík vegna ársins 2007.

Útreikningur arðs 2007, án ónýttrar argreiðslu v/IFRS hækkunar:			
Þús.kr.			
Hagnaður ársins 2007			**1.889.785**
Eigið fé 31. des. 2007	Nafnfjárhæð	Hluti úr árinu	Vegin fjárhæð
Eigið fé 1. jan.	9.272.362		
Leiðr. vegna IFRS	525.219		
Leiðr. eigið fé 1. jan.	9.797.581	1,00	9.797.581
Arðgreiðsla	(746.258)	0,71	(528.599)
Nýtt hlutafé 3. apríl	1.539.517	vegið m.v. 29. febrúar	1.539.517
Samruni Sp.Vestf. og Hún.og Str.	683.665	vegið m.v. 4. des.	683.665
Meðalstaða eigin fjár án hagnaðar			11.492.164
Nafnarðsemi eigin fjár á árinu			16,4%
Hækkun visitölu á árinu	5,86%		
Raunarðsemi eigin fjár			10,00%

Arðsemi 2006 endurreiknuð:	
Hagnaður ársins 2006	**4.687.119**
Viðbót við hagnað ársins (IFRS)	525.219
Leiðréttur hagnaður	**5.212.338**
Vegin meðalstaða eigin fjár	3.854.754
Nafnarðsemi	135,2%
Raunarðsemi m.v. 6,95% verðbólgu	119,9%
Endurmetið stofnfé í árslok 2006	2.166.245
Leyfileg arðgreiðsla	2.598.044
Greitt var vegna ársins	(746.258)
Ógreiddur arður v/leiðr. á eigin fé	**1.851.786**
Arðgreiðsla vegna 2007:	
Greiða mátti því samtals vegna 2007	**3.208.735**

499 Stofnfjáreigendafundur Sparisjóðsins í Keflavík, 4. desember 2007.

500 Fundargerð stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík, 29. febrúar 2008.

Daginn fyrir aðalfund sparisjóðsins, sem haldinn var 11. mars 2008, hafði aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins samband við sparisjóðsstjóra símleiðis og óskaði eftir upplýsingum um útreikning á arðgreiðsluhlutfallinu og nokkur tengd atriði. Aðstoðarforstjórinn ritaði minnisblað um þetta símtal. Í því voru tilfærð fjögur atriði sem óskað var eftir skýringum sparisjóðsins á:

- *Arðgreiðsluhlutfall*: Samkvæmt lauslegum útreikningum Fjármálaeftirlitsins var raunarðsemi ársins 2007 hjá sparisjóðnum 8,2% og var þá ekki tekið tillit til hækkunar á eigin fé vegna upptöku IFRS. Beðið var um skýringar á því hvernig 25% arðgreiðsluhlutfallið var fundið.
- *Mat á hlutabréfum*: Fjármálaeftirlitinu sýndist sem bókfært virði á eignarhlut sparisjóðsins í Icebank hf. væri of hátt og færði rök fyrir þeirri skoðun. Beðið var um upplýsingar um þá matsaðferð sem viðhöfð var.
- *Hlutdeildaraðferð*: Hvers vegna var eignarhluturinn í Icebank hf. ekki metinn samkvæmt hlutdeildaraðferð þar sem hann nam rúmum 20% í árslok 2007 og fulltrúi Sparisjóðsins í Keflavík, Geirmundur Kristinsson, hafði verið stjórnarformaður bankans um langt skeið?
- *Færsla lífeyrisskuldbindinga*: Í ársreikningnum 2007 var 815 milljóna króna leiðrétting á framlagi til lífeyrisskuldbindingar færð yfir eigið fé. Hvers vegna var hún ekki færð til gjalda í rekstri samkvæmt almennri reglu í reikningsskilum?

Minnisblaðinu lauk með samantekt á ofangreindu og stóð þar að það væri „tilefni til að athuga nánar ýmis atriði í ársuppgjöri sparisjóðsins fyrir árið 2007 og áhrif þess á arðgreiðslur sparisjóðsins sem fyrirhugað er að afgreiða á aðalfundi sparisjóðsins síðdegis 11. mars 2008“.[503]

Svar sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins var í þremur liðum:

- *Fjáreignir á gangvirði, Icebank hf.:* Rakin voru nokkur atriði í því hvernig eignarhlutur sparisjóðsins varð svo stór sem raun bar vitni. Síðan sagði: „Það er hins vegar ekki ætlun Sparisjóðsins að eiga Icebank af hlutdeildarformi að óbreyttum aðstæðum og því mun eignarhlutdeild sjóðsins verða jöfnuð til samræmis þeirri skilgreiningu.“ Spurningum Fjármálaeftirlitsins um mat á bókfærðu virði eignarhlutarins var ekki svarað.
- *Lífeyrisskuldbinding*: Tekin var óbreytt klausa úr endurskoðunarskýrslunni um lífeyrisskuldbindinguna og spurningunni ekki svarað umfram það.
- *Arðgreiðsla*: Arðsemi sparisjóðsins var nú sögð hafa reiknast 15,24% og arðsheimild samkvæmt því næmi 2.068 milljónum króna, en að auki hefði sjóðurinn heimild til að úthluta 1.461 milljón króna vegna IFRS leiðréttinga. Samanlögð arðsheimild væri því 3.529 milljónir króna.[504]

Með svarinu fylgdu útreikningar forstöðumanns reikningshalds hjá sparisjóðnum og endurskoðanda sparisjóðsins á arðseminni og arðgreiðsluheimildinni. Niðurstaða þeirra var nokkuð hærri en sú sem rannsóknarnefndin komst að, sbr. útreikninga í töflu 50.

Á stjórnarfundi 11. mars 2008, sem haldinn var rétt áður en aðalfundurinn hófst, var arðgreiðslutillagan rædd aftur og eftirfarandi bókað í fundargerð:

> Ræddar athugasemdir sem hafa komið frá FME vegna tillögu stjórnar um arðgreiðslu stofnfjár. Samþykkt að leggja til við aðalfund að arðgreiðsla stofnfjár verði 20% í stað 25% og jafnframt að nýtt verði heimild til að ráðstafa 10% af hagnaði ársins til endurmats stofnfjár.[505]

Tillagan var borin upp í tvennu lagi á aðalfundinum. Fyrst um arðgreiðsluhlutfallið og síðan eins og greint var frá í aðalfundargerð:

> Tillaga um að nýta heimild í lögum til að auka stofnfé með ráðstöfun hluta hagnaðar. Fyrir fundinum lá áður fyrir tillaga þar sem fram kom að hagnaði ársins væri öllum ráð-

503. Minnisblað Fjármálaeftirlitsins um athugun á ársreikningi Sparisjóðsins í Keflavík fyrir árið 2007, 10. mars 2008.
504. Tölvuskeyti Sparisjóðsins í Keflavík til Fjármálaeftirlitsins 11. mars 2008.
505. Fundargerð stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík, 11. mars 2008.

> stafað sem arðgreiðslu til stofnfjáraðila. Stjórn breytti tillögu sinni á fundi í dag og leggur til að 10% hagnaðar verði ráðstafað til hækkunar á endurmati stofnfjár [svo].[506]

Hvort tveggja var samþykkt án umræðu og með handauppréttingu. Síðari tillöguna mátti skilja sem svo að 10% hagnaðarins yrði varið til hækkunar en að öðru leyti yrði honum varið til greiðslu arðs. Raunin var sú að 20% arðgreiðsluhlutfall af stofnfé þýddi að 144% af hagnaði ársins var varið í arð og þannig var óheimilt að hækka stofnféð með sérstöku endurmati. Með arðgreiðslunni var gengið á varasjóðinn.

Það virðist hafa farið framhjá mörgum að ekki mætti beita reglunni um sérstakt endurmat ef öllum hagnaði var varið til arðgreiðslu, meira að segja hjá þeim aðila sem gaf út reglur um hámark arðgreiðslu hvert ár, Tryggingasjóði sparisjóða. Til marks um það er tölvuskeyti frá framkvæmdastjóra Tryggingasjóðs til aðstoðarforstjóra Fjármálaeftirlitsins daginn eftir umræddan aðalfund hjá Sparisjóðnum í Keflavík:

> Sæll Ragnar, af aðalfundi Spkef er m.a. það að frétta að stjórnin fundaði í gær og sammæltist um nýja tillögu varðandi arðinn – þ.e. 20% í stað 25% og var það samþykkt einum róm. Jafnframt var samþykkt tillaga um að nýta 2. tl. 68. gr. um 10% af hagnaði til hækkunar á stofnfé. Bestu kveðjur, Hrefna.[507]

Hér hafa svo margar útgáfur af arðgreiðslunni verið nefndar að rétt þykir að draga þær allar saman í yfirlit sem sýnt er í töflu 51.

Tafla 51. Mismunandi útreikningur á arðgreiðslu vegna 2007.

	Millj. kr.	% af stofnfé	% af hagnaði
Útreikningur sparisjóðs og endurskoðanda á heimilli greiðslu	3.529	26,0%	186,7%
Útreikningur rannsóknarnefndar Alþingis á heimilli greiðslu	3.208	23,6%	169,7%
Upphafleg tillaga stjórnar	3.393	25,0%	179,5%
Samþykkt aðalfundar	2.714	20,0%	143,6%
Raunveruleg greiðsla	**2.792**	**20,6%**	**147,7%**
Hagnaður ársins 2007	1.890		
Endurmetið stofnfé í árslok 2007	**13.572**		

Þegar Ragnar Hafliðason hafði fengið áðurnefnt svarskeyti Geirmundar í hendur sendi hann honum eftirfarandi tölvuskeyti:

> Sæll Geirmundur, Þakka þér fyrir sendinguna. Ég vísa í símtal við þig áðan þar sem eftirfarandi kom fram. Við fyrstu sýn virðist mér að útreiknuð arðsemi sé nafnarðsemi. Ég minni á að arðgreiðsluhlutfallið miðast við raunarðsemi, þ.e. nafnarðsemin er þá leiðrétt fyrir breytingu á verðlagsvísitölu milli áramóta, sbr. fyrirmæli Tryggingarsjóðs. Þar sem verðbólga milli áramóta er milli 5,8% [svo]. Raunarðsemin er því 18,1%. Ég ræddi um þetta við Pál Steingrímsson, endurskoðanda sparisjóðsins áðan, en hann mun hafa reiknað út arðsemina, og ætlaði hann að hafa samband við framkvæmdastjóra Tryggingasjóðs til að fá nánari leiðbeiningar um hvernig ætti að reikna þetta.
>
> Það eru ýmis atriði í fyrirliggjandi gögnum (ársuppgjöri o.fl.), sem arðsemisútreikningarnir að öðru leyti byggjast á, sem þarfnast nánari skoðunar að mati FME. FME mun væntanlega kalla bréflega eftir nánari upplýsingum í því sambandi. Kveðja / Best regards, Ragnar Hafliðason.[508]

Ekki varð af því að Fjármálaeftirlitið kallaði eftir þeim upplýsingum sem þarna var getið og skal tekið fram að ekki hvíldi lagaleg skylda á Fjármálaeftirlitinu að hafa eftirlit með arðgreiðslum sparisjóða. Þetta var eina skiptið sem Fjármálaeftirlitið hafði afskipti af arðgreiðslu hjá sparisjóði og um frekari eftirfylgni eða aðgerðir var ekki að ræða.[509] Tryggingasjóður sparisjóða hafði heldur ekki það verkefni með höndum, heldur aðeins að setja reglur um hámarksarðgreiðsluhlutfall ár hvert.

506. Fundargerð aðalfundar Sparisjóðsins í Keflavík, 11. mars 2008.
507. Tölvuskeyti Tryggingasjóðs sparisjóða til Fjármálaeftirlitsins 12. mars 2008.
508. Tölvuskeyti Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðsins í Keflavík 11. mars 2008.
509. Svör Fjármálaeftirlitsins við fyrirspurn rannsóknarnefndarinnar frá 24. og 25. maí 2012 varðandi arðgreiðslur sparisjóða, 5. júní 2012.

Þau atriði sem aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins vildi fá skýringar á gátu haft áhrif á arðsemi og þar af leiðandi arðgreiðsluhlutfallið. Ef til staðar hefðu verið ástæður til að færa niður eign sparisjóðsins í Icebank hf. hefði hagnaður verið minni, en af minnisblaðinu má ráða að aðstoðarforstjórinn hafi talið eignina ofmetna um 400–500 milljónir króna. Þá taldi hann að ekki hefði átt að færa gengishagnað af eignarhlutnum í Icebank hf., heldur færa hlutdeild í tekjum hans, þar sem hluturinn nam 20,4% og að auki var fulltrúi sparisjóðsins stjórnarformaður bankans. Svör sparisjóðsins um að til stæði að selja hlutinn og þess vegna væri hann ekki færður með hlutdeildaraðferð standast ekki skoðun því samkvæmt stjórnarfundargerðum í sparisjóðnum voru engin áform uppi um að selja eignarhluti í bankanum, heldur þvert á móti að auka þá.[510] Með hlutdeildaraðferðinni hefði sparisjóðurinn fært hlutdeildartekjur af Icebank hf. upp á 330 milljónir króna, en hann færði hins vegar rúmlega 2,4 milljarða króna gengishagnað af eignarhlutnum með því að færa hann á gangvirði. Mismunurinn nam rúmlega öllum hagnaði sparisjóðsins 2007. Ef hlutdeildaraðferð hefði verið notuð áfram hefði enginn hagnaður orðið. Á hinn bóginn var athugasemdin um leiðréttinguna á framlagi til lífeyrisskuldbindingar upp á 815 milljónir króna, sem var færð til frádráttar á eigin fé en ekki í gegnum rekstur, ekki fyllilega réttmæt. Hækkunin á skuldbindingunni var leiðrétting vegna fyrri ára og því eðlilegt að hlífa hagnaði ársins 2007 við þessum frádrætti.

Sparisjóður Ólafsvíkur

Sparisjóður Ólafsvíkur greiddi aldrei arð á tímabilinu 2001–2005, en á árinu 2006 sameinaðist hann Sparisjóðnum í Keflavík. Honum hefði þó verið heimilt að greiða arð samkvæmt reglum Tryggingasjóðs. Stofnfé í sparisjóðnum var ekki nema 165 þúsund krónur í árslok 2005 og því hefði aldrei orðið um teljandi fjárhæðir að ræða. Stofnfé var á tímabilinu hækkað með endurmati vegna verðlagsbreytinga og með sérstöku endurmati um samtals 32 þúsund krónur. Það var ekki verðbætt árin 2003 og 2004.

Tafla 52. Afkoma, endurmat og arðgreiðslur Sparisjóðs Ólafsvíkur 2001–2005.[511]

Þús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005
Arður vegna ársins					
Arður ársins (í formi innborgaðs stofnfjár á næsta ári)					
Stofnfé í árslok	125	134	140	147	165
Arður sem hlutfall af stofnfé					
Arður sem hlutfall af hagnaði					
Afkoma ársins	**9.297**	**261**	**(6.403)**	**25.339**	**22.574**
Arðgreiðsluhlutfall (skv. reglum TRSP), % af stofnfé	10,0%	15,0%	15,0%	10,5%	10,0%
Hámarksarðgreiðsla, sbr. lög nr. 76/2009, % af hagnaði					
Raunarðsemi ársins	5,8%	0,1%	-3,6%	10,5%	7,1%
Verðbólga ársins	8,6%	2,0%	2,7%	3,9%	4,1%
Sérstakt endurmat stofnfjár í árslok	6	7	7	8	
Endurmat stofnfjár vegna verðlagsbreytinga	**22**	**2**			**10**

Í töflu 52 eru tilfærðar þær upplýsingar sem útreikningur á arði og endurmati byggist á. Hafa verður í huga að arðurinn og sérstaka endurmatið eru þar höfð undir því ári sem þau eru útreiknuð. Arðurinn var hins vegar greiddur út ári síðar og sérstaka endurmatið bættist þá við stofnféð. Ástæða þess er sú að tillaga stjórnar um hvort tveggja þurfti að hljóta samþykki aðalfundar til þess að koma til framkvæmda. Þannig sjást viðkomandi fjárhæðir ekki fyrr en í ársreikningi næsta árs.

510. Á stjórnarfundi í Sparisjóðnum í Keflavík 3. september 2007 voru rædd áform Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og Byrs um að selja megnið af þeirra hlut í Icebank. Jafnframt var rætt um að minni sparisjóðirnir myndu þá auka sinn hlut í bankanum þannig að sparisjóðir héldu áfram meirihluta þar. Á stjórnarfundi 10. september 2007 var samþykkt að kaupa 3% hlut til viðbótar í Icebank hf. Á stjórnarfundi 26. febrúar 2008 var kynntur fyrir stjórnarmönnum mögulegur samruni Sparisjóðsins í Keflavík og Icebank hf. og á næsta stjórnarfundi, 29. febrúar, veitti stjórn sparisjóðsins „[s]parisjóðsstjóra ásamt lykilstarfsmönnum Sparisjóðsins heimild til að hefja könnunarviðræður við Icebank, Sparisjóð Mýrasýslu, Sparisjóð Vestmannaeyja og Spron, um hugsanlega sameiningu. Áhersla er lögð á að viðræðurnar fari fram á forsendum og undir forystu SpKef."

511. Ársreikningar Sparisjóðs Ólafsvíkur 2001–2005. Verðbólga byggir á tölum frá Hagstofunni en aðferðafræðin er skilgreind í 12. kafla.

Sparisjóður Vestfirðinga

Sparisjóður Vestfirðinga greiddi stofnfjárhöfum jafnan arð af stofnfé þeirra. Arðgreiðslur vegna áranna 2001–2006 námu samtals tæpum 58 milljónum króna. Þar af voru tæpar 26 milljónir króna færðar til hækkunar á stofnfé sparisjóðsins. Það var fyrst gert vegna ársins 2004 fyrir tilmæli Tryggingasjóðs sparisjóða. Tryggingasjóður hafði á árinu veitt sparisjóðnum 36,9 milljóna króna framlag og 100 milljóna króna víkjandi lán til að styrkja hann í miklum þrengingum og óskaði því eftir skriflegum rökstuðningi frá sparisjóðnum fyrir fyrirhugaðri 8% arðgreiðslu. Þetta varð til þess að stjórn sparisjóðsins lækkaði tillögu sína um arðgreiðsluna í 5%.[512] Árið eftir var á ný haft samráð við Tryggingasjóð um arðgreiðsluna. Arðgreiðslurnar rúmuðust allar innan regla Tryggingasjóðs.

Tafla 53. Afkoma, endurmat og arðgreiðslur Sparisjóðs Vestfirðinga 2001–2006.[513]

Þús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Arður vegna ársins	4.319	4.975	4.827	8.728	12.400	22.367
- þar af í formi innborgaðs stofnfjár á næsta ári				5.291	5.777	14.776
Stofnfé í árslok	85.480	86.556	102.744	170.726	235.603	261.579
Arður sem hlutfall af stofnfé	5,1%	5,7%	4,7%	5,1%	5,3%	8,6%
Arður sem hlutfall af hagnaði	-5,2%	48,3%	-17,8%	15,5%	5,8%	2,8%
Afkoma ársins	**(82.743)**	**10.294**	**(27.113)**	**56.450**	**212.603**	**800.630**
Arðgreiðsluhlutfall (skv. reglum TRSP), % af stofnfé	10,0%	15,0%	15,0%	10,0%	22,9%	68,4%
Hámarksarðgreiðsla, sbr. lög nr. 76/2009, % af hagnaði						
Raunarðsemi ársins	-17,5%	1,6%	-4,2%	4,6%	22,9%	68,4%
Verðbólga ársins	8,6%	2,0%	2,7%	3,9%	4,1%	7,0%
Sérstakt endurmat stofnfjár í árslok						13.079
Endurmat stofnfjár vegna verðlagsbreytinga		**1.707**		**2.744**	**6.578**	**9.759**

Stofnfé í Sparisjóði Vestfirðinga var á tímabilinu hækkað með endurmati vegna verðlagsbreytinga og með sérstöku endurmati um samtals tæpar 34 milljónir króna. Sérstöku endurmati var aðeins beitt vegna ársins 2006 en hækkun stofnfjár vegna verðlagsbreytinga var nokkuð minni en heimil hefði verið.

Í töflu 53 eru tilfærðar þær upplýsingar sem útreikningur á arði og endurmati byggist á. Hafa verður í huga að arðurinn og sérstaka endurmatið eru þar höfð undir því ári sem þau eru útreiknuð. Arðurinn var hins vegar greiddur út ári síðar og sérstaka endurmatið bættist þá við stofnféð. Ástæða þess er sú að tillaga stjórnar um hvort tveggja þurfti að hljóta samþykki aðalfundar til þess að koma til framkvæmdar. Þannig sjást viðkomandi fjárhæðir ekki fyrr en í ársreikningi næsta árs.

Sparisjóður Húnaþings og Stranda

Sparisjóður Húnaþings og Stranda greiddi stofnfjárhöfum jafnan arð af stofnfé þeirra. Arðgreiðslur vegna áranna 2001–2006 námu samtals tæpum 11 milljónum króna, þar af voru 7,5 milljónir króna aðeins vegna 2006. Tveir þriðju þeirrar arðgreiðslu voru færðir til hækkunar á stofnfé sparisjóðsins. Allt tímabilið rúmuðust arðgreiðslurnar innan reglna Tryggingasjóðs sparisjóða. Stofnfé í Sparisjóði Húnaþings og Stranda var hækkað með endurmati vegna verðlagsbreytinga og sérstöku endurmati um samtals 3,4 milljónir króna árin 2001–2006 í samræmi við lög og reglur.

Í töflu 54 eru tilfærðar þær upplýsingar sem útreikningur á arði og endurmati byggist á. Hafa verður í huga að arðurinn og sérstaka endurmatið eru þar höfð undir því ári sem þau eru útreiknuð. Arðurinn var hins vegar greiddur út ári síðar og sérstaka endurmatið bættist þá við stofnféð. Ástæða þess er sú að tillaga stjórnar um hvort tveggja þurfti að hljóta samþykki aðalfundar til þess að koma til framkvæmdar. Þannig sjást viðkomandi fjárhæðir ekki fyrr en í ársreikningi næsta árs.

512. Sbr. fundargerðir stjórnar Sparisjóðs Vestfirðinga 8. febrúar, 1. mars og 5. apríl 2005.

513. Ársreikningar Sparisjóðs Vestfirðinga 2001–2006.

Tafla 54. Afkoma, endurmat og arðgreiðslur Sparisjóðs Húnaþings og Stranda 2001–2006.[514]

Þús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Arður vegna ársins	186	362	380	1.206	1.278	7.473
Arður ársins (í formi innborgaðs stofnfjár á næsta ári)						4.484
Stofnfé í árslok	2.251	2.411	2.531	7.731	12.781	13.975
Arður sem hlutfall af stofnfé	8,3%	15,0%	15,0%	15,6%	10,0%	53,5%
Arður sem hlutfall af hagnaði	2,6%	2,0%	1,1%	1,6%	0,6%	0,9%
Afkoma ársins	**7.051**	**18.192**	**35.610**	**73.379**	**226.841**	**818.731**
Arðgreiðsluhlutfall (skv. reglum TRSP), % af stofnfé	10,0%	15,0%	15,0%	17,9%	47,7%	116,6%
Hámarksarðgreiðsla, sbr. lög nr. 76/2009, % af hagnaði						
Raunarðsemi ársins	2,6%	6,2%	11,5%	17,9%	47,7%	116,6%
Verðbólga ársins	8,6%	2,0%	2,7%	3,9%	4,1%	7,0%
Sérstakt endurmat stofnfjár í árslok	112	120	127	387	639	971
Endurmat stofnfjár vegna verðlagsbreytinga		**48**		**72**	**329**	**555**

19.8 Innra eftirlit

Við skoðun á innra eftirliti sparisjóðanna var leitast við að kanna hvernig fyrirkomulagi þess var háttað og hvort veikleikar hafi verið í eftirlitskerfum sparisjóðanna. Almenna umfjöllun um innra eftirlit, hlutverk stjórnar, innri endurskoðun og áhættustýringu er að finna í 6. kafla, en eftirfarandi umfjöllun lýtur að virkni þessara þátta í starfsemi Sparisjóðsins í Keflavík og áhrifum þeirra á rekstur sparisjóðsins. Áhersla var lögð á tímabilið frá 2005 til 2010.

19.8.1 Innri endurskoðun

Á því tímabili sem til skoðunar var starfrækti Sparisjóðurinn í Keflavík eigin innri endurskoðunardeild. Framan af sinnti einn og sami starfsmaður sparisjóðsins áhættustýringu, útlánaeftirliti og innri endurskoðun, en breyting varð á skipan mála árið 2005.[515] Þá tók Eyrún Jana Sigurðardóttir við starfi forstöðumanns innri endurskoðunar af Jóni Axelssyni sem gegnt hafði starfinu síðan 1999. Tíð forstöðumannaskipti einkenndu starf innri endurskoðunar Sparisjóðsins í Keflavík, en frá 1999 til 2010 gegndu fimm aðilar starfi forstöðumanns, auk þess sem innri endurskoðun fyrir árið 2008 var útvistað til Deloitte hf.[516] Tíðar mannabreytingar höfðu í för með sér ólíkar áherslur í starfi innri endurskoðunar.

Áður en Eyrún Jana Sigurðardóttir tók við starfi forstöðumanns innri endurskoðunar Sparisjóðsins í Keflavík í ágúst 2005 hafði hún starfað um nokkurt skeið hjá sparisjóðnum sem þjónustufulltrúi, en starfið var auglýst innan sparisjóðsins. Hún gegndi stöðu forstöðumanns innri endurskoðunar fram í janúar 2007. Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni sagði hún verkefni deildarinnar hafa verið óljós er hún tók við. Einhver fyrirmæli hafi hún fengið um þau verkefni sem henni bæri að sinna, meðal annars að fylgjast með vanskilum og útlánaaukningu, innlánum, útlánasafni og frávikum eða brotum í starfi, en starfið skipulagði hún út frá skýrslum fyrri forstöðumanns. Eitt fyrstu verka hennar var að yfirfara verklagsreglur sem þörf var á að uppfæra, meðal annars reglur um peningaþvætti. Hún var reglulega kölluð á stjórnarfundi og sat sparisjóðsstjóri þá fundi er hún kynnti niðurstöður sínar. Taldi hún óeðlilegt að sparisjóðsstjóri sæti alla stjórnarfundi og ekki hafi verið nægjanlegur aðskilnaður milli starfa sparisjóðsstjóra og eftirlitshlutverks stjórnar. Upp hafi komið ágreiningur milli forstöðumanns innri endurskoðunar og sparisjóðsstjóra um hvað skyldi rætt á stjórnarfundum, meðal annars vegna útlána sem sparisjóðsstjóri taldi sig hafa heimild til að veita en voru ekki afgreidd í lánanefnd. Tilkynnt var um ætluð brot á reglum sparisjóðsins á stjórnarfundi, þar sem sparisjóðsstjóri fékk að koma sínum sjónarmiðum að, en hvorki fengust viðbrögð frá stjórninni, né vissi forstöðumaðurinn til þess að stjórn hefði unnið eitthvað með athugasemdirnar. Aðspurð um frekari eftirfylgni taldi forstöðumaðurinn það ekki hafa verið sitt hlutverk að fara ítrekað yfir sömu hlutina. Það væri vandamál stjórnar ef ekki væri tekið á aðfinnsluverðum atriðum.[517]

514. Ársreikningar Sparisjóðs Húnaþings og Stranda 2001–2006.
515. Skýrsla Jóns Axelssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2012.
516. Nánar má lesa almennt um innri endurskoðun í 6. kafla.
517. Skýrsla Eyrúnar Jönu Sigurðardóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2012.

Helstu verkefni og skýrslur til stjórnar sparisjóðsins lutu að útlánasafninu og vanskilum. Starfsáætlun forstöðumanns innri endurskoðunar var ekki lögð fyrir stjórn sparisjóðsins og formlegt áhættumat fór aldrei fram. Við prófun á innra eftirliti var ekki stuðst við kerfisbundna nálgun, líkön eða skilgreiningar á innra eftirliti, og hvorki var stuðst við Basel-staðla né aðra staðla um innri endurskoðun. Taldi Eyrún eftirlitskerfi sparisjóðsins í heild sinni hafa verið skilvirkt en þegar litið væri til baka væri örugglega margt sem betur hefði mátt fara.[518]

Í ársbyrjun 2007 fór Eyrún Jana í fæðingarorlof og leysti Halldóra Guðrún Jónsdóttir hana af sem forstöðumaður innri endurskoðunar Sparisjóðsins í Keflavík, en hún hafði starfað síðan í ársbyrjun 2006 í afleysingum sem þjónustufulltrúi.[519] Starfsmannastjóri sparisjóðsins leitaði til Halldóru um að leysa af forstöðumann innri endurskoðunar, og kvaðst hún hafa samþykkt það þótt hún hefði hvorki haft áhuga né talið sig hafa reynslu til að sinna starfinu. Stjórn sparisjóðsins hitti hún fyrst á fyrsta stjórnarfundinum sem hún sat sem forstöðumaður innri endurskoðunar. Í því starfi tók hún þátt í samstarfi innri endurskoðenda sparisjóðanna og þar áttaði hún sig á því hversu ómarkviss innri endurskoðun sparisjóðsins var, þó stjórn sparisjóðsins hafi verið mjög ánægð með störf hennar. Aðspurð um viðhorf stjórnenda og stjórnar til innra eftirlits, taldi Halldóra að áhugaleysi hefði ríkt um innri endurskoðun og regluvörslu. Ekki hefði verið áhugi á að ráða inn öflugt fólk til að efla þessi starfssvið. Eftir á að hyggja taldi hún að veikleikar hefðu verið í eftirlitsumhverfi sparisjóðsins. Stjórn sparisjóðsins hefði ekki sinnt eftirlitshlutverki sínu, ekki spurt réttra spurninga og stjórnarmenn hafi verið misjafnlega hæfir til stjórnarsetu. Hún taldi að forstöðumenn hefðu haft mikið svigrúm til sinna starfa og skort hafi eftirlit með störfum þeirra. Áherslur í starfi stjórnar hafi ekki verið í takt við tímann og hafi ekki haldið í við breytingar á regluverki síðustu ára. Halldóra taldi verkefni innri endurskoðunar ekki hafa verið valin á grundvelli áhættumats heldur hafi verið byggt á sömu úttektum ár eftir ár.[520]

Halldóra vissi ekki hvaða umgjörð hafði verið höfð til hliðsjónar við störf innri endurskoðunar og nálgun á innra eftirliti og kvaðst ekki hafa verið meðvituð um tilvist leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins og Basel-reglna fyrr en liðið var á starfstíma hennar. Vann hún út frá endurskoðunaráætlun sem forveri hennar í starfi hafði gert. Stjórn sparisjóðsins fékk ekki heildarskýrslu frá Halldóru en hún mætti á stjórnarfundi og kynnti niðurstöður sínar. Kvaðst hún hafa haft á tilfinningunni að hún væri að vinna fyrir sparisjóðsstjórann en ekki fyrir stjórnina en taldi skýringuna á því vera hversu óvænt hún kom inn í starfið.[521]

Í janúar 2008, er Eyrún Jana kom úr fæðingarorlofi, bað stjórn sparisjóðsins Halldóru um að gegna áfram starfi forstöðumanns innri endurskoðunar og bauð Eyrúnu Jönu starf regluvarðar, en hvorug þeirra hafði áhuga á því fyrirkomulagi. Sparisjóðsstjóri kvaðst því mundu leita sem fyrst að nýjum forstöðumanni innri endurskoðunar, en Eyrún gegndi starfinu á meðan. Það dróst á langinn og var virkni innri endurskoðunar minni en áður fram á haustið 2008, en þá var innri endurskoðun sparisjóðsins útvistað til Deloitte hf.[522] Þegar Eyrún hafnaði því að taka við stöðu regluvarðar var Halldóru boðin staðan. Sagðist hún hafa fengið „einhvern miða […] svona yfir hvað fólst í að vera regluvörður". Þegar Halldóra hóf starf sem regluvörður komst hún að því að yfirsýn yfir skýrsluskil innan sparisjóðsins væri takmörkuð. Það var ekki fyrr en hún fór á samráðsfundi með regluvörðum annarra sparisjóða sem hún áttaði sig á því að hún væri ekki að sinna þeim verkefnum sem regluverði bar að sinna. Það var mat Halldóru að efla hefði þurft innri endurskoðun og regluvörslu, bæði með auknum mannafla og aukinni þekkingu starfsmanna.[523]

Sparisjóðurinn í Keflavík og Deloitte ehf. gerðu með sér samning um innri endurskoðun 28. október 2008 vegna ársins 2008. Vinna Deloitte tók mið af 16. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2008 um störf endurskoðunardeilda fjármálafyrirtækja. Skýrsla Deloitte um innri endurskoðun ársins

518. Skýrsla Eyrúnar Jönu Sigurðardóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2012.
519. Skýrsla Eyrúnar Jönu Sigurðardóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2012.
520. Skýrsla Halldóru Guðrúnar Jónsdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 1. október 2012.
521. Skýrsla Halldóru Guðrúnar Jónsdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 1. október 2012.
522. Skýrsla Eyrúnar Jönu Sigurðardóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2012.
523. Skýrsla Halldóru Guðrúnar Jónsdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 1. október 2012.

2008 náði eingöngu til hluta ársins en lögð var fram endurskoðunaráætlun sem byggðist á því að um fyrstu könnun væri að ræða og áhersla því lögð á að fara yfir hvort þær innri reglur sem lög og reglugerðir gerðu ráð fyrir að væru settar, væru til staðar. Fáar úrtakskannanir hefðu verið gerðar og vinnan beinst að því að kynnast starfsemi sparisjóðsins. Gert var ráð fyrir að sparisjóðurinn léti sjálfur gera reglubundnar úttektir á dreifingu útlána og vanskila, stöðu stærstu skuldara og stærstu vanskilaaðila og greiðslutrygginga vegna sömu skuldbindinga.[524]

Niðurstöður innri endurskoðunar 2008 voru að styrkja þyrfti áhættustýringu sparisjóðsins og framfylgja þeim reglum sem sparisjóðurinn hafði sett sér hvað varðar stöðu forstöðumanns áhættustýringar. Meta þyrfti þörf fyrir fleiri starfsmenn í áhættustýringu sparisjóðsins. Nauðsynlegt væri að yfirfara reglur um útlán og reglur um eigin viðskipti sparisjóðsins, stjórnar og starfsmanna og gera þær ítarlegri. Þá þyrfti að gera ítarlegri reglur um verðbréfaviðskipti og regluvörslu. Innri endurskoðun hefði leitt í ljós veikleika í eftirlitskerfum sparisjóðsins sem sneru að aðgreiningu starfa. Deloitte benti á mikilvægi þess að öll lán sem ættu að fara fyrir lánanefnd væru tekin þar til umfjöllunar og rekjanleiki tryggður í fundargerðum nefndarinnar. Könnun Deloitte á lista yfir venslaða aðila leiddi í ljós að nokkur dótturfélög sparisjóðsins og tíu stærstu stofnfjáreigendur sparisjóðsins vantaði inn á listann og var því beint til sparisjóðsins að listinn væri yfirfarinn reglulega til að tryggja áreiðanleika hans. Deloitte kannaði hvort stjórn hefði verið upplýst um viðskiptaerindi og kjör stjórnarmanna í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglna sparisjóðsins um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra en samkvæmt ákvæðinu skyldi stjórn upplýst eigi sjaldnar en ársfjórðungslega um öll afgreidd viðskiptaerindi og kjör til stjórnarmanna og fyrirtækja sem þeir væru í forsvari fyrir. Niðurstaða Deloitte var að það hefði ekki verið gert í öllum tilfellum.[525]

Eva Stefánsdóttir tók við starfi forstöðumanns innri endurskoðunar í mars 2009, en starfið var auglýst innan sparisjóðsins. Eva hafði starfað hjá sparisjóðnum frá árinu 2005. Á fyrstu mánuðum sínum í starfi setti Eva upp starfsreglur og erindisbréf forstöðumanns innri endurskoðunar. Hún naut aðstoðar Deloitte við að skipuleggja starfið, auk þess sem hún leitaði til samstarfshóps sparisjóðanna um innri endurskoðun og sótti ráðstefnur og fræðslu á vegum Félags innri endurskoðenda. Á þessum tíma voru komin út ný leiðbeinandi tilmæli frá Fjármálaeftirlitinu um störf innri endurskoðunardeilda og voru þau höfð til hliðsjónar við mótun starfsins. Áætlun um starf innri endurskoðunar var lögð fyrir stjórn sem samþykkti áætlunina. Úttektir í tengslum við útlán og vanskil fengu sérstaka athygli þar sem forgangsraða þurfti verkefnum vegna mannfæðar í deildinni. Í skýrslu Deloitte hafði komið fram að umfang innri endurskoðunar hjá sparisjóðnum væri orðið meira en svo að einn starfsmaður réði við verkefnin. Eva benti einnig á það á fundum sínum með stjórn, bæði fyrir og eftir yfirtöku Fjármálaeftirlitsins á sparisjóðnum, að þörf væri á að minnsta kosti tveimur starfsmönnum í innri endurskoðun. Hún vann að því að kerfisbinda eftirfylgni með málum þannig að stjórnendur fengju tiltekinn tíma til að bregðast við athugasemdum og ábendingum og gerði það starfið árangursríkara. Forstöðumaðurinn kvaðst hafa skynjað mikinn áhuga hjá nýrri stjórn sparisjóðsins á störfum innri endurskoðunar, meðal annars vildi stjórnarformaður auka upplýsingaflæði milli innri endurskoðunar og stjórnarmanna. Á stjórnarfundum lagði hún fram kynningar á störfum innri endurskoðunar og ársskýrslu um störf innri endurskoðunar fyrir árið 2009. Lýsti hún ánægju með stjórn og stjórnendur sparisjóðsins á starfstíma sínum sem hún taldi hafa haft yfir nægjanlegri reynslu og þekkingu að búa.[526]

Á starfstíma forstöðumannsins frá 2009 til 2010 voru útlán í lágmarki og mikill skortur á tryggingum vegna útlánanna í safni sparisjóðsins. Það var þó mat hennar að áhættustýring og fjárstýring sinntu sínum störfum vel en væru undirmönnuð. Nánar innt eftir ástæðum vanskila og tryggingaskorts, taldi hún að skilgreina hefði mátt betur verkferla

524. Skýrsla um innri endurskoðun Sparisjóðsins í Keflavík 2008, 14. apríl 2009.

525. Skýrsla um innri endurskoðun Sparisjóðsins í Keflavík 2008, 14. apríl 2009.

526. Skýrsla Evu Stefánsdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 1. október 2012.

varðandi útlán og að veðsetningarhlutfall hefði verið of hátt. Hún varð ekki vör við annað en að farið hefði verið eftir reglum við lánaákvarðanir og stórar útlánaákvarðanir farið yfir lánanefnd og stjórn.[527]

Forstöðumaðurinn viðhafði ekki neinar sérstakar endurskoðunaraðgerðir tengdar sviksemi að öðru leyti en að beita gagnrýnni hugsun. Mat hennar var að svigrúm sparisjóðsstjóra til útlána hafi verið of mikið og gerði hún athugasemd við að mjög stór útlán, sem þó voru innan heimilda sparisjóðsstjóra, hefðu ekki verið rædd á stjórnarfundum. Taldi hún að ekki hefði verið tekið nógu mikið mark á störfum innri endurskoðunar hjá fyrri stjórn en það hafi breyst með nýrri stjórn. Þrátt fyrir að nýr sparisjóðsstjóri sæti stjórnarfundi sem hún mætti á, gaf hann henni svigrúm til að koma sjónarmiðum innri endurskoðunar á framfæri. Forstöðumaðurinn þekkti ekki til hugtakaramma COSO um innra eftirlit en hafði kynnt sér Basel-reglur og hafði einnig leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins til hliðsjónar. Í júní 2010 fór Eva í fæðingarorlof og tók Mjöll Flosadóttir við starfi hennar, en hugmyndin var að þær myndu báðar starfa að innri endurskoðun er Eva kæmi til baka. Af því varð þó ekki þar sem Spkef sparisjóður var sameinaður Landsbankanum hf. 5. mars 2011.

19.8.1.1 Úttekt á störfum innri endurskoðunardeildar Sparisjóðsins í Keflavík

Engin úttekt var gerð á störfum innri endurskoðunardeildar Sparisjóðsins í Keflavík frá stofnun hennar og fram að falli sparisjóðsins. Í endurskoðunarskýrslum Deloitte með ársreikningi áranna 2005 til 2008 var ekki umfjöllun um störf innri endurskoðunar. Í endurskoðunarskýrslu vegna ársins 2006 var fjallað um innra eftirlit og um hlutverk og mikilvægi innri endurskoðunar. Þar sagði: „Við viljum leggja áherslu á bæði hina lagalegu skyldu þessa að starfrækt sé innri endurskoðunardeild við sjóðinn og einnig á mikilvægi hennar varðandi öryggi í starfsemi sjóðsins. Því er hér með beint til stjórnar að staða innri endurskoðanda verði aldrei ómönnuð.“[528] Sami texti er í endurskoðunarskýrslum vegna áranna 2007 og 2008.

Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins haustið 2008 var gerð athugasemd við að innri endurskoðandi sparisjóðsins sinnti jafnframt eftirliti með peningaþvætti. Fjármálaeftirlitið taldi að þessi störf færu ekki saman og gæti það valdið hagsmunaárekstrum. Þá var það jafnframt mat Fjármálaeftirlitsins að stjórn sparisjóðsins virtist lítið sem ekkert fylgja eftir úttektum innri endurskoðunar og virtist jafnvel ekki hafa vitneskju um þær úttektir sem innri endurskoðandi framkvæmdi. Athugasemdum innri endurskoðanda væri ekki fylgt eftir og úr þeim bætt. Fjármálaeftirlitið gerði einnig athugasemd við að innri endurskoðandi hefði ekki framkvæmt sjálfstæða úttekt á áhættustýringu sparisjóðsins og reiddi sig á upplýsingar frá áhættustýringu í stað þess að leggja sjálfstætt mat á gæði þeirra upplýsinga.[529]

19.8.2 Áhættustýring

Hlutverk stjórnar Sparisjóðsins í Keflavík var skilgreint í 11. gr. reglna sparisjóðsins um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra. Samkvæmt reglunum bar stjórn að skilgreina áhættuþætti og setja sér markmið varðandi áhættur í starfseminni, ákveða mörk áhættutöku og byggja upp eftirlit með áhættum í rekstrinum. Áhættumarkmið skyldu taka tillit til útlánastefnu, fjárfestingastefnu, rekstraráhættustefnu, stefnu sparisjóðsins í fjárstýringu og annarra áhættuþátta sem stjórn teldi mikilvæga. Bar stjórn að fylgja eftir settum markmiðum.[530] Þá bar fjármálafyrirtækjum að upplýsa opinberlega um áhættur, áhættustýringu og eiginfjárstöðu sína, sbr. 12. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Í skýringum með ársreikningi 2007 var umfjöllun um áhættustefnu Sparisjóðsins í Keflavík. Þar kom fram að stjórn sparisjóðsins ákvæði meginstefnur í áhættustýringu og setti mörk ásættanlegrar áhættu í daglegum rekstri sparisjóðsins. Þá bar stjórn að setja markmið um áhættustýringu og eftirlit með áhættuþáttum, svo sem útlánaáhættu, lausafjáráhættu og

527. Skýrsla Evu Stefánsdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 1. október 2012.

528. Skýrsla Deloitte hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðsins í Keflavík 2006.

529. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóðnum í Keflavík, september 2008.

530. Reglur Sparisjóðsins í Keflavík um framkvæmd áhættustýringar, 28. desember 2008.

markaðsáhættu. Stjórnin fól nefndum innan sparisjóðsins að gefa út leiðbeiningar og markmið um ásættanlega áhættu og ákveða einstakar stöður út frá stærð og áhættu. Samkvæmt ársreikningi voru upplýsingar um áhættustöður kynntar stjórn sparisjóðsins reglulega.[531]

Í ársreikningnum kom jafnframt fram að skilvirkar aðferðir við mat á áhættu væru grundvöllur áhættustýringar sparisjóðsins. Sparisjóðsstjóri, í umboði stjórnar, bæri ábyrgð á að reglum um áhættustýringu væri fylgt og skyldi sjá til þess að gripið væri til viðeigandi ráðstafana til að greina, meta og mæla áhættuþætti í daglegri starfsemi sparisjóðsins.[532] Innan sparisjóðsins væri starfrækt miðlæg deild, áhættustýring og útlánaeftirlit, sem færi með daglegt eftirlit með áhættuþáttum sparisjóðsins og skýrslugerð. Meginhlutverk hennar væri að greina áhættu sparisjóðsins á hverjum tíma, fylgjast með og meta áhættuþætti og setja ákveðin viðmiðunarmörk einstakra áhættuþátta;[533] jafnframt skyldi hún fylgjast með og stýra áhættu sparisjóðsins, sem kynni að hafa veruleg áhrif á afkomu hans, og sjá til þess að viðeigandi vörnum yrði komið við á hverjum tíma. Þá bar áhættustýringu og útlánaeftirliti að gefa aðvaranir og ábendingar þegar áhætta nálgaðist sett viðmiðunarmörk og sjá til þess að gripið yrði til viðeigandi aðgerða. Samkvæmt ársreikningi 2007 setti Sparisjóðurinn í Keflavík sér markmið um áhættustýringu og eftirlitsþætti, svo sem útlánaáhættu, lausafjáráhættu og markaðsáhættu. Í ársreikningnum var jafnframt umfjöllun um vaxtaáhættu, verðáhættu, gjaldeyrisáhættu og rekstraráhættu.[534]

Formlegar reglur um framkvæmd áhættustýringar voru þó ekki settar fyrr en í október 2008, en leitað var eftir aðstoð utanaðkomandi ráðgjafa við gerð þeirra.[535] Fjármálaeftirlitið hafði á þeim tíma nýlokið vettvangskönnun á ýmsum þáttum í starfsemi sparisjóðsins og meðal annars gert alvarlegar athugasemdir við að engar formlegar innri reglur eða ferlar væru til staðar varðandi áhættustýringu. Í reglum sparisjóðsins voru sett markmið um áhættustýringu í rekstri sparisjóðsins. Þar skyldi:

1. Stuðla að því að áhættur í rekstri sparisjóðsins væru rétt mældar og upplýsingar um þær nýttar sem stuðningur við ákvarðanatöku og við áhættustýringu sem væri í takt við sett markmið og stefnu sparisjóðsins.
2. Greina, mæla og veita upplýsingar um helstu áhættuþætti sem sparisjóðurinn stæði frammi fyrir.
3. Hafa eftirlit með að áhætta einstakra sviða væri innan heimilaðra marka og í samræmi við stefnu og markmið stjórnar um áhættu og mildun áhættu.
4. Miðla upplýsingum um áhættu umfram heimildir, markmið og stefnu og veita ráðgjöf til einstakra sviða um aðgerðir.
5. Upplýsa einstök svið um hlutfall ábata og áhættu, samhliða því að greina ábata af áhættutöku.

Í reglum sparisjóðsins um framkvæmd áhættustýringar var áhættum skipt í sex flokka útlánaáhættu; markaðsáhættu; rekstraráhættu; lausafjáráhættu; vaxtaáhættu; og aðrar áhættur, svo sem stefnumótunaráhættu, orðsporsáhættu, eiginfjáráhættu og hagnaðaráhættu.[536]

19.8.2.1 Starfsemi áhættu- og útlánastýringar

Samkvæmt reglum sparisjóðsins um framkvæmd starfa stjórnar og sparisjóðsstjóra skyldi sparisjóðsstjóri ráða forstöðumann áhættustýringar sem starfaði eftir áhættureglum sparisjóðsins. Stjórn skyldi tryggja að þeir starfsmenn sem málið varðaði hefðu fullan skilning á áhættumarkmiðum sjóðsins, áhættustefnu og viðmiðunarmörkum. Stjórn skyldi einnig sjá til þess að fylgst væri með áhættu eftir skriflegum fyrirmælum.[537]

Jón Axelsson gegndi stöðu forstöðumanns áhættu- og útlánastýringar frá 2004 til 2008. Hann var fyrsti og jafnframt eini starfsmaður þessa stoðsviðs, sem heyrði undir sparisjóðsstjóra, og kom það í hlut Jóns að þróa starfið. Hann lét af störfum í ársbyrjun 2008

531. Ársskýrsla Sparisjóðsins í Keflavík 2007.
532. Ársskýrsla Sparisjóðsins í Keflavík 2007.
533. Svipuð umfjöllun var í ársreikningi sparisjóðsins vegna ársins 2008 nema orðunum „að setja ákveðin viðmiðunarmörk einstakra áhættuþátta“ var breytt í „að hafa eftirlit með að viðmiðunarmörk einstakra áhættuþátta séu virt“.
534. Ársskýrsla Sparisjóðsins í Keflavík 2007.
535. Skýrsla Jóns Axelssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2012.
536. Reglur Sparisjóðsins í Keflavík um framkvæmd áhættustýringar, 28. desember 2008.
537. Reglur um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra Sparisjóðsins í Keflavík, 28. október 2008.

og tók Guðmundur Páll Hreggviðsson við starfinu. Að sögn Jóns fólst starf hans í að halda utan um gögn, greina lánasafn og upplýsa yfirmenn, þá helst um útlánaáhættu. Umfang starfsins óx á árunum 2006 og 2007 og var það mat Jóns að þörf hefði verið á fleiri starfsmönnum. Forgangsraða hafi þurft verkefnum og hann hafi einbeitt sér að vöktun útlánasafnsins og því ekki náð að vakta aðra áhættuþætti. Þegar bókfærð eign sparisjóðsins í fjármálagerningum jókst árið 2006 kvaðst Jón hafa fengið þau skilaboð frá stjórn að hans hlutverk fælist aðallega í greiningu á lánasafni en stjórnin væri með „hitt á sinni könnu". Jón taldi stærstu áhættuþætti sparisjóðsins hafa verið útlánaáhættu og markaðsáhættu tengda eignum í fjármálagerningum. Hann taldi það kunna að hafa verið veikleiki að áhættustýring hefði ekki vaktað alla mikilvæga áhættuþætti, einungis útlánaáhættu. Fram til haustsins 2008 voru engar reglur um áhættustýringu til innan sparisjóðsins, en Jón taldi það ekki hafa háð starfi sínu. Það hefði verið hans hlutverk að upplýsa yfirmenn sína um stöðu mála svo þeir gætu tekið ákvarðanir en honum var ekki kunnugt um hvaða markmiðum var unnið eftir.[538]

Jón byggði upp heildaráhættumatskerfi byggt á CAMELS-líkani sem kom frá Fjármálaeftirlitinu og taldi hann að sú vinna hafi byrjað á árinu 2005 eða 2006.[539] Ársfjórðungslega tók Jón saman skýrslu um áhættuþætti sparisjóðsins og skilaði til Fjármálaeftirlitsins. Hann greindi lánasafnið mánaðarlega eftir lánsformi og áhættu eftir ýmsum flokkum, svo sem einstaklingum, fyrirtækjum, svæðum, útibúum, tryggingum, vanskilum o.s.frv. Hann taldi þessa skýrslugjöf sína hafa verið mjög öflugt eftirlitstæki. Hann fylgdi skýrslunum þó ekki eftir heldur skilaði gögnunum til yfirmanna sinna sem síðan fóru með þau fyrir stjórn. Áhættustýring gerði einnig athugasemdir við skilgreiningar á vensluðum aðilum en Jóni var ekki kunnugt um hvort tekið hafi verið tillit til athugasemda hans. Þá lagði hann fyrir stjórn skýrslu um fjárhagslega veikleika skuldara. Hann kvaðst hafa farið á stjórnarfundi ársfjórðungslega. Aðspurður um hvort áhættustýringarhópur hefði verið starfandi hjá sparisjóðnum vísaði hann til reglulegra funda forstöðumanna, annarra en lánanefndarfunda, sem hann hafi tekið þátt í síðustu árin í starfi. Forstöðumaður áhættustýringar sat í lánanefnd, þar sem farið var yfir einstakar lánveitingar og hafði atkvæðisrétt á þeim fundum. Þó voru ekki greidd atkvæði um einstök mál á lánafundum heldur voru þau fyrst og fremst rædd þar sem ákveðnar reglur giltu um lánaheimildir hvers og eins og fundurinn hafði því ekki eiginlegt ákvörðunarvald. Hann taldi að hlutverk sitt hefði verið að spyrja spurninga og þá helst um tryggingar. Að hans mati hafi rekjanleiki ákvarðana þó ekki verið nægur og taldi hann að rökstuðningur lánaákvarðana hefði ekki legið fyrir nema að takmörkuðu leyti í fundargerðum lánanefndar, og þá helst upplýsingar um það hvort lánveiting hefði verið samþykkt eða hafnað. Hann taldi að formlega hefðu þeir sem höfðu lánaheimildir getað sniðgengið niðurstöðu lánanefndar þar sem nefndin hafði ekkert ákvörðunarvald. Ekki hefðu öll útlán farið fyrir nefndina og oftast hafi það verið stóru málin sem gerðu það ekki. Aðspurður um gæði útlánasafnsins og hvort hann hefði séð í hvað stefndi gat hann ekki svarað til um það. Hann sagði starf sitt hafa meðal annars falist í að hafa eftirlit með vanskilum en haustið 2007 eða vorið 2008 hefði komið inn nýr áhættuþáttur tengdur tryggingarstöðu útlána sem hann skoðaði sérstaklega og skilaði skýrslu um sumarið 2008.[540]

19.8.2.2 Úttektir á áhættustýringu

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi áhættumatsgreiningu á nokkrum sparisjóðum miðað við árslok 2007, svokallað CAMELS-mat, en lauk ekki skýrslugerð um áhættumatskerfi Sparisjóðsins í Keflavík. Fjármálaeftirlitið framkvæmdi vettvangsathugun hjá sparisjóðnum á tímabilinu frá júlí til september 2008 og skilaði skýrslu 24. september sama ár. Um var að ræða skoðun á útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirliti með peningaþvætti. Vettvangskönnun Fjármálaeftirlitsins hafði leitt í ljós að í Sparisjóðnum í Keflavík væru ekki til neinar formlegar innri reglur eða ferlar varðandi áhættustýringu, svo sem áhættuvið-

538. Skýrsla Jóns Axelssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2012.

539. CAMELS stendur fyrir „Capital adequacy, Assets, Management Capability, Earnings, Liquidity and Sensitivity" og er kerfi sem hefur verið þróað af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum til að meta vísbendingar um yfirvofandi hættu í bankakerfinu. Í því eru fjármálastofnanir metnar með tilliti til nokkurra atriða, þ.e. eiginfjár, eigna, stjórnunar, afkomu, lauss fjár og næmni fyrir ákveðnum áhættuþáttum.

540. Skýrsla Jóns Axelssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 26. september 2012.

mið, skilgreining á verkefnum áhættustýringar, verklag vegna lána í tapsáhættu, verklag ef frávik eru á tryggingum útlána og verklag við tengingar milli lánþega í tengslum við stórar áhættuskuldbindingar. Jafnframt væru engar innri reglur til um álagspróf, gerð þeirra, tíðni, úrvinnslu eða eftirfylgni.[541] Sparisjóðurinn benti á að hafin væri vinna við mótun innri reglna og endurskoðun þeirra ferla sem til staðar væru. Engu að síður voru niðurstöður skýrslu Fjármálaeftirlitsins meðal annars eftirfarandi:

> Frumkvæði og eftirlit stjórnar virðist vera í algjöru lágmarki og stjórnun sparisjóðsins að mestu í höndum sparisjóðsstjóra. Sérstaklega er þetta sýnilegt þegar óskað var eftir stefnu stjórnar um áhættustýringu, sem ekki er til. Viðmið um áhættustýringu eru því ekki fyrirliggjandi, en greint er frá því að þessi mörk séu til í ársreikningi [Sparisjóðsins í Keflavík] vegna ársins 2007. Er ársreikningurinn því villandi hvað þetta varðar.[542]

Fjármálaeftirlitið gerði alvarlegar athugasemdir við að upplýsingar sem fram kæmu í ársreikningi væru ekki réttar. Slík vinnubrögð væru til þess fallin að gefa ranga mynd og villandi upplýsingar.[543] Í athugasemdum stjórnar sparisjóðsins við skýrslu Fjármálaeftirlitsins kvaðst stjórnin hafa sett sér markmið um áhættustýringu og eftirlit með áhættuþáttum, og þar að auki væru áhættuviðmið skilgreind í ICAAP-eftirlitskerfi sparisjóðsins og hefðu þau verið send Fjármálaeftirlitinu. Fjármálaeftirlitið ítrekaði hins vegar niðurstöðu sína og staðhæfði að ekki hefðu verið lögð fram gögn af hálfu sparisjóðsins sem sýndu fram á ofangreint.[544]

Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins var einnig fjallað um útlánaáhættu og voru gæði útlánasafnsins talin vafasöm. Það væri að nokkru afleiðing þess að regluverk væri í ólestri, sérstaklega hvað varðaði áhættustýringu en einnig vegna trygginga. Taldi Fjármálaeftirlitið að útlánasafnið væri nokkuð dreift, en skortur væri á yfirsýn yfir heildarútlán samstæðunnar. Vanskil væru í lágmarki, en væru að aukast og þá væru lán til vensláðra aðila umtalsverð.[545]

Í skýrslunni var fjallað ítarlega um þá þætti sem Fjármálaeftirlitið taldi ófullnægjandi. Ýmsir þættir sem sneru að innra eftirliti og áhættustýringu uppfylltu ekki skilyrði og skortur var á innri reglum og ferlum. Áhættustýring sparisjóðsins var ekki talin hafa verið nægilega virk og þáverandi skipulag áhættustýringar ekki uppfylla leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2002 um áhættustýringu og innra eftirlit. Á fundum Fjármálaeftirlitsins með starfsmönnum sparisjóðsins kom fram að forstöðumaður áhættustýringar og útlánaeftirlits, sem jafnframt var eini starfsmaður sviðsins, hefði einnig gegnt stöðu regluvarðar sparisjóðsins. Gerði Fjármáleftirlitið athugasemd við að ekki hefði verið til staðar staðgengill í forföllum forstöðumannsins. Þá hefði sparisjóðurinn ekki hugað nægilega að áhættunni sem fylgdi því að starfsmaður áhættustýringar léti af störfum, auk þess sem gerð var athugasemd við að sami aðili sinnti áhættustýringu, útlánaeftirliti og regluvörslu, í ljósi umsvifa sparisjóðsins.[546]

Í tengslum við vettvangskönnunina leitaði Fjármálaeftirlitið ítrekað upplýsinga um skráða ferla og reglur um áhættustýringu en fékk þau svör að gögnin væru ekki fyrir hendi. Við nánari athugun kom þó í ljós að í fylgiskjali með erindisbréfi fyrir sparisjóðsstjóra[547] var lauslega fjallað um reglur sjóðsins, svo sem hámark lána og ábyrgða, að stórar áhættuskuldbindingar vegna tengdra aðila skyldu ekki fara yfir 25% og áhættuskuldbindingar færu ekki yfir 800% af eiginfjárgrunni. Þetta voru einu skráðu mörkin sem Fjármálaeftirlitið fann í úttekt sinni, fyrir utan þá reglu að skuldbindingar umfram 10% af eiginfjárgrunni skyldu

541. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 22. október 2007.

542. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 22. október 2007.

543. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 22. október 2007.

544. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóðnum í Keflavík, september 2008.

545. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóðnum í Keflavík, september 2008. Um aðrar athugasemdir í skýrslunni er fjallað víðar í kaflanum, svo sem í undirköflum um útlán og fjárfestingar. Í undirkaflanum um útlán er vikið að svari sparisjóðsins við lokaútgáfu skýrslunnar.

546. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóðnum í Keflavík, september 2008.

547. Erindisbréfið var frá því í desember 2003 og hafði ekki verið endurskoðað síðar þrátt fyrir að fram kæmi að reglur skyldu endurskoða eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

tilkynntar stjórn. Starfsmönnum sem Fjármálaeftirlitið ræddi við var ekki kunnugt um þetta skjal og gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við að starfsmenn væru ekki upplýstir um skráð mörk sem þeim bæri að fara eftir. Jafnframt sagði í skýrslu Fjármálaeftirlitsins:

> Fjármálaeftirlitið gerir alvarlegar athugasemdir við skort á yfirsýn yfir áhættur sem að sparisjóðnum geta steðjað. Enn fremur gerir Fjármálaeftirlitið alvarlegar athugasemdir við að sparisjóðurinn hefur ekki sett sér verklagsferla samkvæmt lögum nr. 161/2002 eða kerfi til að halda utan um innra eftirlit og áhættstýringu samkvæmt leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2002.[548]

Í skýrslu Deloitte um innri endurskoðun ársins 2008 voru gerðar ýmsar athugasemdir um áhættustýringu Sparisjóðins í Keflavík. Þar kom meðal annars fram að ekki hafi verið gerð skýrsla um áhættustýringu vegna ársins 2008 og hún lögð fyrir stjórn í samræmi við 3. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 995/2007. Stjórnin hafði sett reglur um áhættustýringu sparisjóðsins í október 2008 en verkferlar við áhættustýringuna voru ekki skráðir. Innleiðingu áhættureglna hafi ekki verið lokið þegar athugun Deloitte fór fram í janúar og mars 2009. Samkvæmt upplýsingum sem Deloitte fékk frá starfsmanni sparisjóðsins hafði áhættustýring hvorki haft eftirlit með lausafjárstöðu sparisjóðsins né sett fram markmið um lausafjárstöðu. Jafnframt hefði áhættustýring ekki haft eftirlit með að safna saman skilgreindum rekstraráhættuatburðum. Í skýrslunni sagði að nauðsynlegt hefði verið að styrkja virkni þess eftirlits sem áhætturegluranar tóku til. Einnig þyrfti sparisjóðurinn að fylgja áhættumarkmiðum og tryggja að eftirlit væri virkt og rekjanlegt.[549]

548. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóðnum í Keflavík, september 2008.

549. Skýrsla um innri endurskoðun Sparisjóðsins í Keflavík 2008, 14. apríl 2009.

20. Sparisjóður Mýrasýslu



20. SPARISJÓÐUR MÝRASÝSLU

Sparisjóður Mýrasýslu var stofnaður árið 1913 og hóf starfsemi 1. október það ár. Sparisjóðurinn var stofnaður fyrir atbeina sýslunefndar Mýrasýslu, en að frumkvæði Jóhanns Magnússonar bónda á Hamri í Borgarhreppi. Sýslunefndin var frá upphafi ábyrgðaraðili sparisjóðsins og kaus stjórn. Sú tilhögun var ekki algeng því að víðast stóðu ábyrgðarmannahópar að sparisjóðum hérlendis. Þegar sýslufélög voru lögð niður mynduðu sveitarfélögin sem áður stóðu að sýslunefnd Mýrasýslu byggðasamlag um málefni sparisjóðsins, og tók það til starfa árið 1990. Byggðasamlagið kaus þá stjórn sparisjóðsins á árlegum aðalfundi hans.[1]

Á aðalfundi 3. apríl 1996 var sparisjóðnum breytt úr ábyrgðarmannasjóði í stofnfjársjóð í eigu sveitarfélaga í Mýrasýslu sem þá voru fimm talsins. Borgarhreppur, Álftaneshreppur og Þverárhlíðarhreppur sameinuðust Borgarbyggð árið 1998, en eftir þá sameiningu átti Borgarbyggð 97% stofnfjár í sparisjóðnum og Hvítársíðuhreppur 3%. Árið 2006 tók gildi sameining Hvítársíðuhrepps og Borgarbyggðar, og eftir það var sparisjóðurinn að fullu í eigu Borgarbyggðar. Samkvæmt samþykktum sparisjóðsins kusu viðkomandi sveitarstjórnir tuttugu fulltrúa, eða sparisjóðsaðila, til fjögurra ára setu í senn á aðalfundi sparisjóðsins.[2] Þetta fulltrúaráð kaus stjórn sparisjóðsins árlega.

Tafla 1. Stjórn Sparisjóðs Mýrasýslu 2001–2008.[3]

Nafn	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008/I	2008/II
Bjarni Helgason	x	x	x	x	x	x	x	x	
Guðmundur Eiríksson			x	x	x	x		x	
Guðmundur H. Jónsson									x
Helga Halldórsdóttir							x	x	
Jóhannes M. Þórðarson	x	x	x	x	x	x			
Kolfinna Jóhannesdóttir							x	x	
Laufey Valsteinsdóttir							x		
Magnús Sigurðsson	Form.	Form.							
Óðinn Sigþórsson									x
Ólafur Guðmundsson			x	x	x	x			
Róbert Birgir Agnarsson									Form.
Runólfur Ágústsson	x	x							
Sigurður Már Einarsson	x	x	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	
Þorvaldur T. Jónsson									x
Þórbergur Guðjónsson									x

Sparisjóðsstjóri frá 1999 var Gísli Kjartansson. Hann lét af störfum 1. september 2008 og við tók Bernhard Þór Bernhardsson sem gegndi starfinu þar til Sparisjóður Mýrasýslu varð hluti af Nýja Kaupþingi banka hf. (síðar Arion banka hf.) í apríl 2009. Sigurður Már Einarsson var lengst af formaður stjórnar sparisjóðsins, það er tímabilið 2003–2008.

Sparisjóðurinn var alla tíð til húsa í Borgarnesi. Fyrstu árin var hann í leiguhúsnæði en árið 1962 fluttist hann í eigið húsnæði við Borgarbraut.[4] Í júní 2005 fluttist sparisjóðurinn svo í nýtt 1.200 fermetra húsnæði við Brúartorg í Borgarnesi. Eignarhaldsfélagið Fasteign hf. byggði húsið og gerði leigusamning við sparisjóðinn til 30 ára. Borgarbyggð keypti þá gamla sparisjóðshúsið, og fluttist skrifstofa bæjarins þangað. Viðskiptasvæði sparisjóðsins var í fyrstu bundið við Mýrasýslu, en náði fljótt til Borgarfjarðarsýslu innan Skarðsheiðar og síðar um sunnanvert Snæfellsnes. Í marsmánuði 2005 opnaði Sparisjóður Mýrasýslu skrifstofu í Reykjavík og í febrúar 2006 útibú á Akranesi.

Árið 2001 tók Sparisjóður Mýrasýslu þátt í stofnfjáraukningu Sparisjóðs Siglufjarðar sem jók stofnfé sitt vegna erfiðleika í rekstri. Sparisjóður Mýrasýslu eignaðist við aukninguna 41,2% stofnfjár í Sparisjóði Siglufjarðar, og um tveimur árum síðar eignaðist hann allt

1. Snorri Þorsteinsson, *Sparisjóður í 90 ár: Saga Sparisjóðs Mýrasýslu 1913–2003*, Borgarnesi 2003, bls. 166.
2. Sparisjóðsaðilar voru 18 frá árinu 2007.
3. Ársreikningar Sparisjóðs Mýrasýslu 2001–2008.
4. Snorri Þorsteinsson, *Sparisjóður í 90 ár: Saga Sparisjóðs Mýrasýslu 1913–2003*, Borgarnesi 2003, bls. 140.

stofnfé í sparisjóðnum. Í febrúar 2005 eignaðist Sparisjóður Mýrasýslu svo allt stofnfé í Sparisjóði Ólafsfjarðar. Hugmyndin var upphaflega að sameina þessa tvo sjóði og jafnvel að sameina þá Sparisjóði Mýrasýslu. Þeir störfuðu þó áfram undir eigin merkjum og voru þannig dótturfélög Sparisjóðs Mýrasýslu sem var fjórði stærsti sparisjóður landsins í árslok 2006.[5]

Snemma árs 2008 var ljóst að Sparisjóður Mýrasýslu átti í miklum rekstrar- og eiginfjárvanda, og var uppgefið eiginfjárhlutfall á skýrslum til Fjármálaeftirlitsins neikvætt í júní 2008. Þá hófust viðræður við helstu lánardrottna um fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins. Áætlun um samruna við Kaupþing banka hf. var komin vel á veg þegar Fjármálaeftirlitið tók yfir vald hluthafafundar bankans í byrjun október 2008. Eftir fall bankanna sýndi Nýi Kaupþing banki hf. áhuga á að kaupa eða yfirtaka sparisjóðinn. Hinn 3. apríl 2009 tók Fjármálaeftirlitið svo yfir vald stofnfjáreigendafundar Sparisjóðs Mýrasýslu, og daginn eftir var gerður samningur um kaup Nýja Kaupþings banka hf. á öllum eignum sparisjóðsins. Í kjölfarið voru réttindi og eignir sem tilgreind voru í kaupsamningnum flutt yfir til bankans, þar með talin öll útlán og innlán. Samhliða þessum aðgerðum eignaðist Nýi Kaupþing banki hf. allt stofnfé í Sparisjóði Mýrasýslu. Jafnframt færðist eignarhald á dótturfélögum sparisjóðsins til Nýja Kaupþings banka hf.[6] Höfuðstöðvar sparisjóðsins og útibú Nýja Kaupþings banka hf. í Borgarnesi voru sameinuð 27. apríl 2009.

20.1 Ársreikningar 2001–2008

Hér verður farið yfir þróun rekstrarreiknings og efnahagsreiknings Sparisjóðs Mýrasýslu, helstu liði þeirra og kennitölur á árunum 2001–2008. Umfjöllunin miðast við verðlag hvers árs nema annað sé tekið fram.[7] Sparisjóður Mýrasýslu gerði samstæðureikningsskil frá og með árinu 2000. Reikningar samstæðunnar eru hér til umfjöllunar, en jafnframt verður litið til móðurfélagsins, það er Sparisjóðs Mýrasýslu á sínu heimasvæði, þar sem undanskilin eru áhrifin af Sparisjóði Ólafsfjarðar og Sparisjóði Siglufjarðar. Um Sparisjóð Ólafsfjarðar og Sparisjóð Siglufjarðar er fjallað í viðeigandi köflum. Annarra dótturfélaga er getið hér aftar eftir því sem við á, einkum í kaflanum um fjárfestingar sparisjóðsins.

Sparisjóðurinn tók upp reikningsskil samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilareglum (IFRS) árið 2007. Það kallaði á nokkrar tilfærslur í framsetningu hér til þess að reikningar yrðu samanburðarhæfir milli ára. Upptaka reglnanna leiddi til hækkunar á eigin fé sparisjóðsins í ársbyrjun 2007 um rúma 1,7 milljarða króna. Innleiðingin hafði ekki viðlíka breytingu í för með sér hjá nokkrum öðrum sparisjóði.

Breyting frá fyrri reikningsskilaaðferðum hafði veruleg áhrif á samanburðartölurnar frá fyrra ári, þar sem hagnaður ársins 2006 hefði orðið 821 milljón krónum hærri og hefði numið 2,3 milljörðum króna ef gert hefði verið upp samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilareglum. Munurinn lá fyrst og fremst í matshækkun á fjáreignum sem var tekjufærð í rekstrarreikningi, og jafnframt var eignarhlutur sparisjóðsins í Sparisjóðabankanum, sem færður hafði verið sem hlutdeildarfélag, nú færður á gangvirði. Í ársreikningum voru móðurfélagsreikningar fyrir árin 2007 og 2008 sýndir í viðauka aftan við samstæðureikninginn án skýringa.

Ekki var samið uppgjör fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2009, enda var ársreikningur fyrir árið 2008 ekki undirritaður fyrr en 5. maí það ár og sparisjóðurinn þá kominn í eigu Nýja Kaupþings banka hf. Sparisjóður Mýrasýslu skilaði ársreikningi móðurfélags fyrir árið 2009, og áritaði endurskoðandi sparisjóðsins hann með þeim fyrirvara að hann gæfi aðeins glögga mynd af stöðu eigna og skulda í árslok, en rekstrarreikning sparisjóðsins hefði ekki verið unnt að staðfesta með viðunandi hætti. Sá reikningur verður ekki til umræðu hér, enda var sparisjóðurinn þá kominn í eigu Nýja Kaupþings banka hf. frá því í byrjun apríl.

5. Fundargerð aðalfundar Sparisjóðs Mýrasýslu, 2. mars 2007.
6. Ársreikningur Sparisjóðs Mýrasýslu 2009.
7. Fjallað er um meðhöndlun ársreikninga og reikningsskilareglur í 8. kafla.

20.1.1 Rekstrarreikningur

Sparisjóður Mýrasýslu var rekinn með hagnaði frá 2001 til 2007. Hagnaður jókst nokkuð stöðugt fram til 2005 þegar hann nær þrefaldaðist. Árið 2006 varð önnur eins aukning þegar hagnaður meira en tvöfaldaðist. Bæði þessi ár var hagnaðurinn borinn uppi af fjárfestingartekjum eða arðs- og hlutdeildartekjum, en þó einkum gengishagnaði af öðrum fjáreignum. Hagnaður ársins 2007 var ekki nema tæplega helmingur á við það sem hann hafði verið árið áður vegna aukins almenns rekstrarkostnaðar og framlags í afskriftareikning útlána. Þá var einnig byrjað að færa flestar fjáreignir sparisjóðsins á gangvirði sem leiddi til samdráttar í hlutdeildartekjum.

Tafla 2. Samandregnir rekstrarreikningar Sparisjóðs Mýrasýslu, samstæðu, fyrir árin 2001–2008.[8]

Þús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Hreinar vaxtatekjur	316.286	312.387	461.479	490.126	649.665	709.125	772.816	421.817
Hreinar þjónustutekjur	57.238	61.280	158.110	216.652	248.558	291.716	306.653	311.225
Arðstekjur og hlutdeildartekjur	15.115	5.552	19.707	53.981	242.647	621.189	18.506	(222.226)
Gengishagn. (tap) af fjáreignum	(33.848)	46.063	23.808	72.942	524.517	1.251.734	1.256.619	(5.425.801)
Aðrar rekstrartekjur	11.770	59.932	215.791	83.582	36.396	68.787	317.881	248.844
Hreinar rekstrartekjur	**366.561**	**485.214**	**878.895**	**917.283**	**1.701.783**	**2.942.551**	**2.672.475**	**(4.666.141)**
Almennur rekstrarkostnaður	(184.312)	(238.390)	(404.903)	(462.938)	(629.364)	(916.548)	(1.336.682)	(2.213.751)
Önnur rekstrargjöld	(6.895)	(7.717)	(21.506)	(10.059)	(37.875)	(42.622)	(23.100)	(533.156)
Framlög í afskriftareikning útlána o.fl.	(121.930)	(112.061)	(280.907)	(219.278)	(284.040)	(251.226)	(578.984)	(15.748.350)
Rekstrargjöld samtals	**(313.137)**	**(358.168)**	**(707.316)**	**(692.275)**	**(951.279)**	**(1.210.396)**	**(1.938.766)**	**(18.495.257)**
Hagnaður (tap) fyrir skatta	**53.424**	**127.046**	**171.579**	**225.008**	**750.504**	**1.732.155**	**733.709**	**(23.161.398)**
Skattar samtals	27.991	(26.522)	(38.063)	(32.767)	(134.862)	(274.394)	(98.463)	1.918.280
HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS	**81.415**	**100.524**	**133.516**	**192.241**	**615.642**	**1.457.761**	**635.246**	**(21.243.118)**

Uppgjör samstæðunnar fyrir fyrsta ársfjórðung 2008 sýndi 1,6 milljarða króna tap, hálfsársuppgjörið sýndi tap upp á rúmlega 4,6 milljarða króna, og loks var árið í heild gert upp með 21,2 milljarða króna tapi. Nær allir tekjuliðir drógust saman, einkum afkoma af fjáreignum sem var neikvæð um 5,4 milljarða króna. Framlag í afskriftareikning margfaldaðist einnig og nam 15,7 milljörðum króna samanborið við 579 milljónir króna árið áður. Miðað við fast verðlag nam tapið liðlega fimmfalt hærri fjárhæð en samanlagður hagnaður sparisjóðsins undanfarin tíu ár.

Þar sem rekstrarreikningarnir í töflu 2 eru samstæðureikningar er rekstur Sparisjóðs Siglufjarðar (Afls sparisjóðs árið 2008) frá og með árinu 2003 innifalinn í þeim, sem og rekstur Sparisjóðs Ólafsfjarðar frá 1. apríl 2005. Til að greina áhrif þeirra á samstæðuna þarf að líta til móðurfélagsreikninga Sparisjóðs Mýrasýslu þar sem hlutdeild móðurfélagsins í afkomu dótturfélaga er tilgreind. Þáttur þeirra skipti litlu fyrir afkomu samstæðunnar og eru helstu áhrifin merkjanleg árið 2004 þegar hlutdeild í afkomu Sparisjóðs Siglufjarðar nam tæplega þriðjungi af afkomu samstæðunnar og árið 2007 þegar dóttursparisjóðirnir skiluðu nær fjórðungi af hagnaðinum. Þáttur dóttursparisjóðanna var hins vegar lítill í tapi ársins 2008.

Tafla 3. Hlutdeild móðurfélags Sparisjóðs Mýrasýslu í afkomu dóttursparisjóða árin 2003–2008.[9]

Þús. kr.	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Sparisjóður Siglufjarðar	22.200	63.067	86.180	39.859	103.371	
AFL-sparisjóður						(739.543)
Sparisjóður Ólafsfjarðar			21.074	37.087	48.180	(438.107)
Samtals hlutdeild í afkomu	**22.200**	**63.067**	**107.254**	**76.946**	**151.551**	**(1.177.650)**

Hreinar rekstrartekjur samanstanda af hreinum vaxtatekjum, hreinum þjónustutekjum, arðstekjum og hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga, gengishagnaði (-tapi) af fjáreignum og öðrum rekstrartekjum.

Mynd 1 sýnir glöggt hve tekjur af fjáreignum höfðu mikil áhrif á hreinar rekstrartekjur á árunum 2005–2008. Gengisbreytingar á fjáreignum höfðu mest áhrif, en töluverðra áhrifa gætti af arðs- og hlutdeildartekjum árin 2005 og 2006. Af myndinni sést einnig að hreinar

8. Ársreikningar Sparisjóðs Mýrasýslu 2005–2008. Í viðauka C má sjá sömu rekstrarreikninga á föstu verðlagi.
9. Ársreikningar Sparisjóðs Mýrasýslu 2003–2008.

vaxta- og þjónustutekjur breyttust ekki í sama mæli og fjáreignatekjurnar þó hreinar vaxtatekjur hefðu dregist mjög saman árið 2008. Fjárfestingarstarfsemi var þannig orðin miklu umfangsmeiri en kjarnastarfsemi sparisjóðsins í reikningum hans.

Mynd 1. Hreinar rekstrartekjur Sparisjóðs Mýrasýslu, samstæðunnar, 2001–2008.[10]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Hreinar vaxtatekjur	316.286	312.387	461.479	490.126	649.665	709.125	772.816	421.817
Hreinar þjónustutekjur	57.238	61.280	158.110	216.652	248.558	291.716	306.653	311.225
Arðstekjur og hlutdeildartekjur	15.115	5.552	19.707	53.981	242.647	621.189	18.506	(222.226)
Aðrar rekstrartekjur	11.770	59.932	215.791	83.582	36.396	68.787	317.881	248.844
Gengishagn. (tap) af fjáreignum	(33.848)	46.063	23.808	72.942	524.517	1.251.734	1.256.619	(5.425.801)
Hreinar rekstrartekjur	366.561	485.214	878.895	917.283	1.701.783	2.942.551	2.672.475	(4.666.141)

Hreinar vaxtatekjur voru stærsti tekjuliður sparisjóðsins frá upphafi tímabilsins og allt til ársins 2006 þegar gengishagnaður af fjáreignum fór langt fram úr þeim. Þetta gilti bæði um samstæðuna og móðurfélagið.

Tafla 4. Vaxtatekjur og vaxtagjöld hjá Sparisjóði Mýrasýslu, samstæðunni, árin 2001–2008.[11]

Þús. kr.	**2001**	**2002**	**2003**	**2004**	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**
Kröfur á lánastofnanir o.fl.	29.920	22.748	42.645	15.577	19.739	165.846	341.155	449.403
Útlán o.fl.	941.222	816.008	1.041.175	1.176.409	1.821.518	2.941.161	3.829.168	6.455.025
Markaðsskuldabréf o.fl.	77.602	74.662	35.577	52.689	42.261	112.175	75.863	(16.187)
Aðrar vaxtatekjur o.fl.							11.922	
Vaxtatekjur o.fl. samtals	**1.048.744**	**913.418**	**1.119.397**	**1.244.675**	**1.883.518**	**3.219.182**	**4.258.108**	**6.888.241**
Lánastofnanir	(87.147)	(141.198)	(44.393)	(62.321)	(131.270)	(329.166)	(521.571)	(1.345.966)
Innlán o.fl.	(389.288)	(280.705)	(335.483)	(398.456)	(582.431)	(1.219.507)	(1.652.737)	(2.892.388)
Lántaka o.fl.	(193.750)	(130.621)	(212.558)	(224.193)	(426.782)	(770.738)	(964.413)	(1.675.900)
Víkjandi skuldir	(6.758)	(28.669)	(39.035)	(41.302)	(72.205)	(159.284)	(240.382)	(443.390)
Önnur vaxtagjöld o.fl.	(40.099)	(19.838)	(26.449)	(28.277)	(21.165)	(31.362)	(106.189)	(108.780)
Vaxtagjöld o.fl. samtals	**(717.042)**	**(601.031)**	**(657.918)**	**(754.549)**	**(1.233.853)**	**(2.510.057)**	**(3.485.292)**	**(6.466.424)**
Hreinar vaxtatekjur	**316.286**	**312.387**	**461.479**	**490.126**	**649.665**	**709.125**	**772.816**	**421.817**

Taflan sýnir nær stöðugan vöxt hreinna vaxtatekna uns þær lækkuðu verulega árið 2008 þegar vaxtagjöld hækkuðu mun meira en vaxtatekjur. Þetta varð með nokkuð öðrum hætti hjá móðurfélaginu því að hreinar vaxtatekjur þess fóru lækkandi eftir 2005 þar sem hlutfall vaxtagjalda móðurfélagsins af vaxtagjöldum samstæðunnar var jafnan hærra en vaxtatekjur móðurfélagsins á móti vaxtatekjum samstæðunnar. Í töflu 5 er sýnd hlutdeild móðurfélagsins í helstu vaxtatekju- og vaxtagjaldaliðum samstæðunnar. Þar má til

10. Ársreikningar Sparisjóðs Mýrasýslu 2001–2008.
11. Ársreikningar Sparisjóðs Mýrasýslu 2001–2008.

dæmis sjá að nær öll vaxtagjöld vegna lántöku voru á vegum móðurfélagsins. Bent skal á að þegar hlutföll fara upp fyrir 100%, hefur verið um að ræða milliviðskipti af einhverju tagi innan samstæðunnar.

Tafla 5. Hlutdeild móðurfélags Sparisjóðs Mýrasýslu í vaxtatekjum og vaxtagjöldum samstæðunnar árin 2001–2008.[12]

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Vaxtatekjur af útlánum	100,0%	101,3%	81,2%	82,9%	76,6%	75,9%	74,9%	77,2%
Vaxtatekjur samtals	100,0%	101,1%	81,7%	83,6%	79,2%	76,9%	77,1%	74,1%
Vaxtagjöld til lánastofnana	100,0%	100,0%	85,3%	84,1%	93,9%	81,6%	76,4%	99,4%
Vaxtagjöld af innlánum	100,0%	100,1%	77,2%	78,7%	71,1%	69,2%	67,4%	63,6%
Vaxtagjöld af lántökum	100,0%	100,0%	88,8%	96,4%	90,3%	94,8%	111,7%	80,9%
Vaxtagjöld samtals	100,0%	99,9%	81,7%	84,4%	81,4%	79,7%	81,3%	77,6%
Hreinar vaxtatekjur	**100,8%**	**103,4%**	**81,7%**	**82,5%**	**74,9%**	**67,1%**	**58,3%**	**20,2%**

Vaxtamunur fór lækkandi hjá Sparisjóði Mýrasýslu þessi sex ár eins og hjá sparisjóðunum í heild. Vaxtamunurinn var afgerandi minni hjá móðurfélaginu en samstæðunni, nema á árinu 2008 þegar hann tók kipp upp á við hjá móðurfélaginu. Meðalvextir útlána og meðalvextir innlána hækkuðu samfellt eftir 2003, innlánavextir þó sýnu meira. Þessi litli og minnkandi vaxtamunur hélst í hendur við rýra og yfirleitt neikvæða afkomu af kjarnarekstri sparisjóðsins og skýrir hana á vissan hátt.

Tafla 6. Meðalvextir og vaxtamunur samstæðu og móðurfélags Sparisjóðs Mýrasýslu árin 2001–2008.[13]

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Samstæða:								
Meðalvextir útlána	16,7%	11,8%	12,2%	10,4%	10,8%	12,3%	12,4%	17,4%
Meðalvextir innlána	11,2%	6,9%	6,4%	6,0%	6,4%	9,5%	10,4%	16,0%
Vaxtamunur	4,9%	4,6%	5,5%	4,1%	4,2%	2,6%	1,8%	1,2%
Móðurfélag:								
Meðalvextir útlána	16,4%	11,7%	10,7%	10,0%	10,2%	12,0%	12,0%	19,1%
Meðalvextir innlána	11,2%	6,9%	5,6%	5,9%	6,2%	10,0%	11,0%	16,4%
Vaxtamunur	4,7%	4,5%	4,8%	3,9%	3,8%	1,8%	0,9%	2,3%
Allir sparisjóðir:								
Vaxtamunur	5,8%	5,3%	5,9%	5,5%	3,7%	3,1%	0,9%	1,2%

Hreinar þjónustutekjur samstæðunnar voru allt tímabilið að mestu upprunnar hjá Sparisjóði Siglufjarðar sem sinnti allt frá árinu 2000 fjarvinnslu fyrir Kaupþing banka. Á árunum 2007 og 2008 voru aðrar rekstrartekjur margfalt hærri en árin á undan. Að hálfu leyti var þar um að ræða innheimtuþóknanir eins af dótturfélögum samstæðunnar, Veitu fjármálaþjónustu hf., sem annars var rekið með tapi bæði árin, 5 milljóna króna tapi árið 2007 og 84 milljóna króna tapi árið 2008.

Arðs- og hlutdeildartekjur meira en tvöfölduðust árið 2006, að langmestu leyti vegna 495 milljóna króna hlutdeildar í afkomu Sparisjóðabankans. Slíkar tekjur urðu óverulegar árið eftir því að við upptöku alþjóðlegra reikningsskilareglna (IFRS) var tekið að færa eignarhlutinn í bankanum sem veltufjáreign á gangvirði. Á árinu 2008 var 222 milljóna króna tap á þessum lið í ársreikningi samstæðunnar; það skýrðist af hlutdeild í tapi tveggja eignarhaldsfélaga sem sparisjóðurinn átti að tæplega helmingi, þ.e. Borgarlands ehf. og Vesturlands ehf. Hið síðarnefnda átti í ársbyrjun 1,2 milljarða króna í verðbréfum, mest óskráðum hlutabréfum, sem féllu um þrjá fjórðu í verði á árinu. Mikið tap varð undir þessum sama lið hjá móðurfélaginu á árinu 2008 eða rúmlega 1,5 milljarðar króna því að þar var tilgreind hlutdeild þess í tapi dótturfélaganna.

12. Ársreikningar Sparisjóðs Mýrasýslu 2001–2008.
13. Ársreikningar Sparisjóðs Mýrasýslu 2001–2008.

Tafla 7. Hlutdeild móðurfélags Sparisjóðs Mýrasýslu í afkomu dótturfélaga árið 2008.[14]

Dótturfélag	Eignarhluti	Hlutdeild í afkomu
Niðurskógur ehf.	100%	(253.327)
Afl-sparisjóður	91,8%	(739.543)
Sparisjóður Ólafsfjarðar	99,9%	(438.546)
SPM ehf.	100%	5.294
Veita hf. fjármálaþjónusta	72,8%	(61.032)
NordVest verðbréf hf.	100%	(97.472)
Samtals hlutdeild í afkomu		**(1.584.626)**

Afkoma af fjáreignum var óveruleg fyrr en á árinu 2005, en þá nam hagnaður af þeim ríflega hálfum milljarði króna, og næstu tvö ár voru tekjur af fjáreignum vel á annan milljarð króna hvort ár. Þessar tekjur tilheyrðu móðurfélaginu að langmestu leyti. Sama gilti um gríðarlegt tap sem varð undir þessum lið á árinu 2008 og nam nærri 5,5 milljörðum króna. Árin 2005 og 2006 stafaði gengishagnaðurinn aðallega af verðhækkun skráðra hlutabréfa í veltubók og hlutdeild í afkomu Sparisjóðabankans. Á árinu 2007, þegar Sparisjóður Mýrasýslu tók upp reikningsskil samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilareglum (IFRS), færði sparisjóðurinn alla hlutabréfaeign sína í veltubók upp á gangvirði, en það leiddi til matsbreytingar við innleiðinguna upp á rúmlega 2,2 milljarða króna. Matsbreytingin var færð til hækkunar á eigin fé í ársreikningi. Þrátt fyrir miklar lækkanir á hlutabréfamarkaði síðari hluta árs 2007 sýndi rekstrarreikningurinn nær sama gengishagnað og árið áður. Hann var borinn uppi af matshækkun á eignarhlut sparisjóðsins í Sparisjóðabanka Íslands/Icebank hf. sem nú var færður sem veltufjáreign í stað hlutdeildarfélags áður. Hlutdeildartekjur urðu á hinn bóginn óverulegar af sömu ástæðu. Árið 2008 varð mikið tap á hlutabréfaeign Sparisjóðs Mýrasýslu og mest vegna eignarhluta í Sparisjóðabankanum, Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. og VBS Fjárfestingarbanka hf., sem urðu verðlitlir í kjölfar falls bankanna. Gengistap vegna þessara þriggja félaga nam samtals 5,3 milljörðum króna.

Mynd 2. Rekstrargjöld Sparisjóðs Mýrasýslu, samstæðunnar, 2001–2008.[15]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Framlög í afskr.reikn. útlána o.fl.	121.930	112.061	280.907	219.278	284.040	251.226	578.984	15.748.350
Önnur rekstrargjöld	6.895	7.717	21.506	10.059	37.875	42.622	23.100	533.156
Almennur rekstrarkostnaður	184.312	238.390	404.903	462.938	629.364	916.548	1.336.682	2.213.751
Rekstrargjöld samtals	313.137	358.168	707.316	692.275	951.279	1.210.396	1.938.766	18.495.257

Hafa ber í huga að gengismunur gjaldeyristengdra eigna og skulda er meðtalinn undir þessum lið. Hann var óverulegur framan af umræddu tímabili, þar til 2007 er hann var neikvæður um rúmlega 46 milljónir króna. Árið 2008 var hins vegar jákvæður gengismunur upp á rúman milljarð króna; það sýnir að gengistap á verðbréfaeign samstæðunnar nam í

14. Ársreikningur Sparisjóðs Mýrasýslu 2008.
15. Ársreikningar Sparisjóðs Mýrasýslu 2001–2008.

rauninni 6,5 milljörðum króna. Þessar fjárhæðir skrifast að verulegu leyti á móðurfélagið. Ástæða fyrir þessum jákvæða gengismun á sama tíma og íslenska krónan féll var stóraukin hlutdeild útlána í erlendri mynt hjá sparisjóðnum. Í árslok 2008 voru gengisbundin útlán tæplega 52% af útlánum samstæðunnar, en höfðu verið tæp 37% í árslok 2007 og 28% í lok árs 2006.[16] Fjórðungur gengisbundnu útlánanna í árslok 2008 tilheyrði Afli sparisjóði, en móðurfélagið var ábyrgt fyrir þorra þessara lána.

Rekstrargjöld Sparisjóðs Mýrasýslu fóru vaxandi eftir því sem félögum í samstæðunni fjölgaði. Rekstrargjöld tvöfölduðust árið 2003 þegar Sparisjóður Siglufjarðar bættist í samstæðuna og einnig hækkuðu þau umtalsvert 2005 þegar Sparisjóður Ólafsfjarðar bættist við.

Undir liðinn rekstrargjöld fellur almennur rekstrarkostnaður sem samanstendur af launakostnaði og öðrum rekstrar- og stjórnunarkostnaði auk annarra rekstrargjalda. Undir þennan lið falla jafnframt afskriftir af rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum auk framlags í afskriftareikning útlána.

Árið 2008 voru rekstrargjöld óvenjulega há miðað við fyrri ár þegar framlag í afskriftareikning útlána nær þrítugfaldaðist auk þess sem almennur rekstrarkostnaður hækkaði mjög. Framlagið í afskriftareikninginn tilheyrði móðurfélaginu að mestu leyti; að liðlega 93% árið 2008, og það var aðeins árin 2005 og 2006 sem það hlutfall var lægra en 70%. Nánar er fjallað um útlán sparisjóðsins og ástæður þessa háa afskriftaframlags hér aftar. Liðurinn önnur rekstrargjöld hélst lágur allt umrætt tímabil, að undanskildu árinu 2008 þegar hann fór yfir hálfan milljarð króna, en um var að ræða virðisrýrnun óefnislegra eigna sparisjóðsins sem voru færðar niður að fullu.

Almennur rekstrarkostnaður tekur til launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar, meðal annars afskrifta af rekstrarfjármunum. Þessi útgjaldaflokkur breyttist í áþekkum takti hjá móðurfélaginu og samstæðunni. Móðurfélagið var frá 2003 með um það bil 60% af almennum rekstrarkostnaði samstæðunnar. Þótt þessi kostnaður yxi mjög á þessum árum hélst hlutfall rekstrarkostnaðar af meðalstöðu heildareigna lítt breytt og var reyndar lægra en hjá sparisjóðunum í heild þar til árið 2008 þegar það hækkaði verulega, einkum vegna niðurfærslu á fullnustueignum sparisjóðsins.[17]

Mynd 3. Almennur rekstrarkostnaður Sparisjóðs Mýrasýslu, samstæðunnar, 2001–2008 og hlutfall hans af meðaleignum, auk sama hlutfalls hjá sparisjóðunum í heild.[18]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Samstæðan	184.312	238.390	404.903	462.938	629.364	916.548	1.336.682	2.213.751
Móðurfélagið	182.961	234.241	260.203	266.205	333.757	546.166	766.564	1.315.037
Kostn.hlutfall, samstæða	2,4%	2,6%	3,7%	3,2%	3,0%	3,1%	3,2%	4,7%
Kostn.hlutfall, móðurfél.	2,3%	2,5%	2,5%	2,1%	1,9%	2,2%	2,3%	3,4%
Kostn.hlutfall, allir sparisj.	4,0%	4,1%	4,1%	3,8%	3,2%	2,8%	2,8%	2,7%

Launakostnaður Sparisjóðs Mýrasýslu, þ.e. laun og launatengd gjöld, þróaðist á umræddu tímabili eins og sést í töflu 8 en á þeim tíma fjölgaði starfsmönnum hjá samstæðunni. Fjölgunin var fyrst og fremst vegna tilkomu dótturfélaga í samstæðuna og hjá dóttur-

16. Skýrslur sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins um útlán og vanskil.
17. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Mýrasýslu 2007.
18. Ársreikningar sparisjóðanna 2001–2008.

félögunum sjálfum. Sparisjóður Siglufjarðar varð hluti af samstæðunni 2003 og Sparisjóður Ólafsfjarðar 2005. Sparisjóður Siglufjarðar keypti útibú Glitnis á Siglufirði í júní 2006 og loks varð innheimtufyrirtækið Veita ehf. (áður Premium ehf.) hluti samstæðunnar árið 2007. Árið 2008 varð viðsnúningur þegar stöðugildum fækkaði á öllum vígstöðvum, mest hjá Veitu ehf. Launakostnaður á hvert stöðugildi var umtalsvert hærri hjá móðurfélaginu en samstæðunni allri frá 2003.

Tafla 8. Launakostnaður Sparisjóðs Mýrasýslu árin 2001–2008 og fjöldi stöðugilda í árslok.[19]

Þús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Samstæða:								
Stöðugildi í árslok	25	25	50	56	66	73	98	77
Launakostnaður alls	74.486	108.755	200.494	252.088	335.772	500.130	673.641	549.520
Laun og þóknanir yfirstjórnar	14.800	16.400	27.249	33.323	44.138	50.320	68.788	205.476
Móðurfélag:								
Stöðugildi í árslok	25	25	25	25	25	28	31	27
Launakostnaður alls	74.486	108.755	123.706	134.949	169.256	307.416	359.995	149.185
Laun og þóknanir yfirstjórnar	14.800	16.400	17.605	21.006	24.176	25.703	33.100	142.533
þar af sparisjóðsstjóri			13.645	16.596	18.626	20.223	25.315	136.825

Árið 2008 var færð 180,7 milljóna króna lækkun á lífeyrisskuldbindingu í ársreikningi í tengslum við starfslok sparisjóðsstjóra. Sýnist launakostnaður því vera lægri en ella. Mikil hækkun á launum og þóknunum til yfirstjórnar þetta sama ár skýrist einnig af starfslokum sparisjóðsstjórans. Með yfirstjórn er átt við sparisjóðsstjóra og stjórnarmenn. Í skýringu 13 í ársreikningi samstæðunnar 2008 segir:

> Í tengslum við starfslok Gísla Kjartanssonar sparisjóðsstjóra á árinu 2008 var gert samkomulag um lífeyrisskuldbindingu hans sem nam að uppreiknaðri fjárhæð 180,7 millj. kr. Greiðslur námu kr. 76,2 millj. kr. vegna uppgjörs lífeyrisskuldbindingar og kr. 44,8 millj. kr. vegna launa. Samtals kr. 121,0 millj. kr.

Breyting var gerð á eftirlaunasamningi Gísla 8. nóvember 2006. Uppgjörið sem tilgreint er í framangreindri skýringu var á grundvelli þeirrar breytingar sem gerð var á eldri samningi. Ákvæði um eftirlaun til maka kæmi til fráfalls Gísla var fellt út, en í staðinn hækkaði lífeyrisskuldbindingin verulega, og skýrir að hluta mikla hækkun launakostnaðar 2006.

Mynd 4. Hlutfallsleg þróun launakostnaðar á stöðugildi hjá Sparisjóði Mýrasýslu, samstæðunni, og hjá sparisjóðunum í heild, samanborið við almenna launaþróun 2001–2008.[20]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Launavísitala	1,00	1,07	1,13	1,18	1,26	1,39	1,51	1,63
Allir sparisjóðir	1,00	1,17	1,18	1,38	1,59	1,64	1,89	2,24
SPM samstæða	1,00	1,46	1,35	1,51	1,71	2,30	2,31	2,40
SPM móðurfélag	1,00	1,46	1,66	1,81	2,27	3,68	3,90	1,85

19. Ársreikningar Sparisjóðs Mýrasýslu 2001–2008.
20. Ársreikningar sparisjóðanna 2001–2008. Launavísitalan er frá Hagstofu Íslands.

Launakostnaður á hvert stöðugildi var talsvert hærri hjá Sparisjóði Mýrasýslu allt þetta tímabil en hjá sparisjóðunum í heild. Þróun þessa meðaltals er sýnd á mynd 4 og almenn launavísitala til samanburðar. Meðaltalið var töluvert hærra hjá móðurfélaginu en samstæðunni í heild. Árið 2008 er illa marktækt í þessum samanburði, einkum hjá móðurfélaginu, vegna uppgjörs á starfslokum sparisjóðsstjóra.

Sérstakt kaupauka- og hvatakerfi tíðkaðist ekki hjá Sparisjóði Mýrasýslu að öðru leyti en því að móðurfélagið greiddi starfsfólki sínu launauppbót árin 2005, 2006 og 2007 fyrir undangengið starfsár. Um var að ræða jafna eingreiðslu, 125, 175 og 200 þúsund krónur fyrir hvert þessara ára til starfsmanna í fullu starfi, en hlutfall af henni ef um hlutastarf var að ræða. Ekki var um að ræða nein sérstök fríðindi til starfsmanna önnur en þau að sparisjóðsstjóri hafði til fullra umráða bifreið í eigu sparisjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins samdi við Gísla Kjartansson sparisjóðsstjóra um starfslok hans 1. september 2008. Samkvæmt 2. grein starfslokasamningsins féllu allir eldri samningar við hann um launakjör úr gildi, þar með talinn fyrrnefndur samningur um eftirlaun frá 8. nóvember 2006. Í stað þeirra komu greiðslur samkvæmt þessum nýja samningi. Í 4. grein samningsins var fjallað um greiðslur vegna starfsloka sparisjóðsstjórans, en samkvæmt samningnum fékk sparisjóðsstjórinn afhenta bifreið sem hann hafði haft til afnota og launagreiðslur í 12 mánuði frá 1. október 2008. Auk þessa fékk sparisjóðsstjórinn 60 milljóna króna eingreiðslu við starfslok.[21]

Kjarnarekstur

Í töflu 9 gefur að líta afkomu af kjarnarekstri samstæðunnar á tímabilinu. Niðurstöðutölur móðurfélagsins eru einnig sýndar til samanburðar. Árin 2001–2005 var afkoma af kjarnarekstri jákvæð ef árið 2003 er undanskilið. Framlag í afskriftareikning réð úrslitum um það hvort kjarnareksturinn væri jákvæður eða ekki, en Sparisjóður Mýrasýslu var einn fárra sparisjóða með jákvæða afkomu af kjarnarekstri þessi ár. Frá og með 2006 hækkaði almennur rekstrarkostnaður hins vegar langt umfram hækkun hreinna vaxtatekna og þjónustutekna, og fyrir vikið varð afkoma af kjarnarekstri neikvæð. Framlag í afskriftareikning útlána meira en tvöfaldaðist árið 2007 og varð óvenjulega hátt síðasta heila starfsár sparisjóðsins, og átti það mestan þátt í slæmum árangri í rekstri það ár.

Með kjarnarekstri er átt við afkomu af hreinni sparisjóðsstarfsemi (viðskiptabankastarfsemi). Þá er afkoma af fjárfestingastarfsemi undanskilin. Hagnaður fyrir skatta af kjarnastarfsemi eru hreinar vaxta- og þóknanatekjur að frádregnum rekstrargjöldum og virðisrýrnun útlána. Ekki hefur verið tekið tillit til áhrifa af vaxtakostnaði vegna fjármögnunar á hluta- og markaðsskuldabréfum. Hagnaðurinn kann því að vera vanmetinn að einhverju leyti.

Tafla 9. Kjarnarekstur Sparisjóðs Mýrasýslu á árunum 2001–2008.[22]

Þús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Samstæða								
Hreinar vaxtatekjur	316.286	312.387	461.479	490.126	649.665	709.125	772.816	421.817
Hreinar þjónustutekjur	57.238	61.280	158.110	216.652	248.558	291.716	306.653	311.225
Almennur rekstrarkostnaður	(184.312)	(238.390)	(404.903)	(462.938)	(629.364)	(916.548)	(1.336.682)	(2.213.751)
Framlög í afskriftareikning útlána o.fl.	(121.930)	(112.061)	(280.907)	(219.278)	(284.040)	(251.226)	(578.984)	(15.748.350)
Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatta	**67.282**	**23.216**	**(66.221)**	**24.562**	**(15.181)**	**(166.933)**	**(836.197)**	**(17.229.059)**
Hagnaður samstæðu fyrir skatta	53.424	127.046	171.579	225.008	750.504	1.732.155	733.709	(23.161.398)
Móðurfélag:								
Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatta	**71.222**	**37.973**	**(32.484)**	**56.001**	**78.199**	**(146.509)**	**(692.862)**	**(15.795.476)**
Hagnaður móðurfélags fyrir skatta	**53.425**	**127.046**	**164.329**	**224.264**	**734.367**	**1.728.965**	**717.668**	**(22.926.834)**

20.1.2 Efnahagsreikningar

Hér er fjallað stuttlega um helstu eigna- og skuldaliði í efnahagsreikningi Sparisjóðs Mýrasýslu í lok áranna 2001–2008 og þróun þeirra á tímabilinu.[23]

Eignir

Heildareignir samstæðunnar þrefölduðust á árunum 2005–2007 og námu tæplega 48 milljörðum króna í árslok 2007. Sama gilti um eignir móðurfélagsins sem námu tæplega 40 milljörðum króna á sama tíma. Þessi vöxtur samstæðunnar var borinn uppi af útlánaaukningu og tíföldun á hlutabréfaeign. Heildareignir drógust saman á árinu 2008

21. Samningur um starfslok og starfslokagreiðslur til sparisjóðsstjóra, samningur á milli stjórnar Sparisjóðs Mýrasýslu og sparisjóðsstjóra, 1. september 2008.
22. Ársreikningar Sparisjóðs Mýrasýslu 2001–2008.
23. Í viðauka C má sjá efnahagsreikninga sparisjóðsins á árunum 2001–2008 á verðlagi hvers árs og einnig á föstu verðlagi.

vegna verðfalls á hlutabréfum og öðrum verðbréfum. Einnig sættu útlánin þá umtalsverðri niðurfærslu, en samdráttur af þeim sökum varð þó minni en ella vegna gengisfalls krónunnar. Það hækkaði bruttóstöðu útlána verulega. Mynd 5 sýnir þróun eignanna 2001–2008 og hvernig þær voru samsettar.

Mynd 5. Eignir Sparisjóðs Mýrasýslu, samstæðunnar, í árslok 2001–2008.[24]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Aðrar eignir alls	183.193	347.024	527.843	566.763	805.826	1.047.196	1.558.973	2.853.704
Hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum	231.353	15.801	177.883	422.663	712.275	1.547.675	400.204	171.633
Hlutabréf og verðbréf með breytil. tekjum	769.561	919.920	779.488	792.552	1.655.278	2.524.529	8.105.482	574.611
Markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum	762.445	281.416	677.056	377.444	603.829	647.335	1.273.469	794.498
Sjóður og innst. í seðlabanka o.fl.	27.092	29.589	44.025	58.483	69.470	103.423	1.143.568	587.742
Kröfur á lánastofnanir	286.256	309.875	341.718	485.949	902.128	780.643	247.388	767.956
Útlán	6.829.276	7.485.014	10.219.534	13.166.491	20.949.371	27.099.090	34.969.349	39.906.828
Eignir samtals - samstæðan	9.089.176	9.388.639	12.767.547	15.870.345	25.698.177	33.749.891	47.698.433	45.656.972
Eignir samtals - móðurfélagið	9.088.627	9.400.785	11.052.178	13.896.183	21.222.058	27.329.338	39.876.910	36.459.546

Útlán voru langstærsti eignaliður sparisjóðsins frá 2001 til 2008. Vægi þeirra af heildareignum var að jafnaði í kringum 80%, ívið minna þó hjá móðurfélaginu þar sem fjáreignir höfðu meira vægi. Útlánin tóku að vaxa umtalsvert á árinu 2003 og hækkuðu síðan mikið á hverju ári, mest árið 2005. Sparisjóður Mýrasýslu tók þátt í samstarfi Íbúðalánasjóðs við marga sparisjóði, sem hófst undir lok ársins 2004, um lán til kaupa á íbúðarhúsnæði. Útlán sparisjóðsins samkvæmt því fyrirkomulagi námu tæplega hálfum öðrum milljarði króna árin 2004 og 2005. Mikil útlánahækkun á árinu 2008 stafaði að meginhluta af gengisfalli krónunnar.

Hlutfall lána í erlendri mynt af heildarútlánum sjóðsins var hátt og lánasafnið því viðkvæmt fyrir gengisbreytingum. Þetta hlutfall var 28% í árslok 2006, hækkaði í 37% í árslok 2007 og 2008 náði það 52%. Framlag í afskriftareikning útlána í árslok 2008 var sá liður sem mest áhrif hafði á afkomu sparisjóðsins. Móðurfélagið færði útlán sín hlutfallslega mun meira niður en samstæðan í heild eða um 36,7% á móti 28,6%.[25] Til samanburðar skal nefnt að niðurfærsluhlutfall útlána hjá sparisjóðunum í heild í árslok 2008 var 14,7%.

Til fjáreigna teljast markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum, hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum auk eignarhluta í hlutdeildarfyrirtækjum.

Virði fjáreigna Sparisjóðs Mýrasýslu sexfaldaðist frá árslokum 2004 til 2007 hvort sem litið er til samstæðu eða móðurfélags, og á sama tíma tvöfaldaðist hlutfall þeirra af heildareignum. Vægi fjáreigna í efnahagsreikningi var talsvert meira hjá Sparisjóði Mýrasýslu en hjá sparisjóðunum í heild, og voru fjáreignir mun hærra hlutfall af eigin fé sjóðsins en hjá sparisjóðum í heild. Mestur varð vöxtur fjáreigna á árinu 2007. Þá tók sparisjóðurinn sem fyrr sagði upp reikningsskil samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) og tók að skrá nær allar fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar á gangvirði. Við það hækkaði

24. Ársreikningar Sparisjóðs Mýrasýslu 2001–2008.
25. Þetta er vegna afskrifta móðurfélags hjá dótturfélögum sínum.

eigið fé samstæðunnar um rúmlega 1,7 milljarða króna 1. janúar 2007, en það endurspeglaðist svo í efnahagsreikningi við árslok. Innleiðingin hafði ekki viðlíka breytingu í för með sér hjá neinum öðrum sparisjóði.[26]

Tafla 10. Útlán og afskriftir hjá Sparisjóði Mýrasýslu í árslok 2001–2008.[27]

Þús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Samstæða:								
Útlán til viðskiptavina	6.587.464	7.232.773	9.815.570	12.831.068	20.766.190	26.894.033	34.766.680	39.612.395
Afskriftareikningur útlána, staða í lok árs	224.945	267.406	615.550	466.340	524.936	657.094	596.766	16.015.573
Heildarútlán án fullnustueigna	**6.812.409**	**7.500.179**	**10.431.120**	**13.297.408**	**21.291.126**	**27.551.127**	**35.363.446**	**55.627.968**
Móðurfélag:								
Útlán til viðskiptavina	6.687.676	7.455.855	8.379.008	11.039.765	16.443.040	20.877.202	26.992.780	25.295.596
Afskriftareikningur útlána, staða í lok árs	224.945	267.406	357.759	355.267	327.392	451.225	359.263	14.665.287
Heildarútlán án fullnustueigna	**6.912.621**	**7.723.261**	**8.736.767**	**11.395.032**	**16.770.432**	**21.328.427**	**27.352.043**	**39.960.883**
Niðurfærsluhlutfall, samstæða	3,3%	3,6%	5,9%	3,5%	2,5%	2,4%	1,7%	28,8%
Niðurfærsluhlutfall, móðurfélag	3,3%	3,5%	4,1%	3,1%	2,0%	2,1%	1,3%	36,7%
Niðurfærsluhlutfall, allir sparisjóðir	**3,8%**	**3,8%**	**3,8%**	**2,9%**	**2,0%**	**1,6%**	**1,6%**	**14,7%**

Allt tímabilið vógu hlutabréf þyngst í fjáreignum samstæðunnar, en í efnahagsreikningi móðurfélagsins var eign í hlutdeildar- og dótturfélögum umtalsverður hluti fjáreignanna. Árið 2007 voru hlutabréfin þó langstærsti fjáreignaflokkurinn. Auk matsbreytingar við innleiðingu alþjóðlegu reikningsskilareglnanna hætti sparisjóðurinn að færa eign sína í Sparisjóðabankanum sem hlutdeildarfélag og færði hana þess í stað sem veltufjáreign og þar með á gangvirði. Þetta leiddi til 1,2 milljarða króna hækkunar á óbreyttum eignarhlut. Eign sparisjóðsins í Verðbréfastofunni hf./VBS Fjárfestingarbanka hf., Exista hf. og Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. hækkaði einnig mikið að gangvirði. Þetta voru stærstu fjáreignir Sparisjóðs Mýrasýslu í árslok 2007, bókfærðar á samtals 5,4 milljarða króna. Þær urðu allar nær verðlausar í lok árs 2008.

Tafla 11. Fjáreignir Sparisjóðs Mýrasýslu í árslok 2001–2008.[28]

Þús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Samstæða:								
Fjáreignir samtals	1.763.359	1.217.137	1.634.427	1.592.659	2.971.382	4.719.539	9.779.155	1.540.742
Hlutfall af heildareignum	19,4%	13,0%	12,8%	10,0%	11,6%	14,0%	20,5%	3,4%
Hlutfall af eigin fé	180,3%	112,9%	134,9%	112,7%	141,9%	133,2%	154,3%	.
Móðurfélag:								
Fjáreignir samtals	1.674.772	1.117.938	1.668.720	1.650.842	3.209.065	5.098.540	10.215.470	1.447.017
Hlutfall af heildareignum	18,4%	11,9%	15,1%	11,9%	15,1%	18,7%	25,6%	4,0%
Hlutfall af eigin fé	171,3%	103,7%	137,8%	116,8%	153,2%	143,9%	162,2%	.
Allir sparisjóðir:								
Hlutfall af heildareignum	16,5%	14,3%	14,0%	14,0%	15,5%	20,4%	18,6%	7,2%
Hlutfall af eigin fé	160,8%	136,6%	124,3%	132,0%	134,6%	125,4%	90,3%	.

Hlutir í hlutdeildarfélögum hækkuðu 2005 og 2006, aðallega vegna eignarinnar í Sparisjóðabankanum. Dótturfélög samstæðunnar voru sérgreind í efnahagsreikningi móðurfélagsins. Þar vógu Sparisjóður Siglufjarðar/Afl sparisjóður og Sparisjóður Ólafsfjarðar þyngst. Önnur helstu dótturfélög voru Niðurskógur hf. frá 2002, Veita hf. (áður Premium Group) frá 2006 og NordVest verðbréf hf. sem fjárfest var í á árinu 2008. Þessir eignarhlutir urðu nær verðlausir í árslok 2008, en sparisjóðurinn gat þó selt eignarhlut sinn í síðastnefnda félaginu 2009.

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem sparisjóðurinn hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, án þess að hafa yfirráð yfir þeim.

Aðrar eignir samanstanda af rekstrarfjármunum, öðrum eignum og óefnislegum eignum. Bókfært verð rekstrarfjármuna lækkaði um meira en helming á árinu 2007 vegna breyttra reikningsskilareglna, úr rúmlega 700 milljónum króna í 300 milljónir króna. Óefnislegar eignir samstæðunnar í árslok 2007 námu 370 milljónum króna og voru að miklum hluta viðskiptavild sem færð var upp við kaup á eignarhluta í Veitu hf. 2006 og 2007, en einnig

26. Sjá samantekt á áhrifum innleiðingar alþjóðlegra reikningsskilareglna (IFRS) í 8. kafla.
27. Ársreikningar Sparisjóðs Mýrasýslu 2001–2008.
28. Ársreikningar Sparisjóðs Mýrasýslu 2001–2008.

vegna kaupa Sparisjóðs Siglufjarðar á útibúi Glitnis á árinu 2006. Óefnislegar eignir voru afskrifaðar að fullu í árslok 2008 vegna virðisrýrnunar. Við sama tímamark var bókfærð reiknuð skatteign upp á einn milljarð króna.

Skuldir

Fjármögnun Sparisjóðs Mýrasýslu, önnur en eigið fé, skar sig nokkuð frá öðrum sparisjóðum, einkum þegar kom fram á síðari hluta þess tímabils sem hér er til skoðunar. Hlutfall milli innlána og útlána fór stöðugt lækkandi öll árin, og hjá móðurfélaginu var það komið niður í 50% í árslok 2004. Eftir það voru útlán að meirihluta fjármögnuð með lántökum.

Tafla 12. Hlutur innlána í fjármögnun útlána Sparisjóðs Mýrasýslu í árslok 2001–2008.[29]

Hlutfall innlána af útlánum:	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Sparisjóður Mýrasýslu, samstæða	59,7%	58,2%	64,0%	53,9%	54,6%	53,7%	49,9%	47,7%
Sparisjóður Mýrasýslu, móðurfélag	58,8%	56,6%	59,8%	50,5%	47,9%	43,3%	41,6%	44,6%
Allir sparisjóðir	**68,8%**	**71,8%**	**83,2%**	**73,9%**	**60,1%**	**57,8%**	**58,8%**	**66,3%**

Mynd 6 sýnir hvernig skuldir samstæðunnar skiptust á umræddu tímabili. Á henni hafa nokkrir ólíkir skuldaliðir í ársreikningi verið sameinaðir undir aðrar skuldir. Það eru meðal annars afleiður gerðar í áhættuvarnarskyni, lífeyrisskuldbindingar, skattskuldbinding og ýmsar lausaskuldir. Lækkunin á árinu 2008 skýrist af því að skattskuldbindingin, sem orðin var tæpur 1 milljarður króna í árslok 2007, jafnaðist út á móti skattinneign vegna tapsins á árinu 2008, auk þess sem engar afleiður í áhættuvarnarskyni voru bókfærðar þá.

Mynd 6. Skuldir Sparisjóðs Mýrasýslu, samstæðunnar, í árslok 2001–2008.[30]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Víkjandi skuldir	242.758	255.043	344.747	378.693	926.217	1.225.501	2.107.511	3.293.557
Aðrar skuldir	304.109	334.861	442.496	483.260	701.173	1.257.076	2.613.045	2.581.135
Skuldir við lánastofnanir	629.944	713.168	542.489	951.222	1.624.611	2.849.778	4.333.693	15.937.739
Lántaka	3.003.575	2.801.349	3.945.728	5.723.100	9.021.993	10.430.860	14.969.378	20.086.550
Innlán	3.930.905	4.206.169	6.280.912	6.920.889	11.329.485	14.442.926	17.336.734	18.904.444
Skuldir samtals	8.111.291	8.310.590	11.556.372	14.457.164	23.603.479	30.206.141	41.360.361	60.803.425

Lántaka óx mjög hratt frá 2004. Hluti hennar fólst í skuldabréfaútgáfu sparisjóðsins, en hún var þó alltaf innan við 3 milljarða króna. Bein lántaka hjá erlendum bönkum varð æ meiri, einkum á vegum móðurfélagsins. Þessi liður hækkaði mikið árið 2008 vegna falls íslensku krónunnar. Þá hækkuðu skuldir við lánastofnaðir mjög ár frá ári, einkum við Sparisjóðabanka Íslands hf. sem hafði milligöngu fyrir sparisjóðinn um erlendar ádráttarlínur. Staðan á þessum lið í árslok 2008 var að langmestum hluta skuld við Nýja Kaupþing banka hf.[31]

29. Ársreikningar Sparisjóðs Mýrasýslu 2001–2008.
30. Ársreikningar Sparisjóðs Mýrasýslu 2001–2008.
31. Fjallað er nánar um skuldir sparisjóðsins, einkum móðurfélagsins, aftar í kaflanum.

Víkjandi skuldir Sparisjóðs Mýrasýslu voru lengst af ekki stór þáttur í fjármögnun hans. Árið 2007 var tekið 8 milljóna evra víkjandi lán hjá erlendum banka (þá jafngildi tæpra 700 milljóna króna en tvöfalt hærra í árslok 2008), og árið 2008 seldi sparisjóðurinn Rekstrarfélagi SPRON hf. 300 milljóna króna víkjandi skuldabréf.

Eigið fé

Sparisjóður Mýrasýslu hafði mikla sérstöðu að því leyti að eigendur stofnfjár í honum voru ekki einstaklingar, heldur sveitarfélögin á Mýrum og í Borgarfirði. Frá 2006 átti Borgarbyggð allt stofnfé í sparisjóðnum. Um miðjan tíunda áratuginn var stofnfé 3 milljónir króna og var ekki aukið, nema sem nam verðbótum og sérstöku endurmati, fyrr en á árinu 2007. Þá var það hækkað um 500 milljónir króna í þeim tilgangi að laga eiginfjárstöðuna. Sparisjóðurinn greiddi arð árin 2006, 2007 og 2008 á grundvelli afkomu næstliðins árs. Hlutfall arðgreiðslu af stofnfé var þessi þrjú ár 34,2%, 69,3% og 53%, og skyldi það ráðast af raunávöxtun eigin fjár. Reyndar fór greiðslan fram úr raunávöxtun tvö síðastnefndu árin. Árið 2008 nam arðgreiðslan 268 milljónum króna.

Af töflu 13 sést að bókfært eigið fé Sparisjóðs Mýrasýslu sem hlutfall af heildareignum var orðið lægra en hjá sparisjóðum almennt frá og með 2003. Hlutfallið hækkaði þó talsvert við stofnfjáraukninguna á árinu 2007. Varasjóðurinn stækkaði hratt á umræddu tímabili, allt til ársins 2008.

Tafla 13. Eigið fé Sparisjóðs Mýrasýslu í árslok 2001 til 2008.[32]

Þús. kr.	**2001**	**2002**	**2003**	**2004**	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**
Varasjóður	974.885	1.074.294	1.207.420	1.409.426	2.090.943	3.539.279	5.833.051	(15.651.474)
Eigið fé samtals	977.885	1.078.049	1.211.175	1.413.181	2.094.698	3.543.750	6.338.072	(15.146.453)
Stofnfé	3.000	3.755	3.755	3.755	3.755	4.471	505.021	505.021
Eigið fé samtals	**977.885**	**1.078.049**	**1.211.175**	**1.413.181**	**2.094.698**	**3.543.750**	**6.338.072**	**(15.146.453)**
Eigið fé / Heildareignir	10,8%	11,5%	9,5%	8,9%	8,2%	10,5%	13,3%	-33,2%
Allir sparisjóðir								
Eigið fé / Heildareignir	**10,2%**	**10,5%**	**11,2%**	**10,6%**	**11,5%**	**16,2%**	**20,6%**	**-5,0%**

Mynd 7. Eigið fé Sparisjóðs Mýrasýslu, samstæðunnar, og eiginfjárhlutfall í árslok 2001–2008.[33]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	31.03.08	30.06.08	31.10.08	2008
Bókfært eigið fé	977.885	1.078.049	1.211.175	1.413.181	2.094.698	3.543.750	6.338.072				(15.146.453
Bókfært eigið fé í skýrslu til FME								4.121.052	(3.832.159)	(8.755.068)	
CAD-hlutfall	13,1%	13,6%	14,4%	11,0%	11,0%	11,7%	11,6%	13,72%	-0,45%	-7,53%	-32,1%
Lágmarks CAD skv. reglum	8,0%	8,0%	8,0%	8,0%	8,0%	8,0%	8,0%	8,0%	8,0%	8,0%	8,0%
Bókfært eigið fé / heildareignir	10,8%	11,5%	9,5%	8,9%	8,2%	10,5%	13,3%	9,2%	2,8%	-15,6%	-33,2%

Snemma á árinu 2008 fór að bera á erfiðleikum hjá Sparisjóði Mýrasýslu. Í byrjun apríl greindu forráðamenn sparisjóðsins Fjármálaeftirlitinu frá áhyggjum sínum af því að eiginfjárhlutfallið væri komið niður fyrir lögboðið lágmark. Uppgjör sparisjóðsins fyrir fyrsta ársfjórðung sýndi tap uppá rúman 1,5 milljarða króna en eiginfjárhlutfallið átti þó að vera vel yfir lágmarkinu. Fjármálaeftirlitið gerði vettvangskönnun hjá sparisjóðnum

32. Ársreikningar Sparisjóðs Mýrasýslu 2001–2008.
33. Ársreikningar Sparisjóðs Mýrasýslu 2001–2008. Fyrir árið 2008 er stuðst við skýrslur um eiginfjárhlutfall sem sparisjóðurinn skilaði til Fjármálaeftirlitsins ársfjórðungslega.

sem lauk um miðjan júní. Niðurstöður hennar sýndu að eigið fé sjóðsins væri stórlega ofmetið og að eiginfjárhlutfallið væri komið niður fyrir lögboðið mark. Sex mánaða uppgjör sparisjóðsins tók af öll tvímæli um bága stöðu hans; eigið fé var nær uppurið og eiginfjárhlutfallið orðið neikvætt. Á mynd 7 er þróun eigin fjár og eiginfjárhlutfalls sýnd ár frá ári samkvæmt upplýsingum úr ársreikningum sparisjóðsins. Árinu 2008 er hins vegar skipt upp í fjórðunga, og sést þar vel þróun eiginfjárhlutfallsins.[34]

Miklar þreifingar fóru í gang sumarið 2008 af hálfu Sparisjóðs Mýrasýslu um að sameina hann öðrum fjármálafyrirtækjum. Undir lok júlí hófust viðræður við Kaupþing banka hf. sem leiddu til þess að í ágúst undirrituðu þessir aðilar samkomulag um að bankinn skráði sig fyrir 1.750 milljóna króna stofnfjárframlagi og tryggði framlag frá öðrum aðilum upp á 250 milljónir króna. Óskað var eftir samþykki Fjármálaeftirlitsins við þennan gerning, en það yfirtók vald hluthafafundar Kaupþings banka hf. í byrjun október 2008, og því varð ekkert úr stofnfjáraukningunni.

Á árinu 2009 keypti Nýi Kaupþing banki hf. (síðar Arion banki hf.) allt stofnfé í Sparisjóði Mýrasýslu eftir að samkomulag hafði náðst við kröfuhafa sparisjóðsins, og yfirtók bankinn meðal annars öll innlán og útlán hans. Eftir það varð Sparisjóður Mýrasýslu að útibúi bankans í Borgarnesi.

20.2 Útlán, útlánareglur og lánveitingar

Eignasafn Sparisjóðs Mýrasýslu stækkaði töluvert frá árslokum 2005 til ársloka 2008 eða um 20 milljarða króna. Þar af hækkuðu útlán til viðskiptavina um 19 milljarða króna. Útlán sparisjóðsins voru 81% af heildareignum hans í lok árs 2005 og 87% í lok árs 2008. Hlutfallsleg stærð útlána í eignasafni sparisjóðsins lækkaði á árinu 2007 þótt útlán ykjust, meðal annars vegna þess að virði fjáreigna hækkaði með tilkomu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Tafla 14. Útlán samstæðu Sparisjóðs Mýrasýslu sem hlutfall af eignum 2005–2008.[35]

Þús. kr.	2005	2006	2007	2008
Útlán til viðskiptavina	20.766.190	26.894.033	34.766.680	39.612.395
Eignir samtals	25.698.177	33.749.891	47.698.433	45.656.972
Útlán sem hlutfall af eignum	**81%**	**80%**	**73%**	**87%**

Vægi gengisbundinna lána af heildarútlánum óx úr 21,1% í lok fyrsta ársfjórðungs 2005 í 52,7% í lok fyrsta ársfjórðungs 2009, en meirihluti útlána sjóðsins hafði verið gengisbundinn frá lokum þriðja ársfjórðungs 2008.[36]

Sparisjóðurinn lánaði mest í formi skuldabréfa, en erlend lán voru flokkuð með skuldabréfum í ársreikningum samstæðu Sparisjóðs Mýrasýslu.

Tafla 15. Sundurliðun á tegundum útlána samstæðu Sparisjóðs Mýrasýslu 2005–2008.[37]

Útlán til viðskiptavina í þúsundum króna	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**
Sundurliðun eftir útlánsformum:				
Yfirdráttarlán	2.738.870	3.987.086	5.674.740	6.917.563
Afurða- og rekstrarlán	7.104	11.079		
Víxlar	140.640	39.335	44.730	34.656
Skuldabréf	17.879.576	22.856.533	29.032.286	32.633.567
Innleystar ábyrgðir				
Annað			14.924	26.610
Samtals	**20.766.190**	**26.894.033**	**34.766.680**	**39.612.396**

34. Þriðja ársfjórðungsuppgjörið miðaðist ekki við 30. september eins og venja er, heldur 31. október með samþykki Fjármálaeftirlitsins. Það gilti líka um fleiri sparisjóði.
35. Ársreikningar Sparisjóðs Mýrasýslu 2005–2008.
36. Tölur fyrir þriðja ársfjórðung miðast við 31. október 2008.
37. Ársreikningar Sparisjóðs Mýrasýslu 2005–2008.

Mynd 8. Gengisbundin útlán Sparisjóðs Mýrasýslu, samstæðunnar, 2005–2009.[38]



Útlán sparisjóðsins til einstaklinga voru yfirleitt um 40% lánasafnsins en um 50% útlána voru til fyrirtækja. Á árinu 2007 tóku útlán til einstaklinga stökk og námu um 48% af heildarútlánum á meðan útlán til fyrirtækja lækkuðu í tæplega 48%. Lán til þjónustustarfsemi og landbúnaðar voru mestur hluti af útlánum til fyrirtækja, en Sparisjóður Mýrasýslu sá að miklu leyti um að þjónusta landbúnað á sínu starfssvæði.

Tafla 16. Sundurliðun á lántakendum hjá Sparisjóði Mýrasýslu 2005–2008.[39]

Sundurliðun eftir lántakendum:	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	**14,2%**	**5,3%**	**3,9%**	**1,8%**
Bæjar- og sveitarfélög	**1%**	**1%**		
Fyrirtæki:	**48,5%**	**54,7%**	**47,7%**	**54,1%**
Landbúnaður	7,9%	9,1%	12,8%	18,1%
Sjávarútvegur	2,3%	5,4%		
Verslun	7,9%	6,7%	5,6%	7,4%
Byggingaverktakar og iðnaður	10,3%	8,4%	9,7%	7,3%
Samgöngur	1,0%	0,6%		
Raforkumál	1,7%	0,9%		
Þjónustustarfsemi	17,4%	23,6%	19,6%	21,3%
Einstaklingar (íbúðalán og annað)	**36,3%**	**39,0%**	**48,4%**	**44,1%**
Samtals	**100%**	**100%**	**100%**	**100%**

Niðurfærsluhlutfall Sparisjóðs Mýrasýslu var lengi vel um 2%. Stórt framlag í afskriftareikning á árinu 2008 breytti því, og nam niðurfærsluhlutfallið í lok þess árs tæpum 29%.

Tafla 17. Útlán Sparisjóðs Mýrasýslu og afskriftareikningur útlána í árslok 2005–2008.[40]

Þús. kr.	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**
Heildarútlán	21.291.126	27.551.127	35.363.446	55.627.968
Staða afskriftareiknings í árslok	524.936	657.094	596.766	16.015.573
Útlán til viðskiptavina	**20.766.190**	**26.894.033**	**34.766.680**	**39.612.395**
Niðurfærsluhlutfallið	2,5%	2,4%	1,7%	28,8%
Framlag ársins í afskr.reikn.	284.040	251.226	578.984	15.748.350
Endanlega afskrifuð útlán á árinu	**285.977**	**168.848**	**574.109**	**406.338**

38. Skýrslur sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins um útlán og vanskil. Sjá nánari umfjöllun um skýrsluskil til Fjármálaeftirlitsins og skýrslur um útlán og vanskil í 6. og 9. kafla.
39. Ársreikningar Sparisjóðs Mýrasýslu 2005–2008.
40. Ársreikningar Sparisjóðs Mýrasýslu 2005–2008.

Fjárhagsstaða Sparisjóðs Mýrasýslu var orðin slæm um mitt ár 2008, en fyrirséð var við gerð árshlutauppgjörs 30. júní það ár að eiginfjárhlutfall sparisjóðsins væri komið undir lögmæt mörk.

20.2.1 Athugasemdir eftirlitsaðila

Innri endurskoðandi Sparisjóðs Mýrasýslu kannaði reglulega ýmsa þætti í útlánasafni sparisjóðsins. Helstu atriði sem könnunin náði til voru helstu viðskiptaaðilar sparisjóðsins, vanskil útlána, aðferðir vegna sérgreindra afskrifta, vaxtakjör skuldabréfa og útlánaheimildir við veitingu útlána, auk þess sem úttektir voru gerðar á tryggingarvíxlum og farið yfir fyrirgreiðslur til venslaðra aðila og starfsmanna. Innri endurskoðandi gerði ekki alvarlegar athugasemdir við útlán sparisjóðsins árin 2005–2007, en á árinu 2008 fór ekki fram úttekt á útlánum. Innri endurskoðandi fjallaði ítarlega um fyrirgreiðslur til stærstu viðskiptaaðila sparisjóðsins, heildarskuldbindingu, tryggingarstöðu og hvaða upplýsingar sparisjóðurinn hefði um fjárhagsstöðu viðkomandi aðila. Á árinu 2007 gerði innri endurskoðandi athugasemd við það að einn lántaki væri með fyrirgreiðslu umfram 25% hámark af eiginfjárgrunni samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Ytri endurskoðandi sparisjóðsins, KPMG, fór yfir afskriftareikning útlána samkvæmt endurskoðunarskýrslum á árunum 2005–2009. Á hverju ári var sömu athugasemdum komið á framfæri við stjórnendur sparisjóðsins um að vinna bæri skýrslu í tengslum við uppgjör þar sem gerð væri grein fyrir stöðu og þróun afskriftamála og að eftirlit með útlánum, tryggingum og vanskilum þeirra yrði eflt. Í endurskoðunarskýrslu 2008 var bent á að innri endurskoðun hefði ekki verið starfrækt hjá sparisjóðnum á árinu. Ytri endurskoðandi lét því framkvæma sérstaka athugun á stærstu skuldurum og vanskilum hjá sparisjóðnum og kannaði mat stjórnenda á áætlaðri virðisrýrnun útlána. Bryndi hann fyrir stjórnendum að fylgjast með tryggingastöðu viðskiptamanna sem væru með framlög á sérgreindum afskriftareikningi útlána.[41]

Stuttu síðar vann Fjármálaeftirlitið vettvangsathugun hjá sparisjóðnum á útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirliti með peningaþvætti sumarið 2008. Markmiðið var að gefa góða yfirsýn yfir útlánasafn Sparisjóðs Mýrasýslu, meta gæði útlána og leggja mat á áhættustýringu og innra eftirlit. Skýrslu um niðurstöður athugunarinnar var skilað 30. júlí 2008, og voru helstu niðurstöður hennar að óvarlegar lánveitingar, bundnar við gengi erlendra gjaldmiðla og einungis tryggðar með veði í óskráðum hlutabréfum, væru ein af ástæðum þess að eigið fé sparisjóðsins var talsvert undir lögboðnum mörkum.[42] Þá hefði sparisjóðurinn ekki í allmörgum tilfellum gætt nægilega að tryggingastöðu áhættuskuldbindinga og það gæti í einhverjum tilvikum leitt til frekari tapshættu.[43]

Gerð var athugasemd við það að sparisjóðurinn fylgdist ekki nægjanlega vel með gengisbundnum útlánum til aðila sem hefðu ekki tekjur í erlendri mynt, sbr. leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitins nr. 2/2004. Útlán sparisjóðsins með veði í verðbréfum, svo sem hlutabréfum, hefðu aukist verulega sem hlutfall af eigin fé frá haustmánuðum 2007 og fram á mitt ár 2008. Þar vægju þyngst lán vegna kaupa á hlutabréfum í Icebank hf. Aukning óskráðra verðbréfa að handveði hefði aukið áhættu sparisjóðsins til mikilla muna. Samhliða þessari aukningu lána með veði í verðbréfum hefðu gæði þessara lána rýrnað talsvert sökum þess að um tveir þriðju hlutar þeirra væru með tryggingarþekju yfir 100%. Einnig kom í ljós að tryggingarþekja útlána hefði versnað verulega á milli ára, og taldi Fjármálaeftirlitið það vísbendingu um að gerðar væru minni kröfur en áður um tryggingarþekju. Engin álagspróf voru gerð á útlánasafninu, og var gerð athugasemd við að áhættustýring væri ekki virk hjá sparisjóðnum.[44]

Fjármálaeftirlitið fór sérstaklega yfir stærstu áhættuskuldbindingar Sparisjóðs Mýrasýslu, þ.e. stöðu útlána, trygginga og fjárhagsstöðu viðkomandi viðskiptamanna. Sparisjóðurinn hafði ekki aflað ársreikninga eða fjárhagslegra upplýsinga frá stærstu lánþegum sínum.

41. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Mýrasýslu 2007.
42. Fjármálaeftirlitið tilkynnti stjórnendum sparisjóðsins þessa alvarlegu stöðu með bréfi 18. júní 2008 og var úrbóta krafist.
43. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóði Mýrasýslu, 30. júlí 2008.
44. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóði Mýrasýslu, 30. júlí 2008.

Var því bent á nauðsyn þess að yfirfara stöðu þeirra með tilliti til þess hvort þörf væri á viðbótartryggingum. Þá var bent á nauðsyn þess að stjórn sparisjóðsins fjallaði um lánveitingar umfram 10% af eiginfjárgrunni. Í svarbréfi sparisjóðsins við drögum að skýrslu Fjármálaeftirlitsins, dagsettu 29. júlí 2008, kom fram að þegar væri hafin vinna við að taka tillit til athugasemda Fjármálaeftirlitsins, og til dæmis væri verið að fara í gegnum útlánaáhættu og stórar áhættuskuldbindingar. Þá kom jafnframt fram í bréfi sparisjóðsins að ákjósanlegt hefði verið að koma á framfæri ítarlegri athugasemdum og svörum við skýrsludrögunum, en þar sem samningaviðræður um hugsanlegan samruna eða yfirtöku væru í fullum gangi yrði sú vinna að hafa forgang.[45] Í lokaskýrslu Fjármálaeftirlitsins hafði verið farið fram á að ytri endurskoðandi sjóðsins færi yfir úrbætur og skilaði um það skýrslu til Fjármálaeftirlitsins fyrir 1. september 2008. Þessi frestur var síðan framlengdur til 1. október 2008, en slíkri skýrslu var aldrei skilað. Stjórnarformaður sparisjóðsins sendi Fjármálaeftirlitinu hins vegar athugasemdir við skýrsluna 3. október 2008 þar sem greint var frá breytingum sem hefðu átt sér stað síðan skýrsla Fjármálaeftirlitsins var gerð og myndu eiga sér stað í nánustu framtíð. Bréfið var sextán síður í heild og fjallaði um nýjar útlánareglur, skipun lánanefndar, ný ákvæði um gagnaöflun í tengslum við lánveitingar, útlánaheimildir starfsmanna og lán til starfsmanna og stjórnarmanna. Útlánaferillinn hafði verið skilgreindur nákvæmlega og skipting ábyrgðar eftir honum. Hinn 31. október 2008 fékk Fjármálaeftirlitið greinargerð frá sparisjóðnum um fjárhagslega endurskipulagningu sparissjóðsins, og í kjölfarið var skipaður sérstakur sérfræðingur til að hafa eftirlit með honum af hálfu Fjármálaeftirlitsins.[46]

Fjármáleftirlitið gerði talsverðar athugasemdir við útlánareglur Sparisjóðs Mýrasýslu og verklag við útlán, útlánaáhættu og áhættustýringu, virkni áhættustýringarnefndar og skýrsluskil til eftirlitsins. Hér á eftir fer umfjöllun um þær útlánareglur sem voru í gildi hjá sparisjóðnum og þær útlánareglur sem settar voru í kjölfar athugasemda Fjármálaeftirlitsins.

20.2.2 Útlánareglur

Stjórn sparisjóðsins samþykkti útlánareglur 31. janúar 1996 á grundvelli þágildandi 39. gr. laga nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði.[47] Þær voru endurútgefnar 9. nóvember 2005 með vísan til laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 531/2003 um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum, samþykkta Sparisjóðs Mýrasýslu og starfsreglna um framkvæmd starfa stjórnar og sparisjóðsstjóra frá desember 2003.

Í tengslum við setningu útlánareglna sparisjóðsins í nóvember 2005 voru einnig settar starfsreglur Sparisjóðs Mýrasýslu um útlánareglur starfsmanna í umboði og á ábyrgð sparisjóðsstjóra. Ekki var þó vísað til umræddra starfsreglna í útlánareglunum, en báðum var ætlað að setja ramma um lánveitingar sparisjóðsins. Ákvæði um viðmið í útlánum var að finna í reglum um áhættustýringu sem einnig voru settar í nóvember 2005. Í þeim reglum kom fram að við veitingu útlána og ábyrgða skyldi þess gætt að samanlagðar skuldbindingar til viðskiptamanna í sömu atvinnugrein færu ekki yfir 30% af heildarútlánum og veittum ábyrgðum sparisjóðsins til þessara aðila, en að öðru leyti var vísað til þágildandi reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 531/2003 um stórar áhættuskuldbindingar.

Útlánareglur sparisjóðsins frá árinu 2005 höfðu ekki að geyma ítarleg ákvæði um lánveitingar og heimildir. Samkvæmt lánareglunum var markmiðið að hafa þjónustu, öryggi, frumkvæði, hraða og sveigjanleika að leiðarljósi. Veita skyldi góða og faglega þjónustu á samkeppnishæfum kjörum. Í útlánareglunum kom einnig fram að við ákvörðun um verðlagningu þyrfti að horfa til þess að arðsemi væri í eðlilegu samræmi við áhættu. Til að tryggja hagsmuni sparisjóðsins skyldi horfa til greiðslugetu, viðskiptasögu og framboðinna trygginga við ákvörðun um útlán til viðskiptamanns. Stefnt skyldi að dreifingu í útlánum til að stýra áhættu, og miða skyldi við að áhættudreifing væri innan þeirra marka sem kveðið væri á um í reglum Fjármálaeftirlitsins um stórar áhættuskuldbindingar. Áður en lán væri veitt skyldi afla nauðsynlegra upplýsinga um fjárhag viðskiptamanns

45. Bréf Sparisjóðs Mýrasýslu til Fjármálaeftirlitsins 29. júlí 2008.
46. Tölvuskeyti Fjármálaeftirlitsins til rannsóknarnefndar Alþingis 6. febrúar 2014.
47. Endurútgefin sem lög nr. 113/1996; síðar felld úr gildi við gildistöku laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

og meta greiðslugetu hans í samræmi við eðli viðskipta. Horfa skyldi til viðskiptasögu og eiginfjárstöðu og að stjórn og framtíðarhorfur teldust góðar þegar um lögaðila væri að ræða. Mat á tryggingaþörf skyldi taka mið af styrk viðskiptamanns og tímalengdar lánveitingar. Ekki voru ákvæði um lágmarks tryggingarþekju mismunandi veðandlaga. Óljóst var í reglunum við hvaða aðstæður mætti beita undanþáguheimild og afgreiða lán án fullnægjandi trygginga. Ekki var heldur skýrt kveðið á um það hvernig eða hvenær skyldi fylgst með verðmæti veða á lánstíma.

Samkvæmt lánareglunum hafði stjórn sparisjóðsins eftirlit með lánamálum hans og bar ábyrgð á þeim gagnvart stofnfjáreigendum. Sparisjóðsstjóri skyldi taka ákvörðun um allar lánveitingar, nema þegar heildarskuldbinding eins eða fjárhagslega tengdra aðila næmi meira en 10% af eigin fé sparisjóðsins, sbr. 84. og 85. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Þá bæri að leggja fyrir stjórn lán sem væru óvenjuleg, svo sem vegna eðlis þess verkefnis eða trygginga sem um væri að ræða, viðskiptamanns sem í hlut ætti, áhættu sem sparisjóðurinn tæki, eða þegar lánveiting tengdist máli sem væri mjög „umdeilt í þjóðfélaginu“. Þá hafði sparisjóðsstjóri heimild til að veita lán fyrir allt að 20% af eigin fé sparisjóðsins, sbr. 84. og 85. gr. laga nr. 161/2002, ef lánið hefði áhættuvægið 0,2 en ef lán hefði áhættuvægið 0 var heimild sparisjóðsstjóra einungis takmörkuð við reglur sparisjóðsins um áhættustýringu. Samkvæmt útlánareglum starfsmanna í umboði og á ábyrgð sparisjóðsstjóra höfðu forstöðumenn fyrirtækja- og einstaklingssviðs sömu útlánaheimildir og sparisjóðsstjóri í „skilgreindum forföllum“ hans, án þess þó að greint væri frá hver þau væru.

Aðrar lánaheimildir voru svo sem sjá má í töflu 18, en í reglunum kom ekki fram hverjir „fyrirframskilgreindir starfsmenn á fyrirtækjasviði“ eða „starfsmenn í framlínu“ væru.

Tafla 18. Lánaheimildir hjá Sparisjóði Mýrasýslu frá nóvember 2005.[48]

Starfsmaður	Hámark heildarfyrirgreiðslu
Sparisjóðsstjóri	10% af eigin fé sparisjóðsins 20% af eigin fé sparisjóðsins ef áhættuvægi 0.2 Án takmarkana ef áhættuvægi 0
Forstöðumaður fyrirtækjasviðs og skrifstofustjóri	20 milljónir króna ef heildarútlán færu ekki yfir 100 milljónir króna 50 milljónir króna vegna veðheimilda eða veðbandslausna
Fyrirframskilgreindir starfsmenn á fyrirtækjasviði	5 milljónir króna ef heildarútlán færu ekki yfir 30 milljónir króna 30 milljónir króna vegna veðheimilda eða veðbandslausna
Starfsmenn í framlínu	Einstök lán fyrir 750 þúsund krónur Hámark heildarfyrirgreiðslu án íbúðarlána 4 milljónir króna

Sparisjóður Mýrasýslu setti sér nýjar reglur um lánveitingar og ábyrgðir 24. september 2008, en þær tóku að einhverju leyti mið af athugasemdum Fjármálaeftirlitsins eftir vettvangsathugun þess þá um sumarið. Reglurnar voru settar á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum, samþykkta sparisjóðsins og starfsreglna um framkvæmd starfa stjórnar og sparisjóðsstjóra. Nýju útlánareglurnar lögðu áherslu á skýrari ramma um heimildir starfsmanna til útlána og takmörkun á útlánaheimildum forstöðumanna og sparisjóðsstjóra. Fjárhæðir útlánaheimilda skyldu miðast við „samtölu þeirrar lánsumsóknar, sem fjallað væri um hverju sinni og heildarskuldbindingar viðkomandi lánþega“ sem reiknaðar væru til útlánaígildis í áhættugrunni samkvæmt reglum um eiginfjárgrunn. Í reglunum var að finna ítarleg ákvæði um það hvernig meta bæri heildarskuldbindingar lánþega og skilgreina fjárhagslega tengda aðila.

Þá kváðu nýju reglurnar á um stofnun lánanefndar sem tæki ákvarðanir um öll stærri útlán, en skyldi leita samþykkis stjórnar þegar heildarskuldbinding eins viðskiptaaðila eða fjárhagslega tengdra viðskiptaaðila væri meiri en 10% af eigin fé sparisjóðsins. Þegar lán hafði áhættuvægið 0,2 hækkaði þessi heimild lánanefndar í 20% af eigin fé, en ef lán hafði áhættuvægið 0 var heimildin án frekari takmarkana.[49] Sparisjóðsstjóri fór þó áfram

48. Samkvæmt reglum Sparisjóðs Mýrasýslu um lánveitingar og ábyrgðir og starfsreglum sjóðsins um útlánareglur starfsmanna í umboði og á ábyrgð sparisjóðsstjóra.

49. Í ákvæði 2.4 í lánareglum sparisjóðsins frá 24. september 2008 kemur fram að „sparisjóðsstjóri“ hafi heimild án takmarkana, en gengið er út frá því hér að það hafi verið misritun í reglunum og að frekar hafi verið átt við lánanefnd því að ákvæðið fjallaði um heimildir lánanefndar, en ekki sparisjóðsstjóra.

með æðsta vald í öllum atriðum sem vörðuðu veitingu og meðferð útlána og ábyrgða. Sparisjóðsstjóri hafði heimild til að veita lán að fjárhæð allt að 20 milljónum króna, færu heildarskuldbindingar lántaka ekki yfir 100 milljónir króna.

Útlánaheimildir starfsmanna voru skýrðar nánar en gert var í eldri reglum og horfið var frá orðalagi eins og „starfsmenn í framlínu“ og „fyrirframskilgreindir starfsmenn á fyrirtækjasviði“, en þess í stað notast við skýrari starfsheiti eins og „fulltrúar á fyrirtækjasviði“ og „þjónustufulltrúar“.

Tafla 19. Lánaheimildir hjá Sparisjóði Mýrasýslu frá september 2008.[50]

Þús. kr.	2005	2006	2007	2008
Sparisjóðabanki Íslands hf.	177.137	480.150	(399.959)	(2.121.260)
Exista hf. (Meiður ehf.)	367.233	1.392.021	1.818.196	(457.668)
Kista-fjárfestingarfélag hf.			(1.061.161)	(1.626.235)
Tryggingamiðstöðin hf.	5.404	20.300	23.193	
VBS fjárfestingarbanki hf.	2.760	7.604	333.385	(1.581.991)
Íslensk verðbréf hf.	3.543	6.577	42.730	30.557
Eignarhaldsfélagið Fasteign hf.		2.726	75.384	(41.850)
Sparisjóðurinn í Keflavík				(38.846)
Sparisjóður Ólafsfjarðar	(16.348)	32.639	48.228	(438.546)
AFL-sparisjóður (Sp.sj. Siglufj. + Sp.sj.Skag)	82.065	35.743	103.474	(805.602)
Lónakot ehf.			200.000	(349.990)
Menntaskóli Borgarfjarðar ehf.				(89.990)
NordVest verðbréf hf./Reykjavík Capital hf.			(111.424)	
Premium Kredit hf./Veita fjármálaþjónusta hf.		(6.089)	(2.701)	
Samtals	**621.794**	**1.971.671**	**1.069.345**	**(7.521.421)**

Nýju reglurnar kváðu skýrar á um gagnaöflun vegna útlána og á hvaða gögnum ákvörðun skyldi byggð. Þegar um var að ræða lán til einstaklinga eða fyrirtækja voru hvers konar undanþáguheimildir takmarkaðar og lögð sérstök áhersla á mat á greiðslugetu lántaka við lánveitingu. Reglurnar kváðu einnig á um veðsetningarhlutföll mismunandi tryggingarandlaga og hvaða tryggingar væru leyfilegar. Engin ákvæði voru um hlutabréf sem tryggingar, en lánanefnd hafði heimild til að samþykkja aðrar tryggingar en tilgreindar voru í lánareglunum. Ekki reyndi mikið á þessar nýju lánareglur í framkvæmd þar sem fá lán voru veitt eftir að þær gengu í gildi, en á vettvangi lánanefndarinnar sem sett var á stofn með reglunum var úrlausn skuldamála viðskiptavina sparisjóðsins mikið rædd.

20.2.3 Stærstu lántakendur

Útlán voru stærsta eign sparisjóðsins á árunum 2005–2008. Afskriftir og tap af útlánum á árinu 2008 höfðu talsverð áhrif á rekstrarárangur sparisjóðsins. Rannsóknarnefndin valdi úrtak lántakenda til sérstakrar skoðunar og greiningar til að varpa ljósi á útlánastarfsemi sparisjóðsins, útlánastefnu og ástæður afskrifta. Úrtakið var valið með hliðsjón af stærð áhættuskuldbindinga við sparisjóðinn, auk þess sem skoðuð voru sérstaklega lán þar sem sparisjóðurinn færði háar afskriftir.[51]

Skýrslum til Fjármálaeftirlitsins um stórar áhættuskuldbindingar samkvæmt reglum nr. 216/2007 var ætlað að varpa ljósi á áhættu fjármálafyrirtækis af útlánum og öðrum slíkum skuldbindingum og aðstoða við áhættustýringu.[52] Sparisjóður Mýrasýslu var með margar stórar áhættuskuldbindingar í lok árs 2008, en heildarstærð útlánasafnsins var þá um 40 milljarðar króna. Á miðju ári 2008 var orðið ljóst að eiginfjárhlutfall sparisjóðsins væri komið undir lögmæt mörk og margir lántakendur komnir umfram 25% þak á útlánaskuld-

50. Reglur um lánveitingar og ábyrgðir Sparisjóðs Mýrasýslu, 24. september 2008.

51. Nánari umfjöllun um aðferðafræði, forsendur og gögn má finna í 9. kafla, um útlán sparisjóðanna.

52. Reglur nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar taka til lánveitinga, verðbréfaeignar, eignarhluta og veittra ábyrgða fjármálafyrirtækis vegna einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila, svo og annarra skuldbindinga sömu aðila gagnvart fjármálafyrirtækinu og mats á áhættu vegna slíkra skuldbindinga. Reglurnar taka einnig til samstæðu fjármálafyrirtækis og móður- og dótturfyrirtækja. Það telst vera stór áhættuskuldbinding þegar viðskiptamaður eða fjárhagslega tengdir aðilar fá lán, ábyrgðir, gera framvirka samninga eða fá aðra fyrirgreiðslu hjá fjármálafyrirtæki og slík skuldbinding fer yfir 10% af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækisins. Áhættuskuldbindingar einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila máttu ekki fara yfir 25% af eiginfjárgrunni, sbr. 30. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. laga nr. 161/2002 er eiginfjárgrunnur reiknaður út samkvæmt 84.–85. gr. laga nr. 161/2002 og reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 215/2007 um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fyrirtækja.

bindingu sem hlutfall af eiginfjárgrunni samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Í lok árs 2008 var heildarstærð útlánasafns sparisjóðsins 40 milljarðar króna og eiginfjárgrunnur á sama tíma neikvæður um meira en 15 milljarða króna samkvæmt ársreikningi. Í skýrslu sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins um stórar áhættuskuldbindingar 31. desember 2008 voru 50 lánahópar með lán fyrir samtals 25,7 milljarða króna, eða sem nam 1.716% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins, en samkvæmt skýrslunni var hann 1,5 milljarðar króna. Samtala stórra áhættuskuldbindinga mátti þá ekki fara yfir 800% af eiginfjárgrunni, sbr. 1. mgr. 30. gr. laga nr. 161/2002.[53]

Í úrtaki rannsóknarnefndarinnar voru lántakendur með stærstu áhættuskuldbindingarnar á ársfjórðungsskýrslum sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins 2008. Þá voru í úrtakinu lántakar með sérgreinda afskrift umfram 300 milljónir króna í lok árs 2008. Eins og sést í töflu 17 um hlutfall afskrifta af útlánasafninu voru ekki miklar afskriftir hjá sparisjóðnum fyrr en á árinu 2008, og því var ekki talin ástæða til að fara lengra aftur í tímann til athugunar á stórum afskriftaframlögum.

Tafla 20. Úrtak rannsóknarnefndar af lánahópum Sparisjóðs Mýrasýslu 2007–2008.[54]

Þús. kr.	**Árslok 2007**	**Árslok 2008**
Heildarskuldbinding úrtaks	**10.764.610**	**20.722.666**
Heildarútlán sparisjóðsins	**26.608.975**	**39.024.441**
Hlutfall úrtaks af heild	**40,5%**	**53,1%**
Sérgreindar afskriftir úrtaks		9.096.543
Sérgreindar afskriftir alls	100.599	11.846.461
Afskriftareikningur útlána (sérgr. og alm.)	359.263	14.435.745
Sérgreindar afskriftir úrtaks af sérgreindum afskriftum alls		**77%**

Fyrirgreiðsla til aðila í úrtaki rannsóknarnefndarinnar nam alls 20,7 milljörðum króna eða 53,1% af heildarútlánum Sparisjóðs Mýrasýslu í lok árs 2008, en á sama tíma námu afskriftir aðila í úrtakinu 72% af öllum sérgreindum afskriftum sparisjóðsins á árinu. Engar sérgreindar afskriftir voru færðar hjá aðilum í úrtakinu á árinu 2007. Í úrtakinu voru 30 lánahópar sem samanstóðu af lögaðilum og tengdum aðilum, auk fjögurra einstaklinga.[55]

Fjórir einstaklingar voru á skýrslu Sparisjóðs Mýrasýslu um stórar áhættuskuldbindingar í árslok 2008, og nam heildarskuldbinding hvers þeirra á bilinu 307–478 milljóna króna. Heildarskuldbindingar þessara fjögurra einstaklinga námu samanlagt 1.478 milljónum króna. Samtals voru lagðar 808 milljónir króna í sérgreint framlag í afskriftasjóð vegna þessara skuldbindinga.

Tafla 21. Einstaklingar með stórar áhættuskuldbindingar og sérgreindar niðurfærslur hjá Sparisjóði Mýrasýslu í árslok 2008.[56]

Þús. kr.	**Árslok 2007**	**Árslok 2008**
Heildarskuldbinding úrtaks	**474.462**	**1.481.194**
Heildarútlán sparisjóðsins	**26.608.975**	**39.024.441**
Hlutfall úrtaks af heild	**1,8%**	**3,8%**
Sérgreindar afskriftir úrtaks		808.358
Sérgreindar afskriftir alls	100.599	11.846.461
Afskriftareikningur útlána (sérgr. og alm.)	359.263	14.435.745
Sérgreindar afskriftir úrtaks af sérgreindum afskriftum alls		**6,8%**

53. Hámarkið var lækkað úr 800% í 400% af eiginfjárgrunni í september 2011 með lögum nr. 119/2011 um breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum.
54. Skýrslur um stórar áhættuskuldbindingar Sparisjóðs Mýrasýslu, unnar af sparisjóðnum og skilað til Fjármálaeftirlitins ársfjórðungslega. Jafnframt er byggt á upplýsingum samkvæmt sundurliðunum sparisjóðsins til rannsóknarnefndarinnar og útlánagrunni sparisjóðanna.
55. Lánahópur samanstendur af tveimur eða fleiri viðskiptamönnum sem eru fjárhagslega tengdir í skilningi 1. mgr. 30. gr. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.
56. Skýrslur um stórar áhættuskuldbindingar Sparisjóðs Mýrasýslu, unnar af sparisjóðnum og skilað til Fjármálaeftirlitins ársfjórðungslega. Einnig byggt á sundurliðunum frá sparisjóðnum til rannsóknarnefndarinnar og útlánagrunni sparisjóðanna.

Einstaklingarnir í úrtakinu voru allir með lán í erlendum myntum hjá Sparisjóði Mýrasýslu sem tvöfölduðust á árinu 2008 vegna veikingar krónunnar. Tveir þeirra voru bændur, og fékk annar lán til kaupa á jörð og hinn vegna framkvæmda og kaupa á mjólkurkvóta. Einn einstaklingur, forstjóri fjárfestingarbanka, fékk eingreiðslulán til að kaupa hlutabréf í bankanum, og voru bréfin sett að veði til tryggingar láninu. Fjórði einstaklingurinn fékk lán til að kaupa fasteign í miðborg Reykjavíkur, og var lánið tryggt með 1. veðrétti í hinni keyptu fasteign auk annarra fasteigna og veðs í leigugreiðslum.

Um það bil helmingur lána í úrtaki rannsóknarnefndarinnar var vegna verkefna utan starfssvæðis samstæðu sparisjóðsins. Í úrtakinu voru mörg byggingar- og fasteignafélög, en einnig önnur félög sem fengust við hótelrekstur, heildverslun, svínarækt, virkjanir, framleiðslu á plastvörum, tölvuþjónustu o.fl. Sparisjóðurinn hafði hug á að auka útlánagetu sína, en um aldamótin var hún slík að sparisjóðurinn átti erfitt með að ráða við stærstu viðskiptavinina á svæðinu. Stjórnendur sparisjóðsins töldu nauðsynlegt að stækka efnahagsreikninginn og auka eigið fé bankans til þess að hann gæti betur sinnt hlutverki sínu. Einn þáttur í þeirri stækkun var að sameinast Sparisjóði Ólafsfjarðar og Sparisjóði Siglufjarðar.[57]

Það var einkennandi fyrir sparisjóðinn meðal stærri sparisjóða hversu hár hluti lánasafns hans var til landbúnaðar, en sparisjóðurinn lánaði fyrirtækjum í greininni á sínu starfssvæði og aðstoðaði þau fjárhagslega. Skýrslur rannsóknarnefndarinnar af stjórnendum sparisjóðsins sem og önnur gögn sem hún hefur haft til athugunar sýna að sparisjóðurinn hafi sýnt framleiðslufyrirtækjum í Borgarfirði og á Mýrum mikla þolinmæði og ef til vill ekki haft eingöngu fjárhagslegan ávinning sinn að leiðarljósi við lánveitingar. Þannig fékk Grísagarður ehf., svínabú, lán hjá sparisjóðnum þótt félagið væri ógreiðslufært. Grísagarður ehf. var lengi einn af stærstu lánþegum sparisjóðsins, en árið 2003 fór félagið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu. Þá var hluta skulda félagsins við sparisjóðinn breytt í hlutafé, og eignaðist hann við það 15% hlutafjár í félaginu. Á stjórnarfundi sparisjóðsins 3. mars 2003, þar sem þetta var samþykkt, var þó fjallað um slæma stöðu atvinnugreinarinnar. Samkeppnin væri hörð og óvenjuleg þar sem framleiðsla væri seld undir kostnaðarverði og ylli það vaxandi erfiðleikum hjá kjötframleiðendum. Þrátt fyrir erfiðleika hjá Grísagarði ehf. hélt sparisjóðurinn áfram að veita félaginu ný lán á árunum 2003–2007, bæði í íslenskum krónum og erlendum myntum.[58] Sveitarfélagið Borgarbyggð, eini stofnfjáreigandi sparisjóðsins, var einnig meðal stærstu skuldara hans. Stærð skuldbindingarinnar var einkum vegna erlends láns sem sveitarfélagið fékk í september 2007. Kaupfélag Borgfirðinga var stærsti einstaki lántakandi sparisjóðsins, en hann réðst einnig í sameiginlegar fjárfestingar með kaupfélaginu.

Sparisjóðurinn lánaði til nokkurra fasteignaverkefna og lóðakaupa, en lán til byggingariðnaðar voru töluverður hluti lánasafns sparisjóðsins. Í þessu samhengi má nefna lán til einkahlutafélags til kaupa á tveimur jörðum í Borgarbyggð á árunum 2003 og 2005. Um var að ræða eingreiðslulán í erlendum myntum, og við lok árs 2008 var veðstaðan vegna þeirra ekki góð þótt sparisjóðurinn væri bæði með veð í jörðunum og sjálfskuldarábyrgð eigendanna. Höfuðstóllinn hafði hækkað mun meira en virði veðanna. Þá lánaði sparisjóðurinn byggingarfélagi til kaupa á jörð á Kjalarnesi, en þau lán voru í íslenskum krónum og til tuttugu ára. Sparisjóðurinn lánaði Sola Capital ehf. til kaupa á fasteignum á höfuðborgarsvæðinu, og á árinu 2008 lánaði sparisjóðurinn Hanza-eignum ehf. til að taka yfir hluta skulda Sola Capital ehf.[59] Þá fékk félagið Lónakot ehf. nokkur eingreiðslulán í erlendri mynt á árunum 2006 og 2007, meðal annars til að fjármagna kaup félagsins á jörðinni Lónakoti við Hafnarfjörð. Á sama tíma keypti sparisjóðurinn 20% hlut í félaginu. Lán til félagsins voru ítrekað framlengd án þess að til greiðslu kæmi, og stóðu veð sparisjóðsins í hinum keyptu lóðum ekki undir skuldbindingum félagsins eftir gengisfall krónunnar. Þetta fyrirkomulag, þ.e. eingreiðslulán í erlendum myntum, var mjög algengt í þeim lánum sem komu til skoðunar í úrtaki rannsóknarnefndarinnar.

57. Skýrsla Sigurðar Más Einarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 21. maí 2013.
58. Grísagarður ehf. var úrskurðað gjaldþrota 22. október 2010.
59. Sola Capital ehf. var úrskurðað gjaldþrota 14. mars 2012. Hanza-eignir ehf. var úrskurðað gjaldþrota 24. október 2012, en hét þá Laugarakur ehf.

Þjónusta var sú atvinnugrein sem sparisjóðurinn lánaði mest til, en í þann flokk falla meðal annars eignarhaldsfélög sem sinna fjárfestingum í hlutabréfum. Meðal stærstu lántaka í sparisjóðnum var Vesturland hf., fjárfestingarfélag í eigu Sparisjóðs Mýrasýslu og Kaupfélags Borgfirðinga sem fékk lán hjá sparisjóðnum til að fjárfesta í innlendum og erlendum hlutabréfum. Lán til félagsins voru tryggð með veði í þeim bréfum sem keypt voru. Skuldbindingar félagsins, sem langflestar voru í erlendum myntum, námu rúmum milljarði króna í lok júní 2008 og voru þá tæplega 30% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins. Síðla árs 2007 lánaði sparisjóðurinn um milljarð króna til nokkurra einkahlutafélaga til kaupa á hlutabréfum í Icebank hf. með öðrum veðrétti í hlutabréfunum sjálfum. Lánin voru í erlendum myntum og skyldu endurgreiðast á lokadegi, þremur árum eftir að þau voru veitt.

Nokkrar áhættuskuldbindingar sparisjóðsins urðu svo stórt hlutfall af eiginfjárgrunni hans að sjóðurinn þurfti að óska eftir ábyrgðum frá öðrum fjármálastofnunum fyrir skuldbindingunum til þess að þær færu ekki upp fyrir lögbundið hámark á skýrslum til Fjármálaeftirlitsins. Til að mynda nam heildarskuldbinding Lónakots ehf. við sparisjóðinn 1,1 milljarði króna í byrjun árs 2008, og var áhættuskuldbindingin rétt undir 25% hámarkinu af eiginfjárgrunni. Sparisjóðurinn hafði þá fengið 200 milljóna króna ábyrgð frá VBS Fjárfestingarbanka hf. til að lækka skuldbindinguna. Sparisjóðurinn fékk ábyrgð frá sama banka til þess að lækka skuldbindingar Vesturlands hf. af sömu ástæðu á árinu 2007. Árið eftir dugði sú ráðstöfun ekki til þess að skuldbindingin væri fyrir neðan lögbundið hámark, og var lán sem félagið tók til að fjárfesta í hlutabréfum í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. fært til AB-fjárfestinga ehf.,[60] annars fjárfestingarfélags í eigu sömu aðila, svo að skuldbindingar Vesturlands hf. færu niður fyrir 25% hámarkið. Skuldskeytingin var ekki í samræmi við nýsamþykktar útlánareglur sparisjóðsins frá september 2008. Samkvæmt þeim bar að líta á skuldbreytingu sem nýja lánveitingu sem koma þyrfti fyrir lánanefnd. Reglurnar gerðu ekki ráð fyrir hlutabréfum sem tryggingarandlagi, en lánanefnd hafði heimild til að samþykkja aðrar tryggingar en tilgreindar voru í lánareglunum. Hvorki var fjallað um skuldskeytinguna í stjórnarfundargerðum sparisjóðsins né í fundargerðum lánanefndar. Ekki dugði að færa lánið af AB-fjárfestingum ehf. yfir á Vesturland hf. því að í lok árs 2008 voru heildarskuldbindingar AB-fjárfestingar ehf. 787 milljónir króna, og var áhættuskuldbindingin 52,5% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins eða talsvert umfram 25% hámarkið.

Sparisjóður Mýrasýslu veitti sjálfur ábyrgðir til handa dótturfélagi sínu, Afli sparisjóði (þá Sparisjóði Siglufjarðar), til að lækka hlutfall skuldbindinga tveggja sjávarútvegsfyrirtækja niður fyrir 25% hámarkið. Ábyrgð Sparisjóðs Mýrasýslu leiddi hins vegar til þess að skuldbindingar félaganna voru orðnar of miklar miðað við eiginfjárgrunn Sparisjóðs Mýrasýslu, og til að lækka skuldbindingar þeirra niður fyrir 25% hámarkið á skýrslum sparisjóðsins sjálfs um stórar áhættuskuldbindingar gaf VBS Fjárfestingabanki hf. út ábyrgð til handa Sparisjóði Mýrasýslu.

Regluverk um útlán Sparisjóðs Mýrasýslu var ófullkomið og samþykktarferli við veitingu útlána ekki eins og tíðkaðist annars staðar; útlánaheimildir sparisjóðsstjóra og annarra starfsmanna voru miklar, en einstakir starfsmenn gátu skuldbundið sparisjóðinn fyrir mjög háar fjárhæðir. Fremur sjaldan var fjallað um útlán í stjórnarfundargerðum, og ekki var tryggt að öll útlán yfir 10% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins færu fyrir stjórn. Til að ráða bót á þessu voru settar nýjar lánareglur, en við þær var stuðst í mjög stuttan tíma þar sem sparisjóðurinn sameinaðist Nýja Kaupþingi banka hf. nokkrum mánuðum eftir að reglurnar voru settar. Eins og rakið er hér framar voru dæmi þess að nýjum lánareglum hefði ekki verið fylgt.

Þá var misbrestur á skjalagerð og formlegri tryggingatöku. Til að mynda reyndist erfitt að útvega rannsóknarnefndinni gögn sem sýndu fram á að mat á greiðslugetu lántakenda hefði farið fram. Þá vantaði upp á að fjárhagur lögaðila sem óskuðu eftir lánum sparisjóðsins væri kannaður, til að mynda vantaði oft ársreikninga þeirra, og því var ógerlegt

60. Félagið var upphaflega stofnað árið 1998 undir nafninu AB-Mjöl ehf. og rak kjötmjölsverksmiðju og framleiddi fóður. Á árinu 2003 var nafni félagsins breytt í AB-fjárfestingar ehf. og tilgangur þess breyttist í eignarhaldsfélag um hlutabréf og fasteignir. Félagið var frá upphafi í eigu Kaupfélags Borgfirðinga, en í lok árs 2008 var það komið í helmingseigu Sparisjóðs Mýrasýslu og Kaupfélags Borgfirðinga. AB-fjárfestingar ehf. var úrskurðað gjaldþrota í mars 2012.

fyrir sparisjóðinn að fá raunsanna mynd af fjárhagsstöðu lántaka. Sem dæmi má nefna að Formhús ehf., stór lántaki hjá sparisjóðnum, skilaði ekki ársreikningi til ársreikningaskrár allt frá stofnun félagsins 2006.[61] Þá hefur áður verið minnst á fjárhagslega stöðu Grísagarðs ehf., eins af stærstu lántakendum sparisjóðsins. Hjá tveimur aðilum í úrtakinu gætti sparisjóðurinn þess ekki að framfylgja tryggingatöku vegna lána. Í báðum tilvikum liðu tæp tvö ár frá því lánin voru greidd út og þar til gengið var frá tryggingum. Má í því skyni nefna fjármögnun sparisjóðsins á kaupum Sola Capital ehf. og eiganda þess á fjölda fasteigna á höfuðborgarsvæðinu, en á árinu 2007 var drjúgur hluti skuldbindinga eigandans færður yfir á Sola Capital ehf. Í lok árs 2008 samþykkti sparisjóðurinn að aflétta veðum af tveimur fasteignum Sola Capital ehf. áður en nýtt veð var tekið í fasteign í Reykjavík. Í mars 2009 var bókað á stjórnarfundi að eigandi félagsins hefði ekki skilað inn skjölum vegna veðheimilda eins og um hefði verið samið. Þá var ekki gengið úr skugga um að bréf í óskráðu félagi sem veðsett var sparisjóðnum væru ekki veðsett annars staðar, sbr. umfjöllun um Sigurplast ehf. hér aftar.

Helsta ástæða afskrifta var sú að útlán sparisjóðsins í erlendum myntum hækkuðu mikið í lok árs 2008 vegna óhagstæðra gengisbreytinga, og afleiðingin af því var tryggingarskortur sem mætt var með framlögum í sérgreindan afskriftareikning. Þá má geta þess að sparisjóðurinn tapaði töluverðum fjármunum vegna ábyrgða sem hann tókst á hendur vegna skuldbindinga Kistu – fjárfestingarfélags ehf., en afskrifa þurfti endanlega um 250 milljónir króna vegna þeirra á árinu 2008. Sú afskrift nam um 62% af endanlega afskrifuðum útlánum samstæðunnar á árinu.[62]

Hér er fjallað um þrjá lánahópa hjá Sparisjóði Mýrasýslu sem rannsóknarnefndin taldi sérstaka ástæðu til að fjalla um. Hópurinn um Icebank hluthafalánin var ekki eiginlegur lánahópur, enda skilgreindi sparisjóðurinn lántakendurna ekki sem fjárhagslega tengda. Um þá er fjallað sameiginlega hér til einföldunar. Farið er yfir helstu lánveitingar til þessara þriggja hópa, hvort þær hafi verið í samræmi við lánareglur og gildandi lög og reglur á fjármálamarkaði, og fjallað um mat sparisjóðsins á afskriftaþörf vegna þeirra. Rannsóknarnefndin sá ekki ástæðu til að fjalla sérstaklega um lán til annarra lánahópa í úrtakinu umfram það sem þegar er komið fram.

Icebank hluthafalán

Í 9. kafla, um útlán, er ítarleg umfjöllun um Icebank hluthafalánin. Þar kemur fram heildarumfang kaupanna, upplýsingar um lántaka, lánsfjárhæðir og sérstaka samninga sem gerðir voru í tengslum við kaupin.

Síðla árs 2007 keyptu þrettán einkahlutafélög, sum hver í eigu stjórnenda Icebank hf., 43% hlut í bankanum af Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf., Byr sparisjóði, nb.is-sparisjóði hf., Sparisjóði Kópavogs og Sparisjóði Norðlendinga. Tólf þessara félaga fengu lánað hjá sparisjóðnum 5. desember 2007 fyrir hluta kaupverðsins, en þau voru voru SM 1 ehf., Bergið ehf., Obduro ehf., Fjárfestingarfélagið Sproti ehf., Breiðutangi ehf., Lagos ehf., HDH Invest ehf., G-tveir ehf., Saltsalan ehf., Óseki ehf., Infestus Holding ehf. og Sparta Holding ehf.

Rúm 68% af kaupverðinu voru upphaflega fjármögnuð með lánum frá sparisjóðum, og nam lánsfjárhæðin samtals 8,4 milljörðum króna. Kaupendur skuldbundu sig til að greiða það sem ekki var lánað til kaupanna með eiginfjárframlagi. Sparisjóður Mýrasýslu fjármagnaði 12,5% af lánunum eða rúman milljarð króna. Lánin voru veitt í erlendum myntum, og við sparisjóðsins fyrir lánunum var 2. veðréttur í 75% keyptra hlutabréfa í Icebank hf., en Sparisjóðurinn í Keflavík var á sama veðrétti. Þessi lán voru ekki tekin fyrir á stjórnarfundum sparisjóðsins, en saman mynduðu þau stærstu áhættuskuldbindingu sjóðsins. Hvert lán fyrir sig var undir lánaheimildum sparisjóðsstjórans, en heildarlánveitingin var það ekki.

Þegar kom að útgreiðslu lánanna til einkahlutafélaganna sem keyptu hluti í Icebank hf. átti Sparisjóður Mýrasýslu ekki nægt laust fé. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis og Byr sparisjóður lánuðu þá Sparisjóði Mýrasýslu rúmar 800 milljónir króna til að bæta úr því. Um þetta fjallaði stjórnin ekki.

61. Formhús ehf. var úrskurðað gjaldþrota 21. desember 2011, en hét þá KK105 ehf.
62. Skýrsla KPMG endurskoðunar hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Mýrasýslu 2008.

Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóði Mýrasýslu frá 30. júlí 2008 voru bréf í Sparisjóðabankanum talin ofmetin. Bókfært virði þeirra 31. mars 2008 var 1.792 milljónir króna, en Fjármálaeftirlitið taldi réttara að virðið væri um 902 milljónir króna. Eigið fé sparisjóðsins var á þessum tíma 4,1 milljarður króna, og hefði slík niðurfærsla því haft töluverð áhrif á það.[63] Lánin voru að fullu færð niður í ársreikningi sparisjóðsins 2008.[64]

Árslok (m.kr.)	Heildar-skuldbinding	Staða á afskriftareikningi
2007	551	–
2008	1.116	279

Kaupfélag Borgfirðinga og tengdir aðilar

Kaupfélag Borgfirðinga svf. og tengdir aðilar voru stærsta áhættuskuldbinding sparisjóðsins í lok árs 2008 ef frá er talinn hópurinn sem fékk lán til kaupa á hlutabréfum í Icebank hf. Starfsemi kaupfélagsins var margþætt, en það var eignarhaldsfélag, rak verslunardeild, tók þátt í smásöluverslun og átti og rak ýmsar fasteignir. Félagssvæði Kaupfélags Borgfirðinga var hið sama og helsta þjónustusvæði Sparisjóðs Mýrasýslu og sveitarfélagsins Borgarbyggðar, þ.e. Borgarfjarðasýsla norðan Skarðsheiðar, Mýrasýsla og Snæfells- og Hnappadalssýsla sunnan heiða. Mikil tengsl voru milli Sparisjóðs Mýrasýslu og Kaupfélags Borgfirðinga, en félögin réðust meðal annars í sameiginlegar fjárfestingar. Kaupfélag Borgfirðinga hafði verið lengi í viðskiptum við sparisjóðinn og var ein af stærstu áhættuskuldbindingum hans á árunum 2007 og 2008.[65] Lánahópnum tilheyrðu kaupfélagið, fjárfestingarfélag í eigu þess og félagið BK-fasteignir ehf.[66] BK-fasteignir ehf. var fasteignafélag í eigu Borgarlands ehf. sem var í eigu Kaupfélags Borgfirðinga að 44%, Sparisjóðs Mýrasýslu að 42% og Vesturlands hf. að 14%.[67] Borgarland ehf., sem var 100% eigandi BK-fasteigna ehf., var aftur á móti skilgreint sem hlutdeildarfélag í bókum sparisjóðsins, og var grein gerð fyrir skuldbindingum Borgarlands ehf. með Vesturlandi hf. sem einnig var í helmingseigu Kaupfélags Borgfirðinga.

Kaupfélag Borgfirðinga var með fyrirgreiðslur í formi skuldabréfa, lána í erlendum gjaldmiðlum og yfirdráttarláns. Til tryggingar var sparisjóðurinn með 1.–3. veðrétt í fasteignum Kaupfélags Borgfirðinga að Egilsholti í Borgarnesi, reikningskröfum og hlutabréfum í Samkaupum hf. og Vesturlandi hf. Kaupfélagið var mikilvægur viðskiptavinur hjá sparisjóðnum og hagsmunir þess, sparisjóðsins og eina stofnfjáreiganda sparisjóðsins, Borgarbyggðar, samofnir:

> Kaupfélagið var mjög stór kúnni og hefur alltaf verið hjá Sparisjóði Mýrasýslu. Lengi vel þegar eigið fé var lítið þá var það kannski um 40% af eigin fé sparisjóðsins sem var undir í kaupfélaginu. Kaupfélagið er stærsti vinnuveitandinn í Borgarfirði. Það hefur alltaf verið kúltúr í héraðinu og í sparisjóðnum að vinna með þessu félagi til góðra verka.[68]

Í skýrslu um innri endurskoðun sparisjóðsins fyrir árið 2007 kom fram að tryggingarstaða vegna heildarskuldbindinga Kaupfélags Borgfirðinga og tengdra aðila væri góð og var veðsetningarhlutfallið metið 73,7%. Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins í júlí 2008, eftir könnun á útlánaáhættu Sparisjóðs Mýrasýslu, sagði um fyrirgreiðslur til Kaupfélags Borgfirðinga:

> Lauslegt mat á tryggingum fyrir skuldum þessa aðila við SPM er, að ef á reyndi vantar hugsanlega eitthvað upp á þær. Góð eiginfjárstaða kaupfélagsins gefur hins vegar til kynna að á þær muni ekki reyna á næstunni.[69]

Heildarskuldbinding lánahópsins nam 843 milljónum króna 30. júní 2008, og var áhættuskuldbindingin 60,1% af eiginfjárgrunni Sparisjóðs Mýrasýslu eða langt umfram 25% hámarkið samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Þrátt fyrir slæma fjárhagsstöðu sparisjóðsins fékk Kaupfélag Borgfirðinga nýtt eingreiðslulán til fimm ára 26. nóvember 2008, að fjárhæð 55 milljónir króna. Til tryggingar láninu fékk sparisjóðurinn handveð í hlutum

63. Skýrsla um eigið fé Sparisjóðs Mýrasýslu, 31. mars 2008.
64. Um aðdraganda sölu hlutafjár í bankanum er fjallað í 31. kafla skýrslunnar og ítarlega er gerð grein fyrir lánveitingum í tengslum við hana í 9. kafla.
65. Sbr. skýrslur um stórar áhættuskuldbindingar til Fjármálaeftirlitsins, sbr. reglur nr. 216/2007.
66. Skuldbindingar fjáfestingarfélagsins við sparisjóðinn voru óverulegar.
67. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.
68. Skýrsla Sigurðar Más Einarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 21. maí 2013.
69. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóði Mýrasýslu, 30. júlí 2008.

félagsins í Borgarlandi ehf., að nafnvirði 19 milljónir króna.[70] Á lántökudegi höfðu nýjar lánareglur sparisjóðsins tekið gildi; samkvæmt þeim hefði stjórn sparisjóðsins eða lánanefnd átt að fjalla um málið, en það var ekki gert. Ekki var gert ráð fyrir veði í hlutabréfum í lánareglunum, en lánanefnd hafði heimild til að víkja frá því. Þar sem lánanefnd fjallaði ekki um lánið eða frávik frá lánareglum var ekki farið að reglum sparisjóðsins, hvorki hvað varðaði málsmeðferð eða tryggingu sparisjóðsins fyrir láninu.

Mynd 9. Eignarhald Kaupfélags Borgfirðinga og Sparisjóðs Mýrasýslu á Vesturlandi, Borgarlandi og BK-fasteignum ehf.[71]



Í lok árs 2008 nam heildarskuldbinding Kaupfélags Borgfirðinga og tengdra aðila við sparisjóðinn 1.116 milljónum króna, og var áhættuskuldbindingin 74,4% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins.[72] Félögin í lánahópnum voru ekki í vanskilum við sparisjóðinn, en áætlað verðmæti trygginga sparisjóðsins fyrir skuldbindingum félaganna nam tæpum 994 milljónum króna. Færðar voru tæpar 280 milljónir króna sem sérgreint framlag í afskriftareikning vegna skuldbindinga lánahópsins.[73]

Lónakot ehf.

Lónakot ehf. var byggingarfélag sem stofnað var árið 2005. Á árinu 2007 var félagið í eigu Holtasels ehf. að 40% hluta, stofnanda félagsins að 30% hluta, Sparisjóðs Mýrasýslu 20%, og Valakletts ehf. 10%.[74] Jóhann Halldórsson var stjórnarmaður í Lónakoti ehf. til ársins 2006 og framkvæmdastjóri til 2011. Engir aðrir aðilar eða félög voru skilgreind sem hluti af lánahópi með Lónakoti ehf.

Árslok (m.kr.)	Heildarskuld-binding	Staða á afskriftareikningi
2007	592	–
2008	1.037	615

Gjaldþrot 2011

Lónakot ehf. fékk fyrst fyrirgreiðslu frá Sparisjóði Mýrarsýslu í byrjun árs 2006 til að fjármagna kaup félagsins á jörðinni Lónakoti í Hafnarfirði, og til þess fékk félagið eingreiðslulán í erlendri mynt að jafnvirði 202 milljóna króna. Lánstími var fimm ár og tryggingin var 1.

70. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvert áætlað markaðsvirði bréfanna var á þeim tíma.
71. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.
72. Samkvæmt skýrslu sjóðsins um stórar áhættuskuldbindingar í árslok 2008 var miðað við að eiginfjárgrunnur sparisjóðsins væri 1,5 milljarður króna, en í raun var hann neikvæður um yfir 15 milljarða króna samkvæmt ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2008 og hlutfallið því í raun neikvætt.
73. Í athugasemdum Bernhards Þórs Bernhardssonar, fyrrum sparisjóðsstjóra, til rannsóknarnefndarinnar 7. nóvember 2013 kom fram að staðan hefði síðar breyst og ekki hefði komið til endanlegra afskrifta vegna hópsins. BK-fasteignir ehf. var úrskurðað gjaldþrota 16. júlí 2010.
74. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

veðréttur í lóðinni Lónakoti í Hafnarfirði. Stjórnarfundur sparisjóðsins 24. febrúar hafði samþykkt að lána Lónakoti ehf. 200 milljónir króna, en bókað var á fundinum að það yrði skoðað nánar hvort sparisjóðurinn myndi jafnframt kaupa hlut í félaginu.

Í tölvupósti 10. mars 2006 frá Jóni Gunnari Vilhelmssyni, starfsmanni sparisjóðsins, til Stefáns Sveinbjörnssonar, starfsmanns sparisjóðsins, og Gísla Kjartanssonar sparisjóðsstjóra var fjallað um málefni Lónakots ehf. Í honum kom fram að sparisjóðnum hefði borist tilboð frá eigendum um að kaupa 20% hlut í félaginu fyrir 147,2 milljónir króna. Í tölvupóstinum lýsti Jón yfir efasemdum um verkefnið:

> M.v. okkar áhuga á jarðakaupum, finnst mér þetta spennandi kostur á ofangreindu verði – greining sýnir fína mögulega ávöxtun. Þetta eru sterkir aðilar með góða þekkingu og tengsl til að klára verkið. Landið er vel staðsett, þó mér finnist það persónulega ekki spennandi búsetukostur – það býður uppá góðar tengingar við höfuðborgarsvæðið, sem og Reykjanesbæ. Helsti lösturinn er nálægð við stóriðju og annan fremur sóðalegan iðnað – en það virðist ekki hafa hindrað fólk í að byggja þarna suðurfrá hingað til.
>
> Stærsta áhættan er fólgin í eftirfarandi:
>
> Tvö sveitarfélög þurfa að koma að skipulagsmálum – þetta gæti flækt og tafið mál meira en ella og kostað þannig tíma sem er mjög dýrt.
>
> Hluthafahópurinn hefur átt í útistöðum og mögulegt er að stóri aðilinn […] geti orðið erfiður í samstarfi – við þurfum að fyrirbyggja slíkt.
>
> Svo er alltaf spurningin, af hverju eru þeir að bjóða okkur að koma inn í þetta – [stóri aðilinn] gæti klárað þetta sjálfur ef þetta er eitthvað spursmál. Þeir munu nota okkar hlut til að fjármagna skipulagsmál, o.fl., og finnst mér það mikill kostnaður (150M) – er eitthvað annað sem er að trufla þá?

Á stjórnarfundi 29. mars 2006 var samþykkt að kaupa 20% hlut í Lónakoti ehf. fyrir 147 milljónir króna og jafnframt að lána félaginu 36,8 milljónir króna með víkjandi hluthafaláni. Í lánssamningnum kom fram að aðrir hluthafar félagsins myndu veita Lónakoti ehf. sambærileg lán í hlutfalli við eign hvers fyrir sig. Lánið skyldi greiða með einni greiðslu höfuðstóls og vaxta í apríl 2011 og skyldi víkja fyrir öllum öðrum kröfum á hendur Lónakoti ehf. Lánið var án trygginga.

Nokkrum dögum síðar, 4. apríl 2006, fékk Lónakot ehf. lán í erlendri mynt að jafnvirði 176 milljóna króna frá sparisjóðnum. Lánið var upphaflega til skamms tíma og skyldi greiða með einni greiðslu höfuðstóls og vaxta 3. júlí sama ár. Til tryggingar var 2. veðréttur í Hvassahrauni á jörðinni Lónakoti. Lánið var þrisvar sinnum endurfjármagnað með nýjum lánum er kom að gjalddaga þar sem vöxtum var bætt við höfuðstól. Síðasti framlengdi gjalddagi lánsins var 3. október 2008, en þá komst lánið í vanskil.

Í skýrslu innri endurskoðanda sparisjóðsins árið 2006 kom fram að miðað við það verð sem sparisjóðurinn greiddi fyrir 20% hlut í Lónakoti ehf. mætti ætla að heildarverðmæti fyrirtækisins væri 736 milljónir króna. Hlutfall heildarfyrirgreiðslunnar á árinu 2006 væri 61,2% af því mati.[75]

Lónakot ehf. fékk lán í erlendri mynt 25. október 2007 að jafnvirði 112 milljóna króna til kaupa á jörðinni Austurkoti í Vogum á Vatnsleysuströnd. Lánið bar að endurgreiða með einum gjalddaga höfuðstóls og vaxta 25. apríl 2008 sem var síðar framlengt til 3. október 2008. Til tryggingar láninu fékk sparisjóðurinn 1. veðrétt í jörðinni Austurkoti. Ekki var fjallað um lánið í stjórn sparisjóðsins.

Hinn 31. maí 2008 voru heildarskuldbindingar Lónakots ehf. við sparisjóðinn 1.108 milljónir króna og áhættuskuldbindingin 24,9% af eiginfjárgrunni Sparisjóðs Mýrasýslu, rétt undir lögbundnu hámarki sem er 25%. Hafði þá verið tekið tillit til 200 milljóna króna ábyrgðar frá VBS Fjárfestingarbanka hf. á skuldbindingum félagsins sem veitt var 31. mars 2008 og gilti til 10. júlí 2008.

75. Skýrsla KPMG hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Mýrasýslu 2006, 20. desember 2006.

Á stjórnarfundi 17. desember 2008 voru málefni Lónakots ehf. tekin sérstaklega fyrir. Fram kom að Lónakot ehf. skuldaði vexti í Glitni banka hf. fyrir um það bil 7 til 8 milljónir króna og að bankinn væri með veð í Hvassahrauni á jörðinni Lónakoti á undan Sparisjóði Mýrasýslu. Tryggingarstaða Sparisjóðs Mýrasýslu var þar af leiðandi ekki nógu góð. Í lok árs 2008 voru heildarskuldbindingar Lónakots ehf. 1.037 milljónir króna og áhættuskuldbindingin 69,2% af eiginfjárgrunni Sparisjóðs Mýrasýslu. Áætlað verðmæti tryggingа sparisjóðsins var um 610 milljónir króna, en fyrirgreiðslur félagsins höfðu hækkað mjög vegna óhagstæðra gengisbreytinga, og samhliða því rýrnuðu tryggingarnar. Sérgreint framlag í afskriftareikning útlána vegna skuldbindinga Lónakots ehf. nam 615 milljónum króna 31. desember 2008.

Á fundi lánanefndar Sparisjóðs Mýrasýslu 4. febrúar 2009 var samþykkt heimild til handa starfsmanni sparisjóðsins að framlengja lánasamninga Lónakots ehf. frá mánuði til mánaðar eftir þörfum. Sparisjóðurinn sameinaðist Nýja Kaupþingi banka hf. stuttu síðar, en Lónakot ehf. var úrskurðað gjaldþrota í október 2011.

Sigurplast ehf.

Sigurplast var stofnað árið 1960 og framleiddi og seldi ýmiss konar umbúðir úr plasti. Í mars 2007 var rekstur Sigurplasts seldur til nýstofnaðs félags er fékk nafnið Sigurplast ehf. stuttu eftir kaupin.[76] Sigurplast ehf. var jafnt í eigu þriggja hluthafa, Vesturlands hf.[77] og tveggja annarra einkahlutafélaga. Stjórnarformaður Sigurplasts ehf. var Jón Snorri Snorrason og Bernhard Þór Bernhardsson, fyrrverandi forstöðumaður viðskiptaþjónustu og síðar sparisjóðsstjóri hjá Sparisjóði Mýrasýslu, var stjórnarmaður í félaginu.[78]

Árslok (m.kr.)	Heildarskuld-binding	Staða á afskriftareikningi
2007	355	–
2008	852	635

Gjaldþrot 2010

Sparisjóðurinn veitti Sigurplasti ehf. fjögur lán í erlendri mynt til kaupa á rekstri félagsins af fyrri eiganda á árinu 2007. Kaupverðið var tæpar 352 milljónir króna, en fjármögnunin var að jafnvirði 348 milljóna króna. Til tryggingar lánunum var gefið út 450 milljóna króna tryggingarbréf með 1. veðrétti í vörubirgðum, vörureikningum og rekstrartækjum félagsins.

Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu sparisjóðsins í júlí 2008 var gerð athugasemd við tryggingastöðu Sigurplasts ehf. hjá sparisjóðnum:

> Það er ljóst að tryggingar skuldanna duga skammt ef til erfiðleika kemur og skuldsetning er nokkuð djörf út frá áætlaðri EBITDA (skuldir/EBITDA=10). FME telur mikilvægt að stjórnendur SPM endurmeti greiðslugetu og tryggingar vegna ofangreindra lána og láti gera virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild fyrirtækisins.[79]

Skuldbindingar Sigurplasts ehf. hækkuðu mjög á árinu 2008 sökum óhagstæðra gengisbreytinga og námu 525 milljónum króna 30. júní 2008. Var áhættuskuldbindingin þá 35% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins. Seinna sama ár gerði sparisjóðurinn kröfu um að Sigurplast ehf. bætti veðstöðu sína gagnvart sparisjóðnum. Í október 2008 var gerður handveðssamningur um allt hlutafé einkahlutafélaganna tveggja í Sigurplasti ehf. og sérgreint lausafé félagsins, sem viðbótartrygging. Eigandi annars einkahlutafélaganna hafði þá með veðsamningi 14. júlí 2008 undirgengist kvöð gagnvart SPRON-Verðbréfum hf. um að veðsetja hvorki né selja hluti einkahlutafélagsins í Sigurplasti ehf. Með dómi héraðsdóms Reykjavíkur 21. febrúar 2013 var eigandinn dæmdur fyrir skilasvik vegna þeirrar ráðstöfunar að veðsetja Sparisjóði Mýrasýslu hluti einkahlutafélagsins í Sigurplasti ehf.[80] Sú niðurstaða var staðfest með dómi Hæstaréttar 10. október 2013 í máli nr. 170/2013.

76. Félagið hét Löðmundarhóll ehf. og var stofnað í janúar 2007. Nafninu var breytt í Sigurplast ehf. í júlí sama ár.
77. Vesturland hf. var í eigu Sparisjóðs Mýrasýslu og Kaupfélags Borgfirðinga.
78. Í athugasemdum til rannsóknarnefndarinnar 7. nóvember 2013 sagði Bernhard Þór Bernhardsson að hann hefði sagt sig úr stjórn félagsins árið 2008 þegar hann tók við sem sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Mýrasýslu.
79. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóði Mýrasýslu, 30. júlí 2008.
80. Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. febrúar 2013 í máli nr. S-20/2013.

Í lok árs 2008 nam heildarskuldbinding Sigurplasts ehf. við Sparisjóð Mýrasýslu 852 milljónum króna og var áhættuskuldbindingin 56,8% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins.[81] Sérgreint afskriftarframlag vegna Sigurplasts ehf. nam á sama tíma 635 milljónum króna. Sigurplast ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta í september 2010. Arion banki hf., sem hafði tekið yfir hluta af eignum þrotabúsins, seldi reksturinn til nýrra eigenda í apríl 2012.

20.2.4 Lán til starfsmanna og stjórnarmanna

Ákvæði um lánveitingar til starfsmanna Sparisjóðs Mýrasýslu var hvorki að finna í útlánareglunum frá 1996 né í reglunum frá 2005. Í starfsreglum sparisjóðsins um framkvæmd starfa stjórnar og sparisjóðsstjóra frá árinu 2003 var hins vegar að finna ákvæði um að sparisjóðsstjóri mætti hvorki taka lán hjá sparisjóðnum né njóta ábyrgðar hans við lántöku hjá annarri lánastofnun. Þá var sparisjóðsstjóra óheimilt að gangast í ábyrgð vegna annarra gagnvart sparisjóðnum eða gerast umboðsmaður þeirra við sparisjóðinn. Sömu reglur giltu um maka sparisjóðsstjóra. Þá vísuðu starfsreglurnar til þess að aðrir starfsmenn sparisjóðsins skyldu lúta sömu útlánareglum og viðskiptamenn, en að strangari kröfur væru gerðar til skilvísi starfsmanna.

Í nýjum útlánareglum sparisjóðsins frá september 2008 var í fyrsta skipti að finna ákvæði um lán til starfsmanna og stjórnarmanna þótt vísað hefði verið til slíkra ákvæða í reglum sparisjóðsins um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra. Ætlast var til þess að starfsmenn sýndu gott fordæmi í fjármálum og væru öðrum góð fyrirmynd. Útlán til starfsmanna skyldu samþykkt af sparisjóðsstjóra eða viðkomandi forstöðumanni eða útibússtjóra, væru lánin innan heimilda þeirra. Sömu reglur skyldu gilda um lánafyrirgreiðslur til aðila sem teldust venslaðir starfsmanni, svo sem til maka eða félags sem starfsmaður ætti meira en 10% eignarhlut í. Starfsmenn í fjárhagsvandræðum máttu ekki veita lán, og ef um væru að ræða tengsl milli starfsmanns og viðskiptamanns mátti starfsmaðurinn ekki veita honum lán. Að öðru leyti giltu sömu reglur um tryggingar og annað vegna lána til starfsmanna og um aðra lántaka sparisjóðsins.

Athugun rannsóknarnefndarinnar á lánum Sparisjóðs Mýrasýslu til starfsmanna leiddi í ljós að þau námu um 1%–2% af heildarútlánum sparisjóðsins. Enginn starfsmaður sparisjóðsins var með óvenjulega fyrirgreiðslu eða háar skuldbindingar hjá sparisjóðnum. Hæsta skuldbinding starfsmanns nam rúmlega 31 milljón króna 31. desember 2008, en aðrir starfsmenn voru með talsvert lægri fjárhæðir.

Tafla 22. Heildarskuldbindingar starfsmanna Sparisjóðs Mýrasýslu sem hlutfall af eiginfjárgrunni.[82]

Dags.	Útlán (þús. kr.)	Starfsmannalán (þús. kr.)	Starfsmannalán/útlán
31.12.2005	16.587.906	141.821	0,85%
31.12.2006	21.038.499	150.676	0,72%
31.12.2007	27.156.420	292.163	1,08%
31.12.2008	25.452.992	464.369	1,82%

Stjórnum sparisjóða bar að setja sér starfsreglur þar sem meðal annars skyldi fjallað um framkvæmd reglna um meðferð viðskiptaerinda stjórnarmanna, sbr. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Jafnframt bar sparisjóðum að skila hálfsárslega til Fjármálaeftirlitsins skýrslu um fyrirgreiðslu til venslaðra aðila þar sem fram kæmu allar fyrirgreiðslur yfir 10 milljónum króna til þeirra, það er til stjórnarmanna, maka þeirra, barna og félaga tengdra þeim. Samkvæmt leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 4/2006[83] um efni reglna skv. 2. mgr. 54. gr., átti sparisjóðurinn að leggja fyrir innri endurskoðanda að fara reglulega yfir fyrirgreiðslur til venslaðra aðila og bera þær saman við sambærileg viðskipti annarra viðskiptavina. Ennfremur sagði í 3. mgr. 27. gr. starfsreglna stjórnar Sparisjóðs Mýrasýslu að innri endurskoðandi ætti að fara reglulega yfir fyrirgreiðslur til venslaðra aðila og greina frá niðurstöðum athugana sinna í skýrslu til

81. Samkvæmt skýrslu sparisjóðsins um stórar áhættuskuldbindingar í árslok 2008 var miðað við að eiginfjárgrunnur sjóðsins væri 1,5 milljarðar króna, en í raun var hann neikvæður um yfir 15 milljarða króna samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2008 og hlutfallið því í raun neikvætt.

82. Byggt á upplýsingum úr útlánagrunni sparisjóðanna, sem rannsóknarnefndinni var afhentur, og ársreikningum sparisjóðsins.

83. Síðar leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2010 um efni reglna skv. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, endurskoðun á leiðbeinandi tilmælum nr. 4/2006.

stjórnar. Þrátt fyrir skýrar reglur um þetta efni var ekki farið yfir fyrirgreiðslur til venslaðra aðila hjá Sparisjóði Mýrasýslu með reglubundnum hætti, og gerði Fjármálaeftirlitið alvarlega athugasemd við þetta í athugun sinni á útlánaáhættu sparisjóðsins í júlí 2008. Hjá Sparisjóði Mýrasýslu var því ekki til listi yfir viðskipti venslaðra aðila fram til haustsins 2008, og fram að þeim tíma lét sparisjóðurinn hjá líða að gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir fyrirgreiðslum yfir 10 milljónum króna til venslaðra aðila.[84] Í svari sparisjóðsins við drögum að skýrslu Fjármálaeftirlitsins kom fram að send hefði verið inn ný skýrsla um lán til venslaðra aðila og skýrsla um venslaða aðila verið endurbætt.[85]

Rannsóknarnefnd Alþingis kannaði hvort venslaðir aðilar Sparisjóðs Mýrasýslu, það er stjórnarmenn, makar þeirra og félög í tengslum við eða í eigu stjórnarmanna eða maka,[86] hefðu notið óvenjulegrar lánafyrirgreiðslu hjá sparisjóðnum með því að keyra kennitölur þeirra saman við lánagrunn sparisjóðsins. Athugunin leiddi í ljós að venslaðir aðilar voru með óveruleg lán hjá Sparisjóði Mýrasýslu. Fimm venslaðir aðilar, þrír stjórnarmenn og tveir makar stjórnarmanna, voru með heildarskuldbindingar yfir 10 milljónum króna 31. desember 2008, og þar af var einn maki með hæstu heildarskuldbindinguna sem nam rúmlega 50 milljónum króna.

Jafnframt var kannað hvort venslaðir aðilar úr öðrum sparisjóðum væru með óvenjulega háar fyrirgreiðslur hjá Sparisjóði Mýrasýslu, en sú athugun sýndi aðeins fram á óverulegar fjárhæðir í heildarskuldbindingum, að frátöldum einkahlutafélögum starfsmanna Icebank hf. sem tóku lán til kaupa á hlutabréfum í bankanum.

20.3 Fjáreignir og fjárfestingar

Í þessum kafla er fjallað um fjárfestingar móðurfélags Sparisjóðs Mýrasýslu. Tekin eru dæmi af fjáreignum sparisjóðsins og rakið hvenær til þeirra var stofnað. Umfjöllun miðast aðallega við stærstu eignir sjóðsins árið 2007 sem flestar skiluðu miklu tapi á árinu 2008. Þá er einnig fjallað um nokkur dóttur- og hlutdeildarfélög sparisjóðsins.

Sparisjóður Mýrasýslu fjárfesti í verðbréfum fyrir eigin reikning, bæði í stærri og smærri fyrirtækjum. Nokkuð var um fjárfestingar þar sem sparisjóðurinn breytti kröfum í hlutafé, en stærstu fjárfestingar sparisjóðsins voru í Icebank hf., VBS Fjárfestingarbanka hf. og Exista hf. Þá átti sparisjóðurinn hlut í Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. Fjárfestingar Sparisjóðs Mýrasýslu skiluðu frekar lítilli ávöxtun í samanburði við aðra sparisjóði á árunum 2001–2005, ólíkt afkomunni frá 2005 til 2007. Flestar fjáreignir sparisjóðsins urðu hins vegar nánast verðlausar árið 2008.

20.3.1 Skipulag og reglur

Sparisjóður Mýrasýslu setti sér starfs- og áhættureglur vegna eigin verðbréfaviðskipta í lok árs 1999, og voru þær uppfærðar árið 2000. Þar voru hugtökin veltubók og fjárfestingarbók skilgreind:

> Veltubók nær til þeirra markaðsverðbréfa/gjaldmiðla er SM á/skuldar á hverjum tíma og hefur keypt/selt til að hagnast á. Veltubók er á hverjum tíma gerð upp á markaðsvirði.
>
> Fjárfestingarbók nær til þeirra verðbréfa er SM hefur keypt sem langtímafjárfestingu (oftast meira en 1 ár). Fjárfestingarbók er á hverjum tíma gerð upp á uppreiknuðu kaupverði (fylgir t.d. neysluverðsvísitölu). Hagnaður/tap á stöðutöku er því aðeins bókfærður þegar SM telur æskilegt og/eða nauðsynlegt.

Í þessum reglum voru sett fjárhæðamörk fyrir tilteknar fjárfestingar og mörkuð stefna um hversu lengi sparisjóðurinn skyldi eiga ákveðnar fjárfestingar. Fram kom að þeir starfsmenn sem stýrðu veltubók skyldu halda fundi mánaðarlega með sparisjóðsstjóra eða

84. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóði Mýrasýslu, 30. júlí 2008.
85. Bréf Sparisjóðs Mýrasýslu til Fjármálaeftirlitsins 29. júlí 2008.
86. Miðað var við 20% lágmarks eignarhlut.

aðstoðarsparisjóðsstjóra og leggja fram tillögur og hugmyndir um fjárfestingarstefnu til næstu mánaða. Um fjárfestingarbókina sagði að stjórn sparisjóðsins skyldi að öðru jöfnu vera upplýst um hver staða hennar væri.

Í reglum um framkvæmd starfa stjórnar og sparisjóðsstjóra frá desember 2003, sbr. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, er fjallað um ákvarðanir um fjárfestingar í X. kafla, 55. gr.:

> Það er hlutverk stjórnar sparisjóðsins að kynna stefnumörkun sína og markmið ætluðum fjárfestingum áður en hafin er vinna við undirbúning tillögugerða fyrir fjárfestingar næsta starfsárs. Í upphafi skal stefnan mörkuð, en hún síðan sveigð að þeim forsendum sem fyrir liggja, eftir að gagnaöflun í hinum ýmsu starfsdeildum sparisjóðsins er lokið. Það er liður í stjórnunarskyldum sparisjóðsstjórnar að marka starfseminni þann fjárfestingarramma sem hentar starfseminni á hverjum tíma.
>
> Fjárfestingum verður skipt í eftirtalda flokka:
>
> Rekstrarfjárfestingar. Kaup á búnaði og rekstrartækjum.
>
> Eignafjárfestingar. Kaup á fasteignum.
>
> Eignaaukning í formi hlutabréfa og öðrum tegundum viðskiptabréfa.
>
> Við undirbúning gagnaöflunar skal leitað tillagna frá þeim stjórnendum sparisjóðsins sem stjórna hverri starfsdeild fyrir sig. Sparisjóðsstjóra ber að undirbúa tillögur að fjárfestingum næsta árs á grundvelli þeirra forsendna sem fyrir liggja og með hliðsjón af stefnumótun stjórnarinnar. Tillögur að fjárfestingastefnu sparisjóðsins skulu tilbúnar til afgreiðslu í sparisjóðsstjórn eigi síðar en í byrjun desember ár hvert.
>
> Ekki er heimilt að ráðast í fjárfestingar án þess að kannað sé vandlega hvaða áhrif þær hafa á rekstur og afkomu sparisjóðsins til lengri tíma litið. Öll undirbúningsvinna skal unnin á faglegan hátt og leitast við að kanna allar hliðar hvers máls áður en ákvörðun er tekin.

Ekki er að sjá af fundargerðum sparisjóðsins að mörkuð hafi verið fjárfestingarstefna eða fjárfestingarrammi eða kannað vandlega hvaða áhrif fjárfestingar hefðu á rekstur og afkomu sparisjóðsins til lengri tíma litið þegar fjallað var um þær.

Um verkaskiptingu stjórnar og sparisjóðsstjóra sagði í 20. gr.:

> Sparisjóðsstjórnin skal setja reglur um mörk heimilda sparisjóðsstjóra til að veita lán og til að ákveða fjárfestingar. Reglur þessar mega koma fram í lánareglum sparisjóðsins. Að öðru leyti ræðst verkaskipting stjórnar og sparisjóðsstjóra af starfsreglum sparisjóðsins og meginreglum félagaréttar.

Í útlánareglum sparisjóðsins frá nóvember 2005, hinum fyrstu sem settar voru eftir gildistöku starfsreglnanna, kemur ekkert fram um heimildir sparisjóðsstjóra til fjárfestinga.

Í 17. gr. starfsreglnanna sagði um starfsskyldur sparisjóðsstjóra:

> Sparisjóðsstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri sparisjóðsins. Hann fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum sparisjóðsins sem ekki eru falin öðrum skv. lögum nr. 161/2002 eða samþykktum sparisjóðsins. […] Sparisjóðsstjórinn stendur fyrir rekstri sparisjóðsins í samræmi við þær reglur sem settar eru af sparisjóðsstjórn eða skv. samþykktum hans. Honum ber að gæta þess eftir megni að reksturinn sé í öllum greinum skv. lögum, samþykktum sparisjóðsins og ákvörðunum sparisjóðsstjórnar. […] Sparisjóðsstjóri ber ábyrgð á að greina, mæla, fylgjast með og hafa eftirlit með áhættum sem starfseminni fylgja. Honum ber að viðhalda skipuriti sem skýrt tilgreinir ábyrgðarsvið, heimildir starfsmanna og boðleiðir innan sparisjóðsins. Þá ber honum að tryggja að deiling ábyrgðar sé með fullnægjandi hætti. Sparisjóðsstjóri á að móta markmið fyrir innra eftirlit í samráði við stjórn sparisjóðsins og fylgjast með því að það eftirlitskerfi sé skilvirkt og fullnægjandi.

Nýjar reglur um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra tóku gildi 31. janúar 2007, og breyttu þær litlu um verkaskiptingu stjórnar og sparisjóðsstjóra. Töluverðar breytingar urðu þó á ákvæðum um fjárfestingar. Þannig sagði í 30. gr. um mörk fjárfestingarheimilda:

> Fjárfesting í fasteignum skal borin upp í stjórn, sem og önnur þau fjárfestingaráform sem telja má meiriháttar eða óvenjuleg. Sem dæmi má nefna kaup á meiriháttar tölvubúnaði og fyrirhuguð opnun afgreiðslustaða.

Fyrrum stjórnarformaður sparisjóðsins lýsti því fyrir rannsóknarnefndinni að mjög sjaldgæft hefði verið að stjórnin hefði átt frumkvæði að fjárfestingum, þær hefðu yfirleitt komið frá sparisjóðsstjóra sem bar fjárfestingarnar undir stjórnina. Hann sagði sparisjóðsstjóra hafa getað tekið ákvarðanir um fjárfestingar án þess að bera þær undir stjórn ef þær voru undir ákveðinni fjárhæð, en mundi ekki hver sú fjárhæð hefði verið.[87] Fyrrum sparisjóðsstjóri sagði starfsmenn sína hafa staðið í fjárfestingum og yfirleitt borið þær undir sig. Ef um hefði verið að ræða meiriháttar ákvarðanir hefði hann sjálfur borið fjárfestingarnar undir stjórnarformann. Fjárfestingar hefðu þó ekki verið í föstu eða formlegu ferli.[88]

Á árunum 1999–2003 kom Kjartan Broddi Bragason, sérfræðingur hjá sparisjóðnum, talsvert að fjárfestingum sparisjóðsins. Á sama tíma starfaði hjá sparisjóðnum sérfræðingur á verðbréfasviði, Stefán Sveinbjörnsson, en frá 2003 var hann forstöðumaður fyrirtækjasviðs. Meðal verkefna hans þar var umsjón með veltubók og smærri fjárfestingum,[89] en skipurit sparisjóðsins frá árinu 2007 sýnir að markaðsviðskipti, eigin viðskipti, fullnustueignir og dóttur- og hlutdeildarfélög hafi verið undir hatti fyrirtækjasviðs.[90] Bernhard Þór Bernhardsson, sem varð sparisjóðsstjóri á árinu 2008, var ráðinn til sparisjóðsins árið 2007, meðal annars til þess að sinna kaupum og sölu fyrirtækja, en slík verkefni voru fá eða engin eftir að hann tók til starfa. Hann sinnti þá aðallega verkefnum sem tengdust erlendri fjármögnun sparisjóðsins.[91] Jón Gunnar Vilhelmsson, útibússtjóri Reykjavíkurútibús Sparisjóðs Mýrasýslu, kom einnig að ákveðnum fjárfestingarverkefnum sparisjóðsins. Fyrrum starfsmenn sparisjóðsins báru fyrir nefndinni að stórar fjárfestingarákvarðanir hefðu alfarið verið í höndum sparisjóðsstjóra og stjórnar sparisjóðsins og þær hefðu lítt verið bornar undir sérfræðinga sem unnu á vegum sjóðsins.[92] Reglur sparisjóðsins um áhættustýringu skilgreindu áhættu vegna fjárfestinga og ábyrgðarsvið starfsmanna með tilliti til þeirrar áhættu. Í nóvember 2005 voru settar reglur um áhættustýringu hjá Sparisjóði Mýrasýslu. Þar sagði:

> Tilgangur áhættustýringar er að finna ásættanlegt jafnvægi milli annars vegar þeirrar áhættu sem óhjákvæmilega felst í starfsemi SPM og getur leitt til tekjutaps og rýrnunar á verðmæti eigna og hins vegar hámörkunar á tekjum SPM.

Samkvæmt reglunum bar stjórn sparisjóðsins ábyrgð á því gagnvart stofnfjáraðilum að reglum um áhættustýringu væri framfylgt, en sparisjóðsstjóri bar ábyrgð á áhættustýringu gagnvart stjórn. Hann gat sett nánari reglur um hana og skilgreint áhættuviðmið eftir því sem þörf var talin á í samræmi við ákvæði reglnanna. Forstöðumenn deilda og framkvæmdastjórar dótturfélaga báru ábyrgð gagnvart sparisjóðsstjóra á stýringu áhættuþátta sem að þeim sneru. Forstöðumaður áhættustýringar skyldi safna saman skýrslum um stöðu sparisjóðsins gagnvart áhættuviðmiðum og áhættustýringarnefnd sem skipuð væri sparisjóðsstjóra og forstöðumönnum sparisjóðsins, fjalla almennt um áhættustýringu, svo sem reglur og viðmið og stöðu sparisjóðsins gagnvart áhættuviðmiðum. Á stjórnarfundi sparisjóðsins 10. júní 2008 voru samþykktar nýjar reglur um áhættustýringu sem voru efnislega mjög líkar þeim eldri. Helstu breytingar vörðuðu mörk fjárfestingarheimilda, og voru þær takmarkaðar mjög frá því sem áður var.

Ekki verður séð af fundargerðum stjórnar sparisjóðsins frá 2005–2008 hvort stjórnin hafi þekkt þessar reglur vel eða látið athuga hvort farið væri eftir þeim. Ekki er bókað að skýrslur hafi verið lagðar fram reglulega til að meta stöðu sparisjóðsins gagnvart áhættuviðmiðum þegar fjárfest var í hlutabréfum. Þannig bera stjórnarfundargerðir sparisjóðsins með sér að eftirlit með þessum helstu áhættuþáttum hafi ekki verið reglulegt eða skipulegt. Fyrir rannsóknarnefndinni sagði fyrrum stjórnarformaður sparisjóðsins að misbrestir hefðu verið

87. Skýrsla Sigurðar Más Einarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 21. maí 2013.
88. Skýrsla Gísla Kjartanssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 21. maí 2013.
89. Skýrsla Stefáns Sveinbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. maí 2013.
90. Fundargerð aðalfundar Sparisjóðs Mýrasýslu, 2. mars 2007.
91. Skýrsla Bernhards Þórs Bernhardssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. ágúst 2013.
92. Skýrsla Bernhards Þórs Bernhardssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 3. júlí 2012; skýrsla Stefáns Sveinbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. maí 2013.

í áhættustýringunni sem hefði meðal annars birst í því að ekki hefði verið farið skipulega yfir áhættu vegna fjárfestinga. Umfjöllun stjórnar um fjárfestingar hefði einkum verið um einstök mál, einatt um fjárfestingu í sameiginlegum verkefnum sparisjóðanna, svo sem Exista hf. og Sparisjóðabanka Íslands hf. Stjórnarmenn hafi spurt út í fjárfestingarnar og hvort hyggilegt væri að ráðast í þær, en kannski hefði of lítil áhersla verið lögð á að athuga áhrif þeirra á heildaráhættu sparisjóðsins.[93] Nokkrar ákvarðanir um fjárfestingar er að finna í fundargerðum stjórnar á tímabilinu, en bókanir eru ekki ítarlegar.

Tafla 23. Mörk fjárfestingarheimilda í hlutabréfum í Sparisjóði Mýrasýslu.

	Reglur frá nóvember 2005	Reglur frá júní 2008
Skráð hlutabréf í veltubók (samtala hámark)	80% af eigin fé	10% af eigin fé
Hlutabréf skráð í úrvalsvísitölu ICEX (samtala hámark)	*40% af eigin fé*	*10% af eigin fé*
Önnur hlutabréf skráð í ICEX (samtala hámark)	*20% af eigin fé*	*10% af eigin fé*
Skráð hlutabréf í erlendum kauphöllum (samtala hámark)	*20% af eigin fé*	*10% af eigin fé*
Hlutafé í einu félagi (hámark)	*15% af hlutafé félags*	*15% af hlutafé félags*
Óskráð hlutabréf í veltubók (samtala hámark)	Samþykki stjórnar ef meira en 30 milljónir	Samþykki stjórnar
Hlutabréf í fjárfestingabók, hlutdeildarf. og tengd félög	Samþykki stjórnar	Samþykki stjórnar
Óskráð hlutabréf í veltubók og fjárfestingabók (samtala hámark)	50% af eigin fé	20% af eigin fé

Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins um athugun á útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirliti með peningaþvætti hjá Sparisjóði Mýrasýslu frá 30. júlí 2008 voru gerðar þó nokkrar alvarlegar athugasemdir við markaðsáhættu sparisjóðsins.

Niðurstaða skoðunar á verðbréfaáhættu var harðorð:

> Fjármálaeftirlitið gerir alvarlegar athugasemdir við að sparisjóðurinn hefur ekki sett fullnægjandi skjalfesta innri ferla til að meta nauðsynlega stærð, samsetningu og innri dreifingu eiginfjárgrunns með hliðsjón af þeim áhættum sem starfsemin felur í sér skv. 17. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Þá verður ekki betur séð en að Sparisjóður Mýrasýslu hlíti á engan hátt þeim fáu skjalfestu áhættuviðmiðum sem sparisjóðurinn setur sér.[94]

Um áhættustýringarreglur sparisjóðsins og undanþágur frá hámarksfjárfestingum í ákveðnum tegundum eigna sagði:

> Fjármálaeftirlitið telur óeðlilegt að gerðar séu sömu undanþágur fyrir fjármálafyrirtæki sem hafa ekki lánshæfismat og víxla og skuldabréf útgefin af seðlabanka og ríkissjóði. Jafnframt telur Fjármálaeftirlitið að óeðlilegt sé að gera þær undanþágur fyrir félög í meirihlutaeigu sparisjóðanna. Slíkar reglur eru ekki til þess fallnar að draga úr markaðsáhættu.[95]

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi álagspróf þar sem metin voru áhrif breytinga á virði fjáreigna á eigin fé sparisjóðsins, og var niðurstaða þess eftirfarandi:

> Sparisjóðurinn [er] á engan hátt í stakk búinn til að taka við nánast neinu álagi varðandi markaðsáhættu sína og telur Fjármálaeftirlitið að sparisjóðurinn verði að leita leiða hið fyrsta til úrbóta. Þá skal tekið fram að álagsprófið var framkvæmt fyrir allar fyrirséðar afskriftir og er því staða sparisjóðsins í raun enn lakari en niðurstaða álagsprófsins gefur til kynna.[96]

Þá athugaði Fjármálaeftirlitið verkferla og kerfi sparisjóðsins:

> Fjármálaeftirlitið gerir alvarlegar athugasemdir við skort á yfirsýn yfir áhættur sem að sparisjóðnum geta steðjað.[97]

Þessar niðurstöður Fjármálaeftirlitsins fá hljómgrunn í orðum fyrrverandi sparisjóðsstjóra:

93. Skýrsla Sigurðar Más Einarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 21. maí 2013.
94. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóði Mýrasýslu, 30. júlí 2008.
95. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóði Mýrasýslu, 30. júlí 2008.
96. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóði Mýrasýslu, 30. júlí 2008.
97. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóði Mýrasýslu, 30. júlí 2008.

> [Áhættustýringarnefnd] var ekki virk. Mér fannst oft eins og þessar blessuðu reglur væru ætlaðar miklu stærri stofnunum heldur en við vorum að reka […] og svona litlar stofnanir réðu bara ekki við þetta að mörgu leyti.[98]

Í athugasemdum sparisjóðsins við drög að skýrslunni kom fram að stjórnendum og stjórn sparisjóðsins hefði verið ljóst að ekki hefði verið nægilega vel staðið að áhættustýringu og gert ráð fyrir að stofna sérstaka áhættustýringarstöðu. Auglýst hefði verið eftir aðila til að sinna því hlutverki hjá sparisjóðnum, en ekki hefðu fengist fullnægjandi umsóknir um svo sérhæft starf, og því hafi ekki orðið af ráðningu. Þá hafi sparisjóðurinn leitað til ráðgjafarfyrirtækja til þess að sinna áhættustýringu í verktakavinnu, en það fyrirkomulag hafi ekki þótt henta. Ekki hefði náðst að ráða bót á þessu fyrir úttekt Fjármálaeftirlitsins. Ný stjórn sparisjóðsins var kosin 15. ágúst 2008 og nýr sparisjóðsstjóri ráðinn frá september það ár. Í kjölfarið voru samþykktar nýjar reglur um störf stjórnar og sparisjóðsstjóra og ráðist í umbætur á regluverki sparisjóðsins, meðal annars í samræmi við ábendingar í skýrslu Fjármálaeftirlitsins. Í formlegu svari sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins vegna skýrslunnar 3. október 2008 komu fram svipaðar skýringar og áður, en þess getið að stjórnin hefði í millitíðinni samið við Kaupþing banka um að sinna áhættustýringu sparisjóðsins þótt nánari útfærsla samstarfsins lægi ekki fyrir. Fjármálaeftirlitinu yrði tilkynnt um þær ráðstafanir síðar.

20.3.2 Fjáreignir

Hér er fjallað um þrenns konar fjáreignir: hluti í hlutdeildarfélögum, hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum, og markaðsskuldabréf og önnur skuldabréf með föstum tekjum. Jafnan er fjallað um tvær fyrstnefndu gerðirnar saman sem eignarhluti, þ.e. hluti í hlutdeildarfélögum annars vegar og hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum hins vegar. Fjáreignir Sparisjóðs Mýrasýslu voru aldrei minna en 10% af eignasafni hans og virði þeirra jókst hratt milli áranna 2004 og 2007, en í lok árs 2007 voru þær hátt í 10 milljarðar króna, um 21% eigna sparisjóðsins. Milli áranna 2004 og 2007 tífaldaðist hlutabréfaeign sparisjóðsins þegar hún fór úr tæpum 800 milljónum króna í árslok 2004 í rúman 8,1 milljarð króna í árslok 2007.

Mynd 10. Fjáreignir Sparisjóðs Mýrasýslu, samstæðunnar, í árslok 2001–2008.[99]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Markaðsskuldabréf o. fl. með föstum tekjum	762.445	281.416	677.056	377.444	603.829	647.335	1.273.469	794.498
Hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum	769.561	919.920	779.488	792.552	1.655.278	2.524.529	8.105.482	574.611
Hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum	231.353	15.801	177.883	422.663	712.275	1.547.675	400.204	171.633

98. Skýrsla Gísla Kjartanssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 21. maí 2013.
99. Ársreikningar Sparisjóðs Mýrasýslu 2001–2008.

Virði fjáreigna náði hámarki árið 2007 og var í árslok 9,8 milljarðar króna, þar af 8,5 milljarðar í eignarhlutum. Markaðsskuldabréf voru aldrei sérlega stór þáttur í fjáreignasafni sparisjóðsins, en virði þeirra í bókum sparisjóðsins var hæst árið 2007. Það ár var farið að færa flesta eignarhluti sparisjóðsins á gangvirði í stað hlutdeildaraðferðar, og hækkaði þá bókfært virði þeirra mjög. Þetta átti sérstaklega við um eignarhlut í Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf. Þá hafði innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IFRS) á sama ári einnig áhrif á mat á verðbréfum, en það hækkaði um 2,2 milljarða króna miðað við 1. janúar 2007.[100]

Mynd 11. Fjáreignir sem hlutfall af bókfærðu eigin fé og heildareignum Sparisjóðs Mýrasýslu í árslok.[101]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Allir sparisjóðir, hlutfall af eigin fé	161%	137%	124%	132%	135%	125%	90%	–
Sparisjóður Mýrarsýslu, hlutfall af eigin fé	180%	113%	135%	113%	142%	133%	154%	–
Allir sparisjóðir, hlutfall af eignum	16%	14%	14%	14%	16%	20%	19%	7%
Sparisjóður Mýrarsýslu, hlutfall af eignum	19%	13%	13%	10%	12%	14%	21%	3%

Mynd 12. Eignarhlutir í félögum sem hlutfall af fjáreignum Sparisjóðs Mýrasýslu, samstæðunni, og sama hlutfall í sparisjóðakerfinu í árslok 2001–2008.[102]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Sparisjóður Mýrarsýslu, samstæða	56,8%	76,9%	58,6%	76,3%	79,7%	86,3%	87,0%	48,4%
Allir sparisjóðir	53,5%	40,5%	48,4%	55,2%	70,8%	79,4%	76,9%	47,1%

Frá 2002 til 2006 voru fjáreignir ekki jafn stór hluti eignasafns Sparisjóðs Mýrasýslu og hjá öðrum sparisjóðum, en 2007 dró saman með Sparisjóði Mýrasýslu og þeim í þessum efnum. Hlutfall fjáreigna af eigin fé sparisjóðsins var áþekkt og hjá öðrum sparisjóðum ef frá er talið árið 2007. Árið 2008 var eigið fé neikvætt, bæði í Sparisjóði Mýrasýslu og öðrum sparisjóðum og samanburður því marklítill. Þótt hlutur fjáreigna af eigin fé og heildareignum Sparisjóðs Mýrasýslu væri svipaður og hjá ýmsum öðrum sparisjóðum

100. Ársreikningar sparisjóðanna 2001–2008.
101. Ársreikningar Sparisjóðs Mýrasýslu 2001–2008.
102. Ársreikningar sparisjóðanna 2001–2008.

var töluvert meiri áhætta fólgin í fjáreignum Sparisjóðs Mýrasýslu. Það stafaði af því að eignarhlutir höfðu meira vægi í efnahag þess sjóðs en annarra, en slík verðbréf eru viðkvæmari fyrir verðbreytingum og áföllum á mörkuðum en skuldabréf eða önnur verðbréf með föstum tekjum.

20.3.3 Tekjur af fjáreignum

Tekjur af fjáreignum eru gengishagnaður vegna eignarhluta, verðbreytingar skuldabréfa, hlutdeild í afkomu hlutdeildarfyrirtækja og arðstekjur. Vaxtatekjur af skuldabréfum teljast ekki til tekna af fjáreignum og færast með öðrum vaxtatekjum. Ávöxtun er hér skilgreind sem tekjur af fjáreignum á einu ári, reiknað sem hlutfall af meðalstöðu eignarhluta á árinu.[103]

Söluhagnaður fjáreigna var einatt færður sem aðrar tekjur í ársreikningi sparisjóðsins, en ekki sem tekjur af fjáreignum. Þetta var með ólíkum hætti milli sparisjóða og ekki alltaf gætt samræmis í hverjum sjóði. Árið 2002 var um 40 milljóna króna söluhagnaður sparisjóðsins af sölu eignarhlutar í SP-fjármögnun hf. færður sem aðrar rekstrartekjur, og ári síðar var söluhagnaður bókfærður með sama hætti þegar sparisjóðurinn seldi öll hlutabréf sín í Kaupþingi banka hf. og innleysti söluhagnað sem nam um 246 milljónum króna. Endurskoðunarskýrslur síðari ára greina ekki frá söluhagnaði á öðrum bréfum. Í sundurliðunum sem rannsóknarnefndinni voru afhentar um hagnað og tap af fjáreignum kemur fram 60 milljóna króna söluhagnaður af Alþjóða líftryggingarfélaginu hf. árið 2005, og var hann færður sem gengishagnaður, en ekki sem aðrar rekstrartekjur.

Ávöxtun Sparisjóðs Mýrasýslu jókst árin 2003 og 2004 frá því sem áður var, en þó var hún síðri en meðaltalsávöxtun annarra sparisjóða sömu ár. Þetta kom meðal annars til af því að sparisjóðurinn hafði selt hluti sína í Kaupþingi banka hf. (þá KB banka hf.) og naut því ekki ágóða af gengishækkun félagsins eins og margir aðrir sparisjóðir, ekki síst Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, en hann hefur töluverð áhrif á samanburðartölurnar vegna hlutfallslegra umsvifa hans. Óskráð bréf voru drjúgur hluti af verðbréfaeign Sparisjóðs Mýrasýslu, og hafði endurskoðandi sparisjóðsins áhyggjur af því eins og fram kom í skýrslu hans árið 2003:

> Við viljum engu að síður ítreka fyrri ábendingar okkar þess efnis að mikil áhætta er fólgin í eignarhaldi hlutabréfa í óskráðum félögum. Jafnan er erfitt að leggja mat á raunvirði óskráðra hlutabréfa því sjaldan liggja fyrir upplýsingar um viðskipti með slík bréf. Við höfum áður lagt til að reynt verði að leggja mat á raunvirði einstakra eignarhluta í óskráðum félögum og þeir færðir niður ef raunvirði er talið lægra en bókfært verð.
>
> Loks má benda á að bókfært verð óskráðra hlutabréfa í eigu sparisjóðsins eru um 43,8% af eigin fé sjóðsins í árslok 2003. Viljum við því leggja til að stjórnendur sparisjóðsins marki skýra stefnu hvað varðar hámark eignarhalds á hlutabréfum í óskráðum félögum.[104]

Í árslok 2003 var bókfærð eign samstæðunnar í óskráðum hlutabréfum og stofnfjárbréfum um 531 milljón króna, en fjáreignir námu þá alls 1,6 milljörðum króna. Ári síðar gerði endurskoðandi sömu athugasemd þegar óskráð bréf voru um 31% af eigin fé sjóðsins. Óskráð hlutabréf og stofnfjárbréf námu þá 439 milljónum króna meðan heildarfjáreignir sparisjóðsins voru áfram um 1,6 milljarðar króna. Árið 2004 var ávöxtun fjáreigna Sparisjóðs Mýrasýslu í fyrsta sinn frá aldamótum töluvert hærri en ávöxtunarkrafa ríkisbréfa,[105] en sé ávöxtun sparisjóðsins borin saman við hækkun íslensku úrvalsvísitölunnar[106] 2003 og 2004, þegar hún nam 56% og 59%,[107] sést að samsetning eignasafnsins var ekki eins og

103. Rétt er að benda á að ávöxtun er hér reiknuð sem hlutfall af meðalstöðu eigna. Þegar tap verður á eignum, eins og varð 2008 og 2009, verður ávöxtun neikvæð. Í einhverjum tilvikum verður hún neikvæð um meira en 100% vegna þess að tapi er deilt í meðalstöðu eigna. Ekki ætti að vera hægt að tapa meiru en fjárfest hefur verið fyrir (að því gefnu að engir framvirkir samningar séu til staðar), en með þeirri aðferð sem notuð er hér við að reikna ávöxtun getur hún birst með þessum hætti. Hér er því ekki verið að halda því fram að sparisjóðurinn hafi tapað meiru en hann átti í fjáreignum.

104. Skýrsla um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Mýrasýslu 2003.

105. Ávöxtun fjáreigna í eigu Sparisjóðs Mýrasýslu var 13,4%, en meðalávöxtunarkrafa ríkisbréfa í flokki RB 13 0517 það árið var 7,55%.

106. OMXI15-úrvalsvísitalan.

107. Gögn fengin frá Kauphöllinni.

best verður á kosið með tilliti til hagnaðar (óháð áhættudreifingu). Óskráð hlutabréf og stofnfjárbréf námu 1,3 milljörðum króna í lok árs 2005, en þar af var eignarhlutur í Exista ehf. bókfærður á 780 milljónir króna.

Mynd 13. Árleg ávöxtun Sparisjóðs Mýrasýslu og annarra sparisjóða 2001–2008.[108]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Sparisjóður Mýrasýslu	-2%	5%	5%	12%	43%	58%	20%	-122%
Aðrir sparisjóðir	1%	9%	32%	37%	44%	50%	19%	-111%

Frá árinu 2005 var ávöxtun eignarhluta Sparisjóðs Mýrasýslu svipuð eða betri en hjá öðrum sparisjóðum. Góð ávöxtun hans árin 2006 og 2007 byggðist að mestu leyti á tveimur eignum, Exista hf. (Kistu – fjárfestingarfélagi ehf.) og svo Sparisjóðabankanum sem flestir sparisjóðirnir áttu eignarhlut í. Til samanburðar hækkaði íslenska úrvalsvísitalan um 16% árið 2006 og lækkaði um 1% árið 2007.[109]

Á mynd 14 er sýndur uppsafnaður hagnaður af fjáreignum Sparisjóðs Mýrasýslu, og hafa tölur hvers árs verið færðar á verðlag ársins 2011. Þær eru því ekki sambærilegar umfjöllun annars staðar í kaflanum. Árið 2008 var tap á fjáreignum rúmir 7 milljarðar króna, en það var um einum milljarði króna hærra en uppsafnaður hagnaður árin 2001–2007.

Mynd 14. Árlegar og uppsafnaðar tekjur af fjáreignum Sparisjóðs Mýrasýslu 2001–2008 miðað við fast verðlag 2011.[110]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Tekjur af fjáreignum	(33.346)	87.150	71.994	203.642	1.183.518	2.713.503	1.756.001	(7.023.326)
Uppsafnaðar tekjur af fjáreignum	(33.346)	53.804	125.798	329.440	1.512.958	4.226.460	5.982.461	(1.040.865)

108. Ársreikningar sparisjóðanna 2001–2008.

109. Úrvalsvísitalan tók ekki tillit til arðgreiðslna sem fyrirtæki greiddu. Að þeim viðbættum var vegin ávöxtun hlutabréfa mæld í vísitölunni að nafnvirði ögn betri.

110. Ársreikningar Sparisjóðs Mýrasýslu 2001–2008. Útreikningur á föstu verðlagi ársins 2011 er skýrður í 8. kafla.

Ljóst þykir að tekjur af fjáreignum höfðu mikla og jákvæða þýðingu fyrir rekstur sparisjóðsins fram til ársins 2007, en höfðu að sama skapi mjög neikvæð áhrif árið 2008 með þeim áföllum sem þá dundu yfir íslenskan fjármálamarkað. Ytri endurskoðandi hafði fjallað um áhættu sem fólgin var í fjáreignum sparisjóðsins í skýrslu sinni vegna endurskoðunar ársreiknings 2005:

> Líkt og á árinu 2004 er verulegur hluti afkomu ársins tilkominn vegna liða sem ekki heyra undir kjarnastarfsemi sjóðsins. Þannig nemur afkomuhlutdeild í rekstri dóttur- og hlutdeildarfélaga á árinu samtals 301,3 millj. kr. Þá er verulegur gengishagnaður á árinu af hlutabréfum í veltubók eða alls um 387,5 millj. kr. Alls gerir þetta 688,8 millj. kr. sem svarar til 93,8% af hagnaði sparisjóðsins fyrir reiknaðan tekjuskatt. Ljóst er að ekki er hægt að reiða sig á viðlíka hagnað af þessum rekstrarþáttum á næstu árum og því mikilvægt að okkar mati að treysta stoðir kjarnastarfsemi sjóðsins.

Mynd 15. Tekjur af fjáreignum og hagnaður fyrir skatta hjá Sparisjóði Mýrasýslu 2001–2008.[111]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Aðrar hreinar rekstrartekjur	385.294	433.599	835.380	790.360	934.619	1.069.628	1.397.350	981.886
Fjáreignir	(18.733)	51.615	43.515	126.923	767.164	1.872.923	1.275.125	(5.648.027)
Afkoma ársins fyrir skatt	53.424	127.046	171.579	225.008	750.504	1.732.155	733.709	(23.161.398)

Mynd 15 sýnir að ekki dró úr áhrifum fjáreigna á afkomu sjóðsins eftir ábendingar endurskoðanda árin 2004 og 2005. Árið 2006 voru tekjur af fjáreignum nær jafnar hagnaði sparisjóðsins fyrir skatta, en ári síðar hefði verið um 600 milljóna króna tap á rekstri sparisjóðsins fyrir skatta ef ekki hefðu komið til tekjur af fjáreignum.

20.3.4 Umfjöllun um stakar eignir og stærstu niðurfærslur

Þær fjáreignir sem höfðu mest áhrif á efnahag og rekstur sparisjóðsins voru Exista hf. og síðar Kista – fjárfestingarfélag ehf., Sparisjóðabanki Íslands hf., VBS Fjárfestingarbanki hf. og Afl sparisjóður. Á árinu 2007 átti sparisjóðurinn stórar jákvæðar stöður í vaxtaskiptasamningum, hlutabréfasamningum og gjaldmiðlasamningum sem skýra verulegan hluta þess sem fellur undir „annað“ í töflu 24.

Þær fimm fjáreignir sparisjóðsins sem voru verðmætastar í lok árs 2007 voru fjármálafyrirtæki eða eignarhaldsfélög utan um slík fyrirtæki. Sviptingar sem urðu á íslenskum fjármálamarkaði haustið 2008 höfðu mikil áhrif á virði þessara eigna, og voru þær orðnar nærri verðlausar í lok ársins.

111. Ársreikningar Sparisjóðs Mýrasýslu 2001–2008.

Tafla 24. Fjáreignir móðurfélags Sparisjóðs Mýrasýslu í árslok 2005–2008.[112]

Þús. kr.	2005	2006	2007	2008
Exista hf.	779.849	596.718	869.059	
Kista-fjárfestingarfélag ehf.		388.652	493.725	
Samtals	**779.849**	**985.370**	**1.362.784**	
Sparisjóðabanki Íslands hf./Icebank hf.	497.550	1.030.942	2.289.929	10
Reiknistofa bankanna	8.731	8.731	8.731	8.731
Teris (Tölvumiðstöð sparisjóðanna)	15.257	15.257	19.144	1.052
Samtals	**521.539**	**1.054.931**	**2.317.804**	**9.793**
VBS Fjárfestingarbanki hf. (FSP hf.)	180.248	267.692	1.612.124	10
Verðbréfaþjónusta Sparisjóðanna hf.	57.648	17.004	500	10
Íslensk Verðbréf hf.	45.586	45.586	108.981	
FSP Holding ehf.			39.163	53.458
Samtals	**283.483**	**330.282**	**1.721.605**	**20**
Sparisjóðurinn í Keflavík/Sp. Vestfirðinga	4.000	4.000	49.214	10
AFL-sparisjóður (Sp.sj. Siglufj. + Sp.sj. Skag)	319.956	451.176	1.017.535	227.843
Sparisjóður Ólafsfjarðar	212.640	245.280	283.211	(220.972)
Samtals	**536.596**	**700.456**	**1.349.960**	**6.881**
Borgarland ehf.	64.313	63.043	70.556	18.633
Eignarhaldsfélagið Fasteign hf.	53.056	53.056	139.500	97.650
Menntaskóli Borgarfjarðar ehf.		40.000	40.000	10
Límtré ehf.	45.586			
Tryggingamiðstöðin hf.	38.500	52.780		
Niðurskógur ehf.	59.205	46.922	23.907	
Lónakot ehf.		147.200	109.945	10
Premium Kredit hf. /Veita fjármálaþjónusta hf.		209.769	221.138	(11.660)
Íslensk eignastýring			199.890	133.000
Vesturland hf. (eignarhaldsfélag)	160.182	173.257	176.648	
NordVest verðbréf hf./ Reykjavík Capital hf.				102.364
SPM ehf./Hlutabréfasjóður Vesturlands hf.	76.711	80.770	83.927	89.221
Annað	203.998	707.148	2.001.597	353.435
Samtals	**701.550**	**1.573.945**	**3.067.107**	**782.663**
Ríkisskuldabréf	113.755	116.848	233.760	240.174
Önnur skuldabréf	272.293	336.708	312.450	407.485
Samtals	**386.048**	**453.556**	**546.210**	**647.659**
Fjáreignir samtals	**3.209.065**	**5.098.540**	**10.365.470**	**1.447.016**

Það voru 10–12 fjáreignir sem mynduðu nær alla afkomu sparisjóðsins af fjáreignum á árunum 2005–2008, og þau fimm félög sem voru stærst í efnahagsreikningi 2007 höfðu mest áhrif á afkomu. Fjármálafyrirtækin Sparisjóðabanki Íslands hf., VBS Fjárfestingarbanki hf. og Exista hf. (og síðar Kista – fjárfestingarfélag ehf.) voru félög sem margir sparisjóðir komu að í samstarfi. Fyrir rannsóknarnefndinni sagði fyrrum stjórnarformaður Sparisjóðs Mýrasýslu: „Það hefði verið miklu betra að sjálfsögðu, að eiga í einhverjum framleiðslufyrirtækjum eða einhverju slíku, til þess að [auka] dreifinguna. Útlánadreifingin var allt í lagi en það er fyrst og fremst eignadreifingin sem varð okkur að falli.“[113]

„Það hefði verið miklu betra að sjálfsögðu, að eiga í einhverjum framleiðslufyrirtækjum eða einhverju slíku, til þess að [auka] dreifinguna. Útlánadreifingin var allt í lagi en það er fyrst og fremst eignadreifingin sem varð okkur að falli.“

Úr skýrslu Sigurðar Más Einarssonar, fyrrum stjórnarformanns Sparisjóðs Mýrasýslu, fyrir rannsóknarnefndinni.

Í lok árs 2005 átti Sparisjóður Mýrasýslu 1,7% hlut í Exista hf., en ári síðar hafði sá hlutur lækkað í 0,97%, og í lok árs 2007 var hann 0,06%. Þetta stafaði meðal annars af því að sparisjóðurinn seldi hluta eignar sinnar í Exista hf. yfir í Kistu – fjárfestingarfélag ehf. á árunum 2006 og 2007. Gengi Exista hf. var hæst í júlí 2007 þegar það var rúmlega 40 krónur á hlut, en hafði verið um 22,5 í lok árs 2006. Í lok árs 2007 var gengið rétt tæpar 19,75 krónur á hlut. Því varð lítils háttar gengislækkun milli ársloka 2006 og 2007, en sparisjóðurinn bókaði um 1,8 milljarða króna í hagnað af þessum bréfum á árinu 2007. Skýrist það af sölu 26,3 milljóna hluta í Exista hf. á genginu 28 til Kistu – fjárfestingar-

112. Sundurliðun á virði einstakra eigna í árslok var afhent rannsóknarnefndinni, og er þessi tafla unnin upp úr þeirri sundurliðun. Hún stemmir ekki fyllilega við ársreikninga. Þá er ósamræmi milli bókfærðs virðis eignarhlutar í Exista hf. og þess sem telja má að hafi verið raunverulegt virði hans. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra átti Sparisjóður Mýrasýslu 105,2 milljónir hluta í Exista hf. í lok árs 2006 og 6,3 milljónir hluta ári síðar. Gengi bréfanna var 22,5 í lok árs 2006 og 19,75 í lok árs 2007. Markaðsvirði hlutanna var því 2,4 milljarðar króna 2006 og 125 milljónir króna 2007. Þetta er ekki í samræmi við gögnin sem rannsóknarnefndinni voru afhent og taflan er byggð á. Bent skal á að í endurskoðunarskýrslu er tekið fram að eignin sé færð á gangvirði.

113. Skýrsla Sigurðar Más Einarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 21. maí 2013.

félags ehf. í mars 2007 og sölu 34,8 milljóna hluta á genginu 33,5 í júní 2008. Kista – fjárfestingarfélag ehf. eignaðist þannig bréfin, og gengisfall þeirra fram til ársloka 2007 olli fjárfestingarfélaginu töluverðu tapi á þessari eign og eigendum þess sömuleiðis. Þannig var tap Sparisjóðs Mýrasýslu á Kistu rúmur milljarður króna á árinu, en sparisjóðurinn átti 10,3% hlut í Kistu í lok árs 2007. Gengi Exista hf. hélt svo áfram að lækka á árinu 2008, og tapaði sparisjóðurinn því enn frekar á bréfunum, sem og Kistu. Sparisjóðurinn seldi bréf sín í Exista hf. á árinu 2008.[114]

Tafla 25. Afkoma af nokkrum fjáreignum móðurfélags Sparisjóðs Mýrasýslu 2005–2008.[115]

Þús. kr.	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**
Sparisjóðabanki Íslands hf.	177.137	480.150	(399.959)	(2.121.260)
Exista hf. (Meiður ehf.)	367.233	1.392.021	1.818.196	(457.668)
Kista-fjárfestingarfélag hf.			(1.061.161)	(1.626.235)
Tryggingamiðstöðin hf.	5.404	20.300	23.193	
VBS fjárfestingarbanki hf.	2.760	7.604	333.385	(1.581.991)
Íslensk verðbréf hf.	3.543	6.577	42.730	30.557
Eignarhaldsfélagið Fasteign hf.		2.726	75.384	(41.850)
Sparisjóðurinn í Keflavík				(38.846)
Sparisjóður Ólafsfjarðar	(16.348)	32.639	48.228	(438.546)
AFL-sparisjóður (Sp.sj. Siglufj. + Sp.sj.Skag)	82.065	35.743	103.474	(805.602)
Lónakot ehf.			200.000	(349.990)
Menntaskóli Borgarfjarðar ehf.				(89.990)
NordVest verðbréf hf./Reykjavík Capital hf.			(111.424)	
Premium Kredit hf./Veita fjármálaþjónusta hf.		(6.089)	(2.701)	
Samtals	**621.794**	**1.971.671**	**1.069.345**	**(7.521.421)**

Tap Sparisjóðs Mýrasýslu á Sparisjóðabankanum var um 2,1 milljarður króna árið 2008. Í desember 2007, þegar Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis og Byr sparisjóður seldu stóran hluta eignar sinnar í Sparisjóðabankanum, jók Sparisjóður Mýrasýslu við hlut sinn. Fyrir kaupin átti sparisjóðurinn um 8,7% hlut, og var stefnt að því að kaupa um 3% til viðbótar, en sækja þurfti um leyfi Fjármálaeftirlitsins til þess að fara með virkan eignarhlut, þ.e. meira en 10% hlut, og voru kaupin skilyrt því samþykki. Kaupgengið var 28,055, en í lok árs 2007 var það mat sparisjóðsins að hlutir í Sparisjóðabankanum væru 23 króna virði hver. Þetta skýrir að drjúgum hluta það tap sem varð á eigninni á árinu 2007. Fjármálaeftirlitið hafnaði umsókn sparisjóðsins um að fara með virkan eignarhlut í Sparisjóðabankanum 30. maí 2008, og því átti hann áfram 8,7% hlut eða 99,6 milljón hluti.[116]

Tafla 26. Bein og óbein eign Sparisjóðs Mýrasýslu í hlutabréfum í Exista hf. sem hlutfall af eigin fé.[117]

	2005		**2006**		**2007**	
	Þús kr.	**% af e.f. SPM**	**Þús kr.**	**% af e.f. SPM**	**Þús kr.**	**% af e.f. SPM**
Beinn eignarhlutur í Exista hf.	779.849	37,2%	596.718	16,8%	869.059	13,7%
Óbeinn eignarhlutur í Exista hf. í gegnum Kistu			754.353	21,3%	2.066.487	32,6%
Óbeinn eignarhlutur í Exista hf. í gegnum Sparisjóðabankann	359.853	7,8%	736.120	20,8%	485.177	7,7%
Samtals eignarhlutur í Exista hf.	**1.139.702**	**54,4%**	**2.087.191**	**58,9%**	**3.420.722**	**54,0%**
Eigið fé Sparisjóðs Mýrasýslu	2.094.698		3.543.750		6.338.072	

Sparisjóðabanki Íslands hf. var meðal stærstu eigenda Exista hf., en minnkaði hlut sinn í félaginu smám saman frá árinu 2006, meðal annars með því að selja Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. hlutabréf sín. Í lok árs 2005 átti bankinn 5,8% í Exista hf., ári síðar 3,5% og 2,5%

114. Skýrsla Bernhards Þórs Bernhardssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. ágúst 2013.

115. Taflan er unnin upp úr ársreikningum Sparisjóðs Mýrasýslu, Afls sparisjóðs og Sparisjóðs Ólafsfjarðar ásamt sundurliðun sem fyrrum starfsmaður Sparisjóðs Mýrasýslu tók saman fyrir rannsóknarnefndina með aðstoð endurskoðanda sparisjóðsins. Sundurliðunin er ófullkomin, og því er taflan birt með fyrirvara. Sundurliðunin stemmir við ársreikning fyrir 2005, 2006 og 2008, en misræmi er vegna 2007. Í sundurliðuninni eru einnig stærðir sem ekki var hægt að útvega skýringar á og því óvíst hvort þær séu vegna þeirra félaga sem nefnd eru í töflunni og hvort þær stærðir kæmu þá til hækkunar eða lækkunar. Þessi tafla er því nálgun á afkomu vegna einstakra fjáreigna Sparisjóðs Mýrasýslu á tímabilinu.

116. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

117. Hér eru nýttar sundurliðanir frá sparisjóðnum sjálfum um eignarhlut hans í Exista hf., ársreikningar Kistu – fjárfestingarfélags ehf. og sundurliðanir frá Sparisjóðabanka Íslands hf. á verðbréfaeign hans. Hlutfallsleg eign í gegnum Kistu – fjárfestingarfélag ehf. og Icebank hf. er reiknuð miðað við eignarhlut sparisjóðsins í þeim tveimur félögum eins og þeir voru skráðir á hlutafjármiða í árslok hvers árs um sig. Þá er virði bréfanna í Exista hf. hér sett fram eins og það var skráð í bækur hvers félags.

í lok árs 2007. Í þessu ljósi má skoða hversu stór hlutur af eigin fé Sparisjóðs Mýrasýslu var bundinn í þessu eina félagi, bæði sem bein eign og óbein í gegnum Kistu – fjárfestingarfélag ehf. og Sparisjóðabanka Íslands hf.

Exista hf. og Kista – fjárfestingarfélag ehf.

Sparisjóður Mýrasýslu var einn af eigendum SP-eignarhaldsfélags ehf. sem hélt utan um eignarhlut nokkurra sparisjóða í Kaupþingi banka hf. Þetta félag skipti um nafn og hét Meiður ehf. í nokkurn tíma og síðar Exista ehf./hf.[118] Á stjórnarfundi sparisjóðsins 16. október 2002 var samþykkt að selja SP-eignarhaldsfélagi ehf. hlut sparisjóðsins í Kaupþingi banka hf., en sparisjóðurinn myndi eiga hlut í eignarhaldsfélaginu. Félagsins var lítið getið í stjórnarfundargerðum þar til 17. desember 2003 þegar samþykkt var að flytja hlutabréf í Meiði ehf. yfir í veltubók sparisjóðsins. Rétt tæpum tveimur árum síðar var fjallað um félagið á stjórnarfundi þegar samþykkt var að kaupa nýtt hlutafé í Exista hf. fyrir 336 milljónir króna 9. nóvember 2005.

Hlutur Sparisjóðs Mýrasýslu í Exista hf. var 1,68% í lok árs 2005. Um var að ræða 146,2 milljónir hluta sem metnir voru á um 780 milljónir króna í bókhaldi sparisjóðsins í árslok. Það voru þá um 37% af eigin fé sparisjóðsins, en reglur hans um áhættustýringu takmörkuðu samanlagt bókfært virði óskráðra hlutabréfa í veltu- og fjárfestingarbók við 50% af eigin fé. Óskráð bréf voru þá samtals um 1,3 milljarðar króna eða 62,4% af eigin fé móðurfélagsins. Ekki er að finna sérstaka umfjöllun í fundargerðum stjórnar um þessa stöðu eða til hvaða aðgerða skyldi grípa.

Innan sparisjóðsins voru uppi ólíkar skoðanir á því hvað ætti að gera við hlutabréfaeign hans í Exista hf. Þar tókust annars vegar á þau sjónarmið að fjárfestingin væri áhættusöm og íþyngjandi fyrir eiginfjárhlutfall sparisjóðsins og hins vegar þau sem bentu á hagnaðinn sem sparisjóðurinn hefði haft af þessum bréfum. Fyrir rannsóknarnefndinni lýsti fyrrum forstöðumaður fyrirtækjasviðs því á þessa leið:

> Sparisjóðsstjórinn hélt um þessa eign og það var oft í gegnum árin búið að tala við hann og segja að það væri áhættusamt að eiga þetta og það þyrfti að minnka þessa eign. En hann vildi halda þessu og hafði þau rök fyrir máli sínu að þetta væri búið að hækka mjög mikið og þess vegna ætti ekki að selja þessa eign. Hann hafði í raun mikið til síns máls þangað til að bréfin fóru að lækka.[119]

Fyrrum stjórnarformaður greindi rannsóknarnefndinni frá sams konar togstreitu:

> Á miðju ári 2007 lagði ég nú til, reyndar óformlega, í stjórninni og við sparisjóðsstjóra að við færum að selja þetta [bréf í Exista hf.], bara á opnum markaði, losa okkur við þetta. Við vorum komnir með mikið undir í bréfum hjá fjármálafyrirtækjum og það var náttúrulega vont fyrir okkur því að það dróst allt frá CAD-inu og það var svo hættulegt við þessar aðstæður sem að gerðust svo. Ég man að sparisjóðsstjóri var ekki mjög hrifinn af þessum áformum. Hann trúði mjög mikið á að Exista væri góð eign og hafði örugglega einhverja ástæðu fyrir því. Samt sem áður þá fórum við að reyna að losa okkur, á þessum tíma, við eignir. Við enduðum á því að selja Exista-bréf eins og við gátum. Það var bara of seint. Við seldum líka í Íslenskum verðbréfum og fleiri fyrirtækjum en það fór bara allt í frost. Það var eins og hendi væri veifað og það lokaðist allt.[120]

Af stjórnarfundargerðum frá árinu 2006 er ekki að sjá að mikið hafi verið fjallað um eign sparisjóðsins í Exista hf. Sparisjóðsstjóra var veitt heimild 25. apríl 2006 til að selja fyrir tæpar 50 milljónir króna og 1. júní sama ár var fjallað um fréttatilkynningu frá Exista hf. vegna kaupa á Vátryggingafélagi Íslands hf. Bókfærð eign sparisjóðsins í Exista hf. var þá um 780 milljónir króna og óinnleystur hagnaður vegna hennar metinn 1,3 milljarðar króna. Forstöðumaður fyrirtækjasviðs kom á stjórnarfund 6. september 2006 og fjallaði um stöðu félagsins. Hann sagði fyrir rannsóknarnefndinni að skýrslur um áhættuþætti hefðu verið lagðar fyrir stjórnina, þó ekki reglulega, og taldi að stjórnin hefði verið meðvituð um áhættuna sem í stöðunni fólst. Sérstök greining hefði verið gerð á Exista hf. síðla

118. Umfjöllun um Exista hf. og Kistu – fjárfestingarfélag ehf. má finna í 10. kafla.
119. Skýrsla Stefáns Sveinbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. maí 2013.
120. Skýrsla Sigurðar Más Einarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 21. maí 2013.

árs 2007 og niðurstaðan orðið sú að verðið væri of hátt og sparisjóðurinn ætti að selja. Það hefði þó ekki verið gert.[121] Um þessa sömu kynningu sagði sérfræðingur sem einnig kom að henni: „Ég held að á einni glærunni hafi bara beinlínis staðið að sjóðurinn væri orðinn nokkurs konar Exista afleiða."[122]

Bernhard Þór Bernhardsson, sérfræðingur hjá Sparisjóði Mýrasýslu og síðar sparisjóðsstjóri, sagði rannsóknarnefndinni frá kynningu á alvarlegri stöðu sparisjóðsins sem hann lagði fyrir stjórnarfund í byrjun júní 2008. Þar hefði komið fram að eignaverð á mörkuðum færi lækkandi, bankar og fyrirtæki væru í fjármagnsþröng og Exista hf. myndi væntanlega lenda í vanskilum. Farið var yfir það hversu mikið hefði tapast á árinu á hlutabréfastöðum og hvað væri í þann mund að tapast. Spurningin væri ekki lengur hver staðan væri, heldur hvað menn ætluðu að gera. Bernhard sagði sparisjóðsstjóra og stjórnarformann hafa brugðist illa við kynningunni. Umræða fór fram á fundinum, en ekki var ákveðið að bregðast við. Gat hann sér þess til að stjórnarmenn hefðu allt eins átt von á að markaðir tækju við sér eins og þeir hefðu gert áður. Stuttu síðar hefði sparisjóðsstjórinn sannfærst um að sparisjóðurinn hefði ekki efni á að taka meiri áhættu. Það yrði að hreinsa út þær eignir sem hægt væri og allt hefði verið selt í Exista. Sparisjóðurinn hefði hins vegar enn átt stóran eignarhlut í gegnum Kistu – fjárfestingarfélag ehf., það hefði verið „strúktúr sem menn voru fastir inni í".[123]

Stjórn sparisjóðsins samþykkti 22. nóvember 2006 að taka þátt í stofnun eignarhaldsfélags sex sparisjóða sem myndu kaupa hlutabréf í Exista hf. Sparisjóðsstjóri fékk umboð til að skrifa undir stofnskjöl fyrir hönd Sparisjóðs Mýrasýslu, og var samþykkt að selja um 35 milljón hluti í Exista hf. hinu nýja félagi sem hlaut nafnið Kista – fjárfestingarfélag ehf.[124] Hann sat í stjórn félagsins frá stofnun þess. Sparisjóðurinn tók þátt í hlutafjáraukningu Kistu í desember 2006 og greiddi fyrir hana með 17,5 milljónum hluta í Exista hf. Þá keypti Kista jafnmarga hluti af sparisjóðnum í sama mánuði, og var greitt fyrir þá til helminga með hlutafé í Kistu og peningum. Greiðslan til sparisjóðsins nam 389 milljónum króna. Í mars 2007 keypti Kista af Sparisjóði Mýrasýslu 26,3 milljónir hluta í Exista hf. fyrir 736 milljónir króna, en 12. apríl 2007 samþykkti stjórn sparisjóðsins sölu á bréfum í Exista hf. til Kistu – fjárfestingarfélags ehf. fyrir um 800 milljónir króna. Í júní 2007 seldi sparisjóðurinn Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. enn hlutabréf í Exista hf., í þetta sinn fyrir 1,2 milljarða króna. Ekki liggur fyrir hvort stjórnarsamþykktin 12. apríl átti við um fyrri eða seinni söluna, en í þeim báðum var helmingur kaupverðs greiddur í reiðufé og helmingur með hlutum í Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. Ekki er að sjá að stjórn hafi samþykkt aðra sölu á árinu 2007.

Í þessu ljósi má geta þess að samkvæmt c-lið 4. gr. reglna um áhættustýringu Sparisjóðs Mýrasýslu frá 9. nóvember 2005 var sparisjóðsstjóra óheimilt að kaupa óskráð bréf fyrir meira en 30 milljónir króna án samþykkis stjórnar. Þar sem helmingur greiðslna fyrir Exista-bréfin sem seld voru til Kistu 2007 voru hlutafé í Kistu, þykir ljóst að hvorki hafi legið fyrir nægilega skýr heimild stjórnar fyrir viðskiptunum né til hverra þeirra heimildin tók.

Í byrjun árs 2008 fór að halla undan fæti hjá Kistu – fjárfestingarfélagi ehf., en félagið var mjög skuldsett og hafði lagt bréf í Exista hf. að veði fyrir skuldunum. Með fallandi gengi hlutabréfanna fóru lánardrottnar fram á auknar tryggingar fyrir lánunum. Á stjórnarfundi Sparisjóðs Mýrasýslu 16. janúar 2008 greindi sparisjóðsstjóri frá stöðu Kistu – fjárfestingarfélags ehf. Auka þyrfti hlutafé félagins, og var samþykkt að taka þátt í þeirri hlutafjáraukningu. Svo fór að samþykkt var að auka hlutafé Kistu – fjárfestingarfélags ehf. þrisvar sinnum á árinu 2008, fyrst um 7,1 milljarð króna á aðalfundi félagsins 28. mars 2008, svo um 1,5 milljarða króna á hluthafafundi 27. júní og loks um 2,4 milljarða króna á stjórnarfundi 27. júlí sama ár. Hlutur Sparisjóðs Mýrasýslu í þessum hlutafjár-

121. Skýrsla Stefáns Sveinbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. maí 2013.
122. Skýrsla Bernhards Þórs Bernhardssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. ágúst 2013.
123. Skýrsla Bernhards Þórs Bernhardssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. ágúst 2013.
124. Í 10. kafla er nánar fjallað um Kistu – fjárfestingarfélag ehf.

aukningum var fyrst 731 milljón króna, en þar af voru 360 milljónir króna greiddar með reiðufé og 371 milljón með yfirtöku skulda félagsins,[125] svo 154 milljónir króna og loks 248 milljónir króna.

Auk eiginfjárframlags gekkst Sparisjóður Mýrasýslu í sjálfskuldarábyrgð fyrir hluta af skuldum Kistu – fjárfestingarfélags ehf. Í yfirlýsingu stjórnar Sparisjóðs Mýrasýslu frá 12. febrúar 2008 kom fram að hún hefði á fundi sínum sama dag samþykkt að veita ábyrgðir fyrir hönd Kistu – fjárfestingarfélags ehf. til viðskiptabankanna þriggja, samtals að fjárhæð 504 milljónir króna. Undir bréfið skrifa fjórir af fimm stjórnarmönnum sparisjóðsins ásamt sparisjóðsstjóra. Fundargerðir stjórnar sparisjóðsins sem rannsóknarnefndinni voru afhentar bera ekki með sér að fundur hafi verið haldinn í stjórn sparisjóðsins á þeim degi eða öðrum í febrúarmánuði 2008. Það var ekki fyrr en á stjórnarfundi 21. maí sama ár sem ábyrgðir vegna Kistu – fjárfestingarfélags ehf. komu á borð stjórnar sjóðsins. Þá var samþykkt að veita sparisjóðsstjóra umboð til að gefa út slíkar ábyrgðir fyrir allt að 350 milljónir króna. Engin tímamörk voru tiltekin á gildistíma ábyrgðanna. Ábyrgðirnar voru endurnýjaðar nokkrum sinnum; hinar fyrstu voru frá febrúar 2008, en voru endurnýjaðar í mars og júní sama ár. Ábyrgð til Kaupþings banka hf. var þó ekki endurnýjuð þar sem sparisjóðurinn tók á sig hluta af skuldum Kistu við bankann. Ábyrgðirnar giltu þar til síðla árs 2008, og rann ábyrgð til Glitnis banka hf. út án þess að gripið væri til aðgerða, en Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki hf. gekk að ábyrgðinni sem að honum sneri. Ábyrgðin nam þá um 2,3 milljörðum króna, og var hlutur Sparisjóðs Mýrasýslu um 250 milljónir króna, en aðrir eigendur Kistu – fjárfestingarfélags ehf. höfðu gengist í sams konar ábyrgðir. Í fundargerðum stjórnar er ekkert bókað um uppgjör vegna ábyrgðarinnar.

Af þessu má sjá að hluthafar í Kistu – fjárfestingarfélagi ehf. tóku á sig töluverða áhættu vegna félagsins með eiginfjárframlögum, skuldskeytingum og sjálfskuldarábyrgðum á árinu 2008. Samtals var framlag Sparisjóðs Mýrasýslu til fjárfestingarfélagsins tæpir 1,4 milljarðar króna á árinu 2008,[126] þar af 402 milljónir króna eftir að sparisjóðurinn hafði tilkynnt Fjármálaeftirlitinu að eigið fé hans kynni að vera komið undir lögbundið lágmark samkvæmt 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Vera má að forsvarsmenn sparisjóðsins hafi ekki talið sig eiga annarra kosta völ og að sparisjóðurinn hafi verið „fastur í strúktúr“ eins og áður var lýst. Um þetta sagði fyrrum sparisjóðsstjóri:

> SPRON […] réði ferðinni þarna. Við höfðum náttúrulega notið góðs af þessu samstarfi við SPRON í gegnum Kaupþing á sínum tíma og haft ómælda fjármuni út úr þessu og treystum kannski ansi mikið á þá í þessum efnum, að þarna værum við að fara rétta leið. […] Við ræddum oft innan okkar hóps uppi í Mýrasýslu: Af hverju erum við með þarna, af hverju erum við ekki með þessi bréf bara sjálfir? En einhvern veginn er það þannig að maður vildi ekki kljúfa sig út úr hópnum. Þetta var samstæður hópur og maður hafði einhvern veginn ekki burði til að rífa sig út úr því, en við ræddum þetta oft saman, við félagarnir, að við ættum náttúrulega að vera með þetta bara sjálfir, en þetta var svona eitthvað í anda samstarfsins að halda þessu félagi og við trúðum því sjálfir að við værum að búa til mikla peninga þarna, sem ekki varð.[127]

Um ástæðu þess að sparisjóðurinn tók þátt í stofnun Kistu – fjárfestingarfélags ehf. sagði sparisjóðsstjórinn fyrrverandi:

> Ég held að það hafi verið kominn ákveðinn hugur í menn að [selja] eftir því sem bréfin [hækkuðu gríðarlega], að þá kom hugur í menn að búa til pening úr því og selja úr þessum bréfum og í framhaldi af því held ég að Kista hafi verið stofnuð og þess vegna var það nú gert með þessum hætti að við héldum eftir, seldum út úr og settum ákveðinn hlut inn í Kistu og ákveðinn hlut tókum við til okkar sjálfra.[128]

Þegar spurt var hvort þrýst hefði verið á að taka þátt í stofnun félagsins sagði hann:

125. Sparisjóður Mýrasýslu og aðrir hluthafar Kistu – fjárfestingarfélags ehf. tóku á sig hluta skulda félagsins.

126. Hér er gert ráð fyrir 250 milljónum króna vegna ábyrgðar til Straums-Burðaráss Fjárfestingarbanka hf. ásamt þeim hluta-fjáraukningum sem fram fóru á árinu.

127. Skýrsla Gísla Kjartanssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 21. maí 2013.

128. Skýrsla Gísla Kjartanssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 3. september 2012.

> Ég skal ekkert um það segja […] það var svona samstaða bara, samstaða um það að fylgja þessari leiðsögn sem ég held að við getum nú sagt að þessir stærstu aðilar hafi leitt okkur. Ég er alls ekki að meina að þeir hafi verið að leiða okkur vísvitandi út í einhverja vitleysu, en alla leiðina held ég að sé óhætt að segja – ja, ég get orðað það bara þannig að það er meira en að segja það þegar maður er kominn í svona samstarf eins og þarna, að rífa sig út úr því. Ég er ekkert í vafa um það að mönnum hafi oft dottið það í hug.[129]

Þegar sparisjóðurinn seldi síðan á markaði þau bréf í Exista hf. sem hann átti í beinu eignarhaldi á árinu 2008 töldu starfsmenn sparisjóðsins að það hefði ekki verið vel séð:

> Sparisjóðurinn átti sjálfur hlutabréf í Exista, ég man ekki hvað það var mikið, en þau voru seld í byrjun árs 2008. Það þurfti að ganga á eftir sparisjóðsstjóranum til að fá að selja þessi hlutabréf. Hann hafði miklu meiri trú á því en við að um tímabundna lækkun væri að ræða og að markaðurinn myndi taka við sér aftur. Þegar við seldum þessi bréf í gegnum kauphöllina var það ekki vel séð af markaðsaðilum að við værum að selja þessi hlutabréf án þess að upplýsa aðra eigendur Exista um söluna.[130]

Með því að selja hlutabréf í Exista hf. til Kistu – fjárfestingarfélags ehf. náði sparisjóðurinn tveimur markmiðum, annars vegar að innleysa söluhagnað en sleppa um leið við að setja bréfin á markað og hafa þannig áhrif á markaðsframboð bréfanna og þar með verðmyndun; hins vegar hafði salan áhrif á eiginfjárhlutfall sparisjóðsins, en eignarhlutir í fjármálafyrirtækjum koma til frádráttar eiginfjárgrunni og lækka þar með eiginfjárhlutfallið. Með sölu á hlutabréfum í Exista hf. til Kistu – fjárfestingarfélags ehf. minnkaði frádráttur vegna Exista-eignarinnar, en frádráttur sparisjóðanna vegna Kistu var ekki sambærilegur þar eð hann nam hlutdeild þeirra í eigin fé félagsins. Hefði Kista ekki verið skuldsett hefði frádrátturinn verið hinn sami, hvort sem Exista-eignin hefði verið á bókum sparisjóðsins eða í Kistu. Félagið var hins vegar mjög skuldsett, og með þessu móti hækkaði eiginfjárhlutfall sparisjóðanna sem seldu bréf sín í Exista fyrir bréf í Kistu.[131] Fyrrum stjórnarmaður sparisjóðsins skýrði svo frá fyrir rannsóknarnefndinni:

> Eftir á var þetta vond ákvörðun kannski, þessi stofnun á Kistu. Alltaf þegar sparisjóðirnir sem að áttu í þessu þurftu að selja bréf þá keypti Kista þau með miklum söluhagnaði fyrir sparisjóðina, en þeir voru í raun og veru bara að kaupa sjálfa sig og báru ábyrgð á Kistunni.[132]

Yfirsýn sparisjóðanna yfir áhættuna sem fólst í eignarhlutanum í Exista hf. var einnig minni en ella þegar hluti hans var kominn í fjárfestingarfélagið. Sparisjóðurinn hafði sett sér reglur sem takmörkuðu samanlagt markaðsvirði hlutabréfa í eigu sparisjóðsins sem mynduðu úrvalsvísitölu ICEX við 40% af eigin fé hans. Sé nafnverðseign Sparisjóðs Mýrasýslu í Exista hf. margfölduð með gengi félagsins í árslok 2006 var hún 17% af eigin fé sparisjóðsins, en 39% ef einnig var horft til eignarhluta sem sparisjóðurinn átti í gegnum Kistu – fjárfestingarfélag ehf. Sömu hlutföll fyrir árið 2007 voru 14% fyrir beina eign sparisjóðsins og 47% fyrir óbeina eign.[133]

Sparisjóðabanki Íslands hf.

Sparisjóður Mýrasýslu var meðal stærri hluthafa Sparisjóðabankans. Hann átti tæp 7% í bankanum í lok árs 2005, en í lok áranna 2006–2008 var eignarhlutur hans um 8,7%. Gísli Kjartansson sparisjóðsstjóri sat í stjórn Sparisjóðabankans frá 2007, en hafði áður verið í varastjórn frá 2002 þar til hann lét af störfum sem sparisjóðsstjóri haustið 2008.[134]

Sparisjóðabankinn var ekki mikið til umræðu í stjórn Sparisjóðs Mýrasýslu ef marka má fundargerðir. Á árinu 2005 var samþykkt að taka þátt í tveimur sambankalánum með bankanum, annars vegar fyrir 2 milljónir evra og hins vegar 1 milljón sterlingspunda. Þá var í október 2005 samþykkt að veita ábyrgð til Sparisjóðabankans fyrir allt að 1,5

129. Skýrsla Gísla Kjartanssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 21. maí 2013.

130. Skýrsla Stefáns Sveinbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. maí 2013.

131. Ítarlega er fjallað um áhrif fjárfestinga í fjármálafyrirtækjum, eignarhaldsfélög utan um eignarhluti í fjármálafyrirtækjum og frádrátt frá eiginfjárgrunni í 10. kafla.

132. Skýrsla Sigurðar Más Einarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 21. maí 2013.

133. Ekki kemur fram í stjórnarfundargerðum sparisjóðsins að hann hafi farið fram úr þessum reglum. Hins vegar má benda á að bókfærð eign sparisjóðsins í Exista hf. var önnur en reiknað markaðsvirði þó að eignin væri færð á gangvirði í ársreikningi. Því er með öllu óljóst hvernig áhætta vegna eignarinnar var metin.

134. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra. Hér er einnig tekið mið af athugasemdum Gísla Kjartanssonar til rannsóknarnefndarinnar 8. nóvember 2013.

milljónir Bandaríkjadala vegna MDM bank í Rússlandi og að kaupa í gegnum bankann skuldabréf á eftirmarkaði sem gefin voru út af frönsku fyrirtæki, Rexel, fyrir 1,5 milljónir evra. Á stjórnarfundi 25. maí 2005 samþykkti Sparisjóður Mýrasýslu að kaupa af Sparisjóði Ólafsfjarðar eignarhlut þess síðarnefnda í Sparisjóðabankanum. Ekki kom fram í fundargerðinni hversu stór hlutur var keyptur, en í lok árs 2005 átti Sparisjóður Ólafsfjarðar um 2,1% í bankanum og ári síðar 0,3%.

Síðla árs 2005 kynnti sparisjóðsstjóri fyrir stjórn Sparisjóðs Mýrasýslu hugmyndir um breytingar á uppbyggingu Sparisjóðabankans. Meðal hugmynda sem unnið var með í stefnumótun bankans var að hann keypti Frjálsa fjárfestingarbankann hf., FSP hf., Verðbréfastofu Sparisjóðanna[135] og SPRON-Verðbréf hf.

Stjórnin samþykkti 1. febrúar 2006 að kaupa um 50 milljónir af nýju hlutafé í Sparisjóðabanka Íslands hf., og sparisjóðsstjóri kynnti hagnað bankans samkvæmt sex mánaða uppgjöri fyrir stjórn sparisjóðsins 16. ágúst 2006. Hlutdeild sparisjóðsins í afkomu Sparisjóðabankans á árinu var um 495 milljónir króna. Árið 2007 urðu breytingar á eignarhaldi og samþykktum bankans og samþykkti stjórn sparisjóðsins breytingarnar á fundi sínum 12. september 2007. Um sama leyti seldu Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis og Byr sparisjóður mikinn hluta eignar sinnar í bankanum. Kaupendur voru tólf einkahlutafélög, meðal annars í eigu starfsmanna bankans. Fimm sparisjóðir juku einnig við hlut sinn í bankanum, þeirra á meðal Sparisjóður Mýrasýslu.[136]

Á fundinum 12. september 2007 var samþykkt að auka hlut sparisjóðsins í Sparisjóðabankanum um allt að 3%, en fyrir átti hann 8,7%. Samkvæmt kauptilboði sem fylgdi fundargerðinni var verðmæti 3% hlutarins um 960 milljónir króna.[137] Í fundargerðum stjórnar frá þessum tíma kemur ekki fram að aðrir samningar hafi verið gerðir um kaup á hlutum í Sparisjóðabankanum. Hins vegar fjallar endurskoðunarskýrsla vegna ársins 2007 um „íþyngjandi samninga“ og þar undir kaupin á 3% hlutnum, sem og samning um kaup á hlutabréfum í Sparisjóðabankanum fyrir 1,3 milljarða króna.[138] Samhliða þeim samningi hafi verið gerður samningur um sölu á 40 milljónum hluta til annarra aðila utan samstæðunnar. Mismunur kaup- og sölusamnings var um 5 milljónir hluta.[139] Kaup Sparisjóðs Mýrasýslu á eignarhlut í Sparisjóðabankanum gengu ekki eftir þar sem Fjármálaeftirlitið synjaði sparisjóðnum 30. maí 2008 um heimild til þess að fara með virkan eignarhlut í bankanum.

Að sögn fyrrum forstöðumanns fyrirtækjasviðs Sparisjóðs Mýrasýslu var hugmyndin að baki kaupunum sú að Sparisjóður Mýrasýslu og Sparisjóðurinn í Keflavík tækju við sem kjölfesta í samstarfi sparisjóðanna um Sparisjóðabankann eftir að tveir stærstu eigendurnir seldu sína hluti.[140] Fyrrum sparisjóðsstjóri sagði Byr sparisjóð hafa átt öll bréfin sem til stóð að Sparisjóður Mýrasýslu keypti:

> [Eftir að Fjármálaeftirlitið synjaði umsókn sparisjóðsins um að fara með virkan eignarhlut] skrifuðu [forsvarsmenn Byrs sparisjóðs] mér bréf og hótuðu mér öllu illu. Ég svaraði þeim með þeim hætti að við settum þetta ákvæði í samninginn með fyrirvara um samþykki FME og bentum bara á samninginn og ég heyrði aldrei meira í þeim um það […]. Buðu mér gull og græna skóga ef ég vildi kaupa þetta […]. Það hefði kannski átt að kveikja svolítið á perunni hjá okkur.[141]

135. Þetta heiti kemur fram í kynningunni sem lögð var fyrir stjórnarfundinn, en ekkert félag bar þetta nafn. Annað félag hét Verðbréfaþjónusta sparisjóðanna hf. og getur verið að átt hafi verið við það.

136. Um aðdraganda þessara viðskipta er fjallað í 31. kafla, um Sparisjóðabanka Íslands hf., en um lán til kaupanna er fjallað í sérstökum kafla um hluthafalánin, sjá 9. kafla.

137. Um var að ræða 34 milljónir hluta á genginu 28,055.

138. Um var að ræða 46 milljónir hluta á genginu 28,055.

139. Sparisjóðurinn í Keflavík og Sparisjóður Mýrasýslu gerðu samning um kaup- og sölurétt á 45,6 milljónum hluta í Sparisjóðabankanum af Byr sparisjóði og Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis (samtals 91,2 milljónir hluta). Sparisjóðurinn í Keflavík og Sparisjóður Mýrasýslu áttu kauprétt gagnvart hinum tveimur, en Byr sparisjóður og Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis áttu sölurétt gagnvart Sparisjóðnum í Keflavík og Sparisjóði Mýrasýslu. Kæmi til þess að kaup- eða söluréttur yrði nýttur áttu Sparisjóðurinn í Keflavík og Sparisjóður Mýrasýslu kaup- og sölurétt gagnvart þeim sem keyptu hluti í Sparisjóðabankanum haustið 2007. Samningurinn var undirritaður 9. október 2007 og gilti í 12 mánuði.

140. Skýrsla Stefáns Sveinbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. maí 2013.

141. Skýrsla Gísla Kjartanssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 21. maí 2013.

Sparisjóður Mýrasýslu, ásamt Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, Byr sparisjóði, Sparisjóðnum í Keflavík og Sparisjóðabankanum, lánaði nýjum eigendum hlutafjár í Sparisjóðabankanum fyrir kaupunum með veði í bréfunum. Af fundargerðum stjórnar er ekki að sjá að hún hafi rætt þessi viðskipti og þá áhættu sem þeim fylgdi. Sparisjóður Mýrasýslu lánaði rúman milljarð króna til kaupanna, en þegar kom að því að greiða lánin út reyndist sparisjóðurinn ekki eiga laust fé til þess. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis og Byr sparisjóður lánuðu þá Sparisjóði Mýrasýslu rúmar 800 milljónir króna til að bæta úr því. Um þetta fjallaði stjórnin ekki. Í skýrslu fyrrum forstöðumanns fyrirtækjasviðs hjá rannsóknarnefndinni kom þetta fram:

> Það gekk mjög erfiðlega að koma þessu saman. Ég sagði strax í upphafi þegar þetta var skoðað að sparisjóðurinn ætti ekki til neina peninga til að kaupa þetta og hvað þá að lána fyrir kaupum. Þetta var gert gegn mínum vilja. SPRON og Byr lánuðu SPM til að hægt væri að klára þetta. Síðan var sótt um til FME að fara með virkan eignarhlut í Sparisjóðabankanum sem þeir höfnuðu og ég var manna glaðastur að þeir neituðu okkur um að fara með þennan eignarhluta. Sparisjóðsstjórinn hafði mjög mikið um þetta að segja. Það var búið að ganga mjög vel hjá honum með rekstur á sparisjóðnum fram til þessa tíma. Hann var ráðandi stjórnandi í sparisjóðnum og fékk nánast allt samþykkt sem hann lagði fyrir stjórnina. Mig minnir að það hafi aldrei verið neitt fellt sem hann kom með inn í stjórn, það hefur kannski verið einu sinni eða tvisvar sem hans tillögur fengu ekki brautargengi.[142]

Umsókn Sparisjóðs Mýrasýslu um að fara með virkan eignarhlut í Icebank hf.

Sparisjóður Mýrasýslu sótti um að mega fara með virkan eignarhlut í Icebank hf. 19. október 2007. Við mat á hæfi sparisjóðsins til þessa hafði Fjármálaeftirlitið til hliðsjónar hættu á hagsmunaárekstrum, fyrirhugaða fjármögnun kaupanna og eiginfjárstöðu sparisjóðsins.

Fjármálaeftirlitinu fannst orka tvímælis að stjórnendur eða stjórnarmenn eins fjármálafyrirtækis sætu í stjórn annars, með tilliti til hagsmunaárekstra, hæfis og heilbrigðra viðskiptahátta, en Gísli Kjartansson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Mýrasýslu, sat þá í stjórn Icebank hf. Í kjölfar fyrirspurna Fjármálaeftirlitsins benti sparisjóðurinn á að löng hefð væri fyrir því að stjórnendur og stjórnarmenn í sparisjóðum landsins sætu í stjórn Icebank hf. Að mati Fjármálaeftirlitsins voru aðstæður aðrar því að með stefnubreytingu Icebank hf., breytingu á samþykktum og eignarhaldi gæti komið til beinnar samkeppni milli sparisjóðsins og bankans og því orðið meiri hætta á hagsmunaárekstrum en hefði verið.

Þá óskaði Fjármálaeftirlitið upplýsinga um það hvernig sparisjóðurinn hygðist fjármagna kaupin þar sem í umsókninni hefði komið fram að til þess yrðu nýttar fyrirliggjandi lánalínur sparisjóðsins hjá innlendum fjármálafyrirtækjum, en ekki lá fyrir þegar umsóknin var send hjá hvaða fjármálafyrirtæki fyrirgreiðslan fengist. Í bréfi til Fjármálaeftirlitsins 16. janúar 2008 sagði sparisjóðurinn kaupsamninginn hafa verið gerðan með fyrirvara um samþykki Fjármálaeftirlitsins og þar sem það lægi ekki fyrir hefðu engar greiðslur verið inntar af hendi. Síðar, í símtali við starfsmann sparisjóðsins, var Fjármálaeftirlitið upplýst um að kaupin yrðu fjármögnuð með láni frá Icebank hf.

Fjármáleftirlitið taldi óheppilegt að kaup á virkum eignarhlut í fjármálafyrirtæki væru fjármögnuð af sama fyrirtæki, og hefði sparisjóðurinn átt að upplýsa um slíka tilhögun. Sparisjóðurinn svaraði því til að hann ætti ekki ónýttar lánalínur annars staðar en hjá Icebank hf. Þegar Fjármálaeftirlitið innti svara um hvort það bæri að skilja svo að sparisjóðurinn annaðhvort vildi ekki eða gæti ekki fjármagnað kaupin á annan hátt en með láni frá Icebank hf., svaraði sparisjóðurinn því til að fjármögnun frá öðrum en Icebank hf. yrði eingöngu til skamms tíma og óvarlegt væri að ætla að fjármagna fyrirtækjakaup með þeim hætti, sérstaklega í ljósi þess að eignin væri ekki mjög seljanleg. Það var mat Fjármálaeftirlitsins að framangreint væri óheppilegt með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs, sbr. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 161/2002.

Í apríl 2008 varð ljóst að eiginfjárstaða sparisjóðsins færi niður fyrir lögbundin mörk ef hann keypti þá hluti í Icebank hf. sem til stóð og seldi ekki hluti í öðrum fjármálafyrirtækjum, en helst kom til greina að selja bréf í VBS Fjárfestingarbanka hf. Sparisjóðurinn taldi ekki líklegt að sú eign seldist. Það var mat Fjármálaeftirlitsins að færi eigið fé sparisjóðsins undir lögbundin mörk gæti það haft

142. Skýrsla Stefáns Sveinbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. maí 2013.

áhrif á trúverðugleika sparisjóðsins og Icebank hf., ef sparisjóðurinn eignaðist virkan eignarhlut í honum. Lágmarkseiginfjárstaða væri í raun grundvöllur þess að fjármálafyrirtæki héldi starfsleyfi sínu, og því væri kominn upp vafi um hæfi Sparisjóðs Mýrasýslu til að fara með virkan eignarhlut í öðru fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlitið synjaði umsókn sparisjóðsins um að fara með virkan eignarhlut í Icebank hf. 30. maí 2008. Samkvæmt 45. og 46. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki var sparisjóðnum skylt að selja eignarhluti sína í Icebank hf. sem voru umfram 9,99%.*

* Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins varðandi umsókn um heimild til að fara með virkan eignarhlut í Icebank hf. 30. maí 2008.

Kauptilboðið í Sparisjóðabankann frá september 2007 hljóðaði upp á 28,055 krónur fyrir hverja krónu nafnverðs hlutafjár, en í lok árs 2007 voru bréfin metin á 23 krónur. Það var einkum dalandi gengi Exista hf. sem hafði áhrif á mat á bréfum Sparisjóðabankans.[143] Á stjórnarfundi Sparisjóðs Mýrasýslu 21. maí 2008 fór starfsmaður sparisjóðsins yfir breytingar á hlutabréfaeign sparisjóðsins í þriggja mánaða uppgjöri hans. Stærstu breytingarnar voru meðal annars vegna Sparisjóðabankans. Fjallað var um fræðilega kosti um áhrif á eiginfjárhlutfall ef allir eignarhlutir í bankanum og öðrum fjármálafyrirtækjum yrðu seldir.

Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóði Mýrasýslu frá 30. júlí 2008 voru bréf í Sparisjóðabankanum talin ofmetin. Bókfærð staða þeirra 31. mars 2008 var 1.792 milljónir króna, en Fjármálaeftirlitið taldi réttara að virðið væri um 902 milljónir króna. Eigið fé sparisjóðsins var á þessum tíma 4,1 milljarður króna og hefði slík niðurfærsla því haft töluverð áhrif á það.[144]

Ný stjórn Sparisjóðs Mýrasýslu tók við 15. ágúst 2008, og á fundi hennar 10. september 2008 var farið yfir skýrslu um lán í tengslum við kaup á hlutafé í Sparisjóðabankanum. Á stjórnarfundi tveimur vikum síðar kom fram að Nýi Kaupþing banki hf. væri búinn að kaupa hlut sparisjóðsins í Sparisjóðabankanum. Enginn kaupsamningur fylgdi með stjórnarfundargerðinni eða upplýsingar um kaupverð hlutarins. Fyrrverandi sparisjóðsstjóri gat ekki haft upp á afriti af kaupsamningnum og efaðist um að salan hefði gengið eftir þegar rannsóknarnefndin innti eftir upplýsingum.[145] Á árinu 2008 var tap vegna eignarhlutarins í Sparisjóðabankanum 2,1 milljarður króna.

VBS Fjárfestingarbanki hf.

Í árslok 2004 átti Sparisjóður Mýrasýslu 7,9% hlutafjár í Verðbréfastofunni hf. (síðar VBS Fjárfestingarbanka hf.). Á árinu 2005 var hlutafé félagsins aukið, og keypti sparisjóðurinn þá um 2 milljónir hluta og átti 6,7% hlutafjár í árslok 2005.[146] Ekki er bókuð í stjórnarfundargerð samþykkt fyrir kaupunum. Á stjórnarfundi sparisjóðsins 27. september 2006 var samþykkt heimild til sparisjóðsstjóra til að kaupa hlut í VBS Fjárfestingabanka hf. fyrir allt að 200 milljónir króna. Á fundi stjórnar 8. nóvember 2006 sagði sparisjóðsstjóri frá málum fjárfestingarbankans. Ný stjórn væri tekin til starfa, og var sparisjóðsstjórinn formaður hennar. Á árinu 2006 jók sparisjóðurinn hlut sinn í fjárfestingarbankanum um 4,6 milljónir hluta og átti í árslok 7,3% eignarhlut.

Í árslok 2004 átti Sparisjóður Mýrasýslu 7,1% hlutafjár í Fjárfestingarfélagi sparisjóðanna hf. (síðar FSP hf.). Sparisjóður vélstjóra, Sparisjóðurinn í Keflavík og Sparisjóðabanki Íslands hf. voru stærstu eigendur félagsins. Helstu fjárfestingar þess árin 2004 og 2005 voru í skuldabréfum, en hlutabréf voru einnig hluti af eignasafninu. Í lok árs 2006 var meirihluti eigna félagsins í hlutabréfum í óskráðum innlendum félögum. Stefán Sveinbjörnsson, forstöðumaður fyrirtækjasviðs Sparisjóðs Mýrasýslu, sat í stjórn félagsins. Á stjórnarfundi sparisjóðsins 25. maí 2005 var samþykkt að taka þátt í hlutafjáraukningu í fjárfestingarfélaginu. Ákveðið var að kaupa 53,1 milljón hluta á genginu 1,2 og varð hlutur sparisjóðsins eftir það um 7%. Önnur hlutafjáraukning fór fram snemma á árinu 2006, og keypti sparisjóðurinn 15,7 milljónir hluta. Eignarhluturinn var enn um 7% í árslok 2006.

143. Til að mynda gerði Sparisjóðabankinn söluréttarsamning við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis og Byr sparisjóð um sölu á hlutabréfum í Exista hf. til þess að tryggja tiltekið verðmæti bréfa í félaginu í eigu Sparisjóðabankans. Þetta var gert til þess að fjárfesting nýju eigendanna í Sparisjóðabankanum rýrnaði ekki um of, sbr. umfjöllun í 9. kafla.

144. Skýrsla um eigið fé Sparisjóðs Mýrasýslu, 31. mars 2008.

145. Tölvuskeyti Bernhards Þórs Bernhardssonar til rannsóknarnefndarinnar 16. október 2013.

146. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

Hinn 31. janúar 2007 voru lagðar fyrir stjórn Sparisjóðs Mýrasýslu hugmyndir um sameiningu FSP hf. og VBS Fjárfestingarbanka hf. Eignarhlutur sparisjóðsins í fjárfestingarbankanum var þá bókfærður á 123 milljónir, og var markaðsverð hans talið um 348 milljónir króna. Sparisjóðurinn átti einnig í FSP hf., og var bókfært virði eignarhlutarins 158 milljónir króna og markaðsverð talið 676 milljónir króna. Mismunur bókfærðs virðis og markaðsverðs væri þá um 395 milljónir króna sem myndi tekjufærast hjá sparisjóðnum við sameiningu. Sparisjóðurinn myndi eiga um 7,5% í sameinuðu félagi, en sameiningin myndi lækka eiginfjárgrunn sparisjóðsins um 158 milljónir króna. Stefnt var að því að auka eignarhlut sparisjóðsins í sameinuðu félagi upp í 15–20% eignarhlut. Kaupverðið yrði 675–1.125 milljónir króna.

Stjórn sparisjóðsins samþykkti á fundi sínum 1. maí 2007 að auka eignarhlut sparisjóðsins í VBS Fjárfestingarbanka hf., en á stjórnarfundi 12. desember sama ár var ákveðið að reyna að selja eignarhlutinn í bankanum. Sparisjóðsstjóri hafði hætt í stjórn félagsins daginn áður. Eignarhluturinn var aldrei seldur, og átti sparisjóðurinn um 10% hlut í bankanum í árslok 2007. Um eignarhlut sparisjóðsins í VBS Fjárfestingarbanka hf. sagði fyrrum sparisjóðsstjóri fyrir rannsóknarnefndinni:

> [Tilgangur kaupanna var] ekkert nema græða peninga held ég, ég held að það hafi verið fyrst og fremst tilgangurinn hjá okkur. […] Staðreyndin var náttúrulega sú að meðan allt lék í lyndi þá var þetta allt í lagi, og þegar allt var á uppleið og við skiluðum ómældum hagnaði, þá var þetta allt í lagi. En menn kannski horfðu ekki nógu vel fram í tímann og vitanlega kom þetta svo í bakið á okkur þegar á reyndi. […] Þegar fór að verða erfiðara fyrir, þá varð þetta strax óseljanlegt. Við gerðum tilraun til að losa okkur út úr þessu en það var um seinan.[147]

Sparisjóðurinn færði eign sína í VBS Fjárfestingarbanka hf. niður að fullu á árinu 2008 þrátt fyrir viðunandi gengi bankans. Eigið fé hans í árslok 2008 var til dæmis 8,9 milljarðar króna samkvæmt ársreikningi. Ástand á fjármálamarkaði gaf þó tilefni til að meta eignir sem þessar lágt í þeirri óvissu sem uppi var á þeim tíma, enda var rekstrarniðurstaða ársins 2009 afleit hjá fjárfestingarbankanum; hann tapaði 40,9 milljörðum króna á árinu, og eigið fé í árslok var neikvætt um 31,9 milljarða króna.

Lónakot ehf.

Á fundi stjórnar sparisjóðsins 29. mars 2006 var samþykkt að kaupa 20% hlut í Lónakoti ehf. fyrir 148 milljónir króna. Eigið fé félagsins samkvæmt ársreikningi 2005 var 84 milljónir króna. Mánuði áður en hluturinn var keyptur samþykkti stjórnin að lána félaginu 200 milljónir króna.[148] Tilgangur Lónakots ehf. var „fyrst og fremst að fjárfesta í byggingarlandi og vinna að framgangi skipulags og hönnunar í samráði við skipulagsyfirvöld á hverjum stað með það markmið að selja fullbúið byggingarland til verktaka og einstaklinga. Þá er jafnframt tilgangur félagsins að kaupa, selja og reka fasteignir ásamt því að stunda lánastarfsemi“.[149] Fyrrum stjórnarformaður sparisjóðsins sagði um þessi viðskipti:

> Þá átti að fara að veðja á framtíðarbyggingarlóðir fyrir Hafnarfjörð. […] Það var búið að leggja töluverða vinnu í það, teikna það upp. Þetta átti bara að vera þolinmótt fjármagn sem að átti að vinna vinnuna sína og taka hagnaðinn eftir 10–20 ár eða hvað það var, að veðja á það að Hafnarfjörður myndi vilja þetta land undir byggingarsvæði. Við áttum það með einhverjum öðrum. Þessu stýrði […] fyrrum starfsmaður okkar.[150]

Forstöðumaður fyrirtækjasviðs Sparisjóðs Mýrasýslu var stjórnarmaður í félaginu. Aðrir eigendur Lónakots ehf. samkvæmt ársreikningi 2006 voru Holtasel ehf. (40%), Trek ehf. (10%) og einn stofnandi félagsins (30%), en ári síðar hafði Valaklettur ehf. eignast hlut Trek ehf. Félagið, sem var stofnað árið 2005, keypti lóðir og lönd sem metin voru á 776 milljónir króna í lok fyrsta rekstrarárs þess. Í lok árs 2006 voru eignir félagsins metnar á 881 milljón króna, en í árslok 2007 var matið 8,3 milljarðar króna. Á árinu var keypt land

147. Skýrsla Gísla Kjartanssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 21. maí 2013.
148. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Mýrasýslu, 24. febrúar 2006.
149. Sbr. 3. gr. samþykkta Lónakots ehf. frá 31. mars 2006.
150. Skýrsla Sigurðar Más Einarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 21. maí 2013.

fyrir um 110 milljónir króna, en sérstakt endurmat á landeignum félagsins í Lónakoti og Hvassahrauni nam 7,3 milljörðum króna.[151] Eigið fé félagsins hækkaði um rétt tæpa 6 milljarða króna á árinu.

Tafla 27. Fjárhagslegar upplýsingar um Lónakot ehf.[152]

Þús. kr.	2005	2006	2007
Eignir	772.892	885.890	8.314.732
Skuldir	688.084	802.878	2.272.287
Eigið fé	84.808	83.012	6.042.445
Afkoma	**(92)**	**(1.796)**	**(2.508)**

Lónakot ehf. átti 50% eignarhlut í jörðinni Lónakoti við Hafnarfjörð, en Hafnarfjarðarbær var sameigandi með önnur 50%. Jörðin var 540 hektarar. Þá átti félagið hluta af landi bújarðarinnar Hvassahrauns í landi Voga, um 202 hektara. Jafnframt átti félagið 11% eignarhlut í óskiptu landi Vogatorfu, 2.772 hektara lands. Nettóflatarmál lands í eigu Lónakots ehf. var því 749 hektarar í lok árs 2008.[153] Á árinu 2008 gjaldfærði Sparisjóður Mýrasýslu um 350 milljónir króna vegna eignar sinnar í Lónakoti ehf., auk þess sem afskrifaðar voru um 615 milljónir króna af láni til félagsins. Félagið var lýst gjaldþrota í lok árs 2011.

Menntaskóli Borgarfjarðar ehf.

Á stjórnarfundi Sparisjóðs Mýrasýslu 7. september 2005 kynnti Runólfur Ágústsson, rektor Viðskiptaháskólans á Bifröst, hugmynd að nýjum framhaldsskóla í Borgarnesi. Sparisjóðsstjóranum var falið að fylgja málinu eftir fyrir hönd stjórnar og leggja allt að 40 milljónir króna í hlutafé ef af yrði. Menntaskólinn var formlega stofnaður 4. maí 2006 með staðfestingu menntamálaráðherra sem um leið tók fyrstu skóflustunguna að skólabyggingunni. Skólinn var settur 22. ágúst 2007.[154]

Í lok árs 2006 átti sparisjóðurinn um 51% hlut í félaginu og Borgarbyggð 38%. Á fundi stjórnar sparisjóðsins 14. nóvember 2007 var samþykkt að auka hlutafé í Menntaskóla Borgarfjarðar um 50 milljónir króna sem var lagt fram á árinu 2008. Í lok árs 2007 átti sparisjóðurinn 56% í félaginu og Borgarbyggð 36%. Áætlanir um byggingu menntaskólans stóðust ekki, hvorki hvað varðaði tíma né kostnað. Vorið 2008 var talið að kostnaður við skólann yrði um 1 milljarður króna.[155] Stuttu síðar var rætt um það í stjórn sparisjóðsins að hlutaféð sem sparisjóðurinn lagði fram hefði verið styrkur til skólans. Einnig kom fram að aukna fjármögnun vantaði í verkefnið þar sem kostnaður hefði farið fram úr áætlun og Glitnir banki hf. hefði hafnað beiðni um að lána frekar til verkefnisins.[156] Sparisjóðurinn færði niður eign sína í Menntaskóla Borgarfjarðar ehf. um 90 milljónir króna á árinu 2008.

Sparisjóðurinn í Keflavík og Sparisjóður Vestfirðinga

Á fundi sínum 30. apríl 2004 samþykkti stjórn Sparisjóðs Mýrasýslu að kaupa stofnfjárbréf í Sparisjóði Vestfirðinga fyrir 4 milljónir króna að nafnvirði og veita honum einnig 6 milljóna króna víkjandi lán. Sparisjóður Mýrasýslu átti um 2% hlut í Sparisjóði Vestfirðinga fram á árið 2007, og stofnfé var ekki aukið meira en sem nam endurmati.

Á árinu 2007 hófust þreifingar um sameiningu Sparisjóðs Keflavíkur og Sparisjóðs Mýrasýslu, en stjórn Sparisjóðs Mýrasýslu hafnaði síðan þeim áformum.[157] Á stjórnarfundi 12. september 2007 var fjallað um bréf sem Sparisjóðurinn í Keflavík hafði sent mörgum sparisjóðum með ósk um viðræður um sameiningu. Stefnt var að því að fjalla um bréfið á sameiginlegum fundi allra sparisjóða fljótlega. Á þessu ári sameinuðust Sparisjóður Vestfirðinga og Sparisjóður Húnaþings og Stranda Sparisjóðnum í Keflavík.

151. Í ársreikningi 2007 er vísað til heimildar í 31. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga hvað varðar þetta sérstaka endurmat, en samkvæmt henni er heimilt að hækka bókfært verð fastafjármuna, annarra en þeirra sem um getur í 36. og 39. gr. sömu laga, ef markaðsverð þeirra er talið verulega hærra en bókfært verð af ástæðum sem taldar eru varanlegar.
152. Ársreikningar Lónakots ehf. 2005–2007. Félagið skilaði ekki nýrri ársreikningum til ársreikningaskrár.
153. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Mýrasýslu, 17. desember 2008.
154. Vefsíða Menntaskóla Borgarfjarðar, http://www.menntaborg.is/skolinn.
155. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Mýrasýslu, 21. maí 2008.
156. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Mýrasýslu, 24. september 2008.
157. Sjá meðal annars fundargerð stjórnar sparisjóðsins frá 20. júlí 2007.

Sparisjóður Mýrasýslu tók þátt í tveimur útboðum á stofnfé í Sparisjóði Vestfirðinga í aðdraganda sameiningar hans við Sparisjóðinn í Keflavík á árinu 2007. Þannig keypti Sparisjóður Mýrasýslu um 25 milljónir að nafnverði í útboði í október 2007, og var kaupverðið rúmar 26 milljónir króna. Þá keypti Sparisjóður Mýrasýslu rúmlega 18 milljónir að nafnverði af stofnfé í Sparisjóði Vestfirðinga í öðru útboði í desember 2007.[158] Ekki var fjallað um þessi kaup eða sameiningu Sparisjóðs Vestfirðinga, Sparisjóðs Húnaþings og Stranda og Sparisjóðsins í Keflavík í fundargerðum stjórnar sparisjóðsins. Við sameininguna eignuðust stofnfjáreigendur í Sparisjóði Vestfirðinga 16,4% stofnfjár í sameinuðum sjóði.[159] Í árslok 2007 og 2008 átti Sparisjóður Mýrasýslu 0,4% í Sparisjóðnum í Keflavík. Tap Sparisjóðs Mýrasýslu á þessum eignarhluta var rúmar 38 milljónir króna á árinu 2008.

Eignarhaldsfélagið Fasteign hf.

Eignarhaldsfélagið Fasteign hf. var stofnað í desember 2002. Félagið átti og leigði út fasteignir til fjármálafyrirtækja, ríkis og sveitarfélaga. Í árslok 2003 áttu Íslandsbanki hf. og Reykjanesbær 49,9% hvor í félaginu. Ári síðar hafði hlutur hvors um sig lækkað í 34,8%, en Vestmannaeyjabær átti þá um 12%, Sandgerðisbær 5,8%, Garðabær 7,8% og Sparisjóður Mýrasýslu 1,3%.[160] Í fundargerðum stjórnar sparisjóðsins á árinu 2004 er ekki getið um kaup á hlut í félaginu. Sparisjóðsstjórinn sagði sparisjóðinn hafa eignast hlut í félaginu í tengslum við byggingu á nýju húsnæði sparisjóðsins: „Við áttum smá hlut [í Eignarhaldsfélaginu Fasteign ehf.], áttum 2–3% minnir mig. Það gerðist um leið og þeir byggðu fyrir okkur.“[161]

Snemma árs 2003 var rætt um það í stjórn sparisjóðsins að selja húsnæði að Borgarbraut 14. Á fundi stjórnar 23. júlí 2003 var sparisjóðsstjóra og stjórnarformanni falið að ganga frá sölu á húsinu til sveitarfélagsins Borgarbyggðar. Söluverð hússins var 83 milljónir króna samkvæmt fundargerðinni. Á sama fundi var þeim falið að ganga frá kaupum á lóð við Borgarfjarðarbrú. Um haustið var skipuð þriggja manna byggingarnefnd sparisjóðsins vegna nýja húsnæðisins, og var Guðmundur Eiríksson, einn stjórnarmanna, ráðinn verkefnisstjóri við bygginguna.[162] Þá um haustið var keypt lóð við Brúartorg til byggingarinnar og auglýst eftir samstarfsaðilum við bygginguna.[163] Gengið var til samninga við Ingimund Sveinsson um að teikna húsið, en rætt við VSÓ ráðgjöf ehf. og Íslenskar fasteignir ehf. um að byggja það og að sparisjóðurinn leigði það af þeim.[164] Á stjórnarfundi 11. febrúar 2004 sagði sparisjóðsstjóri frá húsbyggingunni og að gerður hefði verið samningur við Íslenskar fasteignir ehf. um byggingu hússins sem yrði væntanlega skrifað undir í mars. Framkvæmdir myndu hefjast í apríl sama ár. Ekki kom annað fram um nýbygginguna í stjórnarfundargerðum fyrr en 7. apríl 2004, en þá var búið að undirrita samning við Eignarhaldsfélagið Fasteign hf. um hana. Engin skýring fylgdi þessari breytingu.

> Upphaflega stóð til að sparisjóðurinn myndi byggja nýja starfsstöð sjálfur. Það var búið að teikna húsið þegar sú umræða kom upp að fá fasteignafélag til að byggja og leigja sparisjóðnum húsið. Mig minnir að það hafi verið rætt við nokkur slík félög en niðurstaðan var að fá Eignarhaldsfélagið Fasteign til að byggja og leigja sparisjóðnum. Talið var að Fasteign myndi byggja fyrir lægri fjárhæð en ef sparisjóðurinn gerði það sjálfur auk þess sem Fasteign hafði aðgang að ódýru lánsfé.[165]

Sparisjóðurinn hafði lítils háttar arð af fjárfestingunni í Eignarhaldsfélaginu Fasteign ehf., en á árinu 2007 hækkaði mat á eignarhlutnum töluvert, og hafði sparisjóðurinn um 75 milljónir í tekjur af hlutnum á því ári. Ári síðar tapaði sparisjóðurinn um 42 milljónum króna vegna félagsins.

158. Samkvæmt gögnum frá Landsbankanum hf. um kaup í stofnfjárútboðum Sparisjóðs Vestfirðinga.
159. Samrunaáætlun Sparisjóðsins í Keflavík, Sparisjóðs Vestfirðinga og Sparisjóðs Húnaþings og Stranda, 11. september 2007.
160. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.
161. Skýrsla Gísla Kjartanssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 21. maí 2013.
162. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Mýrasýslu, 13. ágúst 2003.
163. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Mýrasýslu, 24. september 2003.
164. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Mýrasýslu, 5. nóvember 2003.
165. Skýrsla Stefáns Sveinbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. maí 2013. Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni 21. maí 2013 sagði Gísli Kjartansson, fyrrverandi sparisjóðsstjóri: „Ég held að þeir hafi byggt þetta miklu ódýrara en við hefðum nokkurn tímann gert.“

20.3.5 Dótturfélög

Dótturfélög Sparisjóðs Mýrasýslu í árslok 2008 voru 6 talsins: Niðurskógur ehf., NordVest verðbréf hf., SPM ehf., Sparisjóður Ólafsfjarðar, Afl sparisjóður og Veita hf. Verulegt tap varð á eignarhlutum sjóðsins í þessum félögum árið 2008 eða samtals um 1,6 milljarðar króna. Aðeins eitt félag, SPM ehf., hafði jákvæð áhrif á afkomu sparisjóðsins eða sem nam um 5,2 milljónum króna.

Í 21. og 22. kafla þessarar skýrslu er gerð grein fyrir Afli sparisjóði og Sparisjóði Ólafsfjarðar, meðal annars með tilliti til eignarhalds. Því er ekki fjallað frekar um þessa tvo sparisjóði hér.

Hér framar hefur verið fjallað um móðurfélagið, og þar hafa áhrif dótturfélaga á rekstur Sparisjóðs Mýrasýslu komið fram sérstaklega (sjá t.d. í töflu 25). Þær tölur sem hér birtast eru ekki til viðbótar tapi eða eignum sem þegar hefur verið gerð grein fyrir, en gefa þó ekki fyllri mynd af samstæðureikningsskilum þar sem jöfnunarfærslur koma ekki fram.

Niðurskógur ehf.

Niðurskógur ehf. var fasteignafélag utan um fasteignir í landi Húsafells.[166] Sparisjóður Mýrasýslu yfirtók félagið til lúkningar skuldum, en fyrirgreiðslan var í formi tveggja skuldabréfa sem voru án tryggingа.[167] Frá 2005 til 2009 var félagið í 100% eigu Sparisjóðs Mýrasýslu og sparisjóðsstjóri eini stjórnarmaður félagsins. Forstöðumaður fyrirtækjasviðs sparisjóðsins var framkvæmdastjóri félagsins.

Lóðir félagsins voru í útleigu, en í árslok 2007 var bókfært virði þeirra 454 milljónir króna. Tap var af rekstri félagsins 2005–2008, mest nam það 253 milljónum króna í lok árs 2008. Eigið fé var þá neikvætt um tæpar 230 milljónir króna. Fyrir rannsóknarnefndinni sagði forstöðumaður fyrirtækjasviðs sparisjóðsins að upprunalega hefði staðið til að stofna félag utan um fullnustueignir sparisjóðsins í lánamáli tengdu landi í Húsafelli. Í félagið hefðu verið lagðar þessar eignir sem hefðu skilað reglulegum tekjum. Þegar borið var undir hann að félagið hefði ekki skilað hagnaði frá 2005 til 2008 sagði hann sennilega skýringu þá að fleiri lóðir hefðu verið keyptar inn í félagið. Upp hefðu komið hugmyndir um að fara í framkvæmdir á svæðinu og þá hefði meira land verið keypt. Áform um stækkun svæðisins hefðu ekki gengið eftir, en lóðirnar sem upphaflega voru inni í félaginu hefðu ávallt skilað tekjum.[168]

Nýi Kaupþing banki hf. (nú Arion banki hf.) eignaðist félagið þegar Sparisjóður Mýrasýslu sameinaðist bankanum á árinu 2009. Í ársreikningi félagsins fyrir 2011 kemur fram að lóðirnar hafi verið seldar fyrir 230 milljónir króna, en skuldir félagsins afskrifaðar. Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2012 er félagið eignalaust og er fyrirhugað er að slíta félaginu árið 2015.

SPM ehf.

Hlutabréfasjóður Vesturlands hf. var stofnaður í nóvember 1999 til að veita viðtöku fé frá einstaklingum og lögaðilum í formi hlutafjár, láns eða annarra fjármögnunarleiða til sameiginlegra fjárfestinga í hlutabréfum og öðrum framseljanlegum verðbréfum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrirfram kunngerðri fjárfestingarstefnu. Skráð hlutafé 14. febrúar 2000 var 79,4 milljónir króna og fjöldi hluthafa 136. Fyrrum sparisjóðsstjóri sagði félagið hafa verið „barn síns tíma; við stofnuðum þarna svona hlutabréfasjóð og það varð nú aldrei hvorki fugl né fiskur úr því“.[169] Sjóðurinn var skráður í Kauphöllinni og fjárfesti í skráðum félögum, skuldabréfum og öðru slíku.[170]

Sjóðurinn var afskráður úr Kauphöllinni í byrjun september 2003 þar sem Sparisjóður Mýrasýslu hafði þá eignast yfir 98% hlutafjár í félaginu og það uppfyllti því ekki lengur skilyrði skráningar um dreifða hlutafjáreign. Á hluthafafundi félagsins 12. maí 2004 voru samþykktar nýjar samþykktir fyrir félagið. Þá var tekið upp nýtt nafn fyrir félagið, SPM

166. Fundargerð aðalfundar Sparisjóðs Mýrasýslu, 4. apríl 2008.
167. Skýrsla KPMG hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Mýrasýslu 2006, 20. desember 2006.
168. Skýrsla Stefáns Sveinbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. maí 2013.
169. Skýrsla Gísla Kjartanssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 21. maí 2013.
170. Skýrsla Stefáns Sveinbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. maí 2013.

ehf., og því breytt í einkahlutafélag.[171] Tilgangur félagsins var þá skilgreindur sem „fjárfestingarstarfsemi hvers konar og eignarhald. Leitast verður við að ávaxta eignir félagsins á sem bestan hátt í samræmi við áhættu. Þá er tilgangur félagsins einnig lánastarfsemi og önnur verkefni er tengjast starfsemi félagsins“.[172]

Áhrif félagsins á rekstur sparisjóðsins voru lítil. Það skilaði um 2–5 milljóna króna hagnaði árin 2005–2008, og eigið fé í árslok 2008 var 89 milljónir króna. Sparisjóðsstjóri var eini stjórnarmaður félagsins. Arion banki hf. eignaðist félagið þegar Sparisjóður Mýrasýslu sameinaðist bankanum í apríl 2009. Samkvæmt ársreikningi ársins 2010 voru eignir félagsins tæpar 99 milljónir króna í árslok og nærri eingöngu handbært fé.

NordVest verðbréf hf.

Stjórn Sparisjóðs Mýrasýslu samþykkti kaup á tæplega 95% hlut í NordVest verðbréfum hf. á fundi 12. september 2007. Kaupverð var 19 milljónir króna, en eiginfjárstaða félagsins uppfyllti þá ekki skilyrði þess að félagið héldi starfsleyfi sínu og því þurfti eiginfjárframlag til. Stefna sparisjóðsins var samkvæmt stjórnarfundargerð að reka áfram verðbréfamiðlun og setja upp fyrirtækjaráðgjöf. Sparisjóðurinn sá verðmæti í þeim starfsleyfum sem voru til staðar í félaginu, t.d. til verðbréfaviðskipta, sem og skattalegu tapi.[173] Jafnvel stóð til að flytja fjárfestingar sparisjóðsins yfir í þetta félag og aðskilja þannig sparisjóðastarfsemina frá fjárfestingarstarfseminni.[174] Hlutafé var aukið um 30 milljónir á árinu 2007 og nam 75 milljónum króna í lok þess árs.[175]

Sparisjóðurinn þurfti að sækja um það til Fjármálaeftirlitsins að fara með virkan eignarhlut í NordVest verðbréfum, og var umsókn þess efnis send 1. október 2007. Í bréfi sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins vegna fyrirhugaðra kaupa á félaginu frá 18. september 2007 var lýst þeirri starfsemi sem ætlað var að taka upp í félaginu. Þar sagði að sparisjóðurinn myndi ráðleggja viðskiptavinum sínum að leita til NordVest verðbréfa hf. vegna framvirkra samninga og lána til hlutabréfakaupa sem verðbréfafyrirtækið fengi þóknun fyrir. Í öðru bréfi til Fjármálaeftirlitsins 26. september sama ár var hugmyndin sú að sparisjóðurinn yrði hinn raunverulegi lánveitandi og mótaðili framvirkra samninga, en NordVest verðbréf hf. sæju um samskipti vegna viðskiptanna. Sparisjóðurinn þyrfti að samþykkja alla samninga og annast umsjón og bakvinnslu. Fjármálaeftirlitið samþykkti að heimila sparisjóðnum að fara með virkan eignarhlut í NordVest verðbréfum hf. 31. janúar 2008. Í framhaldinu gekk Sparisjóður Mýrasýslu frá kaupum á öllu útistandandi hlutafé félagsins.

Í árslok 2007 sátu í stjórn félagsins starfsmenn sparisjóðsins, Stefán Sveinbjörnsson og Bernhard Þór Bernhardsson. Framkvæmdastjóri var Skúli Sveinsson. Í byrjun janúar 2008 kom til umræðu í stjórn sparisjóðsins að breyta Sparisjóði Ólafsfjarðar, öðru dótturfélagi sparisjóðsins, í hlutafélag svo að hann gæti sameinast NordVest verðbréfum hf.[176]

> Ein af þeim hugmyndum, og MP banki gekk fast á okkur með hana, var í raun og veru að færa bankaleyfi og RB leyfi Sparisjóðs Ólafsfjarðar inn í þetta félag, svo að þeir gætu keypt það og orðið sér úti um viðskiptabankaleyfið með þeim hætti. Þetta snýst náttúrulega svo mikið um það ef þú ætlar að reka viðskiptabanka á Íslandi, þá verðurðu að hafa aðgang að RB [Reiknistofu bankanna] og á þeim tíma var það lokað. Það er nú búið að opna það í dag. Þannig að menn voru að leita leiða til þess að komast þangað inn. Og eins líka einhvers konar skemmri skírn að því að ná sér í viðskiptabankaleyfi en þeir hefðu náttúrulega þurft að uppfylla öll skilyrði áfram, geri ég ráð fyrir.[177]

Á aðalfundi NordVest verðbréfa hf. 18. mars 2008 var ákveðið að breyta nafni félagsins í Reykjavík Capital hf. Hlutafé var aukið um 124,4 milljónir króna á árinu 2008 og lækkað á móti óráðstöfuðu eigin fé um 106,6 milljónir króna.

171. Fundargerð aðalfundar Sparisjóðs Mýrasýslu, 4. apríl 2008.
172. Samþykktir SPM ehf., 12. maí 2004.
173. Skýrsla Stefáns Sveinbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. maí 2013.
174. Skýrsla Bernhards Þórs Bernhardssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. ágúst 2013.
175. Ársreikningur NordVest verðbréfa hf. fyrir árið 2007.
176. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Mýrasýslu, 31. janúar 2008.
177. Skýrsla Bernhards Þórs Bernhardssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. ágúst 2013. Þess má geta að MP Fjárfestingarbanki hf. keypti nb.is-sparisjóð hf. af Dróma hf. í mars 2009 og varð þá að MP Banka hf.

Á stjórnarfundi Sparisjóðs Mýrasýslu 7. janúar 2009 var gerð grein fyrir sölu á félaginu til Sextant Capital. Á stjórnarfundi 18. febrúar sama ár kom fram að samningnum hefði verið rift vegna þess að kaupendur hefðu ekki staðið við greiðslur. Hinn 26. mars 2009 var síðan lagt fram á stjórnarfundi 30 milljóna króna kauptilboð í allt hlutafé Reykjavík Capital hf. frá Tindum verðbréfum ehf., og samþykkti stjórnin að ganga að tilboðinu.[178]

Árin 2005–2008 var tap á rekstri félagsins, rúmar 52 milljónir króna í lok árs 2007 og rúmar 97 milljónir króna árið 2008. Auður Capital hf. keypti félagið árið 2011.

Veita fjármálaþjónusta hf.

Premium Group hf. var stofnað í október 2004, en breytti nafni sínu í Premium Kredit hf. árið 2006. Enn var nafninu breytt í september 2007, og hét félagið þá Veita fjármálaþjónusta hf. Félagið hafði aðsetur í Reykjavík og sinnti aðallega innheimtu en einnig kröfukaupum. Á stjórnarfundi 19. nóvember 2005 samþykkti stjórn Sparisjóðs Mýrasýslu heimild til sparisjóðsstjóra til að skoða hlutafjárkaup í Premium Group hf. sem þó gengu ekki eftir fyrir lok árs. Stærsti eigandi félagsins í árslok 2005 var Saxhóll ehf. með 16,6% hlut, en fjórir einstaklingar áttu um 12,5% hlut hver og sá fimmti um 10,1%.

Á stjórnarfundi Sparisjóðs Mýrasýslu 27. september 2006 var sparisjóðsstjóra falið að kaupa hlutabréf í Premium ehf. og freista þess þar með að ná meirihluta í fyrirtækinu. Sparisjóður Mýrasýslu keypti 54,16% hlut í félaginu árið 2006, en næststærsti eigandi félagsins í árslok 2006 var Saxhóll ehf. með um 17% í félaginu.[179] Árið eftir keypti sparisjóðurinn 6% til viðbótar, og var félagið fært sem dótturfélag hans upp frá því. Forstöðumaður fyrirtækjasviðs sparisjóðsins var þá kominn í stjórn félagsins. Sparisjóðurinn keypti eignarhluta sína í félaginu á yfirverði, og var viðskiptavild kaupanna 183 milljónir króna. Virðisrýrnunarpróf á viðskiptavildinni leiddi til 20 milljóna króna niðurfærslu 2007.[180]

Starfsmenn sparisjóðsins töldu að félagið gæti fallið vel að rekstri sparisjóðsins, reksturinn hefði í fyrstu gengið eins og til stóð, en síðan hefði farið að halla undan fæti, meðal annars eftir að skipt var um framkvæmdastjóra.[181] Félagið tapaði um 29 milljónum króna árið 2005, 2 milljónum króna ári síðar og tæpum 5 milljónum króna árið 2007. Árið 2008 var tap af rekstri félagsins 84 milljónir króna og eigið fé í árslok um 16 milljónir króna. Árið 2009 keypti Gjaldheimtan fjármálaþjónusta ehf. félagið.

20.3.6 Hlutdeildarfélög

Í lok árs 2008 voru hlutdeildarfélög Sparisjóðs Mýrasýslu fjögur, Borgarland ehf. (42%), Fjárkvíar hf. (34%), AB-fjárfestingar hf. (50%) og Vesturland hf.(49,8%). Borgarland og Vesturland höfðu neikvæð áhrif á afkomu sjóðsins á árinu, en hlutdeild í afkomu Fjárkvía og AB-fjárfestinga var lítil.

Vesturland hf., eignarhaldsfélag

Vesturland hf., eignarhaldsfélag var stofnað í desember 1999, og var Sparisjóður Mýrasýslu einn stofnenda. Starfsmenn og stjórnendur sparisjóðsins sátu gjarnan í stjórn félagsins. Nafni félagsins var breytt í Vesturland hf. í desember 2008, og því var breytt í einkahlutafélag í janúar 2012. Á stjórnarfundi sparisjóðsins 11. desember 2002 var samþykkt að leggja félaginu til nýtt hlutafé, allt að 140 milljónir króna, gegn mótframlagi frá Byggðastofnun. Eignarhaldsfélagið myndi fjárfesta í fyrirtækjum á Vesturlandi á grundvelli arðsemissjónarmiða, vegna nýmæla í atvinnulífi eða í fyrirtækjum sem voru mikilvægir hlekkir í uppbyggingu atvinnulífs í landshlutanum.[182] Í skýrslu fyrir rannsóknarnefndinni sagði fyrrum forstöðumaður fyrirtækjasviðs sparisjóðsins:

178. Tindar verðbréf ehf. varð síðar Eignarhaldsfélagið Tindar ehf. og Reykjavík Capital hf. fékk nafnið Tindar verðbréf ehf.
179. Ársreikningur Premium Kredit hf. fyrir árið 2006.
180. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Mýrasýslu 2007.
181. Skýrsla Gísla Kjartanssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 21. maí 2013; skýrsla Stefáns Sveinbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. maí 2013.
182. Fundargerð aðalfundar Sparisjóðs Mýrasýslu, ræða stjórnarformanns, 24. febrúar 2006.

> Vesturland var upphaflega stofnað sem félag utan um nýsköpunarfjárfestingar á Vesturlandi. Þar voru fleiri hluthafar með sparisjóðnum í félaginu, m.a. Byggðastofnun og sveitarfélög á Vesturlandi. Félagið starfaði í nokkur ár með þennan eigendahóp en síðan var hlutafé Byggðastofnunar og sveitarfélaganna keypt og þá kemur Kaupfélag Borgfirðinga inn í félagið með sparisjóðnum og þá minnir mig að starfsemi þess hafi verið útvíkkuð.[183]

Í árslok 2006 hafði Kaupfélag Borgfirðinga eignast hlut Byggðastofnunar í Vesturlandi hf. eignarhaldsfélagi og átti 48% hlut, en sparisjóðurinn 50%. Áður en Kaupfélag Borgfirðinga kom að félaginu var meirihluti eigna þess í skuldabréfum eða um 241 milljón króna, en hlutabréf og hlutdeildarskírteini námu um 122 milljónum króna. Þar af voru óskráð bréf að virði 114 milljóna króna. Félagið átti þá um 1,3% hlut í ORF Líftækni hf., 14% hlut í Borgarlandi ehf., 46,9% hlut í Bifur ehf.[184] og 1,2% hlut í Límtré hf.

Tafla 28. Fjárhagslegar upplýsingar um Vesturland hf., eignarhaldsfélag.[185]

Þús. kr.	2005	2006	2007	2008
Eignir félagsins	369.472	356.225	1.218.738	314.434
Skuldir	51.725	8.180	863.888	381.320
Eigið fé	317.747	348.045	354.851	(66.886)
Afkoma	**12.698**	**30.298**	**16.806**	**(413.736)**

Ári síðar, í árslok 2006, námu markaðsskuldabréf í eigu félagsins um 185 milljónum króna og óskráð hlutabréf um 107 milljónum króna. Á árinu 2007 var fjárfest töluvert fyrir lánsfé, meðal annars frá Sparisjóði Mýrasýslu, og í árslok 2007 var skuldbinding Vesturlands hf. við sparisjóðinn tæpar 792 milljónir króna, en félagið var þá stærsti lántakandi sparisjóðsins.[186] Í árslok 2007 námu markaðsskuldabréf Vesturlands tæpum 197 milljónum króna, en óskráð hlutabréf um 920 milljónum. Helstu nýfjárfestingar í óskráðum bréfum voru 27% hlutur í Hótel Hamri ehf. og 5,6% eignarhlutur í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. Skráð hlutabréf í eigu félagsins höfðu fram að þeim tíma nær eingöngu verið bréf í Bakkavör Group hf. og Kaupþingi banka hf., en í árslok 2007 átti félagið hlutabréf í Össuri hf., Exista hf., Hf. Eimskipafélagi Íslands og Straumi-Burðarási Fjárfestingarbanka hf.[187]

Mikið tap varð á rekstri félagsins á árinu 2008 þegar fjárfestingar þess féllu mjög í virði. Markaðsskuldabréf námu í árslok um 95 milljónum króna, hlutabréf og hlutdeildarskírteini um 190 milljónum króna, þar af voru óskráð hlutabréf 170 milljónir króna. Félagið átti nær öll sömu bréf og árið áður.[188] Hlutdeild sparisjóðsins í tapi félagsins á árinu 2008 var um 173 milljónir króna.

Í árslok 2009 var Vesturland hf. í 100% eigu Arion banka hf. Eign í markaðsskuldabréfum hafði lítið breyst frá árinu áður, en félagið átti þá hlutabréf og hlutdeildarskírteini fyrir um 97 milljónir króna. Félagið var afskráð 12. janúar 2012.

Borgarland ehf.

Í lok árs 2005 keypti Sparisjóður Mýrasýslu hlut Kers hf. í Borgarlandi ehf., og Vesturland hf., eignarhaldsfélag keypti hlut Samvinnulífeyrissjóðsins í sama félagi.[189] Kaup sparisjóðsins á hlutnum voru samþykkt á stjórnarfundi 26. janúar 2005, og var kaupverðið 64 milljónir króna. Í lok árs 2005 voru eigendur Borgarlands ehf. þrír, Vesturland hf., eignarhaldsfélag (14%), Kaupfélag Borgfirðinga (44%) og Sparisjóður Mýrasýslu (42%). Þetta eignarhald hélst óbreytt til ársins 2009 þegar Nýi Kaupþing banki hf. eignaðist hlut Sparisjóðs Mýrasýslu við það að sparisjóðurinn sameinaðist bankanum. Samkvæmt 3. gr. samþykkta var

183. Skýrsla Stefáns Sveinbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. maí 2013.

184. Í ársreikningi Háskólans á Bifröst fyrir skólaárið 2004–2005 segir undir fyrirsögninni Nemendagarðar: „Á starfsárinu 2004–2005 var byggt nýtt stórhýsi með aðstöðu fyrir rannsóknasetur á jarðhæð og 51 stúdíóíbúð á 2., 3. og 4. hæð ásamt þvottahúsi og geymslum í kjallara. Eigendur hússins eru tvö einkahlutafélög, Bifur ehf. sem á jarðhæðina og leigir þá aðstöðu til viðskiptaháskólans undir rannsóknarsetur og Vikrafell ehf. sem á íbúðirnar ásamt geymslum og þvottahúsi í kjallara og leigir þær til Nemendagarða viðskiptaháskólans."

185. Ársreikningar Vesturlands ehf. 2005–2008.

186. Samkvæmt skýrslu Sparisjóðs Mýrasýslu til Fjármálaeftirlitsins um stórar áhættuskuldbindingar 12. desember 2007.

187. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

188. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað er til ríkisskattstjóra.

189. Ársreikningur Borgarlands ehf. fyrir árið 2005.

tilgangur félagsins „kaup og sala fasteigna, eignarhald og rekstur fasteigna, fjárfesting í atvinnuhúsnæði, byggingarstarfsemi, útleiga fasteigna, lánastarfsemi og önnur skyld starfsemi“.[190] Sparisjóðsstjóri var stjórnarformaður félagsins.

Í ársreikningi Borgarlands ehf. fyrir árið 2005 var starfsemi félagsins á árinu lýst. Þar segir að útleiga á Borgarbraut 56–60 í Borgarnesi hafi verið með sama hætti og áður, en á árinu hafi félagið keypt lóðina að Digranesgötu 4 í Borgarnesi og allt hlutafé í Hvönnum ehf. sem átti meirihluta í Hvanneyrargötu 3 á Hvanneyri. Markmið með kaupunum var frekari uppbygging á húsnæði til endursölu eða útleigu. Á árinu voru Hvannir ehf. svo sameinaðar Borgarlandi ehf. sem yfirtók allar eignir og skuldir þess.

Frá árinu 2006 átti Borgarland allt hlutafé í BK-fasteignum ehf. sem átti og rak sláturhús í Brákarey í Borgarnesi og byggði nýja kjötiðnaðarstöð að Vallarási 7–9. Leigjandi húsnæðisins var Borgarnes kjötvörur ehf. Fyrri eigendur BK-fasteigna voru eigendur Borgarlands, sparisjóðurinn og kaupfélagið.[191] Borgarland átti rúmlega 2% eignarhlut í Vesturlandi hf. frá árinu 2006[192] og á sama ári keypti félagið fasteign í Faxafeni í Reykjavík sem var í útleigu. Árið eftir eignaðist félagið 22,5% hlut í Bifur ehf. sem minnst var á hér framar.[193]

Tafla 29. Fjárhagslegar upplýsingar um Borgarland ehf.[194]

Pús. kr.	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Eignir	220.518	369.151	451.690	498.324	497.665	487.989
Skuldir	104.919	252.718	328.386	357.593	506.083	527.697
Eigið fé	115.599	116.433	123.304	140.731	(8.418)	(39.709)
Afkoma	**14.015**	**10.834**	**22.496**	**23.450**	**(142.899)**	**(31.291)**

Á árinu 2008 var ný fasteign keypt, lokið við stækkun annarrar og hönnun húsa á lóð í eigu félagsins. Nokkuð var um uppsagnir á húsnæði í eign sem var í útleigu. Það olli töluverðum samdrætti í tekjum félagsins á árinu 2008, auk þess sem vaxtagjöld, verðbætur og gengistap ársins var mikið. Tap varð af rekstri félagsins á árinu 2008 og eigið fé neikvætt í kjölfarið. Hlutdeild sparisjóðsins í tapi ársins var um 50 milljónir króna, en hann afskrifaði einnig 72 milljónir króna af lánum til félagsins.

Í lok árs 2011 voru stærstu eigendur félagsins samkvæmt ársreikningi Samkaup hf. (43%) og Kaupfélag Borgfirðinga (21%). Félagið átti í árslok 2011 fasteignir sem námu 352 milljónum króna, og eigið fé nam 69 milljónum króna.[195]

20.3.7 Skattaleg meðferð hagnaðar af sölu hlutabréfa

Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 90/2003 telst hagnaður af sölu hlutbréfa að fullu til skattskyldra tekna á söluári, óháð því hvenær bréfin voru keypt. Fram á mitt ár 2008 var í 5. mgr. greinarinnar kveðið á um að lögaðilum, sbr. 1. mgr. 2. gr. tekjuskattslaga, væri heimilt að fresta skattlagningu söluhagnaðarins með því að fjárfesta aftur í hlutabréfum og lækka stofnverð þeirra um fjárhæð sem nam skattskyldum söluhagnaði. Ef ekki var fjárfest í hlutabréfum á söluári var heimilt að fresta skattlagningu um tvenn áramót og færa söluhagnaðinn til lækkunar á kaupverði hlutabréfa sem keypt væru innan þeirra tímamarka. Væri kaupverð nýju bréfanna lægra en söluhagnaðurinn bar félaginu að telja mismuninn til tekjuskattsskyldra tekna. Þetta ákvæði fól í raun í sér að félög greiddu sjaldnast tekjuskatt af söluhagnaði hlutabréfa strax þar sem flest þeirra frestuðu skattgreiðslum og endurfjárfestu.

Endurskoðandi Sparisjóðs Mýrasýslu ritaði stjórn sparisjóðsins bréf 21. maí 2008 um skattalega meðferð hagnaðar af sölu hlutabréfa í tilefni af því að Alþingi hafði 15. maí 2008 samþykkt að breyta skattalegri meðferð hagnaðar af sölu hlutabréfa. Minnisblaðið fjallaði um hugsanleg áhrif lagasetningarinnar á sparisjóðinn. Þar kom fram að undanfarin ár hefði samstæðan nýtt sér heimildir til frestunar söluhagnaðar af sölu hlutabréfa um

190. Samþykktir Borgarlands ehf., 4. mars 2005.
191. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað var til ríkisskattstjóra.
192. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað var til ríkisskattstjóra.
193. Samkvæmt hlutafjármiðum sem skilað var til ríkisskattstjóra.
194. Ársreikningar Borgarlands ehf. 2004–2009.
195. Ársreikningur Borgarlands ehf. 2011.

tvenn áramót frá söludegi. Í bréfinu sagði að í árslok 2007 hefði tekjuskattsskuldbinding samstæðu Sparisjóðs Mýrasýslu vegna hlutabréfa numið 1,2 milljörðum króna og 6,5 milljarðar króna væru bundnir í fjáreignum til þess að fresta skattgreiðslum. Það voru þá um 63% fjáreigna sparisjóðsins. Gengishækkun eigna undanfarin ár hafði verið mikil, en skattalegt hagræði var að því að fjárfesta á ný fyrir innleystan söluhagnað og áhættan af fjáreignum minnkaði því síður.

20.4 Fjármögnun

Efnahagur Sparisjóðs Mýrasýslu óx ört frá árinu 2005 til 2008, og hefur þegar verið gerð grein fyrir útlánaaukningu og virðisaukningu fjárfestinga í köflunum hér framar. Þessi vaxandi starfsemi olli aukinni fjármögnunarþörf, og voru það einkum innlán og lántaka sem stóðu undir henni, en skuldir við lánastofnanir jukust mjög milli áranna 2007 og 2008 og voru stærsti fjármögnunarliðurinn í lok árs 2008. Í október 2008 gjaldfelldu erlendar lánastofnanir lán sjóðsins, en þá veitti Nýi Kaupþing banki hf. sparisjóðnum fyrirgreiðslu sem nam liðlega 19 milljörðum króna í lok árs 2008.

Helstu skuldir Sparisjóðs Mýrasýslu á árunum 2005–2008 voru almenn innlán, skuldir við lánastofnanir og lántaka. Fyrirgreiðsla í formi millibankalána og ádráttarlína í erlendum myntum frá Sparisjóðabanka Íslands hf. var færð sem skuldir við lánastofnanir.

Tafla 30. Skuldir í ársreikningum móðurfélags Sparisjóðs Mýrasýslu í árslok 2005–2008.[196]

Þús. kr.	2005	2006	2007	2008
Skuldir við lánastofnanir	1.747.312	3.546.221	5.135.073	23.151.388
Innlán samtals	7.879.847	9.039.832	11.221.464	11.280.012
Lántaka samtals	7.997.327	8.947.842	12.753.745	11.884.995
Aðrar skuldir	94.920	163.527	858.688	1.630.867
Reiknaðar skuldbindingar	481.737	862.665	1.501.009	404.772
Víkjandi skuldir	926.217	1.225.501	2.107.511	3.269.922
Skuldir samtals	**19.127.360**	**23.785.588**	**33.577.490**	**51.621.956**

Innlán Sparisjóðs Mýrasýslu námu hæst 11,3 milljörðum króna árið 2008; þá voru þau 22% af skuldum sparisjóðsins að undanskildu eigin fé, en sama hlutfall hafði verið 41% árið 2005.[197] Innlán voru að mestum hluta í eigu einstaklinga, en einnig voru fjármálafyrirtæki önnur en bankar með um 18–30%.[198] Stærstu innlánseigendur í sparisjóðnum voru fjármálafyrirtæki. Samkvæmt lausafjáryfirlitum sem sparisjóðurinn skilaði mánaðarlega til Seðlabanka Íslands var hlutfall bundinna innlána mjög óstöðugt á árunum 2005–2009, en það varð lægst 31% og hæst 64%. Bundin innlán jukust mikið í lok árs 2007, en þá hækkaði hlutfall bundinna innlána úr 38% í 53% frá nóvember til desember.

Hvað varðar eðli bundinna innlánsreikninga í Sparisjóði Mýrasýslu kom það fram á stjórnarfundi að viðskiptavinum sparisjóðsins hefði verið lofað því í mörg ár að þeir gætu tekið út af bundnum, verðtryggðum innlánsreikningum ef á þyrfti að halda.[199] Lausafjárskortur sparisjóðsins var orðinn þó nokkur í byrjun árs 2009, en þá var rætt á stjórnarfundi að sparisjóðurinn ætti erfitt með að bregðast við ósk stórs innlánseiganda um að taka 500 milljónir króna út af innlánsreikningi.[200]

20.4.1 Skuldir við lánastofnanir

Skuldir við lánastofnanir á árunum 2005–2007 komu einkum til vegna innlendra og erlendra ádráttarlína sjóðsins og dótturfélaga hjá Sparisjóðabanka Íslands hf. Sparisjóðurinn var einnig með skammtímafyrirgreiðslu frá stærri fjármálastofnunum, svo sem Straumi-

196. Ársreikningar Sparisjóðs Mýrasýslu 2001–2008.

197. Sjá nánari útskýringu í upphafi 11. kafla, um fjármögnun sparisjóðanna.

198. Yfirlit um atvinnugreinaflokkun innlána sparisjóðsins sem skilað var mánaðarlega til Seðlabanka Íslands frá júlí 2007 til desember 2011.

199. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Mýrasýslu, 7. janúar 2009.

200. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Mýrasýslu, 7. janúar 2009.

Burðarási Fjárfestingarbanka hf. Á árinu 2008 hækkuðu skuldir sjóðsins við lánastofnanir mjög vegna hækkunar erlendra skulda, en erlendar langtímaskuldir sparisjóðsins hækkuðu lítið milli ársloka 2007 og 2008.

Tafla 31. Sundurliðun á skuldum Sparisjóðs Mýrasýslu við lánastofnanir í árslok 2005–2008.[201]

Starfsmaður	Hámark heildarfyrirgreiðslu
Lánanefnd	10% af eigin fé sparisjóðsins 20% af eigin fé sparisjóðsins ef áhættuvægi 0.2 Án takmarkana ef áhættuvægi 0
Sparisjóðsstjóri	20 milljónir króna ef heildarútlán færu ekki yfir 100 milljónir króna
Forstöðumaður fyrirtækjasviðs og forstöðumaður einstaklingssviðs	10 milljónir króna ef heildarútlán færu ekki yfir 100 milljónir króna 25 milljónir króna vegna veðheimilda eða veðbandslausna
Útibússtjóri	10 milljónir króna ef heildarútlán færu ekki yfir 50 milljónir króna 25 milljónir króna vegna veðheimilda eða veðbandslausna
Fulltrúar á fyrirtækjasviði	5 milljónir króna ef heildarútlán færu ekki yfir 30 milljónir króna 10 milljónir króna vegna veðheimilda eða veðbandslausna
Þjónustufulltrúar	Einstök lán fyrir 750 þúsund krónur Hámark heildarfyrirgreiðslu án íbúðarlána 4 milljónir króna

Hluti þess sem taldist til erlendra langtímaskulda 2007 var fjármagnaður með skammtímaskuldum á árinu 2008 og hækkuðu þær mikið með falli íslensku krónunnar. Skammtímafjármögnunin var að mestu leyti ný lán frá Kaupþingi banka hf. og voru nýtt til að endurfjármagna erlendar lánalínur frá Sparisjóðabankanum, gera upp uppsafnað tap af framvirkum samningum og endurfjármagna önnur skammtímalán sparisjóðsins, m.a. hjá Landsbanka Íslands hf., Glitni banka hf., Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf., Kaupþingi Lúxemborg og peninga- og fjárfestingasjóðum. Sparisjóður Mýrasýslu þurfti einnig að afla fjármagns til að mæta útflæði innlána, bæði í sparisjóðnum sjálfum og dóttursparisjóðunum Afli og Sparisjóði Ólafsfjarðar.[202] Lausafjárerfiðleikar sparisjóðsins voru ræddir á stjórnarfundum sparisjóðsins í október 2008. Þar kom fram að ekki hefði fengist samþykkt beiðni um undanþágu frá broti lánasamninga á 10 milljóna evra láni í Lúxemborg og 8 milljóna evra láni í Austurríki. Lausafjárhlutfallið væri ófullnægjandi og bindiskyldan fyrir október ekki í lagi. Því þyrfti að gera samning við Kaupþing um ófrágengin skammtímalán í bankanum.

Skuld við Sparisjóðabankann vegna endurhverfra viðskipta með bréf í Exista hf. var til komin vegna þess að bankinn var milligönguaðili (e. *settlement agent*) milli sparisjóðsins og Raiffeisen Zentralbank í slíkum viðskiptum.[203] Stjórn sparisjóðsins samþykkti 22. nóvember 2006 að nýta bréf sparisjóðsins í Exista hf. til endurhverfra viðskipta við Raiffeisen Zentralbank fyrir 15 milljónir evra. Samningur um slík viðskipti var gerður við austurríska bankann í janúar 2007, og var lánalínan í gangi fram eftir árinu 2007.[204] Árið 2008 hélt Raiffeisen áfram að lána sparisjóðnum með veði í verðbréfum, en þá var um að ræða íbúðabréf (HFF flokka).[205] Lánalínunni var lokað að beiðni sparisjóðsins 9. september 2008.[206]

20.4.2 Lántaka

Lántaka Sparisjóðs Mýrasýslu var 8 milljarðar króna í árslok 2005 og 11,9 milljarðar króna í árslok 2008. Stór hluti lántöku sparisjóðsins var í erlendum myntum, og breyttist erlend lántaka lítið milli ársloka 2007 og 2008 þar sem Kaupþing banki veitti sparisjóðnum skammtímafyrirgreiðslu til þess að greiða erlendar langtímaskuldbindingar.

Fjármögnun Íbúðalánasjóðs á útlánum Sparisjóðs Mýrasýslu nam 1,2 milljörðum króna frá 2005 til 2007, en var engin í lok árs 2008.[207] Önnur lán voru aðallega frá erlendum bönkum eða erlend endurlán frá Sparisjóðabanka Íslands.

201. Gögn úr sundurliðunum frá Arion banka hf., afhent rannsóknarnefndinni.
202. Tölvuskeyti Bernhards Þórs Bernhardssonar, fyrrum sparisjóðsstjóra Sparisjóðs Mýrasýslu til rannsóknarnefndarinnar 21. ágúst 2013.
203. Tölvuskeyti Bernhards Þórs Bernhardssonar til Raiffeisen Zentralbank 6. maí 2008.
204. Tölvuskeyti Bernhards Þórs Bernhardssonar til Raiffeisen Zentralbank 21. september 2007; tölvuskeyti Bernhards Þórs Bernhardssonar til Raiffeisen Zentralbank 18. október 2007.
205. Tölvuskeyti Bernhards Þórs Bernhardssonar til Raiffeisen Zentralbank 6. maí 2008.
206. Tölvuskeyti Sparisjóðs Mýrasýslu til Raiffeisen Zentralbank 9. september 2008.
207. Sjá nánari umfjöllun um fjármögnun Íbúðalánasjóðs á útlánum sparisjóðanna í 11. kafla.

Tafla 32. Lántaka móðurfélags Sparisjóðs Mýrasýslu í árslok 2005–2008.[208]

Krónur	2005	2006	2007	2008
Verðbréfaútgáfa	2.129.225.314	2.618.470.184	2.621.796.848	2.849.928.598
Lán frá fjármálafyrirtækjum	5.868.101.257	6.329.371.397	10.131.947.860	9.035.066.460
þar af erlend lán	3.924.381.451	4.381.003.823	8.179.263.401	8.503.162.819
	7.997.326.571	**8.947.841.581**	**12.753.744.708**	**11.884.995.058**

Verðbréfaútgáfa jókst lítið frá 2005 til 2008 eða úr 2,1 milljarði króna í 2,8 milljarða króna, en sparisjóðurinn gaf út ný skuldabréf bæði á árinu 2005 og árinu 2006. Á stjórnarfundi 14. nóvember 2007 samþykkti stjórn sparisjóðsins víxlaútgáfu fyrir allt að 18 milljarða króna. Samkvæmt ársreikningi 2007 var útistandandi víxlaútgáfu sparisjóðsins rúmar 30 milljónir króna, og átti Kaupþing banki hf. allt sem var útistandandi af þessum útgáfum.[209] Allir víxlarnir voru á gjalddaga fyrir árslok 2008, og því voru engir útistandandi víxlar við árslok 2008.

Í tölvupósti skipaðs sérfræðings til Fjármálaeftirlitsins 7. nóvember 2008 kom fram að einhverjir þeirra sem áttu kröfur á sparisjóðinn hefðu leitað eftir því að víxlum og skuldabréfum yrði breytt í innlán hjá sparisjóðnum, en samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 6. október 2008 áttu allar innistæður í bönkum og sparisjóðum hér á landi að vera tryggðar að fullu. Sparisjóðurinn óskaði eftir upplýsingum um hvort Fjármálaeftirlitið hefði mótað afstöðu til þess hvort það gæti talist eðlilegt að breyta skuldaskjölum í innistæður, og ef svo væri ekki, frá hvaða tíma skyldi þá skoða hvort slíkar beiðnir hefðu verið afgreiddar. Í bréfi skipaðs sérfræðings kom fram að þetta „gæti létt á SPM vegna minni kostnaðar af skuldbindingunni, en gæti einnig talist mismunun kröfuhafa vegna mismunandi reglna um meðferð skulda og innlána.“[210] Fyrir rannsóknarnefndinni sagði fyrrum sparisjóðsstjóri að fjöldamargir hefðu óskað eftir að breyta skuldabréfum sínum í innlán en engin slík beiðni verið samþykkt.[211]

Tafla 33. Staða útistandandi skuldabréfa Sparisjóðs Mýrasýslu í árslok 2005–2008.[212]

Krónur	31.12.2005	31.12.2006	31.12.2007	31.12.2008
SPM 03 1	260.982.176	242.029.022	191.582.685	147.510.037
SPM 04 1	775.935.907	828.156.859	858.635.698	999.457.041
SPM 05 1	293.006.801	854.501.326	800.766.974	836.412.296
SPM 06 2		628.495.485	666.623.525	775.677.267
Bankabréf	799.300.430	65.287.492	73.467.657	90.871.957
	2.129.225.314	**2.618.470.184**	**2.591.076.539**	**2.849.928.598**

Sparisjóður Mýrasýslu hóf að fjármagna sig sjálfur erlendis á árinu 2004 þegar framboð af fjármagni var gott. Um öflun lánsfjár erlendis sagði fyrrum stjórnarformaður sparisjóðsins við skýrslutöku hjá rannsóknarnefndinni: „Þá bara gekk allt á þessum markaði. Það var nóg að senda einn mann til Þýskalands og Sviss og það var ekkert mál að ná í peninga.“[213]

Á fundi 6. september 2006 samþykkti stjórn sparisjóðsins að veita sparisjóðsstjóra heimild til að taka brúarlán hjá Bayern Landesbank og Raiffeisen Zentralbank sem nam 10 milljónum evra til fimm mánaða. Á lokadegi brúarlánsins fengi sparisjóðurinn svo sambankalán sem leitt yrði af sömu bönkum.[214]

208. Yfirlit unnið upp úr sundurliðun úr bókhaldi sparisjóðsins sem Arion banki hf. afhenti rannsóknarnefndinni. Flokkunin er nefndarinnar, en endurspeglar að einhverju leyti flokkun í ársreikningum sparisjóðsins. Undir verðbréfaútgáfu falla öll verðbréf í sundurliðuninni, hvort sem þau eru markaðsverðbréf eða ekki. Undir erlend lán eru flokkuð þau lán sem merkt eru sem erlend lán, lán í gjaldmiðli eða erlend endurlán Sparisjóðabankans. Undir önnur lán fellur t.d. fjármögnun Íbúðalánasjóðs á lánasafni sparisjóðsins.

209. Samkvæmt sundurliðun frá Sparisjóði Mýrasýslu til rannsóknarnefndarinnar.

210. Tölvuskeyti Jóns Hauks Haukssonar til Ólafs Orrasonar 7. nóvember 2008.

211. Skýrsla Bernhards Þórs Bernhardssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. ágúst 2013. Gögn um innlán (t.d. lausafjárskýrslur til Seðlabanka Íslands) sýna litla breytingu á innlánum frá september 2008 til mars 2009. Innlán drógust frekar saman en að aukast.

212. Yfirlit unnið upp úr sundurliðun úr bókhaldi sparisjóðsins sem Arion banki hf. afhenti rannsóknarnefndinni. Víxlar útgefnir á árinu 2007 falla undir liðinn bankabréf.

213. Skýrsla Sigurðar Más Einarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 21. maí 2013.

214. Tölvuskeyti Þórbergs Guðjónssonar, starfsmanns sparisjóðsins, til Gísla Kjartanssonar sparisjóðsstjóra og Stefáns Sveinbjörnssonar forstöðumanns fyrirtækjasviðs sparisjóðsins 23. ágúst 2006.

Bayern Landesbank og Raiffeisen Zentralbank leiddu sambankalán til sparisjóðsins í mars 2007, og söfnuðust 32,5 milljónir evra. Lánið var til þriggja ára, en ekki var fjallað um það á stjórnarfundum sparisjóðsins á árinu 2007 fram til þess er lánssamningurinn var undirritaður. Sparisjóðurinn fékk jafnframt 10 milljóna evra lán til fimm ára hjá Landsbankanum í Lúxemborg, en sú lántaka var samþykkt af stjórn sparisjóðsins 20. júlí 2007. Í lánasamningnum kemur fram að lánið hafi verið veitt til þess að endurgreiða lán sparisjóðsins hjá bankanum frá árinu 2004 sem nam 5 milljónum evra. Landesbank Rheinland-Pfalz veitti sparisjóðnum 6 milljóna evra lánalínu til þriggja ára í nóvember 2007.

Lausafjárvandræði sparisjóðsins voru rædd á stjórnarfundi 16. janúar 2008 þar sem farið var yfir lausafjárhlutfall, og kom fram að leitað væri allra leiða til að ná í fjármagn á ásættanlegum kjörum.[215] Fimmtán dögum síðar var fjallað um það á stjórnarfundi að skrifað yrði undir lánasamning við DZ bank, en sá banki veitti sparisjóðnum 5 milljóna evra lán til fimmtán mánaða 1. febrúar 2008.[216]

Lánið frá DZ bank var hið síðasta sem sparisjóðurinn sótti á erlenda markaði, og sagði sparisjóðsstjóri frá því á aðalfundi sjóðsins 4. apríl 2008 að mikill skortur væri á lausu fé og ekki merki um að staðan myndi lagast á næstunni. Skammtímalán sparisjóðsins hefðu hækkað mikið og erfitt væri að fá lán erlendis. Á þessum sama fundi var arðgreiðsla vegna ársins 2007 samþykkt, og voru greiddar út 268 milljónir króna í arð. Í glærukynningu sem farið var yfir á stjórnarfundi 10. júní sama ár kom fram að erlendir bankar væru hættir að lána til Íslands og búnir að loka á fjármögnun til sparisjóðsins. Ekki væri að sjá að viðhorf bankanna myndi breytast á næstu mánuðum og ekki ljóst hvaða fjármögnunarleiðir stæðu sparisjóðnum til boða ef ástandið batnaði ekki.[217]

Á stjórnarfundum sparisjóðsins í október kom fram að ekki hefði fengist samþykkt beiðni um undanþágu vegna brots á ákvæðum lánasamnings um 10 milljóna evra lán í Lúxemborg og 8 milljóna evra lán í Austurríki, en sparisjóðurinn uppfyllti ekki lengur þau fjárhagslegu skilyrði sem sett voru í lánasamningunum. Þá var lausafjárhlutfallið ófullnægjandi og bindiskyldan fyrir október sömuleiðis. Jafnframt var rætt um að gera þyrfti samning við Kaupþing banka hf. um skammtímalán í bankanum.[218]

Sambankalánið frá mars 2007, lánið frá Landsbankanum í Lúxemborg, lánalína frá Landesbank Rheinland-Pfalz og lán frá DZ bank í febrúar 2008 voru meðal þeirra krafna sem voru óuppgerðar þegar Fjármálaeftirlitið tók yfir vald stofnfjárhafafundar sparisjóðsins 3. apríl 2009.[219]

20.4.3 Víkjandi lán

Víkjandi lántaka Sparisjóðs Mýrasýslu var 5–6% af skuldum sparisjóðsins að undanskildu eigin fé hans árin 2005 til 2008, en hún nam á bilinu 900 milljónum króna til 3,3 milljarða króna í ársreikningum þessara ára, mest árið 2008.

Hinn 16. febrúar 2005 var samþykkt að taka 200 milljóna króna víkjandi lán hjá Verðbréfastofunni hf. Lánið var tekið 25. febrúar sama ár.[220] Á stjórnarfundi 21. desember 2005 var samþykkt heimild til sparisjóðsstjóra til víkjandi lántöku, allt að 300 milljónum króna, og kom sú ákvörðun í kjölfar ákvörðunar stjórnar á sama fundi um að kaupa nýtt hlutafé í Exista hf. fyrir 336 milljónir króna.

Stjórn sparisjóðsins samþykkti kaup á útibúi Glitnis banka hf. á Siglufirði fyrir 180 milljónir króna 1. júní 2006. Greitt var fyrir útibúið með víkjandi láni frá Glitni banka hf. sem nam sömu fjárhæð.[221] Á stjórnarfundi Sparisjóðs Mýrasýslu 21. júní 2006 var samþykkt að stækka skuldabréfaflokk víkjandi lána sem samþykktur hafði verið á stjórnarfundi 21.

215. Á fundinum var þó rætt um að leggja aukið fé í Kistu með bréfum í Exista hf. og öðrum hlutabréfum sparisjóðsins.
216. Í fundargerðinni stendur reyndar GZ bank en lánasamningar og tölvupóstar benda til þess að um sé að ræða DZ bank.
217. Í kynningunni kom fram að Exista væri með stórt lán á gjalddaga á árinu, og að sögn Bayerische Landesbank ætlaði enginn banki að endurfjármagna lánið.
218. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Mýrasýslu, 8. október 2008; fundargerð stjórnar Sparisjóðs Mýrasýslu, 28. október 2008.
219. Áætlun um fjárhagslega endurskipulagningu Sparisjóðs Mýrasýslu (Restructuring proposal), 12. febrúar 2009.
220. Tölvuskeyti Sparisjóðs Mýrasýslu til Fjármálaeftirlitsins 9. mars 2005.
221. Tölvuskeyti Kristjáns Óskarssonar, framkvæmdastjóra hjá Glitni banka, til Gísla Kjartanssonar sparisjóðsstjóra Sparisjóðs Mýrasýslu 18. maí 2006.

desember 2005 í 600 milljónir króna, en ástæða lántökunnar kom ekki fram í fundargerðinni. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis átti mestan hluta þessa skuldabréfaflokks eða 250 milljónir að nafnverði í lok árs 2008.[222]

Hinn 31. ágúst 2007 samþykkti stjórn sparisjóðsins að taka 8 milljóna evra víkjandi lán frá Raiffeisen Zentralbank, og var sparisjóðsstjóra falið að ganga frá láninu. Samningurinn var undirritaður 25. október sama ár. Í lok árs 2007 var eiginfjárhlutfall sparisjóðsins 18,10%, en hefði verið 14,9% ef víkjandi lánið er ekki tekið með í eiginfjárútreikning. Hinn 31. mars 2008 seldi sparisjóðurinn Rekstrarfélagi SPRON hf. víkjandi skuldabréf fyrir 300 milljónir króna að nafnverði.[223] Ákvörðunin var ekki bókuð í stjórnarfundargerð.

Aðspurður um tilgang þessara lána sagði fyrrum forstöðumaður fyrirtækjasviðs Sparisjóðs Mýrasýslu að þau hefðu verið tekin til þess að hækka eiginfjárhlutfall sparisjóðsins. Stækkun efnahagsreikningsins hefði lækkað eiginfjárhlutfallið, en stækkunina mætti rekja til fjárfestinga, einkum í Exista hf. og Sparisjóðabanka Íslands hf., og aukinna útlána.[224]

20.5 Stofnfé og stofnfjáreigendur

Árið 1998 sameinuðust Álftaneshreppur, Borgarhreppur og Þverárhlíðarhreppur Borgarbyggð, og eftir þá sameiningu átti Borgarbyggð 97% hluta í Sparisjóði Mýrasýslu, en Hvítársíðuhreppur 2%.[225] Hinn 10. júní 2006 sameinaðist Hvítársíðuhreppur og Borgarbyggð, og varð Borgarbyggð þá eini stofnfjárhafi sparisjóðsins.

„Það var eiginlega ekkert stofnfé í honum mjög lengi. Menn sáu enga ástæðu til þess að vera að setja mikið fé inn í hann, þ.e.a.s. stofnfé. Þetta var bara til þess að uppfylla skilyrði laga á þeim tíma.“

Skýrsla Sigurðar Más Einarssonar, stjórnarformanns Sparisjóðs Mýrasýslu, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. maí 2013.

Samþykktir sparisjóðsins frá 28. febrúar 2003 kváðu á um að stofnfé hans skyldi ekki vera lægra en 3 milljónir króna og skiptast í eigi færri en tvo hluti. Stofnfé Borgarbyggðar var 3.641.224 krónur og Hvítársíðuhrepps 113.906 krónur. Í 15. gr. samþykkta sparisjóðsins kom fram að sveitarstjórnir í Mýrasýslu skyldu að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa tuttugu fulltrúa, svonefnda sparisjóðsaðila, á aðalfund sparisjóðsins til fjögurra ára. Borgarbyggð kaus átján og Hvítársíðuhreppur tvo. Kjósa átti jafnmarga varamenn.

Hver fulltrúi á aðalfundi sparisjóðsins fór með eigið atkvæði burtséð frá stofnfjáreign þess aðila sem hann var fulltrúi fyrir. Stofnfjárbréf skyldu hljóða á nafn og ekki verða framseld til handhafa, þannig að gildi hefði gagnvart sparisjóðnum. Yrðu eigendaskipti að stofnfjárhlut og ákvæði laga eða samþykkta sparisjóðsins væru því ekki til fyrirstöðu skyldi nafn hins nýja eiganda fært í stofnfjáreigendaskrá þegar hann tilkynnti eigendaskiptin og sannaði rétt sinn. Þá var sala eða annað framsal stofnfjárhlutar í sparisjóðnum óheimilt nema með samþykki sparisjóðsstjórnar. Teldi sparisjóðsstjórn að væntanlegur kaupandi stofnfjár væri að falast eftir virkum eignarhlut í sparisjóðnum skyldi stjórnin vísa málinu til Fjármálaeftirlitsins og ekki samþykkja framsal sem myndi leiða til þess að einn aðili færi með virkan eignarhlut fyrr en heimild fengist frá Fjármálaeftirlitinu. Þá var veðsetning stofnfjárhlutar í sparisjóðnum óheimil. Fundur stofnfjáreigenda gat ákveðið að auka stofnfé umfram það sem kveðið var á um í samþykktum sparisjóðsins með áskrift nýrra stofnfjárhluta. Þá var heimilt að auka stofnfé með endurmati á stofnfé og með ráðstöfun hluta hagnaðar.

Samþykktum var breytt í mars 2007 eftir sameiningu Hvítársíðuhrepps og Borgarbyggðar. Í nýjum samþykktum var stofnfé sparisjóðsins 4.471.000 krónur og að fullu í eigu Borgarbyggðar. Á aðalfundum sparisjóðsins kusu sparisjóðsaðilar sparisjóðsstjórn og fjölluðu um önnur aðalfundarmál. Með breytingum á samþykktum í mars 2007 var sparisjóðsaðilum fækkað í 18, og voru þeir allir kosnir af Borgarbyggð.

„Þá er farið þá leið að sveitarfélagið kaupir, eða setur inn stofnfé fyrir einhverjar 500 milljónir, 2007. Það var eiginlega gert svona í þessum tilgangi að þá hafði myndast mikill hagnaður í bankanum og menn vildu náttúrulega að eigandinn nyti þess á kannski beinan hátt. Auðvitað var það líka til að styrkja bankann.“

Skýrsla Sigurðar Más Einarssonar, stjórnarformanns Sparisjóðs Mýrasýslu, fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 21. maí 2013.

Helstu breytingar á stofnfé sparisjóðsins á árunum 2005–2009 voru hækkanir stofnfjár vegna endurmats auk stofnfjáraukningar sem fram fór á árinu 2007. Á stjórnarfundi 12. september 2007 óskaði Borgarbyggð eftir að auka stofnfé sparisjóðsins um 500 milljónir króna. Fyrir var uppreiknað stofnfé tæpar 5 milljónir króna. Tillagan var samþykkt

222. Tölvuskeyti Stefáns Sveinbjörnssonar til Jóns Halls Péturssonar 20. janúar 2006.

223. Tölvuskeyti Stefáns Sveinbjörnssonar til Bernhards Þórs Bernhardssonar 14. maí 2008.

224. Skýrsla Stefáns Sveinbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. maí 2013.

225. Snorri Þorsteinsson, *Sparisjóður í 90 ár: Saga Sparisjóðs Mýrasýslu 1913–2003*, Borgarnesi 2003.

með öllum greiddum atkvæðum, og var samþykktum sparisjóðsins breytt til að heimila hækkunina. Í skýrslutökum fyrir rannsóknarnefnd Alþingis komu fram getgátur um að tilgangur stofnfjáraukningarinnar hefði fyrst og fremst verið að geta greitt aukinn arð til stofnfjárhafans, Borgarbyggðar.[226]

Tafla 34. Sundurliðun á eigin fé Sparisjóðs Mýrasýslu í lok árs 2005–2008.[227]

Þús. kr.	2005		2006		2007		2008	
Stofnfé / hlutafé	3.755	0,2%	4.471	0,1%	505.021	8,0%	505.021	•
Varasjóður	2.090.943	99,8%	3.539.279	99,9%	5.833.051	92,0%	(15.651.474)	•
Eigið fé samtals	**2.094.698**	**100%**	**3.543.750**	**100%**	**6.338.072**	**100%**	**(15.146.453)**	

Á stjórnarfundi sparisjóðsins 20. júní 2007 var fjallað um bréf frá Sparisjóðnum í Keflavík þar sem þess var farið á leit við sparisjóðinn (og aðra sparisjóði) að teknar yrðu upp sameiningaviðræður. Stjórn Sparisjóðs Mýrasýslu hafnaði þessum umleitunum, en á næsta stjórnarfundi þar á eftir, 8. ágúst sama ár, var sparisjóðsstjóra falið að rita bréf til minni sparisjóða með beiðnum um sameiningar, en ekki varð úr. Sparisjóðsstjórn ræddi sameiningar á ný í byrjun árs 2008 með það að augnamiði að bæta eiginfjárstöðu sparisjóðsins.[228]

Þrátt fyrir 500 milljóna króna stofnfjáraukningu á árinu 2007 höfðu stjórnendur sparisjóðsins miklar áhyggjur af eiginfjárstöðu hans í byrjun árs 2008. Í lok árs 2007 var eiginfjárhlutfall sparisjóðsins 11,6%, en sama hlutfall var 8,7% þremur mánuðum síðar. Auk sameiningarhugmynda var rætt um að selja eignir í fjármálafyrirtækjum og gefa út víkjandi skuldabréf til þess að bæta stöðuna.[229] Eiginfjárstaða sparisjóðsins hélt áfram að versna og á stjórnarfundi hans 19. júní 2008 var stjórnarformanni og sparisjóðsstjóra falið að leita samninga við Landsbankann eða Kaupþing banka um hugsanlega sameiningu.

Tæplega tveimur vikum síðar, 31. júlí 2008, undirrituðu Sparisjóður Mýrasýslu og Kaupþing banki hf. viljayfirlýsingu um aukningu stofnfjár í sparisjóðnum um 2 milljarða króna þar sem bankinn myndi kaupa stofnfé fyrir 1.750 milljónir króna og ábyrgjast fjárfestingu annarra fyrir 250 milljónir króna. Gengi þetta eftir yrði Kaupþing banki hf. eigandi 70% stofnfjár í sjóðnum.[230] Breytingar á samþykktum sparisjóðsins í tengslum við þessa stofnfjáraukningu þurfti að leggja fyrir fund sparisjóðsaðila. Sá fundur var haldinn 15. ágúst 2008, og lýstu sparisjóðsaðilar sig ósátta við að hafa ekki verið hafðir með í ráðum um samninginn við Kaupþing banka hf. Þeir töldu sér vera stillt upp við vegg þar sem fjárhagsstaða sparisjóðsins væri slæm á þessum tímapunkti og grípa þyrfti til aðgerða. Engar aðrar lausnir væru í boði sem myndu rétta fjárhaginn við og sparisjóðurinn gæti ekki haldið áfram starfsemi að óbreyttu. Því samþykkti fulltrúaráð breytingu á samþykktum sparisjóðsins. Á fundinum var einnig kosin ný stjórn.[231]

Með breytingunum fékk stjórn heimild til að hækka stofnfé um allt að 2 milljarða króna, en það var 505.021.000 krónur á þeim tíma. Stjórn skyldi ákveða hvenær og að hvaða marki hækkunarheimildin yrði nýtt, og gilti hún til septemberloka 2011. Greiða skyldi nafnverð að viðbættu þegar gerðu endurmati, hagnaðarráðstöfunum og ónýttri heimild til endurmats stofnfjár fyrir nýja stofnfjárhluti. Stofnfjáreigendur skyldu ekki hafa forgangsrétt að nýjum hlutum í hlutfalli við stofnfjáreign sína, heldur væri stjórn heimilt að selja nýjum aðilum hækkunarhlutina að hluta eða öllu leyti. Stofnfjáreigendur ættu einn eða fleiri jafngilda stofnfjárhluti og væri atkvæðisréttur í réttu hlutfalli við stofnfjáreign. Eitt atkvæði skyldi fylgja hverri krónu í stofnfé. Ekki voru sett takmörk á fjölda hluta í eigu einstakra stofnfjáreigenda, en þó var þeim aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóðnum. Þá var heimilað í samþykktunum að veðsetja stofnfjárbréf að tilskildu samþykki stjórnar sparisjóðsins.

Áður en stofnfjáraukningin náði fram að ganga tók Fjármálaeftirlitið yfir vald hluthafafundar Kaupþings banka og var rekstur hans frá þeim tíma í höndum skilanefndar. Í

226. Skýrsla Bernhards Þórs Bernhardssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 16. ágúst 2013.
227. Ársreikningar Sparisjóðs Mýrasýslu 2005–2008.
228. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Mýrasýslu, 4. mars 2008.
229. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Mýrasýslu, 23. apríl 2008.
230. Bréf stjórnar Sparisjóðs Mýrasýslu til Fjármálaeftirlitsins 15. ágúst 2008.
231. Fundargerð fulltrúaráðsfundar Sparisjóðs Mýrasýslu, 15. ágúst 2008.

nóvember 2008 gerði Nýi Kaupþing banki hf. tilboð í allt stofnfé Borgarbyggðar í Sparisjóði Mýrasýslu sem var samþykkt,[232] og í framhaldinu samþykkti ríkisstjórnin að veita bankanum fjármagn til kaupanna.[233] Bankinn eignaðist þó ekki allt stofnféð fyrr en eftir að samningar næðust við lánardrottna um fjárhagslega endurskipulagningu, auk samþykkis Fjármálaeftirlitsins og Samkeppniseftirlitsins.[234] Fjármálaeftirlitið tók yfir vald stofnfjáreigendafundar sparisjóðsins 3. apríl 2009. Þá ráðstafaði Fjármálaeftirlitið eignum og skuldum í samræmi við kaupsamning Nýja Kaupþings og sparisjóðsins á eignum og rekstri sparisjóðsins frá 3. apríl 2009.[235]

20.6 Arður af stofnfjáreign

Sparisjóður Mýrasýslu greiddi stofnfjárhöfum sínum jafnan arð af stofnfé þeirra. Á árunum 2001–2008 námu arðgreiðslur vegna næstliðinna rekstrarára samtals nærri 274 milljónum króna, þar af voru tæplega 268 milljónir króna greiddar vegna ársins 2007. Ekki var greiddur arður vegna 2004, enda þótt tillaga um greiðslu 15% arðs væri samþykkt á aðalfundi 11. mars 2005. Greiðsla arðs vegna 2006 og 2007 var ekki í samræmi við reglur Tryggingasjóðs sparisjóða.[236] Arðgreiðslan vegna ársins 2006 nam 69,3% af stofnfé, en leyfilegt hámark, þ.e. raunarðsemi eigin fjár, var þá 58,6%, og munaði þar tæpum 480 þúsund krónum. Arðgreiðsla vegna ársins 2007 var fimmfalt hærri en heimilt var samkvæmt reglunum eða 53% í stað 10%, og munaði þar nærri 215 milljónum króna. Raunarðsemi eigin fjár samstæðunnar á árinu 2007 var ekki nema 5,7%, þannig að 10% hámark Tryggingasjóðs gilti sem arðgreiðsluhlutfall og arðgreiðsla samkvæmt því hefði þá numið 50,1 milljón króna. Við upptöku alþjóðlegra reikningsskilareglna (IFRS) var eigið fé samstæðunnar í ársbyrjun hækkað um nærri 1,7 milljarða króna, og samkvæmt reglum Tryggingasjóðs mátti við útreikning arðsins taka tillit til þess sem heimilt hefði verið að greiða vegna 2006 hefði nefndri hækkun verið bætt við afkomuna þá. Í útreikningum sparisjóðsins var þessari matshækkun eigin fjár bætt við hagnað ársins 2007 og þannig fengin út þessi arðsemi. Matshækkunin var vegna afkomu fyrri ára og því átti að reikna hana á forsendum ársins 2006 en þá var stofnfé mun lægra en árið 2007 og hámarksarðgreiðsla, sem var hlutfall af stofnfé, því lægri. Ógreiddur arður vegna fyrri ára var ekki nema tæplega 2,9 milljónir króna samkvæmt reglum Tryggingasjóðsins. Arðgreiðslan vegna 2007 mátti því nema samtals 53 milljónum króna. Greiðslan til eina stofnfjárhafans, Borgarbyggðar, eftir aðalfundinn 2008 nam 267,7 milljónum króna eða 214,7 milljónum króna umfram það sem heimilt var. Útreikningur á þessari arðgreiðslu er sýndur í töflu 35. Fyrst er þar sýnt hvernig sparisjóðurinn hefur reiknað út arðinn og því næst hvernig þetta skyldi reiknað í samræmi við reglur Tryggingasjóðs. Í fundargerð aðalfundar Sparisjóðs Mýrasýslu 4. apríl 2008 var bókuð undir lið 5 „Tillaga um arðgreiðslu til stofnfjáraðila“:

> Aðalfundur Sparisjóðs Mýrasýslu […] samþykkir að greiða 53% arð til stofnfjáreiganda á árinu 2008 vegna ársins 2007.
>
> Fundarstjóri bar upp tillöguna, ekki urðu umræður um hana og hún var síðan samþykkt samhljóða.

Ekki er að sjá að nein umræða um arðgreiðsluna eða útlegging á henni hafi farið fram á stjórnarfundum, heldur er einungis bókað í stjórnarfundargerð 4. apríl 2008, sama dag og aðalfundurinn var haldinn:

> Samþykkt var að greiða 53% arð til stofnfjáreigenda á árinu 2008 vegna ársins 2007.

Reglur Tryggingasjóðs um hámark arðgreiðslna giltu til ársins 2009 þegar lögum var breytt, og eftir það mátti greiða út arð sem næmi að hámarki 50% af hagnaði.[237] Arðgreiðslur og forsendur þeirra eru tíundaðar í töflu 36.

232. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Mýrasýslu, 7. nóvember 2008.

233. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Mýrasýslu, 17. desember 2008.

234. Sparisjóður Mýrasýslu framlengir samning um kyrrstöðutímabil (standstill) við helstu lánadrottna félagsins til 1. apríl 2009, minnisblað lagt fram á stjórnarfundi sparisjóðsins 26. mars 2009.

235. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um ráðstafanir í samræmi við kaupsamning Sparisjóðs Mýrasýslu og Nýja Kaupþings bank hf., 3. apríl 2009. Fjallað er um fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins hér aftar.

236. Gerð er grein fyrir reglum um greiðslu arðs í 12. kafla.

237. Lögum um fjármálafyrirtæki var breytt með lögum nr. 76/2009. Sjá nánari umfjöllun í 12. kafla.

Tafla 35. Tvenns konar útreikningur arðgreiðslu frá Sparisjóði Mýrasýslu vegna 2007.

Samkvæmt aðferð sparisjóðsins:			
Hagnaður ársins 2007			635.246
Leiðrétting v/breyttra reglna			1.668.171
Heildarafkoma á árinu			**2.303.417**
Eigið fé 31.12.2007	**Nafn-fjárhæð**	**Hluti úr árinu**	**Vegin fjárhæð**
Eigið fé 1.1.	3.543.750	1,00	3.543.750
Arðgreiðsla	(3.100)	0,75	(2.325)
Nýtt eigið fé	500.000	0,25	125.000
Meðalstaða eigin fjár án hagnaðar			**3.666.425**
Nafnarðsemi eigin fjár á árinu			62,8%
Hækkun vísitölu á árinu		5,86%	
Raunarðsemi eigin fjár			53,8%
Endurmetið stofnfé í árslok 2007			501.021
Arðgreiðsla skv. ofangreindu			269.606
(Arðgreiðslan varð ívið lægri eða 267.661 þús. kr.)			

Útreikningur rannsóknarnefndar vegna 2007:			
Hagnaður ársins 2007			**635.246**
Eigið fé 31.12.2007	**Nafn-fjárhæð**	**Hluti úr árinu**	**Vegin fjárhæð**
Eigið fé 1.1.	3.543.750		
Leiðr.v/br.reglna	1.668.171		
Leiðr. eigið fé 1.1.	5.211.921	1,00	5.211.921
Arðgreiðsla	(3.100)	0,75	(2.325)
Nýtt e. fé 28.9.	500.000	0,25	125.000
Meðalstaða eigin fjár án hagnaðar			**5.334.596**
Nafnarðsemi eigin fjár á árinu			11,9%
Hækkun vísitölu á árinu		5,86%	
Raunarðsemi eigin fjár			5,71%
Endurmetið stofnfé í árslok 2007			501.021
Leyfileg arðgreiðsla skv. ofangreindu			28.625
Hámark skv. TRSP var 10%:			50.102

Arðsemi 2006 endurreiknuð:		
Hagnaður ársins 2006		1.457.761
Viðbót við hagnað ársins		1.668.171
Leiðréttur hagnaður		**3.125.932**
Vegin meðalstaða eigin fjár		**2.093.735**
Nafnarðsemi		149,3%
Raunarðsemi m.v. 6.95% verbólgu		133,1%
Endurmetið stofnfé í árslok 2006		4.471
Leyfileg arðgreiðsla		5.951
Greitt var		(3.100)
Ógreiddur arður v/leiðr. á eigin fé		**2.851**
Arðgreiðsla vegna 2007		
Greiða mátti því samtals v/ 2007		**52.953**
Greitt var	267.661	
(Ofgreiddur arður skv. þessu 214.708 þús.kr.)		

Í lögum um fjármálafyrirtæki var heimild til að endurmeta stofnfé sparisjóðs og greiða inn á stofnfjárreikninga stofnfjáreigenda, og skyldi höfð hliðsjón af verðlagsbreytingum við endurmatið.[238] Árin 2006 og 2007 var stofnfé Sparisjóðs Mýrasýslu hækkað með endurmati vegna verðlagsbreytinga um 855 þúsund króna. Endurmat ársins 2006 var tvöfalt á við verðlagsbreytingar ársins, en sparisjóðurinn hafði ekkert endurmetið síðustu þrjú ár, og var því heimilt að flytja ónýtt endurmat milli ára. Árið 2007 var stofnfé sparisjóðsins hækkað um 500 milljónir króna, og var endurmatið því í samræmi við þá stofnfjáraukningu. Stofnfé var ekki verðbætt eftir 2007.

Í sömu lögum var jafnframt heimild til þess að ráðstafa 10% af hagnaði næstliðins rekstrarárs til hækkunar stofnfjár með svokölluðu sérstöku endurmati.[239] Hækkunin mátti þó ekki vera meiri en 5% á ári, og ekki mátti flytja heimild til þessa endurmats milli ára. Á aðalfundum sparisjóðsins 2006 og 2007 var samþykkt að hækka stofnfé í lok næstliðins árs um 5%. Alls var stofnfé hækkað um 411 þúsund krónur með sérstöku endurmati, og var framkvæmdin í samræmi við lög og reglur.

Í töflu 36 eru tilfærðar þær upplýsingar sem útreikningur á arði og endurmati byggist á. Hafa verður í huga að arðurinn og sérstaka endurmatið eru þar höfð undir því ári sem þau voru útreiknuð. Arðurinn var hins vegar greiddur út ári síðar, og sérstaka endurmatið bættist þá við stofnféð. Ástæða þess er sú að tillaga stjórnar um hvort tveggja þurfti að hljóta samþykki aðalfundar til þess að koma til framkvæmdar. Þannig sjást viðkomandi fjárhæðir ekki fyrr en í ársreikningi næsta árs.

Tafla 36. Afkoma, endurmat stofnfjár og arðgreiðslur Sparisjóðs Mýrasýslu 2005–2008.[240]

Þús. kr.	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**
Arður vegna ársins	1.284	3.100	267.661	
Arður ársins (í formi innborgaðs stofnfjár á næsta ári)				
Stofnfé í árslok	3.755	4.471	505.021	505.021
Arður sem hlutfall af stofnfé	34,2%	69,3%	53,0%	
Arður sem hlutfall af hagnaði	0,2%	0,2%	42,1%	
Afkoma ársins	615.642	1.457.761	635.246	(21.243.118)
Arðgreiðsluhlutfall (skv. reglum TRSP) - % af stofnfé	**37,9%**	**58,6%**	**10,0%**	
Hámarksarðgreiðsla, sbr. lög nr. 76/2009 - % af hagnaði				
Raunarðsemi ársins	37,9%	58,6%	5,7%	-311,5%
Verðbólga ársins	4,1%	7,0%	5,9%	16,4%
Sérstakt endurmat stofnfjár í árlok	188	224		
Endurmat stofnfjár v/ verðlagsbreytinga		**528**	**326**	

238. Þessi heimild hafði verið við lýði allt frá 1993. Ákvæðinu var síðar breytt með lögum nr. 76/2009. Sjá nánari umfjöllun í 12. kafla.

239. Sú heimild var leidd í lög 2001. Ákvæðinu var síðar breytt með lögum nr. 76/2009. Sjá nánari umfjöllun í 12. kafla.

240. Ársreikningar Sparisjóðs Mýrasýslu 2005–2008. Verðbólga byggir á tölum frá Hagstofunni en aðferðafræðin er skilgreind í 12. kafla.

20.7 Fjárhagsleg endurskipulagning

Í kjölfar fundar Fjármálaeftirlitsins með forsvarsmönnum Sparisjóðs Mýrasýslu 31. mars 2008 vegna versnandi stöðu á fjármálamörkuðum óskaði Fjármálaeftirlitið eftir greinargerð um stöðu sparisjóðsins og dótturfélaga hans. Í greinargerðinni sem barst Fjármálaeftirlitinu 4. apríl 2008 var farið yfir stöðu sparisjóðsins og atvik sem gætu haft áhrif á eiginfjárhlutfallið, einkum kaup á hlutum í Icebank hf. (Sparisjóðabankanum). Í kjölfarið krafði Fjármálaeftirlitið sparisjóðinn, með vísan til 2. mgr. 86. gr. laga um fjármálafyrirtæki, um reikningsuppgjör miðað við 31. mars 2008 sem skyldi áritað af endurskoðanda, enda hefði fram komið í greinargerð sparisjóðsins að „hugsanlega [væri] lögbundið eigið fé sparisjóðsins undir þeim mörkum sem segir til um í 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki". Frestur til að skila uppgjörinu var til 2. maí 2008.[241] Endanleg útgáfa uppgjörsins barst Fjármálaeftirlitinu 9. júní 2008, og var eiginfjárhlutfall samkvæmt því 8,7%.[242] Sama hlutfall hafði verið 11,6% í lok árs 2007. Á sama tíma og eiginfjárstaðan versnaði þrengdist einnig lausafjárstaða sjóðsins.[243]

Um miðjan júní 2008 framkvæmdi Fjármálaeftirlitið vettvangsskoðun hjá sparisjóðnum, og var niðurstaða hennar að eigið fé sparisjóðsins í uppgjöri 31. mars 2008 væri ofmetið. Í skýrslunni var fjallað sérstaklega um rúman milljarð króna sem sparisjóðurinn hafði lánað til ellefu lögaðila til kaupa á hlutabréfum í Icebank hf. og þær tryggingar sem að baki þeim lágu. Eina trygging sparisjóðsins fyrir lánveitingunum væri 2. veðréttur í hlutabréfunum; virði þeirra hefði lækkað frá lánveitingunni, en höfuðstóll lánanna, sem var í erlendri mynt, hækkað í íslenskum krónum. Lántakendur væru flestir með lágmarks hlutafé auk þess sem eignarhlutur þeirra í Icebank hf. væri jafnframt eina eign viðkomandi lögaðila. Samkvæmt útreikningum Fjármálaeftirlitsins voru þessi lán í verulegri tapshættu, og myndi það eitt leiða til þess að eiginfjárhlutfall sjóðsins færi niður í 6,75%. Fyrstu niðurstöður úttektarinnar gáfu einnig til kynna enn frekari tapshættu vegna annarra útlána, sem og eignarhalds í Exista hf. í gegnum Kistu – fjárfestingarfélag ehf. Því virtist lögbundið eigið fé sparisjóðsins vera talsvert undir 8% lágmarkinu sem krafist var í 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Meginniðurstaða Fjármálaeftirlitsins var að bókfært eigið fé sjóðsins væri að öllum líkindum ofmetið um 2,4–3,0 milljarða króna, en í uppgjörinu var það talið vera 4,8 milljarðar króna. Fjármálaeftirlitið óskaði eftir því að sparisjóðurinn legði fram nákvæmar og tímasettar tillögur um aðgerðir og úrbætur vegna þessa. Þá var þess jafnframt óskað að árshlutauppgjöri 30. júní 2008 yrði hraðað sem kostur væri.[244]

20.7.1 Samningaviðræður við aðrar fjármálastofnanir

Á stjórnarfundi sparisjóðsins 19. júní 2008 var sparisjóðsstjóra falið að leita samninga við Landsbanka Íslands eða Kaupþing banka um hugsanlega sameiningu. Degi síðar tilkynnti stjórn sparisjóðsins að ákveðið hefði verið að leita eftir viðræðum við Landsbankann um sameiningu eða kaup á sparisjóðnum, og átti að ljúka viðræðum á 3–4 vikum. Talið var að breyta þyrfti sparisjóðnum í hlutafélag og stefnt að því að vinna við hlutafélagsvæðingu yrði hafin „í næstu viku".[245]

Sparisjóðsstjóri og stjórnarformaður sparisjóðsins áttu fund með bankastjóra Landsbankans 24. júní 2008, og var Fjármálaeftirlitinu tilkynnt um fundinn. Fjármálaeftirlitið leitaði eftir viðbrögðum frá forsvarsmönnum sparisjóðsins um aðra kosti í stöðunni ef Landsbankinn hefði ekki áhuga á sparisjóðnum. Helst var talið koma til greina að ræða við sparisjóðina, Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis hf., Byr sparisjóð og Sparisjóðinn í Keflavík, um allsherjarsameiningu „sparisjóðafjölskyldunnar". Af hálfu Fjármálaeftirlitsins var það talinn of tímafrekur kostur, auk þess sem í slíkum viðræðum myndu öll vandamál

241. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Mýrasýslu 15. apríl 2008; tölvuskeyti Sparisjóðs Mýrasýslu til Fjármálaeftirlitsins 4. apríl 2008.

242. Minnisblað Fjármálaeftirlitsins: Staða Sparisjóðs Mýrasýslu frá miðju ári 2007 samkvæmt skýrslum frá þeim, bréfaskriftum, fundarhöldum o.fl., 30. júlí 2008.

243. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Mýrasýslu, 4. apríl 2008; fundargerð stjórnar Sparisjóðs Mýrasýslu, 23. apríl 2008; minnisblað Fjármálaeftirlitsins: Staða Sparisjóðs Mýrasýslu frá miðju ári 2007 samkvæmt skýrslum frá þeim, bréfaskriftum, fundarhöldum o.fl., 30. júlí 2008.

244. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóði Mýrasýslu, 30. júlí 2008; bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Mýrasýslu 18. júní 2008.

245. Tölvuskeyti Stefáns Sveinbjörnssonar til Ólafs Orrasonar og Ragnars Hafliðasonar 20. júní 2008.

Sparisjóðs Mýrasýslu opinberast og eiga greiða leið í fjölmiðla. Ekki væri mikill tími til stefnu og taldi Fjármálaeftirlitið að sparisjóðurinn yrði að koma eiginfjárstöðu sinni í ásættanlegt horf innan örfárra vikna.[246]

Hinn 4. júlí 2008 tilkynnti sparisjóðsstjóri sparisjóðsins Fjármálaeftirlitinu að Landsbankinn hefði „ekki mikinn áhuga á að yfirtaka Sparisjóð Mýrasýslu en ef eigendur sjóðsins væru áfram um það myndu þeir gera það". Forsvarsmönnum sparisjóðsins hefði verið ráðlagt af Landsbankamönnum að ræða heldur við Kaupþing banka hf. og að þar kynni að fást hærra verð. Í kjölfarið hefðu forsvarsmenn sparisjóðsins fundað með Kaupþingi, og hefði hugmyndum um samruna verið vel tekið, en beðið væri svara um hvernig bankinn vildi nálgast verkefnið.[247] Í skýrslu fyrir rannsóknarnefndinni sagði sparisjóðsstjórinn Fjármálaeftirlitið hafa bent sparisjóðnum á að ræða við þessa banka:

> En þá felur stjórnin mér og stjórnarformanni að kanna það hvort einhver viðskiptabankanna myndi vilja yfirtaka sparisjóðinn eða taka sparisjóðinn að sér vegna þessara erfiðleika, því það lá fyrir að eigandinn ætlaði ekki að leggja í þetta peninga, sveitarstjórnin í Borgarnesi hafði ekki fjármagn í það. Málið var að við ræddum við þáverandi forstöðumann Fjármálaeftirlitsins og hann ráðlagði okkur að tala við annaðhvort Landsbankann eða Kaupþing. […] Í framhaldi af því var það að beiðni sveitarstjórnarinnar að við töluðum fyrst við Landsbankann […] og ræddum þar við Sigurjón Árnason og Halldór um þessi mál. Það var enginn áhugi þar fyrir að koma okkur til aðstoðar, við gátum ekki fundið að það væri áhugi fyrir því. Það gekk því fljótt yfir. Í framhaldinu var mér falið að tala við Sigurð Einarsson. Við þekktumst náttúrlega vel í gegnum tíðina. Ég var líka búinn að vera í stjórn Kaupþings þarna í nokkur ár og starfa mikið með þeim og áður en þeir sameinuðust Búnaðarbankanum. Ég ræddi við Sigurð og hann tók strax mjög vel í þetta. Þá fóru í gang strax þessar viðræður sem við tókum þátt í. […] Niðurstaðan var sú, ég var nú svolítið hissa á því sjálfur hvernig að þessu var staðið að því leytinu til, að þeir koma þarna inn strax. Ég vissi ekki til þess að þeir væru búnir að borga inn neitt stofnfé eða neitt en þeir komu þarna strax inn og kjósa nýja stjórn og kjósa sína menn í stjórn þá.[248]

Kaupþing banki, Sparisjóður Mýrasýslu og Borgarbyggð undirrituðu viljayfirlýsingu um aukningu stofnfjár 31. júlí 2008. Í yfirlýsingunni kom fram að fyrirhuguð aukning stofnfjár væri 2 milljarðar króna og að Borgarbyggð hygðist ekki nýta sér forkaupsrétt að auknu stofnfé. Kaupþing skuldbatt sig til skráningar fyrir stofnfénu þannig að tryggt yrði að áskrift fengist fyrir 2.000 milljónum króna. Aðilar væru sammála um að sparisjóðnum yrði breytt í hlutafélag jafnskjótt og kostur væri.[249] Samkomulag um stofnfjáraukninguna var undirritað 15. ágúst 2008. Í því kom fram að Kaupþing banki hygðist skrá sig fyrir 1.750 milljónum króna og tryggja að aðrir fjárfestar skráðu sig fyrir 250 milljónum króna. Áætlunin gerði ráð fyrir því að heildarstofnfé eftir stofnfjáraukningu, 2.340 milljónir króna, skiptist milli Sparisjóðs Kaupþings (70,2%), Borgarbyggðar (20%) og annarra fjárfesta (9,8%).[250]

Á fundi fulltrúaráðs sparisjóðsins sama dag var samþykktum sparisjóðsins breytt til að stofnfjáraukning yrði möguleg, og fékk stjórnin heimild til að hækka stofnfé um allt að 2 milljarða króna. Ný fimm manna stjórn var kosin, og voru tveir stjórnarmenn á vegum Kaupþings, Róbert Agnarsson, viðskiptastjóri á fyrirtækjasviði bankans, og Þórbergur Guðjónsson. Á stjórnarfundi 2. september 2008 var fjallað um ósk sparisjóðsstjóra, Gísla Kjartanssonar, um að láta af störfum. Gengið var frá starfslokum hans og nýr sparisjóðsstjóri, Bernhard Þór Bernhardsson, tók við 3. september 2008.

Stofnfé var ekki aukið um leið og heimild til þess fékkst. Framsal og aukning stofnfjár sem leiddi til þess að einstakur stofnfjáreigandi eignaðist eða færi með virkan eignarhlut í sparisjóðnum var óheimilt samkvæmt þágildandi 2. mgr. 70. gr. laga nr. 161/2002, nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitinu var því tilkynnt um fyrirhuguð viðskipti með bréfi 15. ágúst 2008, en þar kom jafnframt fram að bráðabirgðauppgjör sparisjóðsins fyrir annan ársfjórðung 2008 benti til þess að eiginfjárhlutfall sparisjóðsins

246. Minnisblað Fjármálaeftirlitsins: Fundur með sparisjóðsstjóra og stjórnarformanni Sparisjóðs Mýrasýslu, 25. júní 2008.
247. Tölvuskeyti Bernhards Þórs Bernhardssonar til Fjármálaeftirlitsins 4. júlí 2008.
248. Skýrsla Gísla Kjartanssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 21. maí 2013.
249. Viljayfirlýsing Kaupþings banka hf., Sparisjóðs Mýrasýslu og Borgarbyggðar, 31. júlí 2008.
250. Samkomulag Kaupþings banka hf., Sparisjóðs Mýrasýslu og Borgarbyggðar.

væri 0,4% og áætlað væri að við stofnfjáraukninguna færi það yfir 10%.[251] Sama dag lagði Kaupþing inn umsókn til Fjármálaeftirlitsins um að dótturfélag bankans, Sparisjóður Kaupþings hf., fengi að fara með virkan eignarhlut í Sparisjóði Mýrasýslu. Fjármálaeftirlitið óskaði þá eftir frekari upplýsingum frá bankanum, en við yfirtöku þess á Kaupþingi banka hf. 9. október 2008 höfðu ekki borist allar umbeðnar upplýsingar frá bankanum í tengslum við umsóknina, og því gekk fyrirhuguð stofnfjáraukning ekki eftir. Vakti stjórn Sparisjóðs Mýrasýslu athygli Fjármálaeftirlitsins á því að vegna þessa væri eigið fé sparisjóðsins langt undir lögbundnum mörkum.[252]

20.7.2 Aðgerðir Fjármálaeftirlitsins vegna eiginfjárstöðu Sparisjóðs Mýrasýslu

Í kjölfar falls bankanna haustið 2008 óskaði Fjármálaeftirlitið eftir árshlutauppgjöri sparisjóðsins miðað við 30. september 2008 ásamt öðrum upplýsingum.[253] Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri 30. september 2008 sem tók tillit til líklegrar virðisrýrnunar verðbréfaeignar og útlána sjóðsins vegna atburða í október 2008, var eiginfjárhlutfall sjóðsins neikvætt um 3,8%. Fjármálaeftirlitið krafði sparisjóðinn þá um greinargerð um þær ráðstafanir sem hann hygðist grípa til til þess að leysa úr eiginfjárvandanum í samræmi við 3. mgr. 86. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Jafnframt var óskað upplýsinga um það hvort stjórn sparisjóðsins hefði kannað hvort grípa þyrfti til úrræða samkvæmt 98. gr. laga nr. 161/2002 vegna þeirrar stöðu sem upp var komin, þ.e. hvort leita ætti heimildar til greiðslustöðvunar eða nauðasamnings samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti.[254]

Í greinargerð sparisjóðsins 31. október 2008 taldi stjórn sparisjóðsins greiðslustöðvun eða nauðasamninga koma til greina miðað við stöðu sjóðsins. Hún vildi þó fyrst láta reyna á stofnfjáraukningu og óskaði eftir fresti til að kanna hvort sú leið væri fær. Gert var ráð fyrir að auka þyrfti stofnfé um 13 milljarða króna til að tryggja áframhaldandi starfsemi sparisjóðsins, en þá yrði eiginfjárhlutfallið 15,2% miðað við stöðu sparisjóðsins samkvæmt uppgjöri 30. september 2008. Þá hafði verið tekið tillit til athugasemda Fjármálaeftirlitsins í kjölfar eftirlitsskoðunar í júní 2008 um tapsáhættu sjóðsins og líklegrar rýrnunar á verðbréfaeign og útlánum vegna atburða eftir uppgjörsdagsetningu.[255] Stjórn hygðist leita til lánveitenda sparisjóðsins um að afskrifa 50% krafna þeirra. Skuld sparisjóðsins við Nýja Kaupþing banka nam um 18,8 milljörðum króna, og hafði bankinn lýst yfir „vilja til að skoða beiðni um afskrift með jákvæðum hug".[256] Kröfur erlendra lánardrottna næmu um 10 milljörðum króna og yrðu hugmyndir um afskriftir krafna kynntar þeim stuttu síðar. Þá yrði sjóðnum breytt í hlutafélag og leitað eftir áframhaldandi samstarfi við Nýja Kaupþing banka hf.[257]

Fjármálaeftirlitið skipaði Jón Hauk Hauksson hdl. sérfræðing til að hafa sértækt eftirlit með rekstri sparisjóðsins 3. nóvember 2008. Hann hafði starfsstöð í sparisjóðnum meðan hann sinnti sértæku eftirliti með sjóðnum.[258] Daginn eftir veitti Fjármálaeftirlitið sparisjóðnum frest til 20. nóvember 2008 til þess að auka eiginfjárgrunn sinn á grundvelli greinargerðar sparisjóðsins.[259]

20.7.3 Samningaviðræður við kröfuhafa

Í byrjun nóvember 2008 hafði sparisjóðsstjóri samband við fjóra stærstu erlendu lánardrottna sjóðsins, Bayern LB, Landesbank Rheinland Pfalz, DZ Bank og Raiffeisen Zentralbank, og voru þeim kynntar hugmyndir að lausnum á fjárhagsvanda sparisjóðsins. Fyrstu viðbrögð þeirra voru þau að veittur frestur til að bæta eiginfjárstöðu sparisjóðsins væri of skammur. Forsvarsmenn sparisjóðsins töldu að ef til vill kynni að vera ofáætlað að

251. Bréf stjórnar Sparisjóðs Mýrasýslu til Fjármálaeftirlitsins 15. ágúst 2008.

252. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Kaupþings hf. 3. október 2008; bréf Róberts B. Agnarssonar til Fjármálaeftirlitsins 10. október 2008.

253. Tölvuskeyti Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Mýrasýslu 16. október 2008; tölvuskeyti Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Mýrasýslu 31. október 2008.

254. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Mýrasýslu 30. október 2008.

255. Bréf Sparisjóðs Mýrasýslu til Fjármálaeftirlitsins 31. október 2008.

256. Krafa Kaupþings banka hf. á Sparisjóð Mýrasýslu fluttist yfir til Nýja Kaupþings banka hf. við yfirtöku Fjármálaeftirlitsins á þeim fyrrnefnda.

257. Greinargerð stjórnar um fjárhagslega endurskipulagningu Sparisjóðs Mýrasýslu, 31. október 2008.

258. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Mýrasýslu 3. nóvember 2008.

259. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Mýrasýslu 4. nóvember 2008.

erlendir lánardrottnar samþykktu helmingsafskrift krafna sinna, en ólík afskriftarhlutföll væru vandasöm og mætti túlka sem mismunun. Því var rætt um nýjar tillögur með lægri afskriftaprósentu, bæði hvað erlenda lánardrottna varðaði og Nýja Kaupþing banka, auk þess sem horft var til stofnfjárframlags þess síðastnefnda. Þær hugmyndir þörfnuðust þó frekari útfærslna.[260] Daginn eftir kynnti sparisjóðsstjóri Fjármálaeftirlitinu að Nýi Kaupþing banki hefði í hyggju að kaupa stofnfé Borgarbyggðar í sparisjóðnum. Þá yrði leitað til erlendra lánardrottna um lækkun krafna um 35%. Bankinn myndi færa sínar kröfur niður um sama hlutfall og breyta 15% krafna sinna, um 3 milljörðum króna, í nýtt stofnfé. Eiginfjárhlutfall sparisjóðsins yrði þá rúmlega 12%, að teknu tilliti til forsendna sem lágu til grundvallar fyrri tillögu sparisjóðsins. Það var mat sparisjóðsins að ósk um 50% afskrift án þess að til kæmi nýtt stofnfé yrði illa tekið erlendis.[261]

Skilyrt kauptilboð í stofnfé sparisjóðsins var undirritað 6. nóvember 2008 þar sem Nýi Kaupþing banki bauð 505 milljónir króna fyrir allt stofnfé Borgarbyggðar í sjóðnum.[262] Kaupverðið yrði greitt með uppgreiðslu 250 milljóna króna láns Borgarbyggðar hjá Kaupþingi frá 15. október 2007, en staða þess var 577 milljónir króna 4. nóvember 2008. Lánið hafði Borgarbyggð upphaflega tekið til að kaupa nýtt stofnfé í sparisjóðnum árið 2007. Kauptilboðið var bundið þeim skilyrðum að allir samningsaðilar samþykktu tilboðið og eftirlitsstofnanir heimiluðu kaupin og samruna sparisjóðsins og bankans. Þá var það gert að skilyrði að bankinn fengi breytt 15% af eftirstæðum kröfum á hendur sparisjóðnum í nýtt stofnfé og að allir lánardrottnar féllust á fyrirkomulagið og samþykktu að lágmarki 35% afskriftir krafna sinna.

Sparisjóðurinn hafði frest til 20. nóvember 2008 til að auka við eiginfjárgrunn sinn, en óskaði eftir að hann yrði framlengdur. Í samskiptum sparisjóðsins við helstu lánardrottna hefðu hinir síðarnefndu sýnt málefnum sparisjóðsins skilning, en hefðu lýst yfir áhuga á því að ljúka fyrst málum viðskiptabankanna sem skiptu þá meira máli. Því væru þeir ekki tilbúnir að semja sérstaklega við Sparisjóð Mýrasýslu eða önnur smærri fjármálafyrirtæki. Lánardrottnarnir hefðu gefið sterklega í skyn að þeir teldu eðlilegt að samningar sparisjóðsins við Nýja Kaupþing banka gengju í gegn og að lausn á málefnum sparisjóðsins yrði hluti af lausn á málum Kaupþings banka hf. Í ljósi þessa óskaði sparisjóðurinn eftir áframhaldandi fresti sem tæki mið af þessari stöðu, enda gæti nokkur tími liðið þar til lausn fyndist á málum viðskiptabankanna.[263] Hinn 24. nóvember 2008 veitti Fjármálaeftirlitið sparisjóðnum áframhaldandi frest til 10. desember 2008 til að uppfylla skilyrði um eiginfjárhlutfall.[264]

Í skýrslu skipaðs sérfræðings til Fjármálaeftirlitsins 22. nóvember 2008 sagði að Nýja Kaupþingi banka og fjórum erlendum lánardrottnum hefði verið kynnt aðgerðaráætlun um fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins. Enginn erlendu lánardrottnanna hefði hafnað viðræðum á grundvelli þeirra hugmynda, en hugsanlega vildu þeir beina kröftum sínum að úrlausnum viðskiptabankanna og láta málefni sparisjóðsins bíða. Hjá erlendum lánardrottnum væru allnokkur óvissuatriði um úrvinnslu hugmynda sparisjóðsins, og óljóst væri hvaða tíma hún tæki. Kvaðst sérfræðingurinn hafa komið því áleiðis til stjórnar sparisjóðsins, samkvæmt beiðni Fjármálaeftirlitsins, að gengið yrði eftir kyrrstöðusamningi (e. *standstill agreement*) frá lánardrottnum, jafnvel þótt engin vanskil væru. Samþykkt hins skilyrta kauptilboðs hefði verið á dagskrá stjórnarfunda Nýja Kaupþings banka í tvígang, en verið frestað í bæði skiptin,[265] og taldi hann að stjórn Nýja Kaupþings banka biði afstöðu ríkisvaldsins áður en ákvörðun yrði tekin.[266]

Í minnisblaði stjórnarformanns og bankastjóra Nýja Kaupþings banka 29. nóvember 2008 til fjármálaráðherra sagði frá því að Kaupþing banki hefði skuldbundið sig til að afla áskrifta að nýju stofnfé sumarið 2008, og fram að yfirtöku Fjármálaeftirlitsins á bankanum

260. Tölvuskeyti Jóns Hauks Haukssonar hdl. til Fjámálaeftirlitsins 4. nóvember 2008.

261. Tölvuskeyti Sparisjóðs Mýrasýslu til Fjármálaeftirlitsins 5. nóvember 2008.

262. Skilyrt kauptilboð í stofnfé í Sparisjóði Mýrasýslu, 6. nóvember 2008.

263. Bréf Sparisjóðs Mýrasýslu til Fjármálaeftirlitsins 19. nóvember 2008.

264. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Mýrasýslu 24. nóvember 2008.

265. Skýrsla sérstaks sérfræðings, Jóns H. Haukssonar hdl., til að hafa eftirlit með Sparisjóði Mýrasýslu, 22. nóvember 2008; bréf Sparisjóðs Mýrasýslu til Fjármálaeftirlitsins 3. apríl 2009.

266. Tölvuskeyti Jóns H. Haukssonar til Fjármálaeftirlitsins 19. nóvember 2008.

hefði hann lánað sparisjóðnum talsvert fé og ætti töluvert undir því að fá það greitt. Yrði tilboðið samþykkt, væri gert ráð fyrir að breyta sparisjóðnum í hlutafélag og sameina hann Nýja Kaupþingi banka. Þannig væri hægt að hagræða í rekstri með því að fækka starfsstöðvum bankans í Borgarnesi úr tveimur í eina. Með samningnum taldi bankinn sig komast hjá átökum við sveitarfélagið vegna sameiningaráforma, auk þess að einfalda ferlið gagnvart erlendum lánardrottnum og byggja upp traust á því að mál væru komin í góðan farveg. Erlendir lánardrottnar legðu áherslu á að hafa útgönguleið síðar ef þeir eignuðust stofnfé í sparisjóðnum. Með sameiningu við bankann eignuðust þeir hlutabréf í bankanum sem væru seljanlegri en stofnfé í sparisjóðnum, en miðað við áætlanir myndu þeir eignast á bilinu 1–2% í Nýja Kaupþingi eftir samrunann. Gengi kaupsamningurinn eftir sæi bankinn fram á að ríkissjóður þyrfti að leggja um 580 milljónir króna af nýju hlutafé í bankann því að kaup á fjármálafyrirtæki hefðu áhrif á eiginfjárhlutfallið. Því var lagt til að fjármálaráðherra gæfi vilyrði fyrir hönd ríkissjóðs fyrir aukningu hlutafjár í Nýja Kaupþingi banka.[267]

Bráðabirgðauppgjör Sparisjóðs Mýrasýslu 31. október 2008 var kynnt á stjórnarfundi 3. desember 2008, og hafði staða sparisjóðsins versnað umtalsvert frá fyrra uppgjöri. Eiginfjárhlutfall sparisjóðsins var orðið neikvætt um 47,5% og eigið fé neikvætt um 3,7 milljarða króna. Uppgjörið gerði ráð fyrir 15% afskriftum af útlánum, en talið var að afskriftaþörfin væri hugsanlega hærri.[268]

Tilboð Nýja Kaupþings banka hf. var á dagskrá ríkisstjórnarfundar 9. desember 2008. Sama dag óskaði sparisjóðurinn eftir auknum fresti til að bæta eiginfjárstöðu sína þar sem viðræður við lánardrottna og frágangur kauptilboðs hefði dregist á langinn. Vísaði sparisjóðurinn til þess að stjórn Nýja Kaupþings banka hefði frestað afgreiðslu samnings við Borgarbyggð um kaup á stofnfé ítrekað, en stjórn bankans vildi ekki afgreiða málið án samþykkis fjármálaráðherra sem færi með eignarhlut í bankanum fyrir hönd ríkissjóðs.[269] Í bréfi sparisjóðsins var bent á að þótt eiginfjárstaðan væri slæm mætti bæta hana verulega með því að Nýi Kaupþing banki afskrifaði helming „sinna skulda“ og „ganga á þá lánadrottna sem mesta áhættu bera eða eigendur víkjandi lána sem eru um 3 milljarðar króna“. Þetta tvennt myndi bæta eiginfjárstöðu sparisjóðsins um 13 milljarða króna og „hann yrði sennilega með besta stöðu allra sparisjóða í kjölfarið“. Þó væri „rétt í ljósi aðstæðna og til að gæta fullrar sanngirni að leita til erlendra lánadrottna“, en unnið væri að því.[270] Fjármálaeftirlitið veitti sparisjóðnum áframhaldandi frest til 12. janúar 2009.[271]

Í desember höfðu erlendir lánardrottnar óskað eftir ítarlegum, fjárhagslegum upplýsingum um sparisjóðinn, en jafnframt að Fjármálaeftirlitið ætti aðild að kyrrstöðusamningi. Gert var ráð fyrir því að allir lánardrottnar kæmu að honum, en þeir voru rúmlega 40 talsins. Þá taldi sparisjóðsstjóri erlenda lánardrottna gjarnan vilja komast hjá eignarhaldi á stofnfé, en talið var að þeir væru undir þrýstingi heima fyrir um að minnka áhættu erlendis. Ríkisstjórnin hafði samþykkt framlag til Nýja Kaupþings banka til að bankinn gæti staðið við tilboð um kaup á stofnfé í sparisjóðnum.[272] Stjórn Nýja Kaupþings banka hf. samþykkti síðan samning um kaup á stofnfé Borgarbyggðar í Sparisjóði Mýrasýslu 22. desember 2008.

Enn dróst að gengið yrði frá kyrrstöðusamkomulagi, og 22. janúar 2009 upplýsti skipaður sérfræðingur Fjármálaeftirlitið um það að Landsbankinn í Lúxemborg hefði neitað að skrifa undir kyrrstöðusamninginn og efaðist um réttmæti samninga um niðurfellingu skulda við þær aðstæður sem uppi væru hjá sparisjóðnum. Stjórnendur sparisjóðsins töldu að afstaða bankans þyrfti ekki að vera vísbending um að bankinn yrði neikvæður gagnvart samningum um afskriftir skulda. Sérfræðingurinn benti á að meðferð málsins væri að þokast nær nauðasamningsgerð þótt um skuldalækkunarsamninga væri að ræða.[273]

267. Minnisblað um Sparisjóð Mýrasýslu, 29. nóvember 2008.

268. Skýrsla sérstaks sérfræðings, Jóns H. Haukssonar hdl., til að hafa eftirlit með Sparisjóði Mýrasýslu, 5. desember 2008; fundargerð stjórnar Sparisjóðs Mýrasýslu, 3. desember 2008.

269. Skýrsla sérstaks sérfræðings, Jóns H. Haukssonar hdl., til að hafa eftirlit með Sparisjóði Mýrasýslu, 9. desember 2008; bréf Sparisjóðs Mýrasýslu til Fjármálaeftirlitsins 9. desember 2008.

270. Bréf Sparisjóðs Mýrasýslu til Fjármálaeftirlitsins 9. desember 2008.

271. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Mýrasýslu 12. desember 2008.

272. Skýrsla sérstaks sérfræðings, Jóns H. Haukssonar hdl., til að hafa eftirlit með Sparisjóði Mýrasýslu, 19. desember 2008.

273. Skýrsla sérstaks sérfræðings, Jóns H. Haukssonar hdl., til að hafa eftirlit með Sparisjóði Mýrasýslu, 22. janúar 2009.

Fjármálaeftirlitið veitti sparisjóðnum aukinn frest til 2. mars 2009 til að koma eigin fé sparisjóðsins í lögbundið horf,[274] og tók kyrrstöðusamningur, undirritaður af öllum helstu lánardrottnum, gildi 27. janúar 2009 og gilti til 2. mars 2009.[275] Um miðjan febrúar lágu fyrir tillögur að fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðsins sem voru kynntar erlendum lánardrottnum.[276] Í þeim kom meðal annars fram sundurliðun þeirra skulda sem gert var ráð fyrir að yrði endursamið um, samtals um 31,5 milljarðar króna. Settar voru fram tvær ólíkar tillögur um meðhöndlun skulda sem báðar leiddu til þess að eiginfjárhlutfall sparisjóðsins yrði 8,1%. Í fyrri tillögunni var gert ráð fyrir að 39,2% af kröfum yrði breytt í stofnfé, 57,6% yrði skuldbreytt, 3,2% krafna yrðu greiddar og öllum víkjandi lánum breytt í stofnfé. Í þeirri seinni var gert ráð fyrir að Nýi Kaupþing banki breytti 56% af kröfum sínum í stofnfé, en aðrir kröfuhafar breyttu 80% krafna í víkjandi lán, 16,8% yrði skuldbreytt og 3,2% krafna greiddar. Öllum útistandandi víkjandi lánum 31. desember 2008 yrði síðan breytt í stofnfé.[277]

Nokkru síðar, eða 24. febrúar 2009, greindi sparisjóðsstjóri Fjármálaeftirlitinu frá þriðju hugmyndinni um fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins, en sú hafði komið frá Bayern LB. Hugmyndin fól í sér að Nýi Kaupþing banki breytti kröfum sínum í stofnfé og aðrir lánveitendur veittu vaxtalaus lán, en „núvirtur vaxtaafsláttur [yrði] eignfærður sem ívilnun". Nýja Kaupþingi banka leist síst á þessa leið því að hún fæli í sér tilteknar bókhaldsæfingar, einnig ættu bæði endurskoðendur og Fjármálaeftirlitið eftir að samþykkja hana. Fram kom að erlendir lánardrottnar væru „að bíða eftir einhverju nýju útspili varðandi heildarlausn fyrir sparisjóðina" og að svo virtist sem þeir hefðu fengið skilaboð um að slíkt væri í farvatninu. Sparisjóðsstjóri taldi ferlið að einhverju leyti ráðast af aðgerðum stjórnvalda. Ef þau hefðu gefið erlendum lánardrottnum von um að þau kæmu að lausnum á vanda sparisjóðanna myndi lítið gerast fyrr en þær lausnir litu dagsins ljós. Þá virtust lánardrottnar óttast að lausn á málefnum einnar fjármálastofnunar yrðu notaðar sem fordæmi fyrir lausn á málum annarra.[278]

Hinn 26. febrúar 2009 óskaði sparisjóðurinn eftir áframhaldandi fresti til að bæta eigið fé sparisjóðsins á grundvelli framlengingar kyrrstöðusamnings. Gert var ráð fyrir að framlenging samningsins gilti til 1. apríl 2009, og var óskað eftir fresti til sama dags frá Fjármálaeftirlitinu. Erlendir lánardrottnar hefðu óskað eftir fundi með fulltrúum ríkisins til að ræða og fá skýr svör um aðkomu þess að málefnum sparisjóðanna. Í kjölfarið yrði hægt að ljúka samningum við einstaka sjóði, en gert var ráð fyrir fundinum í fyrri hluta marsmánuðar.[279] Hinn 2. mars 2009 veitti Fjármálaeftirlitið sparisjóðnum aukinn frest til 1. apríl 2009 til að koma eiginfjárhlutfalli sínu yfir lögboðið horf.[280]

Fjármálaeftirlitið tók yfir Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis hf. og Sparisjóðabanka Íslands hf. 21. mars 2009, og 26. mars höfðu stærstu innlendu lánardrottnarnir og allir hinir erlendu nema einn samþykkt tillögu Sparisjóðs Mýrasýslu að fjárhagslegri endurskipulagningu.[281] Jafngilti það um 83,4% kröfuhafa sjóðsins. Samkvæmt tillögunni skyldi 43,7% krafna breytt í stofnfé, 3,1% krafna skyldi greitt með peningum, 53,2% með skuldabréfi, en víkjandi lánum skyldi breytt í stofnfé. Gert var ráð fyrir að sjóðnum yrði breytt í hlutafélag og hann síðan sameinaður Nýja Kaupþingi banka hf. Hins vegar lá fyrir að einn erlendu lánardrottnanna hefði ekki samþykkt tillöguna, auk þess sem ekki hefði verið leitað eftir afstöðu allra sem áttu skráð skuldabréf. Því var ljóst að torsótt yrði að ná samþykki allra kröfuhafa eins og „frjálsir nauðasamningar" kreðust. Taldi stjórn sparisjóðsins þann kost einan í stöðunni að reyna formlega nauðasamninga í samræmi við ákvæði laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. og þá líklega að undangenginni greiðslustöðvun. Óvarlegt eða jafnvel ógerlegt væri að gera ráð fyrir því að sparisjóðurinn gæti stundað viðskiptabanka-

274. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Mýrasýslu 26. janúar 2009.

275. Bréf Sparisjóðs Mýrasýslu til Fjármálaeftirlitsins 3. apríl 2009.

276. Tölvuskeyti Sparisjóðs Mýrasýslu til Fjármálaeftirlitsins 13. febrúar 2009.

277. Áætlun um fjárhagslega endurskipulagningu Sparisjóðs Mýrasýslu (Restructuring proposal), 12. febrúar 2009.

278. Tölvuskeyti Sparisjóðs Mýrasýslu til Fjármálaeftirlitsins 24. febrúar 2009.

279. Bréf Sparisjóðs Mýrasýslu til Fjármálaeftirlitsins 26. febrúar 2009.

280. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Mýrasýslu 2. mars 2009.

281. Í tölvuskeyti sparisjóðsstjóra til Fjármálaeftirlitsins 24. febrúar 2009 kom fram að lánardrottnar virtust hræddir við að „lenda" einu máli því að þá væri komið fordæmi. Fimm dögum eftir yfirtöku Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. höfðu allir erlendu kröfuhafarnir utan einn samþykkt tillögu sparisjóðsins, en hafa verður í huga að að miklu leyti var um sömu erlendu kröfuhafa að ræða gagnvart Sparisjóði Mýrasýslu og Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf.

starfsemi meðan hann væri í greiðslustöðvun eða í formlegu nauðsamningsferli. Hinn 1. apríl 2009 lauk gildistíma kyrrstöðusamningsins, og frá þeim degi naut sparisjóðurinn ekki verndar gegn aðgerðum stærstu lánardrottna hans.[282]

Þar sem yfirgnæfandi meirihluti kröfuhafa sparisjóðsins hafði lýst sig fylgjandi áformum um sameiningu sparisjóðsins og Nýja Kaupþings banka, sem og fyrirliggjandi tillögu um uppgjör á kröfum, gerðu sparisjóðurinn og bankinn með sér kaupsamning 3. apríl 2009. Samningurinn fól í sér að bankinn keypti rekstur og eignir sparisjóðsins, ásamt því að yfirtaka veð- og forgangskröfur, sbr. 111. og 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.[283]

20.7.4 Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins

Meginforsenda þess að hægt yrði að efna kaupsamninginn af hálfu sparisjóðsins var að Fjármálaeftirlitið féllist á að beita heimildum 3. mgr. 100. gr. a laga um fjármálafyrirtæki. Það fól í sér að Fjármálaeftirlitið yfirtæki vald stofnfjáreigendafundar og tæki ákvörðun um að framselja frá sparisjóðnum til bankans þau réttindi og þær eignir sem samningurinn kvæði á um. Fór stjórn sparisjóðsins þessa á leit við Fjármálaeftirlitið 3. apríl 2009.[284]

Fjármálaeftirlitið varð við beiðni sparisjóðsins sama dag og rökstuddi ákvörðun sína með því að eigið fé sparisjóðs væri neikvætt og ólíklegt að hann gæti greitt gjaldfallnar skuldbindingar sínar þar sem samkomulag við kröfuhafa hefði ekki verið framlengt. Óviðunandi lausafjárstaða og verulega neikvæð eiginfjárstaða sparisjóðsins fæli í sér knýjandi aðstæður í skilningi laganna. Því taldi Fjármálaeftirlitið að hagsmunum viðskiptamanna, kröfuhafa og allra annarra hlutaðeigandi aðila væri best gætt með þeirri ráðstöfun sem kaupsamningurinn fól í sér.

Kaupverð samkvæmt kaupsamningi tók mið af því hvort sparisjóðnum tækist að ná nauðasamningum við kröfuhafa sína. Tækjust nauðasamningar skyldi kaupverðið greiðast með þeim hætti að bankinn yfirtæki veðkröfur og aðrar kröfur sem nytu tryggingaréttinga sem og forgangskröfur, sbr. 111. og 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti, auk yfirtöku almennra og víkjandi krafna. Almennar og víkjandi kröfur skyldu greiddar eins og tillaga sparisjóðsins hafði gert ráð fyrir, að því undanskildu að hlutafé í bankanum kæmi í stað stofnfjár í sparisjóðnum. Fyrir hverja milljón krafna, almennra og víkjandi, kæmu hlutabréf í bankanum að nafnverði 136.782 krónur. Tækjust nauðasamningar hins vegar ekki og bú sparisjóðsins yrði tekið til gjaldþrotaskipta myndi bankinn eftir sem áður yfirtaka framangreindar veð- og forgangskröfur. Kaupverðið myndi hins vegar lækka að því leyti að sá hluti kaupverðs, sem greiða átti með afhendingu á hlutafé í bankanum, félli niður að öllu leyti og almennar kröfur yrðu aðeins greiddar að hluta. Endanlegt kaupverð myndi því ráðast af fjárhæð yfirtekinna skulda og þeirra greiðslna sem bankinn þyrfti að inna af hendi hvort sem nauðasamningar tækjust eður ei. Kaupverðið skyldi gert upp í síðasta lagi 31. desember 2009. Enn fremur sagði í kaupsamningunum að eftir afhendingu skyldi bankinn efna skilyrtan kaupsamning frá 7. nóvember 2008 við Borgarbyggð um kaup á öllu stofnfé í sparisjóðnum. Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins fólst því jafnframt samþykki þess fyrir eignarhaldi bankans á öllu stofnfé í sparisjóðnum.

Í kjölfar ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins sótti sparisjóðurinn um heimild til greiðslustöðvunar, og var umsóknin samþykkt 27. apríl 2009. Hinn 30. september 2009 sótti sparisjóðurinn um heimild til að leita nauðasamninga í samræmi við ákvæði laga um gjaldþrotaskipti,[285] og á fundi 20. nóvember sama ár voru greidd atkvæði um frumvarp til nauðasamninga fyrir sparisjóðinn. Niðurstaðan varð sú að 90% kröfuhafa, sem jafngilti 73% af fjárhæð lýstra krafna, samþykktu. Engin atkvæði voru greidd gegn samningnum. Greiðsluhlutfall samkvæmt nauðasamningnum nam 67,6% almennra krafna.[286] Með úrskurði héraðsdóms Vesturlands 15. desember 2009 var nauðasamningur á grundvelli frumvarpsins staðfestur. Honum var ekki áfrýjað til Hæstaréttar.[287]

282. Bréf Sparisjóðs Mýrasýslu til Fjármálaeftirlitsins 3. apríl 2009.
283. Kaupsamningur Nýja Kaupþings banka hf. og Sparisjóðs Mýrasýslu, 3. apríl 2009.
284. Bréf Sparisjóðs Mýrasýslu til Fjármálaeftirlitsins 3. apríl 2009.
285. Með úrskurði Héraðsdóms Vesturlands sama dag var heimildin veitt.
286. Fréttatilkynning á vef Kauphallarinnar, „Nauðasamningar Sparisjóðs Mýrasýslu samþykktir", 23. nóvember 2009.
287. Sbr. auglýsingu um lok nauðasamningsumleitana sem birt var í *Lögbirtingablaðinu* 30. desember 2009.

20.8 Innra eftirlit

Við skoðun á innra eftirliti sparisjóðanna var leitast við að kanna hvernig fyrirkomulagi þess var háttað og hvort veikleikar hefðu verið í eftirlitskerfum sparisjóðanna. Almenna umfjöllun um innra eftirlit, hlutverk stjórnar, innri endurskoðun og áhættustýringu er að finna í 6. kafla, en eftirfarandi umfjöllun lýtur að virkni þessara þátta í starfsemi Sparisjóðs Mýrasýslu. Áhersla er lögð á skoðun tímabilsins 2005–2008.

20.8.1 Innri endurskoðun

Fjármálaeftirlitið veitti sparisjóðnum undanþágu frá rekstri eigin innri endurskoðunardeildar í kjölfar samnings sparisjóðsins við KPMG endurskoðun hf. um innri endurskoðun árið 2004. Árið 2006 sagði sparisjóðurinn upp samningnum við KPMG og setti á fót eigin innri endurskoðunardeild. Sú deild annaðist einnig innri endurskoðun dótturfélaganna, Sparisjóðs Ólafsfjarðar og Sparisjóðs Siglufjarðar frá árinu 2006 og Reykjavík Capital hf. frá árinu 2008. Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni sagði fyrrum sparisjóðsstjóri að ástæðan fyrir því að ákveðið hafi verið að hafa innri endurskoðanda innanborðs en nýta ekki þjónustu KPMG hefði verið sú að talið hefði verið að það yrði í betri höndum að hafa aðgang að innri endurskoðun „innanhúss“ og taldi hann það betra fyrir stofnunina.[288]

Í 16. gr. starfsreglna stjórnar Sparisjóðs Mýrasýslu sagði að endurskoðunardeild skyldi annast innri endurskoðun sparisjóðsins. Stjórn sparisjóðsins skyldi ráða forstöðumann endurskoðunardeildar sem færi með innri endurskoðun í umboði stjórnar og tryggja sjálfstæði hans í starfi. Þá skyldi stjórn sparisjóðsins samþykkja starfsreglur innri endurskoðanda. Innri endurskoðun heyrði beint undir stjórn sparisjóðsins og var sett sem sérstakt svið í skipurit frá árinu 2003 þótt innri endurskoðun hefði verið útvistað fram til ársins 2006.[289]

Hlutverk innri endurskoðanda var ekki skilgreint hjá Sparisjóði Mýrasýslu, en þegar Sonja Kristín Jakobsdóttir var ráðin sem forstöðumaður innri endurskoðunar sumarið 2006 átti hún frumkvæði að því að gera drög að erindisbréfi þar sem umgjörð innri endurskoðunar var skilgreind. Ekki var gengið formlega frá því.[290] Ekki fundust umræður um erindisbréf eða skráning í fundargerð um að það hefði verið afgreitt af stjórn.

Á fundi stjórnar sparisjóðsins 10. október 2007 var bókað að innri endurskoðandi hefði sagt starfi sínu lausu, og var stjórnarformanni og sparisjóðsstjóra falið að finna nýjan innri endurskoðanda. Ekki er að finna í gögnum stjórnar að ráðning nýs innri endurskoðanda hafi komið á dagskrá stjórnar, en sparisjóðsstjóri réð nýja manneskju til starfa. Rósa Jennadóttir, sem tók við starfi forstöðumanns innri endurskoðunar, leit á sparisjóðsstjóra sem næsta yfirmann sinn, en ekki stjórn og hafði lítil samskipti við hana.[291] Fram kom í skýrslu Rósu fyrir rannsóknarnefndinni að hún myndi ekki til þess að gert hefði verið erindisbréf vegna starfa hennar þegar hún tók við starfinu í árslok 2007.[292] Fjármálaeftirlitið kallaði eftir starfsreglum innri endurskoðunar í tengslum við úttekt á útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirliti með peningaþvætti sumarið 2008, en vísað var til þeirra í starfsreglum stjórnar sparisjóðsins. Reglurnar bárust ekki Fjármálaeftirlitinu, og leit það svo á að þessar reglur væru ekki til.[293]

288. Skýrsla Gísla Kjartanssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 21. maí 2013.
289. Í starfsreglum stjórnar sparisjóðsins frá 2003 var kveðið á um að stjórn hans og sparisjóðsstjóri bæru ábyrgð á og ættu að stuðla að góðu viðskiptasiðferði og heilbrigðum starfsháttum innan sparisjóðsins og byggja upp jákvætt viðhorf til verkefna innri endurskoðunar. Sambærilegt ákvæði var ekki að finna í starfsreglum stjórnar frá 2007.
290. Skýrsla Sonju Kristínar Jakobsdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 27. september 2012.
291. Skýrsla Rósu Jennadóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 27. september 2012.
292. Skýrsla Rósu Jennadóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 27. september 2012.
293. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóði Mýrasýslu, 30. júlí 2008.

Í fyrstu var talið að starf forstöðumanns innri endurskoðunar yrði fullt starf, en í skýrslu Sonju fyrir rannsóknarnefndinni kom fram að samhliða hefði hún sinnt öðrum störfum sem voru ekki talin raska óhæði og sjálfstæði innri endurskoðunar.[294] Önnur störf sem innri endurskoðandi sinnti voru gerð heimasíðu og útgáfa tímarits hjá sparisjóðnum.[295]

Tjáði Sonja rannsóknarnefndinni að hún teldi að ekki hefði verið mikill skilningur á hlutverki innri endurskoðunar, hvorki á meðal starfsmanna né stjórnenda. Eftir á að hyggja hefði sá sem sinnti innri endurskoðun þurft að hafa reynslu áður en hann færi í slíkt starf. Gott væri að hafa reynslu af bankastörfum, en það væri ekki nóg. Viðkomandi þyrfti að hafa reynslu af eftirlitsstarfi og þá sérstaklega þegar hann kæmi að ómótuðu starfi.[296]

Í skýrslu fyrrverandi stjórnarformanns sparisjóðsins lýsti hann því að málefni innri endurskoðunar hefðu „ekki verið í lagi“. Þegar sparisjóðurinn hefði ráðið til sín starfsmann til að sinna innri endurskoðun hefði honum ekki haldist á starfsmanninum og þeim sem ráðinn var í hans stað hefði ekki auðnast á þeim tíma sem um var að ræða til að tileinka sér alla þá þekkingu sem til þurfti. Innri endurskoðun hefði því verið „eitt af því sem var í ólagi“ hjá sparisjóðnum.[297]

Verkefni innri endurskoðunar

Innri endurskoðun var útvistað til KPMG á árunum 2003–2006. Vinna KPMG við innri endurskoðun ársins 2003 fól í sér athugun á innra eftirliti sparisjóðsins auk úttektar á stærstu skuldurum og vanskilaaðilum sparisjóðsins. Niðurstöður KPMG sýndu að almennt kæmi innra eftirlit sparisjóðsins vel út, og væri það í samræmi við athuganir þess undanfarin ár.[298] Innri endurskoðun vegna áranna 2004 og 2005 fól í sér könnun á ýmsum þáttum í innra eftirliti sparisjóðsins, hvort unnið hefði verið í samræmi við ákvarðanir stjórnar sjóðsins, hvort starfsreglur hefðu verið virtar, svo og lög og aðrar viðmiðanir. Niðurstaðan var sú að innra eftirlit sparisjóðsins kom almennt vel út og voru þær niðurstöður í samræmi við fyrri athuganir.[299]

Verkefni innri endurskoðunar á árunum 2006–2007 mótuðust af þeim verkefnum sem áður hafði verið sinnt af innri endurskoðun, auk þess sem forstöðumaður innri endurskoðunar, Sonja Kristín Jakobsdóttir, átti samstarf við aðra innri endurskoðendur hjá sparisjóðunum. Ekki var gerð endurskoðunaráætlun, heldur leitast við að fara yfir rekstur sparisjóðsins, innlán og útlán, skýrslur til Fjármálaeftirlitsins, eftirlit með peningaþvætti, fundargerðir og fleira. Þegar forstöðumaðurinn lét af störfum hafði hann aflað sér upplýsinga um það hvernig aðrir innri endurskoðendur sparisjóða ynnu sínar áætlanir og hafði hug á því að gera endurskoðunaráætlun byggða á áhættumati. Lítið var til af skráðum starfsreglum, verkferlum og vinnulýsingum hjá sparisjóðnum á þessum tíma, og beindi innri endurskoðun því til stjórnenda að á því yrði gerð bragarbót. Forstöðumaður innri endurskoðunar taldi að helstu áhættuþættir Sparisjóðs Mýrasýslu hefðu tengst eigin fjárfestingum og útlánum, en áherslur innri endurskoðunar voru frekar á útlán en fjárfestingar.[300]

Þegar hefur komið fram að Rósa Jennadóttir tók við starfi forstöðumanns innri endurskoðunar í desember 2007 og gegndi því fram undir árslok 2008. Fram kom í skýrslu hennar fyrir rannsóknarnefndinni að hún hefði ekki fengið neinn þjálfunartíma með fráfarandi forstöðumanni og hvorki hefði legið fyrir erindisbréf né önnur fyrirmæli frá stjórn um starfið. Allan starfstímann hefði hún verið að reyna að ná tökum á starfinu og leitað meðal annars til KPMG um aðstoð. Sparisjóðsstjóri og staðgengill hans neituðu þó forstöðumanninum um að kaupa aðstoð frá KPMG vegna kostnaðar.[301] Mikill tími hefði farið í að lesa sér til um starfið, en sparisjóðsstjórinn hefði lagt á það áherslu að hún gæfi sér tíma til að lesa og fræðast sem mest, ná áttum og skilja út á hvað innri endurskoðun

294. Skýrsla Sonju Kristínar Jakobsdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 27. september 2012.
295. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóði Mýrasýslu, 30. júlí 2008.
296. Skýrsla Sonju Kristínar Jakobsdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 27. september 2012.
297. Skýrsla Sigurðar Más Einarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 21. maí 2013.
298. Skýrsla um innri endurskoðun Sparisjóðs Mýrasýslu 2003, 26. nóvember 2003.
299. Skýrsla KPMG hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Mýrasýslu 2004; skýrsla KPMG hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Mýrasýslu 2005, 23. febrúar 2005.
300. Skýrsla Sonju Kristínar Jakobsdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 27. september 2012.
301. Skýrsla Rósu Jennadóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 27. september 2012.

gengi. Hún taldi sig ekki hafa geta leitað til stjórnar eða sparisjóðsstjóra um verkefni innri endurskoðunar og fannst stjórnin fjarlæg.[302] Forstöðumaðurinn taldi sig í upphafi hafa þann bakgrunn sem þyrfti í starfið, en eftir á að hyggja hefði svo ekki verið, ekki síst vegna þess að hún var eini starfsmaður endurskoðunardeildarinnar. Forstöðumaðurinn sinnti málum sem hann þekkti vel til úr bankanum, til dæmis hvernig væri staðið að peningaþvættismálum, en skoðaði ekki „störf stjórnar eða hvað þeir voru að gera, strákarnir á loftinu".[303]

Í ársskýrslu innri endurskoðunar vegna ársins 2007 var mælt með því að skriflegum verklagsreglum yrði komið á hjá sparisjóðnum. Slíkar reglur væru hluti af innra skipulagi og tilgangur þeirra að tryggja gott vinnulag og innra eftirlit. Hafin væri vinna við gerð verklagsreglna og mikilvægt væri að halda þeirri vinnu áfram og bent hefði verið á að samkvæmt Basel II reglum bæri stjórn ábyrgð á því að ferlar og verklagsreglur væru til staðar. Þá þyrfti stjórn að setja reglur um viðskipti starfsmanna, og ljúka yrði gerð starfslýsinga og ráðningarsamninga hið fyrsta. Þetta voru að mati innri endurskoðanda mikilvægir þættir í innra eftirlitskerfi.[304]

Í skýrslu forstöðumannsins fyrir rannsóknarnefndinni kom fram að það væri mat hennar að reglur og verkferlar hefði hvort tveggja verið fátæklegt í sparisjóðnum í samanburði við það sem hún hefði séð í störfum sínum fyrir banka, enda þótt það bankaútibú hefði verið mun minna en sparisjóðurinn. Uppfærslu innra netsins sem sparisjóðirnir héldu úti hefði ekki verið sinnt sem skyldi og það hefði því ekki verið góður grunnur til að leita í. Forstöðumaðurinn skoðaði einnig gögn um útlán í sparisjóðnum og fannst „merkilegt að sjá einmitt hvað útlán voru unnin hratt. Það var ekkert endilega verið að greiðslumeta þá, […] ég held að það hafi heyrt til tíðinda ef það voru reiknuð upp veð á fasteignum sem var verið að taka veð í. […] Ég held að það hafi ekkert verið vandað sérstaklega til svoleiðis mála hjá sparisjóðnum".[305]

Forstöðumaður innri endurskoðunar skilaði árlega skýrslu um störf sín til stjórnar sparisjóðsins, auk þess sem slíkum skýrslum var skilað árlega fyrir Sparisjóð Siglufjarðar og Sparisjóð Ólafsfjarðar til stjórnar þeirra sparisjóða. Ekki komu fram sérstakar beiðnir frá stjórnunum um úttekt á einstökum verkefnum, en almennt voru lítil samskipti milli innri endurskoðunar og stjórnar.[306] Taldi Sonja að samskipti við stjórnendur sparisjóðsins hefðu mátt vera meiri en þau voru og hún hefði mátt fylgjast betur með ákvörðunum stjórnenda. Í einhverjum tilvikum vissi hún ekki af tilteknum viðskiptum fyrr en eftir á, til dæmis um lán til kaupa á hlutabréfum í Sparisjóðabankanum. Einungis var um að ræða fundargerðir af stjórnarfundum, og voru þeir ekki margir á ári. Engar formlegar nefndir eða starfshópar voru starfandi hjá sparisjóðnum og þar af leiðandi engar fundargerðir. Rósa Jennadóttir, seinni forstöðumaður innri endurskoðunar, staðfesti einnig fyrir rannsóknarnefndinni að hún hefði einungis haft aðgang að fundargerðum stjórnar.[307]

Seinni forstöðumaður innri endurskoðunar náði ekki heilu ári í starfi og skilaði því ekki formlegum skýrslum til stjórnar á þeim tíma. Taldi hún sig upplifa áhugaleysi af hálfu stjórnenda sparisjóðsins sem meðal annars lýsti sér í því að hún fékk ekki næga aðstoð til að sinna starfinu eins og til var ætlast. Einhver skýrslugjöf átti sér þó stað til sparisjóðsstjóra og forstöðumanna, en að mestu leyti óformleg.[308]

Úttekt á störfum innri endurskoðunardeildar Sparisjóðs Mýrasýslu

Fjármálaeftirlitið lauk úttekt á útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirliti með peningaþvætti hjá Sparisjóði Mýrasýslu 30. júlí 2008. Í skýrslunni voru gerðar alvarlegar athugasemdir við framkvæmd innri endurskoðunar á árinu 2008. Taldi Fjármálaeftirlitið að ekki hefði verið virk innri endurskoðun hjá sparisjóðnum frá desember 2007 þegar nýr forstöðumaður innri endurskoðunar tók til starfa. Lagði Fjármálaeftirlitið ríka áherslu á mikilvægi þess að til staðar væri virk innri endurskoðun sem kannaði innra eftirlit sparisjóðsins og hvort

302. Skýrsla Rósu Jennadóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 27. september 2012.
303. Skýrsla Rósu Jennadóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 27. september 2012.
304. Skýrsla um innri endurskoðun Sparisjóðs Mýrasýslu árið 2007.
305. Skýrsla Rósu Jennadóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 27. september 2012.
306. Skýrsla Sonju Kristínar Jakobsdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 27. september 2012.
307. Skýrsla Rósu Jennadóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 27. september 2012.
308. Skýrsla Rósu Jennadóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 27. september 2012.

unnið hefði verið í samræmi við lög og reglur um starfsemina. Alvarlegar athugasemdir voru gerðar við það að engar skýrslur, úttektir eða greiningar hefðu verið gerðar frá því í desember 2007 og fram að skoðun eftirlitsins. Því hefði innri endurskoðun ekki verið sinnt að því marki sem fram kæmi í skipuriti sparisjóðsins. Athugasemdir voru gerðar við það að ekki hefðu verið gerðar starfsreglur fyrir innri endurskoðanda þótt vísað væri til þeirra í starfsreglum stjórnar og að ekki hefði verið gerð endurskoðunaráætlun fyrir árið 2008. Þá hefði innri endurskoðandi ekki farið með reglubundnum hætti yfir fyrirgreiðslur til venslaðra aðila eins og gert var ráð fyrir í leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 4/2006. Í tilmælunum kom fram að Fjármálaeftirlitið teldi mikilvægt að fjármálafyrirtæki legðu fyrir innri endurskoðanda að fara með reglubundnum hætti yfir fyrirgreiðslu til venslaðra aðila, meðal annars með tilliti til kjara, endursamninga og stöðu.[309]

20.8.2 Áhættustýring

Samkvæmt 12. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002 ber fjármálafyrirtækjum að upplýsa opinberlega um áhættur, áhættustýringu og eiginfjárstöðu sína, en Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um slíka upplýsingagjöf. Umfjöllun um áhættustýringu sparisjóðsins kom fyrst fram í skýringum með ársreikningi vegna ársins 2007. Um sambærilegan texta er að ræða og í ársreikningum annarra sparisjóða:

> Í daglegri starfsemi sinni sem fjármálafyrirtæki stendur sparisjóðurinn frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Stjórnendur hans verja umtalsverðum tíma í að stjórna þessari áhættu. Eitt það mikilvægasta í skilvirkri áhættustjórnun er greining helstu áhættuþátta, mæling áhættu, viðbrögð til að takmarka áhættuna og reglubundið eftirlit með henni. […] Helstu áhættuþættir eru útlánaáhætta, lausafjáráhætta og markaðsáhætta. Í markaðsáhættu felst gjaldeyrisgengisáhætta, vaxtaáhætta og verðáhætta.[310]

Stefna sparisjóðsins var að sífellt skyldi fylgst með og reynt að stjórna helstu áhættuþáttum sem gætu haft áhrif á afkomu og eigið fé sparisjóðsins. Skyldi áhættustýring sinna þessu hlutverki.[311] Stjórn sparisjóðsins samþykkti reglur um áhættustýringu 9. nóvember 2005. Síðar samdi áhættustýringarnefnd nýjar reglur um áhættustýringu, samþykktar af stjórn sparisjóðsins 10. júní 2008. Samkvæmt 3. gr. reglnanna[312] bar stjórn sparisjóðsins ábyrgð gagnvart stofnfjáraðilum á því að reglum um áhættustýringu væri framfylgt. Sparisjóðsstjóri bar ábyrgð á áhættustýringu sparisjóðsins gagnvart stjórn og gat sett nánari reglur um hana, auk þess sem hann átti að skilgreina áhættuviðmið eftir því sem þörf væri talin á. Forstöðumenn einstakra deilda eða framkvæmdastjórar dótturfélaga báru hver um sig ábyrgð gagnvart sparisjóðsstjóra á stýringu á áhættuþáttum sem að þeim sneru. Í því fólst að framfylgja reglum um áhættustýringu og öðrum reglum og viðmiðum um áhættustýringu sem kynnu að verða settar.

Það var markmið eða tilgangur áhættustýringar, samkvæmt 2. gr. reglna sparisjóðsins um áhættustýringu, að finna ásættanlegt jafnvægi milli þeirrar áhættu, sem óhjákvæmilega fólst í starfsemi hans og gæti leitt til tekjutaps eða rýrnunar eigna, og hámörkunar á tekjum hans. Í 2. grein reglnanna sagði jafnframt: „Að því skal stefnt að árlegt framlag á afskriftareikning útlána sé að jafnaði innan við 1% af útlánum og ábyrgðum.“ Eitt helsta verkefni sparisjóðsins var talið vera áhættumat ásamt aðgerðum sem beindust að því að takmarka áhættuna með skynsamlegri dreifingu útlána og fjárfestingum í öðrum eignum. Í ársreikningi 2007 sagði að verið væri að byggja upp virka áhættustýringu innan sparisjóðsins, og var sami texti í árshlutareikningi sparisjóðsins 31. mars 2008.

Í ársreikningi 2007 kom fyrst fram að í sparisjóðnum væri starfandi áhættustýringardeild sem greindi helstu áhættuþætti sem fylgdu starfsemi sparisjóðsins, innleiddi aðferðir til að fylgjast með þeim, mat þá reglulega, hélt við eftirliti og reglum til að halda viðkomandi áhættuþáttum innan skilgreindra viðmiða. Forstöðumaður fyrirtækjasviðs annaðist fram-

309. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóði Mýrasýslu, 30. júlí 2008.

310. Ársreikningur Sparisjóðs Mýrasýslu 2007; árshlutareikningur Sparisjóðs Mýrasýslu, 31. mars 2008.

311. Ársreikningur Sparisjóðs Mýrasýslu 2007.

312. Reglur Sparisjóðs Mýrasýslu um áhættustýringu, 9. nóvember 2005. Sambærilegt ákvæði er í reglum Sparisjóðs Mýrasýslu um áhættustýringu frá 10. júní 2008.

kvæmd áhættustýringar í umboði sparisjóðsstjóra.[313] Jafnframt sagði að í þeirri uppbyggingu áhættustýringardeildar sem stæði yfir yrði sjálfstæði deildarinnar aukið. Áhættustýring veitti stjórn og áhættustýringarnefnd upplýsingar um stöðu helstu áhættuþátta, meðal annars með tilliti til áhættuviðmiða, þannig að yfirstjórn sparisjóðsins væri hverju sinni meðvituð um helstu áhættur og gæti brugðist við þeim, væri ástæða til.[314] Samkvæmt innri matsskýrslu sparisjóðsins var auglýst starf við áhættustýringu í byrjun árs 2008, en auglýsingin skilaði ekki tilætluðum árangri.[315]

Samkvæmt 3. gr. reglna sparisjóðsins um áhættustýringu bar sparisjóðnum að hafa áhættustýringarnefnd sem skipuð væri sparisjóðsstjóra og forstöðumönnum sparisjóðsins. Nefndin var ráðgefandi, en hafði ekki ákvörðunarvald. Fundir skyldu haldnir mánaðarlega og þar fjallað almennt um áhættustýringu sparisjóðsins og reglur og viðmið á því sviði, virkni áhættustýringar og stöðu sparisjóðsins gagnvart áhættuviðmiðum. Þá skyldi nefndin einnig fjalla um fjármögnun sparisjóðsins og fjárstýringu, auk þess að fjalla almennt um rekstraráhættu. Nefndin skyldi sjá um að safna saman skýrslum sem sýndu stöðu sparisjóðsins gagnvart áhættuviðmiðum og annast frekari úrvinnslu upplýsinga á grundvelli skýrslnanna. Nefndarmenn skyldu hafa beinan aðgang að nauðsynlegum gögnum svo að þeir gætu kannað áreiðanleika upplýsinga og framkvæmt sjálfstætt áhættumat. Allar upplýsingar skyldu unnar á samstæðugrundvelli.

Í skýrslum sem forstöðumenn innri endurskoðunar gáfu fyrir rannsóknarnefndinni kom fram að ekki hefðu verið formleg samskipti milli innri endurskoðunar og áhættustýringar. Þá kom einnig fram að áhættustýring hefði ekki verið formlega skilgreind sem hlutverk einhvers eins starfsmanns og raunar verið í mýflugumynd í sparisjóðnum.[316] Rannsóknarnefndinni bárust ekki fundargerðir áhættustýringarhóps, og ekki er að sjá að formleg skýrslugjöf hafi verið frá áhættustýringu eða áhættustýringarhópi til stjórnar sparisjóðsins. Forstöðumanni innri endurskoðunar var ekki kunnugt um að slík nefnd hefði verið starfandi og vissi ekki hverjir hefðu setið í nefndinni.[317] Nýjum forstöðumanni innri endurskoðunar sem kom til starfa árið 2007 var ekki heldur kunnugt um að áhættustýringarhópur hefði starfað innan sparisjóðsins.[318] Fyrrum sparisjóðsstjóri staðfesti fyrir rannsóknarnefndinni að áhættustýringarnefnd hafi ekki verið virk. Þó kveðið hafi verið á um það í reglum að áhættustýringarnefnd ætti að vera til staðar hafi reglurnar verið ætlaðar mun stærri stofnunum en Sparisjóði Mýrasýslu og að miklu leyti ekki átt við.[319] Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins um vettvangsathugun í sparisjóðnum voru gerðar töluverðar athugasemdir við áhættustýringu sparisjóðsins. Í athugasemdum sparisjóðsins við drög að skýrslunni frá í október 2008 kom fram að stjórnendum og stjórn sparisjóðsins hefði verið ljóst að ekki hefði verið nægilega vel staðið að áhættustýringu en gert væri ráð fyrir að stofna sérstaka áhættustýringarstöðu innan sparisjóðsins eins fljótt og auðið er.

Sparisjóðurinn skilaði innri matsskýrslu um eiginfjárþörf (ICAAP skýrslu) til Fjármálaeftirlitsins 13. júní 2008. Í skýrslunni var farið yfir helstu þætti um stöðu og framtíðarhorfur sparisjóðsins. Fjallað var um áhættuþætti, eiginfjárþörf, fjármögnun, áhættustýringu, stjórnun og fleira. Í skýrslunni sagði að eftirlit með áhættu og áhættustýringarferlar væru ekki nægilega mótaðir innan sparisjóðsins, en átak í þeim efnum væri í gangi þegar skýrslunni var skilað.[320] Talið var að markaðsáhætta, útlánaáhætta og fjármögnunaráhætta væru stærstu áhættuþættir sparisjóðsins, en þar sem ekki væri um umfangsmikinn rekstur að ræða væru ekki til staðar sérstök kerfi eða áhættustýringarlíkön til að mæla áhættuna. Vel væri þó fylgst með stærstu þáttum og málum sem áhrif gætu haft á áhættu sparisjóðsins.[321]

313. Í skipuriti sparisjóðsins frá 2004 var tilgreint að sparisjóðsstjóri, forstöðumaður einstaklingsþjónustu og forstöðumaður fyrirtækjaþjónustu sinntu áhættustýringu. Í þeim skipuritum sem síðar komu var áhættustýring tilgreind sem sjálfstæð eining, en ekki kom fram hverjir sinntu henni.

314. Ársreikningur Sparisjóðs Mýrasýslu 2007.

315. Innri matsskýrsla Sparisjóðs Mýrasýslu, 13. júní 2008.

316. Skýrsla Sonju Kristínar Jakobsdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 27. september 2012.

317. Skýrsla Sonju Kristínar Jakobsdóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 27. september 2012.

318. Skýrsla Rósu Jennadóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 27. september 2012.

319. Skýrsla Gísla Kjartanssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 21. maí 2013.

320. Innri matsskýrsla Sparisjóðs Mýrasýslu, 13. júní 2008.

321. Innri matsskýrsla Sparisjóðs Mýrasýslu, 13. júní 2008.

Úttektir á áhættustýringu Sparisjóðs Mýrasýslu

Fjármálaeftirlitið lauk úttekt á útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirliti með peningaþvætti hjá Sparisjóði Mýrasýslu 30. júlí 2008. Í skýrslunni voru gerðar alvarlegar athugasemdir við áhættustýringu sparisjóðsins, og var það mat Fjármálaeftirlitsins að áhættustýringarnefnd sinnti hvorki áhættustýringu með þeim hætti sem reglur Sparisjóðs Mýrasýslu kvæðu á um né með þeim hætti sem lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2002 um innra eftirlit og áhættustýringu hjá fjármálafyrirtækjum mæltu fyrir um.[322]

Bent var á að áhættustýring væri ekki sjálfstæð eining innan sparisjóðsins eins og ráða mætti af skipuriti. Ekki væri sérstakt áhættustýringarsvið, heldur væri áhættustýring í höndum áhættustýringarnefndar sem stýrt væri af forstöðumanni fyrirtækjasviðs. Að mati Fjármálaeftirlitsins væru þessi störf ósamrýmanleg með tilliti til sjálfstæðis áhættustýringar. Þá væri sparisjóðsstjóri ekki formaður nefndarinnar eins og áskilið væri í reglum um áhættustýringu. Þá var gagnrýnt að ekki væru lögð fram mánaðaryfirlit yfir áhættuþætti og áhættuviðmið fyrir áhættustýringarnefnd sem gert væri ráð fyrir í sömu reglum. Eftirliti með því að skuldbindingar væru innan marka væri ekki sinnt og ekki fylgst með stöðu áhættuskuldbindinga. Taldi Fjármálaeftirlitið að áhættustýring sparisjóðsins væri ekki virk og hvorki væru framkvæmd álagspróf á útlánasafni samstæðunnar né greining á útlánaáhættu. Hvergi væri skilgreint verklag vegna lána í tapsáhættu. Tryggingar vegna útlána hefðu ekki verið metnar og ekki væri um að ræða verklag sem bæri að fylgja ef frávik yrðu á tryggingum vegna útlána. Þá var einnig gerð sú athugasemd að áhættustýringarnefnd fundaði ekki reglulega og fundargerðir nefndarinnar væru ekki tiltækar.

Sparisjóðurinn svaraði þessum athugasemdum í bréfi 3. október 2008, en þá hafði orðið gagnger breyting á regluverki og innra eftirliti sjóðsins. Í því bréfi var vísað til þess að stjórnendum sparisjóðsins væri kunnugt um að áhættustýringu hefði verið ábótavant þegar vettvangsathugunin fór fram og reynt hefði verið að ráða starfsmann í áhættustýringu í þó nokkurn tíma, en enginn fundist sem uppfyllti skilyrði til svo sérhæfðs starfs. Stjórnin hefði hins vegar, frá því að skýrsla Fjármálaeftirlitsins var gerð, samið við Kaupþing banka um að sinna áhættustýringu sparisjóðsins þótt nánari útfærsla samstarfsins lægi ekki fyrir. Fjármálaeftirlitinu yrði tilkynnt um þær ráðstafanir síðar. Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni staðfesti fyrrum stjórnarformaður sparisjóðsins að áhættustýring hefði verið lítil sem engin í sparisjóðnum.[323]

322. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóði Mýrasýslu, 30. júlí 2008.

323. Skýrsla Sigurðar Más Einarssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 21. maí 2013.

21. Afl sparisjóður



21. AFL SPARISJÓÐUR

Afl sparisjóður varð til við samruna Sparisjóðs Siglufjarðar og Sparisjóðs Skagafjarðar. Samruninn var samþykktur samkvæmt samrunaáætlun í stjórn Sparisjóðs Siglufjarðar 13. ágúst 2007 og hinn sama dag var samruninn samþykktur í Sparisjóði Skagafjarðar. Bókhaldslegur samruni þeirra miðaðist við 1. janúar 2008.[1] Sameinaður sparisjóður starfaði síðan undir nafni Sparisjóðs Siglufjarðar, þar til nafni hans var breytt í „Afl sparisjóð“ á fundi 18. apríl 2008.[2]

Sparisjóður Skagafjarðar, sem hét Sparisjóður Hólahrepps þar til síðla árs 2004, gat rakið uppruna sinn til ársins 1907 en Sparisjóður Siglufjarðar aftur til ársins 1873. Afl sparisjóður er þannig það starfandi fjármálafyrirtæki í landinu sem á sér lengsta samfellda sögu. Í árslok 2007, fyrir sameiningu þessara tveggja sparisjóða, voru heildareignir Sparisjóðs Siglufjarðar fjórfaldar á við eignir Sparisjóðs Skagafjarðar og eigið fé um 12 sinnum meira. Sparisjóður Siglufjarðar keypti útibú Glitnis hf. á Siglufirði og tók við rekstri þess 26. júní 2006. Afgreiðsla sparisjóðsins var þá flutt að Aðalgötu 34, þar sem útibú Glitnis hf. hafði verið, og hefur Afl sparisjóður verið þar til húsa.

Í samþykktum sparisjóðsins frá 18. apríl 2008 var starfsemi hans skilgreind sem geymsla og ávöxtun fjár, miðlun á peningum, verðbréfaviðskipti og önnur þjónustustarfsemi. Í þessum samþykktum var ekki vikið sérstaklega að samfélagslegu hlutverki sparisjóðsins en í síðari samþykktum frá 31. maí 2011, sem voru að mestu leyti áþekkar þeim fyrri, var þess getið að sparisjóðurinn ætti að láta gott af sér leiða og standa vörð um og þróa atvinnulíf, mannlíf og velferð á starfssvæði sjóðsins.

Tafla 1. Stjórn Sparisjóðs Siglufjarðar og síðar Afls sparisjóðs 2001–2011.[3]

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008/I	2008/II	2009	2010	2011
Andrés Magnússon		x	x	x	x	x	x					
Bernhard Þór Bernhardsson									x			
Finnur Yngvi Kristinsson												x
Friðrik Friðriksson		x										
Gísli Kjartansson		x	x	x	x	Form.	Form.	Form.				
Gunnar Sigvaldason								x	x	x	x	
Haraldur Árnason	x											
Haukur Jónasson	Form.											
Iða Brá Benediktsdóttir											x	x
Jóhanna Kristrún Birgisdóttir										x		
Kjartan Broddi Bragason			x									
Kristján L. Möller	x											
Magnús Brandsson		x										
Magnús Sigurðsson			x									
Ólafur Helgi Marteinsson	x	Form.	Form.	Form.	Form.							
Ólafur Kristinn Sigmarsson											x	x
Róbert Birgir Agnarsson									Form.			
Sigurður Már Einarsson				x	x	x	x	x				
Sigurjón Rúnar Rafnsson							x	x	x	x		
Stefán Sveinbjörnsson				x	x	x	x	x				
Sverrir Sveinsson	x					x	x					
Þórarinn Ingi Ólafsson									x			
Þórbergur Guðjónsson										Form.	Form.	Form.
Þórdís Úlfarsdóttir										x		x

Árið 2008: Stjórn I kosin á aðalfundi 18. apríl, en stjórn II á stofnfjárhafafundi 26. september.

1. Tilkynning um staðfestan samruna sparisjóðanna barst fyrirtækjaskrá þó ekki fyrr en 1. júní 2012. Þá var óskað eftir því að Sparisjóður Skagafjarðar yrði afskráður úr fyrirtækjaskrá.
2. Tilkynning um breytingu á nafni félags til fyrirtækjaskrár, móttekin 23. apríl 2008.
3. Ársreikningar Sparisjóðs Siglufjarðar, Afls sparisjóðs og aðalfundargerðir þeirra. Hinn 15. ágúst 2008 var undirritað samkomulag um stofnfjáraukningu í Sparisjóði Mýrasýslu, móðurfélagi Afls sparisjóðs. Aukningin nam 2 milljörðum króna og Kaupþing yrði eigandi 70,2% stofnfjár eftir aukninguna. Sama dag var skipt um stjórn Sparisjóðs Mýrasýslu og tóku nýir aðilar við stjórnum dótturfélaga hans. Tímabilið 2008/I vísar hér til þess tíma áður en skipt var um stjórn og 2008/II til þess tíma er nýja stjórnin starfaði.

Ólafur Jónsson varð sparisjóðstjóri Sparisjóðs Siglufjarðar árið 2001 og hefur síðan verið sparisjóðsstjóri sameinaða sjóðsins. Hjá sparisjóðnum voru 40 stöðugildi í lok árs 2011. Á aðalfundi 31. maí 2011 voru Þórbergur Guðjónsson, Iða Brá Benediktsdóttir, Þórdís Úlfarsdóttir, Ólafur Kristinn Sigmarsson og Finnur Yngvi Kristinsson kosin í stjórn sparisjóðsins.

Sparisjóður Siglufjarðar stóð mjög tæpt um og eftir aldamótin, eiginfjárhlutfall var 1,1% í lok árs 2001 og 4,7% í lok árs 2002. Liður í því að bjarga rekstri sjóðsins var að auka stofnfé hans verulega árið 2001. Þá eignaðist Sparisjóður Mýrasýslu 41,2% stofnfjár í sjóðnum og tveimur árum síðar keypti hann allt sem eftir stóð af stofnfé í Sparisjóði Siglufjarðar sem varð þá dótturfélag Sparisjóðs Mýrasýslu. Skipan stjórnar Sparisjóðs Siglufjarðar bar þessa merki, til að mynda var sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Mýrasýslu stjórnarformaður Sparisjóðs Siglufjarðar árin 2006 og 2007 og til hausts 2008. Stjórnarformaður Sparisjóðs Mýrasýslu sat einnig í stjórn Sparisjóðs Siglufjarðar frá 2004 til 2007.

Þegar Fjármálaeftirlitið tók yfir vald stofnfjárhafafundar í Sparisjóði Mýrasýslu 3. apríl 2009 tók Nýja Kaupþing banki hf. (síðar Arion banki hf.) við starfsemi og dótturfélögum sparisjóðsins. Arion banki hf. setti Afl sparisjóð í opið söluferli í september 2011 og barst eitt tilboð í hann en ekki var gengið að því. Arion banki hf. fór með 94,5% hlut í sparisjóðnum í lok árs 2011.

Í lok árs 2007, fyrir fall bankanna, námu heildareignir sparisjóðsins 8 milljörðum króna. Hann var einn af minni sparisjóðunum í landinu með um 1,5% af heildareignum sparisjóðanna sem voru þá um 614 milljarðar króna. Í lok árs 2011 námu heildareignir Afls sparisjóðs 14,8 milljörðum króna og var það um 25% af heildareignum sparisjóðanna á þeim tíma.

21.1 Ársreikningar 2001–2011

Hér verður farið yfir þróun rekstrarreiknings og efnahagsreiknings Sparisjóðs Siglufjarðar og Afls sparisjóðs, helstu liði þeirra og kennitölur á árunum frá 2001 til 2011. Umfjöllunin miðast við verðlag hvers árs nema annað sé tekið fram. Á það skal bent að frá og með árinu 2008 var rekstur Sparisjóðs Skagafjarðar orðinn hluti af ársreikningum Afls. Til að einfalda umfjöllun um rekstur og efnahag er nafnið Afl sparisjóður notað yfir allt tímabilið frá 2001 til 2011. Gerð er stuttlega grein fyrir rekstri og efnahag Sparisjóðs Skagafjarðar (áður Hólahrepps) í næsta kafla.

21.1.1 Rekstrarreikningar

Sparisjóður Siglufjarðar var kominn í verulega erfiða stöðu um og eftir aldamótin. Hann tapaði samtals 265 milljónum króna árin 2001 og 2002. Eiginfjárhlutfallið var langt neðan við tilskilið lágmark í lok beggja áranna. Ástæða þessarar bágu stöðu var mikil óvarkárni í útlánum. Aðrir sparisjóðir hlupu undir bagga og í lok árs 2001 lögðu þeir Sparisjóði Siglufjarðar til nýtt stofnfé upp á 60 milljónir króna og ýmsar fleiri ráðstafanir voru gerðar til að rétta fjárhag sjóðsins við. Það dugði þó ekki til og á árinu 2003 keypti Sparisjóður Mýrasýslu allt stofnfé í Sparisjóði Siglufjarðar og lagði honum að auki til 100 milljónir króna í nýju stofnfé.

Næstu fimm ár gekk reksturinn vel og skilaði hagnaði. Fjáreignir áttu minni þátt í þeirri velgengni en hjá mörgum öðrum sparisjóðum á sama tíma. Árið 2008 varð síðan mikið tap sem skýrðist fyrst og fremst af meira en eins milljarðs króna framlagi í afskriftareikning útlána vegna lána í erlendum myntum. Hátt framlag í afskriftareikning útlána dró afkomuna enn niður á við árin 2010 og 2011, einkum árið 2010 þegar framlagið nam um 2,4 milljörðum króna. Ári síðar var tekjufærð eftirgjöf skuldar við Arion banka hf. upp á 2,4 milljarða króna sem skýrði nær algjörlega 2,1 milljarðs króna hagnað sparisjóðsins það ár. Umtalsvert tap hefði orðið á rekstri sjóðsins án þessarar tekjufærslu árið 2011.

Ólíkt því sem var hjá öðrum sparisjóðum skilaði Afl sparisjóður hagnaði af fjáreignum árin 2008–2011. Hagnaðurinn var nær allur til kominn vegna gengishagnaðar af mismun á erlendum eignum og skuldum en ekki vegna tekna af verðbréfum. Um 634

milljóna króna gengishagnaður af fjáreignum, sem skýrðist af 570 milljóna króna uppgjöri á gjaldmiðlaskiptasamningum við Sparisjóð Mýrasýslu og Arion banka hf., bar uppi hagnað ársins 2009.

Tafla 2. Samandregnir rekstrarreikningar Afls sparisjóðs/Sparisjóðs Siglufjarðar 2001–2011.[4]

Þús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Hreinar vaxtatekjur	50.892	87.776	97.942	100.940	120.580	175.303	268.711	316.106	362.035	433.227	440.580
Hreinar þjónustutekjur	56.071	68.809	77.416	128.242	131.541	180.246	181.620	190.194	187.176	170.144	170.918
Arðstekjur og hlutdeildartekjur	3.223	2.735	6.841	2.400	7.251	4.364	2.892	1.372	–	400	809
Gengishagn. (tap) af fjáreignum	18.479	4.781	30.331	71.362	128.728	(651)	40.406	96.970	633.880	128.247	161.568
Aðrar rekstrartekjur	4.356	669	–	1.960	658	5.238	5.955	16.083	20.184	46.055	30.194
Hreinar rekstrartekjur	**133.021**	**164.770**	**212.530**	**304.904**	**388.758**	**364.500**	**499.584**	**620.725**	**1.203.275**	**778.073**	**804.069**
Almennur rekstrarkostnaður	(117.166)	(111.867)	(130.774)	(191.419)	(222.773)	(267.354)	(296.426)	(424.838)	(440.907)	(470.857)	(517.371)
Önnur rekstrargjöld	–	–	–	–	–	–	–	(88.807)	–	–	–
Framlög í afskriftareikning útlána	(225.986)	(181.965)	(51.116)	(48.646)	(60.940)	(52.238)	(77.939)	(1.054.847)	(735.056)	(2.359.592)	(408.260)
Rekstrargjöld samtals	**(343.152)**	**(293.832)**	**(181.890)**	**(240.065)**	**(283.713)**	**(319.592)**	**(374.365)**	**(1.568.492)**	**(1.175.963)**	**(2.830.449)**	**(925.631)**
Tekjufærð eftirgjöf skuldar	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	2.400.000
Hagnaður (tap) fyrir skatta	**(210.131)**	**(129.062)**	**30.640**	**64.839**	**105.045**	**44.908**	**125.219**	**(947.767)**	**27.312**	**(2.052.376)**	**2.278.438**
Skattar samtals	51.031	23.231	(4.324)	(744)	(18.865)	(5.049)	(21.745)	142.165	(9.719)	–	(153.407)
HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS	**(159.100)**	**(105.831)**	**26.316**	**64.095**	**86.180**	**39.859**	**103.474**	**(805.602)**	**17.593**	**(2.052.376)**	**2.125.031**

Hreinar rekstrartekjur

Hreinar rekstrartekjur sparisjóðsins hækkuðu nær samfellt á árunum 2001–2009. Hreinar vaxtatekjur og hreinar þjónustutekjur áttu þar stærstan hlut að máli en gengishagnaður af fjáreignum skýrði helstu sveiflurnar árin 2005 og 2009.

Hreinar rekstrartekjur samanstanda af hreinum vaxtatekjum, hreinum þjónustutekjum, arðstekjum og hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga, gengishagnaði (-tapi) af fjáreignum og öðrum rekstrartekjum.

Mynd 1. Hreinar rekstrartekjur Afls sparisjóðs/Sparisjóðs Siglufjarðar 2001–2011.[5]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Aðrar rekstrartekjur	4.356	669	–	1.960	658	5.238	5.955	16.083	20.184	46.055	30.194
Gengishagn. (tap) af fjáreignum	18.479	4.781	30.331	71.362	128.728	(651)	40.406	96.970	633.880	128.247	161.568
Arðstekjur og hlutdeildartekjur	3.223	2.735	6.841	2.400	7.251	4.364	2.892	1.372	–	400	809
Hreinar þjónustutekjur	56.071	68.809	77.416	128.242	131.541	180.246	181.620	190.194	187.176	170.144	170.918
Hreinar vaxtatekjur	50.892	87.776	97.942	100.940	120.580	175.303	268.711	316.106	362.035	433.227	440.580
Hreinar rekstrartekjur	133.021	164.770	212.530	304.904	388.758	364.500	499.584	620.725	1.203.275	778.073	804.069

Fjárfesting í verðbréfum hafði ekki teljandi áhrif á afkomu sparisjóðsins og var gengishagnaður af fjáreignum á árunum 2007–2011 öðruvísi til kominn en hjá öðrum sparisjóðum. Sparisjóðurinn seldi allar stærstu fjáreignir sínar árið 2001 í því skyni að rétta við bága fjárhagsstöðu. Stærsta niðurfærsla sjóðsins á verðbréfaeign á tímabilinu var 4,7 milljónir

4. Ársreikningar Sparisjóðs Siglufjarðar 2001–2007; ársreikningar Afls sparisjóðs 2008–2011. Í viðauka í kafla C má sjá sömu rekstrarreikninga á föstu verðlagi.
5. Ársreikningar Sparisjóðs Siglufjarðar 2001–2007; ársreikningar Afls sparisjóðs 2008–2011.

króna vegna Nessins ehf. á árinu 2010. Sparisjóðurinn hafði hins vegar talsverðar tekjur af gengisbreytingum gjaldmiðla vegna samsetningar efnahagsreiknings síns. Mest voru áhrif gengishagnaðar á afkomu árið 2009 þegar gengismunur var jákvæður um 641 milljón króna.

Arðs- og hlutdeildartekjur voru óverulegar, en stærstu hlutdeildarfélög sparisjóðsins voru Reiknistofa bankanna og Teris. Hann seldi hlut sinn í Sparisjóðabanka Íslands hf. á árinu 2001. Árið 2007 var breytt um reikningsskilaaðferðir hjá sparisjóðnum og eftir það voru engin hlutdeildarfélög í sparisjóðnum.

Þjónustutekjur voru stór hluti rekstrartekna. Sparisjóðurinn hefur allt frá árinu 2000 sinnt umfangsmikilli fjarvinnslu fyrir önnur fjármálafyrirtæki. Þá var gerður samningur við Kaupþing hf. um iðgjaldaskráningu fyrir lífeyrissjóði. Þetta vatt fljótt upp á sig og annaðist sparisjóðurinn síðan alla bakvinnslu fyrir lífeyrissjóðsafurðir bankans og síðan Arion banka hf. Sparisjóðurinn er einnig með önnur fjarvinnsluverkefni en fyrir Arion banka hf.

Aðrar rekstrartekjur voru að mestu óverulegur hluti hreinna rekstrartekna á tímabilinu. Þær uxu þó talsvert árið 2008 og fóru hæst í 46 milljónir króna árið 2010. Þær voru aldrei sundurliðaðar í ársreikningi sjóðsins.

Hreinar vaxtatekjur uxu jafnt og þétt á þessu ellefu ára tímabili. Mest hækkuðu þær árin 2006 og 2007 þegar vaxtamunur sparisjóðsins varð mestur í samanburði við sparisjóðina í heild. Þrátt fyrir að vaxtamunur lækkaði verulega árið 2008 jukust hreinar vaxtatekjur um rúmar 47 milljónir króna. Ytri þættir, svo sem gengisfall krónunnar og aukin verðbólga á árinu 2008, höfðu veruleg áhrif til hækkunar vaxtatekna og vaxtagjalda en stækkun sjóðsins með sameiningu við Sparisjóð Skagafjarðar hafði einnig sitt að segja. Stærstur hluti vaxtatekna kom frá útlánum, eða 84–98%. Vaxtatekjur af markaðsskuldabréfum og kröfum á lánastofnanir voru hverfandi hluti vaxtatekna og nánast undantekningarlaust minni en 10%.

Vaxtagjöldin voru að stærstum hluta vegna almennra innlána, eða 41–71%. Vaxtagjöld til lánastofnana sveifluðust töluvert og námu mest 45% vaxtagjalda árið 2002. Eftir 2005 voru þau á bilinu 13–32% af vaxtagjöldum. Vaxtagjöld vegna lántöku vógu að jafnaði á bilinu 11–22% eftir að þau komu fyrst í bækur sparisjóðsins árið 2003.

Tafla 3. Meðalvextir útlána og innlána og vaxtamunur hjá Afli sparisjóði/Sparisjóði Siglufjarðar 2001–2011.[6]

Þús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Sparisjóður Siglufjarðar/Afl sparisjóður											
Meðalvextir útlána	15,5%	12,6%	12,5%	12,3%	11,6%	12,9%	12,6%	15,6%	10,4%	7,9%	8,4%
Meðalvextir innlána	10,5%	6,9%	6,3%	6,3%	5,6%	7,3%	8,0%	16,3%	11,4%	5,5%	5,5%
Vaxtamunur	**4,5%**	**5,3%**	**5,8%**	**5,6%**	**5,7%**	**5,2%**	**4,2%**	**-0,6%**	**-0,9%**	**2,3%**	**2,8%**
Allir sparisjóðir											
Vaxtamunur	**5,8%**	**5,3%**	**5,9%**	**5,5%**	**3,7%**	**3,1%**	**0,9%**	**1,2%**	**0,5%**	**4,2%**	**5,5%**

Rekstrargjöld

Undir rekstrargjöld falla almennur rekstrarkostnaður, sem samanstendur af launakostnaði og öðrum rekstrar- og stjórnunarkostnaði, þar með talið afskriftir af rekstrarfjármunum, og önnur rekstrargjöld sem eru einkum afskrift eða virðisrýrnun óefnislegra eigna. Undir rekstrargjöldin fellur einnig framlag í afskriftareikning útlána.

Rekstrargjöld Sparisjóðs Siglufjarðar breyttust í heildina ekki stórlega á árunum 2001–2007 en samsetning þeirra breyttist hins vegar á þann veg að almennur rekstrarkostnaður fór hækkandi meðan framlag í afskriftareikning útlána lækkaði verulega frá því sem var 2001 og 2002. Árið 2008 hækkuðu rekstrargjöldin stórlega samhliða sameiningu við Sparisjóð Skagafjarðar og framlag í afskriftareikning útlána varð langstærsti kostnaðarliðurinn, eða um tveir þriðju hlutar rekstrargjalda.

Erfiðleikar sparisjóðsins í upphafi þessa tímabils tengdust útlánum svo sem framar greinir. Meðal annars hafði hann lánað mikið til kaupa á hlutabréfum í netfyrirtækjum og DeCode. Þegar hlutabréfaverð tók að falla fljótlega eftir aldamótin urðu þessi lán meira og minna í uppnámi og af þeim sökum voru samtals yfir 400 milljónir króna færðar í afskriftareikning útlána vegna áranna 2001 og 2002. Framlag í afskriftareikninginn var miklu lægra árin þar á eftir og allt til ársins 2008. Þá og næstu tvö til þrjú ár leiddu hræringar á fjármálamarkaði og gengislánadómar til þess að mikið tap varð á útlánasafni sparisjóðsins og nam

6. Ársreikningar Sparisjóðs Siglufjarðar 2001–2007; ársreikningar Afls sparisjóðs 2008–2011. Í viðauka B er að finna töflu sem sýnir vaxtamun hjá einstökum sparisjóðum allt umrætt tímabil.

samanlagt framlag í afskriftareikning útlána á árunum 2008 til 2011 nærri 4,6 milljörðum króna. Það var fjórum og hálfum sinnum meira en bókfært eigið fé sjóðsins í árslok 2007. Í árslok 2007 var niðurfærsluhlutfall útlána sparisjóðsins 2,5% en til samanburðar var hlutfallið 1,6% hjá sparisjóðunum í heild. Í lok árs 2010 var niðurfærsluhlutfallið orðið 24,3% hjá sparisjóðnum en var á sama tíma 21,3% hjá sparisjóðunum í heild.

Mynd 2. **Rekstrargjöld Afls sparisjóðs/Sparisjóðs Siglufjarðar 2001–2011.**[7]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Önnur rekstrargjöld	–	–	–	–	–	–	–	88.807	–	–	–
Framlag í afskriftareikning útlána o.fl.	225.986	181.965	51.116	48.646	60.940	52.238	77.939	1.054.847	735.056	2.359.592	408.260
Almennur rekstrarkostnaður	117.166	111.867	130.774	191.419	222.773	267.354	296.426	424.838	440.907	470.857	517.371
Rekstrargjöld samtals	343.152	293.832	181.890	240.065	283.713	319.592	374.365	1.568.492	1.175.963	2.830.449	925.631

Almennur rekstrarkostnaður sparisjóðsins hækkaði jafnt og þétt frá 2001 til 2011. Árið 2008 hækkaði rekstrarkostnaðurinn meira en önnur ár enda var það fyrsta rekstrarár eftir sameininguna við Sparisjóð Skagafjarðar. Undir öðrum rekstrargjöldum var tæplega 89 milljóna króna viðskiptavild færð niður að fullu, en hún hafði verið bókfærð árið 2006 þegar sparisjóðurinn keypti útibú Glitnis banka hf. á Siglufirði. Eins og sjá má á mynd 3 var rekstrarkostnaður sparisjóðsins sem hlutfall af meðaleignum hans töluvert hærri en hjá sparisjóðunum í heild fram til 2010 en frá 2010 til 2011 var hlutfallið svipað. Mestur var munurinn árið 2005 þegar rekstrarkostnaður sparisjóðsins var 7,5% af meðaleignum en 3,2% hjá sparisjóðunum í heild. Á það ber að líta að kostnaður vegna fjarvinnslu er meðtalinn í almennum rekstrarkostnaði.

Launakostnaður sparisjóðsins hækkaði nær stöðugt frá 2001 til 2011 en hlutfall launa af almennum rekstarkostnaði á tímabilinu var á bilinu 50–62%. Árið 2004 hækkaði launakostnaður um 53% frá fyrra ári, sem skýrðist einkum af fjölgun stöðugilda. Þá hækkaði launakostnaður á hvert stöðugildi einnig um 21% vegna breytinga á lífeyrisskuldbindingum. Fyrir rannsóknarnefndinni sagði sparisjóðsstjóri að sparisjóðurinn hefði lengst af greitt lægri laun en önnur fjármálafyrirtæki. Starfsmaður hefði borið þennan mismun undir sig á einhverjum tímapunkti og laun starfsmanna hafi í kjölfarið verið hækkuð. Taldi hann það hafa verið árið 2004.[8] Laun sparisjóðsstjóra hækkuðu yfirleitt í samræmi við almenna verðþróun, nema árið 2007 þegar þau hækkuðu um 23%. Stöðugildi við sparisjóðinn voru 42 talsins í lok árs 2007 en ári síðar, eftir sameiningu sparisjóðanna, hafði stöðugildum fjölgað um eitt og meðallaunakostnaður á stöðugildi aukist um 26%. Flestir starfsmenn unnu við fjarvinnsluna. Við sparisjóðsstörf voru um 10 manns þegar útibú Glitnis var keypt 2006. Þeim störfum fjölgaði svo við sameininguna við Sparisjóð Skaga-

7. Ársreikningar Sparisjóðs Siglufjarðar 2001–2007; ársreikningar Afls sparisjóðs 2008–2011.
8. Skýrsla Ólafs Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 17. maí 2013.

fjarðar 2008. Í lok tímabilsins voru um það bil 15 starfsmenn við sparisjóðsstörf. Á árinu 2011 var heildarlaunakostnaður 259 milljónir króna og var þá 50% af almennum rekstrarkostnaði sparisjóðsins.

Mynd 3. Almennur rekstrarkostnaður Afls sparisjóðs/Sparisjóðs Siglufjarðar 2001–2011 og hlutfall hans af meðaleignum, auk sama hlutfalls hjá sparisjóðunum í heild.[9]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Almennur rekstrarkostnaður	117.166	111.867	130.774	191.419	222.773	267.354	296.426	424.838	440.907	470.857	517.371
Kostnaðarhlutfall AFL-sparisjóðs	4,2%	4,2%	5,5%	8,0%	7,5%	6,2%	4,5%	3,8%	2,9%	3,1%	3,5%
Kostnaðarhlutfall, allir sparisjóðir	4,0%	4,1%	4,1%	3,8%	3,2%	2,8%	2,8%	2,7%	2,6%	3,3%	3,7%

Tafla 4. Launakostnaður Afls sparisjóðs/Sparisjóðs Siglufjarðar 2001–2011.[10]

Þús. kr.	**2001**	**2002**	**2003**	**2004**	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**	**2009**	**2010**	**2011**
Stöðugildi í árslok	21	21	25	31	34	38	42	43	42	41	40
Launakostnaður	65.221	68.724	76.788	117.139	138.161	149.054	165.452	213.371	241.921	239.425	258.688
Meðallaunakostnaður á stöðugildi	**3.121**	**3.336**	**3.134**	**3.779**	**4.064**	**3.922**	**3.939**	**4.962**	**5.760**	**5.840**	**6.467**
Laun og þóknanir til yfirstjórnar	9.400	8.000	9.574	10.526	11.251	11.825	15.009	15.554	16.348	16.998	16.288
þar af til sparisjóðsstjóra	...	...	**8.415**	**8.735**	**9.367**	**9.845**	**12.129**	**12.674**	**13.468**	**14.118**	**13.408**

Launakostnaður á hvert stöðugildi hjá sparisjóðnum þróaðist með sambærilegum hætti og almenn launavísitala. Uppsöfnuð hækkun launa hjá sparisjóðnum 2001–2008 var því töluvert lægri en hjá öðrum sparisjóðum. Frá árinu 2009 breyttust heildarlaun annarra sparisjóða með brotthvarfi þeirra stærstu og almennum samdrætti í rekstri fjármálafyrirtækja. Launakostnaður hjá sparisjóðnum þróaðist hins vegar áfram í takt við almenna launaþróun líkt og áður.[11]

Starfsmenn nutu ekki annarra fríðinda en þeirra almennu fríðinda sem tíðkuðust hjá sparisjóðunum. Ekki voru greiddar árangurstengdar greiðslur eða hvatagreiðslur sem ekki gátu talist til hefðbundinna launagreiðslna á tímabilinu. Þá voru ekki gerðir neinir starfslokasamningar sem fólu í sér réttindi umfram þau sem bundin voru í kjarasamninga.

Á fundi stjórnar 18. maí 2006 var samþykkt að greiða starfsmönnum sem voru með tiltekinn starfsaldur uppbót sem tíðkast hafði hjá sparisjóðunum en ekki hafði verið innt af hendi hjá Sparisjóði Siglufjarðar. Þessar greiðslur námu samtals um 2,5 milljónum króna á árinu 2006.

9. Ársreikningar Sparisjóðs Siglufjarðar 2001–2007; ársreikningar Afls sparisjóðs 2008–2011; ársreikningar sparisjóðanna 2001–2011. Vegna þess hversu miklum breytingum heildareignir sparisjóðakerfisins tóku á árunum 2009 og 2010 er reiknað með lokastöðu eigna þau ár en ekki meðalstöðu.
10. Ársreikningar Sparisjóðs Siglufjarðar 2001–2007; ársreikningar Afls sparisjóðs 2008–2011.
11. Um launaþróun sparisjóðanna í heild er fjallað í 8. kafla.

Mynd 4. Hlutfallsleg þróun launakostnaðar á stöðugildi hjá Afli sparisjóði/Sparisjóði Siglufjarðar og hjá sparisjóðunum í heild, samanborið við almenna launaþróun 2001–2011.[12]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Sparisjóður Siglufjarðar / AFL- sparisjóður	1,00	1,07	1,00	1,21	1,30	1,26	1,26	1,59	1,85	1,87	2,07
Allir sparisjóðir	1,00	1,17	1,18	1,38	1,59	1,64	1,89	2,24	1,89	1,54	1,68
Launavísitala	1,00	1,07	1,13	1,18	1,26	1,39	1,51	1,63	1,70	1,78	1,90

Kjarnarekstur

Tap var af kjarnarekstri sparisjóðsins frá 2001 til 2005 og aftur frá 2008 til 2011 og má rekja tapið fyrst og fremst til framlags í afskriftareikning útlána. Hagnaður sparisjóðsins árin 2003 til 2005 skýrðist af söluhagnaði af fjáreignum og árið 2009 var hann borinn uppi af gengishagnaði sem einkum átti rætur sínar að rekja til hagstæðra gengisbreytinga á gjaldmiðlum. Vaxta- og þjónustutekjur stóðu undir almennum rekstrarkostnaði öll árin að frátöldu árinu 2001 en þá vantaði rúmar fjórar milljónir króna upp á.

Með kjarnarekstri er átt við afkomu af hreinni sparisjóðsstarfsemi (viðskiptabankastarfsemi). Þá er afkoma af fjárfestingarstarfsemi undanskilin. Hagnaður fyrir skatta af kjarnastarfsemi eru hreinar vaxta- og þóknanatekjur að frádregnum rekstrargjöldum og virðisrýrnun útlána. Ekki hefur verið tekið tillit til áhrifa af vaxtakostnaði vegna fjármögnunar á hluta- og markaðsskuldabréfum. Hagnaðurinn kann því að vera vanmetinn að einhverju leyti.

Tafla 5. Kjarnarekstur Afls sparisjóðs/Sparisjóðs Siglufjarðar 2001–2011.[13]

Pús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Hreinar vaxtatekjur	50.892	87.776	97.942	100.940	120.580	175.303	268.711	316.106	362.035	433.227	440.580
Hreinar þjónustutekjur	56.071	68.809	77.416	128.242	131.541	180.246	181.620	190.194	187.176	170.144	170.918
Almennur rekstrarkostnaður	(111.260)	(107.151)	(126.053)	(187.414)	(219.848)	(262.099)	(292.981)	(420.648)	(437.346)	(466.582)	(512.809)
Afskriftir rekstrarfjármuna	(5.907)	(4.716)	(4.721)	(4.005)	(2.925)	(5.255)	(3.445)	(4.190)	(3.561)	(4.275)	(4.562)
Framlög í afskriftareikning útlána o.fl.	(225.986)	(181.965)	(51.116)	(48.646)	(60.940)	(52.238)	(77.939)	(1.054.847)	(735.056)	(2.359.592)	(408.260)
Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatta	**(236.189)**	**(137.247)**	**(6.532)**	**(10.883)**	**(31.592)**	**35.957**	**75.966**	**(973.385)**	**(626.752)**	**(2.227.078)**	**(314.133)**
Hagnaður (tap) ársins fyrir skatt	**(210.131)**	**(129.062)**	**30.640**	**64.839**	**105.045**	**44.908**	**125.219**	**(947.767)**	**27.312**	**(2.052.376)**	**2.278.438**

21.1.2 Efnahagsreikningar

Hér er fjallað um stærstu eigna- og skuldaliði í efnahagsreikningi Sparisjóðs Siglufjarðar (Afls) í lok áranna 2001–2011 og þróun þeirra á tímabilinu. Í viðauka C má sjá efnahagsreikning sparisjóðsins á árunum 2001–2011 á verðlagi hvers árs og á föstu verðlagi.

Eignir

Í árslok 2001 námu eignir sparisjóðsins 2,8 milljörðum króna en í árslok 2011 voru þær 14,8 miljarðar króna á verðlagi hvors árs um sig. Ef miðað er við verðlag í árslok 2011 voru heildareignir sjóðsins í árslok 2001 tæplega fimm milljarðar króna. Þannig hafði sjóðurinn nærri þrefaldast að stærð á þessum ellefu árum. Mynd 5 sýnir hvernig eignir sparisjóðsins í lok áranna 2001–2011 skiptust. Útlán hjá sparisjóðnum voru ekki jafn stór hluti eigna hjá nokkrum öðrum sparisjóði allt umrætt tímabil. Myndin sýnir greinilega hvernig sjóðurinn óx frá 2003 til 2008 en þennan vöxt mátti nær algjörlega rekja til aukningar útlána. Sameiningin við Sparisjóð Skagafjarðar átti sinn þátt í eignavextinum árið 2008.

12. Ársreikningar Sparisjóðs Siglufjarðar 2001–2007; ársreikningar Afls sparisjóðs 2008–2011; ársreikningar sparisjóðanna 2001–2011. Launavísitalan er frá Hagstofu Íslands.

13. Ársreikningar Sparisjóðs Siglufjarðar 2001–2007; ársreikningar Afls sparisjóðs 2008–2011.

Mynd 5. Eignir Afls sparisjóðs/Sparisjóðs Siglufjarðar í árslok 2001-2011.[14]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Aðrar eignir og fleira	149.074	161.780	157.529	162.774	139.249	236.008	241.487	344.525	342.582	340.562	165.909
Hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum	9.517	6.878	7.339	7.851	8.585	8.585	–	–	–	–	–
Hlutabréf og verðbréf með breytil. tekjum	350.148	128.999	70.541	145.595	13.808	36.063	274.516	64.553	59.361	55.778	61.766
Markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum	330.259	336.995	106.363	100.428	85.437	73.584	104.694	87.305	78.602	70.463	56.729
Sjóður og óbundnar innst. í Seðlabanka	8.616	8.096	8.453	9.113	8.777	13.926	294.923	197.754	1.503.579	1.370.819	1.013.388
Kröfur á lánastofnanir	195.133	182.099	218.302	131.214	67.152	196.852	141.414	345.949	252.797	–	–
Útlán	1.793.560	1.667.990	1.671.334	2.009.089	3.052.663	4.693.401	6.884.319	13.091.250	13.713.601	12.553.023	13.520.827
Eignir samtals	2.836.308	2.492.837	2.239.860	2.566.064	3.375.671	5.258.419	7.941.353	14.131.336	15.950.522	14.390.645	14.818.619

Vægi útlána af heildareignum á umræddum ellefu árum var 63–93%, og aldrei undir 86% frá 2005. Útlánin hækkuðu á árinu 2008, bæði vegna sameiningarinnar og vegna gengisfalls krónunnar. Árin 2008–2010 voru gengisbundnar skuldbindingar um og yfir helmingur útlána. Útlán námu í lok ársins 2008 um 13 milljörðum króna eða 93% af eignum sparisjóðsins. Frá þeim tíma dró úr vexti útlána vegna hins háa framlags í afskriftareikninginn. Útlánin stóðu nánast í stað frá árslokum 2008 til 2011 og námu 13,5 milljörðum króna við lok árs 2011.

Tafla 6. Útlán og afskriftir hjá Afli sparisjóði/Sparisjóði Siglufjarðar í árslok 2001–2011.[15]

Pús. kr.	**2001**	**2002**	**2003**	**2004**	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**	**2009**	**2010**	**2011**
Útlán til viðskiptavina	1.782.957	1.601.745	1.612.841	1.928.968	3.015.248	4.653.141	6.845.290	12.954.213	13.559.106	12.396.443	13.360.182
Afskriftareikningur útlána, staða í lok árs	297.675	378.184	257.791	111.073	102.374	148.115	176.088	1.259.072	1.951.683	3.988.155	2.815.694
Heildarútlán án fullnustueigna	**2.080.632**	**1.979.929**	**1.870.632**	**2.040.041**	**3.117.622**	**4.801.256**	**7.021.378**	**14.213.285**	**15.510.789**	**16.384.598**	**16.175.876**
Niðurfærsluhlutfall	14,3%	19,1%	13,8%	5,4%	3,3%	3,1%	2,5%	8,9%	12,6%	24,3%	17,4%
Niðurfærsluhlutfall, allir sparisjóðir	**3,8%**	**3,8%**	**3,8%**	**2,9%**	**2,0%**	**1,6%**	**1,6%**	**14,7%**	**24,6%**	**21,7%**	**13,9%**

Staða á afskriftareikningi útlána hækkaði umtalsvert á árunum 2008–2011. Hún hafði þó verið mjög há í árslok 2001–2003 en lækkaði mikið næstu ár á eftir því endanlegar afskriftir útlána námu samtals 470 milljónum króna á árunum 2002–2004. Í kjölfar atburðanna á fjármálamarkaði haustið 2008 var staðan á afskriftareikningi útlána hækkuð verulega. Hún nam hæst 24,3% af útlánasafninu í lok árs 2010.

Kröfur á lánastofnanir voru ekki stór hluti eigna sparisjóðsins en hækkuðu um rúmlega helming á árinu 2008 og námu þá 406 milljónum króna og voru að mestu vegna peningamarkaðslána. Kröfur á lánastofnanir námu 273 milljónum króna í árslok 2009 en voru ekki til staðar á árunum 2010 og 2011.

Sjóður og óbundnar innistæður í Seðlabankanum og öðrum fjármálafyrirtækjum hækkuðu frá því sem áður hafði verið á árinu 2007 og námu í lok þess árs tæpum 300 milljónum króna. Þar á meðal var krafa á móðurfélag sparisjóðsins um 100 milljónir króna. Í lok

14. Ársreikningar Sparisjóðs Siglufjarðar 2001–2007; ársreikningar Afls sparisjóðs 2008–2011.
15. Ársreikningar Sparisjóðs Siglufjarðar 2001–2011. Ástæða þess að fjárhæð útlána hér er lægri en í efnahagsreikningi er að í efnahagsreikningi eru fullnustueignir taldar með útlánum.

árs 2009 námu sjóður og óbundnar innistæður 1,5 milljörðum króna, en í kjölfar falls bankanna varð töluverð innlánaaukning hjá mörgum sparisjóðum. Afl sparisjóður kom hluta af þeim fjármunum fyrir í öðrum fjármálafyrirtækjum til ávöxtunar.[16]

Fjáreignir fóru minnkandi hjá sparisjóðnum tímabilinu. Mestar voru þær um 690 milljónir króna árið 2001, eða 24% heildareigna. Eftir 2001 seldi sparisjóðurinn stærstu eignir sínar, þar á meðal hlut í Meiði ehf., og því minnkaði vægi þeirra. Frá árinu 2003 námu fjáreignir einungis um 1–10% af heildareignum sjóðsins og þær voru aldrei meira en 1% af eignum eftir 2007. Eign í hlutabréfum og verðbréfum með breytilegum tekjum jókst nokkuð árið 2007, eða úr 36 milljónum króna í 275 milljónir króna, en að öðru jöfnu skiptust fjáreignir tiltölulega jafnt á milli markaðsskuldabréfa og hlutabréfa, og verðbréfa með breytilegum tekjum.

Til fjáreigna teljast markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum, hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum auk eignarhluta í hlutdeildarfyrirtækjum.

Eign í hlutdeildarfélögum var óverulegur hluti eigna sjóðsins, því sparisjóðurinn seldi hlut sinn í Sparisjóðabankanum 2001. Eftir voru einungis eignarhlutir í Tölvumiðstöð sparisjóðanna og Reiknistofu bankanna. Frá og með 2007 voru engir hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum færðir í reikninga sjóðsins.

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem sparisjóðurinn hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en hefur ekki yfirráð.

Aðrar eignir og fleira samanstóð af rekstrarfjármunum, öðrum eignum, óefnislegum eignum og skattinneign. Þessi liður breyttist helst árið 2006 vegna 88,5 milljóna króna aukningar í óefnislegum eignum, sem var viðskiptavild vegna kaupanna á útibúi Glitnis banka á Siglufirði, og árið 2008 var um að ræða skattinneign upp á 163 milljónir króna vegna tapsins á því ári. Árið 2011 var engin skattinneign færð í bækurnar og því lækkuðu aðrar eignir í 166 milljónir króna og urðu þá ekki nema um 1% heildareigna.

Skuldir

Afl sparisjóður var að mestu fjármagnaður með almennum innlánum og lántöku. Hlutfall innlána af skuldum í lok áranna 2001–2011 sveiflaðist frá 39% upp í 68%. Um lántökur var ekki að ræða fyrr en árið 2003. Á árunum 2006–2008 jukust þær til muna og voru mest 51% af heildarskuldum í árslok 2008, en það var jafnframt eina árið sem innlán voru ekki stærsti fjármögnunarliður sparisjóðsins.

Mynd 6. **Skuldir Afls sparisjóðs/Sparisjóðs Siglufjarðar í árslok 2001–2011.**[17]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Aðrar skuldir	161.483	167.649	170.686	113.473	249.466	347.400	661.942	1.281.518	868.973	849.315	990.282
Skuldir við lánastofnanir	1.432.269	1.116.111	–	–	276.431	79.534	16.946	146.757	1.110.491	1.120.102	1.178.641
Lántaka	–	–	593.593	805.767	755.393	1.090.895	2.588.466	7.097.738	5.390.987	5.773.484	3.705.009
Innlán	1.084.321	1.149.203	1.289.706	1.396.853	1.785.231	3.299.006	3.661.940	5.357.155	7.814.310	7.934.359	8.106.272
Skuldir samtals	2.678.073	2.432.962	2.053.985	2.316.093	3.066.521	4.816.835	6.929.294	13.883.168	15.184.761	15.677.260	13.980.204

16. Skýrsla Ólafs Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 17. maí 2013.
17. Ársreikningar Sparisjóðs Siglufjarðar 2001–2007; ársreikningar Afls sparisjóðs 2008–2011.

Mikil innlánaukning varð á árinu 2006 þegar innlán jukust um 85%, en á því ári keypti sparisjóðurinn útibú Glitnis banka hf. Hlutfallið milli innlána og útlána var nokkuð sveiflukennt. Lægst var hlutfallið árið 2008, eða 41%, en hæst fór það í 80% árið 2003. Eftir 2008 var hlutfallið ýmist rétt undir eða yfir 60%.

Lántökur voru annar meginþáttur fjármögnunar sparisjóðsins frá árinu 2003. Á árunum 2004 og 2005 nýtti sparisjóðurinn sér fjármögnun frá Íbúðalánasjóði þar sem sparisjóðurinn fékk lánað með veði í undirliggjandi safni fasteignalána. Sparisjóðurinn fjármagnaði erlend útlán sín með lánalínu hjá Sparisjóðabanka Íslands hf. og öðrum sparisjóðum. Með gengisfalli krónunnar árið 2008 hækkuðu útistandandi skuldir vegna þessara lána mikið og námu 7,1 milljarði króna í lok árs 2008. Þá hafði lántaka tólffaldast frá árslokum 2003. Í mars 2011 gekk stjórn sparisjóðsins frá samkomulagi við Arion banka hf. um eftirgjöf skulda upp á 2,4 milljarða króna, þar með talið á 374 milljóna króna víkjandi láni.

Skuldir við lánastofnanir nærri áttfölduðust á árinu 2009 og námu 1,1 milljarði króna í lok þess árs. Þessi breyting kom til vegna þess að sparisjóðurinn fékk skammtímalán frá Sparisjóði Ólafsfjarðar í stað langtímaláns frá Sparisjóði Mýrasýslu þegar sá síðarnefndi rann saman við Arion banka hf.

Aðrar skuldir voru ekki stór hluti heildarskulda sparisjóðsins og samanstóðu af víkjandi skuldum, reiknuðum skuldbindingum og öðrum skuldum. Mest hækkuðu þær árið 2007 en þar var um að ræða 237 milljóna króna skuld vegna hlutabréfakaupa og árið 2008 vegna 697,5 milljóna króna skuld vegna óuppgerðra framvirkra samninga.

Eigið fé

Eigið fé sparisjóðsins tók miklum breytingum á tímabilinu, einkum á síðari hluta þess. Árin 2001 og 2002 tapaði sjóðurinn miklu og varð varasjóður hans neikvæður í árslok 2002. Stofnfé var því stærstur hluti eigin fjár eftir 2001 eða á bilinu 58% til 97%. Eftir 2003 stækkaði varasjóðurinn jafnt og þétt í samræmi við afkomu sparisjóðsins. Stofnfé var aukið um 100 milljónir króna árin 2003 og 2006, og enn aftur árið 2007 um 516 milljónir króna. Sparisjóður Mýrasýslu átti allt stofnfé sparisjóðsins frá árinu 2003 til ársloka 2007.

Við sameiningu Sparisjóðs Siglufjarðar og Sparisjóðs Skagafjarðar á árinu 2008 varð stofnfé hins sameinaða sparisjóðs 1.022,5 milljónir króna í eigu 131 stofnfjáraðila. Þar af átti Sparisjóður Mýrasýslu 88,6% eignarhlut. Í mars 2009 samþykkti móðurfélagið, Sparisjóður Mýrasýslu, að breyta 500 milljónum króna af kröfum sínum á hendur sparisjóðnum í stofnfé. Tæpum mánuði síðar tók Fjármálaeftirlitið yfir vald stofnfjárhafafundar móðurfélagsins og komst sparisjóðurinn þá í eigu Nýja Kaupþings banka hf., síðar Arion banka hf. Í árslok 2011 var stofnfé sparisjóðsins 1.522,5 milljónir króna og var það í eigu 122 stofnfjáraðila. Þar af átti Arion banki hf. 94,4% eignarhlut.

Mynd 7. Eigið fé Afls sparisjóðs/Sparisjóðs Siglufjarðar í árslok 2001–2011.[18]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Varasjóður	85.391	(20.440)	5.875	69.971	129.150	161.584	216.459	(774.377)	(756.784)	(2.809.160)	(684.130)
Stofnfé	72.844	80.315	180.000	180.000	180.000	280.000	795.600	1.022.545	1.522.545	1.522.545	1.522.545
Eigið fé samtals	158.235	59.875	185.875	249.971	309.150	441.584	1.012.059	248.168	765.761	(1.286.615)	838.415

18. Ársreikningar Sparisjóðs Siglufjarðar 2001–2007; ársreikningar Afls sparisjóðs 2008–2011.

Mikið tap var á rekstri sparisjóðsins árið 2008, eða 806 milljónir króna, fyrst og fremst vegna rúmlega milljarðs króna framlags í afskriftareikning útlána. Eigið fé hrapaði við það niður í 248 milljónir króna og eiginfjárhlutfallið varð þá 3% og fór þar með niður fyrir lögbundið 8% lágmark. Til þess að bæta úr því jók móðurfélagið, Sparisjóður Mýrasýslu, þá við stofnfé sparisjóðsins með skuldbreytingu eins og áður sagði og batnaði eiginfjárstaðan til muna við það. Árið 2010 varð 2 milljarða króna tap á rekstri sjóðsins og dró það eigið fé í neikvæða stöðu um 1,3 milljarða króna og eiginfjárhlutfallið varð neikvætt um 12,1%. Árið 2011 fékk sparisjóðurinn niðurfelldar skuldir upp á 2,4 milljarða króna og var niðurfellingin tekjufærð í rekstrarreikningi sparisjóðsins fyrir árið 2011, en við það batnaði eiginfjárstaða hans mjög.

Mynd 8. Eigið fé Afls sparisjóðs/Sparisjóðs Siglufjarðar og eiginfjárhlutfall í árslok 2001–2011.[19]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	31.03.08	30.06.08	31.10.08	31.12.08	2008	2009	2010	2011
Eigið fé í ársreikningum AFL-sparisjóðs	158.235	59.875	185.875	249.971	309.150	441.584	1.012.05	.	.	.	.	248.168	765.761	(1.286.6	838.415
Eigið fé í skýrslu til FME	.	.	.	.	.	.	.	1.078.55	1.006.22	1.053.74	248.169	.	.	.	.
Bókfært eigið fé / heildareignir (hægri ás)	5,6%	2,4%	8,3%	9,7%	9,2%	8,4%	12,7%	9,8%	9,1%	7,5%	1,8%	1,8%	4,8%	-8,9%	5,7%
CAD-hlutfall (hægri ás)	1,15%	4,69%	14,23%	13,38%	16,30%	13,46%	18,23%	13,30%	14,19%	13,45%	3,42%	3,00%	10,50%	-12,10%	9,20%

21.1.3 Sparisjóður Skagafjarðar

Sparisjóður Hólahrepps var stofnaður árið 1907 í Skagafirði. Árið 1998 sameinaðist Hólahreppur 10 öðrum hreppum í Skagafirði og til varð Sveitarfélagið Skagafjörður. Þá þótti eðlilegt að breyta nafni sparisjóðsins í Sparisjóð Skagafjarðar og var það gert árið 2004.[20] Sparisjóðurinn var lengst af með aðsetur í Hjaltadal en árið 2000 var starfsemin flutt til Sauðárkróks þar sem sjóðurinn fékk inni í húsnæði Kaupfélags Skagfirðinga að Ártorgi 1.

Í árslok 1999 var Sparisjóður Hólahrepps langminnsti sparisjóður landsins, með heildareignir upp á rúmar 20 milljónir króna og sjö milljónir í eigin fé, þar af var stofnfé 240 þúsund. Á árinu 2000 gerði sparisjóðurinn samning um að sinna verkefnum í tengslum við innheimtu og tengda þjónustu fyrir Íbúðalánasjóð. Með samningnum jukust umsvif sparisjóðsins til muna, stofnfé hans var aukið í 22 milljónir króna á næstu tveimur árum og heildareignir voru orðnar nær hálfur milljarður króna í árslok 2002.

Stofnfé sjóðsins hafði verið í dreifðri eign og voru stofnfjáraðilar um 40 talsins 2002 en árið 2003 hófst mikill slagur um stofnfé í sparisjóðnum. Kaupfélag Skagfirðinga sótti þá um og fékk leyfi til þess að fara með virkan eignarhlut í sjóðnum en félög innan samstæðu kaupfélagsins höfðu þá eignast um 40% stofnfjár í sparisjóðnum.

Sparisjóður Skagafjarðar sameinaðist Sparisjóði Siglufjarðar undir nafninu Afl sparisjóður árið 2008. Sameiningin var samþykkt á fundi stofnfjárhafa í Sparisjóði Skagafjarðar 13. ágúst 2007, en bókhaldslegur samruni sparisjóðanna miðaðist við 1. janúar 2008. Sam-

19. Ársreikningar Sparisjóðs Siglufjarðar 2001–2007; ársreikningar Afls sparisjóðs 2008–2011. Fyrir árið 2008 er stuðst við skýrslur um eiginfjárhlutfall sem sparisjóðurinn skilaði til Fjármálaeftirlitsins ársfjórðungslega.

20. „Sparisjóður Skagafjarðar“, spar.is, http://www.spar.is/spsk--skagafjordur/sparisjodur-skagafjardar.

einingin var ekki síst að tilstuðlan stjórnar Sparisjóðs Mýrasýslu, en hann hafði eignast rúm 5% stofnfjár í Sparisjóði Skagafjarðar árið 2004. Gísli Kjartansson sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Mýrasýslu varð stjórnarformaður í Sparisjóði Skagafjarðar á aðalfundinum 2005 og árið eftir tók Ólafur Jónsson sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Siglufjarðar við sæti hans.

Tafla 7. Stjórn Sparisjóðs Skagafjarðar (Hólahrepps) 2001–2007.[21]

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Ágúst Guðmundsson					x	x	x
Gísli Kjartansson				x	Form.		
Jón E. Friðriksson			x	x			
Magnús Brandsson			Form.	Form.			
Ólafur Jónsson						Form.	Form.
Sigurður Guðmundsson	x	x					
Sigurður Þorsteinsson	Form.	Form.					
Sigurjón R. Rafnsson	x	x	x	x	x	x	x
Sverrir Magnússon	x	x	x	x			
Valgeir Bjarnason	x	x	x		x	x	x
Þórarinn Magnússon					x	x	x

Kristján Hjelm var sparisjóðsstjóri frá 2000 til 2004. Vilhjálmur Baldursson tók við af honum og gegndi starfinu í rúmt ár. Þá var Kristján Björn Snorrason ráðinn sparisjóðsstjóri og gegndi hann starfinu þar til sameiningin við Sparisjóð Siglufjarðar var komin í kring.

21.1.3.1 Ársreikningar Sparisjóðs Skagafjarðar (áður Sparisjóðs Hólahrepps) 2001–2007

Í töflu 8 og töflu 9 eru sýndir rekstrar- og efnahagsreikningar Sparisjóðs Skagafjarðar fyrir árin 2001–2007 á verðlagi hvers árs. Hér verður ekki fjallað ítarlega um reikninga sparisjóðsins en þó fylgja fáeinar viðbótarupplýsingar í töflu 10.

Tafla 8. Samandregnir rekstrarreikningar Sparisjóðs Skagafjarðar (áður Hólahrepps) 2001–2007.[22]

Þús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Hreinar vaxtatekjur	3.356	18.277	29.117	16.658	14.258	58.901	45.454
Hreinar þjónustutekjur	3.215	4.104	6.975	18.583	13.372	7.968	12.959
Arðstekjur og hlutdeildartekjur	1.864	2.628	2.981	(1.403)	(78)	(346)	1.884
Gengishagn. (tap) af fjáreignum	2	1	(30)	439	661	6.894	7.228
Aðrar rekstrartekjur	11.045	123	18	–	3.636	17.315	17.055
Hreinar rekstrartekjur	**19.483**	**25.132**	**39.061**	**34.277**	**31.849**	**90.732**	**84.580**
Almennur rekstrarkostnaður	(15.925)	(18.249)	(28.059)	(39.452)	(38.261)	(67.520)	(76.098)
Framlög í afskriftareikning útlána o.fl.	(2.900)	(5.500)	(6.000)	(1.101)	(6.950)	(25.262)	(27.250)
Rekstrargjöld samtals	**(18.825)**	**(23.749)**	**(34.059)**	**(40.553)**	**(45.211)**	**(92.782)**	**(103.348)**
Hagnaður (tap) fyrir skatta	**658**	**1.384**	**5.002**	**(6.276)**	**(13.362)**	**(2.050)**	**(18.768)**
Skattar samtals	–	–	–	–	–	308	3.381
HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS	**658**	**1.384**	**5.002**	**(6.276)**	**(13.362)**	**(1.742)**	**(15.387)**

Sparisjóður Skagafjarðar greiddi stofnfjáreigendum arð af stofnfé þeirra árin 2002–2004 vegna næstliðins árs. Samtals voru þetta tæpar 4 milljónir króna og í öll skiptin var arðgreiðsluhlutfallið talsvert lægra en reglur Tryggingasjóðs heimiluðu.

Stofnfé Sparisjóðs Skagafjarðar var hækkað í samræmi við verðlagsbreytingar og einnig með svokölluðu sérstöku endurmati árin 2004–2006, samtals um 5,8 milljónir króna.

21. Ársreikningar Sparisjóðs Skagafjarðar 2001–2007. Í athugasemd til rannsóknarnefndarinnar 1. nóvember 2013 sagði Ólafur Jónsson, sparisjóðsstjóri Afls sparisjóðs, að stjórn Sparisjóðs Skagafjarðar hefði verið eins árin 2006 og 2007 og hann sjálfur verið formaður. Taflan tekur mið af því fyrir árið 2007.

22. Ársreikningar Sparisjóðs Skagafjarðar 2001–2007.

Tafla 9. Samandregnir efnahagsreikningar Sparisjóðs Skagafjarðar (áður Hólahrepps) í lok áranna 2001–2007.[23]

Þús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Eignir:							
Sjóður og óbundnar innst. í Seðlabanka o.fl.	168	67	151	928	3.394	1.687	2.563
Kröfur á lánastofnanir o.fl.	31.844	277.967	166.642	143.569	55.910	98.482	86.792
Útlán o.fl. samtals	48.805	186.939	345.460	252.895	569.898	1.236.458	1.801.363
Markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum	1.347	1.767	106.149	7.513	7.475	364	398
Hlutabréf og verðbréf með breytil. tekjum	383	383	1.542	2.238	3.440	5.689	6.413
Hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum	4.739	7.367	10.336	8.919	8.828	16.223	16.389
Rekstrarfjármunir samtals	–	–	412	326	240	267	4.232
Skattinneign	–	–	–	–	–	308	3.689
Aðrar eignir	9.646	585	153	810	2.511	9.739	26.541
Eignir samtals	**96.932**	**475.075**	**630.845**	**417.198**	**651.696**	**1.369.217**	**1.948.380**
Skuldir og eigið fé:							
Skuldir við lánastofnanir samtals		3.000	55.401	196.509	312.660	516.711	550.565
Innlán samtals	63.399	420.753	511.139	170.563	266.394	713.438	1.263.863
Lántaka samtals	–	–	–	–	–	–	2.668
Aðrar skuldir	791	1.471	10.951	4.317	12.521	17.768	24.269
Víkjandi skuldir		16.185	16.447	16.939	18.139	18.997	20.099
Skuldir samtals	**64.190**	**441.410**	**593.938**	**388.328**	**609.714**	**1.266.914**	**1.861.464**
Eigið fé:							
Hlutafé/stofnfé	22.000	22.000	22.000	26.017	54.189	108.641	108.641
Varasjóðir	10.742	11.665	14.907	2.853	(12.207)	(6.338)	(21.725)
Eigið fé samtals	32.742	33.665	36.907	28.870	41.982	102.303	86.916
Skuldir og eigið fé samtals	**96.932**	**475.075**	**630.845**	**417.198**	**651.696**	**1.369.217**	**1.948.380**

Tafla 10. Nokkrar viðbótarupplýsingar úr ársreikningum Sparisjóðs Skagafjarðar (áður Hólahrepps) 2001–2007.[24]

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
ÚR REKSTRI:							
Vaxtamunur	9,4%	13,4%	11,8%	7,3%	2,4%	6,0%	3,2%
Meðalvextir útlána	16,8%	21,9%	16,1%	11,5%	8,6%	15,7%	13,9%
Meðalvextir innlána	**6,7%**	**7,5%**	**3,9%**	**3,9%**	**6,0%**	**9,1%**	**10,4%**
Stöðugildi í árslok	2	2	3	3	3	6	6
Meðallaunakostn. pr. stöðugildi	4.121	4.635	4.562	7.101	5.578	6.653	6.695
Laun og þóknanir til yfirstjórnar	...	5.448	5.896	10.006	8.440	10.345	11.296
- þar af til sparisjóðsstjóra	...	5.208	5.536	9.646	8.164	9.265	9.796
ÚR EFNAHAG:							
CAD-hlutfall	49,0%	22,2%	14,2%	18,6%	11,2%	9,1%	6,5%
Hlutfall milli innlána og útlána	**129,9%**	**225,1%**	**148,0%**	**67,4%**	**46,7%**	**57,7%**	**70,2%**
Staða afskriftareiknings í árslok	4.070	9.570	15.315	16.393	23.343	47.559	74.114
Niðurfærsluhlutfall	7,7%	4,9%	4,2%	6,1%	3,9%	3,7%	4,0%
Varúðarfærsla ársins (framlag á afskr.reikn.)	2.900	5.500	6.000	1.101	6.950	25.262	27.250
Endanlega afskrifuð útlán á árinu	**1.830**	–	**255**	**23**	–	**1.046**	**1.262**

21.2 Útlán, útlánareglur og lánveitingar

Útlán voru stærsti eignaliður Afls sparisjóðs en á árunum 2005–2011 voru þau að meðaltali 88% af heildareignum sparisjóðsins. Hæst var þetta hlutfall 92% af heildareignum árið 2008 en lækkaði í um 85% árið 2009.[25] Útlán sparisjóðsins jukust talsvert árið 2007, eða um rúma 2 milljarða króna, og um rúma 6 milljarða króna á árinu 2008.

23. Ársreikningar Sparisjóðs Skagafjarðar 2005–2007.
24. Ársreikningar Sparisjóðs Skagafjarðar 2001–2007.
25. Sparisjóður Siglufjarðar og Sparisjóður Skagafjarðar sameinuðust ekki fyrr en á árinu 2008 og má því sjá skiptingu milli sparisjóðanna tveggja á árunum 2005–2007.

Tafla 11. Útlán Afls sparisjóðs/Sparisjóðs Siglufjarðar sem hlutfall af eignum í árslok 2005–2011.[26]

Þús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Útlán til viðskiptavina	3.015.248	4.653.141	6.845.290	12.954.213	13.559.106	12.396.443	13.360.182
Eignir samtals	3.375.671	5.258.419	7.941.353	14.131.336	15.950.522	14.390.645	14.818.619
Útlán sem hlutfall af eignum	**89%**	**88%**	**86%**	**92%**	**85%**	**86%**	**90%**

Gengisbundin útlán sparisjóðsins fóru ört vaxandi frá árinu 2007 og var vægi þeirra komið yfir 58% af heildarútlánum á þriðja ársfjórðungi 2008. Í lok árs 2011 var vægi gengisbundinna útlána um 37% af heildarútlánum.

Mynd 9. Gengisbundin útlán Afls sparisjóðs/Sparisjóðs Siglufjarðar 2005–2011.[27]



Skuldabréfalán voru algengust í sparisjóðnum en frá og með árinu 2008 voru gengistryggð skuldabréf langstærsta tegund útlána. Yfirdráttarlán voru næststærsta tegund útlána hjá Afli sparisjóði á tímabilinu en lítið var um aðrar tegundir útlána.

Tafla 12. Útlánaform Afls sparisjóðs/Sparisjóðs Siglufjarðar 2005–2011.[28]

Þús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Yfirdráttarlán	531.206	849.726	1.229.170	2.037.632	2.522.920	2.315.050	2.848.116
Afurða- og rekstrarlán	7.104	11.079	14.550	26.611	1.501	1.729	7.947
Víxlar	6.984	2.298	3.890	8.733	8.374	6.549	7.100
Skuldabréf	2.128.878	2.737.297	3.094.920	3.402.348	3.566.401	4.116.445	5.423.180
Annað	341.076	1.052.741	2.502.760	7.478.889	7.459.910	5.956.670	5.073.839
Samtals	**3.015.248**	**4.653.141**	**6.845.290**	**12.954.213**	**13.559.106**	**12.396.443**	**13.360.182**

Í töflu 13 má sjá skiptingu útlána Afls-sparisjóðs eftir lántakendum á árunum 2005–2011. Á árunum 2005–2007 voru útlán til einstaklinga í kringum 47–52% hjá Sparisjóði Siglufjarðar. Í lok árs 2008 hafði hlutfall eintaklinga lækkað í um 48% hjá sameinuðum sparisjóði en útlán til fyrirtækja jukust eftir sameiningu sparisjóðanna. Útlán til landbúnaðar voru heldur meiri hjá Sparisjóði Skagafjarðar en Sparisjóði Siglufjarðar á árunum 2005 til 2007, en Sparisjóður Siglufjarðar var hins vegar með umtalsverð útlán til sjávarútvegs. Nánast engin slík útlán voru hjá Sparisjóði Skagafjarðar. Við sameininguna árið 2008 jöfnuðust því hlutföll útlána til landbúnaðar og sjávarútvegs nokkuð en útlán til sjávarútvegs voru áfram hæst hjá Afli sparisjóði.

26. Ársreikningar Sparisjóðs Siglufjarðar 2005–2007; ársreikningar Afls sparisjóðs 2008–2011.
27. Byggt á upplýsingum úr skýrslum sjóðsins um útlán og vanskil.
28. Ársreikningar Sparisjóðs Siglufjarðar 2005–2007; ársreikningar Afls sparisjóðs 2008–2011.

Tafla 13. Flokkun útlána Afls sparisjóðs/Sparisjóðs Siglufjarðar eftir atvinnugreinum 2005–2011.[29]

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Bæjar- og sveitarfélög	**8,0%**	**6,1%**	**0,3%**	**4,3%**	**4,2%**	**2,1%**	**2,5%**
Fyrirtæki	**40,1%**	**42,2%**	**53,2%**	**47,7%**	**47,0%**	**51,4%**	**48,5%**
Landbúnaður	1,1%	1,9%	3,3%	9,9%	9,3%	10,0%	9,9%
Sjávarútvegur	12,5%	16,9%	22,5%	17,4%	18,7%	16,2%	13,6%
Verslun	5,4%	7,1%	10,1%	5,5%	5,4%	7,1%	7,5%
Iðnaður	11,4%	9,2%	5,5%	5,1%	3,7%	5,7%	5,5%
Þjónustustarfsemi	9,7%	7,1%	11,8%	9,8%	9,9%	12,4%	12,0%
Einstaklingar (íbúðalán og annað)	**51,9%**	**51,7%**	**46,5%**	**48,0%**	**48,8%**	**46,0%**	**49,0%**
Samtals	**100%**	**100%**	**100%**	**100%**	**100%**	**100%**	**100%**

Afskriftir voru um 3% af heildarútlánum hjá Sparisjóði Siglufjarðar og Sparisjóði Skagafjarðar á árunum 2005–2007 en í lok árs 2008 hækkaði hlutfallið í tæp 9% hjá sameinuðum sparisjóði. Hæst nam hlutfallið rúmlega 24% á árinu 2010 en á árinu 2011 hafði hlutfallið lækkað í rúm 17%.

Tafla 14. Útlán Afls sparisjóðs/Sparisjóðs Siglufjarðar og afskriftareikningur útlána í árslok 2005–2011.[30]

Þús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Heildarútlán	3.117.622	4.801.256	7.021.378	14.213.285	15.510.789	16.384.598	16.175.876
Staða afskriftareiknings í árslok	102.374	148.115	176.088	1.259.072	1.951.683	3.988.155	2.815.694
Útlán til viðskiptavina	**3.015.248**	**4.653.141**	**6.845.290**	**12.954.213**	**13.559.106**	**12.396.443**	**13.360.182**
Niðurfærsluhlutfall	3,3%	3,1%	2,5%	8,9%	12,6%	24,3%	17,4%
Framlag ársins í afskr.reikn.	60.940	52.238	77.939	1.054.847	735.056	2.359.592	408.260
Endanlega afskrifuð útlán á árinu	**69.639**	**56.097**	**57.730**	**46.219**	**42.445**	**301.069**	**1.580.721**

21.2.1 Útlánareglur

Fyrir sameiningu í Afl sparisjóð voru Sparisjóður Siglufjarðar og Sparisjóður Skagafjarðar hvor með sínar útlánareglur. Eftir sameininguna giltu útlánareglur Sparisjóðs Siglufjarðar um lánveitingar hjá sparisjóðnum. Ekki þykir ástæða til að rekja hér sérstaklega útlánareglur Sparisjóðs Skagafjarðar sem giltu fyrir sameininguna, en í meginatriðum voru reglur beggja sjóða samhljóða.

Stjórn Sparisjóðs Siglufjarðar staðfesti á árinu 2002 reglur um lánveitingar sparisjóðsins og tryggingar vegna lánveitinga og ábyrgða. Á sama tíma samþykkti stjórnin starfsreglur stjórnar sparisjóðsins og starfsreglur um hvernig staðið skyldi að mati á útlánum og skuldbindingum Sparisjóðs Siglufjarðar. Í skýrslu um innri endurskoðun Sparisjóðs Siglufjarðar vegna ársins 2004 var bent á nauðsyn þess að endurnýja reglurnar með hliðsjón af lögum um fjármálafyrirtæki og reglum um stórar áhættuskuldbindingar. Ekki var brugðist við ábendingu innri endurskoðanda fyrr en 8. febrúar 2006 þegar stjórn Sparisjóðs Siglufjarðar samþykkti uppfærðar útlánareglur, reglur um áhættustýringu og starfsreglur sparisjóðsins um útlánareglur starfsmanna í umboði og á ábyrgð sparisjóðsstjóra. Útlánareglurnar voru settar með vísan til laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, reglna nr. 531/2003 um stórar áhættuskuldbindingar og samþykkta sparisjóðsins.

Samkvæmt útlánareglunum var markmið Sparisjóðs Siglufjarðar að veita góða og faglega þjónustu á samkeppnishæfum kjörum. Við ákvörðun um lánveitingu bar að hafa „þjónustu, öryggi, frumkvæði, hraða og sveigjanleika að leiðarljósi“. Áhættudreifing skyldi vera innan þeirra marka sem kveðið væri á um í reglum Fjármálaeftirlitsins um stórar áhættuskuldbindingar og í samræmi við reglur sparisjóðsins um áhættustýringu.

Til að tryggja hagsmuni sparisjóðsins bar að horfa til greiðslugetu, viðskiptasögu og framboðinna trygginga við ákvörðun um útlán til viðskiptamanna. Þá áttu lánveitingar ávallt að taka mið af almennum efnahagslegum skilyrðum og stöðu og horfum í einstökum atvinnugreinum. Til að tryggja þessi markmið bar að afla nauðsynlegra upplýsinga um fjárhag viðskiptamanns og meta greiðslugetu hans. Þegar um lögaðila var að ræða bar að horfa til viðskiptasögu og eiginfjárstöðu og að stjórn og framtíðarhorfur teldust góðar.

29. Ársreikningar Sparisjóðs Siglufjarðar 2005–2007; ársreikningar Afls sparisjóðs 2008–2011.
30. Ársreikningar Sparisjóðs Siglufjarðar 2005–2007; ársreikningar Afls sparisjóðs 2008–2011.

Að jafnaði bar að taka fullnægjandi tryggingar fyrir lánveitingum en ákvæði lánareglnanna um tryggingar kváðu aðeins á um að krafa sparisjóðsins til trygginga tæki mið af styrk viðskiptamanns og tímalengdar lánveitingar. Ekki voru nein ákvæði í lánareglunum um lágmarks veðsetningarhlutfall en þó voru ákveðin viðmið sem fylgja bar við tryggingatöku, til dæmis að veðsettar eignir skyldu metnar sem næst markaðsvirði ásamt uppreiknuðum áhvílandi veðskuldum og að fylgst skyldi sérstaklega með verðmæti trygginga á lánstímanum. Þá var tiltekið að gæta þyrfti sérstaklega að tryggingum þegar um væri að ræða stöðutöku, til dæmis í hlutabréfum eða afleiðum, nema í hlut ættu mjög fjárhagslega sterkir lögaðilar.

Stjórn Sparisjóðs Siglufjarðar hafði eftirlit með lánamálum sparisjóðsins og bar ábyrgð á þeim gagnvart stofnfjáreigendum. Engin lánanefnd var hjá sparisjóðnum en sparisjóðsstjóri skyldi taka ákvörðun um allar lánveitingar nema þegar heildarskuldbinding aðila eða fjárhagslegra tengdra aðila næmi meira en 10% af eigin fé sparisjóðsins.[31] Þá hafði sparisjóðsstjóri heimild til að veita lán fyrir allt að 20% af eigin fé sparisjóðsins ef lánið hafði áhættuvægið 0,2, sem voru lán til lánastofnunar eða með ábyrgð hennar, verðbréfafyrirtækja, opinberra fyrirtækja o.þ.h. Heimild sparisjóðsstjóra var án annarra takmarkana en þeirra er komu fram í reglum sparisjóðsins um áhættustýringu ef lán hafði áhættuvægið 0, sem er t.d. gefið lánum til opinberra aðila og lánum með beinni ríkisábyrgð. Samkvæmt starfsreglum Sparisjóðs Siglufjarðar um útlánareglur starfsmanna í umboði og á ábyrgð sparisjóðsstjóra hafði skrifstofustjóri sjóðsins útlánaheimild upp á 5 milljónir króna ef heildarskuldbinding var undir 10 milljónum króna en útibússtjórar og starfsmenn „í framlínu“[32] höfðu heimild til að afgreiða einstök lán fyrir allt að 800 þúsund krónur ef heildarfyrirgreiðsla var innan við 1 milljón króna.

Tafla 15. Lánaheimildir hjá Sparisjóði Siglufjarðar samkvæmt útlánareglum frá 2006.[33]

Starfsmaður	Hámark heildarfyrirgreiðslu
Sparisjóðsstjóri	10% af eigin fé sparisjóðsins
	20% af eigin fé sparisjóðsins ef áhættuvægi var 0,2
	Án takmarkana ef áhættuvægi var 0
Skrifstofustjóri	5 milljónir króna ef heildarskuldbinding var undir 10 milljónum króna
Starfsmenn í framlínu	Einstök lán fyrir 800 þúsund krónur
	Hámark heildarfyrirgreiðslu án íbúðarlána 1 milljón króna

Reglur Sparisjóðs Siglufjarðar um áhættustýringu innihéldu ákveðin viðmið til að takmarka áhættu í útlánum. Meðal annars bar að gæta þess að samanlagðar skuldbindingar til viðskiptamanna í sömu atvinnugrein færu ekki yfir 30% af heildarútlánum sparisjóðsins. Þá mátti heildarfjárhæð stórra áhættuskuldbindinga ekki fara yfir 600% af eigin fé en að öðru leyti var vísað til reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 531/2003 um stórar áhættuskuldbindingar.

Útlánareglur Sparisjóðs Siglufjarðar voru endurútgefnar og samþykktar af stjórn 28. mars 2008 en innihald þeirra var lítt breytt frá því í febrúar 2006. Samhliða uppfærslunni á lánareglunum voru settar nýjar starfsreglur Sparisjóðs Siglufjarðar um útlánareglur starfsmanna í umboði og á ábyrgð sparisjóðsstjóra, þar sem lánaheimildir starfsmanna voru hækkaðar.

Tafla 16. Lánaheimildir hjá Sparisjóði Siglufjarðar samkvæmt lánareglum frá 2008.[34]

Starfsmaður	Hámark heildarfyrirgreiðslu
Sparisjóðsstjóri	10% af eigin fé sparisjóðsins
	20% af eigin fé sparisjóðsins ef áhættuvægi var 0,2
	Án takmarkana ef áhættuvægi var 0
Skrifstofustjóri	40 milljónir króna ef heildarskuldbinding var undir 60 milljónum króna
Útibússtjórar	Einstök lán fyrir 2,5 milljónir króna
	Hámark heildarfyrirgreiðslu án íbúðalána 5 milljónir króna
Starfsmenn í framlínu	Einstök lán fyrir 1 milljón króna
	Hámark heildarfyrirgreiðslu án íbúðalána 2 milljónir króna

31. Um skilgreiningu á eigin fé vísast til 84. gr. og 85. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.
32. Í reglunum kom þó ekki fram hvaða starfsmenn töldust vera „í framlínu“.
33. Útlánareglur Sparisjóðs Siglufjarðar, 8. febrúar 2006.
34. Útlánareglur Sparisjóðs Siglufjarðar, 28. mars 2008.

Um leið og útlánareglur Sparisjóðs Siglufjarðar voru uppfærðar í mars 2008, voru gefnar út nýjar reglur um áhættustýringu, en þær höfðu þó að geyma sömu viðmið um útlánaáhættu og fyrri reglur.

21.2.2 Stærstu lántakendur

Útlán voru stærsta eign sparisjóðsins á árunum 2005–2008, og áður Sparisjóðs Siglufjarðar og Sparisjóðs Skagafjarðar. Afskriftir af þeim á árinu 2008 höfðu töluverð áhrif á rekstrarárangur sparisjóðsins. Rannsóknarnefndin valdi úrtak af lántakendum til sérstakrar skoðunar og greiningar. Markmiðið var að varpa ljósi á útlánastefnu sparisjóðsins, starfshætti útlánastarfemi og ástæður afskrifta. Úrtakið var valið með hliðsjón af stærð áhættuskuldbindinga við sparisjóðinn auk þess sem skoðuð voru sérstaklega lán þar sem sparisjóðurinn færði háar afskriftir.[35]

Skýrslum um stórar áhættuskuldbindingar samkvæmt reglum nr. 216/2007 var ætlað að varpa ljósi á áhættu fjármálafyrirtækis af útlánum og öðrum slíkum skuldbindingum og aðstoða við áhættustýringu.[36] Í úrtaki rannsóknarnefndarinnar voru þeir lánahópar sem voru með stærstu áhættuskuldbindingarnar á ársfjórðungsskýrslum sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins á árunum 2007–2011.

Framlög í afskriftareikning útlána voru stór útgjaldaliður sparisjóðsins á árunum 2008–2011. Auk skoðunar á stórum áhættuskuldbindingum voru í úrtakinu lántakendur sem voru með háa sérgreinda afskrift á árunum 2008–2011, en miklar afskriftir voru hjá sparisjóðnum á árunum 2008–2011. Ekki var talin ástæða til að fara lengra aftur í tímann til athugunar á stórum afskriftaframlögum. Úrtakið náði til 21–26% útlánasafns og 0–45,9% af sérgreindum afskriftaframlögum eftir því til hvaða árs er litið. Ástæða þess að úrtak rannsóknarnefndar nemur ekki hærra hlutfalli af heildarútlánum en raun ber vitni er sú að stór hluti af útlánasafninu samanstóð af einstaklingum með íbúðalán og þótti ekki ástæða til að fjalla um slík einstök lán. Stærsti hluti sérgreindra niðurfærslna hjá sparisjóðnum á tímabilinu var einmitt vegna íbúðalána einstaklinga.

Tafla 17. Úrtak rannsóknarnefndarinnar af lánahópum Afls sparisjóðs/Sparisjóðs Siglufjarðar 2007–2011.[37]

Þús. kr.	Árslok 2007	Árslok 2008	Árslok 2009	Árslok 2010	Árslok 2011
Heildarskuldbinding úrtaks	**1.463.803**	**3.631.642**	**3.788.846**	**3.821.734**	**3.792.306**
Heildarútlán sparisjóðsins	**7.021.378**	**14.213.285**	**15.510.789**	**16.384.598**	**16.175.876**
Hlutfall úrtaks af heild	**20,8%**	**25,6%**	**24,4%**	**23,3%**	**23,4%**
Sérgreindar afskriftir úrtaks	–	215.402	241.233	1.071.487	1.175.984
Sérgreindar afskriftir alls	**85.047**	**566.560**	**1.012.398**	**3.161.123**	**2.560.603**
Afskriftareikningur útlána (sérgr. og alm.)	**176.088**	**1.259.072**	**1.951.683**	**3.988.155**	**2.815.694**
Sérgreindar afskriftir úrtaks af sérgreindum afskriftum alls	–	38%	23,8%	33,9%	45,9%

Í úrtakinu voru níu lánahópar og þrír einstaklingar.[38] Einstaklingarnir voru allir bændur sem fengu lán í erlendum myntum til að fjárfesta í rekstri sínum og voru lánin tryggð með veði í jörðum þeirra. Á árinu 2008 hækkuðu lán þeirra talsvert, sem leiddi til þess að skuldbindingar þeirra urðu meira en 10% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins. Ekki var fært sérgreint afskriftaframlag vegna neins af einstaklingunum á árunum 2008 og 2009, en á árunum 2010 og 2011 voru færðar sérgreindar afskriftir vegna skuldbindinga tveggja þeirra þegar tryggingar þóttu ekki nægar til þess að standa undir hærri skuldbindingu í kjölfar gengisfalls.

35. Nánari umfjöllun um aðferðafræði, forsendur og gögn má finna í 8. kafla, um útlán sparisjóðanna.

36. Reglur nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar taka til lánveitinga, verðbréfaeignar, eignarhluta og veittra ábyrgða fjármálafyrirtækis vegna einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila svo og annarra skuldbindinga sömu aðila gagnvart fjármálafyrirtækinu og mats á áhættu vegna slíkra skuldbindinga. Reglurnar taka einnig til samstæðu fjármálafyrirtækis og móður- og dótturfyrirtækja. Það telst vera stór áhættuskuldbinding þegar viðskiptamaður eða fjárhagslega tengdir aðilar fá lán, ábyrgðir, gera framvirka samninga eða fá aðrar fyrirgreiðslur hjá fjármálafyrirtæki og slík skuldbinding fer yfir 10% af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækisins. Áhættuskuldbindingar einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila máttu ekki fara yfir 25% af eiginfjárgrunni, sbr. 30. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. laga nr. 161/2002 er eiginfjárgrunnur reiknaður út samkvæmt 84.–85. gr. laga nr. 161/2002 og reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 215/2007 um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fyrirtækja.

37. Byggt á skýrslum Afls sparisjóðs um stórar áhættuskuldbindingar ásamt upplýsingum úr bókhaldi og útlánakerfum sjóðsins.

38. Lánahópur samanstendur af tveimur eða fleiri viðskiptamönnum sem eru fjárhagslega tengdir í skilningi 1. mgr. 30. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Af þeim níu lögaðilum sem voru í úrtaki rannsóknarnefndar voru fjögur útgerðarfélög, fasteignafélag, verktakafyrirtæki, nemendagarðar, stjórnmálaflokkur og sjálfseignarstofnun sem sá um rekstur Vesturfaraseturs á Hofsósi. Allir lántakendurnir nema einn störfuðu á starfssvæði sparisjóðsins en allir voru með lán í erlendum myntum sem hækkuðu mikið á árinu 2008. Sum lánanna hækkuðu langt umfram tryggingar og var því þörf á sérgreindum afskriftaframlögum vegna skuldbindinga þeirra. Sum erlend lán voru ekki afskrifuð þrátt fyrir miklar hækkanir. Lánið til stjórnmálaflokksins er eitt þeirra lána sem taldist til löglegra lána í erlendri mynt og hefur ekki verið fært í sérgreindan afskriftareikning vegna þess.

Sparisjóðurinn lánaði mest til sjávarútvegs á tímabilinu 2007–2011. Þau sjávarútvegsfyrirtæki sem voru í úrtaki rannsóknarnefndarinnar fengu öll fyrirgreiðslur frá sparisjóðnum til að fjármagna rekstur sinn, s.s. til að kaupa báta eða aflaheimildir. Til tryggingar þessum lánum var sparisjóðurinn með veð í bátakosti félaganna og fasteignum og var það mat sparisjóðsins við lánveitingarnar að tryggingar væru mjög traustar.

Tveir stærstu skuldarar sparisjóðsins voru sjávarútvegsfyrirtæki sem upphaflega höfðu fengið lán í Glitni banka hf. Þau lán fluttust til sparisjósðins sumarið 2006 þegar hann keypti útibú bankans á Siglufirði. Hjá Sparisjóði Siglufjarðar, og síðar Afli sparisjóði, voru þessi tvö sjávarútvegsfyrirtæki skilgreind sem fjárhagslega tengdir aðilar á skýrslum sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins um stórar áhættuskuldbindingar á árunum 2007 og 2008.[39] Þá hafði innri endurskoðandi sjóðsins einnig skilgreint félögin sem fjárhagslega tengda aðila í skýrslum sínum á árunum 2006–2008.[40] Frá árslokum 2008 og allt fram til ársloka 2011 voru félögin hins vegar ekki tengd saman sem ein áhættuskuldbinding, þótt eignarhald á félögunum væri óbreytt. Tengsl félaganna voru ekki eingöngu eignatengsl heldur var skip annars félagsins lagt að veði til tryggingar skuldbindingum beggja.

Á árinu 2007 voru skuldbindingar félaganna tveggja komnar yfir hið lögbundna 25% hámark af eiginfjárgrunni sparisjóðsins, sbr. 30. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Til að lækka skuldbindingar félaganna hjá sparisjóðunum niður fyrir hámarkið gaf Sparisjóður Mýrasýslu út ábyrgðir til handa sparisjóðnum. Skuldbindingar þeirra mynduðu því einnig áhættu hjá Sparisjóði Mýrasýslu sem lækkuð var með ábyrgð frá VBS Fjárfestingarbanka hf. til handa Sparisjóði Mýrasýslu. Sparisjóður Mýrasýslu taldi félögin sem eina skuldbindingu fram til 31. desember 2008 en ekki eftir það.

Í árslok 2008 nam skuldbinding félaganna, að teknu tilliti til ábyrgða Sparisjóðs Mýrasýslu, samtals um 74% af eiginfjárgrunni Afls sparisjóðs en þá hafði hann hætt að skilgreina þau sem tengda aðila. Áhættuskuldbinding annars félagsins var þá 35,3% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins. Í árslok 2009–2011 var áhættuskuldbinding hvors félags fyrir sig rétt undir lögbundnu 25% hámarki þegar búið var að taka tillit til ábyrgða frá lánastofnunum og sérgreindra afskrifta vegna skuldbindinga þeirra. Fyrir rannsóknarnefndinni kom fram hjá sparisjóðsstjóra að hann taldi að félögin hefðu aldrei átt að vera tengd saman og réttara hefði verið að tengja þau ekki. Annað félagið, sem fór með eignarhald hins, hefði ekki átt ráðandi hlut og því hefði ekki borið að tengja félögin saman. Sparisjóðsstjórinn tók einnig fram að engar athugasemdir hefðu borist frá eftirlitsaðilum um þetta fyrirkomulag.[41]

Eitt lán í úrtakinu hefur verið endanlega afskrifað. Það var veitt til eignarhaldsfélags um fasteign í Reykjavík. Lánið nam tæpum 200 miljónum króna og leigði félagið út efstu hæð fasteignarinnar. Hún var í útleigu fram í nóvember 2008 en eftir þann tíma söfnuðust upp vanskil. Lánið var tryggt með 1. veðrétti í efstu hæð fasteignarinnar sem og 2. og 3. veðrétti í lóðarhlutum með byggingarrétti á sömu lóð, á eftir 50 milljónum króna frá Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. Samkvæmt ársreikningum félagsins var það rekið með tapi frá árinu 2007 og fram til ársins 2010.[42] Í lok árs 2010 var skuldbinding félagsins við sparisjóðinn 402 milljónir króna en 249 milljónir króna höfðu verið færðar á sérgreindan afskriftareikning. Lánin voru endanlega afskrifuð á árinu 2011 og sparisjóðurinn leysti til sín eignir félagsins. Tap vegna lánveitingarinnar er metið á um 45 milljónir króna sam-

39. Félögin voru ekki skilgreind sem fjárhagslega tengdir aðilar í skýrslu sparisjóðsins um stórar áhættuskuldbindingar í árslok 2006.

40. Í endurskoðunarskýrslunni vegna ársins 2006 kom fram að félögin væru fjárhagslega tengdir aðilar samkvæmt þágildandi reglum nr. 531/2003 um stórar áhættuskuldbindingar.

41. Skýrsla Ólafs Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 17. maí 2013.

42. Ársreikningi fyrir árið 2011 hefur ekki verið skilað.

kvæmt upplýsingum sem sparisjóðsstjóri gaf við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefndinni. Að sögn sparisjóðsstjóra var þetta fasteignafélag eina félagið sem sparisjóðurinn lánaði þar sem undirliggjandi veðandlög voru mikil en tekjur félagsins litlar.[43]

Aðrir lántakendur í úrtaki rannsóknarnefndar fengu einnig lánað til að fjárfesta í rekstri sínum. Almennt var ekki að sjá sérstaka annmarka á lánveitingum til þessara félaga eða að þær hefðu verið með óeðlilegum hætti. Útlán virtust almennt nokkuð vel tryggð þótt lánareglur sparisjóðsins hafi ekki falið í sér takmarkanir eða viðmið um veðsetningarhlutföll. Skoðun á öðrum lánahópum í úrtakinu gaf ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar.

Við skýrslutöku fyrir rannsóknarnefndinni sagði sparisjóðsstjóri að tap af lánum til einstaklinga hefði mest verið til brottfluttra Siglfirðinga og Skagfirðinga á höfuðborgasvæðinu. Sparisjóðurinn hefði þurft að afskrifa vegna 110% leiðarinnar en á Siglufirði hefði húsnæðisverð til dæmis tvöfaldast þannig að litlar afskriftir hefðu verið af húsnæðislánum á því svæði.

21.2.3 Lán til starfsmanna og stjórnarmanna

Samkvæmt ákvæði 2. mgr. 57. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki bar að fara með viðskipti starfsmanna sparisjóðsins eftir þeim reglum sem stjórn setti. Í 19. gr. starfsreglna Sparisjóðs Siglufjarðar frá árinu 2007 sagði að stjórn skyldi að fengnum tillögum sparisjóðsstjóra setja reglur um viðskipti starfsmanna sparisjóðsins við hann. Þá sagði einnig að starfsmönnum væri óheimilt að gerast umboðsmenn annarra gagnvart sjóðnum. Í 9. gr. útlánareglna Sparisjóðs Siglufjarðar sagði að óheimilt væri að veita stjórnarmönnum sparisjóðsins, sparisjóðsstjóra, innri endurskoðanda eða mökum þeirra lán nema það væri samþykkt af stjórn og bókað væri um lánveitinguna í gerðabók stjórnar, og að það væri á engan hátt frábrugðið því sem gilti um lán til starfsmanna sparisjóðsins. Ekki var þó að finna nein önnur ákvæði um viðskipti starfsmanna sparisjóðsins en fram kom í 19. gr. starfsreglnanna að sparisjóðsstjóri ætti að setja reglur um slík viðskipti. Í uppfærðum útlánareglum sparisjóðsins frá árinu 2008 kom þó fram að sparisjóðsstjóri og skrifstofustjóri skyldu taka ákvarðanir um lán til starfsmanna.

Stjórnum sparisjóða bar að setja sér starfsreglur þar sem meðal annars skyldi fjallað um framkvæmd reglna um meðferð viðskiptaerinda stjórnarmanna, sbr. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Jafnframt bar sparisjóðum að skila hálfsárslega til Fjármálaeftirlitsins skýrslu um fyrirgreiðslu til venslaðra aðila þar sem fram kæmu allar fyrirgreiðslur til þeirra, það er stjórnarmanna, maka þeirra, barna og félaga tengdra þeim, yfir 10 milljónum króna. Í starfsreglum Sparisjóðs Siglufjarðar, sem samþykktar voru 15. febrúar 2007, voru venslaðir aðilar skilgreindir með sama hætti og í leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 4/2006,[44] um efni reglna skv. 2. mgr. 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Í skýrslu um innri endurskoðun Sparisjóðs Siglufjarðar árið 2007 var gerð athugasemd við að skýrsla sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins um fyrirgreiðslur til venslaðra aðila 31. desember 2006 hefði verið auð. Bæði skrifstofustjóri sparisjóðsins og einn stjórnarmaður voru með fyrirgreiðslur umfram 10 milljónir króna sem hefði átt að gera grein fyrir á skýrslunni til Fjármálaeftirlitsins.

Rannsóknarnefndin kannaði hvort aðilar venslaðir sparisjóðnum, það er stjórnarmenn í sparisjóðnum, móðurfélagsins Sparisjóðs Mýrasýslu og systurfélagsins Sparisjóðs Ólafsfjarðar, makar þeirra, eða félög í eigu stjórnarmanna,[45] hefðu notið óvenjulegrar lánafyrirgreiðslu hjá sparisjóðnum. Athugunin var framkvæmd með þeim hætti að kennitölur umræddra aðila voru keyrðar saman við lánagrunn sparisjóðsins.[46] Alls var 21 venslaður aðili með fyrirgreiðslu hjá sparisjóðnum á tímabilinu 2005–2011. Enginn þeirra var með óvenju háa fyrirgreiðslu en aðeins einn stjórnarmaður var með heildarskuldbindingar yfir 10 milljónum króna í lok árs 2008 og tveir í árslok 2009 og 2010.

43. Skýrsla Ólafs Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 17. maí 2013.
44. Síðar leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2010 um efni reglna skv. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, endurskoðun á leiðbeinandi tilmælum nr. 4/2006.
45. Miðað var við 20% lágmarks eignarhlut.
46. Mögulegt er að ekki hafi öll útlán komið fram í útlánagrunni sparisjóðsins og eru upplýsingarnar því settar fram með þeim fyrirvara.

Rannsóknarnefndin kannaði einnig útlán til starfsmanna og keyrði kennitölur þeirra saman við lánagrunn sparisjóðsins.[47] Heildarskuldbindingar starfsmanna sparisjóðsins námu 58 milljónum í lok árs 2005 og jukust lítillega næstu tvö ár en námu tæpum 70 milljónum króna í árslok 2007. Ári síðar höfðu skuldbindingarnar hækkað mikið vegna gengislækkunar íslensku krónunnar og námu tæpum 114 milljónum í lok árs 2008. Þær hækkuðu enn á árinu 2009 og námu 138 milljónum í lok ársins og 149 milljónum í árslok 2010. Skoðun á lánum til starfsmanna gaf ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar.

Tafla 18. Lán til starfsmanna Afls sparisjóðs/Sparisjóðs Siglufjarðar sem hlutfall af útlánum 2005–2011.[48]

Dags.	Útlán til viðskiptavina (þús. kr.)	Starfsmannalán (þús. kr.)	Starfsmannalán/útlán
31.12.2005	3.015.248	58.485	1,94%
31.12.2006	4.653.141	59.700	1,28%
31.12.2007	6.845.290	68.946	1,01%
31.12.2008	12.954.213	113.742	0,88%
31.12.2009	13.559.106	137.941	1,02%
31.12.2010	12.396.443	149.366	1,20%

21.3 Fjáreignir og fjárfestingar

Afl sparisjóður setti sér ekki sérstakar reglur um fjárfestingar en í reglum sparisjóðsins um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra kom fram að fjárfestingar í fasteignum og önnur meiriháttar eða óvenjuleg fjárfestingaráform skyldi bera upp í stjórn.

Mynd 10. Fjáreignir sem hlutfall af bókfærðu eigin fé og heildareignum Afls sparisjóðs/Sparisjóðs Siglufjarðar í árslok 2005–2011.[49]



	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Minni sparisjóðir, hlutfall af eigin fé	157%	136%	123%	401%	•	177%	100%
AFL-sparisjóður, hlutfall af eigin fé	35%	27%	37%	61%	18%	•	14%
Minni sparisjóðir, hlutfall af eignum	19%	20%	26%	12%	7%	6%	7%
AFL-sparisjóður, hlutfall af eignum	3%	2%	5%	1%	1%	1%	1%

Árið 2005 nam samanlögð verðbréfaeign minni sparisjóðanna 157% af samanlögðu eigin fé þeirra en mest nam hún 401% í árslok 2008.[50] Í árslok 2011 var hlutfallið 100% af eigin fé. Hlutfall fjáreigna af bókfærðu eigin fé sparisjóðsins var óvenju lágt miðað við aðra sparisjóði, en það var hæst 61% árið 2008. Hlutfall fjáreigna af heildareignum sparisjóðsins var einnig lágt, það varð hæst 5% árið 2007 en á sama tíma var hlutfallið 26% hjá minni sparisjóðunum í heild. Neikvæðum hlutföllum var sleppt úr mynd 10, því fjáreignir sem hlutfall af neikvæðu eigin fé gefa litlar upplýsingar.

47. Mögulegt er að ekki hafi öll útlán komið fram í útlánagrunni sparisjóðsins og eru upplýsingarnar því settar fram með þeim fyrirvara.
48. Byggt á upplýsingum úr útlánagrunni sparisjóðanna sem rannsóknarnefndinni var afhentur og ársreikningum sparisjóðsins.
49. Ársreikningar Sparisjóðs Siglufjarðar 2005–2007; ársreikningar Afls sparisjóðs 2008–2011.
50. Um það hverjir töldust til minni sparisjóða og hverjir til hinna stærri vísast til taflna 5, 9 og 10 í 8. kafla skýrslunnar.

Lágt hlutfall fjáreigna í eignasafni Sparisjóðs Siglufjarðar frá 2005 skýrist af áföllum í rekstri hans í kringum aldamótin þegar hann tapaði töluverðum fjármunum á fjárfestingum í hlutabréfum og lánveitingum til slíkra kaupa. Í endurskoðunarskýrslu sparisjóðsins fyrir árið 2001 segir: „Óhagstæð áhrif fjármálamarkaðarins, gengisþróun gjaldeyris, verðhrun á hlutabréfum, áhættustýring og útlánamistök á árinu 2001 hafa haft veruleg neikvæð áhrif á afkomu sparisjóðsins.“[51] Þegar nýr sparisjóðsstjóri tók við árið 2001 markaði hann stefnu um að halda verðbréfaeign sparisjóðsins í algeru lágmarki.[52] Á árinu 2001 seldi sparisjóðurinn hlutabréf í lánastofnunum fyrir um 84 milljónir króna og á árinu 2002 seldi hann hlut sinn í Kaupþingi banka hf. fyrri 179 milljónir króna. Um þetta sagði í sömu endurskoðunarskýrslu: „Sparisjóðurinn uppfyllti […] ekki ákvæði laga um eiginfjárhlutfall í árslok 2001 en með sölu á eignarhlutum í Kaupþingi hf. þann 18. janúar 2002 styrktist eigið fé sjóðsins verulega og fór yfir lögleg mörk.“[53]

Sparisjóður Siglufjarðar átti þó áfram hluti í Meiði ehf. (sem síðar varð Exista hf.) og höfðu hækkanir á markaðsvirði þess eignarhlutar mjög jákvæð áhrif á reksturinn á árunum 2003 og 2004. Á árinu 2005 seldi sparisjóðurinn hlutabréf sín í Exista hf. og var innleystur hagnaður vegna þess 122 milljónir króna.[54]

Mynd 11. Fjáreignir Afls sparisjóðs/Sparisjóðs Siglufjarðar í árslok 2005–2011.[55]



Frá árinu 2005 voru skuldabréf stærstu eignir Sparisjóðs Siglufjarðar, ef undan er skilið árið 2007 þegar sparisjóðurinn eignaðist hlut í Lónakoti ehf. Á því ári var Lónakot ehf., sem var stór lántaki hjá móðurfélagi sparisjóðsins, Sparisjóði Mýrasýslu, bókfært á rúmar 237 milljónir króna í bókhaldi Sparisjóðs Siglufjarðar. Samkvæmt gögnum frá ríkisskattstjóra var Sparisjóður Siglufjarðar þó ekki eigandi að Lónakoti ehf. heldur móðurfélagið, Sparisjóður Mýrasýslu. Í ársreikningi sparisjóðsins fyrir árið 2008 er Lónakot ekki lengur í bókum sjóðsins og samkvæmt bókhaldsgögnum varð hvorki hagnaður né tap af eign sparisjóðsins í Lónakoti. Fyrir rannsóknarnefndinni kannaðist sparisjóðsstjóri ekki við þessa fjárfestingu þegar hann var spurður út í hana en sendi rannsóknarnefndinni síðar samkomulag um kaupin frá 30. desember 2007 sem var óundirritað af hálfu sparisjóðsins. Samkvæmt samkomulaginu átti sparisjóðurinn að greiða fyrir félagið í mars 2008 en sparisjóðsstjóri fann engar greiðslur vegna þessa í bókhaldi sparisjóðsins og telur að kaupin hafi gengið til baka.[56]

51. Skýrsla PricewaterhouseCoopers ehf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Siglufjarðar 2001.
52. Skýrsla Ólafs Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 17. maí 2013.
53. Skýrsla PricewaterhouseCoopers ehf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Siglufjarðar 2001.
54. Skýrsla KPMG endurskoðunar hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Siglufjarðar 2005.
55. Ársreikningar Sparisjóðs Siglufjarðar 2005–2007; ársreikningar Afls sparisjóðs 2008–2011.
56. Skýrsla Ólafs Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 17. maí 2013; tölvuskeyti Ólafs Jónssonar til rannsóknarnefndar 21. maí 2013. Í ársreikningum Sparisjóðs Mýrasýslu var eignarhlutinn bókfærður á 109 milljónir króna. Samtala hlutar Afls sparisjóðs og Sparisjóðs Mýrasýslu var 9,4% af eiginfjárgrunni Sparisjóðs Mýrasýslu í árslok 2007.

Tafla 19. Fjáreignir Afls sparisjóðs/Sparisjóðs Siglufjarðar í árslok 2005–2011.[57]

Þús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Sparisjóðabanki Íslands hf. / Icebank hf.	308	360	2.210	–	–	–	–
Reiknistofa bankanna	3.897	3.897	3.897	20.016	20.016	20.016	20.016
Teris (Tölvumiðstöð sparisjóðanna)	4.688	4.688	6.183	10.257	12.144	12.717	17.571
Samtals	**8.893**	**8.945**	**12.290**	**30.273**	**32.160**	**32.733**	**37.587**
Verðbréfaþjónusta sparisjóðanna	2.770	2.770	1.813	1.162	–	–	–
Samtals	**2.770**	**2.770**	**1.813**	**1.162**	–	–	–
Sparisj. Hornafj. / Sparisj. Vestmannaeyja	1.275	1.275				1.403	1.403
Samtals	**1.275**	**1.275**				**1.403**	**1.403**
Lónakot ehf.	–	–	237.255	–	–	–	–
OMX Group		14.591					
Rauðka				10.000	10.000	10.000	10.000
Tækifæri ehf.	4.737	4.737	4.737	3.771	3.771	3.771	3.771
Nesið ehf.		5.000	5.000	5.000	5.000	250	250
Valitor Holding	2.134	2.134	2.134	2.134	2.134	2.134	
Fiskmarkaður Siglufjarðar		1.600	1.600	1.600	1.600	1.600	1.600
Smárahúsið ehf.	43	43	2.146	2.146			
Seyra			1.000	1.000	1.000	1.000	1.000
Önnur bréf/sjóðir	2.541	3.554	6.540	7.468	3.696	2.887	
Samtals	**9.455**	**31.659**	**260.412**	**33.119**	**27.201**	**21.642**	**22.776**
Markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum	85.437	73.584	104.694	87.305	78.602	70.463	56.729
Samtals	**107.830**	**118.233**	**379.209**	**151.859**	**137.963**	**126.241**	**118.495**

Tafla 20. Afkoma af fjáreignum Afls sparisjóðs/Sparisjóðs Siglufjarðar 2005–2011.[58]

Þús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	Samtals
Nesið ehf.						(4.750)		(4.750)
Smárahúsið ehf.					(2.146)			(2.146)
Verðbréfaþjónusta sparisjóðanna hf.				(1.500)	(1.162)	759		(1.902)
Avion Group hf. (Eimskip)		203	77	(1.785)	(57)			(1.561)
Sparisjóður Bolungarvíkur	45	54	83	390	(1.466)	(115)		(1.009)
Sparisjóðabanki Íslands (Icebank hf.)			1.850	(2.705)				(854)
VBS Fjárfestingarbanki hf. (FSP hf.)			637	(718)	(692)	(44)		(817)
FSP Holding ehf.					(373)			(373)
Reiknistofa bankanna	734							734
Auðkenni hf.		1.100						1.100
Carta Capital							1.440	1.440
Fiskmarkaður Siglufjarðar			60	400		400	800	1.660
Valitor hf. (Greiðslumiðlun hf.)	347	569	1.601	485			910	3.912
Borgun hf. (Kreditkort hf.)	647	647	162				2.512	3.968
Tölvumiðstöð sparisjóðanna (Teris)					1.887	573	4.854	7.314
Kauphöll Íslands hf.	268	17.469	899					18.637
Valitor Holding hf.							36.279	36.279
Exista hf.	127.235			(206)				127.029
Skuldabréf		1.974	3.476	18.550	(4.789)	(1.210)		18.001
Annað (t.d. arður og gjaldeyrismunur)	6.704	(18.150)	34.453	85.432	641.258	133.434	115.581	998.712
Samtals	**135.980**	**3.867**	**43.299**	**98.342**	**632.460**	**129.047**	**162.377**	**1.205.372**

Sparisjóður Siglufjarðar seldi hlut sinn í Sparisjóðabanka Íslands hf. á árinu 2002 fyrir um 57 milljónir króna. Hugur stóð til þess að selja allan eignarhlutann í bankanum en mælst var til þess af öðrum sparisjóðum að hann héldi áfram einhverjum eignarhlut og úr varð að sparisjóðurinn átti frá því 0,01% hlut.[59] Stærstu verðbréfaeignir sparisjóðsins voru í Reiknistofu bankanna og Teris. Þá átti sjóðurinn 31,25% eignarhlut í Rauðku ehf., ferðaþjónustufyrirtæki á Siglufirði, sem metinn var á 10 milljónir króna í bókum sjóðsins.

57. Samkvæmt sundurliðunum frá Afli sparisjóði til rannsóknarnefndarinnar.
58. Samkvæmt sundurliðunum frá Afli sparisjóði til rannsóknarnefndarinnar. Sundurliðun stemmir ekki fyllilega við ársreikning.
59. Skýrsla Ólafs Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 17. maí 2013; tölvuskeyti Ólafs Jónssonar til rannsóknarnefndarinnar 21. maí 2013.

Langstærstu áhrif verðbréfaeignar sparisjóðsins á afkomu hans á árunum 2005–2011, fyrir utan gjaldeyrismun, voru 127 milljóna króna tekjur á árinu 2005 þegar sparisjóðurinn seldi hlutabréf sín í Exista hf. Fram að því hafði sparisjóðurinn hagnast töluvert á gangvirðishækkunum þessarar eignar. Þannig var gengishagnaður af bréfum í Meiði ehf. (síðar Exista hf.) 73,5 milljónir króna á árinu 2004 og segir í endurskoðunarskýrslu þess árs að góð afkoma sjóðsins það ár skýrist einungis af gengishagnaði hlutabréfa í Meiði ehf. Árið 2006 hagnaðist sparisjóðurinn mest á eign sinni í Kauphöllinni, eða um rúmar 17 milljónir króna. Árið 2011 hagnaðist sparisjóðurinn um 36 milljónir króna á sölu hlutabréfa í Valitor hf. Aðrar verðbréfaeignir höfðu lítil áhrif á afkomu sparisjóðsins.

Mynd 12. **Afkoma af fjáreignum og rekstri Afls sparisjóðs/Sparisjóðs Siglufjarðar 2005–2011.**[60]



Á árunum 2005–2011 höfðu tekjur af fjáreignum lítil áhrif á rekstrarniðurstöðu sparisjóðsins enda hafði sjóðurinn selt töluverðar fjáreignir á árunum 2001–2005 og þær voru því lítill hluti af eignasafni hans á síðara tímabilinu. Gjaldeyristekjur ársins 2009 námu 641 milljón króna en rekstrarhagnaður sparisjóðsins sama ár var 17,6 milljónir króna. Þessar tekjur voru til komnar vegna samnings sparisjóðsins við Sparisjóð Mýrasýslu og Arion banka hf. um uppgjör á gjaldmiðlasamningum. Í samningnum var miðað við uppgjör samninga eins og þeir stóðu í október 2008 og leiddi samkomulagið til tekjufærslu sem nam 570 milljónum króna. Gjaldeyristekjurnar vógu á móti virðisrýrnun útlána, sem á sama tíma var 735 milljónir króna. Tekjur sparisjóðsins af fjáreignum á árunum 2001–2007, á verðlagi ársins 2011, voru samtals 506 milljónir króna, en tekjur áranna 2008–2011 af sömu eignum á sama verðlagi námu 1,1 milljarði króna.

21.4 Fjármögnun

Fjármögnun sparisjóðsins á árunum 2005–2011 var einkum í formi innlána og námu 39–68% af skuldum sparisjóðsins að undanskildu eigin fé á þessum sama tíma, hæst árið 2006 og lægst árið 2008.[61] Lántaka sparisjóðsins var einnig veigamikill fjármögnunarþáttur í starfsemi hans, ásamt skuldum við lánastofnanir.

Bundin innlán voru að meðaltali 55% innlána í sparisjóðnum á tímabilinu, en mest námu þau 68% í ágúst 2010 og minnst 43% í júlí 2006.[62] Heimili áttu að meðaltali 62% af innlánum sparisjóðsins, fyrirtæki 17% og fjármálafyrirtæki 15%.[63]

60. Ársreikningar Sparisjóðs Siglufjarðar 2005–2007; ársreikningar Afls sparisjóðs 2008–2011.
61. Sjá nánari útskýringu í upphafi 11. kafla, um fjármögnun sparisjóðanna.
62. Lausafjáryfirlit Afls-sparisjóðs, greining sem skilað var til Seðlabanka Íslands frá janúar 2005 til desember 2011.
63. Atvinnugreinaflokkun innlána sparisjóðsins sem skilað var mánaðarlega til Seðlabanka Íslands frá júlí 2007 til desember 2011.

Tafla 21. Skuldir Afls sparisjóðs/Sparisjóðs Siglufjarðar í árslok 2005–2011.[64]

Þús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Skuldir við lánastofnanir	276.431	79.534	16.946	146.757	1.110.491	1.120.102	1.178.641
Innlán samtals	1.785.231	3.299.006	3.661.940	5.357.155	7.814.310	7.934.359	8.106.272
Lántaka samtals	755.393	1.090.895	2.588.466	7.097.738	5.390.987	5.773.484	3.705.009
Aðrar skuldir	47.514	51.089	323.577	881.348	302.833	277.013	437.541
Reiknaðar skuldbindingar	102.974	116.815	148.832	157.899	189.167	198.558	219.073
Víkjandi skuldir	98.978	179.496	189.533	242.271	376.973	373.744	333.668
Samtals	**3.066.521**	**4.816.835**	**6.929.294**	**13.883.168**	**15.184.761**	**15.677.260**	**13.980.204**

Skuldir við lánastofnanir voru aðallega fyrirgreiðslur í formi millibankalána og ádráttarlína í erlendum myntum. Sparisjóðurinn var með ádráttarlínu í Sparisjóðabanka Íslands hf. til þess að fjármagna erlendar lánveitingar sínar. Sú fjármögnun nægði ekki til þess að anna eftirspurn eftir erlendum lánum hjá sjóðnum og var þá leitað til móðurfélagsins, Sparisjóðs Mýrasýslu, um erlenda fjármögnun. Árið 2009, þegar Nýi Kaupþing banki hf. hafði eignast Sparisjóð Mýrasýslu, fékk Afl sparisjóður skammtímafjármögnun frá Sparisjóði Ólafsfjarðar í stað langtímafjármögnunar frá Sparisjóði Mýrasýslu og því hækkaði hún um tæpan milljarð meðan lántaka minnkaði.[65]

Tafla 22. Lántaka Afls sparisjóðs/Sparisjóðs Siglufjarðar í árslok 2005–2011.[66]

Þús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Fjármögnun frá ÍLS	309.701	311.201	310.422	338.343	–	–	–
Þátttaka í skuldabréfi SPB hjá ÍLS	10.600	11.747	12.152	40.770	–	–	–
Erlend lán frá SPB	285.068	763.317	1.385.817	3.159.016	3.208.646	4.045.114	2.005.737
Erlend lán frá Sparisjóði Ólafsfjarðar	–	–	–	36.261	37.470	34.515	36.813
Erlend lán frá SPM	38.442	69.729	869.739	2.163.158	1.472.709	885.209	887.933
Óverðtryggð millibankalán SPM	180.159	–	–	–	–	–	–
Óverðtryggð millibankalán SPB	–	–	–	844.082	–	–	–
Óverðtryggð millibankalán Sp.Ólafsfj.	–	–	–	–	450.000	700.000	750.000
Kletthváls	–	–	–	349.927	–	–	–
Verðtryggð lán frá sparisjóðum	–	–	–	99.318	92.907	71.648	–
Annað	9.118	13.638	16.264	46.076	129.255	36.999	24.526
Samtals	**833.088**	**1.169.632**	**2.594.394**	**7.076.951**	**5.390.987**	**5.773.485**	**3.705.009**

Árin 2004 og 2005 lánaði Íbúðalánasjóður sparisjóðnum um 330 milljónir króna en að baki lánasamningnum voru fasteignalán í eigu sparisjóðsins.[67] Á árinu 2005 gaf Sparisjóðabanki Íslands hf. út skuldabréf til Íbúðalánasjóðs en að baki skuldabréfinu voru fasteignalán í eigu Sparisjóðs Siglufjarðar og Sparisjóðs Skagafjarðar fyrir samtals um 31 milljón króna. Þessir fjármunir runnu til sparisjóðanna fyrir milligöngu Sparisjóðabankans.

Sparisjóðurinn fjármagnaði erlend útlán sín með lánalínu frá Sparisjóðabanka Íslands hf. en einnig með erlendum lánum frá Sparisjóði Mýrasýslu og síðar í litlum mæli frá Sparisjóði Ólafsfjarðar. Fyrir rannsóknarnefndinni sagði sparisjóðsstjóri að leitað hefði verið eftir erlendri fjármögnun hjá Sparisjóði Mýrasýslu eftir að Afl sparisjóður var kominn að mörkum þess sem hann gat fengið lánað hjá Sparisjóðabankanum.[68] Erlend lántaka sparisjóðsins hækkaði mikið á árinu 2008 með gengisfalli íslensku krónunnar.

Á árinu 2008 seldi Afl sparisjóður, ásamt öðrum sparisjóðum, fasteignalán til Kletthváls ehf., sem var félag í eigu nokkurra sparisjóða. Kletthváls ehf. nýtti fasteignalánin til þess að fá fjármögnun frá Landsbanka Íslands hf. en fjármagnið sem fékkst í þeim viðskiptum rann til sparisjóðanna sem tóku þátt í verkefninu. Á árinu 2009 keyptu sparisjóðirnir fasteignalán sín til baka af Kletthálsi ehf.[69]

64. Ársreikningar Sparisjóðs Siglufjarðar 2005–2007; ársreikningar Afls sparisjóðs 2008–2011.
65. Skýrsla Ólafs Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 17. maí 2013.
66. Ársreikningar Sparisjóðs Siglufjarðar 2005–2007; ársreikningar Afls sparisjóðs 2008–2011. Samtölu sundurliðunar ber ekki saman við heildartölu í ársreikningi og fékkst sú skýring frá sparisjóðnum að flokkun bókhaldslykla undir liði á ársreikningi hefði ekki verið með sama hætti milli ára. Er þar mögulega átt við að sami bókhaldslykillinn hafi ýmist verið færður sem lántaka eða skuld við lánastofnanir milli ára.
67. Þetta átti eingöngu við um Sparisjóð Siglufjarðar. Sparisjóður Skagafjarðar nýtti sér ekki þessa fjármögnunarleið.
68. Skýrsla Ólafs Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 17. maí 2013.
69. Um þetta verkefni er fjallað í 11. kafla.

Sparisjóðurinn tók nokkur víkjandi lán sem voru útistandandi frá 2005 til 2011 en í stjórnarfundargerðum sparisjóðsins var ekki fjallað sérstaklega um ástæður lántökunnar. Stuttu eftir að Sparisjóður Mýrasýslu keypti nær allt stofnfé í Afli sparisjóði gaf sá síðarnefndi út 90 milljóna króna víkjandi skuldabréf til Sparisjóðs Mýrasýslu. Það skuldabréf var frá júní 2004 en um tveimur árum síðar, í júní 2006, gaf sparisjóðurinn út annað víkjandi skuldabréf til Sparisjóðs Mýrasýslu sem nam 180 milljónum króna. Á stjórnarfundi Sparisjóðs Mýrasýslu 1. júní 2006 var samþykkt að kaupa útibú Glitnis banka hf. á Siglufirði fyrir 180 milljónir króna og var greitt fyrir útibúið með víkjandi láni frá Glitni banka hf. sem nam sömu fjárhæð.[70] Starfsemi Glitnis banka hf. á Siglufirði og Afls sparisjóðs var síðan sameinuð. Víkjandi lánin voru verðtryggð og hækkuðu vegna verðbólgunnar 2008 og 2009. Sparisjóðurinn fékk nýtt víkjandi lán frá Sparisjóði Mýrasýslu 3. apríl 2009 þegar láni upp á 110 milljónir japanskra jena til sparisjóðsins var skuldbreytt í víkjandi lán í íslenskum krónum.

21.5 Eignarhald

Afl sparisjóður varð til við samruna Sparisjóðs Siglufjarðar og Sparisjóðs Skagafjarðar og miðaðist reikningslegur samruni við 1. janúar 2008. Stofnfjáreigendur í Sparisjóði Skagafjarðar voru 116 talsins en Sparisjóður Mýrasýslu var stærsti stofnfjáreigandi í Sparisjóði Siglufjarðar með 99,99% hlut fyrir sameiningu sparisjóðanna. Í lok árs 2008 var 88,6% stofnfjár sameinaðs sparisjóðs Siglufjarðar og Skagafjarðar í eigu Sparisjóðs Mýrasýslu sem færði hann sem dótturfélag. Þegar Nýi Kaupþing banki hf. tók yfir Sparisjóð Mýrasýslu 3. apríl 2009 eignaðist hann dótturfélög hans og átti 94,5% í Afli sparisjóði í árslok 2011.

21.5.1 Sparisjóður Hólahrepps – Sparisjóður Skagafjarðar

Sparisjóður Skagafjarðar hét Sparisjóður Hólahrepps allt til ársins 2004. Nafninu var þá breytt þar sem Hólahreppur hafði nokkrum árum fyrr sameinast tíu öðrum hreppum í Skagafirði þannig að til varð Sveitarfélagið Skagafjörður. Árið 2000 gerði Sparisjóður Hólahrepps samning við Fjárvaka ehf., félag í 100% eigu Kaupfélags Skagfirðinga, um samstarf vegna innheimtu og tengdrar þjónustu fyrir Íbúðalánasjóð sem Fjárvaki ehf. hafði samið um við Íbúðalánasjóð. Samningurinn kvað á um að Sparisjóður Hólahrepps annaðist innheimtu á öllum fasteignaverðbréfum Íbúðalánasjóðs fyrir Fjárvaka ehf. og notaði til þess kerfi Tölvumiðstöðvar sparisjóðanna. Fjárvaki bar alla fjárhagslega ábyrgð vegna verkefnisins og tryggði að sparisjóðurinn bæri ekki fjárhagslegan skaða vegna þess. Samningurinn var til tíu ára.[71]

Með þessum samningi jukust umsvif sparisjóðsins og grundvöllur skapaðist til að auka stofnfé hans. Á aðalfundi sparisjóðsins 17. nóvember 2000 var samþykkt að auka stofnfé úr einni milljón króna í fimm milljónir króna. Hver stofnfjárhlutur yrði seldur á 25 þúsund krónur og hlutum yrði fjölgað úr 40 í 200. Á stjórnarfundi 19. desember sama ár var samþykkt að auka hlutafé sparisjóðsins um 17 milljónir króna þannig að stofnfé yrði 22 milljónir króna. Nýju hlutirnir voru seldir á árinu 2001.

Kaupfélag Skagfirðinga sótti um heimild til Fjármálaeftirlitsins 28. febrúar 2003 til að fara með virkan eignarhlut í Sparisjóði Hólahrepps og fékk hana 24. mars sama ár.[72] Fyrirtæki innan samstæðu kaupfélagsins höfðu eignast 8.750.000 að nafnverði af nýjum stofnfjárbréfum sparisjóðsins og áttu 40% af heildarstofnfé. Þetta voru Fiskiðja Sauðár-

70. Tölvuskeyti Kristjáns Óskarssonar, framkvæmdastjóra hjá Glitni banka, til Gísla Kjartanssonar sparisjóðsstjóra Sparisjóðs Mýrasýslu 18. maí 2006. Í athugasemd til rannsóknarnefndarinnar frá 1. nóvember 2013 sagði sparisjóðsstjóri Afls sparisjóðs að um 90 milljónir af kaupverðinu hefðu verið visðkiptavild, það sem eftir var var mismunur eigna og skulda.

71. Samningur um samstarf vegna innheimtuverkefnis og tengda þjónustu við Íbúðalánasjóð í tengslum við samning milli Fjárvaka ehf. og Íbúðalánasjóðs, 25. maí 2000.

72. Í umsókninni tilgreindi Kaupfélag Skagfirðinga á hverju áhugi þess á eignaraðild að Sparisjóði Hólahrepps byggðist. Kaupfélagið hefði rekið stóra innlánsdeild en innlánsdeildir hefðu týnt tölunni á næstliðnum árum. Kaupfélagið horfði frekar til þess að Sparisjóður Hólahrepps tæki við hlutverki innlánsdeildarinnar en að stóru bankarnir sem þá höfðu verið einkavæddir fengju það hlutverk. Það væri einnig skoðun kaupfélagsins að rekstrartækifæri sparisjóðanna á landsbyggðinni hefðu verið að aukast.

króks ehf., Fiskiðjan Skagfirðingur hf., Vörumiðlun ehf. og Element hf. Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar kaupfélagsins höfðu einnig keypt stofnfjárhluti en þeir voru ekki tilgreindir í umsókn um virkan eignarhlut.

Í aðdraganda aðalfundar sparisjóðsins 2003 komu fram tveir framboðslistar til stjórnar og reyndi þá á beitingu atkvæða og ákvörðun atkvæðamagns í fyrsta sinn frá stofnfjáraukningunni 2001. Á öðrum listanum voru sex af tíu frambjóðendum stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar í félögum tengdum Kaupfélagi Skagfirðinga en hinn listann skipuðu fjórir af fimm aðalmönnum í þáverandi stjórn sparisjóðsins og aðrir stofnfjáreigendur. Meirihluti stjórnar sparisjóðsins taldi að takmarka þyrfti atkvæðavægi þeirra sem tengdust kaupfélaginu við 5% atkvæðamagns með hliðsjón af ákvæðum þágildandi 70. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Stjórnin tilkynnti að Fiskiðja Sauðárkróks ehf. yrði skráð fyrir þeim 5% atkvæða sem félli undir samsteypu Kaupfélags Skagfirðinga og aðila í nánum tengslum við hana. Takmörkun atkvæðisréttar einskorðaðist því ekki við þá aðila sem fengið höfðu leyfi til að fara með virkan eignarhlut í sparisjóðnum, heldur náði takmörkunin einnig til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra Kaupfélags Skagfirðinga og tengdra félaga. Þegar halda átti aðalfundinn 28. maí 2003, mótmæltu þeir stofnfjáreigendur sem fengu ekki neytt atkvæðisréttar síns vegna þess að hann var talinn falla undir Fiskiðjuna. Var þá ákveðið að fresta fundinum og leita úrskurðar Fjármálaeftirlitsins um ágreiningsefnið. Sparisjóðurinn óskaði úrlausnar eða úrskurðar Fjármálaeftirlitsins um meðferð atkvæðisréttar fyrir Kaupfélag Skagfirðinga með bréfi 5. júní 2003. Fjármálaeftirlitið svaraði erindinu 10. september sama ár. Í svarinu sagði meðal annars:

> Í hnotskurn má því segja að athugunarefnið beinist að því hvort eignarhlutur einstaklinga, sem valist hafa til trúnaðar- og stjórnunarstarfa fyrir samstæðu fyrirtækja, teljist með í virkum eignarhlut fyrirtækjasamstæðunnar. Sérstaða þess máls sem hér er til umfjöllunar er nokkur, ekki síst vegna umfangsmikillar starfsemi [kaupfélagsins] á starfssvæði sparisjóðsins og þess að þrátt fyrir að umræddir einstaklingar tengist samstæðu [kaupfélagsins] eru, vegna rekstrarforms kaupfélagsins, persónulegir og fjárhagslegir hagsmunir þeirra af beitingu atkvæðisréttarins takmarkaðir.
>
> Það er niðurstaða Fjármálaeftirlitsins […] að það hafi ekki á þessu stigi forsendur til að taka ákvörðun um að virkur eignarhlutur í Sparisjóði Hólahrepps nemi stærra hlutfalli af stofnfé en þegar hefur fengist samþykki fyrir.[73]

Framhaldsaðalfundur sparisjóðsins var síðan haldinn 18. desember 2003 og þar voru framboðin tvö til stjórnar dregin til baka en fundurinn kaus Jón E. Friðriksson, Magnús D. Brandsson, Sigurjón R. Rafnsson, Sverri Magnússon og Valgeir Bjarnason sem aðalmenn í stjórn.[74] Jón E. Friðriksson framkvæmdastjóri Fiskiðjunnar Skagfirðings hf. og Sigurjón R. Rafnsson aðstoðarkaupfélagsstjóri Kaupfélags Skagfirðinga, höfðu verið á framboðslista hópsins sem tengdist kaupfélaginu en Sverrir Magnússon og Valgeir Bjarnason á hinum. Magnús Brandsson var á hvorugum listanum en hann var sparisjóðsstjóri í Sparisjóði Ólafsfjarðar.

Á stjórnarfundi sparisjóðsins sem haldinn var með fulltrúum frá Fjármálaeftirlitinu 28. apríl 2004 var samþykkt að aðalfundur yrði 26. maí sama ár.[75] Aðalfundurinn var haldinn eins og áætlað var og á fundinum voru aðalmenn og varamenn stjórnar frá síðasta aðalfundi endurkjörnir. Á fyrsta stjórnarfundi nýrrar stjórnar var rætt um starfslok sparisjóðsstjóra en tveir stjórnarmenn, Sigurjón R. Rafnsson og Jón E. Friðriksson höfðu farið fram á að hann léti af störfum. Valgeir Bjarnason og Sverrir Magnússon létu þá bóka eftirfarandi:

> Við undirritaðir stjórnarmenn í Sparisjóði Hólahrepps mótmælum harðlega brotthvarfi Kristjáns Hjelm úr starfi sparisjóðsstjóra og getum ekki fallist á uppsögn hans. Það er ljóst að brotthvarf hans úr starfi sparisjóðsstjóra er þvingað fram með óvægnum bolabrögðum af hálfu Kaupfélags Skagfirðinga og fulltrúum þess í sparisjóðsstjórninni, sem engin rök

73. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Hólahrepps 10. september 2003.

74. Til vara voru kosnir Birgir Gunnarsson, Páll Sigurðsson, Lárus Dagur Pálsson, Sigurður Þorsteinsson og Sigurður Guðmundsson.

75. Á fundinum var farið yfir mat Fjármálaeftirlitsins á rekstri sjóðsins og þróun helstu áhættuþátta. Farið var yfir áhættumat og álagspróf Fjármálaeftirlitsins og drög að reglum um viðmið við ákvörðun um hærra eiginfjárhlutfall einstakra lánastofnana. Jafnframt var rætt um ágreining um framtíð sjóðsins og formaður stjórnar fór yfir stöðu mála varðandi drög að samkomulagi um framtíð sparisjóðsins.

> eru færð fyrir. Kristján Hjelm sparisjóðsstjóri hefur reynst trúr og góður starfsmaður sem hefur unnið samkvæmt hugsjónum og starfsreglum sparisjóðanna og laðað að viðskiptavini. Framtíð Sparisjóðs Hólahrepps er nú stefnt í mikla óvissu og vísum við allri ábyrgð á hendur öðrum stjórnarmönnum vegna þeirra vinnubragða sem þeir nú beita í stjórnun sjóðsins. Engar tillögur eru lagðar fram um framtíðarlausnir fyrir sjálfstæða starfsemi sjóðsins, aðeins virðist ætlunin að hann verði rekinn sem deild í rekstri Kaupfélags Skagfirðinga. Með þessum hætti er gengið þvert á hugsjónir og forsendur sparisjóðanna og því mótmælum við þessari aðför fulltrúa Kaupfélags Skagfirðinga að Sparisjóði Hólahrepps og áskiljum okkur rétt til að verja hagsmuni hans og sjálfstæði með öllum tiltækum ráðum.[76]

Sigurjón R. Rafnsson lét þá bóka að hann sæti sem einstaklingur í stjórn sparisjóðsins, einungis með hagsmuni Sparisjóðs Hólahrepps í huga. Hann teldi það lykilforsendu fyrir vexti og framgangi sjóðsins að skipta um sparisjóðsstjóra þar sem núverandi sparisjóðsstjóri hefði tekið afstöðu í ágreiningi stofnfjáreigenda. Jón E. Friðriksson tók fram á fundinum að hann sæti í stjórn sparisjóðsins fyrir sitt eigið stofnfé. Ekki var bókað hver afstaða stjórnarformannsins, Magnúsar D. Brandssonar, var í þessu máli. Fyrir rannsóknarnefnd Alþingis sagði fyrrum sparisjóðsstjóri að honum hefði verið tjáð að til þess að ná sátt um sparisjóðinn þyrfti hann að fara og hann hefði viljað að sáttir næðust.[77]

Á fundi sparisjóðsstjórnar 12. október 2004 lagði formaður fram drög að dagskrá fyrir stofnfjáreigendafund sem haldinn yrði í nóvember sama ár. Lagt var til að tekin yrði fyrir stofnfjáraukning, kosning stjórnar, breyting á nafni sjóðsins og önnur mál. Formanni og endurskoðanda var falið að finna aðila til að útbúa útboðslýsingu og undirbúa tæknileg atriði fyrir fundinn. Valgeir Bjarnason og Sverrir Magnússon sátu hjá við þessa ákvörðun. Rætt var um ráðningarsamning við nýjan sparisjóðsstjóra, Vilhjálm Baldursson, en fyrir lá undirritaður ráðningarsamningur og erindisbréf við Vilhjálm með fyrirvara um samþykki stjórnar. Valgeir greiddi atkvæði gegn ráðningunni en Sverrir sat hjá.

Á stjórnarfundi 8. nóvember 2004 lagði stjórnarformaður fram tillögu um að auglýsa stofnfjáreigendafund 24. nóvember 2004. Á honum skyldi taka fyrir breytingu á nafni sjóðsins í Sparisjóð Skagafjarðar og hækkun stofnfjár í 88 milljónir króna, sem og kosningu til stjórnar. Valgeir og Sverrir sátu hjá en aðrir stjórnarmenn samþykktu tillöguna. Fyrir stofnfjáreigendafundinn bárust tveir framboðslistar til stjórnar og beiðni um hlutbundna kosningu. Þessi atriði voru rædd á stjórnarfundi 23. nóvember 2004 en á þeim fundi voru jafnframt teknar fyrir framsalsbeiðnir á stofnfjárbréfum. Meðal þeirra sem þar óskuðu eftir að selja stofnfjárhluti sína voru félög sem höfðu heimild til að fara með virkan eignarhlut í sparisjóðnum. Kaupendur að bréfunum voru einstaklingar, margir með tengsl við kaupfélagið,[78] Sparisjóður Mýrasýslu og Sparisjóður Ólafsfjarðar. Varamenn tóku sæti Sigurjóns og Jóns Eðvalds undir þessum dagskrárlið, en þeir voru meðal kaupenda, og samþykkti meirihluti stjórnar framsölin. Valgeir og Sverrir sátu hjá og töldu þeir ekki heimilt að samþykkja framsölin þar sem Fjármáleftirlitið hefði ekki afgreitt umsókn um virkan eignarhlut.[79]

Á stofnfjáreigendafundi sparisjóðsins 24. nóvember 2004 var deilt um það hvort nýir eigendur stofnfjárbréfanna ættu, vegna tengsla sinna við kaupfélagið, að fara sameiginlega með 5% atkvæða á fundinum, í samræmi við ákvæði þágildandi 2. mgr. 70. gr. laga nr. 161/2002.[80] Fundarstjóri tók ekki sérstaklega afstöðu til þess hvort þessir aðilar færu sameiginlega með 5% atkvæðamagns og var gengið til kosninga miðað við skrá um stofnfjárhafa sem lá frammi á fundinum. Fundarstjóri gat þess þó að ef sá listi reyndist vera rangur gæti það leitt til þess að ákvarðanir fundarins yrðu taldar ógildar fyrir dómi.

Stjórnarformaður lagði fram tillögu meirihluta stjórnar um stofnfjáraukningu og hvernig yrði staðið að henni. Í fundargerð kemur fram að Valgeir Bjarnason hafi óttast að ekki gætu allir „eldri“ stofnfjáraðilar keypt í stofnfjáraukningunni og væri hún leið til þess að

76. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Hólahrepps, 25. júní 2004.
77. Skýrsla Kristjáns Hjelm fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 24. maí 2013.
78. Þar á meðal framkvæmdastjóri Fiskiðjunnar Skagfirðings og maki hans, maki kaupfélagsstjórans, aðstoðarkaupfélagsstjórinn og maki hans.
79. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Skagafjarðar, 23. nóvember 2004.
80. Valgeir Bjarnason lagði fram bókun um þetta og er svo að skilja af fundargerð að hann hafi talið Sparisjóð Mýrasýslu og Sparisjóð Ólafsfjarðar með í hópnum sem fara ætti sameiginlega með 5% atkvæða.

Kaupfélag Skagfirðinga eignaðist sparisjóðinn. Vildi hann að tillögu um aukningu stofnfjár yrði vísað frá og leitað sátta um aukninguna. Gengið var til atkvæða og samþykktu 74% stofnfjáraukninguna.

Stofnfjáreigendafundurinn samþykkti einnig nafnbreytingu sparisjóðsins með 71% atkvæða og var nýja heitið Sparisjóður Skagafjarðar. Fundarstjóri kynnti tillögu um stjórnarkjör en Valgeir Bjarnason taldi það ekki hlutverk fundarins að kjósa nýja stjórn, slíkt ætti að gera á aðalfundi. Fundarstjóri lýsti dagskrárliðinn löglegan og var kjörin ný stjórn en í henni sátu: Sigurjón R. Rafnsson, Jón E. Friðriksson, Sverrir Magnússon, Magnús D. Brandsson og Gísli Kjartansson. Á stjórnarfundi 6. desember 2004 skipti stjórnin með sér verkum og var Magnús D. Brandsson valinn formaður.

Með lögbannsbeiðni til sýslumannsins á Sauðárkróki 8. desember 2004 kröfðust 10 stofnfjáreigendur í sparisjóðnum þess meðal annars að lögbann yrði sett við því að stofnjáraukning færi fram í samræmi við samþykkt stofnfjáreigendafundarins. Sýslumaður hafnaði lögbannsbeiðninni og var henni vísað til Héraðsdóms Norðurlands vestra. Dómurinn lagði fyrir sýslumann með úrskurði þann 27. janúar 2005 að leggja lögbann við stofnfjáraukningunni og kærði stjórn sparisjóðsins úrskurðinn til Hæstaréttar sem staðfesti úrskurðinn í máli nr. 48/2005 22. febrúar 2005.

Á stjórnarfundi 4. febrúar 2005 mættu Páll Gunnar Pálsson og Ragnar Hafliðason fyrir hönd Fjármálaeftirlitsins í kjölfar bréfs frá Fjármálaeftirlitinu um fund með stjórn. Á fundinum lagði Páll Gunnar fram eftirfarandi bókun:

> Á liðnum misserum hefur FME ítrekað þurft að taka til athugunar þætti í starfsemi og eignarhaldi Sparisjóðs Hólahrepps (nú Sparisjóður Skagafjarðar), sem m.a. tengjast ósætti meðal stofnfjáreigenda. Fjármálaeftirlitið telur augljóst að rekstri sparisjóðsins sé hætta búin takist ekki að setja niður deilur og málaferli meðal stofnfjáreigenda. Að mati Fjármálaeftirlitsins ber stjórn sparisjóðsins að leita allra leiða í því efni. Að öðrum kosti mun Fjármálaeftirlitið taka til athugunar hvort efni séu til afturköllunar á starfsleyfi sjóðsins.

Nokkrir stofnfjáreigenda höfðuðu mál á hendur sparisjóðnum og aðilum tengdum kaupfélaginu. Dómkröfurnar voru meðal annars að ákvarðanir stjórnar á stjórnarfundi 23. nóvember 2004 um samþykki framsals stofnfjárbréfa fjögurra lögaðila innan samstæðu Kaupfélags Skagfirðinga yrði ógilt og að ákvarðanir stofnfjáreigendafundar sparisjóðsins 24. nóvember 2004 yrðu ógiltar. Á stjórnarfundi sparisjóðsins 31. maí 2005 var samþykkt samhljóða að fallast á kröfur stefnenda í málinu og að hlíta dómi um þær. Dómur var kveðinn upp í málinu í Héraðsdómi Norðurlands vestra 9. júní 2005 í samræmi við það.[81]

Á aðalfundi sparisjóðsins 23. júní 2005 áttu félögin fjögur[82] sem höfðu fengið heimild til að fara með virkan eignarhlut enn 8.750.000 krónur af heildarstofnfé sem nam 22 milljónum króna, þar sem ákvörðun um framsöl á stjórnarfundi 23. nóvember hafði verið ógild af stjórnarfundi tæpum mánuði áður. Undir aðalfundinn voru bornar tillögur sem vörðuðu tvö af þeim þremur atriðum sem höfðu verið ógilt. Þannig var samþykkt samhljóða að stofnfé yrði aukið úr 22 milljónum króna í 88 milljónir króna og ný stjórn var kjörin. Í stjórn voru kjörnir Ágúst Guðmundson, Gísli Kjartansson, Sigurjón R. Rafnsson, Valgeir Bjarnason og Þórarinn Magnússon. Á stjórnarfundi 11. júlí sama ár var Gísli Kjartansson valinn formaður stjórnar. Gísli Kjartansson var þá sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Mýrasýslu, Sigurjón R. Rafnsson og Ágúst Guðmundsson höfðu verið á lista aðila tengdra Kaupfélaginu sem lagður var fram til stjórnarkjörs árið 2003. Valgeir Bjarnason hafði verið í stjórn áður en hann var á hinum listanum vegna kosninga í stjórn sparisjóðsins árið 2003. Þórarinn Magnússon var á hvorugum listanum.

Fyrrum sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Hólahrepps greindi rannsóknarnefndinni frá þessum breytingum á stofnfjáreigendahópi sparisjóðsins. Fjárvaki ehf., félag í 100% eigu Kaupfélags Skagfirðinga, hafði gert samning við Íbúðalánasjóð árið 2000 um ákveðna þjónustu sem fól í sér aðgang að tölvukerfinu Flexcube og að útvega bankaleyfi. Það tvennt hefði

81. Dómur Héraðsdóms Norðurlands vestra 9. júní 2005 í máli nr. E-45/2005.

82. Kaupfélag Skagfirðinga sótti um heimild til Fjármálaeftirlitsins 28. febrúar 2003 til að fara með virkan eignarhlut í Sparisjóði Hólahrepps vegna félaga innan samstæðu Kaupfélagsins, Fiskiðju Sauðárkróks ehf., Fiskiðjunnar Skagfirðings hf., Vörumiðlunar ehf. og Elements hf.

skipt mestu máli í þessum samningi. Dýrt væri að stofna nýtt fjármálafyrirtæki og yfirleitt hagstæðara að taka yfir lítið fjármálafyrirtæki til þess að fá starfsleyfi og aðgang að Reiknistofu bankanna. Í því skyni að efna samninginn við Íbúðalánasjóð hefði Kaupfélag Skagfirðinga viljað eignast að minnsta kosti 25% hlut í Sparisjóði Hólahrepps sem hafði starfsleyfi sem fjármálastofnun og aðgang að Reiknistofu bankanna.[83] Í 4. grein samnings um innheimtu og tengda þjónustu fyrir Íbúðalánasjóð var því lýst að samningurinn fæli meðal annars í sér aðgang að kerfum Reiknistofu bankanna eða annarra sambærilegra kerfa sem Fjárvaki ehf. hafði ekki aðgang að.[84] Í því skyni var gerður samstarfssamningur við Sparisjóð Hólahrepps.

Samningur Íbúðalánasjóðs og Sparisjóðs Hólahrepps

Í bréfi tveggja stjórnarmanna til endurskoðanda sparisjóðsins í maí 2004 var fjallað um samning milli sparisjóðsins og Íbúðalánasjóðs. Einn stjórnarmanna sparisjóðsins, sem jafnframt var stjórnarformaður Fjárvaka ehf, dótturfélags Kaupfélags Skagfirðinga, gerði samning fyrir hönd sparisjóðsins við Íbúðalánasjóð um að sparisjóðurinn tæki við 300 milljónum króna á tilteknum vöxtum og nyti vaxtamunar á endurlánum peninganna. Gert var ráð fyrir að Fjárvaki ehf. fengi hluta ávinningsins eða vaxtamunarins. Í bréfi stjórnarmannanna kom fram að samningurinn hefði ekki komið fyrir stjórn sparisjóðsins og ekki verið staðfestur af henni.[1] Samkvæmt afriti sem rannsóknarnefndin hefur af þessu samkomulagi er ekki kveðið á um að fjármunir skuli renna til Fjárvaka ehf. en fyrrum sparisjóðsstjóri staðfesti fyrir rannsóknarnefndinni að hann hefði greitt Fjárvaka ehf. vaxtamun vegna þessa samnings.[2] Samningurinn er undirritaður af Sigurjóni R. Rafnssyni fyrir hönd sparisjóðsins með fyrirvara um samþykki stjórnar 18. janúar 2002. Ekki er að sjá af fundargerðum stjórnar að samningurinn hafi verið borinn undir hana.

1. Bréf Valgeirs Bjarnasonar og Sverris Magnússonar, tveggja stjórnarmanna sparisjóðsins, til Sigurðar Jónssonar 12. maí 2004.
2. Skýrsla Kristjáns Hjelm fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 24. maí 2013.

Tap sparisjóðsins vegna ársins 2005 nam 13,4 milljónum króna og eiginfjárhlutfallið var 11,2% í árslok 2005. Árið eftir tapaði sjóðurinn tæpum tveimur milljónum króna en stofnfé var aukið um rúmar 54 milljónir króna á árinu og eiginfjárhlutfall í lok árs 2006 var 10,3%.

Á árinu 2007 var ljóst að sparisjóðurinn stóð höllum fæti og á stjórnarfundi Sparisjóðs Siglufjarðar 20. júlí 2007 upplýsti sparisjóðsstjóri að staða sparisjóðsins væri orðin mjög slæm. Tap á rekstrinum eftir fyrstu sex mánuðina var um 32 milljónir króna fyrir skatta og eiginfjárhlutfallið 6,9%, sem var undir lögbundnu lágmarki.

Stjórnarfundur Sparisjóðs Skagafjarðar samþykkti samruna við Sparisjóð Siglufjarðar á fundi sínum 25. apríl 2007 og samruninn var síðan samþykktur á aðalfundi Sparisjóðs Skagafjarðar 13. ágúst 2007 af handhöfum 78% stofnfjár. Í lok árs 2007 var stofnfé Sparisjóðs Skagafjarðar 108,6 milljónir króna og stofnfjáraðilar 116 talsins, þar af voru 9 lögaðilar.

21.5.2 Stofnfé og stofnfjáreigendur

Samkvæmt samþykktum Sparisjóðs Siglufjarðar frá 25. febrúar 2003 gat stofnfé sparisjóðsins verið á bilinu 80–160 milljónir króna. Stofnféð skiptist í jafnháa hluti og fylgdi eitt atkvæði hverjum hlut. Einstökum stofnfjáreigendum var óheimilt, fyrir sjálf sín hönd eða annarra, að fara, beint eða óbeint, með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóðnum. Atkvæðisréttur fylgdi ekki þeim stofnfjárbréfum sem sparisjóðurinn átti sjálfur og mátti hann ekki eiga meira en 10% af eigin stofnfé. Sala eða annað framsal stofnfjárbréfa var óheimilt nema með samþykki stjórnar sparisjóðsins, en veðsetning með öllu óheimil. Fundur stofnfjáreigenda gat ákveðið að auka stofnfé með áskrift nýrra hluta og höfðu stofnfjáreigendur þá rétt til að skrá sig fyrir auknu stofnfé í réttu hlutfalli við stofnfjáreign sína. Árið 2007 var stofnfé sparisjóðsins 795.599.589 krónur sem greindist í einnar krónu

83. Skýrsla Kristjáns Hjelm fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 24. maí 2013.
84. Samningur um innheimtu og tengda þjónustu milli Íbúðalánasjóðs og Fjárvaka ehf., 28. október 1999.

hluti eða það margfeldi af einni krónu sem hver stofnfjáreigandi átti. Á fundi stofnfjáreigenda 25. apríl 2007 var samþykkt að stjórnin fengi heimild til að auka stofnfé sjóðsins í allt að einn milljarð króna vegna fyrirhugaðrar sameiningar við Sparisjóð Skagafjarðar.

Samþykktir fyrir Afl sparisjóð voru samþykktar á aðalfundi 18. apríl 2008. Samkvæmt þeim nam stofnfé sparisjóðsins 1.022.544.909 krónum og skiptist í jafnmarga einnar krónu hluti. Stjórn sparisjóðsins var heimilt að hækka stofnfé hans um allt að 500 milljónir króna eða um jafnmarga einnar krónu hluti. Heimildin gilti til septemberloka 2012. Fundur stofnfjáreigenda gat ákveðið að auka stofnfé með áskrift nýrra stofnfjárhluta, með endurmati á stofnfé samkvæmt 67. gr. laga nr. 161/2002 eða með ráðstöfun hluta hagnaðar samkvæmt 2. tölul. 68. gr. sömu laga. Þá var samþykkt að veðsetning stofnjárhluta yrði heimil að tilskyldu samþykki stjórnar sparisjóðsins. Samþykktum sparisjóðsins var breytt á aðalfundi 31. maí 2010. Samkvæmt nýjum samþykktum var stofnfé sparisjóðsins 1.522.544.909 og skiptist í jafnmarga einnar krónu hluti. Sparisjóður Mýrasýslu hafði aukið stofnfé sitt um rúmar 500 milljónir króna tæpu ári áður. Auk fyrri heimildar til hækkunar á stofnfé var bætt við heimild til að hækka stofnfé sparisjóðsins um allt að 45 milljónir króna án forkaupsréttar Arion banka hf. Ári síðar var samþykktum enn breytt á aðalfundi sparisjóðsins. Felldar voru út takmarkanir um framsal stofnfjárhluta og fært í samþykktir að aðalfundur hefði heimild til að ráðstafa allt að 50% af hagnaði sparisjóðsins vegna þess rekstrarárs sem til umfjöllunar væri á fundinum til hækkunar á nafnverði stofnfjár sjóðsins. Lög um sparisjóði höfðu þá breyst þannig að heimild til arðgreiðslu var hæst 50% af hagnaði ársins. Í samþykktum Afls sparisjóðs frá 2010 og 2011 var áfram kveðið á um það að einstökum stofnfjáraðilum væri aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóðnum.

Í ársbyrjun 2003 voru stofnfjáreigendur í Sparisjóði Siglufjarðar 58 talsins og átti Sparisjóður Mýrasýslu um 40% stofnfjár. Á aðalfundi Sparisjóðs Siglufjarðar 25. febrúar 2003 var samþykkt að taka tilboði Sparisjóðs Mýrasýslu um kaup á nær öllu stofnfé sjóðsins. Sparisjóður Mýrasýslu átti síðan 99,99% stofnfjár í sparisjóðnum fram að sameiningu hans við Sparisjóð Skagafjarðar árið 2007.

Tafla 23. Sundurliðun á eigin fé Afls sparisjóðs/Sparisjóðs Siglufjarðar í lok árs 2005–2011.[85]

Pús. kr.	2005		2006		2007		2008		2009		2010		2011	
Stofnfé	180.000	58,2%	280.000	63,4%	795.600	78,6%	1.022.545	•	1.522.545	•	1.522.545	•	1.522.545	•
Varasjóður	129.150	41,8%	161.584	36,6%	216.459	21,4%	(774.377)	•	(756.784)	•	(2.809.160)	•	(684.130)	•
Eigið fé samtals	309.150	100,0%	441.584	100,0%	1.012.059	100,0%	248.168	•	765.761	•	(1.286.615)	•	838.415	•

Stjórn Sparisjóðs Skagafjarðar samþykkti 17. nóvember 2006 að hefja viðræður um sameiningu sjóðsins við Sparisjóð Siglufjarðar. Tillagan var lögð fram af formanni stjórnar í stað þess að ráðist yrði í frekari stofnfjáraukningar. Stjórn Sparisjóðs Siglufjarðar samþykkti að ganga til sameiningarviðræðna á fundi sínum 15. febrúar 2007. Á stjórnarfundi Sparisjóðs Siglufjarðar 25. apríl 2007 var samruni sparisjóðanna tveggja samþykktur. Sparisjóður Mýrasýslu myndi auka stofnfé í Sparisjóði Siglufjarðar um 515,6 milljónir króna og hlutur Sparisjóðs Siglufjarðar í sameinuðum sjóði yrði 88%. Samruninn var í kjölfarið lagður fyrir aðalfundi sparisjóðanna 13. ágúst 2007 og var hann samþykktur.[86] Samruni Sparisjóðs Siglufjarðar og Sparisjóðs Skagafjarðar var samþykktur af Samkeppniseftirlitinu 25. júní 2007 og af Fjármálaeftirlitinu 7. mars 2008.[87] Reikningslegur samruni miðaðist við 1. janúar 2008.

Sparisjóður Mýrasýslu átti 99,9% hlut í Sparisjóði Siglufjarðar og var jafnframt stærsti stofnfjárhafinn í Sparisjóði Skagafjarðar við sameiningu, með 5,34% eignarhlut. Í árslok 2007 var stofnfé Sparisjóðs Skagafjarðar tæpar 109 milljónir króna og varasjóðurinn nei-

85. Ársreikningar Sparisjóðs Siglufjarðar 2005–2007; ársreikningar Afls sparisjóðs 2008–2011.

86. Fundargerð stjórnar Sparisjóðs Siglufjarðar, 13. ágúst 2007.

87. „Samruni Sparisjóðs Skagafjarðar og Sparisjóðs Siglufjarðar“, fme.is 10. mars 2008, http://www.fme.is/utgefid-efni/frettir-og-tilkynningar/frettir/nr/366.

kvæður um 22 milljónir króna. Þetta eigin fé bættist við eigin fé Sparisjóðs Siglufjarðar við samruna sparisjóðanna. Sameinaður sjóður fékk nafnið Afl sparisjóður í mars 2008 og heildarstofnfé hans var 904 milljónir króna.

Á árinu 2008 var stofnfé Afls sparisjóðs endurmetið um 118 milljónir króna og var stofnfé í árslok því 1.022.545 krónur. Í mars 2009 var óskað eftir því við stjórn Sparisjóðs Mýrasýslu að sjóðurinn legði fram 500 milljónir króna í nýtt stofnfé í sparisjóðinn og veitti 132 milljóna króna víkjandi lán, sem hann og gerði. Eftir þessa stofnfjáraukningu átti Sparisjóður Mýrasýslu 94,5% stofnfjár í Afli sparisjóði. Í apríl sama ár yfirtók Nýi Kaupþing banki hf. eignir og skuldir Sparisjóðs Mýrasýslu og varð þar með stærsti eigandi Afls sparisjóðs.

Í lok árs 2009 voru stofnfjáreigendur Afls sparisjóðs 130 talsins en fækkaði um átta ári seinna og voru 122 í árslok 2010 og 2011. Á haustmánuðum 2011 voru eignarhlutar Arion banka hf. í Sparisjóði Ólafsfjarðar og Afli sparisjóði settir í söluferli. Eitt tilboð barst í sjóðinn en það uppfyllti ekki skilyrði og var því ekki tekið. Vegna 5% hámarksatkvæðavægis eins eiganda í sparisjóði fer 94,5% eignarhlutur Arion banka hf. með minna en helming þeirra atkvæða sem hægt er að greiða en aðrir eigendur, sem samtals eiga 5,5% stofnfjár, fara saman með meirihluta atkvæða.

Stjórn sparisjóðsins samþykkti 26. september 2008 að hlutafélagsvæða sjóðinn og var ákveðið að óska eftir tilboði í verðmat frá Capacent og aðstoð lögfræðinga hjá Kaupþingi banka hf. við hlutafélagsvæðinguna. Ekki var gripið til frekari aðgerða til að hlutafjárvæða sparisjóðinn og því var ferlinu sjálfhætt í kjölfar falls bankanna. Fyrir rannsóknarnefndinni sagði sparisjóðsstjóri Afls sparisjóðs að þetta hefði verið gert eftir að Sparisjóður Mýrasýslu, móðurfélag sjóðsins, hefði verið kominn í mikil vandræði. Hlutafélagsvæðing sparisjóðsins hefði kannski átt að auðvelda fjárhagslega endurskipulagningu. Þá hefðu verið uppi alls kyns hugmyndir sem ekki urðu að veruleika. Hann minntist þess ekki að hlutafélagsvæðing sparisjóðsins hefði verið ofarlega á verkefnalistanum.[88]

21.6 Rekstur sparisjóðsins eftir fall viðskiptabankanna haustið 2008 og niðurfelling skulda hans hjá Arion banka hf.

Fall viðskiptabankanna haustið 2008 hafði sín áhrif á Afl eins og aðra sparisjóði í landinu. Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2008 var tap á rekstri sparisjóðsins 805,6 milljónir króna, eigið fé sparisjóðsins nam 248,2 milljónum króna í árslok og var eiginfjárhlutfallið komið niður í 3,2%.[89]

Gripið var til aðgerða til að hækka eiginfjárhlutfall sparisjóðsins og 28. mars 2009 samþykkti Sparisjóður Mýrasýslu að leggja fram 500 milljóna króna stofnfé og veita sparisjóðnum að auki víkjandi lán upp á 132 milljónir króna.[90] Á stjórnarfundi sparisjóðsins þremur dögum síðar, 31. mars 2009, var samþykkt tillaga um að nýta fyrirliggjandi heimild stjórnar til stofnfjárhækkunar. Sparisjóður Mýrasýslu myndi þá breyta allt að 500 milljónum af kröfum sínum í stofnfé, auk þess að veita nýtt víkjandi lán. Jafnframt yrði öðrum stofnfjárhöfum gert kleift að taka þátt í stofnfjáraukningunni. Eftir breytinguna yrði eiginfjárhlutfall sparisjóðsins 9,81%.[91] Þá þurfti stjórn sparisjóðsins að taka afstöðu til þess hvort óskað yrði eftir 20% eiginfjárframlagi úr ríkissjóði, sbr. 2. gr. laga nr. 125/2008 (neyðarlaga), en reiknað var með að það næmi þá um 210 milljónum króna. Ef tekin yrði ákvörðun um að sækja um slíkt framlag yrði samhliða því leitað eftir víkjandi láni upp á 105 milljónir króna. Við þær aðgerðir yrði eiginfjárhlutfall sparisjóðsins 12,56%.[92] Sparisjóðurinn sótti þó aldrei um 20% eiginfjárframlag úr ríkissjóði.

Í fundargerð stjórnar sparisjóðsins kom fram að þessar ráðstafanir væru leið fyrir Sparisjóð Mýrasýslu til að verja kröfur sínar á hendur Afli sparisjóði en útlán hins fyrrnefnda til þess síðarnefnda námu um sex milljörðum króna og því mikilvægt fyrir kröfuhafa Sparisjóðs Mýrasýslu að gripið væri til aðgerða, en einnig væri verið að gæta hagsmuna

88. Skýrsla Ólafs Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 17. maí 2013.
89. Ársreikningur Afls sparisjóðs 2008.
90. Ársreikningur Afls sparisjóðs 2008.
91. Samkvæmt ársreikningi Afls sparisjóðs hækkaði eiginfjárhlutfallið í 9,5%.
92. Fundargerð stjórnar Afls sparisjóðs, 31. mars 2009.

minni stofnfjáreigenda í Afli sparisjóði. Þar sem Afl sparisjóður var undir lögbundnum eiginfjármörkum var ljóst að ef ekki kæmi til aðgerða af hálfu Sparisjóðs Mýrasýslu hefði Afl sparisjóður engin úrræði til að koma sínum málum í lag, því Sparisjóður Mýrasýslu var eini lánardrottinn sjóðsins og jafnframt stærsti stofnfjáreigandinn. Að öðrum kosti yrði Fjármálaeftirlitið að grípa inn í rekstur Afls sparisjóðs á grundvelli heimilda í lögum nr. 125/2008, flytja innlán frá sparisjóðnum og ráðstafa eignum hans.[93]

Við stofnfjáraukninguna fór hlutdeild Sparisjóðs Mýrasýslu úr 88,6% í 92,06%.[94] Ekkert varð hins vegar af því að öðrum stofnfjáreigendum væri boðin þátttaka í stofnfjáraukningunni eins og samþykkt hafði verið á stjórnarfundi Afls sparisjóðs 31. mars 2009.[95]

Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 3. apríl 2009 tók eftirlitið yfir vald stofnfjáreigendafundar Sparisjóðs Mýrasýslu og gerði ráðstafanir í samræmi við kaupsamning sparisjóðsins og Nýja Kaupþings banka hf. frá sama degi. Við ákvörðun Fjármálaeftirlitsins komst stofnfjáreign Sparisjóðs Mýrasýslu í Afli sparisjóði í eigu Nýja Kaupþings banka hf. og varð sparisjóðurinn þar með dótturfélag bankans.[96]

Afl var þó áfram rekinn sem sjálfstæður sparisjóður. Þær aðgerðir sem gripið var til í því skyni að koma eiginfjárhlutfalli sparisjóðsins upp fyrir lögbundið lágmark nægðu út árið 2009. Þá var 17,6 milljón króna hagnaður af rekstri sparisjóðsins, eigið fé hans í árslok var 765,8 milljónir króna og eiginfjárhlutfallið 10,5%.[97] Árið 2010 reyndist sparisjóðnum hins vegar erfitt, tap á rekstri sjóðsins nam tæpum 2,1 milljarði króna, eigið fé hans varð neikvætt um tæpa 1,3 milljarða króna og eiginfjárhlutfallið varð neikvætt um 12,1%. Í mars 2011 var gengið frá samkomulagi milli Afls og Arion banka um eftirgjöf skulda sparisjóðsins við bankann upp á 2,4 milljarða króna og breytingu á 300 milljóna króna kröfu bankans á hendur sparisjóðnum í nýtt víkjandi lán. Samkomulagið var gert til að bæta eiginfjárhlutfall sparisjóðsins og var gert ráð fyrir að það yrði 10,4% eftir þessar aðgerðir. Þá var gert ráð fyrir að Afl sparisjóður myndi kaupa 99,99% stofnfjár í Sparisjóði Ólafsfjarðar af Arion banka. Samkomulagið var gert með fyrirvara um endanlegt samþykki stjórnar bankans og lögmætra stofnana sparisjóðsins.[98] Að sögn sparisjóðsstjóra féll Arion banki frá þessum hugmyndum án þess að gefa á því nokkra sérstaka skýringu.[99]

Mikill viðsnúningur varð í rekstri sparisjóðsins á árinu 2011, hagnaður af rekstri hans nam þá rúmum 2,1 milljarði króna, eigið fé var 838 milljónir króna og eiginfjárhlutfallið 9,2%. Hinn 22. september 2011 voru stofnfjárhlutir Arion banka í Afli sparisjóði og Sparisjóði Ólafsfjarðar settir í söluferli og var gert ráð fyrir að eignarhlutir bankans yrðu seldir í einu lagi, en ekkert varð af þeirri sölu. Sparisjóður Ólafsfjarðar, sem einnig var dótturfélag Arion banka, var síðan sameinaður bankanum á árinu 2012 og í ársreikningi Arion banka fyrir árið 2012 sagði að unnið væri að því að sameina líka Afl sparisjóð bankanum á næstu mánuðum. Fyrirætlanir bankans hafa mætt andstöðu heimamanna og að sögn sparisjóðsstjóra stendur samstaða annarra stofnfjáreigenda að nokkru leyti í vegi fyrir sameiningu.[100] Í 5. gr. samþykkta Afls sparisjóðs sem samþykktar voru á aðalfundi 31. maí 2011 segir um atkvæðisrétt að einstökum stofnfjáreigendum sé aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóðnum, hvort sem yfirráð yfir atkvæðisrétti byggjast á beinni eða óbeinni hlutdeild í stofnfé sparisjóðsins. Hlutdeild Arion banka í stofnfé Afls hefur verið um 95%. Samkvæmt samþykktum hefur hann þó ekki getað farið með meira en 5% af heildaratkvæðamagni en samanlögð hlutdeild annarra stofnfjárhafa er um 5,5%.

93. Fundargerð stjórnar Afls sparisjóðs, 31. mars 2009.
94. Samkvæmt ársreikningi Afls sparisjóðs fyrir árið 2009 var eignarhlutur Arion banka hf. í lok árs 2009 94,4%. Í athugasemdum Ólafs Jónssonar sparisjóðsstjóra til rannsóknarnefndarinnar 1. nóvember 2013 kom fram að eftir stofnfjáraukninguna hefði hlutur Sparisjóðs Mýrasýslu verið 92,06% en Arion banki hf. hefði svo aukið við hlutinn og eignarhlutdeildin því breyst fram að árslokum.
95. Skýrsla Ólafs Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 17. maí 2013.
96. Nánari umfjöllun er að finna í 20. kafla, um Sparisjóð Mýrasýslu.
97. Ársreikningur Afls sparisjóðs 2009.
98. Ársreikningur Afls sparisjóðs 2010.
99. Skýrsla Ólafs Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 17. maí 2013.
100. Skýrsla Ólafs Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 17. maí 2013.

Fyrir rannsóknarnefndinni sagði sparisjóðsstjóri að sparisjóðurinn hefði farið að skoða stöðu sína vegna erlendrar lántöku sinnar í kjölfar dóms Hæstaréttar 18. október í máli nr. 464/2012. Lögfræðingar sparisjóðsins töldu að um ólögmæt erlend lán væri að ræða og að sparisjóðurinn ætti kröfu á Arion banka hf. umfram þær skuldir sem felldar voru niður í mars 2011. Samkomulagið sem gert var þá hefði ekki verið „eyrnamerkt" tilteknum skuldum og engir fyrirvarar gerðir við eftirgjöf skulda. Sparisjóðurinn ætti því möguleika á að fá skuldir sínar felldar niður án þess að til frádráttar kæmi það sem áður hafði verið fellt niður.[101] Ákveðið var, í samráði við Arion banka hf., að fá lögfræðiálit um hvort „rammasamningur um lánsheimild" milli Sparisjóðs Siglufjarðar og Sparisjóðabankans teldist lán í íslenskum krónum með ólögmætri gengisviðmiðun, ef svo væri hvaða vexti skyldi leggja til grundvallar og hvernig ætti að fara með þegar greidda vexti. Jafnframt hvaða áhrif niðurstaðan gæti haft á eiginfjárframlag og eftirgjöf Arion banka hf. og möguleika á riftun þess samkomulags. Niðurstöður lögfræðiálitsins voru að sennilega væri um að ræða lán í íslenskum krónum með ólögmætri gengistryggingu, vexti skyldi miða við lægstu óverðtryggða vexti Seðlabankans og að fyrirvaralaus móttaka greiðslna í samræmi við innborganir jafngiltu fullnaðarkvittun. Þá væri samkomulag Arion banka og sparisjóðsins bindandi óháð því hvort rammasamningurinn teldist vera íslenskt lán með ólögmæta gengistryggingu.[102] Hinn 27. júní 2013 höfðaði sparisjóðurinn mál á hendur Arion banka hf. til viðurkenningar á að tilteknir lánssamningar væru lán í íslenskum krónum og innihéldu ólögmæt ákvæði um gengistryggingu.

21.7 Arður af stofnfjáreign

Afl sparisjóður greiddi móðurfélaginu, Sparisjóði Mýrasýslu, tvisvar sinnum arð á tímabilinu 2001–2011. Það var árin 2005 og 2008 vegna næstliðinna rekstrarára. Í fyrra sinnið nam greiðslan 21 milljón króna og var 15% af stofnfé, en í síðara skiptið voru greiddar 45,2 milljónir króna sem voru 5,7% af stofnfé í lok árs 2007. Þessar arðgreiðslur voru í samræmi við reglur Tryggingasjóðs sparisjóða, en samkvæmt þeim mátti sparisjóðurinn greiða að hámarki 29,4% af stofnfé í fyrra skiptið og 15,6% af stofnfé í síðara skiptið, eða það hlutfall sem jafngilti raunarðsemi hvors rekstrarárs um sig.[103] Reglur Tryggingasjóðs giltu til ársins 2009 þegar lögum var breytt og eftir það mátti greiða út arð sem næmi að hámarki 50% af hagnaði.[104]

Í lögum um fjármálafyrirtæki var heimild til að endurmeta stofnfé sparisjóðs og greiða inn á stofnfjárreikninga stofnfjáreigenda og skyldi höfð hliðsjón af verðlagsbreytingum við endurmatið.[105] Afl sparisjóður nýtti þessa heimild einungis einu sinni á umræddu tímabili. Árið 2008 var stofnfé sparisjóðsins hækkað með endurmati vegna verðlagsbreytinga um 118,3 milljónir króna. Framkvæmdin var í samræmi við reglur, enda var endurmatið 14,9% af stofnfé sem var lægra en 16,4% verðbólga ársins.

Í sömu lögum var ennfremur heimild til þess að ráðstafa 10% af hagnaði næstliðins rekstrarárs til hækkunar stofnfjár með svokölluðu sérstöku endurmati.[106] Hækkunin mátti þó ekki vera meiri en 5% á ári og ekki mátti flytja heimild til þessa endurmats milli ára. Afl sparisjóður nýtti ekki þessa heimild á tímabilinu 2001–2011.

Í töflu 24 eru tilfærðar þær upplýsingar sem útreikningur á arði og endurmati byggist á. Hafa verður í huga að arðurinn er þar hafður undir því ári sem hann var útreiknaður. Hann var hins vegar greiddur út ári síðar. Ástæða þess er sú að tillaga stjórnar um greiðslu arðs þurfti að hljóta samþykki aðalfundar til þess að koma til framkvæmda. Þannig sjást viðkomandi fjárhæðir ekki fyrr en í ársreikningi næsta árs.

101. Skýrsla Ólafs Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 17. maí 2013.
102. Álitsgerð Helga Sigurðssonar hrl., 31. janúar 2013.
103. Gerð er grein fyrir reglum um greiðslu arðs í 12. kafla.
104. Lögum um fjármálafyrirtæki var breytt með lögum nr. 76/2009. Sjá nánari umfjöllun í 12. kafla.
105. Þessi heimild hafði verið við lýði allt frá 1993. Ákvæðinu var síðar breytt með lögum nr. 76/2009. Sjá nánari umfjöllun í 12. kafla.
106. Sú heimild kom inn í lög 2001. Ákvæðinu var síðar breytt með lögum nr. 76/2009. Sjá nánari umfjöllun í 12. kafla.

Tafla 24. Afkoma, endurmat stofnfjár og arðgreiðslur Afls sparisjóðs/Sparisjóðs Siglufjarðar 2005–2011.[107]

Þús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Arður vegna ársins	–	–	45.204	–	–	–	–
Arður ársins (í formi innborgaðs stofnfjár á næsta ári)		–	–	–	–	–	–
Stofnfé í árslok	180.000	280.000	795.600	1.022.545	1.522.545	1.522.545	1.522.545
Arður sem hlutfall af stofnfé	–	–	5,7%	–	–	–	–
Arður sem hlutfall af hagnaði	–	–	43,7%	–	–	–	–
Afkoma ársins	**86.180**	**39.859**	**103.474**	**(805.602)**	**17.593**	**(2.052.376)**	**2.125.031**
Arðgreiðsluhlutfall (skv. reglum TRSP) - % af stofnfé	31,0%	10,0%	15,6%	•	•	•	•
Hámarksarðgreiðsla, sbr. lög nr. 76/2009 - % af hagnaði	•	•	•	•	**50,0%**	**50,0%**	**50,0%**
Raunarðsemi ársins	31,0%	3,9%	15,6%	•	•	•	•
Verðbólga ársins	4,1%	7,0%	5,9%	16,4%	8,6%	2,6%	5,2%
Sérstakt endurmat stofnfjár í árslok	–	–	–	–	–	–	–
Endurmat stofnfjár v/verðlagsbreytinga	–	–	–	**118.304**	–	–	–

21.8 Innra eftirlit

Við skoðun á innra eftirliti sparisjóðanna var leitast við að kanna hvernig fyrirkomulagi þess var háttað og hvort veikleikar hefðu verið í eftirlitskerfum sparisjóðanna. Almenna umfjöllun um innra eftirlit, hlutverk stjórnar, innri endurskoðun og áhættustýringu er að finna í 6. kafla, en eftirfarandi umfjöllun lýtur að virkni þessara þátta í starfsemi Afls sparisjóðs og áhrifum þeirra á rekstur sparisjóðsins. Áhersla var lögð á tímabilið frá 2005 til 2011.

21.8.1 Innri endurskoðun

Sparisjóður Siglufjarðar, síðar Afl sparisjóður, starfrækti ekki eigin innri endurskoðunardeild, en Fjármálaeftirlitið veitti sparisjóðnum undanþágu frá rekstri slíkrar deildar í kjölfar þess að sparisjóðurinn gerði samning um innri endurskoðun við KPMG endurskoðun hf. árið 2004.[108] Annaðist KPMG innri endurskoðun sparisjóðsins árið 2005. Í nóvember 2006 var Fjármálaeftirlitinu tilkynnt að framvegis sæi innri endurskoðandi Sparisjóðs Mýrasýslu um innri endurskoðun sparisjóðsins. Stóð svo fram að falli Sparisjóðs Mýrasýslu 3. apríl 2009. KPMG endurskoðun hf. annaðist síðan innri endurskoðun sparisjóðsins 2009 og 2010 og Deloitte hf. árið 2011.[109]

Í niðurstöðum KPMG vegna innri endurskoðunar 2005 kom fram að athugun á innra eftirliti sparisjóðsins hefði almennt komið vel út. Gerð var athugasemd við að sparisjóðurinn hefði ekki upplýsingar um fjárhagsstöðu stærstu viðskiptaaðila sinna og lagt til að kallað yrði eftir ársreikningum viðskiptamanna jafnharðan.[110]

Helstu niðurstöður innri endurskoðunar vegna ársins 2006 voru að sparisjóðurinn yrði að setja sér öryggisstefnu í samræmi við tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2005. Bent var á mikilvægi þess að fá reglulega upplýsingar um fjárhagsstöðu viðskiptaaðila og því beint til stjórnenda að ganga á eftir því að ársreikningum væri skilað inn, en þau tilmæli höfðu einnig komið fram í skýrslu vegna ársins 2005. Jafnframt var vakin athygli á því, í tengslum við stórar áhættuskuldbindingar, að þrír aðilar færu yfir 25% hámark. Þá hefði skoðun víxla og skuldabréfa leitt í ljós að bæta þyrfti frágang umræddra viðskiptabréfa, en ábending sama efnis hafði einnig verið sett fram í skýrslu vegna ársins 2005.[111] Rannsóknarnefndinni bárust ekki skýrslur innri endurkoðenda sparisjóðsins vegna áranna 2008 og 2009.

Í skýrslu innri endurskoðanda Sparisjóðs Mýrasýslu um innri endurskoðun vegna ársins 2007 var mælt með því að skriflegum verklagsreglum yrði komið á hjá sparisjóðnum. Bent var á að verklagsreglur væru hluti af innra skipulagi og tilgangur þeirra væri að tryggja gott vinnulag og innra eftirlit. Einnig var bent á að stjórn þyrfti að setja reglur um við-

107. Ársreikningar Sparisjóðs Siglufjarðar 2005–2007; ársreikningar Afls sparisjóðs 2008–2011. Verðbólga byggir á tölum frá Hagstofunni en aðferðafræðin er skilgreind í 12. kafla.

108. Skýrsla KPMG endurskoðunar hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Siglufjarðar 2005, 6. febrúar 2006.

109. Í athugasemdum Ólafs Jónssonar sparisjóðsstjóra til rannsóknarnefndarinnar 1. nóvember 2013 benti hann á að innri endurskoðun hefði verið í höndum KPMG endurskoðunar hf. 2009 og 2010.

110. Skýrsla KPMG endurskoðunar hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Siglufjarðar 2005, 6. febrúar 2006.

111. Skýrsla innri endurskoðunar Sparisjóðs Mýrasýslu um innri endurskoðun Sparisjóðs Siglufjarðar 2006.

skipti starfsmanna og var gerð athugasemd við flokkun tengdra aðila. Auðum skýrslum var skilað til Fjármálaeftirlitsins um fyrirgreiðslu til venslaðra aðila samkvæmt 21. og 22. grein laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, þrátt fyrir að til staðar væru aðilar sem féllu undir skilgreiningar um venslaða aðila. Þá fór einn viðskiptavinur sparisjóðsins yfir leyfileg mörk þágildandi reglna nr. 531/2003 um stórar áhættuskuldbingar hjá fjármálafyrirtækjum, eða 25% af eigin fé sparisjóðsins.[112]

Bent var á veikleika í útlánaferli í skýrslum innri endurskoðanda fyrir árin 2010 og 2011. Taldi hann að fyrirmæli vantaði um framkvæmd útlána, trygginga og ábyrgða hjá sparisjóðnum sem og starfsreglur fyrir lánanefndir sparisjóðsins. Athugasemdir voru gerðar við fundargerðir lánanefnda, yfirferð gagna með umsóknum, mat á fyrirgreiðslu og gæði lánaákvarðana, frágang lánasamninga og talningar lánaskjala. Gerðar voru athugasemdir við innheimtu þóknana vegna ábyrgða og utanumhald ábyrgða sparisjóðsins og að ekki var fyrir hendi listi yfir venslaða aðila í samræmi við skilgreiningu Fjármálaeftirlitsins á vensluðum aðilum og 27. gr. starfsreglna stjórnar. Meðferð vanskila og innheimtu væri ekki í föstum skorðum og skýr fyrirmæli um afskriftir útlána vantaði.[113] Sömuleiðis var bent á veikleika í innra eftirliti með innlánum; að samningar um greiðsluþjónustu væru ekki ávallt undirritaðir; að tölvupóstsamskipti við viðskiptavini væru ekki vistuð á aðgengilegan hátt; og að áreiðanleikakönnun væri ekki alltaf framkvæmd við stofnun nýrra innlánsreikninga.[114]

Í skýrslu innri endurskoðanda vegna ársins 2011 voru gerðar athugasemdir við áreiðanleika og gæði skýrslna og störf stjórnar sparisjóðsins. Athugasemdir voru gerðar við að fundargerðir væru ekki ávallt samþykktar og undirritaðar af öllum stjórnarmönnum. Í fundargerðum stjórnar væri ekki að finna umfjöllun um áhættustýringu og innra eftirlit, yfirferð innherjalista, lista yfir venslaða og tengda aðila og skýrslu regluvarðar. Reglur sparisjóðsins um útlán og ábyrgðir og starfsreglur stjórnar höfðu ekki verið uppfærðar. Innri endurskoðun taldi að stjórnin ætti að setja sér starfsáætlun til að tryggja að hún tæki til umfjöllunar öll þau málefni sem tilgreind væru í starfsreglum stjórnar, auk þeirra atriða sem fram kæmu í lögum, reglum og leiðbeinandi tilmælum um fjármálafyrirtæki. Þá benti innri endurskoðun á að starfsreglur stjórnar þyrfti að uppfæra og bæri að taka mið af leiðbeiningum Viðskiptaráðs um góða stjórnarhætti, svo og lögum, reglum og leiðbeinandi tilmælum. Í sömu skýrslu voru einnig gerðar athugasemdir við aðgang starfsmanna að upplýsingakerfum sparisjóðsins og taldi innri endurskoðandi að koma þyrfti á eftirlitsferli yfir aðgang starfsmanna og reglulegri yfirferð stjórnenda. Bent var á að engar skriflegar reglur lægju fyrir um varðveislu gagna og taldi innri endurskoðandi að formfesta þyrfti aðgang starfsmann að gögnum sparisjóðsins.[115] Einnig voru gerðar athugasemdir vegna bókhaldsafstemmingar og eigin reikninga.

112. Skýrsla KPMG endurskoðunar hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Siglufjarðar 2007, 12. október 2007.
113. Skýrsla Deloitte hf. um innri endurskoðun Afls sparisjóðs 2011, 10. febrúar 2012.
114. Skýrsla Deloitte hf. um innri endurskoðun Afls sparisjóðs 2011, 10. febrúar 2012.
115. Skýrsla Deloitte hf. um innri endurskoðun Afls sparisjóðs 2011, 10. febrúar 2012.

21. Sparisjóður Ólafsfjarðar



22. SPARISJÓÐUR ÓLAFSFJARÐAR

Hinn 29. október 1913 mættu fimmtán menn á stofnfund Sparisjóðs Ólafsfjarðar í þinghúsinu við Standgötu 3. Á fundinum var kosin fyrsta stjórn sjóðsins, Helgi Árnason var kjörinn formaður, Þorsteinn Jónsson gjaldkeri og Þorvaldur Friðfinnsson ritari. Varamenn voru Jón Þórðarson og Stefán Sigurðsson og endurskoðendur voru þeir Páll Bergsson og Grímur Grímsson. Þessir menn voru, að Grími undanskildum, úr fimmtán manna hópi sem höfðu hver og einn ábyrgst 100 krónur og skuldbundið sig til að greiða þriðjung af því á fyrsta starfsdegi sjóðsins.

Nýársdagur 1914 var fyrsti rekstrardagur Sparisjóðs Ólafsfjarðar, en sjóðurinn var þó ekki opnaður fyrr en föstudaginn 2. janúar 1914. Sparisjóðurinn var þá til húsa við Strandgötu í húsi sem kallað var Helgahús. Starfsemi sparisjóðsins flutti nokkrum sinnum á næstu sjötíu árum en frá 31. janúar 1983 var Sparisjóðurinn til húsa að Aðalgötu 14 á Ólafsfirði.

Í 1. mgr. 1. gr. samþykkta sparisjóðsins sem settar voru við stofnun hans var stefnumarkandi ákvæði sem mælti fyrir um að sparisjóðurinn væri stofnaður til að geyma og ávaxta peninga og væri ætlað að greiða fyrir viðskiptum, sérstaklega fyrir íbúa Ólafsfjarðar.[1] Í samþykktum sparisjóðsins frá 2003 og 2009 var hins vegar ekkert minnst á starfssvæði eða Ólafsfjörð þegar hlutverk og starfsemi hans voru skilgreind en vísað í lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.[2] Hinn 3. júní 2010 tóku nýjar samþykktir gildi og var hlutverk sparisjóðsins skilgreint svo:

> Hlutverk sparisjóðsins er að láta gott af sér leiða og standa vörð um og þróa atvinnulíf, mannlíf og velferð á sínu starfssvæði.

Á árunum 1995–1996 kom upp grunur um fjármálamisferli hjá Sparisjóði Ólafsfjarðar vegna útlána og ábyrgða sem sparisjóðurinn hafði veitt. Bankaeftirlit ríkisins tók málið til athugunar og skýrsla eftirlitsins frá 1997 leiddi í ljós að þrír fjárhagslega tengdir aðilar voru með heildarskuldbindingu yfir 40% af eigin fé sjóðsins. Þorsteinn Þorvaldsson sparisjóðsstjóri sagði af sér vegna málsins og var síðar sakfelldur í héraðsdómi fyrir umboðssvik og bókhaldsbrot og að hafa veitt lán og ábyrgðir án heimildar.[3] Þessir gerningar höfðu afgerandi áhrif á rekstur sparisjóðsins og 316 milljóna króna tap varð á rekstri hans árið 1997. Eiginfjárhlutfall hans var þar með komið undir lögbundið lágmark. Tryggingasjóður sparisjóða og nokkrir sparisjóðir hlupu undir bagga með sjóðnum og lögðu fram 200 milljónir króna í nýju stofnfé í sparisjóðnum og víkjandi lánum.

Á fundi stjórnar Sparisjóðs Ólafsfjarðar 7. júlí 2004 var formanni falið að kanna hvort „aðrir aðilar“ hefðu áhuga á að kaupa stofnfjárhlut Tryggingasjóðs sparisjóðanna í sparisjóðnum, en hann var í árslok 2003 rúmar 167 milljónir króna, en heildarstofnfé sparisjóðsins nam þá 245 milljónum króna. Sparisjóður Mýrasýslu lýsti strax yfir áhuga á að kaupa stofnféð, en ári áður hafði hann keypt allt stofnfé í Sparisjóði Siglufjarðar. Eftir nokkrar þreifingar var tilboði Sparisjóðs Mýrasýslu tekið upp á 225 milljónir króna fyrir allt stofnfé í Sparisjóði Ólafsfjarðar. Kaupin voru síðan samþykkt af stjórn, stofnfjáreigendum og loks Fjármálaeftirlitinu 12. apríl 2005. Við þetta varð Sparisjóður Ólafsfjarðar hluti af samstæðu Sparisjóðs Mýrasýslu sem átti þá nær allt stofnfé í sparisjóðnum. Stjórn Sparisjóðs Mýrasýslu hafði uppi áform um að sameina Sparisjóð Ólafsfjarðar og Sparisjóð Siglufjarðar en ekkert varð úr þeim fyrirætlunum.

Magnús D. Brandsson var sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Ólafsfjarðar frá 1997 en sagði starfi sínu lausu í febrúar 2005. Jónas Björnsson var ráðinn í hans stað frá apríl 2005 og starfaði hjá sjóðnum í fimm ár. Helgi Jóhannsson tók við stöðu sparisjóðsstjóra 1. ágúst 2010.

---

1. Friðrik G. Olgeirsson, *Sparisjóður í 80 ár: Saga Sparisjóðs Ólafsfjarðar 1914–1994*, Ólafsfirði 1994, bls. 35.
2. Samþykktir frá 1997 minntust heldur ekki á starfssvæði eða Ólafsfjörð þegar hlutverk og starfsemi voru skilgreind. Um skilgreiningu á starfsemi sparisjóðsins var vísað til laga nr. 113/1996.
3. Í dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra 18. febrúar 2002 í máli nr. S-126/2001 var fyrrum sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Ólafsfjarðar ákærður og sakfelldur fyrir umboðssvik, bókhaldsbrot og brot gegn lögum um ársreikninga. Í dóminum er sérstaklega vikið að brotum gegn ákvæðum reglugerða um hámark lána og ábyrgða viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana, sem settar voru á grundvelli heimildar í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, svo og lánareglum sparisjóðsins um áhættuskuldbindingar og tengingar aðila. Dóminum var ekki áfrýjað til Hæstaréttar.

Miklar breytingar urðu á stjórn Sparisjóðs Ólafsfjarðar á árunum 2001–2011. Þar sem Sparisjóður Mýrasýslu átti nær allt stofnfé komu margir stjórnarmenn þaðan, svo sem sparisjóðsstjóri og stjórnarformaður Sparisjóðs Mýrasýslu. Eftir að sparisjóðurinn varð hluti af Arion banka hf. komu aðilar á vegum bankans inn í stjórn sparisjóðsins.

Tafla 1. Stjórn Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2001–2011.[4]

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008/I	2008/II	2009	2010	2011
Anna Rósa Vigfúsdóttir	x	x	x	x								
Arnar Bjarnason								x				
Bernhard Bernhardsson								x	Form.			
Björn Kjartansson		x	x	x								
Einar Már Hjartarson											Form.	Form.
Gísli Kjartansson					x	x	x	Form.				
Gunnar L. Jóhannsson	x	x	x	x								
Gunnar Sigvaldason	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.	Form.			x	x	x
Iða Brá Benediktsdóttir										x	x	x
Jóhanna Birgisdóttir										x		
Jón Hallur Pétursson	x											
Magnús Jónasson									x			
Ólafur Jónsson									x			
Óskar Þór Sigurbjörnsson	x	x	x	x	x	x	x					
Róbert B. Agnarsson									x			
Sigurður Már Einarsson					x	x	x	x				
Stefán Sveinbjörnsson					x	x	x	x				
Þórarinn Ingi Ólafsson									x			
Þórbergur Guðjónsson										x	x	x
Þórdís Úlfarsdóttir										Form.		x

Í lok árs 2007 námu heildareignir sparisjóðsins 3,5 milljörðum króna. Sjóðurinn var einn af minni sparisjóðunum í landinu með rúmlega hálft prósent af heildareignum þeirra, sem námu þá 614 milljörðum króna. Í árslok 2011 námu heildareignir sparisjóðsins þremur milljörðum króna og voru þá 5% af samanlögðum eignum sparisjóðanna. Í lok árs 2007 var eiginfjárhlutfall sjóðsins 18,1% en í árslok 2008–2011 var það neikvætt öll árin.

Sparisjóður Ólafsfjarðar var hluti af samstæðu Sparisjóðs Mýrasýslu frá og með 2005. Þegar Sparisjóður Mýrasýslu rann inn í Nýja Kaupþing banka hf. (síðar Arion banka hf.) í apríl 2009 eignaðist bankinn allt stofnfé í Sparisjóði Ólafsfjarðar. Arion banki hf. auglýsti sparisjóðinn til sölu á árinu 2011 en hætt var við söluna þar sem aðeins eitt tilboð barst og samningar náðust ekki milli aðila. Í ágúst 2012 samþykktu stjórnir Sparisjóðs Ólafsfjarðar og Arion banka hf. samrunaáætlun fyrir Sparisjóð Ólafsfjarðar og Arion banka. Fjármálaeftirlitið samþykkti samrunann 14. september 2012. Arion banki hf. tók þá við öllum réttindum og skyldum Sparisjóðs Ólafsfjarðar og voru félögin sameinuð undir nafni Arion banka hf. sem rekur nú útibú á Ólafsfirði.

22.1 Ársreikningar 2001–2011

Hér verður farið yfir þróun rekstrarreiknings og efnahagsreiknings Sparisjóðs Ólafsfjarðar, helstu liði þeirra og kennitölur á árunum 2001–2011. Umfjöllunin miðast við verðlag hvers árs nema annað sé tekið fram.[5] Sparisjóðurinn tók upp reikningsskil samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilareglum (IFRS) árið 2007 og kallaði það á nokkrar tilfærslur í framsetningu hér til þess að reikningar yrðu samanburðarhæfir á milli ára. Upptaka nýrra reglna leiddi til hækkunar á eigin fé sparisjóðsins í ársbyrjun 2007 um rúmar 17 milljónir króna.

4. Ársreikningar Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2001–2011. Hinn 15. ágúst 2008 var undirritað samkomulag um stofnfjáraukningu í Sparisjóði Mýrasýslu, móðurfélagi Sparisjóðs Ólafsfjarðar. Aukningin nam 2 milljörðum króna og Kaupþing yrði eigandi 70,2% stofnfjár eftir aukninguna. Sama dag var skipt um stjórn Sparisjóðs Mýrasýslu og tóku nýir aðilar við stjórnum dótturfélaga hans. Tímabilið 2008/I vísar hér til þess tíma áður en skipt var um stjórn og 2008/II til þess tíma er nýja stjórnin starfaði.

5. Fjallað er um meðhöndlun ársreikninga og reikningsskilareglur í 8. kafla, um reikningsskil sparisjóðanna.

22.1.1 Rekstrarreikningar

Sparisjóður Ólafsfjarðar var rekinn með hagnaði öll árin frá 2001 til 2007, þótt lítill hafi verið fram til 2004. Árin 2004–2007 óx hagnaður jafnt og þétt. Skýrðist það einkum af gengishagnaði af fjáreignum og hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga. Á árinu 2008 varð hins vegar verulegt tap á rekstri sjóðsins. Tapið nam 439 milljónum króna og skýrðist af 185 milljóna króna tapi af fjáreignum og framlagi í afskriftareikning útlána upp á 260 milljónir króna. Einnig var tap á rekstri sjóðsins á árunum 2009–2011, sem skýrðist af framlagi í afskriftareikning útlána. Miðað við meðalverðlag ársins 2011 hagnaðist Sparisjóður Ólafsfjarðar um samanlagt 371 milljón króna frá 1998 til 2007, þ.e. á tíu árum, en tapaði samtals rúmlega einum milljarði króna á sama verðlagi á árunum 2008–2011.

Tafla 2. Samandregnir rekstrarreikningar Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2001–2011.[6]

Þús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Hreinar vaxtatekjur	72.709	81.570	62.654	63.898	77.776	88.783	93.834	88.263	69.735	106.553	113.699
Hreinar þjónustutekjur	17.942	19.969	20.706	20.122	20.909	15.376	23.116	23.225	28.308	30.509	30.262
Arðstekjur og hlutdeildartekjur	1.417	(957)	2.379	4.694	13.847	17.536	4.486	4.072	2.901	2.504	2.700
Gengishagn. (tap) af fjáreignum	(1.169)	(17.004)	5.507	2.040	44.056	11.613	43.359	(184.646)	45.196	26.124	64.350
Aðrar rekstrartekjur	4.516	39.282	9.770	10.208	9.468	23.132	11.701	9.824	11.380	16.216	10.515
Hreinar rekstrartekjur	**95.415**	**122.860**	**101.016**	**100.962**	**166.056**	**156.440**	**176.496**	**(59.262)**	**157.520**	**181.906**	**221.526**
Almennur rekstrarkostnaður	(69.552)	(77.924)	(85.880)	(84.787)	(87.025)	(92.396)	(106.098)	(119.736)	(114.884)	(120.827)	(134.336)
Framlög í afskriftareikning útlána o.fl.	(24.303)	(42.807)	(14.719)	(7.084)	(52.725)	(26.957)	(22.170)	(259.548)	(280.823)	(216.897)	(177.091)
Rekstrargjöld samtals	**(93.855)**	**(120.731)**	**(100.599)**	**(91.871)**	**(139.750)**	**(119.353)**	**(128.268)**	**(379.284)**	**(395.707)**	**(337.724)**	**(311.427)**
Hagnaður (tap) fyrir skatta	**1.560**	**2.129**	**417**	**9.091**	**26.306**	**37.087**	**48.228**	**(438.546)**	**(238.187)**	**(155.818)**	**(89.901)**
Skattar samtals	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS	**1.560**	**2.129**	**417**	**9.091**	**26.306**	**37.087**	**48.228**	**(438.546)**	**(238.187)**	**(155.818)**	**(89.901)**

Hreinar rekstrartekjur

Hreinar rekstrartekjur sveifluðust nokkuð á tímabilinu 2001–2011. Gengishagnaður af fjáreignum átti þar stærstan hlut að máli, en aðrar rekstrartekjur og hlutdeildartekjur höfðu einnig nokkur áhrif. Hreinar vaxta- og þjónustutekjur vógu mest í hreinum rekstrartekjum en breyttust ekki í sama mæli og fjáreignatekjurnar. Mikið gengistap varð af fjáreignum árið 2008 sem leiddi til hins mikla taps hjá sparisjóðnum. Afkoma af fjárfestingum hafði þannig mikil áhrif á tekjurnar en var samt sem áður ekki stór hluti hreinna rekstrartekna, að undanskildu árinu 2008.

Hreinar rekstrartekjur samanstanda af hreinum vaxtatekjum, hreinum þjónustutekjum, arðstekjum og hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga, gengishagnaði (-tapi) af fjáreignum og öðrum rekstrartekjum.

Mynd 1. Hreinar rekstrartekjur Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2001–2011.[7]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Aðrar rekstrartekjur	4.516	39.282	9.770	10.208	9.468	23.132	11.701	9.824	11.380	16.216	10.515
Gengishagn. (tap) af fjáreignum	(1.169)	(17.004)	5.507	2.040	44.056	11.613	43.359	(184.646)	45.196	26.124	64.350
Arðstekjur og hlutdeildartekjur	1.417	(957)	2.379	4.694	13.847	17.536	4.486	4.072	2.901	2.504	2.700
Hreinar þjónustutekjur	17.942	19.969	20.706	20.122	20.909	15.376	23.116	23.225	28.308	30.509	30.262
Hreinar vaxtatekjur	72.709	81.570	62.654	63.898	77.776	88.783	93.834	88.263	69.735	106.553	113.699
Hreinar rekstrartekjur	95.415	122.860	101.016	100.962	166.056	156.440	176.496	(59.262)	157.520	181.906	221.526

6. Ársreikningar Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2001–2011. Í viðauka C eru sömu rekstrarreikningar sýndir á föstu verðlagi.
7. Ársreikningar Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2001–2011.

Gengishagnaðurinn á árinu 2007 skýrðist að mestu af gangvirðishækkun á eignarhlut í Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf., VBS Fjárfestingarbanka hf. og Alfesca hf. Árið 2008 nam gengistap af fjáreignum um 185 milljónum króna, einkum vegna niðurfærslu á hlutnum í Sparisjóðabankanum um 70 milljónir króna, VBS Fjárfestingarbanka um 43 milljónir króna og Alfesca um 6,5 milljónir króna, auk 42 milljóna króna lækkunar á skuldabréfum Exista hf. Gengishagnaður af fjáreignum nam 64 milljónum króna á árinu 2011 en það var jafnframt mesti gengishagnaður sjóðsins á þessu tímabili.

Arðs- og hlutdeildartekjur voru vart umtalsverðar í rekstri Sparisjóðs Ólafsfjarðar á tímabilinu ef árin 2005 og 2006 eru undanskilin. Þær meira en tvöfölduðust árið 2005 og námu 17,5 milljónum króna í árslok 2006. Munaði þar mestu um hlutdeild í hagnaði Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf. Árið 2007 lækkuðu arðs- og hlutdeildartekjur frá fyrra ári þar sem eignarhlutur í Sparisjóðabankanum var þá færður með veltufjáreignum í stað þess að færa hann með hlutdeildaraðferð.

Aðrar rekstrartekjur voru óverulegar nema árin 2002 og 2006, en þá var aðallega um að ræða söluhagnað af eignarhlutum í félögum. Árið 2002 seldi sparisjóðurinn hluti sína í SP-Fjármögnun og Alþjóða líftryggingafélaginu og hafði 26 milljónir króna í söluhagnað af því.

Hreinar þjónustutekjur breyttust mjög lítið á tímabilinu og voru að jafnaði 10% til 20% af hreinum rekstrartekjum.

Hreinar vaxtatekjur 2001–2011 voru 44–76% af hreinum rekstrartekjum. Stærstur hluti vaxtatekna sparisjóðsins kom frá útlánum, eða 59–88%. Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir fóru heldur vaxandi fram til 2007 þegar þær námu 36% af heildarvaxtatekjum en annars voru þær á bilinu 9–36%. Vaxtatekjur af skuldabréfum voru óverulegar og voru allt tímabilið innan við 7% vaxtatekna.

Vaxtagjöldin voru að stærstum hluta vegna almennra innlána, eða 81–93%. Vaxtagjöld vegna lántöku rúmlega tvöfölduðust milli áranna 2007 og 2008. Skýrðist það einkum af láni sem Sparisjóður Ólafsfjarðar tók hjá Sparisjóði Mýrasýslu, móðurfélagi sínu, upp á rúmar 800 milljónir króna, og hærri vöxtum almennt á fjármagnsmarkaði. Vaxtagjöld til lánastofnana og vegna víkjandi skulda voru óveruleg á tímabilinu. Ytri þættir, gengisfall krónunnar og aukin verðbólga á árinu 2008 höfðu veruleg áhrif til hækkunar vaxtatekna og vaxtagjalda.

Vaxtamunur var hærri hjá Sparisjóði Ólafsfjarðar en hjá sparisjóðunum í heild allt tímabilið. Mestur varð vaxtamunurinn árið 2005 þegar hann var 6,3% hjá Sparisjóði Ólafsfjarðar en 3,7% hjá sparisjóðunum í heild. Næstu ár á eftir lækkaði vaxtamunur almennt mikið. Á árinu 2011 nam vaxtamunurinn 6,5% hjá sparisjóðnum og hafði þá hækkað talsvert á tveimur árum.

Tafla 3. Meðalvextir útlána og innlána og vaxtamunur hjá Sparisjóði Ólafsfjarðar 2001–2011.[8]

Þús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Sparisjóður Ólafsfjarðar											
Meðalvextir útlána	19,1%	13,8%	12,4%	11,4%	13,1%	15,5%	14,0%	20,0%	14,2%	10,8%	11,2%
Meðalvextir innlána	10,6%	6,8%	5,3%	5,4%	6,4%	10,0%	11,0%	16,8%	11,3%	5,2%	4,4%
Vaxtamunur	**7,7%**	**6,6%**	**6,7%**	**5,7%**	**6,3%**	**5,1%**	**2,7%**	**2,7%**	**2,5%**	**5,2%**	**6,5%**
Allir sparisjóðir											
Vaxtamunur	**5,8%**	**5,3%**	**5,9%**	**5,5%**	**3,7%**	**3,1%**	**0,9%**	**1,2%**	**0,5%**	**4,2%**	**5,5%**

Undir rekstrargjöld falla almennur rekstrarkostnaður, sem samanstendur af launakostnaði og öðrum rekstrar- og stjórnunarkostnaði, þar með talið afskriftir af rekstrarfjármunum, og önnur rekstrargjöld sem eru einkum afskrift eða virðisrýrnun óefnislegra eigna. Undir rekstrargjöldin fellur einnig framlag í afskriftareikning útlána.

Rekstrargjöld

Rekstrargjöld Sparisjóðs Ólafsfjarðar breyttust lítið árin 2001–2007. Árið 2008 hækkuðu þau hins vegar mikið þegar framlag í afskriftareikning útlána nærri tólffaldaðist. Framlag sparisjóðsins í afskriftareikning útlána nam samtals um 1,1 milljarði króna á tímabilinu 2001–2011, en þar af var framlag áranna 2008–2011 samtals 934 milljónir króna.

8. Ársreikningar Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2001–2011. Í viðauka B er tafla sem sýnir vaxtamun einstakra sparisjóða á hverju ári allt umrætt tímabil.

Framlag í afskriftareikning útlána á árinu 2002 var 43 milljónir króna og 53 milljónir króna árið 2005. Á árinu 2008 hækkaði framlag í afskriftarreikning útlána mikið og nam 260 milljónum króna og hélst framlagið síðan mjög hátt til 2011. Niðurfærsluhlutfall útlána hjá Sparisjóði Ólafsfjarðar lá á bilinu 3,3–7,9% á árunum 2001–2007. Í árslok 2007 var niðurfærsluhlutfall af útlánum hjá sparisjóðnum 3,5% en var á sama tíma 1,6% hjá sparisjóðunum í heild. Niðurfærsluhlutfall útlána var svo á bilinu 13,4–27,3% í árslok 2008–2011 (sjá töflu 6) en á sama tíma var niðurfærsluhlutfall útlána hjá sparisjóðunum í heild á bilinu 14–24,6%.

Mynd 2. **Rekstrargjöld Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2001–2011.**[9]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Framlög í afskriftareikning útlána o.fl.	24.303	42.807	14.719	7.084	52.725	26.957	22.170	259.548	280.823	216.897	177.091
Almennur rekstrarkostnaður	69.552	77.924	85.880	84.787	87.025	92.396	106.098	119.736	114.884	120.827	134.336
Rekstrargjöld samtals	93.855	120.731	100.599	91.871	139.750	119.353	128.268	379.284	395.707	337.724	311.427

Almennur rekstrarkostnaður hækkaði tiltölulega jafnt á tímabilinu. Árið 2008 hækkaði hann um 13%. Meginskýringin var 9 milljóna króna aukaframlag greitt til Tryggingasjóðs sparisjóða, en ýmis sérfræðiþjónusta hækkaði um 3 milljónir króna og markaðskostnaður um 4 milljónir króna. Hlutfall rekstrarkostnaðar sparisjóðsins af meðaleignum var töluvert hærra allt tímabilið en hjá sparisjóðunum í heild en þróun hlutfallsins var samt áþekk. Ekki varð þó viðlíka lækkun á hlutfallinu hjá Sparisjóði Ólafsfjarðar og varð hjá sparisjóðunum í heild á árunum 2009 og 2010.

Mynd 3. **Almennur rekstrarkostnaður Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2001–2011 og hlutfall hans af meðaleignum, auk sama hlutfalls hjá sparisjóðunum í heild.**[10]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Almennur rekstrarkostnaður	69.552	77.924	85.880	84.787	87.025	92.396	106.098	119.736	114.884	120.827	134.336
Kostnaðarhlutfall, Sparisjóður Ólafsfjarðar	5,1%	5,4%	5,5%	4,7%	4,0%	3,5%	3,3%	3,4%	3,4%	3,9%	4,4%
Kostnaðarhlutfall, allir sparisjóðir	4,0%	4,1%	4,1%	3,8%	3,2%	2,8%	2,8%	2,7%	2,6%	3,3%	3,7%

9. Ársreikningar Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2001–2011.
10. Ársreikningar Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2001–2011; ársreikningar sparisjóðanna 2001–2011. Vegna þess hversu miklum breytingum heildareignir sparisjóðakerfisins tóku á árunum 2009 og 2010 er reiknað með lokastöðu eigna þau ár en ekki meðalstöðu.

Launakostnaður hjá Sparisjóði Ólafsfjarðar var að jafnaði 39–49% af almennum rekstrarkostnaði á tímabilinu 2001–2011. Í töflu 4 er yfirlit um launakostnað hjá sparisjóðnum og fjölda stöðugilda miðað við heilsdagsstörf í lok hvers reikningsárs 2001–2011.

Meðallaunakostnaður á stöðugildi hækkaði um 50% árið 2003 þegar stöðugildum fækkaði um tvö. Stöðugildum tók síðan að fjölga aftur. Kom það til af þjónustuverkefnum sem sparisjóðurinn tók að sér fyrir aðra aðila, einkum fyrir Creditinfo, sem hafa krafist þriggja starfsmanna.

Tafla 4. Launakostnaður Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2001–2011.[11]

Þús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Stöðugildi í árslok	8	8	6	6	7	7	7	9	9	9	8
Launakostnaður	33.654	35.474	39.898	38.492	38.176	43.660	47.891	46.983	56.431	58.900	52.951
Meðallaunakostnaður á stöðugildi	4.207	4.434	6.650	6.415	5.454	6.237	6.842	5.220	6.270	6.544	6.619
Laun og þóknanir til yfirstjórnar	9.600	10.100	11.630	12.981	11.613	11.802	13.460	15.041	14.884	14.982	13.190
þar af til sparisjóðsstjóra	...	...	10.162	11.513	10.146	9.822	10.580	12.001	12.004	12.102	10.310

Starfsmenn nutu ekki annarra fríðinda en þeirra sem almennt tíðkuðust hjá sparisjóðunum. Á tímabilinu voru ekki greiddar neinar árangurstengdar greiðslur eða hvatagreiðslur sem ekki féllu undir hefðbundnar launagreiðslur á tímabilinu. Þá voru ekki gerðir neinir starfslokasamningar sem fólu í sér réttindi umfram þau sem bundin voru í kjarasamninga.

Þróun launakostnaðar á hvert stöðugildi hjá sparisjóðnum var töluvert frábrugðin þróuninni hjá sparisjóðunum í heild. Laun hækkuðu almennt meira hjá sparisjóðunum í heild á tímabilinu að undanskildum árunum 2003 og 2004, auk 2010 að litlu leyti. Þróun launakostnaðar á stöðugildi hjá Sparisjóði Ólafsfjarðar var einnig undir almennri launaþróun frá 2008.[12]

Mynd 4. Hlutfallsleg þróun launakostnaðar á stöðugildi hjá Sparisjóði Ólafsfjarðar og hjá sparisjóðunum í heild, samanborið við almenna launaþróun 2001–2011.[13]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Sparisjóður Ólafsfjarðar	1,00	1,05	1,58	1,53	1,30	1,48	1,63	1,24	1,49	1,56	1,57
Allir sparisjóðir	1,00	1,17	1,18	1,38	1,59	1,64	1,89	2,24	1,89	1,54	1,68
Launavísitala	1,00	1,07	1,13	1,18	1,26	1,39	1,51	1,63	1,70	1,78	1,90

Kjarnarekstur

Með kjarnarekstri er átt við afkomu af hreinni sparisjóðsstarfsemi (viðskiptabankastarfsemi). Þá er afkoma af fjárfestingarstarfsemi undanskilin. Hagnaður fyrir skatta af kjarnastarfsemi eru hreinar vaxta- og þóknanatekjur að frádregnum rekstrargjöldum og virðisrýrnun útlána. Ekki hefur verið tekið tillit til áhrifa af vaxtakostnaði vegna fjármögnunar á hluta- og markaðsskuldabréfum. Hagnaðurinn kann því að vera vanmetinn að einhverju leyti.

Tap var af kjarnarekstri Sparisjóðs Ólafsfjarðar allt tímabilið. Yfirleitt mátti rekja tapið til framlags í afskriftareikning útlána. Tekjur af fjáreignum og aðrar rekstrartekjur báru því uppi hagnað sparisjóðsins á árunum 2001–2007. Hreinar vaxta- og þjónustutekjur stóðu alltaf undir almennum rekstrarkostnaði að frátöldum árunum 2008 og 2009 þegar upp á vantaði 5,8 milljónir króna og 14,5 milljónir króna hvort árið um sig. Á árunum 2008–2011 var mikið tap af kjarnastarfsemi sparisjóðsins enda var framlagið í afskriftareikning þá margfalt á við árin áður.

11. Ársreikningar Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2001–2011.
12. Um launaþróun sparisjóðanna í heild er fjallað í 8. kafla, um reikningsskil sparisjóðanna.
13. Ársreikningar Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2001–2011. Launaþróun annarra sparisjóða er fengin úr ársreikningum þeirra. Launavísitalan er frá Hagstofu Íslands.

Tafla 5. Kjarnarekstur Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2001–2011.[14]

Þús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Hreinar vaxtatekjur	72.709	81.570	62.654	63.898	77.776	88.783	93.834	88.263	69.735	106.553	113.699
Hreinar þjónustutekjur	17.942	19.969	20.706	20.122	20.909	15.376	23.116	23.225	28.308	30.509	30.262
Almennur rekstrarkostnaður	(65.699)	(73.450)	(82.037)	(81.042)	(83.353)	(90.446)	(103.785)	(117.253)	(112.511)	(118.437)	(132.466)
Afskriftir rekstrarfjármuna	(3.853)	(4.474)	(3.843)	(3.745)	(3.672)	(1.950)	(2.313)	(2.483)	(2.373)	(2.390)	(1.870)
Framlög í afskriftareikning útlána o.fl.	(24.303)	(42.807)	(14.719)	(7.084)	(52.725)	(26.957)	(22.170)	(259.548)	(280.823)	(216.897)	(177.091)
Afkoma af kjarnarekstri fyrir skatta	**(3.204)**	**(19.192)**	**(17.239)**	**(7.851)**	**(41.065)**	**(15.194)**	**(11.318)**	**(267.796)**	**(297.664)**	**(200.662)**	**(167.466)**
Hagnaður (tap) ársins fyrir skatt	1.560	2.129	417	9.091	26.306	37.087	48.228	(438.546)	(238.187)	(155.818)	(89.901)

22.1.2 Efnahagsreikningar

Hér er fjallað um stærstu eigna- og skuldaliði í efnahagsreikningi Sparisjóðs Ólafsfjarðar í lok áranna 2001–2011 og þróunina á tímabilinu. Í viðauka C eru efnahagsreikningar sparisjóðsins 2001–2011 sýndir, bæði á verðlagi hvers árs og á föstu verðlagi.

Eignir

Í árslok 2001 námu eignir Sparisjóðs Ólafsfjarðar 1,4 milljörðum króna en í árslok 2011 voru þær þrír milljarðar króna á verðlagi hvors árs um sig. Ef miðað er við verðlag í árslok 2011 voru heildareignir sparisjóðsins í árslok 2001 2,5 milljarðar króna. Þannig hafði sjóðurinn stækkað um fimmtung á þessum ellefu árum. Mynd 5 sýnir skiptingu eigna sparisjóðsins í lok áranna 2001–2011. Á myndinni sést greinilega hvernig útlán og kröfur á lánastofnanir stuðluðu að jöfnum vexti eigna sjóðsins frá 2001 til 2008.

Mynd 5. Eignir Sparisjóðs Ólafsfjarðar í lok áranna 2001–2011.[15]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Aðrar eignir og fleira	66.162	63.561	58.287	53.554	91.901	104.877	106.210	104.775	103.226	94.562	106.118
Hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum	12.649	11.337	12.158	14.939	21.968	38.090	–	–	–	–	–
Hlutabréf og verðbréf með breytil. tekjum	75.702	184.007	141.116	329.619	178.776	116.186	221.328	88.138	64.542	63.229	64.208
Markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum	34.386	73.968	77.895	83.464	132.344	190.353	614.403	72.002	72.122	39.799	43.777
Sjóður og óbundnar innst. í Seðlabanka o.fl.	12.770	9.432	7.463	14.113	10.731	17.767	177.107	118.801	383.417	391.801	305.934
Kröfur á lánastofnanir o.fl.	214.154	190.015	314.052	275.052	375.724	810.806	746.043	1.136.159	662.494	742.293	791.341
Útlán	999.335	932.036	1.065.681	1.193.514	1.527.656	1.701.041	1.671.678	2.069.486	1.820.325	1.741.275	1.702.792
Eignir samtals	1.415.158	1.464.356	1.676.652	1.964.255	2.339.100	2.979.120	3.536.769	3.589.361	3.106.126	3.072.959	3.014.170

Útlánin voru stærsti eignaliður sparisjóðsins allt tímabilið og hljóp vægi þeirra af heildareignum á bilinu 47–71%. Útlánin uxu jafnt og þétt frá 2002 til 2006 en stóðu nánast í stað árið 2007, þegar hlutfall þeirra af heildareignum var einnig lægst. Í lok árs 2008 höfðu útlán hækkað mikið og námu þá 2,1 milljarði króna, eða 58% af eignum sjóðsins. Hlutfall þeirra af heildareignum stóð að mestu óbreytt í kjölfarið, þrátt fyrir að útlánin hefðu lækkað um 367 milljónir króna árið 2011 frá hápunkti tímabilsins árið 2008.

14. Ársreikningar Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2001–2011.
15. Ársreikningar Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2001–2011.

Stærstur hluti útlána sparisjóðsins var í formi skuldabréfa, eða 67–81%. Hluti gengisbundinna skuldabréfa fór ört vaxandi eftir 2005 og í árslok 2008 voru þau um 732 milljónir króna, en önnur skuldabréf 932 milljónir króna. Útlán sparisjóðsins voru að mestu til einstaklinga en eftir 2007 fóru útlán til fyrirtækja vaxandi.

Staðan á afskriftareikningi útlána hækkaði mikið á árunum 2008–2011. Í árslok 2007 nam staða hans rúmlega 61 milljón króna sem jafngilti þá 3,5% af heildarútlánum. Með gríðarháum framlögum í afskriftareikning á árunum 2008–2011 margfaldaðist hlutfallið. Í árslok 2010 var það hæst, 27,3% af heildarútlánum.

Tafla 6. Útlán og afskriftir hjá Sparisjóði Ólafsfjarðar í árslok 2001–2011.[16]

Þús. kr.	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Útlán til viðskiptavina	971.235	883.975	1.035.691	1.190.114	1.526.756	1.697.541	1.671.678	2.069.486	1.820.325	1.728.545	1.695.024
Afskriftareikningur útlána, staða í lok árs	83.500	69.500	60.182	49.104	95.170	57.754	61.415	320.756	573.311	648.377	437.068
Heildarútlán án fullnustueigna	**1.054.735**	**953.475**	**1.095.873**	**1.239.218**	**1.621.926**	**1.755.295**	**1.733.093**	**2.390.242**	**2.393.636**	**2.376.922**	**2.132.092**
Niðurfærsluhlutfall	7,9%	7,3%	5,5%	4,0%	5,9%	3,3%	3,5%	13,4%	24,0%	27,3%	20,5%
Niðurfærsluhlutfall, allir sparisjóðir	3,8%	3,8%	3,8%	2,9%	2,0%	1,6%	1,6%	14,7%	24,6%	21,7%	13,9%

Sjóður og óbundnar innistæður í Seðlabankanum jukust til muna á árinu 2007 og námu í lok árs rúmlega 177 milljónum króna samanborið við 18 milljónir króna árið áður. Þessi aukning stafaði af tilfærslu við breytt reikningsskil úr eignaliðnum kröfur á lánastofnanir í sjóð og óbundnar innistæður. Í lok árs 2010 námu sjóður og óbundnar innistæður 392 milljónum króna, eða 13% af heildareignum, en þessi liður lækkaði um 22% ári síðar og nam 306 milljónum króna í lok árs 2011.

Til fjáreigna teljast markaðsskuldabréf o.fl. með föstum tekjum, hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum auk eignarhluta í hlutdeildarfyrirtækjum.

Kröfur á lánastofnanir lágu á bilinu 13–27% af heildareignum sparisjóðsins, nema árið 2008 þegar þær námu 1,1 milljarði króna, eða 32% af heildareignum. Þessi eignaliður átti stóran þátt í vexti eigna sparisjóðsins á tímabilinu. Árið 2003 hækkuðu þær um 65% og árið 2006 rúmlega tvöfölduðust þær og námu 811 milljónum króna í árslok. Aukningin var nær öll í skammtímakröfum. Í lok árs 2011 námu kröfur á lánastofnanir rúmum fjórðungi heildareigna.

Fjáreignir voru ekki stór eignaliður hjá Sparisjóði Ólafsfjarðar á tímabilinu. Á árunum 2001–2004 voru þær 9–24% af heildareignum sjóðsins, en einungis 3–4% frá 2008 til 2011. Árið 2002 tvöfölduðust fjáreignir vegna hlutabréfa og verðbréfa með breytilegum tekjum og hið sama átti við um árið 2005. Í árslok 2007 nam bókfært virði fjáreigna 835 milljónum króna, sem var meira en tvöfalt virði ársins áður. Þar munaði mestu um þreföldun á markaðsskuldabréfum. Hlutfall fjáreigna af heildareignum lækkaði umtalsvert á árunum 2008–2011 þegar hluta- og skuldabréf drógust mjög saman. Í lok árs 2011 námu fjáreignirnar einungis 4% af heildareignum, eða 108 milljónum króna.

Hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum voru framan af tímabilinu stærsti liður fjáreigna. Frá 2001 til 2005 voru þau 53–77% af fjáreignum en vægi þeirra lækkaði svo niður í 26% árið 2007 vegna hinnar miklu aukningar á markaðsskuldabréfum. Frá 2008 til 2011 voru hlutabréfin á bilinu 47–60% af fjáreignum. Í árslok 2007 námu eignir í hlutabréfum og verðbréfum með breytilegum tekjum 221 milljón króna og var það næstum tvöföldun frá fyrra ári, sem skýrðist að mestu af gangvirðishækkun á eignarhlut sparisjóðsins í Sparisjóðabankanum og VBS Fjárfestingarbanka hf. Mikil lækkun varð á gangvirði hlutabréfa og annarra verðbréfa á árunum 2008–2011 og námu þau 64 milljónum króna í lok árs 2011. Það var lækkun um 157 milljónir króna, eða 71%. Meginskýring þeirrar lækkunar lá í verðhruni eignarhlutanna í Sparisjóðabankanum og VBS Fjárfestingarbanka hf.

Markaðsskuldabréf voru næststærsti liður fjáreigna á tímabilinu, að undanskildum árunum 2006, 2007 og 2009 þegar þau voru 55%, 73% og 52% fjáreigna á hverju ári um sig. Árið 2007 námu eignir í markaðsskuldabréfum 614 milljónum króna og var það næstum þreföldun frá fyrra ári, sem skýrðist aðallega af fjárfestingu í peningamarkaðssjóði Íslenskra verðbréfa hf. fyrir 337 milljónir króna og kaupum á skuldabréfum Exista hf. upp á 74

16. Ársreikningar Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2001–2011. Ástæða þess að fjárhæð útlána hér er lægri en í efnahagsreikningi er að í efnahagsreikningi eru fullnustueignir taldar með útlánum.

milljónir króna. Lækkun varð á eign í markaðsskuldabréfum á árunum 2008–2011 og nam hún einungis 44 milljónum króna í lok árs 2011 og hafði því dregist saman um 571 milljón króna, eða 93%, frá árinu 2007.

Eign sparisjóðsins í hlutdeildarfyrirtækjum var lítil á þeim árum sem þau voru færð í bækur hans. Mest varð hún 38 milljónir króna í árslok 2006 og var helst í Sparisjóðabanka Íslands hf./Icebank hf. Í ársreikningi 2007 var eignarhluturinn tilgreindur sem fjáreign á gangvirði.

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem sparisjóðurinn hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en hefur ekki yfirráð.

Aðrar eignir voru rekstrarfjármunir, skattinneign og ýmsar eignir. Rekstrarfjármunir voru eignfærðir á 37 milljónir króna í lok árs 2011. Skattinneign nam 32 milljónum króna og var hún óhreyfð allt frá því að hún birtist fyrst í bókum sjóðsins árið 2005.

Skuldir

Innlán voru stærsti fjármögnunarþátturinn hjá Sparisjóði Ólafsfjarðar og hækkuðu þau tiltölulega jafnt og þétt á tímabilinu, að undanskildu árinu 2008 þegar þau drógust lítillega saman. Hlutfall innlána af skuldum í lok áranna 2001–2011 var á bilinu 65–93%. Hlutfall milli innlána og útlána var alltaf yfir 100% hjá sparisjóðnum. Hæst varð hlutfallið 168% árið 2011 en lægst 113% árið 2005. Útlán sparisjóðsins voru því fjármögnuð að fullu með innlánum á tímabilinu.

Lántökur voru annar meginþáttur fjármögnunar sparisjóðsins. Skuldavöxt hans 2005–2008 mátti að miklu leyti rekja til þeirra, en lántökur jukust úr 101 milljón króna í árslok 2004 í 1,1 milljarð króna í árslok 2008. Þá voru þær 29% af heildarskuldum sparisjóðsins eftir að hafa vaxið úr 6% heildarskulda árið 2004. Árið 2009 lækkuðu lántökur um 816 milljónir króna. Lækkunin skýrðist fyrst og fremst af skuldbreytingu á kröfum Arion banka hf., að fjárhæð 330 milljónir króna, í stofnfé, skuldajöfnun milli krafna og 190 milljóna króna lántöku og yfirteknum íbúðabréfum af Íbúðalánasjóði upp á 290 milljónir króna.[17]

Mynd 6. Skuldir Sparisjóðs Ólafsfjarðar í lok áranna 2001–2011.[18]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Aðrar skuldir	18.229	16.501	16.717	15.983	17.285	42.517	40.725	61.048	37.591	31.651	48.154
Víkjandi skuldir	60.779	61.998	63.687	72.929	73.983	79.125	83.197	95.801	105.217	113.441	114.304
Skuldir við lánastofnanir	43.398	23.153	18.212	21.231	20.850	24.783	22.729	68.498	54.724	81.314	83.703
Lántaka	–	–	–	100.729	269.273	392.123	556.935	1.103.817	287.883	–	–
Innlán	1.124.647	1.192.441	1.417.412	1.583.839	1.729.859	2.175.635	2.515.746	2.446.943	2.715.644	2.841.043	2.852.400
Skuldir samtals	1.247.053	1.294.093	1.516.028	1.794.711	2.111.250	2.714.183	3.219.332	3.776.107	3.201.059	3.067.449	3.098.561

Skuldir við lánastofnanir, víkjandi skuldir og aðrar skuldir voru óverulegur hluti heildarskulda sparisjóðsins á tímabilinu. Skuldir við lánastofnanir voru 1–3% heildarskulda,

17. Skýrsla KPMG endurskoðunar hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2008.
18. Ársreikningar Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2001–2011.

víkjandi skuldir 3–5% og aðrar skuldir alltaf undir 2%. Skuldir við lánastofnanir þrefölduðust á árinu 2008 og námu 68 milljónum króna í lok þess árs. Þetta voru allt að þriggja mánaða innlán frá fjármálafyrirtækjum. Nánar er fjallað um fjármögnun sjóðsins hér aftar.

Eigið fé

Eigið fé Sparisjóðs Ólafsfjarðar tók litlum breytingum árin 2001–2007. Stofnfé var að mestu óbreytt frá 2001 til 2008 og myndaði stærstan hluta eigin fjár allt tímabilið 2001–2011. Varasjóður fór hægt vaxandi úr neikvæðri stöðu upp á 75 milljónir króna árið 2001 eftir mikið útlánatap rétt fyrir aldamótin, eins og fjallað er lauslega um fremst í kaflanum. Varasjóðurinn varð fyrst jákvæður árið 2006 og í árslok 2007 nam hann 21% af eigin fé, en það ár var eigið fé í ársbyrjun hækkað um 17 milljónir króna vegna upptöku alþjóðlegra reikningsskilareglna (IFRS). Árið 2007 greiddi sparisjóðurinn einnig nærri 66 milljóna króna arð til móðurfélagsins á grundvelli afkomu ársins 2006 og fyrrnefndrar hækkunar á eigin fé vegna upptöku nýrra reikningsskilareglna. Arðgreiðslan nam 26,1% af stofnfé í árslok 2007 og var 10,5 milljónum króna umfram leyfilegt hámark. Mikill viðsnúningur varð á rekstri sjóðsins ári síðar og þá þurrkaðist varasjóðurinn út og eigið fé varð neikvætt um 187 milljónir króna.

Mynd 7. **Eigið fé Sparisjóðs Ólafsfjarðar í lok áranna 2001–2011.**[19]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Varasjóður	(75.432)	(78.186)	(84.265)	(82.256)	(23.950)	13.137	65.637	(438.546)	(676.733)	(832.551)	(922.452)
Stofnfé	243.537	248.449	244.889	251.800	251.800	251.800	251.800	251.800	581.800	838.061	838.061
Eigið fé samtals	168.105	170.263	160.624	169.544	227.850	264.937	317.437	(186.746)	(94.933)	5.510	(84.391)

Mynd 8. **Eigið fé Sparisjóðs Ólafsfjarðar og eiginfjárhlutfall í árslok 2001–2011.**[20]



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	31.03.08	30.06.08	31.10.08	31.12.08	2008	2009	2010	2011
Eigið fé í ársreikningum Sparisjóðs Ólafsfjarðar	168.105	170.263	160.624	169.544	227.850	264.937	317.437	•	•	•	•	(186.746)	(94.933)	5.510	(84.391)
Eigið fé í skýrslu til FME	•	•	•	•	•	•	•	289.867	172.104	67.390	(186.746)	•	•	•	•
Bókfært eigið fé / heildareignir (hægri ás)	11,9%	11,6%	9,6%	8,6%	9,7%	8,9%	9,0%	7,8%	4,6%	1,8%	-5,2%	-5,2%	-3,1%	0,2%	-2,8%
CAD-hlutfall (hægri ás)	15,98%	15,33%	13,44%	13,80%	19,01%	19,38%	18,12%	12,48%	10,45%	4,69%	-9,18%	-8,00%	-4,80%	-1,40%	-5,30%

19. Ársreikningar Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2001–2011.
20. Ársreikningar Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2001–2011. Fyrir árið 2008 er stuðst við skýrslur um eiginfjárhlutfall sem sparisjóðurinn skilaði til Fjármálaeftirlitsins ársfjórðungslega. Við útreikning á bókfærðu eigin fé fyrir 30. júní 2008 er stuðst við heildareignir eins og þær voru 31. mars 2008 vegna ónógra gagna. CAD-hlutfall 31. okt. 2008 byggir á Basel-skýrslu í stað COREP-skýrslu til Fjármálaeftirlitsins.

Sparisjóður Ólafsfjarðar uppfyllti þær lágmarkskröfur sem gerðar voru um eiginfjárhlutfall allt tímabilið 2001–2007. Á árunum 2008 og 2009 varð hins vegar mikið tap á rekstri sparisjóðsins og fjárhagsleg staða hans versnaði til mikilla muna. Erfiðleikar á árinu 2008 gengu verulega á eigið fé og í lok október 2008 sýndi ársfjórðungsleg skýrsla til Fjármálaeftirlitsins að eiginfjárhlutfall sparisjóðsins væri 4,7% og bókfært eigið fé neikvætt um 187 milljónir króna. Skýrslan til Fjármálaeftirlitsins var byggð á bráðabirgðauppgjöri. Í árslok 2008 var eiginfjárhlutfallið orðið neikvætt um 8% og eigið fé áfram neikvætt um 187 milljónir króna. Á stjórnarfundi sparisjóðsins 7. maí 2009 var ákveðið að auka stofnfé um 330 milljónir króna og var það gert. Bókfært eigið fé var neikvætt um 95 milljónir króna í lok árs 2009 og eiginfjárhlutfallið neikvætt um 3,1%. Stofnfé var svo aukið að nýju á árinu 2010 þegar Arion banki hf. ákvað að breyta 257 milljóna króna kröfu á hendur sparisjóðnum í stofnfé. Við það varð eigið fé sjóðsins jákvætt og nam 5,5 milljónum króna í lok árs 2010. Vegna 90 milljóna króna taps árið 2011 varð eigið fé sjóðsins neikvætt á nýjan leik og eiginfjárhlutfallið neikvætt um 5,3%.

22.2 Útlán, útlánareglur og lánveitingar

Útlán voru stærsti eignaliðurinn í ársreikningi Sparisjóðs Ólafsfjarðar árin 2005–2011. Að meðaltali námu útlán 57% af heildareignum sparisjóðsins. Lægst var hlutfallið 47% árið 2007 en hæst 65% árið 2005. Sparisjóður Ólafsfjarðar óx ekki mikið á árunum 2005–2010 og var ekki að merkja miklar sveiflur í útlánum sparisjóðsins, nema á árinu 2008, sem skýrist af hækkun á gengistryggðum lánum. Frá árinu 2008 fóru útlán hins vegar aftur lækkandi sökum mikilla afskrifta.

Tafla 7. Útlán Sparisjóðs Ólafsfjarðar sem hlutfall af eignum í árslok 2005–2011.[21]

Þús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Útlán til viðskiptavina	1.526.756	1.697.541	1.671.678	2.069.486	1.820.325	1.728.545	1.695.024
Eignir samtals	2.339.100	2.979.120	3.536.769	3.589.361	3.106.126	3.072.959	3.014.170
Útlán sem hlutfall af eignum	**65%**	**57%**	**47%**	**58%**	**59%**	**56%**	**56%**

Hlutur gengisbundinna útlána í útlánasafni Sparisjóðs Ólafsfjarðar stækkaði frá seinni hluta árs 2006 og voru þau mest rúmlega þriðjungur af útlánasafni sjóðsins.

Mynd 9. Gengisbundin útlán Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2005–2011.[22]



21. Ársreikningar Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2005–2011.
22. Skýrslur sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins um útlán og vanskil. Upplýsingar fyrir þriðja ársfjórðung 2008 byggja á gögnum frá 31. október 2008.

Sparisjóðurinn lánaði mest í formi skuldabréfa en þau drógust töluvert saman á árinu 2009 vegna niðurfærslu á gengistryggðum skuldabréfum. Yfirdráttarlán voru næststærsta tegund útlána hjá sjóðnum á tímabilinu en aðrar tegundir útlána en yfirdráttarlán og skuldabréf tíðkuðust ekki frá árinu 2009.

Tafla 8. Útlánaform Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2005–2011.[23]

Þús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Yfirdráttarlán	301.752	315.391	363.834	404.368	499.160	439.501	353.322
Víxlar	6.619	3.865	1.126	878			
Skuldabréf	1.212.271	1.266.241	1.023.349	931.843	594.295	529.453	1.236.480
Gengistryggð skuldabréf	6.114	112.044	283.369	732.397	726.870	759.591	105.222
Samtals	**1.526.756**	**1.697.541**	**1.671.678**	**2.069.486**	**1.820.325**	**1.728.545**	**1.695.024**

Í töflu 9 má sjá skiptingu útlána Sparisjóðs Ólafsfjarðar eftir lántakendum á árunum 2005 til 2011. Einstaklingar voru stærstur hluti lántakenda hjá sjóðnum á tímabilinu. Þar á eftir komu fyrirtæki á sviði þjónustustarfsemi og sjávarútvegs. Lántakendur á sviði landbúnaðar voru nánast engir hjá sparisjóðnum.

Tafla 9. Flokkun útlána Sparisjóðs Ólafsfjarðar eftir atvinnugreinum 2005–2011.[24]

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Bæjar- og sveitarfélög	**11,6%**	**8,4%**	**0,1%**	**9,2%**	**0,5%**	**0,4%**	
Fyrirtæki	**29,3%**	**35,0%**	**24,7%**	**41,1%**	**42,5%**	**40,9%**	**47,2%**
Sjávarútvegur	2,6%	7,1%	6,0%	10,2%	9,9%	10,3%	11,7%
Verslun	4,5%	4,9%	3,1%	2,7%	3,0%	3,1%	3,8%
Iðnaður	7,2%	6,1%	3,9%	8,9%	9,9%	5,6%	7,3%
Byggingaverktakar	7,1%	5,0%	4,9%	5,7%	6,7%	7,1%	8,1%
Samgöngur	0,6%	0,5%	0,9%	–	–	–	–
Þjónustustarfsemi	7,3%	11,4%	5,9%	13,6%	13,0%	14,8%	16,3%
Einstaklingar (íbúðalán og annað)	**59,1%**	**56,6%**	**75,2%**	**49,7%**	**57,0%**	**58,7%**	**52,8%**
Samtals	**100%**	**100%**	**100%**	**100%**	**100%**	**100%**	**100%**

Afskriftir námu um 6% af útlánasafni Sparisjóðs Ólafsfjarðar árið 2005, en hlutfallið lækkaði í rúm 3% árin 2006 og 2007. Árið 2008 nam niðurfærsluhlutfallið 13,4% og í 24–27,3% árin 2009 og 2010. Samkvæmt endurskoðunarskýrslu Sparisjóðs Ólafsfjarðar vegna ársins 2009 voru 267 milljónir króna lagðar í sérgreindan afskriftareikning vegna 10 stærstu vanskilaaðila sjóðsins, eða sem nam um 11,2% af útlánum.[25] Í endurskoðunarskýrslu vegna ársins 2010 kom fram að dómar Hæstaréttar um endurútreikning gengislána myndu hafa umtalsverð áhrif á sparisjóðinn og jafnvel kalla á enn meiri afskriftaþörf á komandi árum.[26]

Tafla 10. Útlán Sparisjóðs Ólafsfjarðar og afskriftareikningur útlána í árslok 2005–2011.[27]

Þús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Heildarútlán	1.621.926	1.755.295	1.733.093	2.390.242	2.393.636	2.376.922	2.132.092
Staða afskriftareiknings í árslok	95.170	57.754	61.415	320.756	573.311	648.377	437.068
Útlán til viðskiptavina	**1.526.756**	**1.697.541**	**1.671.678**	**2.069.486**	**1.820.325**	**1.728.545**	**1.695.024**
Niðurfærsluhlutfall	5,9%	3,3%	3,5%	13,4%	24,0%	27,3%	20,5%
Framlag ársins í afskriftareikning	52.725	26.957	22.169	259.548	280.823	216.897	177.091
Endanlega afskrifuð útlán á árinu	**6.999**	**64.543**	**19.476**	**745**	**28.268**	**141.930**	**388.400**

22.2.1 Útlánareglur

Árið 1998 samþykkti stjórn Sparisjóðs Ólafsfjarðar „reglur um lánveitingar og tryggingar vegna lánveitinga og ábyrgða“ sem settar voru á grundvelli þágildandi laga nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði, og í samræmi við reglugerð nr. 366/1994 um hámark lána og ábyrgða viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana. Lánareglurnar voru uppfærðar og endurútgefnar 29. desember 2003 á grundvelli laga nr. 161/2002 og í sam-

23. Ársreikningar Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2005–2011.
24. Ársreikningar Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2005–2011.
25. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2009, 28. maí 2010.
26. Skýrsla KPMG hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2010, 21. mars 2011.
27. Ársreikningar Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2005–2011.

ræmi við reglur nr. 531/2003 um stórar áhættuskuldbindingar. Samkvæmt lánareglunum báru sparisjóðsstjóri og forsvarsmenn þeirra sem önnuðust útlán ábyrgð á því að þeim væri framfylgt.[28]

Lánareglurnar áttu að þjóna þeim meginmarkmiðum að eðlilegur tekjuafgangur yrði í rekstri sjóðsins og að viðhaldið yrði traustri eiginfjárstöðu og lausafjárstöðu. Jafnframt skyldi leitast við að veita þeim sem óskuðu eftir fyrirgreiðslu bestu þjónustu á hverjum tíma. Samkvæmt lánareglunum bar að gæta þess við ákvörðun um fyrirgreiðslu til eins viðskiptaaðila að heildarfjárhæðin væri í hæfilegu hlutfalli við eigið fé sparisjóðsins með hliðsjón af þeim tryggingum sem settar væru og fjárhag viðskiptamannsins. Með tilliti til útlánaáhættu bar að skoða heildarfyrirgreiðslu til fleiri en eins aðila sem væru fjárhagslega tengdir sem eina skuldbindingu og mátti heildarskuldbinding ekki fara fram úr 25% af eigin fé sparisjóðsins. Að jafnaði bar að taka fullnægjandi tryggingar en samkvæmt ákvæðum lánareglnanna bar að taka mið af styrk viðskiptamanns og tímalengd lánveitingar. Ekki voru nein ákvæði í lánareglunum frá árinu 2003 um lágmarks tryggingaþekju mismunandi veðandlaga.

Sparisjóðsstjóra bar að taka ákvörðun um lánveitingar ef heildarskuldbindingar viðkomandi viðskiptamanns eða tengdra aðila væru innan við 7,5% af eigin fé sparisjóðsins eins og það var skilgreint í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 43/1993. Fyrirgreiðslur umfram 7,5% af bókfærðu eigin fé bar að fara með fyrir sparisjóðsstjórn til samþykktar. Var því ákveðið misræmi milli heimilda sparisjóðsstjóra og stjórnar, þar sem annars vegar var vísað til 7,5% af bókfærðu eigin fé og hins vegar til eigin fjár samkvæmt fyrrnefndum lögum. Samkvæmt lánareglunum bar sparisjóðsstjórn, að fengnum tillögum sparisjóðsstjóra, að tilnefna staðgengil hans til að annast lánveitingar og ábyrgðir. Sparisjóðsstjóri hafði jafnframt heimild til að taka ákvörðun um skipulag lánveitinga og þeirra starfsmanna sem kæmu að útlánum með umboði frá honum. Í töflu 11 má sjá þær heimildir til lánveitinga sem lánareglur Sparisjóðs Ólafsfjarðar frá árinu 2003 tilgreindu:

Tafla 11. Lánaheimildir hjá Sparisjóði Ólafsfjarðar samkvæmt lánareglum frá árinu 2003.[29]

Starfsmaður	Hámark heildarfyrirgreiðslu
Sparisjóðsstjóri	7,5% af eigin fé sparisjóðsins
Staðgengill sparisjóðsstjóra	kr. 1.000.000

Stjórn sparisjóðsins setti reglur um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra um leið og lánareglurnar í desember 2003, en samkvæmt þeim bar stjórn að fjalla um skuldbindingar stærstu viðskiptaaðila sparisjóðsins á þriggja mánaða fresti. Viðmiðið við mat á stærstu viðskiptaaðilum sparisjóðsins var að heildarskuldbinding næmi að minnsta kosti 2,5% af eigin fé sparisjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins tók útlánareglurnar til umfjöllunar á fundi sínum 22. júlí 2005 og var sparisjóðsstjóra falið að gera drög að nýjum reglum og samræma þær lánareglum í samstæðunni.[30] Lánareglurnar voru síðan uppfærðar aftur og endurútgefnar með smávægilegum viðbótum 9. febrúar 2006. Helstu breytingarnar voru þær að skipulag lánastarfseminnar og lánaheimildir voru skilgreindar nánar og bætt við ákvæði um tryggingar. Lágmarks veðsetningarhlutföll mismunandi veðandlaga eða trygginga voru þó ekki skilgreind í nýjum reglum. Fram kom að lánveitingar sem ekki væru tryggðar með veði skyldu almennt ekki vera til lengri tíma en átta ára. Veðsettar eignir skyldu metnar sem næst markaðsvirði ásamt uppreikningi á áhvílandi veðskuldum og skyldi sérstaklega gæta að tryggingum þegar um væri að ræða stöðutöku, t.d. í hlutabréfum og afleiðum, nema þegar í hlut ættu fjárhagslega mjög sterkir lögaðilar.

28. Ekki var nánar skilgreint hvaða starfsmenn væru forsvarsmenn þeirra sem önnuðust útlán en lánareglurnar vísuðu til þess að sparisjóðsstjóra bæri að halda skrá yfir útlánaheimildir starfsmanna.

29. Útlánareglur Sparisjóðs Ólafsfjarðar, 29. desember 2003.

30. Hér vísast til móðurfélagsins, Sparisjóðs Mýrasýslu, og systurfélagsins Afls sparisjóðs/Sparisjóðs Siglufjarðar.

Heimildir starfsmanna til að samþykkja og afgreiða einstaka lán voru skilgreindar í lánareglunum og starfsreglum sparisjóðsins um útlánareglur starfsmanna í umboði og á ábyrgð sparisjóðsstjóra, sem jafnframt voru samþykktar af stjórn 9. febrúar 2006. Sparisjóðsstjóri fékk auknar heimildir, en viðmiðið um hlutfall heildarskuldbindinga af eigin fé sparisjóðsins var hækkað úr 7,5% í 10%.

Sparisjóðsstjóri hafði ekki heimild til að taka ákvörðun um lán þegar heildarskuldbinding eins eða fjárhagslega tengdra aðila gagnvart sparisjóðnum nam meira en 10% af eigin fé eða þegar lánveiting taldist óvenjuleg, svo sem vegna eðlis verkefnis eða þeirra trygginga sem um ræddi, viðskiptamanns sem ætti í hlut, áhættu sem sparisjóðurinn tæki, eða þegar lán tengdist máli sem væri mjög umdeilt í þjóðfélaginu.[31] Þá hafði sparisjóðsstjóri heimild til að veita lán fyrir allt að 20% af eigin fé sparisjóðsins ef lánið hefði áhættuvægið 0,2 en ef lán hefði áhættuvægið 0 var heimild sparisjóðsstjóra án annarra takmarkana en þeirra er komu fram í reglum sparisjóðsins um áhættustýringu.

Starfsmenn „í framlínu“ höfðu heimild til að samþykkja og afgreiða einstök lán, þar á meðal skuldbreytingar, framlengingar og ábyrgðir fyrir allt að 800 þúsund krónur og hámarks heildarfyrirgreiðslu, þegar ekki var tekið tillit til íbúðalána, fyrir allt að 1,5 milljónir króna. Í reglunum kom þó ekki fram hvaða starfsmenn teldust vera í framlínu.

Tafla 12. Lánaheimildir hjá Sparisjóði Ólafsfjarðar samkvæmt lánareglum frá árinu 2006.[32]

Starfsmaður	Hámark heildarfyrirgreiðslu
Sparisjóðsstjóri	10% af eigin fé sparisjóðsins
	20% af eigin fé sparisjóðsins ef áhættuvægi var 0,2
	Án takmarkana ef áhættuvægi var 0
Skrifstofustjóri	5 milljónir króna ef heildarútlán undir 10 milljónir króna, íbúðalán frátalin
Starfsmenn í framlínu	Einstök lán fyrir 800 þúsund krónur
	Hámark heildarfyrirgreiðslu án íbúðalána 1,5 milljónir króna

Í reglum Sparisjóðs Ólafsfjarðar um áhættustýringu, sem einnig voru samþykktar 9. febrúar 2006, var kveðið á um að samanlagðar skuldbindingar viðskiptamanna í sömu atvinnugrein skyldu ekki fara yfir 30% af heildarskuldbindingum sjóðsins, en að öðru leyti var vísað til reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 531/2003 um stórar áhættuskuldbindingar.

Í skýrslu um innri endurskoðun Sparisjóðs Ólafsfjarðar vegna ársins 2011 kom fram ábending um að stjórn sparisjóðsins þyrfti að leggja í vinnu við að uppfæra útlánareglurnar og setja skýr fyrirmæli um tryggingar, ábyrgðir og framkvæmd útlána hjá sparisjóðnum, einkum í ljósi þess að sparisjóðurinn væri starfandi með sérstakri undanþágu frá Fjármálaeftirlitinu.

22.2.2 Stærstu lántakendur

Útlán voru stærsta eign sparisjóðsins á árunum 2005–2011 og afskriftir af þeim höfðu áhrif á rekstrarárangur hans. Rannsóknarnefndin valdi úrtak lántaka til sérstakrar skoðunar og greiningar. Markmiðið með skoðun á tilteknu úrtaki lántakenda var að varpa ljósi á útlánastefnu sparisjóðsins, starfshætti í útlánastarfsemi og ástæður afskrifta. Úrtakið var valið með hliðsjón af stærð áhættuskuldbindinga við sparisjóðinn auk þess sem skoðuð voru sérstaklega lán þar sem sparisjóðurinn færði háar afskriftir.[33]

Skýrslum um stórar áhættuskuldbindingar samkvæmt reglum nr. 216/2007 var ætlað að varpa ljósi á áhættu fjármálafyrirtækis af útlánum og öðrum slíkum skuldbindingum og aðstoða við áhættustýringu.[34] Í úrtaki rannsóknarnefndar voru lántakendur sem birtust í ársfjórðungsskýrslum Sparisjóðs Ólafsfjarðar til Fjármálaeftirlitsins frá árslokum 2007 til 2011, sbr. reglur nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar.

31. Skilgreiningu á því hvað skyldi telja umdeild mál var ekki að finna í lánareglunum.
32. Starfsreglur Sparisjóðs Ólafsfjarðar um útlánareglur starfsmanna í umboði og á ábyrgð sparisjóðsstjóra.
33. Umfjöllun um aðferðarfræði, forsendur og gögn má finna í 9. kafla, um útlán sparisjóðanna.
34. Reglur nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar taka til lánveitinga, verðbréfaeignar, eignarhluta og veittra ábyrgða fjármálafyrirtækis vegna einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila, svo og annarra skuldbindinga sömu aðila gagnvart fjármálafyrirtækinu, og mats á áhættu vegna slíkra skuldbindinga. Reglurnar taka einnig til samstæðu fjármálafyrirtækis og móður- og dótturfyrirtækja. Það telst vera stór áhættuskuldbinding þegar viðskiptamaður eða fjárhagslega tengdir aðilar fá lán, ábyrgðir, gera framvirka samninga eða fá aðrar fyrirgreiðslur hjá fjármálafyrirtæki og slík

Til viðbótar við skoðun á stórum áhættuskuldbindingum voru í úrtakinu lántakendur sem voru með sérgreinda afskrift vegna skuldbindinga á árunum 2008–2011. Eins og sést í töflu 10 voru miklar afskriftir hjá sparisjóðnum á árunum 2008–2011 en ekki var talin ástæða til að fara lengra aftur í tímann til athugunar á stórum afskriftaframlögum. Úrtakið náði til 24–35% útlánasafns og 0–45% af sérgreindum afskriftaframlögum eftir því til hvaða árs er litið.

Tafla 13. Úrtak rannsóknarnefndar af lánahópum Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2007–2011.[35]

Þús. kr.	Árslok 2007	Árslok 2008	Árslok 2009	Árslok 2010	Árslok 2011
Heildarskuldbinding úrtaks	421.369	539.584	842.681	594.006	570.351
Heildarútlán sparisjóðsins	1.733.093	2.390.242	2.393.636	2.376.922	2.132.092
Hlutfall úrtaks af heild	24,3%	22,6%	35,2%	25,0%	26,8%
Sérgreindar afskriftir úrtaks	–	101.198	205.367	110.286	100.434
Staða sérgreindra afskrifta í árslok	30.434	222.910	466.917	512.529	395.558
Afskriftareikningur útlána (sérgr. og alm.)	61.415	320.756	573.311	648.377	437.068
Sérgreindar afskriftir úrtaks af sérgreindum afskriftum alls	–	**45,4%**	**44,0%**	**21,5%**	**25,4%**

Í úrtakinu voru sjö lánahópar,[36] þar var um að ræða verktakafyrirtæki, hótel, byggingarfélag, heildverslun og þrjú félög í sjávarútvegi. Í flestum tilvikum voru félögin með fyrirgreiðslur í formi skuldabréfa og yfirdráttarlána sem voru veitt til fjárfestinga í húsnæði, tækjum og til almenns rekstrar. Flest félögin í úrtakinu höfðu fengið lán í erlendum myntum frá sparisjóðnum. Þá fengu tveir lánahópar ábyrgðir, annars vegar fiskmarkaðsábyrgðir og hins vegar verkábyrgðir.

Útlán til stærstu skuldara Sparisjóðs Ólafsfjarðar tvöfölduðust á árinu 2008 vegna lækkunar á gengi íslensku krónunnar en á sama tíma rýrnaði eigið fé sparisjóðsins og skýrðist stór hluti afskriftareiknings á árunum 2008–2011 af efasemdum um lögmæti gengistryggðra lána. Útlán sparisjóðsins voru í nokkrum tilvikum ekki nógu vel tryggð og þurfti því að færa töluverðar fjárhæðir í sérgreindan afskriftareikning vegna þeirra. Stór hluti af lánum í úrtakinu var með ófullnægjandi tryggingar og töpuðust þau þegar lántakendurnir urðu ógjaldfærir.

Eitt útgerðarfélaganna í úrtaki rannsóknarnefndarinnar fékk lán í erlendum myntum hjá sparisjóðnum en framkvæmdastjóri þess, sem taldist til tengdra aðila félagsins, fékk yfirdráttarlán til að fjárfesta í hlutabréfum í búlgörsku fasteignafélagi. Það fasteignafélag fékk lán hjá sparisjóðnum á árinu 2009 og bættist þá í lánahóp útgerðarfélagsins hjá sjóðnum. Til tryggingar lánunum var sparisjóðurinn með veð í fasteignum og hlutabréfum. Lán til hópsins í erlendum myntum hækkuðu á árinu 2008 og í lok ársins námu skuldbindingar hópsins við sparisjóðinn tæpum 92 milljónum króna og áhættuskuldbindingin á skýrslu til Fjármálaeftirlitsins var rúm 24% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins. Við mat á stærð áhættuskuldbindingarinnar var tekið tillit til 39 milljóna króna ábyrgðar frá annarri lánastofnun á skuldbindingum lánahópsins. Í skýrslu endurskoðenda með endurskoðun ársreiknings var skuldbinding hópsins hins vegar sögð vera 163 milljónir króna og áhættuskuldbindingin 63,5% af eiginfjárgrunni, eftir að tekið hafði verið tillit til ábyrgðarinnar. Ekki hefði verið gerð grein fyrir skuldbindingum hópsins, heldur eingöngu útgerðarfélagsins, á skýrslu um stórar áhættuskuldbindingar. Þetta var ekki í samræmi við skýrslur fyrri eða síðari ára.

Árið 2009 voru lán hópsins í vanskilum og kom fram í skýrslu um innri endurskoðun þess árs að sparisjóðurinn hefði litlar fjárhagslegar upplýsingar um félögin í lánahópnum. Þannig hefði útgerðarfélagið ekki skilað ársreikningi til ársreikningaskrár allt frá árinu 2006 og þeim ársreikningi hefði verið skilað í ágúst 2008. Í árslok 2009 var heildarskuldbinding lánahópsins 192 milljónir króna og áhættuskuldbindingin 103,5% af eiginfjárgrunni Sparisjóðs Ólafsfjarðar að frádregnu tæplega 80 milljóna króna afskriftaframlagi. Á árunum

skuldbinding fer yfir 10% af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækisins. Ahættuskuldbindingar einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila máttu ekki fara yfir 25% af eiginfjárgrunni, sbr. 30. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. laga nr. 161/2002 er eiginfjárgrunnur reiknaður út samkvæmt 84.–85. gr. laga nr. 161/2002 og reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 215/2007 um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fyrirtækja.

35. Stuðst er við skýrslur ytri endurskoðenda fyrir 2007–2011.

36. Lánahópur samanstendur af tveimur eða fleiri viðskiptamönnum sem eru fjárhagslega tengdir í skilningi 1. mgr. 30. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

2010 og 2011 var talsvert fjallað um lánahópinn á stjórnarfundum og reynt að afla frekari trygginga þar sem meira en helmingur skuldbindinga var ótryggður. Í lok árs 2011 höfðu engar endanlegar afskriftir verið gerðar vegna lána til aðila í þessum lánahópi. Mægðatengsl voru milli stjórnarmanns í sparisjóðnum og einstaklinga í lánahópnum og er það bókað í fundargerðum að stjórnarmaður hafi vikið af fundum þegar málefni hópsins voru rædd.

Lánveitingar til heildverslunar sem var með eina af stærstu áhættuskuldbindingum sparisjóðsins var tryggð með veði í fasteignum og sjálfskuldarábyrgðum eigenda. Eigendurnir, og annað félag í eigu þeirra, voru hluti af lánahópi tengdum heildversluninni hjá Sparisjóði Ólafsfjarðar. Árið 2007 mælti innri endurskoðandi sparisjóðsins með því í skýrslu sinni að sjóðurinn aflaði sér frekari trygginga vegna fyrirgreiðslu við lánahópinn og fylgdist náið með fjárhagsstöðu þeirra aðila sem mynduðu hann. Ekki var þó gengið frá viðbótartryggingum vegna skuldbindinganna. Í lok árs 2008 námu skuldbindingar hópsins 25,3 milljónum króna sem var 24,8% af eigin fé sparisjóðsins. Ári síðar nam sérstakt afskriftaframlag vegna hópsins 47,5 milljónum og heildarskuldbindingar 61,8 milljónum króna. Þau tvö félög sem voru í lánahópnum voru úrskurðuð gjaldþrota á árinu 2010.

Næststærsti skuldari sparisjóðsins frá árinu 2010 var útgerðarfélag en á skýrslum um stórar áhættuskuldbindingar til Fjármálaeftirlitsins í árslok 2008 voru ekki taldar til sama lánahóps skuldbindingar stjórnarformanns félagsins og meirihlutaeiganda (54% hlutur) við sparisjóðinn sem námu þá 23,5 milljónum króna en skuldbindingar félagsins sjálfs voru 116 milljónir króna. Að teknu tilliti til sérgreinds afskriftaframlags, sem var á þeim tíma 34,8 milljónir króna og ábyrgðar frá lánastofnun sem nam 27 milljónum króna var áhættuskuldbinding félagsins rétt undir leyfilegu hámarki skuldbindinga, sem var 24,8%. Hefði stjórnarformaður og meirihlutaeigandi talist til hópsins hefði skuldbindingin verið umfram mörk. Skýrslur ytri og innri endurskoðanda fjölluðu um heildarskuldbindingar félagsins og aðila tengdra því, þ.e. aðila sem ekki voru á skýrslum um sama hóp til Fjármálaeftirlitsins. Félagið var úrskurðað gjaldþrota í byrjun árs 2010 og voru skuldir þess við Sparisjóð Ólafsfjarðar afskrifaðar.[37]

Í úrtakinu var eitt félag með eingreiðslulán en það var byggingarfélag sem átti jörð á höfuðborgarsvæðinu þar sem unnið var að skipulagningu íbúðarhverfis. Sparisjóður Ólafsfjarðar og Sparisjóður Mýrasýslu fjármögnuðu kaup á jörðinni. Í nóvember 2005 fékk félagið 50 milljóna króna verðtryggt eingreiðslulán til 20 ára með árlegum vaxtaafborgunum frá 24. nóvember 2011. Til tryggingar var sparisjóðurinn með veð í jörðinni. Fram kom í skýrslu um innri endurskoðun vegna ársins 2009 að lánið væri sérstakt því það væri eingreiðslulán til langs tíma og vaxtagjalddagar væru ekki innheimtir:

> Afar sérstök ákvæði um greiðslur vaxta sem hefur orðið til þess að engar vaxtagreiðslur hafa verið innheimtar. Í samningnum segir að á fyrstu fimm árum lánstímans leggjast vextir ofan á höfuðstól á 12 mánaða fresti en undantekning frá þessu er þó að allar tekjur er hlunnindi jarðarinnar skila, hverju nafni sem þær nefnast þó að lágmarki 500 þús. kr. skulu notaðar til að greiða vexti af láninu. Þann 24. nóvember 2011 kemur til fullrar vaxtagreiðslu af láninu. Starfsmenn hafa ekki fjárhagslegar upplýsingar um félagið.[38]

Í lok árs 2008 voru skuldbindingar félagsins 67 milljónir króna og með 14 milljóna króna ábyrgð frá lánastofnun var skuldbindingin 24,2% af eiginfjárgrunni sparisjóðsins. Ekki var fært sérgreint afskriftaframlag vegna þessarar lánveitingar fram til ársloka 2011 en heildarskuldbindingin nam þá 115,6 milljónum króna.

Sparisjóðurinn lánaði félagi í ferðaþjónustu jafnvirði um 63 milljóna króna í erlendum myntum á árinu 2006 vegna kaupa og endurbóta á húsnæði. Til tryggingar var sparisjóðurinn með veð í fasteigninni og var áætlað verðmæti hennar 100 milljónir króna. Rekstur félagsins gekk ekki sem skyldi og á haustmánuðum árið 2007 óskaði félagið eftir skuldbreytingu á lánum sínum og 5 milljóna króna viðbótarláni til að „halda rekstrinum gangandi yfir veturinn“.[39] Vanskil urðu á lánunum og kom fram í skýrslu um innri endur-

37. Samkvæmt stjórnarfundargerð 19. apríl 2010 var greint frá gjaldþroti félagsins og að búið væri að halda uppboð á fasteignum þess. Sparisjóðurinn var með veð í birgðum og tækjum félagsins og kom fram að fyrirhugað væri að selja veðsettar eignir til nýstofnaðs einkahlutafélags í eigu tveggja minnihlutaeigenda í útgerðarfélaginu.

38. Skýrsla KPMG hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2010.

39. Beiðnin var samþykkt á fundi stjórnar Sparisjóðs Ólafsfjarðar 18. október 2007.

skoðun vegna ársins 2009 að fasteignin var til sölu um nokkurn tíma. Áætlað mat eignarinnar upp á 100 milljónir króna væri allt of hátt og líklegt að það lægi nær 50 milljónum króna. Á sama tíma nam heildarskuldbinding félagsins tæpum 119 milljónum króna, eða talsvert umfram verðmæti tryggingarinnar. Gengið var frá lánamálum félagsins á árinu 2011 en fasteignin var boðin upp og fengust fyrir hana 73 milljónir króna, þar af fékk sparisjóðurinn um 62 milljónir króna. Aðrar veðsettar eignir, t.d. sumarbústaður eigandans, og lausafjármunir voru seld upp í skuldir en það sem út af stóð afskrifað endanlega.

Fyrrum sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Ólafsfjarðar útskýrði stöðu sparisjóða á landsbyggðinni sem veita lán gegn veði í fasteignum í skýrslutöku fyrir rannsóknarnefndinni. Hann sagði sparisjóðinn hafa á árinu 2008 tekið veð í sumarbústað sem tryggingu fyrir skuldbindingum einstaklings. Fasteignasala mat virði bústaðarins á 11,4 milljónir króna. Tveimur árum síðar þurfti sparisjóðurinn að ganga að tryggingunni og voru fengnir tveir fasteignasalar til að meta bústaðinn. Niðurstaðan var að söluvirðið væri þrjár til þrjár og hálf milljón króna.[40]

Eftir fall bankanna og þær hræringar sem urðu á fjármálamarkaði haustið 2008 rýrnaði eignasafn Sparisjóðs Ólafsfjarðar og eigið fé lækkaði mikið. Útlánaáhætta, sem gjarnan er metin á skýrslum til Fjármálaeftirlitsins sem áhættuskuldbinding sem hlutfall af eiginfjárgrunni, jókst. Þar kom tvennt til, skuldbindingar í erlendum myntum hækkuðu eftir gengisfall krónunnar og eiginfjárgrunnur lækkaði. Í lok árs 2009 voru margir af stærstu skuldurum sparisjóðsins komnir yfir lögbundið 25% hámark áhættuskuldbindingar af eiginfjárgrunni. Ári síðar, í árslok 2010, var eigið fé sparisjóðsins orðið mjög lágt og hækkaði því hlutfall stórra áhættuskuldbindinga af eiginfjárgrunni talsvert. Hæsta áhættuskuldbindingin var hjá Siglunesi hf., um 1947% af eiginfjárgrunni 31. desember 2010. Í nokkrum tilvikum var gripið til þess ráðs að fá ábyrgð frá lánastofnun, þar á meðal frá móðurfélaginu, Sparisjóði Mýrasýslu, til að lækka hlutfallið niður fyrir 25% hámarkið. Í skýrslu um innri endurskoðun sparisjóðsins vegna ársins 2010 og í skýrslu um innri endurskoðun vegna ársins 2011 komu fram ábendingar um að margir lántakendur væru með skuldbindingar langt umfram 25% hámarkið af eiginfjárgrunni. Í nokkrum tilvikum gerði Sparisjóður Ólafsfjarðar ekki grein fyrir skuldbindingum fjárhagslega tengdra aðila eins og reglur um stórar áhættuskuldbindingar kváðu á um, svo sem fjallað var um í dæmum hér á undan. Innri endurskoðandi sparisjóðsins benti ítrekað á slík tilvik án þess að sparisjóðurinn brygðist við þeim ábendingum.

22.2.3 Lán til starfsmanna og stjórnarmanna

Samkvæmt ákvæði 2. mgr. 57. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki bar að fara með viðskipti starfsmanna sparisjóðsins eftir reglum sem stjórn setti. Í 16. gr. reglna um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra frá desember 2003 sagði að stjórn skyldi, að fengnum tillögum sparisjóðsstjóra, setja reglur um viðskipti starfsmanna við sparisjóðinn. Þá sagði einnig að starfsmönnum sparisjóðsins væri óheimilt að gerast umboðsmenn annarra gagnvart sparisjóðnum. Í 4. gr. útlánareglna Sparisjóðs Ólafsfjarðar frá desember 2003 sagði að sparisjóðsstjóra væri heimilt að veita starfsmönnum sparisjóðsins lán enda væri slík fyrirgreiðsla á engan hátt frábrugðin sambærilegri fyrirgreiðslu til annarra viðskiptamanna. Sparisjóðsstjóra bar þá að gera stjórn sjóðsins grein fyrir fyrirgreiðslunni á fyrsta stjórnarfundi eftir að fyrirgreiðslan átti sér stað og skyldi hún færð í gerðabók. Ákvæði í 19. gr. reglna um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra kvað á um að allar fyrirgreiðslur til sparisjóðsstjóra eða maka væru háðar samþykki stjórnar.

Sparisjóðum bar að skila hálfsárslega til Fjármálaeftirlitsins skýrslu um fyrirgreiðslu til venslaðra aðila þar sem fram kæmu allar fyrirgreiðslur til þeirra, það er stjórnarmanna, maka þeirra, barna og félaga tengdra þeim, yfir 10 milljónum króna. Í reglum Sparisjóðs Ólafsfjarðar um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra voru venslaðir aðilar skilgreindir sem stjórnarmenn (aðalmenn og varamenn), stjórnendur og lykilstarfsmenn sem teldust til fruminnherja, sem og nánir fjölskyldumeðlimir þessara aðila, félög

40. Skýrsla Helga Jóhannssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 17. maí 2013. Í athugasemd til rannsóknarnefndarinnarinnar dró Helgi Jóhannsson síðara verðmatið í efa og sagði það varla geta talist eðlilegt. Verðfallið hefði ekki verið í neinu samræmi við verðbreytingar eftir hrun á sambærilegum fasteignum á þessu svæði.

sem framangreindir aðilar ættu meira en 10% hlut í, störfuðu hjá eða gegndu stjórnarstörfum fyrir, hliðstæðir aðilar í dótturfélögum og tengdum félögum, og stofnfjáreigendur sem áttu 5% eignarhlut eða stærri í sparisjóðnum.

Samkvæmt leiðbeinandi tilmælum nr. 4/2006,[41] um efni reglna skv. 2. mgr. 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki, átti sparisjóðurinn að leggja fyrir innri endurskoðanda að fara með reglubundnum hætti yfir fyrirgreiðslur til venslaðra aðila. Ennfremur sagði í 2. mgr. 25. gr. reglna um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra að innri endurskoðandi ætti að fara reglulega yfir fyrirgreiðslur til venslaðra aðila og greina frá niðurstöðum athugana sinna í skýrslu til stjórnar. Samkvæmt skýrslum innri endurskoðanda Sparisjóðs Ólafsfjarðar var ekki farið yfir fyrirgreiðslur til venslaðra aðila á árunum 2005–2009. Í skýrslu innri endurskoðanda vegna ársins 2010 kom fram að fenginn hefði verið listi yfir venslaða aðila sem voru með fyrirgreiðslu hjá sjóðnum en ekki hefði verið gerð könnun til þess að staðfesta samanburðarkjör, það yrði gert í tengslum við yfirferð á skýrsluskilum til Fjármálaeftirlitsins vegna venslaðra aðila. Í skýrslu um innri endurskoðun vegna ársins 2011 voru fyrirgreiðslur til venslaðra aðila kannaðar og athugað hvort kjör þeirra væru í samræmi við kjör almennra viðskiptamanna sparisjóðsins. Niðurstaðan var án frávika.

Samtals voru tólf starfsmenn hjá Sparisjóði Ólafsfjarðar á árunum 2005–2011. Þar af voru, á sama tímabili, tíu starfsmenn með útlán hjá sparisjóðnum. Útlán til starfsmanna sparisjóðsins námu um 7,4–7,9 milljónum króna, eða aðeins um 0,4–0,5% af útlánum sparisjóðsins í árslok 2005–2008. Enginn starfsmaður Sparisjóðs Ólafsfjarðar var persónulega með óvenjulega fyrirgreiðslu eða háar skuldbindingar hjá sparisjóðnum á tímabilinu 2005–2011.

Tafla 14. Lán til starfsmanna Sparisjóðs Ólafsfjarðar sem hlutfall af útlánum 2005–2011.[42]

Dags.	Útlán til viðskiptavina (þús. kr.)	Starfsmannalán (þús. kr.)	Starfsmannalán/útlán
31.12.2005	1.526.756	7.632	0,50%
31.12.2006	1.697.541	7.877	0,46%
31.12.2007	1.671.678	7.826	0,47%
31.12.2008	2.069.486	7.434	0,36%
31.12.2009	1.820.325	6.588	0,36%
31.12.2010	1.728.545	5.704	0,33%
30.6.2011	1.769.327	10.700	0,60%

22.3 Fjáreignir og fjárfestingar

Sparisjóður Ólafsfjarðar setti sér ekki sérstakar reglur um fjárfestingar en í reglum sparisjóðsins um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra var fjallað stuttlega um fjárfestingar og mörk fjárfestingaheimildar. Þar kom fram að fjárfestingar í öðrum fasteignum en fullnustueignum skyldi bera upp í stjórn, ásamt öðrum fjárfestingaráformum sem telja mætti meiriháttar eða óvenjuleg.

Fjáreignir námu mest 263% af eigin fé Sparisjóðs Ólafsfjarðar í árslok 2007, að undanskildu árinu 2010 þegar eigið fé var einungis um 5,5 milljónir króna. Árið 2007 var sama hlutfall 123% hjá minni sparisjóðum.[43] Árin 2008, 2009 og 2011 var eigið fé Sparisjóðs Ólafsfjarðar neikvætt og hlutfall fjáreigna af eigin fé að sama skapi neikvætt. Þeim tölum er sleppt úr mynd 10. Á sama tíma dró úr vægi fjáreigna í eignasafni sparisjóðsins, í lok árs 2007 voru þær 24% eigna en 4% ári síðar og héldust svipaðar eftir það.

Fjáreignir Sparisjóðs Ólafsfjarðar voru miklar í árslok 2007. Þá hafði hlutur markaðsskuldabréfa aukist mikið, eða nær þrefaldast frá árinu áður. Hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum tvöfölduðust milli áranna 2006 og 2007 en voru þó ekki nema þriðjungur af skuldabréfaeign sparisjóðsins í lok árs 2007. Fjáreignir sparisjóðsins drógust svo stórlega saman á árinu 2008 og breyttust lítið eftir það. Mikla aukningu skuldabréfaliðarins á árinu

41. Síðar leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2010 um efni reglna skv. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, endurskoðun á leiðbeinandi tilmælum nr. 4/2006.
42. Byggt á upplýsingum úr útlánagrunni sparisjóðanna sem rannsóknarnefndinni var afhentur og ársreikningum sparisjóðsins.
43. Um það hverjir töldust til minni sparisjóða og hverjir til hinna stærri vísast til taflna 5, 9 og 10 í 8. kafla skýrslunnar.

2007 má rekja til kaupa sparisjóðsins á hlutdeildarskírteinum í peningamarkaðssjóði Íslenskra verðbréfa hf. Skírteinin námu 336 milljónum króna í árslok 2007 en á sama tíma námu víxlar og skuldabréf útgefin af Exista hf. 74 milljónum króna.

Mynd 10. Fjáreignir sem hlutfall af bókfærðu eigin fé og heildareignum Sparisjóðs Ólafsfjarðar í árslok 2005–2011.[44]



	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Minni sparisjóðir, hlutfall af eigin fé	157%	136%	123%	401%	•	177%	100%
Sparisjóður Ólafsfjarðar, hlutfall af eigin fé	146%	130%	263%	•	•	1870%	•
Minni sparisjóðir, hlutfall af eignum	19%	20%	26%	12%	7%	6%	7%
Sparisjóður Ólafsfjarðar, hlutfall af eignum	14%	12%	24%	4%	4%	3%	4%

Mynd 11. Fjáreignir Sparisjóðs Ólafsfjarðar í árslok 2005–2011.[45]



Árið 2000 seldi Sparisjóður Ólafsfjarðar bréf í Kaupþingi hf. og hagnaðist um 163 milljónir króna á því. Tveimur árum síðar seldi sparisjóðurinn hlutabréf í SP-Fjármögnun hf. og Alþjóða líftryggingarfélaginu hf. og var söluhagnaður af því um 26 milljónir króna. Þá kom fram í skýrslu endurskoðanda vegna ársreiknings 2004 að vegna góðrar lausafjárstöðu sparisjóðsins á árinu hefði hann aukið verulega fjárfestingu sína í hlutabréfum, eða um 189 milljónir króna. Innlán sparisjóðsins nægðu yfirleitt vel til þess að fjármagna öll útlán hans. Þannig sagði fyrrum sparisjóðsstjóri fyrir rannsóknarnefndinni:

> Sparisjóðurinn hefur um langa hríð verið nánast að fullu fjármagnaður af innlánum, þannig að við höfum þurft að reyna að koma innlánunum í verð og í vinnu, ein leiðin var að fjárfesta í markaðspappírum eins og skuldabréfum.[46]

Í lok árs 2005 var stærsta fjáreign Sparisjóðs Ólafsfjarðar eignarhluti í Þormóði ramma-Sæbergi hf. en hann var bókfærður á rúmar 35 milljónir króna í árslok 2005 og var óbreyttur í árslok 2011. Eign sparisjóðsins í Sparisjóðabanka Íslands hf. og VBS Fjárfestingarbanka hf. rúmlega fjórfaldaðist frá árslokum 2005 til ársloka 2007. Sparisjóðabankinn var færður sem hlutdeildarfélag í bækur sparisjóðsins til ársins 2006 og hækkaði bókfært virði hans

44. Ársreikningar Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2005–2011.
45. Ársreikningar Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2005–2011.
46. Skýrsla Helga Jóhannssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 17. maí 2013.

þá með góðu gengi bankans. Árið 2007 tók sparisjóðurinn að færa fjáreignir á gangvirði í stað kostnaðarverðs og hækkaði þá virði margra fjáreigna, svo sem Sparisjóðabankans og VBS Fjárfestingarbanka hf.

Tafla 15. Fjáreignir Sparisjóðs Ólafsfjarðar í árslok 2005–2011.[47]

Þús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Sparisjóðabanki Íslands hf. / Icebank hf.	15.041	31.163	69.223	–	–	–	–
Reiknistofa bankanna	4.062	4.062	4.062	4.062	4.062	4.062	4.062
Teris (Tölvumiðstöð sparisjóðanna)	2.865	2.865	4.664	6.992	6.992	6.992	12.253
Samtals	**21.968**	**38.090**	**77.949**	**11.053**	**11.053**	**11.053**	**16.315**
VBS Fjárfestingarbanki hf. (FSP hf.)	11.066	13.059	44.282	1.259	630	–	–
FSP Holding ehf.	–	–	3.547	6.917	–	–	–
Verðbréfaþjónusta sparisjóðanna	1.838	2.411	1.578	1.578	–	–	–
Samtals	**12.905**	**15.469**	**49.408**	**9.755**	**630**		
VSP Alþjóða vaxta-/virðissjóður	8.333	11.070	10.794				
Alfesca hf	9.744	12.037	16.551	10.031			
Decode		6.508	4.563	459			
Þormóður rammi Sæberg	35.368	35.368	35.368	35.368	35.368	35.368	35.368
Tækifæri ehf.	5.810	5.572	5.572	5.572	5.572	5.572	5.572
Varðeldur ehf.	5.500	5.500	5.500				
Hlutdeildarskírteini	75.463	13.000					
Annað	25.652	11.661	15.622	15.900	11.919	12.451	6.953
Samtals	**165.871**	**100.717**	**93.971**	**67.330**	**52.859**	**53.391**	**47.893**
Markaðsskuldabréf o.fl. m/föstum tekjum	132.344	190.353	614.403	72.002	72.122	39.799	43.777
Samtals	**333.087**	**344.629**	**835.731**	**160.141**	**136.665**	**104.244**	**107.985**

Tafla 16. Afkoma af fjáreignum Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2005–2011.[48]

Þús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	Samtals
Sparisjóðabanki Íslands hf. / Icebank hf.	6.303	14.513	5.812	(69.223)				(42.595)
Varðeldur ehf.	(5.500)			(5.500)				(11.000)
VBS Fjárfestingabanki hf. (FSP hf.)			31.880	(42.192)	(630)			(10.942)
FSP Holding hf.					(6.917)			(6.917)
Smárahúsið ehf.					(2.395)			(2.395)
Verðbréfaþjónusta sparisjóðanna hf.					(1.578)			(1.578)
SP-Fjármögnun hf.					(1.559)			(1.559)
Alfesca hf.	(2.317)	2.293	4.514	(6.520)	717			(1.314)
Avion Group		(181)	84	(1.173)	(26)			(1.296)
Tækifæri ehf.	140	(238)						(98)
Premium innheimtuvakt		13						13
Decode	600	6.062	(1.945)	(4.104)	(364)			249
VSP Alþjóða vaxta-/virðissjóður			(276)	620				344
Creditinfo Group hf.						612		612
Reiknistofa bankanna	725							725
Teris			1.799				5.262	7.061
Rammi hf.	11.942		2.756	2.756	2.901	2.503	2.700	25.559
Valitor hf.*	320		1.477				31.175	32.973
Íslensk verðbréf hf.	39.771							39.771
Skuldabréf	5.475	4.785	15.943	(57.979)	(294)	6.995	1.563	(23.510)
Annað	(371)	1.797	(14.453)	2.256	58.243	18.517	26.350	92.339
Arður	813		253	485				1.552
Samtals	**57.902**	**29.044**	**47.845**	**(180.574)**	**48.097**	**28.627**	**67.050**	**97.992**

* Gildi ársins 2011 er söluhagnaður.

Stjórn sparisjóðsins fjallaði ekki mikið um þessar tvær fjárfestingar. Á stjórnarfundi 9. júní 2005 samþykkti stjórnin að kaupa hlutafé í hlutafjárhækkun Fjárfestingafélags sparisjóðanna hf. fyrir um 6 milljónir króna en félagið (sem þá hafði fengið nafnið FSP hf.) sameinaðist

47. Byggt á upplýsingum úr bókhaldi Sparisjóðs Ólafsfjarðar.
48. Byggt á upplýsingum úr bókhaldi Sparisjóðs Ólafsfjarðar. Sundurliðun stemmir ekki fyllilega við ársreikninga.

VBS Fjárfestingarbanka hf. á árinu 2007. Á sama fundi samþykkti stjórn sparisjóðsins að kaupa 1,82% hlut í Sparisjóðabanka Íslands hf., að nafnverði um 11 milljónir króna, og endurselja Sparisjóði Mýrasýslu.

Sparisjóður Ólafsfjarðar tapaði um 125 milljónum króna á veltuhlutabréfum árið 2008 en þar vó þyngst tap vegna Sparisjóðabankans, sem nam um 69 milljónum króna, og VBS Fjárfestingarbanka hf., sem nam 42 milljónum króna. Þessi bréf höfðu verið bókfærð á gangvirði árið 2007 en með hruni fjármálamarkaðar á Íslandi á árinu 2008 urðu þau nær verðlaus. Sparisjóðurinn tapaði einnig á skuldabréfum á árinu 2008, mest vegna skuldabréfa Exista hf. sem lækkuðu um 42 milljónir króna og skuldabréfa Milestone ehf. sem lækkuðu um 23 milljónir króna.[49] Árið 2009 var stærsta niðurfærsla á fjáreignum sparisjóðsins í FSP Holding ehf., félagi sem stofnað var í kjölfar sameiningar FSP hf. og VBS Fjárfestingarbanka hf. Árið 2010 voru tekjur sparisjóðsins af veltuhlutabréfum litlar, sem og arðstekjur, en árið 2011 seldi sjóðurinn hluti í Valitor Holding hf. og hagnaðist um 31 milljón króna á því.

Mynd 12. Afkoma af fjáreignum og rekstri Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2005–2011.[50]



Hreinar rekstrartekjur Sparisjóðs Ólafsfjarðar, að undanskildum tekjum af fjáreignum, stóðu nokkurn veginn undir rekstri hans 2005–2007. Á sama tíma var afkoma af fjáreignum meiri eða svipuð og hagnaður ársins fyrir skatt. Árið 2008 varð tap á fjáreignum töluvert, eða tæpar 200 milljónir króna, en tap ársins fyrir skatta var þá rúmlega 400 milljónir króna. Afskriftir útlána ollu sparisjóðnum miklu tapi 2008 og það sama má segja um árin 2009 og 2010. Árið 2009 skiluðu fjáreignir sparisjóðsins 58 milljóna króna hagnaði vegna ójafnvægis erlendra eigna og skulda. Með samningum við Arion banka hf. í lok árs 2009 var þessi skekkja lagfærð og því varð hagnaður vegna gengisbreytinga minni árið eftir, eða tæpar 19 milljónir króna. Framlög í afskriftareikning útlána héldust há frá árinu 2008 til ársins 2011 en það ár varð gengishagnaður af sölu sparisjóðsins á Valitor Holding hf. Frá 2001 til 2007 hagnaðist sparisjóðurinn um 191 milljón króna á fjáreignum á árslokaverðlagi ársins 2011, en tapaði 75 milljónum króna á sama verðlagi frá 2008 til 2011. Heildarhagnaður sparisjóðsins af fjáreignum frá 2001 til 2011 var 116 milljónir króna á verðlagi ársins 2011.

22.4 Fjármögnun

Efnahagur Sparisjóðs Ólafsjarðar óx um tæpan helming frá 2005 til 2011. Innlán fjármögnuðu starfsemi sparisjóðsins að mestu leyti á þessum tíma en lántaka var tæplega þrisvar sinnum meiri í árslok 2008 en hún var í árslok 2006. Innlán voru 65–93% af skuldum sparisjóðsins að undanskildu eigin fé hans á tímabilinu.[51]

49. Skýrsla KPMG endurskoðunar hf. um endurskoðun ársreiknings Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2008.
50. Ársreikningar Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2005–2011.
51. Sjá nánari útskýringu í upphafi 11. kafla, um fjármögnun sparisjóðanna.

Tafla 17. Skuldir Sparisjóðs Ólafsfjarðar í árslok 2005–2011.[52]

Þús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Skuldir við lánastofnanir samtals	20.850	24.783	22.729	68.498	54.724	81.314	83.703
Innlán samtals	1.729.859	2.175.635	2.515.746	2.446.943	2.715.644	2.841.043	2.852.400
Lántaka samtals	269.273	392.123	556.935	1.103.817	287.883	–	–
Aðrar skuldir	17.285	42.517	40.725	61.048	37.591	31.651	48.154
Reiknaðar skuldbindingar samtals	–	–	–	–	–	–	–
Víkjandi skuldir	73.983	79.125	83.197	95.801	105.217	113.441	114.304
Samtals	**2.111.250**	**2.714.183**	**3.219.332**	**3.776.107**	**3.201.059**	**3.067.449**	**3.098.561**

Einstaklingar áttu að meðaltali 74% innlána í Sparisjóði Ólafsfjarðar á árunum 2005–2011 og fyrirtæki 15%.[53] Bundin innlán voru að meðaltali 42% innlána í sparisjóðnum, hæst var hlutfallið 54% í september 2005 og lægst 31% í nóvember 2010.[54] Innlán voru 113–168% af útlánum sparisjóðsins á árunum 2005–2011, lægst var hlutfallið árið 2005 og hæst 2011.

Ólíkt því sem gerðist í mörgum öðrum sparisjóðum varð ekki mikil innlánaaukning í Sparisjóði Ólafsfjarðar eftir fall bankanna, og reyndar drógust innlánin saman á árinu 2008. Frá febrúar 2008 minnkuðu bundin innlán í sparisjóðnum um 300 milljónir króna og óbundin innlán jukust að sama skapi, og því héldust heildarinnlán í sparisjóðnum nokkuð svipuð. Þó drógust þau lítillega saman rétt eftir fall viðskiptabankanna haustið 2008 og á sama tíma fluttust mörg innlán hjá Sparisjóði Ólafsfjarðar af óverðtryggðum reikningum yfir á verðtryggða.

Sparisjóðurinn fjármagnaði erlend lán sín með erlendum lántökum í Sparisjóðabanka Íslands hf. en sú lánalína fluttist til Sparisjóðs Mýrasýslu þegar hann eignaðist nær allt stofnfé í Sparisjóði Ólafsfjarðar árið 2005.[55] Sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Ólafsfjarðar sagði sjóðinn lengi vel hafa streist á móti því að veita erlend útlán:

> Nei, í upphafi vorum við ekki með erlend lán til viðskiptavina sparisjóðsins, og það var ekki fyrr en viðskiptavinir fóru að hóta því að þeir myndu bara fara annað með sín viðskipti ef þeir ekki fengju, því að það voru allir að fá erlend lán og þetta var bara „draumur í dós" að þeirra sögn. Þá þurftum við að fara að fjármagna erlendu lánin hjá okkur og það var gert með þessari lánalínu, erlendu lánalínu. [56]

Nýi Kaupþing banki hf. (síðar Arion banki hf.) yfirtók lánveitingar Sparisjóðs Mýrasýslu til Sparisjóðs Ólafsfjarðar á fyrri hluta árs 2009. Áður en til þess kom breytti Sparisjóður Mýrasýslu hluta skulda Sparisjóðs Ólafsfjarðar í stofnfé. Við þá breytingu hækkaði stofnfé sparisjóðsins um 330 milljónir króna. Árið eftir breytti Nýi Kaupþing banki hf. skuldum sem námu 256 milljónum króna í stofnfé í sparisjóðnum. Á árinu 2009 lækkuðu skuldir sparisjóðsins einnig vegna skuldajöfnunar við sama banka sem nam 190 milljónum króna og yfirtöku Íbúðalánasjóðs á íbúðabréfum að fjárhæð 290 milljónir króna, sem Íbúðalánasjóður hafði fjármagnað hjá sparisjóðnum.

Skuld við Íbúðalánasjóð var til komin vegna samninga frá árunum 2004 og 2005. Margir sparisjóðir gerðu lánasamninga við Íbúðalánasjóð um fjármögnun á fasteignalánum í lok árs 2004 og um mitt ár 2005, en að baki lánasamningunum voru fasteignalán sparisjóðanna. Sparisjóður Ólafsfjarðar fjármagnaði þannig um 190 milljónir króna í fasteignalánum og að baki þeim samningum voru 20 fasteignalán. Í desember 2005 gaf Sparisjóðabanki Íslands hf. út skuldabréf til Íbúðalánasjóðs, en að baki því voru fasteignalán frá mörgum sparisjóðum. Hlutur Sparisjóðs Ólafsfjarðar í þessum samningi var um 68 milljónir króna og lánin 13 talsins.

52. Ársreikningar Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2005–2011.
53. Atvinnugreinaflokkun innlána sparisjóðsins sem skilað var mánaðarlega til Seðlabanka Íslands frá júlí 2007 til desember 2011.
54. Lausafjáryfirlit Sparisjóðs Ólafsfjarðar, skýrsla unnin af sparisjóðnum og skilað til Seðlabanka Íslands frá janúar 2005 til desember 2011.
55. Skýrsla Helga Jóhannssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 17. maí 2013.
56. Skýrsla Helga Jóhannssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 17. maí 2013.

Sparisjóðurinn tók 13 milljóna króna víkjandi lán árið 2004 til tíu ára. Að sögn fyrrum sparisjóðsstjóra fjármagnaði Sparisjóður Mýrasýslu lánið sem hækkaði með verðlagsbreytingum vegna verðtryggingar.[57]

22.5 Stofnfé og stofnfjáreigendur

Á árunum 2000 til 2004 var fjöldi stofnfjáreigenda í Sparisjóði Ólafsfjarðar á bilinu 77–81. Eignarhaldið breyttist síðar meir og varð að langmestu leyti í höndum Sparisjóðs Mýrasýslu og síðar Arion banka hf.

Samkvæmt samþykktum Sparisjóðs Ólafsfjarðar frá 7. september 1997 átti stofnfé sparisjóðsins að vera að lágmarki 201 milljón króna og skiptast í þrjátíu eða fleiri hluti. Nafnverð hvers stofnfjárhlutar var 15 þúsund krónur og áttu stofnfjáreigendur jafngilda stofnfjárhluti með atkvæðisrétt í réttu hlutfalli við stofnfjáreign. Einstökum stofnfjáreigendum var aldrei heimilt, fyrir sjálf sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóðnum. Sparisjóðurinn mátti ekki eiga meira en 10% af eigin stofnfjárbréfum og voru þau bréf án atkvæðisréttar. Sala og annað framsal stofnfjárhluta var óheimilt nema með samþykki sparisjóðsstjórnar en veðsetning var með öllu óheimil. Fundur stofnfjáreigenda gat ákveðið að auka stofnfé með áskrift nýrra stofnfjárhluta eða með endurmati á stofnfé. Verð nýrra stofnfjárhluta skyldi ekki vera lægra en nafnverð áður útgefinna hluta að viðbættri ónýttri heimild til endurmats stofnfjár. Stofnfjáreigendur nutu forkaupsréttar að nýju stofnfé. Nafnverð hvers einstaks stofnfjárhlutar var 18.514 krónur samkvæmt samþykktum sparisjóðsins frá 21. mars 2003.

Í samþykktum sparisjóðsins frá 20. febrúar 2009 var að finna heimild fyrir stjórn sparisjóðsins til að hækka stofnfé hans um allt að 500 milljónir eða um jafnmarga einnar krónu hluti. Stjórn sparisjóðsins var falið að ákveða nánari útfærslu á nýtingu hækkunarheimildarinnar sem gilti til septemberloka 2012. Þá var heimilað að veðsetja stofnfjárhluti með samþykki stjórnar sparisjóðsins. Stofnfé sparisjóðsins var 581.800.000 krónur samkvæmt samþykktum sparisjóðsins frá 3. júní 2010. Stjórn hafði enn heimild til að hækka stofnfé sparisjóðsins og var forkaupsréttur stofnfjáreigenda nánar útfærður. Þá var að finna heimild til lækkunar stofnfjár til jöfnunar taps sem ekki yrði jafnað á annan hátt. Aðalfundur sparisjóðsins gat ráðstafað allt að 50% hagnaðar hans til hækkunar á nafnverði stofnfjár og til arðgreiðslna.

Í lok árs 2000 var nafnverð stofnfjár Sparisjóðs Ólafsfjarðar 224 milljónir króna og hækkaði á hverju ári fram til 2004 vegna endurmats stofnfjár. Stofnfé lækkaði árið 2003 þegar sparisjóðurinn leysti til sín 10 milljóna nafnverðshlut frá Tryggingasjóði sparisjóðanna. Frá árinu 2004 til loka árs 2008 var nafnverð stofnfjár óbreytt, 251 milljón króna, en eftir stofnfjáraukningu á árinu 2009 nam stofnfé 582 milljónum króna í lok árs. Árið 2010 var stofnfé aftur aukið og hækkaði þá í 838 milljónir króna að nafnverði og var óbreytt ári síðar.

Á árunum 2000–2003 voru stofnfjáreigendur í Sparisjóði Ólafsfjarðar um 80 talsins, þar af voru 17 lögaðilar. Á árinu 1997 hafði sparisjóðurinn sótt um aðstoð frá Tryggingasjóði sparisjóðanna og sjóðurinn, ásamt ellefu sparisjóðum, lagði til nýtt stofnfé sem nam 200 milljónum króna.[58] Tryggingasjóðurinn átti þar langstærstan hluta eða 140 milljónir króna að nafnverði og þar á eftir kom Sparisjóðabankinn með 25 milljónir króna. Ellefu sparisjóðir áttu stofnfé sem nam samtals 10 milljónum króna að nafnverði. Stærsti stofnfjáreigandinn á þessum tíma var Sparisjóðabanki Íslands hf. en hlutur hans var 12–14%.

Hinn 7. júlí 2004 fól stjórn Sparisjóðs Ólafsfjarðar stjórnarformanni að kanna hvort áhugi væri á því að kaupa stofnfjáreign Tryggingasjóðs sparisjóðanna í Sparisjóði Ólafsfjarðar. Á stjórnarfundi 2. september 2004 var rætt um bréf frá Sparisjóði Mýrasýslu 20. ágúst 2004 þar sem hann lýsti yfir áhuga sínum á að kaupa allt stofnfé í Sparisjóði Ólafsfjarðar með það fyrir augum að sameina sjóðina. Á fundinum samþykkti stjórn Sparisjóðs Ólafsfjarðar að eiga könnunarviðræður við Sparisjóð Mýrasýslu. Á stjórnarfundi 15. september 2004

57. Skýrsla Helga Jóhannssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 17. maí 2013.
58. „Uppstokkun í kjölfar rekstrartaps“, *DV* 11. september 1997.

var lagður fram listi yfir níu aðila af starfssvæði sparisjóðsins sem voru tilbúnir að kaupa stofnfjárhlut Tryggingasjóðsins og samþykkti stjórn sparisjóðsins kaup þeirra á hlutnum sem þá nam 130 milljónum króna.

Viðræður milli Sparisjóðs Ólafsfjarðar og Sparisjóðs Mýrasýslu stóðu yfir næstu mánuði. Á stjórnarfundi 16. desember 2004 kynnti sparisjóðsstjóri tilboð Sparisjóðs Mýrasýslu í allt stofnfé Sparisjóðs Ólafsfjarðar. Stjórn mælti með að stofnfjáreigendur tækju tilboðinu og var tilboðið sent til allra stofnfjáreigenda eftir stjórnarfund 29. desember 2004. Yfirtakan var samþykkt af Fjármálaeftirlitinu 12. apríl 2005 og þá varð Sparisjóður Ólafsfjarðar hluti af samstæðu Sparisjóðs Mýrasýslu. Sparisjóður Mýrasýslu átti nær allt stofnfé (99,98%) í Sparisjóði Ólafsfjarðar eftir þetta. Í samþykktum var kveðið á um að stofnfjáreigendur þyrftu að vera að lágmarki 30 og hinir 29 skiptu með sér 0,02% hlut.

Á árunum 2006 og 2007 var þó nokkuð rætt um sameiningu Sparisjóðs Ólafsfjarðar og Sparisjóðs Siglufjarðar í stjórn þess fyrrnefnda. Stjórnin lýsti yfir vilja til þess að taka þátt í sameiningarviðræðum við Sparisjóð Siglufjarðar á fundi sínum 24. nóvember 2006, en sparisjóðirnir voru báðir í meirihlutaeigu Sparisjóðs Mýrasýslu. Á stjórnarfundi Sparisjóðs Ólafsfjarðar 20. júlí 2007 var upplýst um framtíðarmarkmið samstæðu Sparisjóðs Mýrasýslu um að sameina Sparisjóð Ólafsfjarðar, Sparisjóð Siglufjarðar og Sparisjóð Skagafjarðar undir einni kennitölu á Norðurlandi með óbreyttum starfsstöðvum og reka Sparisjóð Mýrasýslu áfram á Vesturlandi. Ekkert varð af þessari sameiningu. Sparisjóður Siglufjarðar og Sparisjóður Skagafjarðar sameinuðust hinsvegar árið 2008 undir nafni Afls sparisjóðs. Á aðalfundi stofnfjáreigenda Sparisjóðs Ólafsfjarðar 26. maí 2009 lagði fráfarandi stjórn áherslu á að sameina Sparisjóð Ólafsfjarðar og Afl sparisjóð. Ný stjórn ræddi hugmyndina en henni var ekki hrundið í framkvæmd.

Í apríl 2009 breytti Sparisjóður Mýrasýslu kröfum á hendur Sparisjóði Ólafsfjarðar í stofnfé. Við það jókst stofnfé um 330 milljónir króna að nafnverði. Við samruna Sparisjóðs Mýrasýslu við Nýja Kaupþing banka hf. daginn eftir að þessi umbreyting krafna í stofnfé var ákveðin eignaðist bankinn allar kröfur Sparisjóðs Mýrasýslu á hendur Sparisjóði Ólafsfjarðar sem eftir stóðu. Stjórn Sparisjóðs Ólafsfjarðar samþykkti framsal stofnfjárbréfa til bankans á stjórnarfundi 7. maí 2009. Nýi Kaupþing banki hf. (sem þá hét Arion banki hf.) breytti kröfum sem námu rúmum 256 milljónum króna í stofnfé í Sparisjóði Ólafsfjarðar 17. maí 2010.[59] Umbreytingar krafna aðaleigenda sparisjóðsins í stofnfé voru gerðar til þess að bæta eiginfjárhlutfall sparisjóðsins. Sparisjóður Ólafsfjarðar sameinaðist Arion banka hf. árið 2012 og miðaðist samruninn við 1. janúar 2012. Samruninn var samþykktur af Fjármálaeftirlitinu 14. september 2012.

22.5.1 Sparisjóður Ólafsfjarðar hf.

Hlutafélagið Sparisjóður Ólafsfjarðar hf. var stofnað 27. ágúst 2007. Í stofngögnum kom fram að tilgangur félagsins væri að yfirtaka eignir, skuldir og allan rekstur Sparisjóðs Ólafsfjarðar og starfa sem sparisjóður samkvæmt ákvæðum laga nr. 161/2002. Stofnendur voru skráðir Sparisjóður Ólafsfjarðar og Sparisjóður Mýrasýslu, sem var eini stofnfjáreigandi Sparisjóðs Ólafsfjarðar á þeim tíma. Í stjórn voru Gísli Kjartansson, Bernhard Þór Bernhardsson, Sigurður Már Einarsson, Arnar Bjarnason og Bjarni Jónsson. Samkvæmt ársreikningum Sparisjóðs Ólafsfjarðar hf. var aldrei neinn rekstur í félaginu og aldrei kom til hlutafélagsvæðingar í samræmi við ákvæði laga nr. 161/2002 samkvæmt ársreikningum. Af stjórnar- og aðalfundargerðum í Sparisjóði Ólafsfjarðar og Sparisjóði Mýrasýslu er ekki að sjá að Sparisjóður Ólafsfjarðar hf. eða hlutafélagsvæðing sparisjóðsins hafi verið þar til umræðu. Að sögn Helga Jóhannssonar fyrrum sparisjóðsstjóra Sparisjóðs Ólafsfjarðar var aldrei neitt gert með Sparisjóð Ólafsfjarðar hf. og hlutafélagsvæðing sparisjóðsins aldrei rædd af alvöru.[60]

59. Aðalfundur Sparisjóðs Ólafsfjarðar, 3. júní 2010.
60. Skýrsla Helga Jóhannssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 17. maí 2013.

22.6 Rekstur sparisjóðsins eftir fall viðskiptabankanna haustið 2008 og niðurfelling skulda hans hjá Arion banka hf.

Í upphafi árs 2008 var staða Sparisjóðs Ólafsfjarðar ágæt, hagnaður af rekstri sjóðsins árið 2007 nam rúmum 48 milljónum króna, eigið fé sjóðsins í árslok nam rúmum 317 milljónum króna og eiginfjárhlutfallið var 18,1%. Á þeim tíma var sparisjóðurinn dótturfélag Sparisjóðs Mýrasýslu sem átti 99,98% eignarhlut í sparisjóðnum.[61] Fall viðskiptabankanna haustið 2008 og aðrar hræringar á fjármálamarkaði höfðu sín áhrif á rekstur sparisjóðsins. Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2008 var tap á rekstri sjóðsins 438 milljónir króna, eigið fé sjóðsins neikvætt um 187 milljónir króna og eiginfjárhlutfall neikvætt um 8,2%.[62]

Gripið var til aðgerða til að hækka eiginfjárhlutfallið og samþykkti Sparisjóður Mýrasýslu 330 milljóna króna stofnfjáraukningu 2. apríl 2009. Stofnfjáraukningin gekk eftir og fól í sér að hluta krafna Sparisjóðs Mýrasýslu á hendur Sparisjóði Ólafsfjarðar var breytt í stofnfé og við það hækkaði eiginfjárhlutfall þess síðarnefnda upp fyrir lögbundið lágmark.[63] Í tilkynningu Sparisjóðs Ólafsfjarðar um stofnfjáraukninguna kom fram að sparisjóðurinn gæti enn frekar styrkt stöðu sína með því að óska eftir 20% eiginfjárframlagi úr ríkissjóði.[64] Sparisjóðurinn sótti þó aldrei um slíkt framlag.

Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 3. apríl 2009 var vald stofnfjáreigendafundar Sparisjóðs Mýrasýslu tekið yfir og gerðar ráðstafanir í samræmi við kaupsamning sparisjóðsins og Nýja Kaupþings banka hf. sama dag. Þannig komst eignarhlutur Sparisjóðs Mýrasýslu í Sparisjóði Ólafsfjarðar í hendur Nýja Kaupþings banka hf. Sparisjóður Ólafsfjarðar var þó rekinn áfram sem sjálfstæður sparisjóður.

Árið 2009 reyndist sparisjóðnum ekki síður erfitt en árið 2008, tap af rekstri nam rúmum 238 milljónum króna, eigið fé var neikvætt í árslok um 95 milljónir króna og eiginfjárhlutfallið sömuleiðis neikvætt um 4,8%. Stofnfjáraukningin í aprílbyrjun 2009 hafði því ekki skilað tilætluðum árangri þó eiginfjárhlutfall sparisjóðsins hefði hækkað nokkuð.[65]

Hinn 1. desember 2009 fór Fjármálaeftirlitið fram á að sparisjóðurinn skilaði árituðu reikningsuppgjöri miðað við 30. nóvember 2009 þar sem fram hefði komið í árshlutauppgjöri og eiginfjárskýrslu að eiginfjárhlutfall sparisjóðsins væri undir lögbundnu lágmarki.[66] Uppgjörið barst 21. desember sama ár og benti stjórnarformaður sparisjóðsins á að „unnið væri að lausn á málefnum sjóðsins".[67] Í bréfi sparisjóðsstjóra til Fjármálaeftirlitsins 26. janúar 2010 var óskað eftir mánaðarfresti til að auka við eiginfjárgrunn sparisjóðsins.[68] Hinn 28. janúar 2010 var Sparisjóði Ólafsfjarðar veittur frestur til að auka við eiginfjárgrunn sinn, en sparisjóðurinn hafði áður getið þess að fyrirhugaðar ráðstafanir til úrbóta byggðust einkum á aðkomu fjármálaráðuneytisins að málefnum sparisjóðsins.[69] Stjórn Sparisjóðs Ólafsfjarðar hafði vitneskju um að fjármálaráðuneytið hefði óskað eftir viðræðum við Arion banka hf. um breytt eignarhald á sparisjóðnum sem og Afli sparisjóði í tengslum við endurskipulagningu sparisjóðakerfisins. Þótt viðræður milli aðila væru ekki hafnar, hafði Arion banki hf. tekið jákvætt í umleitanir fjármálaráðuneytisins.[70] Í bréfi Sparisjóðs Ólafsfjarðar 8. apríl 2010 kom fram að viðræður milli fjármálaráðuneytisins og Arion banka væru ekki hafnar en aðrir möguleikar til að auka eiginfjárgrunninn væru til skoðunar, svo sem sameining Sparisjóðs Ólafsfjarðar og Afls sparisjóðs, sala sparisjóðanna til annarra fjárfesta eða sameining þeirra við útibúanet Arion banka.[71] Sama dag framlengdi Fjár-

61. Ársreikningur Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2007.
62. Ársreikningur Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2008.
63. Ársreikningur Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2008.
64. „Sparisjóður Ólafsfjarðar eykur stofnfé", visir.is 2. apríl 2009, http://www.visir.is/sparisjodur-olafsfjardar-eykur-stofnfe/article/2009545499848.
65. Samkvæmt eiginfjárskýrslum Sparisjóðs Ólafsfjarðar til Fjármálaeftirlitsins var eiginfjárhlutfall sparisjóðsins undir lögbundnu lágmarki frá þriðja ársfjórðungi ársins 2008 til annars ársfjórðungs ársins 2010. Eiginfjárhlutfallið var svo aftur komið undir lögbundið lágmark á fjórða ársfjórðungi sama árs og til 29. júní 2012, er Arion banki jók við stofnfjáreign sína í sparisjóðnum þannig að eiginfjárhlutfall hans fór yfir lögbundið lágmark.
66. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Ólafsfjarðar 1. desember 2009.
67. Bréf Sparisjóðs Ólafsfjarðar til Fjármálaeftirlitsins 21. desember 2009.
68. Bréf Sparisjóðs Ólafsfjarðar til Fjármálaeftirlitsins 26. janúar 2010.
69. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Ólafsfjarðar 28. janúar 2010.
70. Bréf Sparisjóðs Ólafsfjarðar til Fjármálaeftirlitsins 23. febrúar 2010.
71. Bréf Sparisjóðs Ólafsfjarðar til Fjármálaeftirlitsins 8. apríl 2010.

málaeftirlitið frest sparisjóðsins til að auka við eiginfjárgrunninn til 20. maí 2010.[72] Áður en sá frestur rann út, samþykkti stjórn Arion banka stofnfjáraukningu í Sparisjóði Ólafsfjarðar 17. maí 2010. Samþykkt var að bankinn breytti allt að 257 milljóna króna kröfum á hendur sparisjóðnum í nýtt stofnfé en við það myndi eiginfjárhlutfall sparisjóðsins fara upp fyrir lögbundið lágmark., í 9,6%[73] Í bréfi sparisjóðsins til Fjármálaeftirlitsins 20. maí 2010 var getið um stofnfjáraukninguna en jafnframt bent á að enn stæðu yfir viðræður við stjórnvöld um hugsanlega breytingu á eignarhaldi, auk þess sem aðrir möguleikar væru enn til skoðunar.[74] Í lok ársins var eiginfjárhlutfall Sparisjóðs Ólafsfjarðar orðið neikvætt um 1,4%. Tap af rekstri sjóðsins á árinu 2010 nam 155,8 milljónum króna og var eigið fé hans 5,5 milljónir króna.[75]

Fjármálaeftirlitið sendi sparisjóðnum bréf 4. febrúar 2011 og óskaði eftir endurskoðuðu reikningsuppgjöri þar sem eiginfjárhlutfall sparisjóðsins var orðið neikvætt um 1,17%.[76] Reikningsuppgjör ásamt greinargerð sparisjóðsins barst Fjármálaeftirlitinu 18. mars, en þar kom fram að fulltrúar sparisjóðsins ættu í viðræðum við Arion banka um að styrkja eiginfjárgrunn hans.[77] Á þeim grundvelli veitti Fjármálaeftirlitið sparisjóðnum frest til 2. ágúst 2011.[78]

Í mars 2011 var gert samkomulag milli Arion banka hf. og Afls sparisjóðs um að sá síðarnefndi keypti 99,99% stofnfjár í Sparisjóði Ólafsfjarðar af Arion banka. Samhliða því skuldbatt Afl sig til að auka stofnfé Sparisjóðs Ólafsfjarðar um 100 milljónir króna að lágmarki eða sameina rekstur sparisjóðanna í því skyni að tryggja að Sparisjóður Ólafsfjarðar uppfyllti kröfur um eiginfjárhlutfall. Samkomulagið var gert með fyrirvara um endanlegt samþykki stjórnar allra aðila, lögmætra stofnana Sparisjóðs Ólafsfjarðar, auk Fjármálaeftirlitsins og Samkeppniseftirlitsins. Að sögn Ólafs Jónssonar, sparisjóðsstjóra Afls sparisjóðs, féll Arion banki síðar frá þessum hugmyndum án þess að gefa á því nokkra skýringu.[79]

Á haustmánuðum 2011 voru stofnfjárhlutir Arion banka í Afli og Sparisjóði Ólafsfjarðar settir í söluferli og gert ráð fyrir að eignarhlutir bankans yrðu seldir í einu lagi, en ekki varð af þeirri sölu. Að sögn Helga Jóhannssonar, sparisjóðsstjóra Sparisjóðs Ólafsfjarðar, var þetta fullreynt; sparisjóðurinn var auglýstur til sölu en ekki var hægt að ganga að þeim tilboðum sem bárust; næsta skref var því að sameina sparisjóðinn Arion banka hf.[80]

Sparisjóðurinn hafði starfað á undanþágu frá Fjármálaeftirlitinu frá 30. júní 2011 til 29. júní 2012, en þann dag jók Arion banki stofnfjáreign sína í sparisjóðnum þannig að eiginfjárhlutfall sjóðsins fór yfir lögbundið lágmark.[81] Í samstarfi við aðra sparisjóði hafði verið unnið að framtíðarskipulagi sparisjóðanna á árinu 2011, en í ljósi þess að hvorki lágu fyrir formlegar tillögur um slíka framtíðarskipan né aðkomu annarra aðila að rekstri sparisjóðsins, leitaði stjórn eftir viðræðum um sameiningu við Arion banka. Svo fór að lokum að Fjármálaeftirlitið samþykkti samrunann 14. september 2012 og tók Arion banki við öllum réttindum og skyldum sparisjóðsins. Voru félögin sameinuð undir nafni Arion banka hf. og lauk þar með sögu Sparisjóðs Ólafsfjarðar sem hófst árið 1914.

22.7 Arður af stofnfjáreign

Sparisjóður Ólafsfjarðar greiddi stofnfjárhöfum tvisvar sinnum arð af stofnfé á tímabilinu 2001–2011 vegna næstliðinna rekstrarára. Arðgreiðslurnar voru vegna áranna 2006 og 2007 og námu samtals 78,8 milljónum króna, þar af voru 65,6 milljónir króna greiddar vegna ársins 2007. Greiðsla arðs fyrir 2006 var í samræmi við reglur Tryggingasjóðs sparisjóða. Arðgreiðslan vegna ársins 2007 var hins vegar mun hærri en reglur Tryggingasjóðs

72. Bréf Fjármálaeftirlitsins og Sparisjóðs Ólafsfjarðar 8. apríl 2010.
73. Ársreikningur Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2009.
74. Bréf Sparisjóðs Ólafsfjarðar til Fjármálaeftirlitsins 20. maí 2010.
75. Ársreikningur Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2010.
76. Bréf Fjármálaeftirlitsins til Sparisjóðs Ólafsfjarðar 4. febrúar 2011.
77. Bréf Sparisjóðs Ólafsfjarðar til Fjármálaeftirlitsins 18. mars 2011.
78. Bréf Fjármálaeftirlitsins og Sparisjóðs Ólafsfjarðar 30. júní 2011.
79. Skýrsla Ólafs Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 17. maí 2013.
80. Skýrsla Helga Jóhannssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 17. maí 2013.
81. Minnisblað Fjármálaeftirlitsins vegna eiginfjárstöðu Sparisjóðs Ólafsfjarðar, 20. ágúst 2013.

leyfðu.[82] Raunarðsemi eigin fjár á árinu 2007 var 11,25% og arðgreiðsla samkvæmt því hefði þá numið 28,3 milljónum króna. Við upptöku alþjóðlegra reikningsskilareglna (IFRS) var eigið fé í ársbyrjun hækkað um 17,4 milljónir króna og samkvæmt reglum Tryggingasjóðs mátti við útreikning arðsins taka tillit til þess arðs sem heimilt hefði verið að greiða vegna ársins 2006, hefði nefndri hækkun verið bætt við afkomuna þá. Þannig hefði verið heimilt að greiða 26,8 milljónum króna hærri arð vegna ársins 2006 en gert var. Arðgreiðslan vegna 2007 gat því numið samtals 55,1 milljón króna, en greidd fjárhæð var því 10,5 milljónum króna umfram það sem heimilt var. Útreikningur þessi er sýndur í töflu 18. Fyrst er sýnt hvernig sparisjóðurinn hefur reiknað út leyfilega arðgreiðslu og því næst hvernig þetta skyldi reiknað í samræmi við reglur Tryggingasjóðs.

Í skýrslu sparisjóðsstjóra fyrir rannsóknarnefndinni sagði hann um þessa arðgreiðslu:

> En eitt veit ég sem ég ætla að nefna hérna að Jónas Björnsson, þáverandi sparisjóðsstjóri, var mjög ósáttur við að Sparisjóður Ólafsfjarðar fór að greiða arð til Sparisjóðs Mýrasýslu og að allavega önnur arðgreiðslan hafi verið í trássi við lög. Mig minnir að hann hafi fengið það staðfest hjá Tryggingasjóði sparisjóðanna, að svo hafi verið.[83]

Tafla 18. Tvenns konar útreikningur arðgreiðslu frá Sparisjóði Ólafsfjarðar vegna ársins 2007.

Samkvæmt aðferð sparisjóðsins:

Hagnaður ársins 2007	48.228
Leiðrétting v/breyttra reglna	17.409
Heildarafkoma á árinu	**65.637**

Eigið fé 31. des. 2007	Nafn-fjárhæð	Hluti úr árinu	Vegin fjárhæð
Eigið fé 1.1.	264.937	1,00	264.937
Arðgreiðsla	(13.137)	0,83	(10.948)
Nýtt eigið fé	0	0,00	0
Meðalstaða eigin fjár án hagnaðar			253.990
Nafnarðsemi eigin fjár á árinu			25,8%
Hækkun vísitölu á árinu		5,86%	
Raunarðsemi eigin fjár			**18,9%**
Endurmetið stofnfé í árslok 2007			251.800
Leyfileg arðgreiðsla skv. ofangreindu			47.530
(Arðgreiðslan varð hærri eða 65.637 þús. kr.)			

Útreikningur rannsóknarnefndar vegna 2007:

Hagnaður ársins 2007	**48.228**

Eigið fé 31. des. 2007	Nafn-fjárhæð	Hluti úr árinu	Vegin fjárhæð
Eigið fé 1.1.	264.937		
Leiðr.v/br.reglna	17.409		
Leiðr. eigið fé 1.1.	282.346	1,00	282.346
Arðgreiðsla	(13.137)	0,83	(10.948)
Nýtt e. fé 28.9.	0	0,00	0
Meðalstaða eigin fjár án hagnaðar			271.399
Nafnarðsemi eigin fjár á árinu			17,8%
Hækkun vísitölu á árinu		5,86%	
Raunarðsemi eigin fjár			**11,25%**
Endurmetið stofnfé í árslok 2007			251.800
Leyfileg arðgreiðsla skv. ofangreindu			28.330

Arðsemi 2006 endurreiknuð:

Hagnaður ársins 2006	37.087
Viðbót við hagnað ársins	17.409
Leiðréttur hagnaður	**54.496**

Vegin meðalstaða eigin fjár		227.850
Nafnarðsemi		23,9%
Raunarðsemi m.v. 6,95% verðbólgu		15,9%
Endurmetið stofnfé í árslok 2006		251.800
Leyfileg arðgreiðsla		39.948
Greitt var		(13.137)
Ógreiddur arður v/leiðr. á eigin fé		26.811
Arðgreiðsla vegna 2007		
Greitt var	65.637	
Greiða mátti því samtals v/ 2007		**55.140**
(Ofgreiddur arður skv. þessu 10.497 þús.kr.)		

Reglur Tryggingasjóðs giltu til ársins 2009 þegar lögum var breytt og eftir það mátti greiða út arð sem næmi að hámarki 50% af hagnaði.[84] Arðgreiðslur og forsendur þeirra eru tíundaðar í töflu 19.

Í lögum um fjármálafyrirtæki var heimild til að endurmeta stofnfé sparisjóðs og greiða inn á stofnfjárreikninga stofnfjáreigenda og skyldi höfð hliðsjón af verðlagsbreytingum við endurmatið.[85] Árin 2001–2004 var stofnfé endurmetið um samtals 37,8 milljónir króna. Það var þó talsvert minna en verðlagsbreytingar gáfu tilefni til. Sparisjóður Ólafsfjarðar nýtti ekki þessa heimild eftir 2004.

Í sömu lögum var jafnframt heimild til þess að ráðstafa 10% af hagnaði næstliðins rekstrarárs til hækkunar stofnfjár með svokölluðu sérstöku endurmati.[86] Hækkunin mátti þó ekki vera meiri en 5% á ári og ekki mátti flytja heimild til þessa endurmats milli ára. Sparisjóðurinn nýtti ekki þessa heimild.

82. Gerð er grein fyrir reglum um greiðslu arðs í 12. kafla.
83. Skýrsla Helga Jóhannssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina 17. maí 2013.
84. Lögum um fjármálafyrirtæki var breytt með lögum nr. 76/2009. Sjá nánari umfjöllun í 12. kafla.
85. Þessi heimild hafði verið við lýði allt frá 1993. Ákvæðinu var síðar breytt með lögum nr. 76/2009. Sjá nánari umfjöllun í 12. kafla.
86. Sú heimild kom inn í lög 2001. Ákvæðinu var síðar breytt með lögum nr. 76/2009. Sjá nánari umfjöllun í 12. kafla.

Í töflu 19 eru tilfærðar þær upplýsingar sem útreikningur á arði og endurmati byggist á. Hafa verður í huga að arðurinn og sérstaka endurmatið eru þar höfð undir því ári sem þau eru útreiknuð. Arðurinn var hins vegar greiddur út ári síðar og sérstaka endurmatið bættist þá við stofnféð. Ástæða þess er sú að tillaga stjórnar um hvort tveggja þurfti að hljóta samþykki aðalfundar til þess að koma til framkvæmda. Þannig sjást viðkomandi fjárhæðir ekki fyrr en í ársreikningi næsta árs.

Tafla 19. Afkoma, endurmat stofnfjár og arðgreiðslur Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2005–2011.[87]

Þús. kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Arður vegna ársins	–	13.137	65.637	–	–	–	–
Arður ársins (í formi innborgaðs stofnfjár á næsta ári)	–	–	–	–	–	–	–
Stofnfé í árslok	251.800	251.800	251.800	251.800	581.800	838.061	838.061
Arður sem hlutfall af stofnfé	–	5,2%	26,1%	–	–	–	–
Arður sem hlutfall af hagnaði	–	35,4%	136,1%	–	–	–	–
Afkoma ársins	**26.306**	**37.087**	**48.228**	**(438.546)**	**(238.187)**	**(155.818)**	**(89.901)**
Arðgreiðsluhlutfall (skv. reglum TRSP), % af stofnfé	10,0%	10,0%	21,9%	·	·	·	·
Hámarksarðgreiðsla, sbr. lög nr. 76/2009, % af hagnaði	·	·	·	·	**50,0%**	**50,0%**	**50,0%**
Raunarðsemi ársins	9,6%	8,7%	11,3%	·	·	·	·
Verðbólga ársins	4,1%	7,0%	5,9%	16,4%	8,6%	2,6%	5,2%
Sérstakt endurmat stofnfjár í árslok	–	–	–	–	–	–	–
Endurmat stofnfjár v/ verðlagsbreytinga	–	–	–	–	–	–	–

22.8 Innra eftirlit

Við skoðun á innra eftirliti sparisjóðanna var leitast við að kanna hvernig fyrirkomulagi þess var háttað og hvort veikleikar hafi verið í eftirlitskerfum sparisjóðanna. Almenna umfjöllun um innra eftirlit, hlutverk stjórnar, innri endurskoðun og áhættustýringu er að finna í 6. kafla, en eftirfarandi umfjöllun lýtur að virkni þessara þátta í starfsemi Sparisjóðs Ólafsfjarðar og áhrif þeirra á rekstur sparisjóðsins. Áhersla var lögð á tímabilið 2005 til 2011.

22.8.1 Innri endurskoðun

Sparisjóður Ólafsfjarðar starfrækti ekki eigin innri endurskoðunardeild á því tímabili sem til athugunar var, en Fjármálaeftirlitið veitti sparisjóðnum undanþágu frá starfrækslu slíkrar deildar í kjölfar þess að sparisjóðurinn gerði samning um innri endurskoðun við KPMG endurskoðun hf. í febrúar 2004. Á árinu 2006 gerði Sparisjóður Ólafsfjarðar samning um innri endurskoðun við innri endurskoðunardeild Sparisjóðs Mýrasýslu sem annaðist innri endurskoðun fram að falli Sparisjóðs Mýrasýslu 3. apríl 2009.[88] Í september 2009 gerðu Sparisjóður Ólafsfjarðar og KPMG hf. með sér samning um innri endurskoðun sparisjóðsins og annaðist KPMG hf. því hana árin 2009 og 2010. Hinn 20. desember 2011 gerðu Sparisjóður Ólafsfjarðar og Deloitte hf. síðan með sér samning um innri endurskoðun vegna ársins 2011.

Innri endurskoðun vegna ársins 2006 leiddi í ljós að innra eftirlit Sparisjóðs Ólafsfjarðar kom almennt vel út í athugunum. Taldi innri endurskoðandi að sparisjóðurinn þyrfti að setja sér öryggisstefnu í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2005 um rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila. Gerð var athugasemd við að ekki væri reglulega kallað eftir upplýsingum um fjárhagsstöðu stærstu viðskiptaaðila en KPMG hafði áður gert sömu athugasemd í skýrslu um innri endurskoðun vegna ársins 2005.[89] Innri endurskoðandi ítrekaði athugasemd sína frá fyrra ári um skil á fjárhagsupplýsingum stærstu viðskiptaaðila sparisjóðsins í skýrslu sinni um innri endurskoðun vegna ársins 2007. Einnig benti innri endurskoðandi á að setja þyrfti skriflegar reglur um viðskipti starfsmanna.[90] Ekki er að sjá að fram hafi farið innri endurskoðun vegna ársins 2008.[91]

87. Ársreikningar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 2005–2011. Verðbólga byggir á tölum frá Hagstofunni en aðferðafræðin er skilgreind í 12. kafla.
88. Sjá nánari umfjöllun í 20. kafla, um Sparisjóð Mýrasýslu.
89. Skýrsla innri endurskoðunar Sparisjóðs Mýrasýslu um innri endurskoðun Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2006.
90. Skýrsla innri endurskoðanda Sparisjóðs Mýrasýslu um innri endurskoðun Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2007.
91. Tölvupóstur Arion banka hf. til rannsóknarnefndarinnar 16. október 2012; tölvupóstur Arion banka hf. til rannsóknarnefndarinnar 22. nóvember 2012.

Í skýrslu innri endurskoðanda vegna ársins 2009 var lagt til að útlánareglur yrðu endurskoðaðar til að taka mið af breyttu efnahagsástandi. Bent var á að auka þyrfti framlag í sérgreindan afskriftasjóð, þar sem um verulega tapshættu væri að ræða í mörgum tilvikum, tryggingagat væri til staðar og óvissa um rekstur margra félaga. Bent var á að mistök hefðu verið gerð í skýrslu um stórar áhættuskuldbindingar þar sem gleymst hafði að tilgreina skuldbindingar eins viðskiptavinar og var því lagt til að skýrslurnar væru yfirfarnar af öðrum en skýrsluhöfundi áður en þær væru sendar inn til eftirlitsaðila. Benti innri endurskoðandi á að vegna stöðu í efnahagsmálum væru reglur um áhættustýringu ekki að skila tilgangi sínum „þar sem ekki væri hægt að fara eftir þeim“ og lagði til að þær yrðu endurskoðaðar. Þá voru einnig gerðar athugasemdir við regluvörslu og að ekki væri til listi frá stjórnarmönnum yfir venslaða aðila eða innherja tengda stjórnarmönnum.[92]

Í skýrslu innri endurskoðanda vegna ársins 2010 kom fram að mikilvægt væri að reglur um tryggingar yrðu yfirfarnar og að farið yrði fram á auknar tryggingar þegar þörf krefði. Í skýrslunni var bent á að engar formlegar reglur um afskriftir væru til en slíkar reglur ættu að vera hluti af útlánareglum.[93] Í skýrslu innri endurskoðanda vegna ársins 2011 var bent á að mikilvægt væri að fyrir hendi væru skýr fyrirmæli af hálfu stjórnar varðandi útlán, tryggingar og ábyrgðir sparisjóðsins, sérstaklega þegar sparisjóðurinn starfaði með sérstakri undanþágu frá Fjármálaeftirlitinu. Vakin var athygli á að stórar áhættuskuldbindingar væru umfram heimil mörk. Bent var á nauðsyn þess að til væru skriflegar reglur um innheimtuferil sparisjóðsins og einnig að stjórnin þyrfti að setja fyrirmæli um afskriftir útlána hjá sparisjóðnum. Mikilvægt væri að tryggja aðgreiningu starfa í afskriftaferlinu. Varðandi skýrslugjöf til eftirlitsaðila var bent á mikilvægi þess að skýrslur til eftirlitsaðila væru ávallt yfirfarnar af öðrum starfsmanni en þeim er annaðist gerð þeirra og ennfremur áréttað mikilvægi þess að skýrslum til eftirlitsaðila væri skilað fyrir eindaga.[94]

92. Skýrsla KPMG hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2009.
93. Skýrsla KPMG hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2010.
94. Skýrsla Deloitte hf. um innri endurskoðun Sparisjóðs Ólafsfjarðar 2011.